Bækur.is
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Titill
Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum.

Bindi
5.bindi (1895-1898)

Ár
1886

https://baekur.is/bok/001194492/5/Landsyfirrettardomar_og_Bindi_5
22.02.2019 19:11

EX-LIBRIS

Landsyfirrjettardómar

og

hæstarjettardómar

í íslenzkum málum.

V. bindi

1895—1898

REYKJAVIK

Ísafoldarprentsmiðja

1901

Registur

við

dómasöfnin 1895—1898.

Nafnaskrá

A. Einkamál.

Bls.

Albert Jónsson 296
Alex. Dickson Rennie 164
Amstell, A. F. van 193
Amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu 445 495 572
Arnljótur Ólafsson prestur 97 141 409
Axel V. Tulinius sýslumaður 213
Ármann Bjarnason 302
Árni Eyþórsson 298
Árni Gíslason fyrv. sýslumaður 450
Árni Jónsson hjeraðslæknir 213
Arni Jónsson prestur 123
Árni Sveinsson 504
Ásmundur Sveinsson 53 268
Barðastrandarhreppur 137
Benedikt Kristjánsson uppgjafaprestur . . . 646
Benedikt Sveinsson sýslumaður 153
Benónía Þiðriksdóttir 216
Bjarnarson, Björn, sýslumaður 41
Bjarnason, B. H. 330 489 540

Bjarnason, Lárus, sýslumaður 193 296
Bjarni Siggeirsson 107 302
Björgólfur Brynjólfsson 409
Björn Bjarnarson á Krossi. . . . 45 47 131 135
Björn Bjarnarson sýslumaður 41
Björn Bjarnarson búfræðingur 563, 565
Björn Guðmundsson 600
Björn Jónasson 620
Björn Jónsson. . 63 66 69 72 75 78 153 462 464
Björn Kristjánsson 164 256
Björn Pálsson 41
Björn Pjetursson 160
Björn Stephánsson 355
Blöndal, Magnús S. 37 587
Bóksalafjelagið í Reykjavík 10 99
Bóthildur Hansdóttir 123
Brasch, D. E. G. 53 268
Breiðfjörð, Jón 611 618
Breiðfjörð, W. Ó. 642
Br. H. Bjarnason 330 489 540
Briem, Eggert 164
Briem, Sigurður 53 268
Búnaðarskólinn á Hólum 244
Bæjarstjórn Reykjavíkur 583
Bær á Höfðaströnd 129
Bæringur P. Guðbrandsson 447
Carl J. Guðmundsson 355
Clausen, Holger 637
Davíðsson, Ó. F. 213
Davidsen, Salomon 53 268
Dánarbú Gísla Þormóðssonar 587

Bls.
Dánarbú Jóns Einarssonar 37
—— Kristins Ólafssonar 492
—— Magnúsar Jónssonar 492
—— Pjeturs Eggerz. 3
—— Stefáns Ólafssonar 233
Eggert Briem 164
Eggert Laxdal 317
Eggerz, Páll, börn hans 3
Eggerz, Pjetur, dánarbú hans 3
Egill Gunnlaugsson 110
Egilsholt eða Eyhildarholt í Skagafirði . . . 160
Einar J. Thoroddsen 137
Einar Magnússon 55
Einar Zoëga 323
Eiríkur Filippusson 203 337
Eller & Co. 504
Erlendur Guðmundsson 110
Eyhildarholt eða Egilsholt í Skagafirði . . . 160
Eyólfur Eyólfsson Wíum 99
Eyólfur Guðmundsson 511 590
Eyólfur Símonarson 11 94
Eyrarhreppur 440 515
Fell í Mýrdal, prestsetur 450
Filippus Filippusson 203 337
Finnbogi Árnason 563 565
Finnur Gíslason 587
Framnes í Skagafirði 160
Franz Siemsen sýslumaður . . 37 492 587 611
Friðrik Gíslason 445
Gísli Kjartansson 450
Gísli Þormóðsson, dánarbú hans 587

Bls.
Gísli Þórarinsson 456
Grafningshreppur 511 590
Guðfinna Gísladóttir 587
Guðfinna Sæmundsdóttir 531
Guðjón Bjarnason 570
Guðjón Jónsson 41
Guðmundur Guðmundsson 296
Guðmundur Ísleifsson 268
Guðmundur Magnússon 287
Guðni Jónsson 298
Guðný Jónsdóttir 456
Guðrún Bjarnardóttir 97
Gudmanns Efterfölger verzlun 317
Gunnlaugur Jónsson 107
Hafnarnefnd Reykjavíkur 204
Hagbarth Thejll 256
Halberg, J. G. 183
Haldorsen, O. J. 11 94
Halldór Bjarnarson 225 600 602
Halldór Daníelsson 492
Halldór Oddur Sigurðsson 548
Halldór Sigurðsson 602
Hannes Jónsson 456
Hannes Thorsteinson 504 598 632
Hannes Þorsteinsson 63 66 462 464
H. A. Linnet 37
Hansen, Jörgen 37 348 548 608
Haraldur Möller 150
Havsteen, J. V. 362
Havsteen, Julius 44 51 120 495
Hjarðarholtskirkja 327

Bls.
Holger Clausen 637
Holt í Mýrdal 450
Hóla búnaðarskóli 244
Hólar í Öxnadal 181
Hólmfríður Sigurðardóttir 602
Hrafnagilshreppur 317 360 362
Hreppsnefnd Barðastrandarhrepps 137
Hreppsnefnd Eyrarhrepps 440 515
Hreppsnefnd Grafningshrepps 511 590
Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps . . 317 360 362
Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps 381
Hreppsnefnd Mosfellshrepps 592
Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps 570
Hreppsnefnd Sauðárhrepps 249
Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps 583
Hreppsnefnd Þingvallahrepps 511 590
Hreppsnefnd Ölfushrepps 253
Húsavíkurhreppur 381
Höfði, prests-ljensjörð 129
Imsland, Lars 107
Indriði Einarsson 629
Ingimundur Sigurðsson. 602
Ingvar Ingvarsson 353
Ívar Helgason 150
J. G. Halberg 183
Jakobína Jónsdóttir 600
Jak. V. Havsteen 362
Jóakim Jóakimsson 296
Johansen, Sigurd 302 604
Johannessen, M. 183
Jóhann Þorsteinsson 222

Bls.
Jóhanna Bjarnardóttir 600
Jón Ásmundsson 292
Jón Bergsson 140
Jón Bjarnason 37
Jón Breiðfjörð 611 618
Jón Brynjólfsson 485
Jón Einarsson, dánarbú hans 37
Jón Gíslason Steinhólm 468
Jón Guðmundsson 600
Jón Guðmundsson prestur 526
Jón Hjörleifsson 387 419 424 441
Jón Ívarsson 323
Jón Johnsen sýslumaður. 10 99
Jón Jónsson kaupmaður. 330
Jón Jónsson á Núpsstað 456
Jón Laxdal. 440 515
Jón Magnússon 492
Jón Runólfsson 107
Jón Tómasson 327
Jón Valdason 419 424
Jón Þorkelsson 129
Jónas Helgason 570
Jónas Pálsson 216
Júlíus Havsteen amtmaður . . . 44 51 120 495
Julius Schau 204
Jörgen Hansen 37 348 548 608
Jörgen Petersen & Co. 598 632
Kaupfjelag Skagf. og Húnv. 249
Kaupfjelag Þingeyinga 381
Knudsen, Vilhelm 572
Konráð Hjálmarsson 49 133

Bls.

Kristinn Einarsson 570
Kristinn Ólafsson, dánarbú hans 492
Kristján Jónsson 531
Kristján Kristjánsson 468
Kristján Ó. Þorgrímsson . 193 544 565 618 639
Kristján Sigurðsson 615
Landssjóður 445 499 572
Lars Imsland 107
Laxdal, Eggert 317
Laxdal, Jón 440 515
Lárus Bjarnason 193 296
Lefolii verzlun á Eyrarbakka. 253
Leonh. Tang 440 515 637
Linnet, H. A. 37
M. A. Matthiesen 629
Magnús Benjamínsson 642
Magnús Bl. Jónsson 140
Magnús Einarsson 302
Magnús Eiríksson 570
Magnús Gunnarsson 528
Magnús Jónsson, dánarbú hans 492
Magnús Ólafsson 592
Magnús S. Blöndal 37 587
Magnús Sölvason 615
Magnús Teitsson 608
Magnús Torfason. 387 441
Margrjet Hálfdánardóttir 341
Margrjet Þorsteinsdóttir. 387 441
Markús Snæbjarnarson, verzlun hans 639
Matthiesen, M. Á. 629
Mattías Ólafsson 392

Bls.
Miklagarðskirkja 181
Mikligarður i Eyjafirði 181
Mosfellshreppur 592
Möller, Haraldur 150
Nielsen, P. 253
Nielsen, Sophus 41
Norðfjarðarhreppur 570
Oddur Gíslason 637
O. J. Haldorsen 11 94
Ottesen, O. P. 292
Otto Wathne 302
Ó. F. Davíðsson 213
Ólafur Árnason 348
Ólafur Ólafsson 604
Ólafur Petersen, prestur 141
Ólafur Pjetursson 107
Ólafur Þórðarson, bóndi 222
Ólafur Þórðarson, járnsmiður 445
P. Nielsen 253
Páll Hafliðason 55
Páll Ólafsson 218
Pálmi Pálsson 413
Pálmi Þóroddsson, prestur 129
Páls Eggerz börn 3
Petersen, Jörgen & Co. 598 632
Petersen, Ólafur 141
Pjetur Eggerz, dánarbú hans 3
Pjetur Jónsson 381
Pjetur Pjetursson 298
Pjetur S. Klemensson 453
Rafn Sigurðsson 233 544 598 632

Bls.

Ragnheiður Jónsdóttir 646
Rennie, Alex. Dickson 164
Reykjavíkur bæjarstjórn 583
Reykjavíkur hafnarnefnd 204
Salomon Davidsen 53 268
Samúel Guðmundsson 445
Sauðárhreppur 249
Schau, Julius 204
Seltjarnarneshreppur 583
Siemsen, Franz, sýslumaður . . 37 492 587 611
Sigfús Pjetursson 160
Sigfús Sveinbjarnarson . 45 47 49 131 133 135
Sigmundur Guðmundsson 12
Sigríður Hálfdanardóttir 341
Sigtryggur Jónatansson 160
Sigurður Bjarnason 353
Sigurður Briem 53 268
Sigurður Eiríksson á Búðareyri . . . 453
Sigurður Eiríksson, Björnshúsum 526
Sigurður Guðmundsson 41
Sigurður Jóhannes Gíslason 392
Sigurður Jónasson 528
Sigurður Jónsson 646
Sigurður Matthíasson 287
Sigurður Ólafsson sýslumaður 268
Sigurður Sigurjónsson 123
Sigurður Þorsteinsson 45 131
Sigurður Þórðarson sýslumaður 499
Sigurd Johansen 302 604
Sigurlaug Benjamínsdóttir 602
Sigurlaug Sveinsdóttir 37

Bls.
Skafti Jósepsson 44 51 120 404
Skiftaráðandinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu . 37 492 587
Skiftaráðandinn í Norðurmúlasýslu 341
Skiftaráðandinn í Reykjavík 3 492
Skúli Thoroddsen 69 72 75 78
Sophus Nielsen 41
Stefán Ólafsson, dánarbú hans 233
Stefán Th. Jónsson 302
Sturla Jónsson, skipstjóri 41
Sveinn Ólafsson 485
Tang, Leonhard 440 515 637
Teitur Ingimundarson 360
Teitur Jónsson 447 639
Thejll, Hagbarth 256
Thoroddsen, Einar J. 137
Thoroddsen, Skúli 69 72 75 78
Thorsteinson, Hannes 504 598 632
Tulinius, A. V. sýslum 213
Upprekstrarfjelag Hvítársíðuhrepps o.fl.hreppa 327
Valdimar Ásmundarson 413 421 426 482
Valtýr Valtýsson 218
Vigfús Þórarinsson 511
Vilborg Guðmundsdóttir 600
Vilhelm Knudsen 572
W. O. Breiðfjörð 642
Wathne, Otto 302
Zoëga, Einar 323
Zophonias Halldórsson 244
Þiðrik Þorsteinsson 499
Þingvallahreppur 511 590

Bls.
Þorbjörg Sveinsdóttir 12
Þorkell Bjarnason 495
Þorleifur Jónsson 489 540
Þorvaldur Benjamínsson 41
Þorvaldur Björnsson á Þorvaldseyri 387 441 511
Þorvaldur Björnsson lögregluþjónn . 421 426 482
Þórarinn Benjamínsson 225
Þórarinn Guðmundsson 404 620
Þórarinn Hálfdanarson 341
Þórður Guðmundsson í Reykjavík (Glasgow) 298 495
Þórður Guðmundsson á Hálsi. 495
Þórður Ögmundsson 45 131
Þuríður Jónsdóttir 499
Ölfushreppur 253

B. Opinber mál.

Andrjes Fjeldsted 61
Arnbjörn Ólafsson 479 520
Ágúst Jónsson 535
Ámundi Filippusson 334
Arni Björnsson 18
Árni Magnússon 18
Bessi Sighvatsson 146
Bjarni Eyólfsson 201 281
Bjarni Halldórsson 278
Bjarni Jónsson 479 520
Bjarni Siggeirsson 191
Bjarni Stefánsson 474
Bjarni Þórarinsson 623
Björn Jónsson 333

Bls.
Br. H. Bjarnason 552
Einar Einarsson 395
Einar Guðmundsson 284
Einar Jónsson 517
Eyólfur Gíslason 158
Eyjólfur Hafliðason 18
Finnur Sigurfinnsson 18
Gísli Gíslason póstur 554
Gísli Gíslason í Barðastrandarsýslu 272
Gísli Hjálmarsson 427
Guðjón Arnbjarnarson 367
Guðmundur Árnason 479
Guðmundur Einarsson frá Gíslastöðum . . 395
Guðmundur Einarsson í Nesi 477
Guðmundur Guðmundsson á Auðnum. . . . 472
Guðmundur Guðmundsson frá Yztabæli . . . 18
Guðmundur Jónsson 100
Guðmundur Þorgilsson 201 281
Guðmundur Þorsteinsson 127
Guðni Einarsson 395
Guðni Jónsson 520
Guðný Sigurðardóttir 14
Guðrún Bjarnadóttir 146
Guðrún Guðný Jónsdóttir 545
Guðrún Jónsdóttir 200 313
Halldór Bjarnarson 430 648
Halldór Jónsson 303
Hannes Einarsson 284 577
Helgi Ingimundarson 276
Herlofson, P. 595
Hermann Jónasson 376 579

Bls.
Hjörtur Elínmundarson 104
Ingvar Pálsson 18
Ingvar Sveinsson 200 313
Ingveldur Sigurðardóttir 274
Jens Hjörtur Lárusson 196
Jens Kristjánsson 388
Jens Sæmundsson 196
Jóhann Pálsson 310
Jóhannes Símonarson 18
Jón Bjarnason 278
Jón Einarsson á Eyvindarhólum 18
Jón Einarsson á Miðbælisbökkum 18
Jón Einarsson á Steinum 178
Jón Halldórsson 278
Jón Hansson 210
Jón Jónsson 90
Jón Stefánsson 18
Jón Ögmundsson 522
Jósef Einarsson 264
Katarínus Jónsson 634
Kort Hjörleifsson 18
Kristinn Sigurðsson 88
Magnús Jensson 537
Magnús Manelius Brynjólfsson 634
Margrjet Ögmundsdóttir 18
Nikulás Guðmundsson 173 490
Ólafur Eiríksson 18
Ólafur Jónsson 520
Ólafur Ólafsson 81
Ólafur Sigurðsson 242
Ólafur Teitsson 201 281

Bls.
Ólafur Þorsteinsson aukapóstur 1 194
Pálmi Björnsson 86
Pjetur Ingjaldsson 364
Pjetur Nielsson 18
Sigfús Jónsson 59
Sigmundur Guðmundsson 102
Sigurbjörn Bjarnason 627
Sigurbjörn Guðmundsson 437
Sigurður Jóhannsson 358
Sigurður Jónsson frá Hofstaðaseli . . . 259
Sigurður Jónsson úr Ísafjarðarsýslu 278
Sigurður Jónsson frá Yztabæli 18
Sigurður Ólafsson frá Hrútafellskoti 18
Sigurður Ólafsson frá Brekkuborg . . . 146
Sigurður Sigurðsson á Lambhúshól . . . 262
Sigurður Sigurðsson á Húnstöðum 372
Sigurfinnur Sigurðsson 479
Sigþrúður Oddsdóttir 606
Steinvör Einarsdóttir 18
Sveinn Guðmundur Sigurðsson 416
Sveinn Sveinsson 18
Vilhjálmur Ingimagnsson 14
Þiðrik Þorsteinsson 189
Þorkell Þorkelsson 479
Þorsteinn Jónsson 18
Þorsteinn Magnússon 18
Þorsteinn Stefánsson 113
Þórarinn Jónsson 372
Þórður Guðmundsson á Hálsi 495
Þórður Guðmundsson í Reykjavík (Glasgow) 495

Efnisskrá.

Abúð.
Ábyrgð.
Afrjettartollur.
Arfur, erfðaskrá.

Eiður.
Embættismenn og sýslunarmenn.

Faðerni.
Fals.
Fiskiveiðar, sjá veiði, veiðirjettur.
Fjárhaldsmenn og ómyndugir.
Fógetagjörðir.
Frávísun.

Gjöld (opinber).
Gripdeild.

Helgidagsbrot.
Hjú.

Kaup og sala.
Kostur og tæring.

Landamerkjamál.

Lækningar og lyf.
Lögregla- og sveitarstjórn (sbr. sveitarmál).

Manndráp.
Meinsæri og skyldir glæpir.
Misþyrming á skepnum.

Nytjastuldur.

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.
Ólögleg sjálftaka.
Ólögmæt meðferð á fundnu fje og þvml.
Ómerkingardómar.
Ónýting eða skemmdir á annara eigum.

Próventa.
Rangar sakargiptir og kærur.
Rjettarfarslög (sbr. embættismenn og sýslunarmenn, ómerkingardómar, frávísun, úrskurðir o. fl.).

Samningar.
Sektir.
Skaðabætur.
Skiptamál.
Skírlífisbrot.
Skulda- og reikningsmál o. fl.
Sveitarmál.
Svik.

Uppboð, uppboðsgjörðir.
Úrskurðir.

Bls.

Valdstjórn, umboðsstjórn.
Veð, veðrjettur.
Veiði, veiðirjettur.
Þjófnaður og gripdeild og hlutdeild í því (sbr. nytjastuldur).

Ærumeiðingar og skammir.

Ábúð. Bls.

Leiguliði álitinn hafa fyrirgjört ábúðarrjetti sínum og synjunarúrskurður fógeta um útburð á honum af jörðinni því felldur úr gildi 55

Hreppsnefnd talin hafa tekið ábyrgð á ábúð jarðar og því dæmd til að greiða álag, er eigi fjekkst borgað af leiguliða, er hann fór frá jörðinni 137

Ágreiningur milli ábúenda jarðar um skipti á túni og engjum jarðarinnar 565

Ábyrgð.

Hreppsnefnd talin hafa tekið ábyrgð á ábúð jarðar 137

Maður álitinn hafa tekið að sjer að svara til skuldar fyrir annan mann sem sjálfskuldarábyrgðarmaður 218

Spurning um ábyrgð hreppsnefndar fyrir úttekt þurfamanns við verzlun 317

Kaupmaður, sem seldi öðrum verzlun sína ásamt útistandandi skuldum, eigi álitinn hafa tekið ábyrgð á því, að hinar einstöku skuldir væru rjett tilfærðar í höfuðbókunum . . 637

Bls.

Afrjettartollur.

Hæstarjettardómur, í máli viðvíkjandi skyldu manns til að greiða afrjettartoll, þó að hann eigi notaði afrjettina (sbr. Dómasafn IV, bls. 315) 646

Arfur, erfðaskrá.

Mál um gildi og skilning tveggja gjafabrjefa að jarðeignum, þar á meðal um það, hvort brjefin innihjeldu ráðstöfun í lifanda lífi eða dánargjöf 341

Arfsupphæðar krafist af yfirdómara sem fyrverandi yfirfjárráðanda 531

Skiftarjettarúrskurður út af ágreiningi milli erfingja um fyrirframgreiðslu upp í arf m. m. staðfestur 587

Eiður.

Í barnsfaðernismáli, synjunareiður fyrirlagður hinum lýsta barnsföður 216

Skylda hrepps að greiða verzlunarskuld þurfalings látin vera komin undir synjunareiði oddvitans, sem haldið er fram, að hafi tekist á hendur ábyrgð á úttekt þurfamannsins fyrir hreppsins hönd 317

Synjunareiður fyrirlagður kaupmanni í máli gegn honum út af vangoldnum verkalaunum 604

Embættismenn og sýslunarmenn.

Dómari sektaður fyrir ólöglega fangelsun manns (130. gr. hegningarl. sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar) 1

Bls.
Hæstarjettardómur í málinu 194
Dómari álitinn sjálfvikinn úr dómarasæti með því að takast á hendur málflutning fyrir annan málsaðilann 41
4 dómar ómerktir fyrir þá sök, að undirdómarinn hafi sýnt sig óvildarmann stefnda og því átt að víkja úr dómarasæti eftir kröfu hans 69, 72, 75, 78
Dómari víttur fyrir málsmeðferð 104, 196, 262, 331, 364, 537
Undirdómari álitinn hafa ofreiknað borgun fyrir ritun dómsgjörða og skyldaður til að endurgjalda það, er oftekið var 150
Maður sem ákærður var fyrir brot gegn 143. sbr. 145. gr. hegningarl. fyrir að gegna eigi kosningu safnaðar til að vera í sóknarnefnd, dæmdur í hestarjetti sýkn af ákæru sóknarans (sbr. Dómasafn IV, bls. 620) . . . 191
Krafa um að yfirdómari víki úr dómarasæti eigi tekin til greina 381
Sýslumaður dæmdur til að greiða kostnað af áfrýjun uppboðs, er hann hafði haldið, án undangenginnar aðfarar, á munum kyrsettum fyrir sakamálskostnaði 441
Prófastur dæmdur í hjeraði fyrir gripdeild eptir 239. gr. hegningarl. (sbr. 250. og 230. gr.), en sýknaður í yfirdómi. 430
Hæstarjettardómur í því máli 648
Fógeti dæmdur í málskostnað jafnframt og hrundið var úrskurði hans, er synjaði um fjárnám fyrir sakamálskostnaði 499

Bls.

Hreppstjóri, er dæmdur var í hjeraði samkvæmt 143. og 144. sbr. 145. gr. hegningingarlaganna fyrir að láta sækja fisk á sunnudegi út í botnvörpuskip, sýknaður í yfirdómi 517

Maður lögsóttur um arfsupphæð, er talin var glötuð fyrir vangæzlu hans sem fyrverandi yfirfjárráðanda 531

Póstur dæmdur fyrir sviksamlega meðferð á peningabrjefi, er hann hafði til flutnings, samkvæmt 139. sbr. 145. gr. hegningarl. og 260. gr. sömu laga 554

Prófastur dæmdur samkvæmt 134. gr. sbr. 145. gr. hegningarl. fyrir að hafa sem póstafgreiðslumaður dregið sér fje úr póstsjóði með rangri reikningsfærslu 623

Faðerni.

Kvennmaður dæmdur í hæstarjetti, meðal annars samkv. 180. gr. hegningarl. fyrir ranga barnsfaðernislýsing 189

Dómur í barnsfaðernismáli; hinum lýsta barnsföður fyrirlagður synjunareiður 216

Fals.

Maður dæmdur samkv. 270. gr. hegningarlaganna fyrir að rita falsaðar ávísanir á verzlanir 127, 158

Dómur fyrir að búa til falsað gjafabrjef og hlutdeild í því verki 146

Prófastur dæmdur í yfirdómi, samkvæmt 134.

Bls.

gr. sbr. 145. gr. hegnl. fyrir að hafa sem póstafgreiðslumaður dregið sjer fje úr póstsjóði með rangri reikningsfærslu 623

2 menn dæmdir, annar fyrir að hafa gefið ranga skýrslu sem vitni fyrir rjetti (147. gr. 1. lið. hegningarl,), og hinn fyrir hlutdeild í þeim glæp (53. gr. og 147. gr. 1 lið hegningarl. sbr. 148. gr. 2. liður sömu laga) . . 634

Fjárhaldsmenn og ómyndugir.

Krafa gjörð í dánarbú fjárhaldsmanns ómyndugra barna um greiðslu úr búinu á arfi barnanna, sem fjárhaldsmaðurinn hafði sent til föður barnanna, sem var fluttur til Ameríku, eða útborgað á annan hátt eftir ráðstöfun hans og með samþykki sýslumanns og amtmanns 3

Krafist greiðslu af manni á arfsupphæð, er haldin var glötuð fyrir vangæzlu hans sem fyrverandi yfirfjárráðanda 531

Maður dæmdur til að greiða skuld, sem að nokkru leyti var til orðin áður en hann var fullveðja orðinn, með því að hann áleizt síðar hafa fullgilt (ratihaberað) skuldina . . 620

Fógetagjörðir.

Máli, þar sem áfrýjað var fjárnámsgjörð og eptirfarandi nauðungaruppboði, frávísað ex officio, með því að gjörðarþolanda sjálfum hafði eigi verið stefnt til yfirdóms . . . 53

Bls.
Synjunarúrskurður fógeta um útburð af jörð felldur úr gildi 55
Máli um áfrýjun fógetaúrskurðar um útburð af jörð vísað frá yfirdómi, með því að málsaðilar hefðu útkljáð málið með löglegri sætt fyrir fógetarjettinum 222
Lögtak fyrir preststíund af Hólum í Hjaltadal, eign búnaðarskólans þar, staðfest 244
Lögtak á aukaútsvari kaupfjelags fellt úr gildi 249
Lögtak á aukaútsvari, sem lagt var á blautfisktöku verzlunar í öðrum hreppi, fellt úr gildi 253
Afrýjandi álitinn vanta heimild frá samskuldunautum í þrotabúi við áfrýjun fjárnáms og eptirfarandi nauðungaruppboðs 268
Fjárnámsgjörð áfrýjað í sambandi við skuldadóm 317
Fógetaúrskurður um útburð manns úr leiguhúsi felldur úr gildi ásamt útburðargjörðinni 404
Uppboð fyrir sakamálskostnaði ómerkt ex officio sökum vantandi undangenginnar aðfarar 441
Áfrýjað synjunarúrskurði fógeta um fjárnám fyrir sakamálskostnaði og fógetinn skyldaður til að gjöra fjárnámið og dæmdur í málskostnað 499
Kyrsetningargjörð í innieign útlendings hjá hjerlendum manni felld úr gildi og dæmdar skaðabætur fyrir 504
Fógetaúrskurður staðfestur, en með honum neitaði fógeti að taka lögtaki aukaútsvar, er lagt

Bls.

var á blautfisktöku verzlunar í öðrum hreppi en þar sem verzlunin var rekin . 515

Synjunarúrskurður fógeta um lögtak fyrir jarðartíund til prests felldur úr gildi og fógeta fyrirlagt að framkvæma lögtakið 526

Staðfest synjun fógeta um að taka lögtaki aukaútsvar til hrepps, er lagt hafði verið á sjóróðramenn, er stunduðu fiskiveiðar í hreppnum um 4 mánaða tíma á útvegi þarsveitarmanna, en sem voru annarstaðar heimilisfastir 570

Staðfest synjun fógeta um að taka lögtaki aukaútsvar, er lagt var á mann, aðallega fyrir afnot af jörðu í hreppnum, er eigi gátu talist ábúð á jörðu 592

Frávísun.

Afrýjunarstefnu frávísað ex officio sökum þess, að leyfisbrjef það til uppreisnar, er hún studdist við, var orðið of gamalt, er stefna var tekin út 10

Afrýjunarstefnu vísað frá ex officio sökum þess að hún bar eigi með sjer, að hún hefði verið birt undirdómaranum 11

Frávísunarkröfu, fyrir það, að áfrýjunarfrestur hafi verið út runninn, er stefnt var, hrundið með skírskotun til kgsbr. 19. des. 1749 45, 47, 49

Áfrýjunarstefnu frávísað ex officio sökum þess, að dómara þeim sem hafði haft málið til meðferðar í hjeraði, áður en það var dæmt

Bls.

þar, var eigi stefnt til yfirdóms, heldur að eins dómara þeim, er dæmdi málið í hjeraði 51, 203

Máli frávísað ex officio, þar sem áfrýjað var til ómerkingar fjárnámsgjörð og eptirfarandi nauðungaruppboði, með því að gjörðarþolanda sjálfum hafði eigi verið stefnt til yfirdómsins 53

Mál álitið burt fallið og áfrýjunarstefnan dæmd ómerk, þar sem áfrýjandi eigi lagði fram stefnuna rjettardag þann, er málið átti í fyrsta skipti að takast fyrir, enda mætti þá enginn af hendi stefnda 99

Hæstarjettardómur um frávísun máls og sekt á áfrýjanda sem eigi mætti 193

Máli um áfrýjun útburðarúrskurðar vísað frá með því að málsaðilar hefðu sætzt á málið fyrir fógetarjettinum 222

Frávísunarkrafa, byggð á því, að maður sá, er stefnt var, hafi að eins verið venjulegur umboðsmaður aðalmálsaðilans, ekki tekin til greina 268

Máli vísað frá yfirdómi, sökum þess, að dómur áleizt eigi vera á það lagður í hjeraði, sbr. N. L. 1. 5. 13, og það enda alls eigi hafa verið tekið undir dóm þar 302

Frávísun sakir þess, að áfrýjunarstefnan hafði alls eigi verið birt 426

Frávísað máli ex officio frá yfirdómi sökum ólöglegrar málasamsteypu 445

Máli vísað frá yfirdómi ex officio fyrir það

Bls.
að undirdómaranum var eigi birt áfrýjunarstefnan með nægum fyrirvara 489
Frávísun ex officio sakir þess, að eigi var vissa fengin fyrir því, að stefnan hefði verið löglega birt stefnda, er eigi mætti í yfirdóminum 511
Krafa um frávísun eigi tekin til greina 548, 615, 642
Frávísunarkrafa byggð á því, að áfrýjandi til staðfestingar hafði eigi lagt fram í yfirdómi fullkomnar dómsgjörðir, eigi tekin til greina 598
Gagnsök vísað frá yfirdómi, eptir kröfu aðal áfrýjanda, með því að gagnáfrýjandi hafði eigi lagt fram dómsgjörðir að sínu leyti . 637

Fiskiveiðar.

(sjá veiði, veiðirjettur).

Gjöld (opinber).

Áfrýjun lögtaks á preststíund af Hólum í Hjaltadal, eign búnaðarskólans þar 244
Áfrýjað lögtaki á aukaútsvari kaupfjelags . 249
Áfrýjað lögtaki á aukaútsvari, sem lagt var á blautfikstöku verzlunar í öðrum hreppi . 253
Hæstarjettardómur um lögmæti lögtaks fyrir aukaútsvari, er lagt var á mann fyrir afnot af jörð í öðrum hreppi en hann átti heimili 362
Gestarjettardómur í máli til innheimtu á aukaútsvari, er lagt var á kaupfjelag, staðfestur 381
Fógetaúrskurður, er neitaði um lögtak á aukaútsvari, er lagt var á blautfikstöku verzl-

Bls.
unar í öðrum hreppi en þar sem verzlunin var rekin, staðfestur 515
Synjunarúrskurður fógeta felldur úr gildi, að því leyti er með honum var neitað að framkvæma lögtak fyrir jarðartíund til prests, en úrskurðurinnn staðfestur að því lögtak á dagsverksgjaldi snerti 526
Aukaútsvar til hrepps álitið ranglega lagt á sjóróðramenn, er stunduðu þar fiskiveiðar um 4 mánaða tíma á útvegi þarsveitarmanna, en voru heimilisfastir í öðru sveitarfjelagi 570
Afnot manns af jörðu í hreppi eigi álitin ábúð á jörðu, og aukaútsvar því dæmt ranglega á hann lagt 592

Gripdeild.

Prófastur dæmdur í hjeraði fyrir gripdeild eptir 239. gr. hegningarl. (sbr. 250. og 230. gr. sömu laga), en sýknaður í yfirdómi . . . 430
Hæstarjettardómur í því máli 648

Helgidagsbrot.

Hreppstjóri, sem dæmdur var í hjeraði fyrir brot gegn tilsk. 28. marz 1855, sbr. op. br. 26. sept. 1860, sýknaður í yfirdómi . . . 517
Kaupmaður eigi álitinn sannur að sök um brot á helgidagatilskipuninni með því að hafa selt brennivín á sunnudegi, en dæmdur til að greiða málskostnaðinn í hjeraði 552

Bls.

Hjú.

Krafa hjús um kaup og matarverð úr dánarbúi álitin á rökum byggð samkv. 13. gr. tilsk. 26. jan. 1866 og henni eignaður forgöngurjettur í búi húsbóndans samkv. skiptalögum 12. apr. 1878, 83. gr. b. 5 37

Hjú lögsækir húsbónda sinn út af vangoldnu kaupi og fyrir vistarrof 323

Alitið að hreppsnefnd hefði eigi ex lege eða umboðslaust heimild til að innheimta kaupgjald vinnukonu, þótt hún síðar væri komin á sveitarframfæri 590

Hjú dæmt til að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vistarrof samkv. tilsk. 26. jan. 1866, 28. gr. 615

Kaup og sala.

Agreiningur um, hvort samningur hafi verið á kominn um húskaup 107

Mál út af ónýting á jarðarkaupum 287

Mál út af kaupum á seglum 298

Kostur og tæring.

Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kost og tæring í máli, sem ex officio var vísað frá yfirdómi, sakir þess, að sönnun vantaði fyrir því, að undirdómaranum hefði verið birt áfrýjunarstefnan 11

Afrýjandi dæmdur í kost og tæring í máli, er vísað var frá yfirdómi fyrir það, að dómara, er haft hafði afskipti af málinu í hjeraði,

Bls.
áður en það var dæmt, var eigi stefnt til yfirdóms 51, 203
Afrýjandi dæmdur í kost og tæring í máli, er var vísað frá yfirdómi af því, að því áleizt ólöglega stefnt 53
Afrýjandi, sem eigi mætti á stefnudegi, dæmdur til að greiða stefnda kost og tæring . . 544

Landamerkjamál.

Dómur í landamerkjamáli (milli Geirastaðar og Vindbelgjar) ómerktur og málinu heimvísað 123
Landamerkjadómur (milli Bæjar og Höfða) ómerktur fyrir þá sök, að málið var að eins höfðað af eiganda hálfrar jarðarinnar, sem hlut átti að öðru megin 129
Landamerkjadómur milli Egilsholts eða Eyhildarholts og Framness í Skagafirði út af ágreiningi um svo nefndan Framnesshólma, staðfestur 160
Landamerkjadómur í máli milli Hóla í Öxnadal og Miklagarðs og Miklagarðskirkju út af svo nefndum Hóladal eða ½ Þverárdal, staðfestur 181
Landamerkjadómur um eignarrjett að landspildu í svo nefndum Hellistungum, staðfestur 327
Landamerkjadómur milli Holts og Fells í Mýrdal, staðfestur 450

Lækningar og lyf.

Krafa læknis í dánar- og þrotabúi húsbónda, um borgun úr búinu fyrir lækning og með-

Bls.
ul til hjús hans, tekin til greina sem forgangsskuld 213

Lögreglu- og sveitarstjórn (sbr. sveitarmál).
Maður dæmdur fyrir óhlýðni við fátækrastjórnina, er hafði vísað honum á ákveðna vinnu (lög 4. nóv. 1887, 6. gr.) og fyrir óspektir á strætum (lögreglusamþ. Reykjavíkur 15. nóv. 1890) 102
Maður kærður til sekta og skaðabóta fyrir gangnavanskil 264
Spurning um vald oddvita til að taka ábyrgð fyrir hreppinn á úttekt þurfamanns við verzlun 317
Maður sýknaður í yfirdómi, er dæmdur var í hjeraði fyrir óhlýðni við sveitarstjórn (lög 4. nóv. 1887, 6. gr. sbr. 5. gr.) og fyrir bersýnilega ranga kæru til amtmanns (228. gr. hegningarl.) 367
Sekt á lögð fyrir hylmingu með óleyfðri lausamennsku (tilsk. 26. maí 1863, 11. gr.) . . 395
Dómur fyrir ólöglega lausamennsku, samkv. tilsk. 26. maí 1863, 10. gr., staðfestur . . 437
Sýknudómur af kæru fyrir óhlýðni við bann sýslumanns eða amtmanns gegn ferðum útí útlend botnvörpuveiðiskip og fyrir hlutdeild í broti gegn l. 17. des. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland 472, 474, 477, 479
Sýknudómur af kæru fyrir óhlýðni við samskyns amtsbann og fyrir hlutdeild í broti gegn tilsk. 12. febr. 1872, um fiskiveiðar út-

Bls.
lendra við Ísland og lögum 15. apr. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi 520
Alitið að hreppsnefnd hefði eigi heimild til ex lege eða umboðslaust að innheimta með lögsókn kaupgjald vinnukonu, þótt hún síðar væri komin á sveitarframfæri 590

Manndráp.

Maður dæmdur samkvæmt 200. gr. hegningarl. fyrir að hafa með voðaskoti orðið stúlku að bana 364

Meinsæri og skyldir glæpir.

Maður dæmdur sýkn af kæru fyrir rangan framburð fyrir rjetti, óeiðfestan, með því að hann áleizt hafa getað skoðað sig bera í málinu sem grunaðan fremur en sem vitni (148. gr. 1. liður, hegningarl.) 18
Maður, sem ákærður var fyrir rangan vitnaframburð og meinsæri, sýknaður af ákæru sóknarans, en dæmdur til að greiða sakarkostnaðinn 81
Maður ákærður fyrir sama, dæmdur samkv. analogíu 149. gr. hegningarl. 113

Misþyrming á skepnum.

Maður, sem sektaður var í hjeraði samkvæmt 299. gr. hegningarl., sýknaður í yfirdómi . 1
Hæstarjettardómur í því máli 194
299. gr. hegningarl. beitt fyrir klaufatálgun á

Bls.
nokkrum kindum, sem gjörð var til að spekja þær 281

Nytjastuldur.

Beitt 238. gr. hegningarl. fyrir heimildarlausa hestabrúkun 278
Refsing eigi á lögð fyrir óheimila brúkun á hesti, með því að málssóknar hafði eigi verið krafist af eiganda hestsins 522

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

Maður sektaður samkvæmt 202. gr. hegningarl. fyrir að ráðast á kvennmann á götu og berja hana með staf í handlegginn og bakið 12
Maður dæmdur fyrir árás og áverka á hendur húsbónda sínum samkv. 205. gr. hegningarl. 90
Maður dæmdur samkvæmt 200. gr. hegningarl. fyrir að hafa með voðaskoti orðið stúlku að bana 364

Ólögleg sjálftaka.

Maður dæmdur sekur um ólöglega sjálftöku (117. gr. hegningarl.) fyrir að ríða með ofbeldi niður kot er annar maður bjó í . . 94
Fyrir heytöku á landstykki í annars manns eignarhaldi dæmd sekt samkv. 117. gr. hegningarl. og skaðabætur 292, 485

Ólögmæt meðferð á fundnu fje o. þvl.

Margir menn dæmdir fyrir að draga undir

Bls.
sig rekavið á annara manna fjörum (249. gr. hegningarl.) 18
Refsað fyrir óheimildartöku á kindum og hlutdeild í henni (250. gr. hegningarl. sbr. 48. gr.) 18, 313, 395
Maður dæmdur fyrir óheimildartöku á lambi. 86
Beitt 249. gr. hegningarl. 272
Sakborningur dæmdur fyrir afmörkun á sauð samkv. 250. gr. hegningarl. 303
Maður dæmdur samkvæmt 250. gr. hegningarl. fyrir að kasta eign sinni á peninga, er hann í ölæði og hugsunarleysi hafði stungið á sig 535

Ómerkingardómar.

Synjað ómerkingar á máli, er krafist var sökum ófullnægjandi sáttatilraunar 12
Krafa um ómerking dóms fyrir það, að setudómari fór með og dæmdi málið án þess hinn reglulegi dómari úrskurðaði sig sjálfur úr dómarasæti í því, eigi tekin til greina, með því að hinn reglulegi dómari hafði vikið úr dómarasæti, áður en málið hófst, í vitnasök út af sama málsefni, og enn fremur tekist á hendur flutning málsins fyrir annan málsaðilann í sjálfu aðalmálinu 41
Dómur í meiðyrðamáli dæmdur ómerkur, sökum þess að dómarinn hafi sýnt mikinn óvildarhug til stefnda, og því átt að víkja úr dómarasæti samkvæmt kröfu stefnda 69, 72, 75, 78
Frávísun máls í hjeraði vegna ólöglegrar sátta-

Bls..
tilraunar felld úr gildi og málinu heimvísað til löglegri meðferðar og dómsáleggingar . 97
Landamerkjadómur ómerktur og málinu heimvísað 123, 129
Gestarjettardómur dæmdur ómerkur, sökum þess að báðir málspartar voru heimilisfastir í þinghánni og skilyrði því eigi fyrir hendi fyrir gestarjettarmeðferð, eða heimild til að fella niður sáttaumleitun fyrir reglulegri sáttanefnd 131, 133, 135, 600, 602
Dómur ómerktur sem óendanlegur samkvæmt N. L. 1—5—12 140
Dómur í máli setts prests og þess er brauðið var veitt, um skipti á preststekjunum, ómerktur sökum þess, að málið heyrði undir úrskurð háyfirvaldsins samkv. tilsk. 3. febr. 1836, IV 141
Sáttatilraun eigi dæmd ólögmæt, svo að valda þyrfti ómerking dómsins, þótt 1. sáttamaður einn fjallaði um sættir 218
Ómerkingarkrafa sakir neitunar um frest eigi tekin til greina 330
Dómur ómerktur ex officio og málinu heimvísað sökum þess, að dómarinn eigi hefði leiðbeint málspörtunum samkvæmt tilsk. 15. ág. 1832, 10. gr. 424
Dómur ómerktur fyrir það, að annar var varnaraðili eptir stefnunni en eptir sáttakærunni 447
Gestarjettarmeðferð máls eigi látin valda ómerking þess og heimvísun, þar sem engum

Bls

mótmælum var hreyft í því efni af málspartinum, sem mætti í gestarjettinum . . 620

Dómur ómerktur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri meðferðar, með því að undirdómarinn áleizt ranglega hafa neitað áfrýjandanum um frest í málinu til andsvara 629

Gestarjettardómur ómerktur fyrir þá sök, að dómarinn hafði synjað manni, er mætti í málinu eptir umboði frá konu stefnda í fjarveru hans, um frest í málinu, er málið kom fyrir rjettinn samkvæmt stefnunni, en stefndi sjálfur var fjarverandi og vissi eigi um málið, hvorki þegar stefnan var birt nje þegar hún fjell í rjett 639

Ónýting eða skemmdir á annara eigum.

Sakborningur, er dæmdur hafði verið í héraði samkv. 298. gr. hegningarl., sýknaður af ákæru rjettvísinnar, með því að hið opinbera eigi hafi átt sókn málsins eins og á stóð . 358

Próventa.

Mál um aptursklun próventufjár 456

Rangar sakargiptir og kærur.

Maður dæmdur sýkn í yfirdómi, er dæmdur hafði verið í hjeraði fyrir að hafa borið bersýnilega rangar kærur upp við amtmann (228. gr. hegningarl.) og fyrir að hafa óhlýðnast sveitarstjórn (lög 4. nóv. 1887, 5. og 6. gr.) 367

Bls.

Rjettarfarslög (sbr. embættismenn og sýslunarmenn, ómerkingardómar, frávísun, úrskurðir o. fl.).

Kærði í lögreglumáli sektaður fyrir ósæmilegan rithátt 61
Eigi álitin heimild til að taka til greina í yfirdóminum nýjar varnarástæður og neitanir málsatriða af hendi áfrýjanda, er eigi komu fram í undirdómi og slík heimild eigi álitin fengin með leyfisbrjefi sem áfrújandi hafði til að leggja fram í yfirdómi ný vitni og sönnunarskjöl 111
Tilskipun 8 jan. 1802 um málflutning dómaraskrifara fyrir rjetti hjá húsbændum sínum eigi álitin löggild hjer á landi . . . 120
Ómerkt nokkur ummæli í málsfærslu, en eigi sektað fyrir þau 133, 141, 225
Dómur ómerktur sem óendanlegur samkv. N. L. 1—5—12 140
Leitað dóms fyrir hjerlendum dómstóli fyrir málskostnaði, er dæmdur hafði verið fyrir erlendum dómstóli 164
Hjeraðsdómur ómerktur að því leyti hann dæmdi sakborning samkv. 254. gr. hegningarl., með því að ákæran í hjeraði hljóðaði að eins um þjófnað 178
Báðir málspartar dæmdir fyrir ósæmilegan rithátt 218
Sekt dæmd fyrir ósæmilegan rithátt 348
Ákvæði dóms um málskostnaðinn dæmt ómerkt sem ólögmætt, sbr. N. L. 1—5—14 . . . 392
Sekt dæmd fyrir óþarfa þrætu 413

Bls.

Akærði (prófastur) í sakamáli sektaður fyrir ósæmilegan rithátt 430

Hæstarjettardómur í því máli, sem fellir burtu sektina 648

Máli frávísað ex officio frá yfirdómi sakir ólöglegrar málasamsteypu, er 3 menn höfðu höfðað í sameiningu a prima instantia fyrir yfirdómi til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, en hverjum þeirra hafði með sjerstökum úrskurði verið úrskurðað varðhald sem grunuðum um að vera valdir að bruna þilskips 445

Iðgjöld eigi dæmd í þjófnaðarmáli, með því að þeirra var eigi minnzt í stefnunni, hvorki til hjeraðsrjettar nje yfirdóms 537

Áfrýjandi, sem eigi mætti í yfirdómi er mál hans átti að takast fyrir í fyrsta sinn samkvæmt úttekinni stefnu, dæmdur til að greiða stefnda, sem kvaðst mæta samkvæmt stefnunni, kost og tæring 544

Maður dæmdur til að greiða kostnað við byrjun skuldamálshöfðunar gegn honum, þótt hann, áður málið fjell í rjett, hefði, án vitundar stefnandans, greitt hina umstefndu skuld sjálfa 548

Samningar.

Mál um rof á samningi; deilt um það hvort samningur hafi verið á kominn um húskaup 107

Mál út af samningi um kaup á seglum . . 298

Ágreiningur um leigusamning um hús . 404, 453

Bls

Sektir.

Kærði sektaður í lögreglumáli fyrir ósæmilegan rithátt 61
Hæstarjettardómur, er dæmir áfrýjanda, sem eigi mætti með mál sitt þar á stefnudegi, í sekt 193
Sekt dæmd fyrir óþarfa þrætu 413
Báðir málspartar dæmdir fyrir ósæmilegan rithátt 218
Akvæði um sekt fyrir ósæmilegan rithátt staðfest, en eigi álitin ástæða til að hækka sektina 348
Ákærði í sakamáli dæmdur fyrir ósæmilegan rithátt 430
Hæstarjettardómur í því máli, er fellir burtu sektina 648

Skaðabætur.

Skaðabætur dæmdar fyrir ólöglega sjálftöku . 94
Upptaka kolaneta fyrir öðrum manni dæmd heimildarlaus og honum dæmdar skaðabætur fyrir 150
Mál um skaðabætur út af sölu á fjárfarmi . 164
Skaðabætur fyrir skemmdir á hafnarbryggju heimtaðar af bryggjusmiðnum 204
Skaðabætur dæmdar eptir óvilhallra manna mati fyrir heytöku á engjastykki, er var í annars manns eignarhaldi 292
Dæmdar skaðabætur fyrir útburð úr leiguhúsi 404
Skaðabætur dæmdar fyrir heimildarlausa töku á heyleifum 409

Bls.

Synjað um skaðabætur fyrir útburð úr leiguherbergi, með því að eigi áleizt sannað, að leigjandi hefði fengið lengdan hinn upprunalega leigutíma 453

Skaðabætur dæmdar fyrir kyrsetning á inneign útlendings hjá hjerlendum kaupmanni 504

Maður dæmdur til að skila aftur heyi, eða verði heys, er hann hafði tekið til sín og slegið að nokkru á tún- og engjaspildu, er öðrum manni hafði verið skipt úr jörðu . . 565

Manni, sem haldið hafði verið í gæzluvarðhaldi sem grunuðum um póstþjófnað, dæmdar skaðabætur úr landssjóði fyrir gæzluvarðhald að ósekju samkvæmt lögum 26. okt. 1893 572

Skiptamál.

Skiptarjettarúrskurður um kröfu í bú fjárhaldsmanns ómyndugra barna um útborgun arfs barnanna, er fjárhaldsmaður hafði greitt föður þeirra í Ameríku, staðfestur 3

Skiptagjörð, er eigi tók til greina kröfu hjús um kaup og matarverð úr dánarbúi húsbónda, felld úr gildi 37

Skiptarjettarúrskurður felldur úr gildi, sem neitaði að taka til greina kröfu læknis í dánar- og þrotabúi húsbónda, um borgun fyrir lækning og meðul til hjús hans . . . 213

Felldur úr gildi skiptaúrskurður og skiptagjörð viðvíkjandi gildi tveggja gjafabrjefa

Bls.
að jarðeignum og um það, hvort þau innhjeldi ráðstöfun í lifanda lífi eða dánargjöf 341
Hæstarjettardómur í máli um gildi gjafabrjefs, til barna gefandans, gagnvart þrotabúi gefanda 492
Skiptarjettarúrskurður út af ágreiningi milli . erfingja um fyrirframgreiðslu upp í arf m. m., staðfestur 587

Skírlífisbrot.

Hæstarjettardómur um brot samkvæmt 164. gr. hegningarlaganna 189
Maður dæmdur samkv. 162. gr. hegningarl. fyrir holdlegt samræði við dóttur sína heyrnar- og málausa 310

Skulda- og reikningsmál o. fl.

Dómur í skuldamáli staðfestur . . 110, 540, 608
Hreppsnefnd talin hafa tekið ábyrgð á ábúð jarðar og því dæmd til að greiða álag, er eigi fjekkst borgað af leiguliða, er hann veik af jörðinni 137
Mál um skipti á embættistekjum milli setts prest og þess er brauðið var veitt, álitið heyra undir úrskurð háyfirvaldsins samkv. tilsk. 3. febr. 1836, IV, og dómurinn í því þess vegna ómerktur og málinu vísað frá hjeraðsdómi 141
Mál um skaðabætur og aðrar greiðslur út af sölu á fjárfarmi í Skotlandi 164

Bls.
Dómur í máli út af gamalli verzlunarskuld, staðfestur 183
Maður dæmdur sem sjálfskuldarábyrgðarmaður til að greiða eptirstöðvar af verði húsa, er fráfarandi jarðar seldi viðtakanda . . 218
Dómur í máli út af ýmislegum skuldaviðskiptum 225
Maður dæmdur til að greiða upphæð skuldabrjefs, er hann þó taldi sig hafa kvittun hlutaðeiganda fyrir að hafa borgað . . . 233
Mál út af verzlunarviðskiptaskuld milli tveggja kaupmanna 256
Mál um þóknun fyrir að leyfa, að jarðakaup gengi til baka 287
Mál til greiðslu andvirðis fyrir segl á þilskip, er pöntuð höfðu verið frá Noregi 298
Hreppsnefnd krafin borgunar á verzlunarskuld þurfamanns, er haldið var fram, að oddviti hreppsins hefði tekist á hendur ábyrgð á fyrir hönd hreppsnefndarinnar 317
Mál út af verzlunarskuld 330
Mál um innheimting eptirgjalds eptir jörð . 337
Mál til greiðslu á leigugjaldi fyrir hafnarfestar 348
Mál til greiðslu andvirðis fyrir harðfisk, er maður átti að selja fyrir annan 353
Maður, sem dæmdur var í yfirdómi og í hjeraði til að endurgjalda gamla sveitarskuld, sýknaður í hæstarjetti 360
Mál til greiðslu á eptirstöðvum af andvirði kúgildisáa, er áfrýjandi hafði lofað að kaupa 392
Mál um apturskilun próventufjár 456

Bls.

Mál út af afhendingu jarðar í hendur kaupanda 468

Hæstarjettardómur í máli um gildi gjafabrjefs til barna gefandans, gagnvart þrotabúi hans 492

Krafist borgunar hjá kaupmanni, á fjárupphæð er hann áleit sig hafa þegar greitt rjettum hlutaðeiganda 504

Mál til apturskilunar á hestverði 528

Mál út af vangoldnum verkalaunum við verzlun, látið koma undir synjunareið kaupmanns 604

Hreppstjóri, sem haldið hafði uppboð eftir skipun sýslumanns, sýknaður fyrir kröfu sýslumanns um skil á uppboðsskuld, er eigi fjekkst greidd hjá uppboðskaupanda . . . 611

Maður dæmdur til að greiða málaflutningsmanni heimtað kaup fyrir flutning máls . . 618

Maður dæmdur til að greiða verzlunarskuld, sem að nokkru var til orðin áður hann var orðinn fullveðja, með því að hann áleizt síðar hafa fullgilt (ratihaberað) skuldina . . . 620

Dómur í skuldamáli staðfestur eptir kröfu áfrýjanda, þar sem stefndi hafði eigi gagnáfrýjað málinu og eigi var ástæða til að hrinda dóminum ex officio 632

Kaupmaður, sem selt hafði útistandandi skuldir verzlunar sinnar í einu lagi ásamt húsum og öðrum eignum, eigi álitinn hafa tekið á sig ábyrgð á, að hinar einstöku skuldaupphæðir væru rjett tilfærðar í höfuðbókunum. Hinn áfrýjaði dómur þó staðfestur það

Bls.
sem hann náði, með því að stefndi hafði eigi gagnáfrýjað málinu löglega 637
Dómur í skuldamáli dæmdur ómerkur með því að undirdómarinn hafði ranglega neitað manni er mætti af stefnda hálfu, um frest 629, 639

Sveitarmál (sbr. lögreglu- og sveitarstjórn).
Hæstarjettardómur í máli um endurgjaldskröfu á hendur manni fyrir veittan sveitarstyrk (lög 4. nóv. 1887, 1. gr.). 360
Mál út af ágreiningi um skilning á 2. gr. í lögum 23. febr. 1894, um lagning Laugarness og Klepps frá Seltjarnarnesshreppi undir Reykjavík 583

Svik.
Margir menn dæmdir fyrir að taka til sín rekavið, er þeir áttu að hirða fyrir aðra (259. gr. hegningarl.) 18
Akvæði dóms um refsing samkvæmt 254. gr. hegningarl. ómerkt, með því að ákæran hljóðaði að eins um þjófnað 178
Refsing fyrir svik álitin eiga að falla niður samkv. 69. gr. hegningarl. 284
Beitt 255. gr. hegningarl. 313, 395
Refsing eigi dæmd fyrir brot samkvæmt 256. gr. hegningarl. 416
Póstur dæmdur fyrir sviksamlega meðferð á peningabrjefi, er hann hafði til flutnings, 139. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna og 260. gr. þeirra 554

Bls.

Prófastur dæmdur samkvæmt 134. gr. sbr. 145. gr. hegningarl. fyrir að hafa sem póstafgreiðslumaður dregið sjer fje úr póstsjóði með rangri reikningsfærslu 623

Uppboð, uppboðsgjörðir.

Uppboðsgjörð, sem framkvæmd hafði verið samkvæmt dómi í sakamáli í fjármunum, er kyrsettir höfðu verið af hreppstjóra upp í sakamálskostnaðinn, dæmd ómerk ex officio, með því að lögleg aðför hafði eigi verið gjörð samkvæmt dóminum, og hinn stefndi sýslumaður dæmdur til að skila aptur hinum seldu munum og greiða áfrýjunarkostnað 441

Hreppstjóri, sem hafði haldið uppboð eptir skipun sýslumanns, sýknaður af kröfu sýslumanns um að hann greiddi eina uppboðsskuldina, sem eigi hafði fengizt borguð hjá uppboðskaupanda, með því sýslumaður á leizt hafa losað hreppstjórann við innheimtu á þessari skuld með því að taka löngu gjörð skil hans fyrir uppboðshaldinu gild . 611

Úrskurðir.

Áfrýjanda synjað um frest til að sanna, að undirdómarinn, sem eigi var stefnt samkvæmt áfrýjunarstefnunni, hefði fallið frá stefnu til yfirdómsins 44

Synjað með úrskurði um frávísun máls með skírskotun til kgsbr. 19. desbr. 1749, en varakrafa um frest tekin til greina 45, 47, 49

Bls.
Ýtarlegri skýrslur heimtaðar í sakamáli 200, 201
Stefnda fyrir yfirdómi synjað um framhalds frest til vitnaleiðslu, en honum veittur styttri frestur eptir varabeiðni hans 387
Frestbeiðni tekin til greina 440
Neitað með úrskurði frávísun máls fyrir það, að dómsgjörðir voru eigi lagðar fram at áfrýjanda, til staðfestingar, en frestur veittur stefnda til gagnáfrýjunar 598

Valdstjórn, umboðsstjórn
(sbr. lögreglu- og sveitarstjórn).

Dómur í máli milli setts prests og þess, er brauðið var veitt, um skipti á preststekjunum, ómerktur fyrir þá sök, að málið heyrði undir úrskurð háyfirvaldsins samkv. tilsk. 3. febr. 1836, IV 141

Varðhald.

Dómari sektaður fyrir ólöglega fangelsun samkvæmt 130. gr. hegningarl. (sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar) 1
Máli til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju vísað frá yfirdómi ex officio sakir ólöglegrar málasamsteypu 445
Manni sem haldið var í gæzluvarðhaldi sem grunuðum um póstþjófnað, dæmdar skaðabætur úr landssjóði samkv. l. um gæzluvarðhald að ósekju, 26. okt. 1893, 1. gr. . 572

Veð, veðrjettur.

Veð á bæ álitið haldast, þótt bærinn fjelli, og

Bls.
flytjast yfir á bæ þann er veðsetjandi byggði upp aptur á sama grunni 608

Veiði, veiðirjettur.

Maður sektaður fyrir að hafa látið laxanet liggja í Hvítá á sunnudegi (lög 19. febrúar 1886, 1. gr.) 61
Skaðabætur fyrir upptöku kolaneta fyrir öðrum manni 150
Unglingspiltur sektaður fyrir að skjóta æðarfugl 210
2 menn, er sektaðir voru í hjeraði fyrir ólöglega laxveiði, sýknaðir í yfirdómi 372
Sektadómur fyrir ólöglega laxveiði (lög 19. febr. 1886, 2. gr.) staðfestur í yfirdómi 376, 579
Kærði sýknaður í yfirdómi af kæru fyrir óhlýðni við bann sýslumanns eða amtmanns gegn ferðum út í útlend botnvörpuveiðiskip, áður en þau hefði gjört grein fyrir sjer á löggiltum kauptúnum, og fyrir hlutdeild í broti gegn l. 17. des. 1875 um fiskiveiðar útlendinga við Ísland 472, 474, 477, 479
Hæstarjettardómur, er sýknar 2 menn, er dæmdir höfðu verið í yfirdómi sekir um ólöglega laxveiði (lög 19. febr. 1886, 3. gr.) 495
Sýknudómur af kæru fyrir óhlýðni við bann amtmanns gegn ferðum út í útlend botnvörpuveiðiskip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð skips ins frá útlöndum, og fyrir hlutdeild í broti gegn tilsk. 12. febr. 1872 um fiskiveiðar út-

Bls.
lendra við Ísland og lögum 15. apr. 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi 520
Hvalaveiðamaður sektaður í yfirdómi fyrir brot gegn tilsk. 13. júní 1787 I, 10. gr. og op. br. 7. marz 1787, 2. og 3. gr. með því að nota norsk skip til hvalaveiða hjer við land . . 595

Þjófnaður og gripdeild og hlutdeild í því (sbr nytjastuldur).

Refsing á lögð samkvæmt 230. gr. hegningarl. . . . 14, 18, 86, 100, 104, 178, 272, 333
Kvennmaður dæmdur fyrir hylmingu samkv. 240. gr. hegningarl. 18
Maður dæmdur fyrir stuld á 2 lömbum (231. gr. 1.) 18
Maður sýknaður, sem dæmdur var í hjeraði sekur um hlutdeild í þjófnaði fyrir það að hann kom þýfinu fyrir þjófinn á stað, þar sem það varð fyrir eigandanum 59
Maður, sem dæmdur var í hjeraði fyrir þjófnað, sýknaður af ákæru sóknarans, en dæmdur til að greiða málskostnaðinn 88
Maður dæmdur fyrir stuld á hesti samkvæmt 231. gr. 1, sbr. 62. og 58. gr. hegningarl. og með hliðsjón til 40. gr. þeirra 173
Hæstarjettardómur í því máli 490
2 unglingar, 16—17 ára, dæmdir fyrir einfaldan þjófnað og hlutdeild í þjófnaði 196
Beitt 233. gr. hegningarl. fyrir þjófnað framinn í 3. sinn 242, 276
Dómur fyrir innbrot og stuld á peningum . . 259

Bls.
Dómur fyrir þjófnað á lambi 262, 577
Sakborningur dæmdur fyrir innbrotsþjófnað í hjeraði, en í yfirdómi fyrir einfaldan þjófnað 274
Refsing fyrir þjófnað látin falla niður samkv. 69. gr. hegningarl. 284
Sakborningur dæmdur fyrir afmörkun kinda samkv. 240. gr. hegningarl. sbr. tilsk. 8. sept. 1841, 6. gr. 303
Hjón dæmd fyrir sauðaþjófnað og einfaldan þjófnað og hlutdeild í þjófnaði 313
Ákærður dæmdur fyrir gripdeild í hjeraði, en sýknaður í yfirdómi 334
Dómur samkvæmt 230. gr. sbr. 40. gr. hegningarl. 388, 606
Dómur fyrir sauðaþjófnað, hilmingu og einfaldan þjófnað 395
Maður dæmdur samkvæmt 230. gr. hegningarl., en sýknaður af broti samkv. 237. og 256. gr. sömu laga sbr. að nokkru leyti 37. gr. 416
Maður dæmdur fyrir stuld á kind (231. gr. hegningarl., 1. liður) 427, 627
Prófastur dæmdur í hjeraði fyrir gripdeild samkv. 239. gr. hegningarl. sbr. 250. gr. og 230. gr. þeirra, en sýknaður í yfirdómi . . 430
Hæstarjettardómur í því máli 648
Sýknudómur um þjófnað staðfestur í yfirdómi 437
Maður dæmdur fyrir stuld á 4 hestum samkvæmt 234. gr. 2. lið sbr. 63. gr. hegningarlaganna 522

Bls.
Maður dæmdur fyrir þjófnað frá húsbónda sínum 537
Beitt 230. gr. hegningarl. fyrir einfaldan þjófnað, og eigi álitin næg ástæða til niðurfærslu á refsingu samkvæmt 40. gr. 545

Ærumeiðingar og skammir.

Sektardómur fyrir meiðyrði og líkamlegt ofbeldi 12
Dómar í meiðyrðamálum staðfestir 41, 63, 66, 355, 413
Dómar í 4 meiðyrðamálum dæmdir ómerkir sakir þess, að undirdómarinn áleizt hafa sýnt svo ríkan óvildarhug til stefnda í málinu, að hann hafi eigi verið bær að dæma það, en átt að víkja úr dómarasæti, eftir kröfu stefnda 69, 72, 75, 78
Ummæli, er í hjeraði voru látin sæta sekt, eigi talin af yfirdómi saknæm meiðyrði 120, 419, 511
Sýknudómur fyrir ummæli í blaði um framkomu manns sem þingdeildarforseta staðfestur 153
Dómur í meiðyrðamáli staðfestur eptir kröfu áfrýjanda. Stefndu mættu eigi í yfirdóminum og höfðu eigi gagnáfrýjað málinu . . 296
Sekt fyrir meiðyrði lækkuð í yfirdómi . 421, 482
Sekt dæmd í yfirdómi fyrir meiðyrði, er talin voru ósaknæm af undirdómaranum . . . 462
Sektardómur fyrir meiðyrði 464
Sekt fyrir meiðyrði hækkuð í yfirdómi . 563, 642

Landsyfirrjettardómar 1895.

Mánudaginn 21. janúarmánaðar.

Nr. 52/1894. Rjettvísin
gegn
Ólafi Þorsteinssyni.

Dómur:

Með dómi kveðnum upp 25. okt. 1894 í aukarjetti Akureyrarkaupstaðar var hinn ákærði Ólafur Þorsteinsson dæmdur fyrir brot á móti 299. gr. almennra hegningarlaga í 8 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 3 daga einföldu fangelsi. Svo var hann og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til hins skipaða verjanda Páls Jónssonar.

Hinn 9. júlí 1894 var bæjarfógetanum á Akureyri færð 4 vetra hryssa, er var meidd beggja megin hryggjarins, járnalaus á öðrum apturfæti og með sári á eyranu. Deginum fyrir hafði hinn ákærði riðið hryssunni, er hann átti, all-langan veg, og er sannað, að á henni var, er hann tók

hana til brúkunar þann dag, vinstra megin hryggjarins gómstór hárlaus blettur (skinngað fleiður), en hægra megin vermibólur bólgulausar, eins og líka, að hryssan þá var aljárnuð. Það má álíta óefað, að bakmeiðsli þau, sem á merinni voru daginn eptir að ákærði brúkaði hana, stöfuðu af brúkuninni, eins og líka, að hann hefur riðið undan henni á öðrum apturfæti, en hins vegar verður ekki álitið, að ákærði, þótt hann riði hryssunni eins og hún var á sig komin 8. júlí, hafi með svofelldri brúkun, þótt meiðsli af hlytist, gjört sig sekan í þrælslegri misþyrmingu eða grimmdarfullri og miskunnarlausri meðferð á hryssunni, og hefur hann því ekki brotið móti 299. gr. hegningarlaganna. Að því leyti sárið á eyranu snertir, sem ekki er nánara lýst í prófunum, þá er ekki ástæða til að vefengja þann framburð ákærða, að honum hafi ekki verið kunnugt um, á hvern hátt það hefur til orðið. Það verður því í þessu máli að sýkna ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp.

Að því kemur til meðferðar málsins í hjeraði, þá hefur hjeraðsdómarinn með því að setja ákærða í varðhald brotið gegn 48. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874, og verður hann samkvæmt 130. gr. almennra hegningarlaga að sæta ábyrgð fyrir, og skal hann sektaður um 50 kr. til landssjóðs, eins og hann líka verður að greiða þann kostnað, sem varðhald ákærða hefur haft í för með sjer. Annar málskostnaður greiðist af almannafje, þar með

talin málsvarnarlaun í hjeraði 4 kr. og málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Að öðru leyti en ofan um getið hefur meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Ólafur Þorsteinsson á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Málskostnaður — að undan skildum varðhaldskostnaði ákærða — þar á meðal 4 kr. til talsmanns ákærða í hjeraði Páls Jónssonar og málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. juris H. Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje. Hjeraðsdómarinn, bæjarfógeti Klemens Jónsson, greiði í sekt til landssjóðs 50 kr., svo og kostnað þann, sem leitt hefur af varðhaldi ákærða, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa; sæti ella aðför að lögum.

Nr. 43/1894: Fjárhaldsmaður barna Páls Eggerz gegn dánarbúi Pjeturs Eggerz (skiptaráðandanum í Reykjavík o. fl.).

Dómur:

Þegar bú fyrverandi kaupmanns Pjeturs heit-

ins Eggerz, sem andaðist í Reykjavík veturinn 1892, var tekið til opinberrar skiptameðferðar af skiptarjettinum þar, gjörði landritari Hannes Hafstein skuldakröfu í dánarbúið fyrir hönd fjárhaldsmanns þriggja sonarbarna Pjeturs, barna Páls Eggerz, er ljezt í Chicago sumarið 1891, en þar hafa börnin dvalið síðan. Fjárhaldsmaður barnanna og umboðsmaður hans fyrir skiptarjettinum fóru því fram, að í búi Pjeturs stæði inni allmikið erfðafje nefndra barna eptir móður þeirra og móðurbróður, er Pjetur hefði tekið við sem skipaður fjárhaldsmaður þeirra, en eigi innt af hendi áður en hann ljezt, og kröfðust þeir aðallega í þessu skyni úr búinu 16070 kr. 4 a., en til vara 7572 kr. 2 a. Hinn 20. jan. f. á. úrskurðaði skiptarjetturinn, að börnum Páls Eggerz skyldi greiða úr búinu ýmsar upphæðir samtals 1119 kr. 89 a., en að öðru leyti voru nefndar fjárkröfur barnanna ekki teknar til greina. Þessum skiptarjettarúrskurði hefur landritari Hannes Hafstein í umboði fjárhaldsmanns barnanna í Chicago, St. Stephensens, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. sept. f. á., — eptir að málinu áður hafði verið vísað frá yfirdóminum — stefnt skiptaráðandanum og málspörtum þeim, sem mótmæltu kröfum áfrýjanda í skiptarjettinum, og gjört þær rjettarkröfur *principaliter*, að úrskurðinum verði breytt þannig, að búinu verði gjört að skyldu að greiða með forgangsrjetti sem ómyndugrafje 14141 kr. 93 a. til löglegra fjárráðenda barna Páls Eggerz, og *in subsidium*, að búinu verði á sama hátt gjört

að greiða 11981 kr. 93 a., eða í öllu falli 3472 kr. 2 a., en *til þrautavara* hefur hann krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur, og hvernig sem fer krefst hann þess, að hinir stefndu in solidum eða búið verði dæmt til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu krafizt þess, að úrskurður skiptarjettarins verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að endurgjalda áfrýjunarkostnaðinn með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Atvik þessa skiptamáls eru að öðru leyti þessi, að skömmu eptir lát konu sinnar árið 1887 fór Páll Eggerz hjeðan af landi til Ameríku, en skildi hjer eptir börn sín, og var faðir hans, Pjetur heitinn Eggerz skipaður fjárhaldsmaður þeirra, en þau höfðu hlotið töluverðan arf eptir móður sína, og síðar hlotnaðist þeim arfur eptir móðurbróður þeirra. Árið 1890 kom Páll Eggerz aptur hingað til þess að sækja börn sín og ráðstafa eigum þeirra, að því er virðist, enda fór hann þá um haustið með börnin til Chicago, þar er hann andaðist sumarið eptir (1891); sendi þá Pjetur faðir hans mann gagngjört þangað til að sækja börnin, en það verður eigi sjeð, að ferð sú hafi haft neinn árangur. Þegar Páll Eggerz var hjer sumarið 1890 fór hann þess á leit við yfirfjárráðandann í Kjósar- og Gullbringusýslu, — en undir hans stjórn voru fjármunir barnanna — að sjer væri fenginn arfur þeirra til umráða, og skaut yfirfjárráðandinn þessari málaleitun til úrskurðar amtsins. Skriflegur úrskurður amtsins hjer að lút-

andi hefur þó eigi fundizt, en yfirfjárráðandinn hefur gefið þá yfirlýsingu, að sig minni, að svar amtsins hafi verið á þá leið, að Páll Eggerz hefði fullt umboð eða fulla heimild til þess að ráðstafa eignum barnanna, enda fór fjárhaldsmaður þeirra, Pjetur Eggerz, þá að selja fasteignir þeirra hverja á fætur annari, og fjekk hann leyfi amtsins í hvert skipti til sölunnar. Andvirði fasteignanna afhenti Pjetur Eggerz sumt Páli syni sínum hjer á landi, sumt sendi hann honum til Chicago, og sumu ráðstafaði hann hjer eptir fyrirsögn Páls. — Áfrýjandinn hefur nú haldið því fram, og á því byggir hann aðalkröfu sína, að Pjetur Eggerz hafi ekki haft löglega heimild til að ráðstafa þannig andvirði hinna seldu eigna, o: afhenda það Páli syni sínum, en hefur á hinn bóginn eigi vefengt heimild hans til að selja fasteignirnar. Í því skyni hefur hann tekið það fram, að það sje alls eigi nægilega sannað, að hlutaðeigandi amtmaður, sem dó áður en mál þetta hófst, hafi samþykkt, að fjeð væri afhent Páli Eggerz, enda geti slík ráðstöfun eigi álitizt samkvæm löggjöfinni um meðferð á ómyndugrafje, sbr. tilsk 18. febr. 1847, en í leyfum þeim, er amtmaður hefur gefið til að selja fasteignirnar, sje það stöðugt berlega tekið fram, að með andvirðið skuli fara sem með ómyndugrafje. — Eptir öllu því, sem fram er komið í málinu, verður þó að álíta það nægilega sannað, að amtmaðurinn hafi samþykkt að fjeð væri afhent Páli Eggerz; nægileg sönnun í þessu efni virðist vottorð sýslumannsins í Kjósar- og Gull-

bringusýslu vera um svar amtsins upp á fyrirspurn hans hjer að lútandi, þótt tjeð svar hafi að eins verið munnlegt; enn fremur brjef sama sýslumanns 1. okt. 1890, sem eptir leyfi amtsins ráðstafar 2000 kr. skuldabrjefi börnunum tilheyrandi til Páls Eggerz; það bendir og í sömu átt, að amtmaður um þessar mundir leyfir sölu á jörðum barnanna, hverri á fætur annari, sem væri lítt skiljanlegt, ef það hefði eigi verið tilætlunin, að andvirðið færi með börnunum til Ameríku. Þar sem það þá var ráðið, að börnin færu með föður sínum, hinum löglega forráðamanni þeirra, alfarin af landi burt til Ameríku, getur það eigi talizt óeðlilegt, að honum væri afhent fje þeirra, sjer í lagi þegar það er aðgætt, að yfirfjárráðastjórn hjer eigi getur þekkt þau yfirvöld í Chicago, er hún hefði heimild til að senda slíkt fje. Ákvæðin í tilsk. 18. febr. 1847 sýnast eigi fyllilega geta átt hjer við,þegar um það er að ræða, að ómyndugir flytjast með löglegum forráðamönnum sínum í aðra heimsálfu. — Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að skiptarjetturinn hefur ekki tekið aðalkröfu áfrýjanda til greina; hið sama verður að gilda um hina fyrri varakröfu hans (um dóm fyrir 11981 kr. 93 a.), sem í raun og veru að eins er sjálf frumkrafan eða aðalkrafan, að frá dregnum 2160 kr., sem spurning er um, að Páll Eggerz hafi látið eptir sig í Chicago, en um þessa upphæð er ekkert ákveðið í hinum áfrýjaða úrskurði.

Að því er hina síðari varakröfu áfrýjanda

snertir, að búinu verði gjört að greiða 3472 kr. 2 a., þá felast í þessari upphæð:

a. Borgað af Pjetri sál. Eggerz hjer á landi fyrir Pál son sinn . . . . . kr. 1071 00
b. Borgað af sama upp í kostnað við sendiferð til Chicago til að sækja börnin . . . . . — 1206 96
c. Ýmisleg útgjöld, sem áfrýjandi telur ólöglega greidd af fjármunum barnanna hjer á landi . . — 384 45
d. Upphæð, sem eigi er sannað um, að hafi verið send Páli Eggerz — 265 85
e. Upphæðir, sem allir hlutaðeigendur hafa samþykkt að greiða úr búinu til barnanna . . . . . — 543 76

samtals kr. 3472 02

Um hina síðastnefndu 2 gjaldliði, samtals . . . . . kr. 809 61
er enginn ágreiningur milli málspartanna, nje heldur um þær . — 310 28
sem úrskurðaðar hafa verið af upphæðinni sub stafl. c.

samtals kr. 1119 89

og er þetta upphæð sú, sem skiptarjettarúrskurðurinn hljóðar um. Þar á móti er ágreiningur um upphæðirnar undir stafl. a og b, og um 74 kr. 17 a. af upphæðinni undir stafl. c, og er það kostnaður við sendingu peninga til Ameríku. — Yfirdómurinn verður þó að komast að þeirri niðurstöðu, að úrskurður skiptarjettarins um upphæðir þessar sje á rjettum rökum byggður. Úr því að

Pjetur Eggerz eptir hinu framanritaða vítalaust gat afhent Páli syni sínum fje barna hans samkvæmt þeirri heimild, er amtmaður álízt hafa veitt honum til þess, hlaut honum og að vera heimilt að út borga þær 1071 kr., sem standa undir staflið a, eptir tilvísun Páls; það er sem sje ekki ástæða til að vefengja það, að þessar greiðslur hafi fram farið eptir ráðstöfun Páls sjálfs, svo sem þær væru gjörðar til hans, enda hefur hann sjálfur gefið viðurkenningu fyrir meiri hluta upphæðarinnar. — Að því er snertir kostnað við sendiferð til Chicago (stafl. b), 1206 kr. 96 a., er það sannað, að hlutaðeigandi amtmaður hefur samþykkt þessa sendiför, svo og 1000 kr. lántöku »handa börnunum«, eins og það berlega er orðað í veðsetningarskjalinu, en lán þetta virðist eingöngu hafa verið tekið til að standast kostnaðinn við áminnzta sendiför eptir börnunum. Það verður því að fallast á það, að úrskurðurinn hefur neitað að endurgjalda börnum Páls Eggerz þennan kostnað af búinu. Hin síðast talda upphæðin 74 kr. 17 a. (ekki 73 kr. 27 a.) verður eigi heldur talin ranglega greidd af fje barnanna, þegar það er viðurkennt, að heimilt hafi verið að senda arfa þeirra vestur um haf til föður þeirra, og þó að eigi hafi fengizt kvittun fyrir þessari upphæð, sem eigi var við að búast, þar sem um póstburðargjald er að ræða, þá verður hún eigi vefengd, sjerstaklega þegar þess er gætt, að sannað er, að töluvert fje börnunum tilheyrandi hafi verið sent til Chicago eptir ráðstöfun Pjeturs Eggerz.

Samkvæmt hinu framanritaða verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð í heild sinni. Eptir málavöxtum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Skiptarjettarúrskurðurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Nr. 41/1894: Bóksalafjelagið í Reykjavík gegn Jóni sýslumanni Johnsen.

Dómur:

Í máli þessu er áfrýjað til yfirdómsins fógetarjettarúrskurði Suður Múlasýslu, upp kveðnum 21. júní 1893 og fjárnámsgjörð framkvæmdri sama dag. Áfrýjunarstefnan er út tekin 19. sept. f. á. og í henni skírskotað til kgl. leyfisbrjefs til uppreisnar, útgefins 23. maí næst á undan, en leyfisbrjef þetta var orðið of gamalt, er stefnan var gefin út, til þess að það gæti verið heimild fyrir áfrýjun málsins, eptir að hinn reglulegi áfrýjunarfrestur var liðinn (sbr. op. br. 2. júní 1819, 2. gr.), og er þó eigi í stefnunni vitnað til neinnar nýrrar heimildar fyrir áfrýjuninni. Hinn stefndi hefur hvorki mætt nje látið mæta af sinni hendi fyrir yfirdóminum. Sökum ofan umgetins galla á stefnunni verður að vísa málinu ex officio frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá rjettinum.

Nr. 30/1894: O. J. Haldorsen
gegn
Eyjólfi Símonarsyni.

Dómur:

Með því að áfrýjunarstefnan í máli þessu, en með henni er undirdómaranum, bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni, stefnt fyrir yfirdóminn til þess að verja dóm sinn, ber það ekki með sjer, að hún hafi verið birt fyrir nefndum undirdómara, og þetta er eigi heldur sannað á annan hátt, verður ex officio að vísa stefnunni frá yfirrjettinum, þar er undirdómarinn hefur eigi mætt nje látið mæta. Eptir þessum málsúrslitum verður áfrýjandi að greiða hinum stefnda hæfilega upphæð sem kost og tæring, og ákveðst hún 12 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni vísast frá yfirdómi. Áfrýjandi, O. J. Haldorsen, greiði stefnda Eyjólfi Símonarsyni 12 — tólf — krónur í kost og tæring innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 28. janúarmánaðar.

Nr. 10/1894: Sigmundur Guðmundsson
gegn
Þorbjörgu Sveinsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í hjeraði hin stefnda, yfirsetukona Þorbjörg Sveinsdóttir, gegn áfrýjandanum Sigmundi prentara Guðmundssyni fyrir líkamlegt ofbeldi og meiðyrði, og var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 13. júlí 1893 með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi samkvæmt 202. og 217. gr. almennra hegningarlaga greiða 100 kr. sekt í landssjóð eða til vara sæta 30 daga einföldu fangelsi. Svo skyldu hin átöldu meiðyrði um stefndu dauð og ómerk, og áfrýjandinn greiða allan kostnað málsins, eins og það væri eigi gjafsóknarmál. Þessum dómi, sem eigi sjest hafa verið birtur áfrýjandanum samkvæmt tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. febr. f. á., og hefur hann krafizt þess hjer fyrir rjettinum, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá undirdóminum og sjer til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, en til vara, að hann verði sýknaður með öllu, eða, enn til vara, að sektin verði færð talsvert niður. Hin stefnda hefur eigi mætt eða látið mæta af sinni hendi fyrir yfirdóminum.

Kröfu sína um frávísun málsins frá undirdóminum eða ómerking þess hefur áfrýjandinn byggt á því, að engin lögleg sáttatilraun hafi fram farið

í málinu, með því að sjer hafi eigi verið birt sáttafyrirkallið á löglegan hátt, og hann því eigi mætt fyrir sáttanefndinni. — Að vísu var fyrirkallið birt áfrýjandanum á öðrum stað en heimili hans, en stefnuvottarnir hafa í áritun sinni á stefnuna tekið það fram, að áfrýjandinn hafi tekið birtinguna jafngilda og þótt birt hefði verið á heimili hans, og verður samþykki hans til þessa afbrigðis frá stefnubirtingarreglunum þar með að álítast sannað. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Að því er sjálft aðalefni málsins snertir, þá er brot áfrýjandans, er hann hefur verið dæmdur fyrir með hinum áfrýjaða dómi, í því fólgið, að 29. apríl 1893 rjeðst hann á hina stefndu á götu hjer í bænum án nokkurs tilefnis frá hennar hálfu og barði hana með staf bæði í handlegginn og bakið, svo að samkvæmt læknisskoðun, er fram fór daginn eptir, var þá á vinstra upphandlegg hennar stór marblettur að aptanverðu og mikil eymsli yfir um mjóhrygginn, en ekki áleizt, að meiðslin að öðru leyti mundu hafa neinar alvarlegar afleiðingar fyrir stefndu. Svo nefndi áfrýjandi og stefndu við sama tækifæri ýmsum illum nöfnum, svo sem »þjóf« og »lygara«.

Fyrir framangreind ofbeldisverk og meiðyrði hefur áfrýjandinn verið rjettilega dæmdur af undirdómaranum samkvæmt 202. og 217. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, er í undirdóminum er ákveðin, eigi of hátt sett, og eins fellst yfirdómurinn á málskostnaðarákvæði undirdómsins.

Kröfur áfrýjanda um sýknun eða niðurfærslu hinnar í dæmdu sektar verða því eigi til greina teknar, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar er hin stefnda mætti eigi nje ljet mæta, fellur að sjálfsögðu niður. — Það vottast, að rekstur þessa gjafsóknarmáls í hjeraði hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 4. febrúarmánaðar.

Nr. 53/1894: Rjettvísin gegn Vilhjálmi Ingimagnssyni og Guðnýju Sigurðardóttur.

Dómur:

Með dómi, upp kveðnum í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. dag ágústmánaðar f. á. var hinn ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsi við vatn og brauð 3 × 5 daga, og til að greiða allan sakarkostnað, en hin meðákærða Guðný Sigurðardóttir var sýknuð af ákæru rjettvísinnar. Þessum dómi

sem hinn ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson fyrir sitt leyti hefur viljað una við, hefur fyrir bæði hin ákærðu verið skotið til yfirdómsins af amtmanninum yfir Suður- og Vesturamtinu.

Það er sannað í máli þessu með játningu hins ákærða Vilhjálms Ingimagnssonar sjálfs og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, að hann, sem er fæddur 20. okt. 1874 og virðist vera mjög fákunnandi og vitsmunasljór, hafi gjört sig sekan í eptirgreindum afbrotum. Veturinn 1891—92 stal hinn ákærði tvívegis kandís-sykri í vöru-geymsluhúsi Böðvars kaupmanns Þorvaldssonar á Skipaskaga. Var sykrið geymt fyrir innan grindur á geymsluhúsloptinu; í síðara skiptið fór hinn ákærði inn fyrir grindurnar með því móti, að hann tók úr þeim tvo lausa spela, og skreið síðan inn gegn um opið; það verður og að álíta, að hann hafi á sama hátt farið inn í þetta grinda-herbergi í fyrra skiptið, þótt framburður hans í því efni sje nokkuð á reiki, og hann enda við síðasta prófsrjettarhaldið hafi skýrt svo frá, að hann og annar drengur hafi kippt sínum spelanum hvor úr grindunum, en hvort spelarnir þá hafi verið svo fastir, að hann hafi þurft að beita ofbeldi til þess, er ekki upplýst í málinu, og hefur piltur sá, sem þá tjáist hafa verið í verknaði með ákærða, þverlega þrætt fyrir það. Hinn ákærði tjáist hafa fyllt báða buxnavasa sína með kandís-sykri í fyrra skiptið, og hafi hann afhent móður sinni, hinni meðákærðu, það. Í síðara skiptið var hann staðinn að verkinu, er hann var að láta sykrið í vasa sína, og

varð hann þá að sleppa þýfinu. Vorið 1892 stal ákærði 15 netakúlum; tók hann þær undan bát hjá húsi eigandans, og seldi þær öðrum manni, en eigandinn hefur fengið þær aptur. Um haustið sama ár, þá er ákærði átti heima á Hvítárvöllum, stal hann úr læstum kassa í lokaðri kommóðu-skúffu þar á heimilinu nærfellt 15 kr. í peningum; lyklana að kommóðu-skúffunni og kassanum tók hann úr efstu kommóðu-skúffunni, sem var opin og ólæst. Peningar þessir hafa að mestu leyti aptur komið til skila. Skömmu síðar stal ákærði 50 a. úr ólæstu kofforti á Hvítárvöllum, en skilaði eigandanum þeim aptur seinna. Einhvern tíma sumarið næst á undan stal ákærði einnig á sama bæ dálitlu af kandís-sykri, en það var tekið af honum. Seint á árinu 1893 stal hinn ákærði nokkru af kandís-sykri úr hjall-lopti í Króki á Skipaskaga; hjallurinn var opinn og loptið ólæst eptir framburði ákærða, sem ekki hefur verið hnekkt í þessu efni. Hinn 27. febrúarm. f. á. stal ákærði um kvöldtíma nálægt því 10 kr. úr peningaskúffu í verzlunarbúð kaupmanns Snæbjarnar Þorvaldssonar; útidyrnar á húsinu voru ólæstar, og lykillinn stóð í skránni á búðarhurðinni; peningaskúffan var einnig ólæst; þessum peningum hefur að mestu leyti verið skilað aptur. Í fyrra vetur stal hinn ákærði einnig þrívegis harðfiski úr ólæstum hjalli húsbónda síns, en fiskurinn var annars manns eign. Hve marga fiska hann tók í tvö fyrri skiptin, hefur eigi orðið upplýst, en hann lagði þá inn í verzlanir, og tók brauð og

sykur út fyrir þá. Í síðasta skiptið voru fiskarnir 11, en þar eð menn urðu varir við athæfi hans, áður en hann hafði hagnýtt sjer þýfið eða komið því undan, varð hann að sleppa því, og komust fiskarnir þannig til skila. Endurgjalds fyrir það, sem hinn ákærði hefur stolið og eigi hefur verið skilað aptur, hefur eigi verið krafizt. Hin tilgreindu afbrot hins ákærða koma öll undir 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og virðist hann eptir skýrslum málsins, framkomu hans í heild sinni og framlögðu læknisvottorði ekki geta notið refsingar-lækkunar eptir 40. gr. hegningarlaganna. Verður því að ákveða refsinguna eptir áðurgreindri grein tjeðra laga, sbr. 63. gr., 47. gr. og enn fremur 38. gr., og þykir 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð hæfileg refsing, eins og undirdómarinn hefur dæmt.

Að því er snertir hina meðákærðu Guðnýu Sigurðardóttur, er það eigi sannað, að hún hafi gjört sig seka í neinu hegningarverðu athæfi, og verður því að sýkna hana, eins og hjeraðsdómarinn hefur gjört.

Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað, verður að samþykkja hann í heild sinni. Hinn ákærði Vilhjálmur Ingimagnsson verður eptir þessum úrslitum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Það hefur staðið mjög lengi á rannsókn og rekstri máls þessa

í hjeraði, en með því að dráttur þessi virðist nokkurn veginn nægilega rjettlættur af hjeraðsdómaranum, verður hann eigi látinn sæta ábyrgð fyrir hann. Að öðru leyti hefur meðferð hjeraðsdómarans á málinu verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn ákærði, Vilhjálmur Ingimagnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningskaup til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúarmánaðar.

Nr. 55/1893: Rjettvísin
gegn
Pjetri Nielssyni,
Steinvöru Einarsdóttur o. fl.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn hinum ákærða fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði og fyrir ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum eða fjármunum komnum í vörzlur þeirra eða þvílíkum afbrotum, en hvað Ólaf Eiríksson snertir fyrir rangan vitnis-

burð fyrir rjetti, og var málið dæmt í aukarjetti Rangárvallasýslu 20. febr. 1893 þannig, að Pjetur Níelsson og Guðmundur Guðmundsson skyldu sæta 10 mánaða betrunarhússvinnu hvor þeirra, Steinvör Einarsdóttir 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Finnur Sigurfinnsson 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Árni Björnsson og Árni Magnússon 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi hvor þeirra, Jón Einarsson á Eyvindarhólum, Jóhannes Símonarson, Ingvar Pálsson og Kort Hjörleifsson fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 8 daga hver þeirra, Þorsteinn Jónsson einföldu fangelsi í 8 daga, Sigurður Ólafsson, Jón Einarsson á Miðbælisbökkum, Jón Stefánsson, Þorsteinn Magnússon (nafn hans hefur gleymzt í niðurlagi hins áfrýjaða dóms), Sveinn Sveinsson, Ólafur Eiríksson og Sigurður Jónsson greiða 20 kr. sekt í landssjóð hver, eða til vara sæta 6 daga einföldu fangelsi; Margrjet Ögmundsdóttir og Eyjólfur Hafliðason skyldu greiða 8 kr. sekt í landssjóð hvort, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 3 daga. Að því er málskostnað áhrærir skyldu þau Pjetur Níelsson, Steinvör Einarsdóttir, Finnur Sigurfinnsson, Árni Björnsson, Sveinn Sveinsson og Sigurður Jónsson greiða in solidum málsvarnarlaun til alþingismanns Sighvats Árnasonar 15 krónur, Jón Einarsson á Eyvindarhólum greiða málsvarnarlaun Þorvaldi bónda Bjarnarsyni 5 krónur, og Árni Magnússon, Þorsteinn Jónsson, Margrjet Ögmundsdóttir, Þorsteinn Magnússon, Jón Stefánsson, Guð-

mundur Guðmundsson, Jón Einarsson á Miðbælisbökkum og Sigurður Ólafsson greiða in solidum málsvarnarlaun til oddvita Sigurðar Halldórssonar 10 krónur. Allan annan kostnað, er löglega hefur leitt af málinu, skyldu þeir Pjetur Níelsson, Steinvör Einarsdóttir, Jón Einarsson á Eyvindarhólum, Jóhannes Símonarson og Sigurður Ólafsson greiða in solidum að 3/8 hlutum, Finnur Sigurfinnsson, Árni Björnsson, Árni Magnússon, Jón Einarsson á Miðbælisbökkum, Margrjet Ögmundsdóttir, Jón Stefánsson, Þorsteinn Magnússon, Þorsteinn Jónsson og Sveinn Sveinsson in solidum að 1/4, og Ingvar Pálsson, Kort Hjörleifsson, Ólafur Eiríksson, Eyjólfur Hafliðason, Guðmundur Guðmundsson og Sigurður Jónsson in solidum að 3/8 hlutum.

Dómi þessum hafa hinir dómfelldu allir nema Jóhannes Símonarson óskað áfrýjað til æðri rjettar, en honum er að því þá alla snertir skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Mál þetta hófst með því í nóvembermánuði 1890, að rannsókn var hafin út af orðrómi um þjófnað á brekánum tveim, en við þá rannsókn komu í ljós fleiri þjófnaðarbrot og sjerstaklega ýmisleg ólögmæt hirðing á rekavið af hendi leiguliða og annara á fjörum í Austur-Eyjafjallahreppi, svo að málið smátt og smátt færðist svo út, að það tók yfir alla hina ákærðu. Afbrotum þeirra hvers fyrir sig er nú svo varið, sem nú skal greina:

Með eigin játningu og öðrum upplýsingum er það sannað um *Pjetur Nielsson*, að haustið 1887

og næstu árin þar á undan, tók hann með ófrjálsu 4 kindur, er nafngreindir menn áttu, og sem komnar voru saman við fje hans, slátraði þeim og hagnýtti sjer, og hjálpaði bústýra hans, hin meðákærða Steinvör Einarsdóttir, honum til að handsama kindurnar og skera þær og hagnýta sjer þær. Árið 1889 stal hann brekáni af saltfisksstakka á Hrauni í Grindavík, og sama ár boldangspoka á túninu á Hjörleifshöfða í Skaptafellssýslu svo og 2 lausum fjölum af timbri úr Eyvindarhólakirkju. Árið áður stal hann af frönsku skipi, sem strandaði undir Eyjafjöllum, meðan verið var að skipa upp úr því, frönskum hnífi, olíulampa og sápustykki, virtu alls á 1 kr. 58 a., og hefur því ásamt brekáninu og boldangspokanum verið skilað aptur rjettum hlutaðeigendum. Um 1885 tók Pjetur leyfislaust ásamt meðákærða Jóni Einarssyni á Eyvindarhólum sjórekinn planka 5 álna langan af Ytri-Skógafjöru, sem þeir áttu hvorugur neitt tilkall til reka af, skiptu honum á milli sín og hagnýttu sjer. Af Eyvindarhólafjöru átti ákærði sem leiguliði rjett til 1/6 af leiguliðagagni, sem var talið sívalar spýtur allt að 3 álna langar, en hann átti að hirða annan reka fyrir landsdrottinn ásamt hinum leiguliðunum á eigninni. Samt sem áður hefur hann dregið undir sig einsamall af því er landsdrottni bar af fjörunni síðan 1880 2 planka og 2 plankabrot og ásamt nefndum Jóni Einarssyni 1 planka og 2 plankabrot. Svo hirti hann og um 1888 af Eyvindarhólafjöru helming af þorskreka (22 þorskum), er hann og Jón

fundu á fjörunni og skiptu með sjer, þó að þeir könnuðust við, að landsdrottni hefði borið slíkur reki, en Jón hafði leyfi fyrir sínum hluta, en Pjetur eigi.

Með eigin játningu hinnar ákærðu, *Steinvarar Einarsdóttur*, bústýru Pjeturs Níelssonar, og öðrum skýrslum er það sannað, að hún var í samráði með honum að taka kindur þær 4, er fyr eru nefndar, og hjálpaði honum til að skera þær og nýta sjer þær. Svo tók hún og við af honum franska hnífnum, sápustykkinu, lampanum og fjölunum af kirkjutimbrinu, þótt hún vissi, hvernig það væri fengið. Enn fremur tók hin ákærða við áðurnefndum þorskum hjá meðákærða Pjetri, og hagtærði þeim, þótt hún vissi að þeir væru ófrjálsir.

Með eigin játningu hins ákærða *Jóns Einarssonar* á Eyvindarhólum og öðrum upplýsingum er það sannað, að 1885 tók hann leyfislaust á Ytri-Skógafjöru í fjelagi með meðákærða Pjetri Níelssyni sjórekinn planka 5 álna, er þeir skiptu með sjer, og af reka á Eyvindarhólafjöru tóku þeir í sameiningu 1 planka og 2 plankabrot, er þeir áttu að skila landsdrottni, en Jón bjó sem leiguliði á $^1/_2$ Eyvindarhólaeigninni og átti að sjá um reka á fjörunni fyrir landsdrottinn ásamt Pjetri og hinum leiguliðunum. Á sömu fjöru hirtu þeir Pjetur einnig um 1886 6 dekksplanka og skiptu þeim milli sín, en þar sem Pjetur tjáist hafa fengið leyfi landsdrottins fyrir sínum hluta af plönkunum, fjekk Jón ekkert slíkt leyfi. Um 1883 tók á-

kærði ásamt meðákærða Jóhannesi Símonarsyni rekatrje 5—6 álna langt á Hrútafellsfjöru, er þeir áttu engan rjett til reka af; mættu þeir, er af fjörunni kom, meðákærða Sigurði Ólafssyni leigu liða á Hrútafellskoti, en undir það lá 1/8 af reka á Hrútafellsfjöru, og skiptu þeir þá allir eptir samkomulagi trjenu milli sín til þriðjunga.

Um hinn ákærða *Jóhannes Símonarson* er það með eigin játningu hans og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann var í verki með hinum ákærða Jóni Einarssyni að taka trje það af Hrútafellsfjöru, er nú var getið og þeir skiptu til þriðjunga með hinum ákærða Sigurði Ólafssyni. Hann var leiguliði á 1/6 Eyvindarhólaeignarinnar og átti að hirða reka af Eyvindarhólafjöru fyrir landsdrottinn, en dró undir sig af honum um 1885 slá rúmlega 3 álna langa og aðra slá um 6 álna í fjelagi við meðákærða Jón Einarsson á Eyvindarhólum. Milli 1870 og 1880 fann hann og á fjörunni hálfanker tómt, er hann tók til sín, án þess að lýsa því.

Hinn ákærði *Sigurður Ólafsson* hefur kannazt við, að hann hafi dregið undir sig 1/3 af trje því af Hrútafellsfjöru, er fyr er getið, í fjelagi með ákærðu, Jóni Einarssyni og Jóhannesi Símonarsyni, og farið með leynd að öllu, til þess að aðrir rekaeigendur, sem áttu rjett til að fá hlut í trjenu, eigi vissu um það, en hann eða faðir hans áttu að eins rjett til 1/8 af reka á fjörunni.

Það er með eigin játningu hins ákærða *Finns Sigurfinnssonar* og öðrum skýrslum í málinu lög-

lega sannað, að vorið 1889 stal hann brekáni í Þorlákshöfn, sem hann þó skilaði eigandanum aptur haustið eptir, er gengið var eptir því hjá honum. Af reka tók hann 1885 með ófrjálsu á Miðbælisfjöru, þar sem hann átti ekkert í reka, spýtu rúmlega 3 álna langa, og af sömu fjöru tók hann aðra spýtu 1887, 3 álna langa, ásamt meðákærða Guðmundi Guðmundssyni, og enn tók hann 1888 slá um 4 álna langa af sömu fjöru, og var þá með honum í verki meðákærði Árni Björnsson. Fyrir hirðing á spýtu, liðugar 3 álnir á lengd, er meðákærði Árni Magnússon eptirljet ákærða af Miðbælisfjöru um 1887 virðist ákærða eigi verða refsað, þar sem Árni Magnússon átti rjett til 1/6 af öllum reka á fjörunni, og ekkert er upplýst um, að ákærði vissi eða áliti, að hann ætti ekki með að geta spýtuna. Þá hirti og ákærði þorska nokkra (11), er hann fann á Yztabælisfjöru 1889, þar sem hann gekk um sem leiguliði, og tók hann þá til sín, þótt hann, eptir því sem hann hefur kannazt við, áliti, að hann ætti að skila þeim landsdrottni samkvæmt ábúðarskilmálum hans.

Með eigin játningu hins ákærða *Árna Björnssonar* á Minniborg og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að 1888 tók hann með meðákærða Finni Sigurfinnssyni 4 álna slá af Miðbælisfjöru, þar sem þeir hvorugur áttu neitt rekatilkall, og mörgum árum áður tók Árni einn með ófrjálsu af sömu fjöru planka um 3 álnir og slá 5—6 álna. Um 1885 dró hann undir sig af Borgarfjöru 4 álna

rekatrje, sem hann sem leiguliði átti að hirða fyrir landsdrottinn og skila honum. Veturinn 1889—90 var hann hjálplegur hinum meðákærða Árna Magnússyni og Þorsteini Magnússyni, er báðir áttu nokkurn rjett til reka á Miðbælisfjöru, Árni til 1/6 og Þorsteinn fyrir hönd húsbónda síns til 1/12, með að draga undir sig af Miðbælisfjöru á bak við aðra rekaeigendur trje rúmar 12 álnir á lengd og nokkru síðar spýtu 4 álna, og fjekk hinn ákærði þriðjung af trjenu, en sleppti sínum hluta í spýtunni við Þorstein handa húsbónda hans. Árið 1880 hjálpaði ákærði sama Árna Magnússyni til að draga undir sig á bak við aðra rekaeigendur 5—6 álna planka af Miðbælisfjöru og fjekk helming af, og 1887 fjekk hann einnig hjá sama helming af spýtu 4—5 álna langri, er hann fann á Miðbælisfjöru og flutti heim til Árna ásamt vinnumanni hans, hinum meðákærða Jóni Einarssyni á Miðbælisbökkum.

Með eigin játningu hins ákærða *Árna Magnússonar* og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að veturinn 1889—90 dró hann undir sig af Miðbælisfjöru, þar sem hann átti 1/6 af reka, ásamt meðákærða Þorsteini Magnússyni, er átti 1/12 af reka á fjörunni, og meðákærða Árna Björnssyni, trje um 12 álnir á lengd og nokkru síðar spýtu 4 álnir á lengd, sem þeir skiptu allir þrír milli sín á bak við aðra rekaeigendur. Um 1880 dró hann og undir sig með meðákærða Árna Björnssyni af sömu fjöru planka 5—6 álna, sem þeir skiptu með sjer, og 1887 enn fremur spýtu 4—5

álna, er Árni Björnsson hafði flutt heim af sömu fjöru með vinnumanni ákærða, og ljet ákærði Árna Björnsson fá helming spýtunnar. Á sama hátt ljet hann meðákærða Finn Sigurfinnsson 1887 fá spýtu sívala um 3 álna, er þeir fundu saman á Miðbælisfjöru. Veturinn 1889 rak um 70—80 þorska á Miðbælisfjöru, og hirti hinn ákærði, þó að hann ætti að eins, eins og fyr er sagt, 1/6 af reka á fjörunni, allan þorskinn, nema hvað hann ljet aðra landeigendur, er fiskrekann áttu eptir skýrslu hans, fá 24 þorska. Af hinu ljet hann 20 þorska fyrir hjálp að hirða rekann, en hagnýtti sjer það sem eptir var.

Það er sannað með játningu hinnar ákærðu *Margrjetar Ögmundsdóttur*, að hún vissi að landhlaupsfiskur sá, sem maður hennar, hinn ákærði Árni Magnússon, ljet flytja heim til hennar, var ekki hans eign að öllu leyti, og notaði hún hann þó til heimilisþarfa.

Með eigin játningu hins ákærða *Jóns Einarssonar* á Miðbælisbökkum, vinnumanns hins ákærða Árna Magnússonar, er það og sannað, að hann hjálpaði húsbónda sínum til að flytja heim umgetinn landhlaupsfisk, og lagði launung á fiskfenginn, þótt hann vissi, að húsbóndi hans átti hann eigi allan. Svo tók hann og af Miðbælisfjöru 1887 ásamt meðákærða Árna Björnssyni spýtu, 4—5 álna, og flutti heim í því skyni, að þeir Árni og húsbóndi hans drægju hana undir sig, eins og þeir einnig gjörðu.

Um hinn ákærða *Jón Stefánsson* verður þar á móti eigi sjeð, að hann hafi gjört sig sekan í neinu refsingarverðu athæfi, þótt hann hjálpaði ákærða Árna Magnússyni til að týna saman landhlaupsfiskinn af fjörunni og flytja hann heim, og fengi nokkra þorska fyrir handa húsbónda sínum, og það er eigi sannað í málinu, að hann hafi lagt launung á þorskfundinn eða vitað um nokkra óráðvendni í meðferð hans. Það verður því að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans.

Með eigin játningu hins ákærða *Þorsteins Magnússonar* og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að veturinn 1889—90 tók hann með hinum ákærða Árna Björnssyni og Árna Magnússyni á Miðbælisfjöru trje um 12 álna langt og nokkru síðar spýtu um 4 álna, og drógu þeir við þennan undir sig á bak við aðra rekaeigendur, og skiptu trjenu á milli sín, en spýtuna fjekk húsbóndi Þorsteins, meðákærði Þorsteinn Jónsson, alla. Um 1885 tók Þorsteinn handa húsbónda sínum af sömu fjöru bak við aðra rekaeigendur planka um 5 álna langan. Hinn ákærði *Þorsteinn Jónsson* hefur kannazt við að hafa fengið spýtur þær, er ákærði Þorsteinn Magnússon samkvæmt framansögðu tók með ófrjálsu, og vissi hann hvernig þær voru fengnar, en hagnýtti sjer þær samt sem áður.

Með eigin játningu hins ákærða *Sveins Sveinssonar* og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að vorið 1890 tók hann til sín, án þess að gjöra öðrum rekaeigendum nokkur skil fyrir, slá af Mið-

bælisfjöru, 3—4 álna að lengd, er hann hagnýtti sjer. Hann hafði rjett til að hirða 7/30 hluta reka af Miðbælisfjöru.

Hinn ákærði *Kort Hjörleifsson* átti rjett til 1/5 af reka á Berjanesfjöru, en með eigin játningu hans og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að hann hefur, án þess til skipta kæmi með öðrum rekaeigendum, dregið undir sig einan af Berjanesfjöru fyrir nokkrum árum 4 álna spýtu og um sama leyti spýtu liðugar 3 álnir, enn fremur veturinn 1889—90 rekastaur um 4 álna, sem hann flutti heim með stjúpsyni sínum, hinum meðákærða Ingvari Pálssyni, og sama vetur 3 rekstaura, sem hann flutti heim með Ingvari; voru þeir 3—5 álnir á lengd og áleit ákærði þá vera rekna á þrætulandi milli Steina og Berjaness. Ásamt meðákærða Guðmundi Guðmundssyni dró ákærði undir sig um 1885 tvo rekastaura 3—4 álna, er voru annar á Berjanesfjöru, en hinn á fjörumörkum milli Berjaness og Yztabælis. Loks tók ákærði við og hagnýtti sjer spýtu um 3 álna, er stjúpsonur hans Ingvar tók af Berjanessfjöru veturinn 1889—90 og sömuleiðis helming af rekastaur um 4 álna, er Ingvar og meðákærði Eyjólfur Hafliðason komu sama vetur með af Steinafjöru, en ákærði Kort tjáist eigi hafa vitað, af hverri fjöru það trje var tekið.

Hinir ákærðu *Ingvar Pálsson* og *Eyjólfur Hafliðason* hafa kannazt við að hafa tekið síðastnefnt trje af Steinafjöru, þó að þeir vissu, að húsbændur þeirra ættu ekkert í reka þar, og gekk helmingur trjesins til ákærða Korts Hjörleifssonar, eins

og sagt hefur verið, en hinn helmingurinn til húsbónda Eyjólfs, er ætlaði að trjeð hefði verið tekið á Berjanesfjöru og fjekk leyfi fyrir sínum hluta í þeirri ímyndun. Svo hefur og Ingvar kannazt við að hafa tekið handa stjúpföður sínum eða hjálpað honum til að draga undir sig spýtur þær, er Ingvar hjer á undan hefur verið talinn bendlaður við töku á.

Það er með eigin játningu hins ákærða, *Guðmundar Guðmundssonar*, og öðrum skýrslum í málinu sannað, að fyrir 22 árum tók hann um vor eptir fráfærur lamb, er Vilborg nokkur Bjarnadóttir á Horni átti, og markaði sjer það, en um haustið, er lambið kom af heiði, kom upp grunur um, að lambið væri eigi eign ákærða, og var það þá tekið af honum af hreppstjóra og fengið eigandanum. Meðan á rannsókn þessa máls stóð, fannst hjá ákærða lamb, sem eigi var með marki hans. Kveðst ákærði hafa haft lambið með sjer úr rjettunum haustið 1890 og ætlað, að það væri sitt, en síðar sjeð, að svo var eigi og ætlað þó að halda því, ef enginn kallaði eptir því. Þessi sögusögn ákærða verður þó eigi tekin trúanleg eptir því sem að öðru leyti er fram komið í málinu, þar á meðal þegar litið er á það, að markið á lambinu er ekkert líkt marki ákærða, og að ákærði því ekki gat álitið, að markið á því lægi næst sínu marki, eins og hann hefur borið. Það verður því að álíta sannað, að ákærði hafi þegar í upphafi ætlað sjer að stela lambinu, er hann tók það í rjettunum. Hinn ákærði hafði sem leiguliði að eins

rjett til að taka til sín af Yztabælisfjöru 1/4 af smáreka eða sívölum rekaspýtum 3 álna og þar undir, en þó dró hann undir sig einan af þeirri fjöru veturinn 1889—90, án þess það skila reka-eigendum, sem hann virðist hafa átt að gæta rekans fyrir, stöng rúmlega 6 álna og 1888 eikarslá um 3 álna, enn fremur fyr nefndan vetur 6 álna spýtu, er drengur hjá honum kom með af sömu fjöru, en sem ákærði kveðst eigi hafa vitað, af hvaða fjöru var tekin. Fyrir liðugum 10 árum færði og dóttir ákærða honum planka 3 1/2 al. sjó-rekinn, er ákærði tók undir sig, án þess að grennslast frekara eptir, hvaðan spýtan var. Veturinn 1889—90 tók ákærði með ófrjálsu af Berjaness-fjöru, sem hann átti ekkert í, trje nær 6 álna, og um 1885 af Miðbælisfjöru, þar sem hann heldur ekki átti neinn rjett til reka, rekatrje 4 álna og annað 2 1/2 al. Sama ár tók hann með ákærða Kort Hjörleifssyni af fjöru 2 rekastaura, 3—4 álna, annan á Berjanesfjöru, þar sem Kort átti nokkurn rjett til reka, en hinn á fjörumörkum milli Berja-ness og Yztabælis. Um 1887 tók hann með á-kærða Finni Sigurfinnssyni af Miðbælisfjöru, þar sem hvorugur átti nokkurn rjett til reka, staur um 3 álna, sem Guðmundur eptirljet Finni. Um 1888 ljet ákærði taka af Miðbælisfjöru dauðan sel, sem hann hagnýtti sjer. Hinn ákærði *Sigurður Jónsson* hefur kannazt við að hafa sótt selinn fyr-ir Guðmund af fjörunni og að hafa selt af selnum húðina í Vestmannaeyjum, en kveðst hafa gjört hvorttveggja eptir skipun húsbónda síns, og hafi

hann eigi vitað, hvort selurinn var á Miðbælisfjöru eða Yztabælisfjöru. Þar sem því eigi er sannað, að ákærði hafi vitað, að neitt væri ólöglegt við töku selsins af fjörunni, þykir ekki eiga að refsa honum fyrir þessa hluttekning sína, og hið sama virðist eiga að vera niðurstaðan um rekaslá, er húsbóndi hans ljet hann sækja af Yztabælisfjöru um 1888, því að húsbóndi hans átti eða mátti, eptir því sem fyr er sagt, taka reka af Yztabælisfjöru í sínar vörzlur, þó að hann ætti að skila af honum því, er öðrum bar. Það verður því að sýkna ákærða fyrir ákæru sóknarans í máli þessu.

Hinum ákærða *Ólafi Eiríkssyni* er gefið að sök, að hann hafi látið hjá líða að segja það, er hann vissi málinu til skýringar, og sjerstaklega, að hann hafi eigi þótzt vita til, að neinar rekaspýtur hefðu komið heim að heimili hans, þótt hann kannaðist síðar við að hafa vitað það. Undirdómarinn hefur vottað að það geti verið, að ákærði hafi borið þannig af athugaleysi eða í ógáti, en auk þess virðast prófin yfir honum gefa fulla ástæðu til að ætla, að hann hafi mátt líta svo á, sem hann væri fyrir rjetti sem grunaður um hlutdeild í fjöruþjófnaðinum, fremur en sem vitni, og verður honum því eigi refsað fyrir framburð sinn, sem hann eigi var látinn eiðfesta, sbr. 148. gr. hegningarlaganna, 1. málslið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi hefur að gefnu tilefni eigi fundið ástæðu til að láta málssókn niður falla út af afbrotum þeim, sem hjer á undan

hafa talin verið, og sem annaðhvort hafa verið framin fyrir 10 árum eða sem óvíst er um, nær drýgð voru.

Öll hin ákærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og hefur ekkert þeirra verið dæmt eða sætt ákæru fyrir neitt lagabrot, að því undanteknu, að Kort Hjörleifsson var með stiptamtsúrskurði árið 1861 sektaður um 12 ríkisdali fyrir hórbrot.

Afbrot Pjeturs Nielssonar heyra undir 230., 249., 250. og 259. gr. sbr. 48. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og er refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 10 mánuði.

Afbrot Steinvarar Einarsdóttur heyra undir 240. gr., 250. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 48. gr. og 259. gr. sömu laga, sbr. 56. gr. og ákveðst hegning hennar samkvæmt 63. gr. 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot Jóns Einarssonar á Eyvindarhólum heyra undir 249. og 259. sbr. 48. gr. alm. hegningarlaga, og er hegning hans samkvæmt 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Jóhannesar Símonarsonar heyra undir 249. og 259. sbr. 48. gr. alm. hegningarlaga, og ákveðst refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Sigurðar Ólafssonar heyrir undir 249. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans 5 kr. sekt eða til vara 2 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Finns Sigurfinnssonar heyra undir 230., 249. og 259. gr. hegningarlaganna og ákveðst refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot Árna Björnssonar heyra undir 249. sbr. 48. gr. og 259. sbr. að nokkru leyti 56. gr. hegningarlaganna, og þykir hegning hans samkvæmt 63. gr. sömu laga hæfilega metin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Árna Magnússonar heyra undir 259. gr. og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 25 kr. sekt eða til vara 8 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Margrjetar Ögmundsdóttur heyrir undir 259. sbr. 56. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hennar 5 kr. sekt eða til vara 2 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Jóns Einarssonar á Miðbælisbökkum heyra undir 259. sbr. 56. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans 10 kr. sekt eða til vara 3 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Þorsteins Magnússonar heyra undir 259. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegningin fyrir þau 20 kr. sekt eða til vara 6 daga einfalt fangelsi.

Hegning Þorsteins Jónssonar ákveðst og samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna 20 kr. sekt eða til vara 6 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Sveins Sveinssonar heyrir undir 259. gr. hegningarlaganna, og ákveðst refsing hans 5 kr. sekt eða til vara 2 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Korts Hjörleifssonar heyra undir 259. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans samkvæmt 63. gr. sömu laga 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Ingvars Pálssonar heyra undir 249. og 259. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Eyjólfs Hafliðasonar heyrir undir 249. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og er hegning hans hæfilega metin 10 kr. sekt eða til vara 3 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Guðmundar Guðmundssonar heyra undir 231., 249. og 259. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og ákveðst refsing hans 10 mánaða betrunarhússvinna.

Hina ákærðu Jón Stefánsson, Ólaf Eiríksson og Sigurð Jónsson ber samkvæmt framansögðu að dæma sýkna fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, en rjett þykir þó, að þeir taki þátt í málskostnaðargreiðslu.

Iðgjalda hefur eigi verið krafizt af neinum, og verða þau því eigi dæmd í máli þessu.

Yfirdómurinn fellst á ákvæði undirdómsins um málskostnaðargreiðslu, og ber hinum ákærðu, eptir sama hlutfalli og þar er ákveðið um greiðslu annars málskostnaðar en málsfærslukaups, að greiða einnig kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 25 kr. til hvors þeirra.

Um rekstur málsins í hjeraði skal það tekið fram, að málið hefur staðið mjög lengi yfir, en undirdómarinn þykir hafa nokkurn veginn rjettlætt þann drátt, sjerstaklega þegar litið er til þess, hve umfangsmikið mál þetta hefur orðið. Að því er meðferð málsins að öðru leyti snertir, hafa verið lögð fram fyrir yfirdóminn kæruskjöl frá nokkrum af hinum ákærðu, þar sem þeir bera sig upp undan því, að undirdómarinn hafi beitt við þá ólöglegri hörku við rannsókn málsins, sjerstaklega með því að halda þeim í gæzluvarðhaldi um lög fram, en yfirdómurinn getur eigi sjeð af skjölum málsins, að kærur þessar hafi við nokkur rök að styðjast, og með því að eigi þykir rjett, að málið dragist lengur en orðið er fyrir kærur þessar, verður rjetturinn að vísa þeim frá sjer. Málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Pjetur Níelsson og Guðmundur Guðmundsson eiga að sæta betrunarhússvinnu í 10 mánuði; Steinvör Einarsdóttir sæti fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga, og Finnur Sigurfinnsson samskonar fangelsi í 2 × 5 daga; Árni Björnsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og Jón Einarsson á Eyvindarhólum, Jóhannes Símonarson, Kort Hjörleifsson og Ingvar Pálsson 8 daga samskonar fangelsi. Árni Magnússon greiði 25 kr. sekt til landssjóðs eða, sje sektin

eigi greidd í tæka tíð, sæti einföldu fangelsi í 8 daga. Þorsteinn Magnússon og Þorsteinn Jónsson greiði 20 kr. sekt í landssjóð eða sæti til vara 6 daga einföldu fangelsi. Jón Einarsson á Miðbælisbökkum og Eyjólfur Hafliðason greiði hver í landssjóð 10 kr. sekt eða sæti til vara 3 daga einföldu fangelsi. Sigurður Ólafsson, Margrjet Ögmundsdóttir og Sveinn Sveinsson greiði í landssjóð 5 kr. sekt eða sæti til vara 2 daga einföldu fangelsi. Hinir ákærðu Jón Stefánsson, Ólafur Eiríksson og Sigurður Jónsson eiga að vera sýknir af ákæru sækjanda í málinu, en taki þó þátt í málskostnargreiðslu sem síðar segir. Um málskostnað í hjeraði á undirrjettardómurinn að vera óraskaður, og ber öllum hinum ákærðu að greiða einnig eptir sama hlutfalli og á sama hátt og þar er ákveðið allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Hannesar Thorsteinson og Eggerts Briem, 25 kr. til hvors þeirra.

Idæmdar sektir ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúarmánaðar.

Nr. 42/1894, Sigurlaug Sveinsdóttir
gegn
sýslumanni Franz Siemsen f. h. dánarbús Jóns Einarssonar, svo og skuldheimtumönnum í búinu, Jóni Bjarnasyni, Magnúsi S. Blöndal, H. A. Linnet og Jörgen Hansen.

Dómur:

Á skiptafundi 16. ágúst 1893 í dánarbúi Jóns Einarssonar á Gamla-Hliði, er andaðist 8. júní 1892, var fram lögð af skiptaráðanda skrá yfir skuldir, er sagt hafði verið til í búinu, og var á meðal skulda þeirra, er á skránni voru taldar, krafa frá áfrýjanda, er tjáðist hafa verið vistráðið hjú hins framliðna Jóns Einarssonar, vistarárið 1892—93, um kaup og matarverð frá því er búinu var brugðið vorið 1892 og til loka vistarársins, samtals 99 kr. 53 a. Skuldaskráin var samþykkt á skiptafundinum nema að því er snerti nefnda kröfu áfrýjandans, »henni var algjörlega mótmælt af hinum mættu«, eins og stendur í skiptagjörðunum, en »hinir mættu« voru hinir stefndu skuldheimtumenn. Frekara sjest eigi af skiptagjörðunum að gjörzt hafi á skiptafundi þessum viðvíkjandi skuldakröfu áfrýjandans, enda var áfrýjandinn eigi sjálf á skiptafundinum eða nokkur af hennar hendi. Viku síðar, eða 23. ágúst 1893, fóru fram skiptalok í búinu og var þá kröfu áfrýjandans sleppt með öllu í úthlutunargjörðinni, þannig, að

ekkert skyldi upp í hana greitt úr búinu. Þessum málalokum hefur áfrýjandinn eigi viljað una, og hefur hún, að fenginni gjafsókn og ókeypis málsfærslumanni, og samkvæmt uppreistarleyfi útgefnu 10. sept. f. á. áfrýjað tjeðri skiptagjörð til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. sept. f. á., og hefur þess verið krafizt fyrir hennar hönd, *að* hin áfrýjuðu skipti verði úr gildi felld og skiptaráðandi skyldaður til að taka búið til nýrra og löglegri skipta, þannig, að krafa áfrýjanda, að upphæð 99 kr. 53 a., verði tekin til greina við skiptin og það sem forgangsskuld samkvæmt skiptal. 12. apríl 1878 83. gr. b. 5., og *að* hinir stefndu skuldheimtumenn verði in solidum, eða til vara hinn stefndi skiptaráðandi fyrir búsins hönd, skyldaðir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins að skaðlausu, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hennar. Af hálfu hinna stefndu hefur þess aptur á móti verið krafizt, að skiptagjörðin verði með öllu staðfest og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Eins og fyr er getið var kröfu áfrýjandans mótmælt af hinum stefndu skuldheimtumönnum á skiptafundinum 16. ágústmán. 1893, er prófa átti framkomnar skuldakröfur, en áfrýjandinn var eigi viðstödd á þeim fundi og enginn af hennar hendi, þótt hann væri löglega boðaður, og var því eigi kröfu hennar haldið sjerstaklega fram gegn hinum framkomnu mótmælum. Það verður þó eigi álitið, að áfrýjandinn hafi með þessu apturkallað eða

sleppt kröfu sinni, svo að það þegar af þeirri ástæðu hafi verið rjett af skiptarjettinum að sinna kröfunni eigi við úthlutunargjörðina. En þegar litið er til þess, sem upplýst verður að állítast hafa verið um skuldakröfuna fyrir skiptarjettinum af beggja hálfu, áfrýjandans, er hún lýsti kröfunni, og hinna stefndu, er mótmæltu henni, þá er þess fyrst að geta, að því hefur aldrei verið mótmælt, að áfrýjandinn hafi verið vistráðið hjú Jóns heitins Einarssonar vistarárið 1892—93, en mótmælin gegn kröfunni fyrir skiptarjettinum voru, eptir því sem málsaðilarnir fyrir yfirdóminum hafa verið sammála um, þrátt fyrir hina ófullkomnu bókun þar að lútandi í skiptagjörðunum, að eins fólgin í því, að áfrýjandinn hafi eigi gefið búinu neinn kost á að nota vinnukrapt hennar, heldur hafi hún unnið sjálfri sjer einni allt árið frá því búið hætti. En þessi mótmæli gátu alls ekki haft neina þýðingu til að ríra kröfurjett áfrýjanda á hendur búinu samkvæmt 13. gr. vinnuhjúatilskipunarinnar 26. jan. 1866, því að henni var sjálfvísað úr vistinni, þegar búið allt var selt snemma á vistarárinu, og hún varð auðvitað að sjá sjer borgið með einhverju móti, úr því að bússtjórnin útvegaði henni eigi þegar í stað aðra vist jafngóða samkvæmt ákvæðum nefndrar greinar í hjúatilskipuninni. Það var þess vegna eigi á rökum byggt, er skiptaráðandi samkvæmt nefndum mótmælum hinna stefndu skuldheimtumanna, ljet skuldakröfu áfrýjanda eigi koma til greina við úthlutun búsins. Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hina áfrýjuðu

skiptagjörð úr gildi og skylda skiptaráðandann til að taka búið af nýju til skipta, þannig, að umrædd skuldakrafa áfrýjanda sje þar tekin til greina sem forgangsskuld samkvæmt skiptalaganna 83. gr. b. 5. Hinum stefndu skuldheimtumönnum ber að greiða in solidum allan af áfrýjun máls þessa löglega leiðandi kostnað, svo sem það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, er ákveðast 15 krónur. Það vottast, að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð skal úr gildi felld og skiptaráðandi skyldur að setja búið í samt lag aptur og taka það til skipta af nýju, þannig, að skuldakrafa áfrýjanda 99 kr. 53 a. sje tekin til greina við skiptin sem forgangsskuld samkv. 83. gr. b. 5 í skiptalögunum. Hinir stefndu kaupmennirnir Jón Bjarnason, Magnús S. Blöndal, H. A. Linnet og Jörgen Hansen greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað máls þessa, svo sem það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem 15 krónur, og greiðist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við lagðri aðför að lögum.

Nr. 40/1894: Sophus Nielsen, Björn Pálsson o. fl.
gegn
Birni sýslumanni Bjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hinum stefnda, Birni Bjarnarsyni, sýslumanni í Dalasýslu, eptir skipun amtsins og með gjafsókn gegn áfrýjendunum Sophus Nielsen verzlunarstjóra, Birni Pálssyni kaupmanni, verzlunarmönnunum Guðjóni Jónssyni, Sigurði Guðmundssyni og Þorvaldi Benjamínssyni og Sturlu Jónssyni skipstjóra út af meiðyrðum um stefnda í skjali, undirskrifuðu af áfrýjendunum 21. nóv. 1893. Var dómur upp kveðinn í málinu í gestarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 6. apríl f. á. af Páli Einarssyni, sýslumanni Barðstrendinga, sem setudómara, með þeim úrslitum, að áfrýjendunum var gjört að greiða 40 króna sekt hverjum til landssjóðs eða sæta 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði ekki greidd í ákveðinn tíma, hin átöldu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjendurnir skyldaðir til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, eins og hún hefði ekki verið gjafsóknarmál. Þessum dómi, svo og úrskurði, sem upp var kveðinn undir rekstri málsins 20. marz f. á., á þá leið, að kröfu áfrýjendanna um frávísun málsins var hrundið, hafa þeir skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. sept. f. á., og gjört þær rjettarkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undirrjettin-

um og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendunum 200 kr. í málskostnað.

Hinn stefndi hefur ekki mætt og enginn af hans hendi og ber því samkvæmt N. L. 1. 4. 32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. að dæma málið eptir hinum framkomnu skjölum og skilríkjum.

Fyrir kröfum sínum hafa áfrýjendurnir fært þá eina ástæðu fyrir yfirdóminum, að setudómarinn hafi eigi verið bær um að fara með málið og dæma það, fyrir þá sök, að hinn reglulegi dómari, Lárus Bjarnason, settur bæjarfógeti á Ísafirði, hafi eigi vikið dómarasæti í því, en mótmælum áfrýjendanna í þessa átt fyrir undirrjettinum var hrundið með hinum áfrýjaða úrskurði.

Í fyrgreindu skjali frá 21. nóv. 1893 lýstu áfrýjendurnir því yfir, að stefndi hefði þann dag, er hann sem setudómari þingaði í meiðyrðamáli milli hins reglulega dómara, Lárusar Bjarnasonar, og 3 bænda í Ísafjarðarsýslu, verið svo drukkinn í rjettinum, að hann auðsjáanlega naumlega vissi hvað hann gjörði. Yfirlýsingu þessa, sem áfrýjendurnir, eptir óvefengdri sögusögn stefnda, gáfu út eptir beiðni Lárusar Bjarnasonar, sendi hann hlutaðeigandi amtmanni ásamt kæru yfir stefnda út af framkomu hans í áminnztu rjettarhaldi, og bauð þá amtmaðurinn stefnda að höfða þetta mál. En áður en stefnda barst sú skipun, hafði hann byrjað mál gegn áfrýjendunum út af ummælum þeirra í yfirlýsingunni, og í vitnasök, sem spannst út af því máli, vjek Lárus Bjarnason eptir kröfu stefnda úr dómarasæti, til þess, eins og tekið er

fram í úrskurðinum, sem er dags. 22. des. 1893, að taka af allan grun um vilhalla málsmeðferð af sinni hendi. Aðalmálið hóf dómarinn síðan 2. janúar f. á. eptir kröfu áfrýjendanna með því að stefnandinn í málinu (stefndi) mætti þá eigi nje ljet mæta.

Þó að það sje eigi tekið fram í skipunarbrjefi amtmannsins til setudómarans, að löggildingin sje því skilyrði bundin, að hinn reglulegi dómari víki sæti í málinu, verður þó að skilja hana með þeim fyrirvara, að hún komi því að eins til framkvæmdar, að tjeðu skilyrði sje fullnægt. Það er nú að vísu svo, að úrskurður hins reglulega dómara, 22. des. 1893, um að víkja dómarasæti í vitnamáli því, sem áður er getið, eigi snertir beinlínis aðalsökina, en úrskurður þessi er þó þannig rökkstuddur, að dómarinn fyrir samkvæmnis sakir, og án tillits til þess, hvort hann var svo viðriðinn málið, að honum hefði borið ex officio að víkja dómarasæti í því, auðsjáanlega af sömu ástæðu hlaut að afsala sjer dómsatkvæði einnig í aðalsökinni, og virðist því mega skoða úrskurðinn sem ótvíræðan vott um þá ályktun dómarans að víkja sæti í síðarnefndu máli. Og þegar þess nú enn fremur er gætt, að dómarinn með því að taka að sjer umboð áfrýjendanna, þegar áður en málið var tekið fyrir af setudómaranum, til að flytja það fyrir þeirra hönd og síðan færa vörn í því frá upphafi til enda, hefur gjört sig óhæfan til að fjalla um málið sem dómari, verður eigi betur sjeð, en að fyrgreindu skilyrði fyrir því, að setudómarinn væri

bær um að fara með og dæma málið, hafi verið fullnægt, og að mótmæli áfrýjendanna gegn honum sjeu þannig eigi á nægum rökum byggð. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og með því að áfrýjendurnir hafa eigi að öðru leyti fundið neitt að hinum áfrýjaða dómi ber að staðfesta hann í heild sinni, bæði að því er snertir ákvæði hans um sektir, ómerking hinna átöldu meiðyrða og málskostnað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Meðferð málsins fyrir undirrjetti, að því leyti sem það þar var flutt með gjafsókn, hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. — Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. marzmánaðar.

Nr. 49/1894: Skapti Jósepsson
gegn
Júlíus Havsteen.

Úrskurður:

Málflutningsmaður áfrýjandans hefur beðið um frest til 6. maí næstkomandi til þess að sanna, að sýslumaður Einar Thorlacius, sem fjallaði um málið í hjeraði áður en það var tekið undir dóm, hafi

frá fallið stefnu til yfirdómsins í því, en umboðsmaður stefnda hefur mótmælt frestveitingunni með skýrskotun til þess, að tjeðum sýslumanni sje eigi stefnt samkvæmt áfrýjunarstefnunni.

Með því að eigi er heimilt gegn mótmælum stefnda að veita hinn umbeðna frest

úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður eigi veittur.

Mánudaginn 18. marzmánaðar.

Nr. 36/1894: Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
Birni Bjarnarsyni, Þórði Ögmundssyni og Sigurði Þorsteinssyni.

Úrskurður:

Mál þetta var í hjeraði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Björns Bjarnarsonar, Þórðar Ögmundssonar og Sigurðar Þorsteinssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af hótunar- og ógnunarorðum hans um tjeða 3 bændur, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum 21. sept. 1893 á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða sekt til landssjóðs 100 kr. eða sæta einföldu fangelsi í 30 daga og sem málskostnað 420 kr. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu

hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og að hinir stefndu verði, hvernig sem fer, dæmdir til in solidum að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinir stefndu, sem að eins hafa lagt formhlið málsins undir dóm, hafa krafizt þess, að málinu verði frá vísað og áfrýjandi dæmdur til að greiða 20 kr. í kost og tæringu, en til vara, að þeim verði veittur 14 daga frestur í aðalefni málsins.

Frávísunarkröfu sína byggja hinir stefndu á því, að undirrjettardómurinn hafi verið kveðinn upp 21. sept. 1893, og þá þegar á eptir birtur áfrýjanda, en yfirrjettarstefna hafi eigi verið gefin út fyr en 27. ágústmán. f. á., og hafi áfrýjunarfrestur þá verið fyrir löngu út runninn. En þar sem það er in confesso, að einmitt þessu *sama* máli hafi áður verið áfrýjað til yfirdómsins, og að því þá var vísað frá rjettinum hinn 20. ágústmán. f. á. fyrir þá skuld, að hinum rjetta sakaraðila var eigi stefnt, er þessi síðari áfrýjun málsins að þessu leyti lögleg, sbr. reskr. 19. desbr. 1749, og gjörir það í þessu efni engan greinarmun, hvort hinum stefndu hafi verið kunnugt um fyrra málskotið eður eigi. Frávísunarkrafa hinna stefndu verður fyrir því ekki tekin til greina, en þeim veitist eptir beiðni þeirra 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Hinum stefndu veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Nr. 35/1894: Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
Birni Bjarnarsyni.

Úrskurður:

Mál þetta var í hjeraði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Björns Bjarnarsonar á Krossi gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum hinn 20. sept. 1893 á þá leið, að hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk og að Sigfús Sveinbjarnarson var dæmdur til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, en til vara í 12 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða 50 kr. í málskostnað. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. f. á. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m. og gjört þær rjettarkröfur, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að hinn stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi Björn Bjarnarson, sem að eins hefur lagt formhlið máls-

ins undir dóm, hefur krafizt þess, að málinu verði frá vísað og áfrýjandi dæmdur til að greiða 20 kr. málskostnað, en til vara, að honum verði veittur 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi á því, að þar sem undirrjettardómurinn hafi verið upp kveðinn 20. sept. 1893 og þá þegar á eptir hafi verið birtur áfrýjanda, en yfirrjettarstefna hafi eigi verið gefin út fyr en 27. ágústmán. f. á., þá hafi áfrýjunarfresturinn verið fyrir löngu út runninn. En þar sem það er in confesso að einmitt þessu *sama* máli hefur áður verið áfrýjað til yfirdómsins, en þaðan var því þá frá vísað hinn 20. ágústmán. f. á. fyrir þá skuld, að hinum rjetta sakaraðila var eigi stefnt, er þessi síðari áfrýjun málsins að þessu leyti lögleg, sbr. reskr. 19. desbr. 1749, og gjörir það engan greinarmun, hvort hinum stefnda hefur verið kunnugt um hið fyrra málsskotið eður eigi. Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina, en honum veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Nr. 37/1894: Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
Konráði Hjálmarssyni.

Úrskurður:

Mál þetta var í hjeraði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Konráðs Hjálmarssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum 19. sept. 1893 á þá leið, að Sigfús var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi, enn fremur til að borga 50 kr. í málskostnað, og hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og að stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins, og loksins að nokkur tilgreind orð í gestarjettar-sóknarskjölum hins stefnda verði dæmd ómerk. Hinn stefndi Konráð Hjálmarsson, sem að eins hefur lagt formhlið málsins undir dóm, hefur krafizt þess, að málinu verði frá vísað og áfrýjandi dæmdur til að greiða 20

kr. í kost og tæringu, en til vara, að honum verði veittur 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi á því, að undirrjettardómurinn sje upp kveðinn 19. sept. 1893 og hafi þá þegar á eptir verið birtur áfrýjanda, en yfirrjettarstefna hafi eigi verið gefin út fyr en 27. ágústmán. f. á., og hafi áfrýjunarfresturinn þá verið fyrir löngu liðinn. En þar sem það er in confesso, að einmitt þessu *sama* máli hefur áður verið áfrýjað til yfirdómsins og að því þá var vísað frá rjettinum 20. ágústmán. f. á. fyrir þá skuld, að hinum rjetta sakaraðila var eigi stefnt, er þessi síðari áfrýjun málsins að þessu leyti lögleg, sbr. reskr. 19. desbr. 1749, og gjörir það í þessu efni engan greinarmun, hvort hinum stefnda hefur verið kunnugt um fyrra málsskotið eður eigi. Frávísunarkrafa hins stefnda verður því ekki tekin til greina, en honum veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Mánudaginn 25. marzmánaðar.

Nr. 49/1894: Skapti Jósepsson
gegn
Júlíusi Havsteen.

Dómur:

Hinn skipaði umboðsmaður hins stefnda, sem hefur haft gjafvörn í málinu, hefur krafizt þess, að stefnunni verði vísað frá rjettinum fyrir þá skuld, að hinum reglulega dómara, sem hafði málið til meðferðar frá því að það var byrjað og unz það var tekið endilega undir dóm, hafi eigi verið stefnt með áfrýjunarstefnunni til yfirdómsins, en að eins hinum setta dómara, sem kvað upp dóminn í málinu. Þá hefur hann og krafizt þess, að honum eða umbjóðanda hans, hinum stefnda, verði til dæmdar 50 kr. í kost og tæring eða einhver hæfileg upphæð eptir mati rjettarins. Til vara hefur hann óskað að fá vikufrest til andsvara í aðalefni málsins. Umboðsmaður áfrýjanda hefur mótmælt þessari frávísunarkröfu, en jafnframt krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður, ef hún skyldi verða tekin til greina. Hann hefur getið þess, að dómari sá, er hafði málið til meðferðar þangað til búið var að taka það undir dóm, hafi fallið frá stefnu og birtingu hennar, en það verður ekki tekið neitt tillit til þessarar staðhæfingar hans, með því að hún er ósönnuð og styðst eigi við neitt það, sem fram er komið í málsskjölunum.

Þar sem í N. L. 1—2—3 er ákveðið, að við áfrýjun sakar skuli stefna »dómaranum« (undirdómaranum), er þetta orð svo víðtækt, að það nær ekki eingöngu til þess dómara, sem kveðið hefur upp dóminn í sök þeirri, sem áfrýjað er, heldur til allra þeirra dómara, sem hafa haft hana til meðferðar, sbr. einnig tilsk. 15. ágúst 1832, 18. gr., og með því að dómara þeim, sem hafði mál þetta til meðferðar til þess er það var tekið undir dóm, eigi hefur verið stefnt við áfrýjun þessa, ber því ex officio að vísa stefnunni í máli þessu frá rjettinum og dæma jafnframt áfrýjanda til að greiða hinum skipaða málflutningsmanni stefnda samkvæmt kröfu hans hæfilega upphæð í kost og tæring, er ákveðst 12 kr. Það vottast, að vörn málsins af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Stefnunni í máli þessu frá vísast. Áfrýjandi Skapti Jósepsson greiði hinum skipaða málflutningsmanni hins stefnda, cand. juris Hannesi Thorsteinson, 12 — tólf — krónur í kost og tæring innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. aprílmánaðar.

Nr. 38/1894: Ásmundur Sveinsson
fyrir hönd D. E. G. Brasch
gegn
Sigurði Briem fyrir hönd
Salomon Davidsen.

Dómur:

Í máli þessu áfrýjar kandídat Ásmundur Sveinsson fyrir hönd kaupmanns D. E. G. Brasch í Hamborg að fenginni uppreisn og með stefnu, dags. 10. sept. f. á., fjárnámsgjörð og eptirfarandi nauðungaruppboði, er framkvæmt var af fógeta og uppboðsráðanda í Árnessýslu hinn 27. marz og 22. apríl 1893 í eigum kaupmanns Guðmundar Ísleifssonar á Eyrarbakka eptir beiðni stefnda, kand. polit. Sigurðar Briem og til fullnægingar skuld Guðmundar til umbjóðanda hans, stórkaupmanns Salomon Davidsen í Kaupmannahöfn, að upphæð alls með vöxtum og málskostnaði 7293 kr. 73 a. Krefst áfrýjandinn þess hjer fyrir rjettinum, að nefnd fjárnámsgjörð og uppboðsgjörð verði dæmdar ómerkar og að stefndi Sigurður Briem verði skyldaður til að skila aptur í þrotabú Guðmundar Ísleifssonar hinum fjárnumdu og seldu eigum eða fullu andvirði þeirra eptir dómkvaddra manna mati skaðlaust fyrir búið, svo og til að greiða allan málskostnað skaðlaust. Hinn stefndi, Sigurður Briem, hefur aptur krafizt þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara, að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð og uppboð verði staðfest og hann

algjörlega sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda, og hvernig sem fer hefur hann krafizt málskostnaðar með nægilegri upphæð.

Eins og áður er tekið fram, var hið áfrýjaða fjárnám og uppboð gjört í eigum Guðmundar kaupmanns Ísleifssonar, sem litlu síðar framseldi bú sitt í hendur skiptarjettar sem þrotabú, en hvorki Guðmundi Ísleifssyni eða þrotabúi hans, sem enn er ólokið, hefur þó verið stefnt fyrir yfirdóminn í máli þessu, og hefði það þó þurft að gjöra, þar sem farið er fram á ómerkingu tjeðra gjörða. Það verður því, án þess rannsaka þurfi aðra agnúa, er stefndi hefur talið á málshöfðun þessari frá formsins hlið, að frávísa málinu ex officio frá yfirdóminum, og verður áfrýjandinn að greiða stefnda í kost og tæring 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Ásmundur Sveinsson fyrir hönd D. E. G. Brasch greiði stefnda Sigurði Briem fyrir hönd Salomon Davidsen í kost og tæring 15 krónur innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maímánaðar.

Nr. 55/1894: Páll Hafliðason
gegn
Einari Magnússyni.

Dómur:

Nokkru fyrir jól 1893 ljet áfrýjandinn, eigandi jarðarinnar Skrauthóla á Kjalarnesi, birta stefnda, er hafði verið leiguliði á jörð þessari síðan 1888, skjal, er byggði honum út af jörðinni í næstu fardögum (1894), og þegar stefndi vildi eigi sinna þessari útbyggingu að neinu, beiddist hann útburðar á stefnda af jörðinni í fardögum 1894 hjá hlutaðeigandi fógeta, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, en hann neitaði að framkvæma útburðinn með úrskurði 13. júní f. á., er nú er áfrýjað með stefnu, dags. 18. desbr. f. á. Áður hefur sama úrskurði verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. sept. 1894, en var þá vísað frá rjettinum með dómi upp kveðnum 17. desbr. s. á.

Áfrýjandinn orðaði í fyrsta sóknarskjali sínu fyrir yfirdóminum megin-rjettarkröfu sína svo, að hann krafðist að stefndi yrði dæmdur til að víkja burt af Skrauthólum í næstkomandi fardögum (1895), en í næsta sóknarskjali sínu lagfærði hann kröfu sína þannig, að hann krafðist að fógetaúrskurðurinn yrði felldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma útburðinn. Stefndi mótmælti því, að krafa áfrýjanda, eins og hún fyrst var orðuð, gæti komizt að í málinu, og áleit,

að hin síðari lagfæring hans á henni væri of seint fram komin, og krafðist hann því frávísunar málsins frá yfirdómi.

Að vísu er það einnig svo, að hin fyrri krafa áfrýjanda getur eigi orðið lögð til grundvallar fyrir dómi í yfirrjettinum, eins og hún er orðuð, þar sem um svo lagaða kröfu hefur ekki verið dæmt í undirdómi, en á hinn bóginn ber þess að gæta, að í áfrýjunarstefnunni er tekið fram, að krafizt verði ógildingar á hinum áfrýjaða úrskurði, og að öll málsfærsla áfrýjanda frá upphafi virðist lúta að því sama, og þar sem einnig má líta svo á, að krafan um ógilding úrskurðarins sje fólgin í optnefndri kröfu um að stefndi víki af jörðinni, þá þykir eigi þurfa að frávísa málinu fyrir nefnda sök nú, eptir að áfrýjandi hefur lagfært kröfu sína svo sem að ofan greinir.

Að öðru leyti hefur áfrýjandi krafizt þess, að stefndi fyrir tjón það, er hann hafi bakað sjer með þrásetu sinni og öðrum aðförum, verði dæmdur til að greiða sjer allt að 300 króna skaðabætur eptir mati dómsins eða óvilhallra manna, og að hann verði dæmdur til að greiða sjer allan af áfrýjun málsins og fógetagjörðinni leiðandi kostnað skaðlaust eptir reikningi. Hinn stefndi hefur aptur að því efni málsins snertir, krafizt þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og hann sýknaður af öllum kröfum mótpartsins, og mótparturinn dæmdur til að greiða sjer 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Að því er aðalefni málsins snertir, þá var stefnda, eins og fyr er getið, byggð jörðin Skrauthólar árið 1888, og með því að ekkert bygningarbrjef var út gefið, en stefndi hefur haldið því fram, að sjer hafi verið byggð jörðin með lífsábúðarrjetti, án þess að því hafi verið beinlínis neitað af áfrýjanda, verður að álíta, að stefndi hafi öðlazt slíkan rjett með byggingunni; en áfrýjundi telur, að stefndi hafi brotið af sjer ábúðarrjettinn, og voru ástæður þær, er áfrýjandi færði fyrir útbyggingunni af jörðinni og síðan fyrir kröfunni um útburð af henni þessar helztar: *að* stefndi hafi eigi greitt landsskuld af jörðinni síðan í fardögum 1890, sem viðurkennt er í málinu að hafi verið áskilin 60 krónur á ári, *að* hann hafi ljeð mönnum slægjur í landi jarðarinnar fram yfir það, sem hann hafi haft leyfi til, og án þess það væri í skiptum fyrir hlunnindi eða landsnytjar, er jörðin þarfnaðist, og *að* hann á sama hátt hafi leyft mönnum torfristu í landi jarðarinnar. Hvað landsskuldargreiðsluna áhrærir, þá hefur stefndi eigi getað sannað, að hann hafi staðið í skilum með landsskuld jarðarinnar hin umræddu ár 1891, 1892 og 1893, en hann hefur lagt fram skjal með nafni áfrýjanda undir og dagsett 2. júlí 1892, þar sem áfrýjandi gefur samþykki sitt til, að stefndi taki undir sjálfum sjer allar landsskuldir af Skrauthólum upp í landamerkjamálskostnað og til skuldajöfnunar á móti því, er áfrýjandi kynni að fá hjá honum til þarfa sinna eptirleiðis, og í sambandi við þetta skjal hefur stefndi vísað til reiknings, er fram er

kominn í málinu og hann sendi áfrýjanda í nóv. 1893, en eptir honum hefur gengið til landamerkjamálskostnaðar og í aðrar greiðslur í þarfir áfrýjanda nokkuð meira en nemur landsskuldunum fyrir öll 3 framantalin ár. En þar sem áfrýjandi neitaði því gjörsamlega fyrir fógetarjettinum, að hann hefði undirskrifað eða átt neinn þátt í útgáfu skjalsins 2. júlí 1892, og mótmælti einnig hinum framkomna reikningi sem í flestum atriðum sjer óviðkomandi eða röngum, og stefndi eigi gat fært neinar sannanir sínu máli til stuðnings gegn mótmælum þessum, þá verður eigi álitið, að stefndi hafi með nefndum skjölum fært þær sönnur eða líkur fyrir því, að hann hafi staðið í skilum með jarðarafgjöld sín, að fógeti hafi eins og á stóð getað álitið útbygginguna af hendi áfrýjanda ólöglega og neitað að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð. Þar sem það nú enn fremur er sannað í málinu, að stefndi árin 1891 og 1892 ljeði 2 mönnum slægjur í landi jarðarinnar án leyfis áfrýjanda, en slík notkun á ábúðarjörð hans verður, eptir því sem upplýst er, að álítast hafa verið með öllu óheimil, sbr. 13. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. jan. 1884, þá verður að álíta, að áfrýjandi hafi fært fyrir fógetarjettinum nægileg rök fyrir því, að stefndi hafi vanhaldið byggingarskilmála sína, og því getað krafizt þess, að að hann yrði borinn út af jörðinni. Það verður því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi. Eptir atvikum þykir eigi ástæða til að dæma áfrýjanda neinar sjerstakar skaðabætur hjá stefnda fyr-

ir þrásetu hans á jörðinni eða aðfarir hans að öðru leyti. Málskostnaður virðist og eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal úr gildi felldur. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. maímánaðar.

Nr. 11/1895: Rjettvísin gegn Sigfúsi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði gegn ákærða Sigfúsi Jónssyni fyrir hlutteknigu í þjófnaði; var það dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 27. ágústmán. f. á. með þeim úrslitum, að ákærði skyldi sæta 2 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða 1/3 málskostnaðar, þar á meðal 1/3 af 4 króna þóknun til hins skipaða verjanda.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Málsatvik eru þessi: Snemma árs 1894 stal Eiríkur nokkur Kristjánsson, er átti heima í Þistilfirði, buxum austur á Vopnafirði, er hann var á ferð þar. Geymdi hann buxurnar þangað til í aprílmánuði s. á., en þá fjekk hann ákærða, Sigfús Jónsson, sem átti ferð fyrir höndum austur í Vopnafjörð, til þess að taka buxurnar með sjer

og koma þeim á einhvern þann stað, að þær fyndust af eiganda eða hans fólki, eða kæmust í hendur eiganda. Ákærði tók við buxunum, er hann vissi að voru Eiríki ófrjálsar, og er hann var kominn austur á Vopnafjörð, lagði hann þær um kveldtíma á sporbraut skammt frá vörugeymsluhúsi í kaupstaðnum, þar er honum þótti líklegt að heimilisfólk eigandans mundi finna þær, enda komust buxurnar til skila.

Þessi verknaður ákærða á ekki undir 230. sbr. 56. gr. almennra hegningarlaga, eins og hjeraðsdómarinn hefur álitið, og með því hann heldur ekki er saknæmur eptir neinum öðrum greinum hegningarlaganna, ber að sýkna ákærða af ákæru sóknarans í þessu máli og málskostnaður á að greiðast af almanna fje, þar með talinn 1/3 varnarlauna í hjeraði og málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Sigfús Jónsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli og málskostnaður, þar með talin þóknun til verjanda í hjeraði 1/3 af 4 kr. og málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, Eggerts málaflutningsmanns Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 20. maímánaðar.

Nr. 10/1895: Hið opinbera
gegn
Andrjesi Fjeldsted.

Dómur:

Með dómi, upp kveðnum í lögreglurjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. jan. þ. á., var hinn kærði Andrjes Fjeldsted, bóndi á Hvítárvöllum, dæmdur fyrir brot á laxfriðunarlögum 19. febr. 1886 til að greiða sekt 10 krónur til sveitarsjóðs í Andakílshreppi, svo og til að greiða allan málskostnað. Auk þess var hann fyrir ósæmilegan rithátt dæmdur til að greiða 10 kr. sekt til sama sveitarsjóðs og 10 kr. til landssjóðs. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Hinn kærði er í þessu máli sakaður fyrir það, að hann hafi látið nokkur laxanet liggja í Hvítá fyrir landi ábúðarjarðar sinnar Hvítárvalla sunnudagsmorguninn 26. júnímán. 1892, og þannig brotið gegn 1. gr. í áðurnefndum lögum 19. febr. 1886, en hann hefur skorinort neitað því, að svo hafi verið; að eins hefur hann kannazt við það, að eitt net hafi þá legið í ánni, er eigi hafi náðst upp vegna þess, að það hafi verið sandorpið. Það verður þó að álíta það nægilega sannað með hinum ýtarlegu eiðfestu vitnaskýrslum í málinu, sem tilgreindar eru í lögreglurjettardóminum og eigi verður hrundið, þótt kærði hafi mótmælt þeim bæði í hjeraði og fyrir yfirdóminum, að 3 laxanet, auk hins sandorpna netsins, hafi legið í Hvítá fyrir

Hvítárvallalandi sunnudagsmorguninn 26. júní 1892. Sjerstaklega skal það tekið fram, að eigi verður álitið, að það hafi verið duflstrengir eða bólstrengir einir, sem vitnin sáu, eins og kærði hefur staðhæft, heldur laxanet áföst við strengina. Þótt hinn kærði hafi ekki sjálfur stundað laxveiðina í Hvítá fyrir landi ábúðarjarðar sinnar þetta ár, en látið aðra stunda hana fyrir sig, verður hann að bera ábyrgð á því, hvernig hún var rekin. Það verður því að sekta hinn kærða fyrir hið átalda brot, og dæma hann til að greiða málskostnað í hjeraði. Þar eð sektarupphæðin í lögreglurjettardóminum þykir hæfileg, ber að staðfesta hann að þessu leyti. Einnig ber að staðfesta ákvæði lögreglurjettardómsins um sekt fyrir ósæmilegan rithátt, þó svo, að sektin ákveðst 5 kr. til landssjóðs og 5 kr. til sveitarsjóðs. Hinn kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur máls þessa hefur verið mjög seinfara í hjeraði, þar sem próf byrjuðu í því 15. júlí 1892, en var ekki lokið fyr en 29. nóv. f. á., en á því tímabili voru haldin 20 rjettarpróf. Hjeraðsdómarinn hefur gjört mjög ýtarlega grein fyrir því, hvernig standi á þessum drætti, og þótt atvik þau, sem hann hefur tilgreint, eigi verði talin nægileg afsökun fyrir honum, þykir eigi þurfa að láta hann sæta sektum hans vegna, með því að málið að öðru leyti er vöndunarlega og alúðlega rekið af hans hálfu.

Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sekt kærða fyrir ósæmilegan rithátt sje 5 kr. til sveitarsjóðs og 5 kr. til landssjóðs. Svo ber hinum kærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Sektirnar greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 1/1895: Björn Jónsson
gegn
Hannesi Þorsteinssyni
(Út af meiðyrðum í Þjóðólfi).

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, upp kveðnum 3. janúar þ. á., var hinn stefndi, ritsjóri blaðsins »Þjóðólfur«, dæmdur fyrir meiðyrði um áfrýjandann, ritstjóra blaðsins »Ísafold«, í grein í Þjóðólfi 34. blaði 46. árgangs, er út kom 20. júlí f. á., með yfirskriptinni »Naglaleg sjálfhælni«, í 50 kr. sekt í landssjóð eða 15 daga einfalt fangelsi, ef

sektin eigi yrði greidd í tækan tíma. Hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur. Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. jan. þ. á., og hefur hann krafizt þess, að dómurinn verði hertur þannig, að refsing stefnda verði að minnsta kosti 100 kr. sekt eða 30 daga einfalt fangelsi, og að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum hjá stefnda skaðlaust eptir reikningi. Stefndi, sem hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 21. febr. þ. á., hefur aptur krafizt algjörðrar sýknunar af kröfum og kærum áfrýjanda og að sjer verði dæmdur málskostnaður skaðlaust fyrir báðum dómum hjá áfrýjandanum.

Hin umstefnda grein í Þjóðólfi var rituð út af því, að áfrýjandinn, sem hafði verið forseti Reykjavíkurdeildar Bókmenntafjelagsins næst undan farin 10 ár, var eigi endurkosinn forseti á fundi deildarinnar í fyrra sumar, og er það í greininni sagt álit sumra manna, og auðskiljanlega þar með einkum ritstjórans sjálfs (stefnda), um forstöðu deildarinnar af hendi áfrýjanda meðan hann var forseti hennar, *að* aldrei hafi ljelegri persóna veitt fjelaginu forstöðu en áfrýjandi, *að* hann hafi gjörsamlega sett fjelagið á höfuðið, *að* því hafi hnignað svo undir stjórn hans, að það eigi trauðla viðreisnarvon og *að* hann hafi viljað hanga sem lengst í tigninni, til þess að geta samið sem lengst við sjálfan sig einan um prentun á bókum fjelagsins. Þá er enn fremur á öðrum stað í greininni

sagt um áfrýjandann, að hann hafi reynt að breiða sjálfhælnisdulu yfir sannleikann. Af ummælum þessum er það ærumeiðing, að aldrei hafi ljelegri persóna veitt Bókmenntafjelaginu forstöðu en áfrýjandi, og sama er að segja um þau orð, að áfrýjandi hafi viljað hanga sem lengst í tigninni til þess o. s. frv., því að þar með er gefið í skyn, eins og stefndi einnig kannast við í málsfærslu sinni, að áfrýjandi hafi viljað nota forsetastöðu sína í fjelaginu til þess að útvega sjer sem prentsmiðjueiganda meiri borgun fyrir prentun á bókum fjelagsins en fengizt hefði, ef annar hefði gætt hagsmuna fjelagsins. Aptur á móti er það ekki ærumeiðandi, þótt sagt sje, að áfrýjandi hafi sett fjelagið gjörsamlega á höfuðið, eða að því hafi hnignað svo undir stjórn hans, að það eigi trauðla viðreisnarvon, því með þessu er eigi sagt annað, en að stjórn áfrýjanda á fjelaginu hafi eigi verið því holl eða happasæl, einkum í fjárhagslegu tilliti. Þá er það loks meiðandi, að áfrýjandi hafi reynt að breiða sjálfshælnisdulu yfir sannleikann. Stefndi hefur eigi getað rjettlætt það að hafa haft framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann, og ber því að dæma þau dauð og ómerk og sekta stefnda fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, eins og undirdómarinn hefur gjört, og getur það eigi komið til greina til lækkunar sekt stefnda samkvæmt 221. gr. almennra hegningarlaga, eins og stefndi hefur krafizt, að áfrýjandi í grein í blaði sínu »Ísafold« 14. júlí f. á., er stefndi tjáir að hafi

gefið að nokkru tilefni til hinnar umstefndu Þjóðólfsgreinar, hefur kallað blað stefnda »ræfilsgrey« og »garm«. — Hegning stefnda þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist, en málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Hannes ritstjóri Þorsteinsson greiði 50 króna sekt í landssjóð eða sæti 15 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd í tæka tíð. Framan talin meiðandi ummæli um áfrýjandann Björn ritstjóra Jónsson eiga að vera dauð og ómerk. Í málskostnað fyrir undirdómi greiði stefndi áfrýjanda 20 krónur, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 2/1895: Björn Jónsson
gegn
Hannesi Þorsteinssyni
(Út af meiðyrðum í Ísafold).

Dómur:

Ritstjóri »Þjóðólfs« Hannes Þorsteinsson höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur

gegn ritstjóra »Ísafoldar« Birni Jónssyni út af nafnlausri grein í 32. tölubl. Ísafoldar XXI. árg., sem út kom 2. júní 1894 með yfirskriptinni »Fólska eða flónska«, og krafðist þess, að ýms ummæli í greininni svo og fyrirsögn hennar væru dæmd dauð og ómerk, Björn Jónsson dæmdur í fangelsi eða sektaður fyrir þau, og að auki til að greiða allan málskostnað. Með dómi bæjarþingsrjettarins, upp kveðnum 29. nóv. f. á., voru þessi orð greinarinnar dæmd ómerk: »Fólska eða flónska« í fyrirsögn og meginmáli greinarinnar; »lepur hann eptir einhverjum ósannorðum heimskingjum«, »en álpast þó til ..... að bera út fyrir þá hviksögur«, og var ritstjóri »Ísafoldar« Björn Jónsson dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í 6 daga einfalt fangelsi fyrir þau, og enn fremur til að greiða 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Björn Jónsson áfrýjað til yfirrjettarins með stefnu, útgefinni 26. jan. þ. á., og krafizt þess, að hann verði dæmdur algjörlega sýkn í málinu og honum tildæmdur málskostnaður skaðlaust fyrir báðum rjettum, eða til vara, að sektin verði lækkuð sem mest má verða og að honum verði til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Á hinn bóginn hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 21. febr. þ. á., og krafizt þess, að sektin verði hækkuð upp í 130—150 kr. og málskostnaður við bæjarþingsrjett upp í 30 kr., og að honum verði til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust.

Með því að gagnáfrýjandinn eigi hefur farið fram á það fyrir yfirdóminum, að aðaláfrýandi verði dæmdur fyrir önnur ummæli greinarinnar en þau, sem undirdómarinn hefur álitið saknæm og tilfærð eru hjer að framan, koma hin önnur ummæli greinarinnar nú eigi undir dóm. Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um það, að hin tilgreindu ummæli lýsi verulegri óvirðingu fyrir gagnáfrýjanda og sjeu móðgandi fyrir hann á þann hátt, að þau sjeu saknæm eptir 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og eru þessi ummæli eigi rjettlætt með tilvitnun áfrýjandans í grein í blaði stefnda, »Þjóðólfi«, er út kom daginn áður, er hann telur að hafi gefið tilefni til ummælanna. Það er því rjett, að undirdómarinn hefur látið aðaláfrýjanda sæta sekt fyrir hin átöldu meiðyrði, og með því að upphæð sektarinnar þykir hæfileg, og eigi er tilefni til að breyta ákvæði bæjarþingsdómsins um ómerkingu meiðyrða og málskostnað, verður að staðfesta hann. Eptir þessum úrslitum málsins verður aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Aðaláfrýjandi Björn Jónsson á að greiða gagnáfrýjanda Hannesi Þorsteinssyni 20 kr., sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. maímánaðar.

Nr. 45/1894: Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af ritstjóra Birni Jónssyni gegn sýslumanni og ritstjóra Skúla Thoroddsen út af meiðyrðum í 16. tölubl. Þjóðviljans unga 1893. Var málið dæmt í hjeraði 13. júní f. á. með þeim úrslitum, að Skúli Thoroddsen var dæmdur í 25 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í einfalt fangelsi í 7 daga, hin átöldu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk og Skúli Thoroddsen skyldaður til að greiða málskostnað 10 krónur.

Þessum dómi hefur Skúli Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 1. nóv. f. á., og jafnframt hefur hann áfrýjað tveim úrskurðum, sem kveðnir voru upp í málinu 27. marz og 26. apríl 1894; með fyrri úrskurðinum hefur hjeraðsdómarinn neitað að víkja úr dómarasæti í málinu, er Skúli hafði farið fram á, og með hinum síðari úrskurði neitaði dómarinn honum um lengdan frest í málinu.

Að því nú fyrst kemur til hins fyrra úrskurðar, þá hafði Skúli Thoroddsen, eins og umgetið, krafizt, að dómarinn viki úr dómarasæti sínu í málinu, og ástæður hans voru þær:

1. Að hin átalda grein í blaðinu »Þjóðviljinn ungi« væri svar upp á árásir, sem hann hefði orðið fyrir í blaðinu »Ísafold«, og þar sem

honum væru borin ýms ósannindi viðvíkjandi framkomu hans gagnvart dómaranum;

2. að dómarinn bæri til hans óvildarhug;
3. að dómarinn hafi fyrir rjetti kallað blaðið »Þjóðviljinn ungi« götublað og hann sjálfan götublaðsstjóra;
4. að hann hafi þurft að leiða dómarann sjálfan sem vitni í þessu máli.

Að því hina fyrstnefndu ástæðu snertir, þá er hún með öllu þýðingarlaus í þessu máli; því þótt í »Ísafold« hefði verið ritað eitthvað um framkomu áfrýjanda við dómarann, þá gat *það* ekki gjört hann óhæfan til að dæma í málinu.

Hin önnur ástæðan fyrir kröfunni um, að hjeraðsdómarinn víki sæti, — en undir hana fellur og í raun og veru þriðja ástæðan — er sú, að hann beri óvildarhug til áfrýjanda, og vitnar áfrýjandinn í því efni til framkomu dómarans í öðru máli, þar er þeir voru málsviðeigendur. Hefur hann þessu til sönnunar lagt fram útdrátt úr rjettargjörðum tjeðs máls, en samkvæmt honum hefur hjeraðsdómarinn fyrir rjetti í nóvembermánuði 1893, þar er hann mætti sem vitnastefndur skömmu áður en fyrirliggjandi mál var byrjað, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málflytjanda, *að* hann áliti hann ekki svo heiðarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti; *að* heiðvirðum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann; *að* hann hafi hlaðið helberum ósannindum ofan á helber ósannindi; *að* hann hafi verið svo óskammfeilinn gagnvart

rjettinum, að o. s. frv.; enn fremur hefur hann borið áfrýjanda á brýn »götudrengjatilgátur« og kallað blað hans »götublað«, nefnt hann sjálfan »laungáfaðan«, »einfaldan tyro juris«, »marghrjáðan krossberá« »blessaðan sannleikspostula«, »saklausa lambið«, líkt honum við »iðrandi syndara« og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og hefur allt þetta komið fram opinberlega fyrir rjetti. Þó að orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans móti áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli, vott um, að hann hafi borið svo ríkan óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu gegn áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð 27. marz 1894 og dæma ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 27. marz 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Nr. 46/1894: Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni gegn ritstjóra blaðsins »Þjóðviljinn ungi« sýslumanni Skúla Thoroddsen út af ummælum í 24. tölubl. 1893 síðastnefnds blaðs, er Björn Jónsson taldi meiðandi fyrir sig. Var dómur kveðinn upp í því máli í hjeraði 13. júní 1894, og urðu þau úrslit málsins, að Skúli Thoroddsen var dæmdur í 30 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 10 daga einföldu fangelsi. Nokkur móðgandi ummæli í nefndri grein voru dæmd dauð og ómerk, og skyldi Skúli Thoroddsen greiða í málskostnað 10 kr.

Þessum dómi hefur Skúli Thoroddsen áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 1. nóvember 1894, og hefur hann með henni jafnframt áfrýjað 2 úrskurðum, er kveðnir voru upp í málinu 27. marz og 26. apríl f. á. — Hefur hann fyrir yfirdómi krafizt fyrst og fremst: *að* úrskurðurinn 27. marz 1894 verði úr gildi felldur og undirdómarinn skyldaður til að víkja úr dómarasæti í máli þessu, en öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmd ómerk, en til vara, *að* úrskurðurinn 26. apríl 1894 verði úr gildi felldur, málinu heim vísað, og honum veittur hæfilegur frestur til að gagnstefna, en öll eptirfylgjandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmd

ómerk, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi algjörlega sýknaður af kröfum stefnda og að stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinir áfrýjuðu úrskurðir og undirrjettardómur verði staðfestir í heild sinni og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust.

Helztu ástæður áfrýjanda fyrir því, að undirdómaranum hafi verið skylt að víkja úr dómarasæti, sem áfrýjandi krafðist, en sem undirdómarinn með úrskurðinum 27. marz f. á. neitaði að gjöra, eru, *að* málið hafi verið undirdómaranum *skylt*, þar sem hin átalda grein hafi verið svar upp á árásir gegn áfrýjanda í Ísafold út af framkomu hans og alþingis gagnvart undirdómaranum, *að* undirdómarinn hafi haft svo megnan óvildarhug til áfrýjanda, að það hafi verið skylda hans að víkja úr dómarasæti, *að* áfrýjandi hafi þurft að leiða dómarann sem vitni í málinu.

Hin fyrst nefnda ástæða á ekki við neitt að styðjast; hvorki hin átalda grein í »Þjóðviljanum unga« nje grein sú í »Ísafold«, sem hún á að vera svar upp á, gefa nokkurt tilefni til að bendla dómarann við mál þetta, og gat hann því ekki verið af þeirri ástæðu óhæfur (»inhabil«) til þess að dæma í málinu.

Hin önnur ástæða fyrir kröfunni um, að hjeraðsdómarinn víki sæti, er sú, að hann hafi sýnt sig beran að fjandskap við áfrýjanda, og vitnar

áfrýjandinn í því efni til framkomu dómarans í öðru máli, þar er þeir voru málsviðeigendur. Hefur hann þessu til sönnunar lagt fram útdrátt úr rjettargjörðum tjeðs máls, en samkvæmt honum hefur hjeraðsdómarinn fyrir rjetti í nóvembermánuði 1893, þar er hann mætti sem vitnastefndur skömmu áður en fyrirliggjandi mál var byrjað, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málflytjanda, *að* hann áliti hann ekki svo heiðarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti, *að* heiðvirðum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann, *að* hann hafi hlaðið helberum ósannindum ofan á helber ósannindi, *að* hann hafi verið svo óskammfeilinn gagnvart rjettinum, að o. s. frv.; enn fremur hefur hann borið áfrýjanda á brýn »götudrengjatilgátur«, kallað hann »laungáfaðan«, »einfaldan tyro juris«, »marghrjáðan krossbera«, »saklausa lambið«, »blessaðan sannleikspostula«, líkt honum við »iðrandi syndara« og kallað blað hans »götublað, og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og hefur allt þetta komið fram opinberlega fyrir rjetti. Þó orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans móti áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli vott um, að hann hafi borið svo mikinn óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu gegn áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð 27. marz 1894 og dæma

ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 27. marz 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Nr. 47/1894: Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni gegn ritstjóra blaðsins »Þjóðviljans unga« sýslumanni Skúla Thoroddsen út af meiðandi ummælum í 26. tölubl. nefnds blaðs, sem út kom í Reykjavík 31. ágústmán. 1893. Var málið dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 13. júní 1894 á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða 25 kr. sekt til landssjóðs eða sæta 7 daga einföldu fangelsi, ýms meiðyrði í hinni átöldu grein dæmd dauð og ómerk, áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 10 kr. í málskostnað og loks 10 kr. sekt, helminginn til landssjóðs og helminginn til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, fyrir ósæmilegan rithátt um umboðsmann stefnda, og voru hin móðgandi orð einnig ómerkt. Þessum dómi hefur

Skúli Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, 1. nóv. f. á., og jafnframt 2 úrskurðum, upp kveðnum undir rekstri málsins, öðrum 5. apríl f. á., en með honum neitaði hjeraðsdómarinn að víkja úr dómarasæti eptir kröfu áfrýjanda, svo og að frá vísa málinu, hinum upp kveðnum 27. apríl f. á., en með honum var áfrýjanda neitað um gagnstefnufrest — og hefur hann fyrir yfirdóminum krafizt þess, að úrskurðurinn 5. apríl verði úr gildi felldur og undirdómarinn skyldaður til að víkja úr sæti sem dómari í málinu, en öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmd ómerk, en til vara, að úrskurðurinn 27. aprílmán. verði úr gildi felldur, undirdómarinn skyldaður til að setja málið í það ástand, sem það var í 27. aprílmán. 1894, svo og að veita áfrýjanda hæfilegan frest til gagnstefnu, en að öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi verði dæmd ómerk, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi algjörlega sýknaður af kröfum stefnda; svo hefur hann og heimtað sjer til dæmdan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir og dómur verði staðfestir, og að honum verði til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust.

Áfrýjandinn krafðist þess fyrir undirrjettinum, eins og getið er um hjer að framan, að hjeraðsdómarinn Lárus Bjarnason viki úr dómarasæti í málinu með því að málið væri honum skylt,

þar sem hin átalda grein í »Þjóðviljanum unga« væri svar eða retorsion á móti greininni »kærunefndarmálið« í 58. tölubl. XX. árg. Ísafoldar, og þar næst af því, að dómarinn væri fjandmaður áfrýjanda. Hin fyrri ástæðan er þó þýðingarlaus, því að sambandið milli tjeðra greina er eigi svo lagað, að nokkurt tilefni sje til að telja fyrirliggjandi mál svo nákomið undirdómaranum, að hann fyrir þá skuld hafi verið óhæfur til að fara með það og dæma það. Hin ástæðan fyrir kröfunni um, að hjeraðsdómarinn viki sæti var sú, að hann hefði sýnt sig beran að fjandskap við áfrýjanda, og vitnar áfrýjandinn í því efni til framkomu dómarans í öðru máli, þar er þeir voru málsviðeigendur. Hefur hann því til sönnunar lagt fram útdrátt úr rjettargjörðum tjeðs máls, en samkvæmt honum hefur hjeraðsdómarinn fyrir rjetti í nóvembermánuði 1893, þar er hann mætti sem vitnastefndur, skömmu áður en fyrirliggjandi mál var byrjað, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málflytjanda, að hann áliti hann ekki svo heiðarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti, að heiðvirðum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann, að hann hafi hlaðið helberum ósannindum ofan á helber ósannindi, að hann hafi verið svo óskammfeilinn gagnvart rjettinum, að o. s. frv.; enn fremur hefur hann kallað hann »laungáfaðan«, »einfaldan tyro juris«, »marghrjáðan krossbera«, »saklausa lambið«, borið honum á brýn »götudrengjatilgátur« og kallað blað hans »götublað«,

hann sjálfan blessaðan sannleikspostula, líkt honum við »iðrandi syndara« og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og hefur allt þetta komið fram opinberlega fyrir rjetti. Þó orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans gegn áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli, vott um, að hann hafi borið svo mikinn óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu gegn áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð 5. apríl 1894 og dæma ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 5. apríl 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Nr. 48/1894: Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað af ritstjóra Birni Jónssyni gegn sýslumanni Skúla Thoroddsen, rit-

stjóra blaðsins »Þjóðviljans unga«, út af ýmsum ummælum um stefnda í 27. tölubl. nefnds blaðs, er út kom í Reykjavík 7. sept. 1893. Var málið dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 13. júní f. á. á þá leið, að Skúli Thoroddsen var dæmdur til að greiða 20 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta 6 daga fangelsi, ýms átalin ummæli í blaðgreininni voru dæmd ómerk og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað 10 kr. Þessum dómi hefur Skúli Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, 1. nóv. f. á., og jafnframt úrskurði upp kveðnum í málinu 5. apríl 1894, en með úrskurði þeim neitaði undirdómarinn að víkja úr dómarasæti eptir kröfu áfrýjanda, og hefur hann nú krafizt þess, að tjeður úrskurður verði úr gildi felldur og undirdómarinn skyldaður að víkja úr sæti í máli þessu, en öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmt ómerkt, en til vara, að dómurinn verði úr gildi felldur og áfrýjandi algjörlega sýknaður af kröfum stefnda; svo hefur hann krafizt þess, að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, krafizt þess, að undirrjettardómurinn og hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust.

Áfrýjandinn krafðist þess fyrir undirrjettinum, eins og getið er um að framan, að hjeraðsdómarinn Lárus Bjarnason viki úr dómarasæti í málinu, með því að hann hefði sýnt sig beran í fjandskap

við áfrýjanda, og vitnaði hann í því efni til framkomu dómarans í öðru máli, þar er hann og áfrýjandi voru málsviðeigendur. Samkvæmt útdrætti úr tjeðu máli, sem hefur verið framlagður, hefur hjeraðsdómarinn fyrir rjetti í nóvembermán. 1893, þar er hann mætti sem vitnastefndur, skömmu áður en fyrirliggjandi mál var fyrirtekið, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málsfærslumanni, að hann áliti hann ekki svo heiðarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti, að heiðvirðum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann, kallað hann »einfaldan tyro juris«, borið honum á brýn »götudrengjatilgátur«, og kallað blað hans »götublað«, nefnt hann »marghrjáðan krossbera«, »saklausa lambið« og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og allt þetta hefur hann gjört opinberlega fyrir rjetti. Þó að orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans gegn áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli, vott um, að hann hefur borið svo mikinn óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu móti áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð 5. apríl 1894 og dæma ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 5. apríl 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. júnímánaðar.

Nr. 12/1895: Rjettvísin gegn Ólafi Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 1. desbrmán. f. á., var hinn ákærði, húsmaður Ólafur Ólafsson á Ísafirði, í máli, er höfðað hafði verið gegn honum fyrir rangan vitnaframburð og meinsæri, dæmdur samkvæmt analogíu 149. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til talsmanns síns í hjeraði, sýslumanns Skúla Thoroddsens, 5 krónur, en dómi þessum hefur eptir ósk ákærða og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Í sakamálsrannsókn, er hafin var í júnímán. 1892 gegn sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði Skúla Thoroddsen út af grunsemd um, að hann í janúarmán. næst á undan (1892)

hefði reynt að kúga sakborning nokkurn til sagna eða til að játa brot sitt, sjerstaklega með því að úrskurða honum 2 sinnum ólöglega vatns- og brauðsfangelsi, var hinn ákærði, sem hafði verið rjettarvottur við rjettarhöld þau hjá tjeðum sýslumanni, er nefnd vatns- og brauðsþvingun átti að hafa verið úrskurðuð, leiddur sem vitni, einkanlega til upplýsingar um, hvort sakborningur hefði neitað að svara spurningum, er sýslumaður lagði fyrir hann í rjettinum. Í fyrsta rjettarhaldi, er haldið var 17. júní nefnt ár (1892), bar ákærði, að hann vissi ekki til, að sakborningur hefði neitað að svara neinum spurningum rannsóknardómarans, en í öðru rjettarhaldi samdægurs minnti hann þó, að hann hefði færzt undan að svara einhverri spurningu, er honum í fyrra skiptið var úrskurðað vatn og brauð. Um kvöldið sama dag fjekk Skúli sýslumaður ákærða og annan mann, er ásamt ákærða hafði verið rjettarvottur í rjettarhöldum þeim í janúar 1892, er hin ólöglega þvingun átti að hafa átt sjer stað, til að skrifa undir skjal, þar sem þeir lýsa því yfir, að umgetinn sakborningur hafi fleirsinnis neitað að svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar af rannsóknardómaranum (Skúla), og hafi neitunin átt sjer stað í bæði þau skipti, er vatns- og brauðsþvingun var úrskurðuð sakborningi. Þessa skýrslu rjettarvottanna afhenti Skúli Thoroddsen rannsóknardómaranum í máli sínu daginn eptir, og var ákærði þá kallaður aptur fyrir rjett samdægurs, og bar hann þá, að sig minnti, að Sigurður hefði neitað að svara ein-

hverri spurningu í fyrra rjettarhaldinu, er úrskurðað var vatn og brauð, en hann mundi þá ekki fyrir víst, að slík neitun hefði átt sjer stað optar. 25. s. m. var ákærði enn kallaður fyrir rjett sem vitni, og bar hann þá, að neitun hefði átt sjer stað í fyrra skiptið, er úrskurðað var vatn og brauð, og í önnur 2 skipti. — 6. júlí næst á eptir vann hann síðan eið að framburði sínum, að því er ætla verður, eins og hann var bókaður 25. júní, en dómsgjörðirnar bera þetta ekki ljóslega með sjer. Upp frá þessu hefur ákærði stöðugt haldið við þenna síðasta framburð sinn.

Hinn 4. okt. 1892 var ákærði leiddur sem vitni í hinu sama sakamáli gegn Skúla Thoroddsen, en út af öðru atriði í því máli. Var Skúli grunaður um ranga bókun í sakamáli gegn Rögnvaldi nokkrum Guðmundssyni og um að hafa jafnvel ritað í rjettarbókina í máli þessu rjettarhöld, sem aldrei hefðu í raun og veru verið haldin, en þessi rjettarhöld, sem grunur lá á um að væru tilbúin, taldi rjettarbókin haldin 19. sept. og 3. okt. 1891 og 16. okt. 1891. Í nefndu rjettarhaldi 4. okt. 1892 mundi ákærði eigi til, að hann hefði sjeð svaramann tjeðs Rögnvaldar mæta í nefndum rjettarhöldum haustið 1891, eða yfir höfuð að hann sjálfur hefði verið rjettarvottur í rjettarhöldum þessum. En þegar honum var sýnd undirskript hans í rjettarbókinni undir rjettarhöldunum, kannaðist hann við að hafa skrifað nafn sitt undir rjettarhaldið 16. okt. 1891, en treysti sjer eigi til að segja neitt ákveðið um

undirskriptina undir hinum rjettarhöldunum, því að honum þótti þar nafn sitt ritað nokkuð ólíkt því, sem hann var vanur að rita það, en hann tjáðist á hinn bóginn svo opt hafa verið rjettarvottur hjá Skúla Thoroddsen, að hann þyrði eigi að ganga beinlínis frá nöfnunum. Hinn 24. okt. 1892 var ákærði aptur leiddur sem vitni um sama efni, og var framburður hans þá í öllu verulegu eins, en daginn eptir, 25. s. m., báru þeir sig saman utanrjettar, ákærði og annar maður, er var undirritaður sem hinn rjettarvotturinn við ofannefnd rjettarhöld 1891, og rituðu þeir þá í sameiningu skýrslu, er þeir sendu rannsóknardómaranum daginn eptir, 26. okt., og lýsa þeir því þar yfir, að þeir hafi verið rjettarvottar við nefnd rjettarhöld 19. sept. og 3. okt. 1891 og að svaramaður Rögnvaldar og Rögnvaldur sjálfur hefðu mætt í rjettarhaldinu 3. okt. 31. okt. næst á eptir var hafin rannsókn gegn ákærða fyrir rangan vitnaframburð, og hefur hann í þeirri rannsókn haldið því stöðugt fram, að þessi skýrsla væri rjett, nema hvað hann þá þegar eigi þorði að fullyrða, að Rögnvaldur hefði mætt sjálfur í rjetti 3. okt. 1891, og síðar tjell hann algjörlega frá því atriði í skýrslunni og kvaðst hafa misminnt það, enda var það þá orðið sannað á annan hátt, að Rögnvaldur hafði eigi mætt í tjeðu rjettarhaldi 3. okt. 1891.

Það hefur eigi orðið upplýst, hvað hið sanna hefur verið í atriðum þeim, er ákærði samkvæmt framansögðu var sjerstaklega krafinn til vitnis um, en eins og sýnt hefur verið fram á, hefur hann

verið mjög óstöðugur og hvarflandi í framburði sínum fyrir rjetti sem vitni. Ákærði hefur kennt það minnisleysi sínu, að hann hefur svo opt breytt framburði sínum eða lagað hann, og þegar sjerstaklega er litið á það, að hann var hjer krafinn til vitnis um atvik, er skeð höfðu missiri og ári áður, og voru auk þess þannig löguð, að eigi varð búizt við, að þau hefðu sjerstaklega náð að festast í minni hans, en á hinn bóginn, að ákærði er orðinn nokkuð aldurhniginn maður og ef til vill farinn að sljófgast af elli, þá þykir verða að taka trúanlega sögusögn hans um það, að óstöðugleiki hans í framburði sínum fyrir rjetti hafi stafað af minnisleysi hans og sljófleika, og að hann eigi hafi vitað betur en hann bar í hvert skiptið. Það verður því að dæma ákærða sýknan af ákæru sóknarans í máli þessu, þó svo, að hann greiði allan af málinu gegn honum leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til talsmanns hans í hjeraði 5 kr., og til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjeraði — eptir ómerking hins fyrra dóms í því — hefur verið vitalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Ólafur Ólafsson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, en hann greiði allan af málinu gegn honum í hjeraði og fyrir yfirdómi leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í hjeraði

til Skúla Thoroddsen 5 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Hannesar Thorsteinson og Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1895: Rjettvísin gegn Pálma Björnssyni.

Dómur:

Með eigin játningu og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að ákærði Pálmi Björnsson snemma í marzmánuði 1894 tók ófrjálsri hendi hey í poka frá vinnumanni sínum Guðmundi Þorlákssyni. Það hefur ekki sannazt, hve mikið heyið var, en undirdómarinn ætlar það hafa verið 30—40 aura virði.

Í annan stað hefur ákærði játað á sig, að hann haustið 1893 hafi tekið ómerkingslamb, sem kom saman við fje hans, slátrað því og hagnýtt sjer. Lamb þetta kom fyrir í Kolbeinsdalsrjett þá um haustið; vildi ákærði eiga ómerkinginn sem afrjettarbóndi, en rjettarstjóri, Magnús Ásgrímsson, sinnti ekki kröfu ákærða, heldur seldi hann lambið opinberlega fyrir 3 kr. 5 aura, og skyldi andvirði þess renna í sveitarsjóð samkvæmt ákvæðum fjallskilareglugjörðar sýslunnar. Þrátt fyrir

þessa sölu, sem ákærða var kunn, tók hann lambið, eins og áður er sagt, og slátraði því og lagði síðan launung á.

Þessi afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur hjeraðsdómarinn með rjettu heimfært, hið fyrra undir 230. gr. og hið síðara undir 250. gr. almennra hegningarlaga, og með því hegningin[1] virðist hæfilega metin og yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað og varnarlaun, ber að staðfesta dóminn í heild sinni. Svo ber ákærða og að greiða kostnað þann, sem leitt hefur af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði, Pálmi Björnsson, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fulln ægjaað viðlagðri aðför að lögum.

---

1) Í undirdóminum. er kveðinn var upp í aukarjetti Skagafjarðarsýslu 30. apríl 1894, var ákærði dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga og til að greiða allan málskostnað, þar á meðal 6 kr. til svaramanns síns í hjeraði, oddvita Jóns Sigurðssonar á Skúfstöðum.

Mánudaginn 15. júlímánaðar.

Nr. 13/1895: Rjettvísin
gegn
Kristni Sigurðssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, upp kveðnum 2. maímán. f. á., var hinn ákærði Kristinn Sigurðsson á Skriðulandi dæmdur til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til svaramanns í hjeraði 8 kr., en dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, er í þessu máli sakaður fyrir eptirnefnd afbrot:

1. Að hann hafi skorið taglhár úr nokkrum trippum á Kolbeinsdalsafrjett vorið 1893, sem honum eigi til heyrðu, en fyrir brot þetta var hann sýknaður í hjeraði, og kemur það fyrir því nú eigi til álita, þar sem málinu eigi hefur verið áfrýjað af hálfu rjettvísinnar.

2. Að hann hafi haustið 1893 tekið að ófrjálsu gamalt borð á Bjarnastaðaseli, flutt það heim til sín og notað það í sínar þarfir. Ákærði þykist hafa haft leyfi eigandans til þess að taka borðið, og hafi hann ætlazt til, að það gengi upp í skuldaskipti þeirra á milli. Að vísu hefur eigandi borðsins neitað þessu, og upplýsingar málsins virðast einn-

ig benda til þess, að hann hafi eigi fengið umrætt leyfi í það skipti, sem hann hefur tilnefnt, en í það skipti var hann nokkuð kenndur, og gat því hafa misminnt nokkuð um tal sitt við eiganda borðsins við það tækifæri. Og þegar litið er til þess, að ákærði eigi fór neitt leynilega að borðtökunni, virðist eigi fullnæg sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi ætlað að stela borðinu, og verður því að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans að því þetta atriði snertir.

3. Að hann hafi tekið að ófrjálsu og flutt heim til sín trjedrumb eða spýtu, sem lá hjá ánni Kolku eða Viðvíkurhúsum. Hinn ákærði hefur neitað því, að hann hafi tekið þessa spýtu, og það er eigi gegn þessari neitun hans sannað, að hann hafi gjört það.

4. Að hann hafi óleyfilega kastað eign sinni á gimbur, tilheyrandi Guðmundi Gíslasyni á Skuggabjörgum, þegar hann haustið 1893 var á ferð með fjárrekstur úr Deildardals-rjett. Þessari sakargipt hefur ákærði alveg neitað, og með því að hún hefur eigi sannazt á hann, verður að sýkna hann að því er þetta málsatriði snertir, eins og hjeraðsdómarinn hefur gjört.

Samkvæmt hinu framanritaða verður eigi álitin fram komin nægileg sönnun til að fella ákærða til refsingar fyrir ofannefnd ákæruatriði, en það virðist þó eptir atvikum rjett, að hann greiði allan af málinu gegn honum í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í hjeraði, er þykja nægilega ákveðin 4 kr., og

málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Kristinn Sigurðsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en greiði allan af málinu gegn honum í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þarmeð talin varnarlaun í hjeraði 4 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júlímánaðar.

Nr. 23/1895: Rjettvísin gegn Jóni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er í hjeraði af hálfu rjettvísinnar gegn hinum ákærða Jóni Jónssyni fyrir árás og áverka á hendur húsbónda hans, Jóhanni bónda Guðmundssyni, var dæmt í aukarjetti Barðastrandarsýslu 24. október 1894 með þeim

úrslitum, að hinn ákærði var sýknaður af ákæru rjettvísinnar í því máli, og skyldi greiða allan málskostnað af almannafje.

Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða Jóns Jónssonar og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann, er hann að kveldi dags 25. okt. 1892 varð húsbónda sínum, Jóhanni Guðmundssyni, samferða frá heimili þeirra, Dynjanda, niður að sjó til þess að setja upp bát, og þeim á leiðinni hafði orðið tilrætt um eitthvað, er þeim hafði farið á milli í efnalegu tilliti, rjeð á Jóhann og keyrði hann, þar sem hann sat á hástokk bátsins, er þeir voru komnir til að setja, aptur á bak, og hjelt honum niðri allt að 1/4 stundar með því að þrýsta hendinni fast á brjóst Jóhanni; Jóhann lá með mjóhrygginn á hástokknum, efri part líkamans í bátnum, en fæturnir hjengu niður fyrir utan borðstokkinn. Í bátnum var allmikið af mó, bæði í barkanum og skutnum og nokkuð í austurrúminu. Að því Jóhann hefur borið, lá hann, eptir að ákærði keyrði hann aptur á bak, fyrir aptan fram- eða hálsþóptuna, en þar var enginn mór; en ákærði hefur haldið því fram, að Jóhann hafi legið með efri part líkamans annaðhvort á hálsþóptunni eða á mónum í barkanum. Þegar ákærði hafði haldið Jóhanni þannig um 1/4 stundar, sleppti hann honum, en er Jóhann var risinn á fætur, hratt ákærði honum, svo að hann fjell á síðuna á malarkampinn, og blæddi eptir það úr kinn Jóhanns. Jóhann

hjelt síðan heim að bæ, og kveðst hann þá þegar hafa fundið til verkjar í hjartagrófinni, þar sem ákærði hafði þrýst hendi sinni, og hægri síðu; hjelt Jóhann samt aptur niður að sjó til að skorða bátinn; kom hann einni skorðu undir hann og fór svo heim og kenndi þá ákafs verkjar í hjartagrófinni og lá með kvölum í rúminu á þriðja dag. Hinn 24. nóv. 1892 skoðaði Oddur aukalæknir Jónsson hann og vottaði, að hann væri bringuteinsbrotinn og skemmdur fyrir brjósti, og töluvert marinn á bakinu neðan til. Segir læknirinn, að þetta stafi af áverka, er honum var veittur aðfaranótt hins 25. okt. 1892. Með því þetta vottorð Odds læknis — auk þess að herma skakkt frá deginum, er ákærði rjeð á Jóhann — telur það, sem á Jóhanni sá, vera afleiðing af árás ákærða á hann mánuði fyrr, sem hann auðsjáanlega að eins gat haft eptir Jóhanni sjálfum, þá verður það ekki tekið til greina, nema að svo miklu leyti sem það lýsir ástandi Jóhanns 24. nóv. 1892.

Mál þetta var fyrst kært fyrir sýslumanni 23. janúar 1893, og það var ekki fyrr en 24. ágúst sama ár, að sýslumaðurinn bað Sigurð aukalækni Magnússon að skoða Jóhann og láta í ljósi álit sitt um heilsuástand hans, hvort hann væri bilaður, og ef svo væri, af hverju það stafaði, og er álit læknisins dagsett 26. ágúst 1893. Segir læknirinn, að Jóhann sje talsvert þjáður af langvinnri magaveiki, en virðist að öðru leyti ekki vera neitt bilaður, en sennilegt telur hann, að áverki sá, er

Jóhann varð fyrir í október 1892, hafi haft ill áhrif á hann.

Eins og áður er sagt, er það sannað í málinu, að ákærði hinn 25. okt. 1892 hefur haft líkamlegt ofbeldi í frammi við Jóhann Guðmundsson, og má einnig álíta það nægilega sannað, að verkur sá, sem Jóhann þjáðist af dagana eptir að ákærði rjeð á hann, hefur stafað af meðferð ákærða á honum að minnsta kosti í sambandi við hið bága heilsufar hans; þá verður einnig að skoða það sem nægilega sannað, að hinn blóðugi áverki á kinn Jóhanns hafi stafað af meðferð ákærða á honum.

Þetta atferli ákærða á því undir 205. gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann, er kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, samkvæmt þessari lagagrein hefur til unnið, hæfilega ákveðin 20 kr. sekt til landssjóðs, með því ofbeldisverkið ekki var framið af fyrirhuguðu ráði, eða 5 daga einfalt fangelsi, sje sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað af málinu bæði í hjeraði og fyrir landsyfirdómi, þar á meðal málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. En skaðabætur fyrir heilsutjón og endurgjald á útgjöldum til læknis verður Jóhanni Guðmundssyni ekki dæmt í þessu máli, með því allar nauðsynlegar skýrslur í þessu tilliti, eptir hverjum ákveða mætti upphæðina, vanta.

Á prófum málsins í hjeraði, sem settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, Lárus Bjarnason, hjelt,

hefur staðið mjög lengi, en hann virðist nokkurn veginn hafa rjettlætt þenna drátt á málinu, og verður því eigi sektaður fyrir. Að öðru leyti hefur meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði, Jón Jónsson, á að greiða 20 kr. sekt til landsjóðs, eða sæta 5 daga einföldu fangelsi, sje sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Svo ber honum og að greiða allan málskostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málafærslumanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, ella sæti ákærði aðför að lögum.

Mánudaginn 29. júlímánaðar.

Nr. 8/1895: O. J. Haldorsen
gegn
Eyjólfi Símonarsyni.

Dómur:

Mál þetta er svo til komið, að 11. april f. á. komu þeir áfrýjandinn Ole Haldorsen og bróðir hans Martin Haldorsen að Skildinganeskoti, heimili

stefnda, og tóku til að rífa kotið ofan af heimilisfólki stefnda, en stefndi sjálfur var ekki heima og enginn karlmaður annar. Þegar Eyjólfur kom heim nokkru síðar, bannaði hann að halda verkinu áfram, og urðu þá út af því illdeilur og áflog, einkum með stefnda og Martin Haldorsen, en þeir bræðurnir hjeldu samt verkinu áfram og rifu allan bæinn niður, svo að ekki stóðu nema veggirnir eptir. Út af þessu höfðaði stefndi mál gegn bræðrunum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem dæmt var þar 26. júlí f. á. á þá leið, að málinu var frá vísað að því Martin Haldorsen snerti, en Ole Haldorsen var dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs samkvæmt 117. gr. almennra hegningarlaga eða til vara 3 daga einfalt fangelsi og til að greiða stefnda 30 kr. í skaðabætur fyrir tjón og óskunda af húsbrotinu með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi og úrskurði í málinu, upp kveðnum 21. júní f. á., áfrýjaði O. J. Haldorsen til yfirdómsins með stefnu 9. ágúst f. á., en málinu var þá frá vísað með dómi yfirdómsins 21. jan. þ. á., og hefur hann nú aptur áfrýjað því með stefnu, dags. 28. febr. þ. á.

Áfrýjandinn hefur fyrst og fremst krafizt þess, að fyrnefndur úrskurður 21. júní f. á. verði felldur úr gildi, en með honum neitaði undirdómarinn áfrýjandanum um frest til að leiða nokkur vitni. Með því að áfrýjandinn hafði áður fengið frest í málinu til hinnar sömu vitnaleiðslu, en eigi notað þann frest eða reynt að nota, verður þó að álíta

að tjeður úrskurður, er neitaði áfrýjanda samkvæmt mótmælum mótpartsins um nýjan frest, hafi verið á rökum byggður, og verður honum því eigi hrundið. Þá hefur áfrýjandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur í skaðabætur til sín fyrir óheimil afnot af Skildinganeskoti og í sekt til landssjóðs og loks í málskostnað, en að hann (áfrýjandi) verði dæmdur sýkn af kröfum hans og kærum í málinu. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og dómur verði staðfestir og áfrýjandi dæmdur í hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Að því er snertir kröfu áfrýjanda um skaðabætur og sekt á hendur stefnda, þá hefur eigi verið stefnt um slíka kröfu fyrir undirdóminum eða um hana dæmt þar, og verður því að vísa henni frá dómi. Og að því er kemur til sýknunarkröfu hans, þá hefur hann eigi borið fyrir sig til varnar aðferð sinni gagnvart stefnda, er að framan er lýst, annað, en að hann hafi verið eigandi kotsins, Skildinganeskots, er hann reif, og hafi hann verið búinn að margvísa stefnda burt úr kotinu. En þrátt fyrir það, þótt sögusögn áfrýjanda í þessu tilliti verði að álítast rjett, og stefndi hafi verið skyldur að víkja úr kotinu eptir kröfu áfrýjanda, verður þó, eins og undirdómarinn hefur gjört, að álíta aðferð áfrýjanda ólöglega sjálftöku, og með því að ákvæði undirdómsins um sekt, skaðabætur og málskostnað þykja eigi of hörð, ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýj-

anda eptir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda 15 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn O. J. Haldorsen greiði stefnda Eyjólfi Símonarsyni í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 51/1894: Guðrún Bjarnardóttir
gegn
Arnljóti Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af prestsekkju Guðrúnu Bjarnardóttur á Presthólum gegn prestinum sjera Arnljóti Ólafssyni á Sauðanesi til sekta og skaðabóta fyrir brot á grafreitsgrindum kringum leiði manns hennar í kirkjugarðinum á Sauðanesi, sem vinnumaður eða verkamaður sjera Arnljóts á að hafa verið valdur að, er hann fyrir prestinn, húsbónda sinn, var að rífa gömlu kirkjuna á staðnum sumarið 1891, en með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu 24. júlí f. á. var málinu frá vísað af hjeraðsdómaranum ex officio sökum ólögmætrar sáttatilraunar og áfrýjandi dæmd til að greiða málskostnaðinn.

Dómi þessum hefur nefnd prestsekkja áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 12. nóv. f. á., og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hjerað aptur til löglegri meðferðar og dómsáleggingar að aðalefninu og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti gjört þá rjettarkröfu, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur allur málskostnaður hjá áfrýjanda fyrir báðum rjettum með 50 kr.

Ólögmæti sáttatilraunarinnar og þar af leiðandi frávísun málsins hefur hjeraðsdómarinn byggt á því, að stefnandi í hjeraði (áfrýjandi) hafi í raun og veru skoðað stefnda, sjera Arnljót, og fyrtjeðan verkamann hans, er var valdur að broti grafreitsgrindanna, sem samaðila eða (passiva) litis consortes í máli þessu, og hafi því sáttatilraunin í málinu átt að ná til þeirra beggja, en stefnandi hafi látið kalla sjera Arnljót einan sjer fyrir sáttanefnd, og með því gjört það ef til vill að verkum, að ekki komust sættir á. Fyrnefnd skoðun stefnanda um litis consortium stefnda og verkamanns hans hefur þó eigi komið fram í máli þessu og styðst eigi við annað en það, að stefnandi byrjaði málssókn sína með því að stefna mönnum þessum báðum fyrir sáttanefnd, en reyndar hvorum í sínu lagi, til þess að ná bótum hjá þeim öðrum hvorum með samkomulagi, en er þetta brást, hóf hann mál þetta fyrir rjetti gegn stefnda og beindi í því kröfum sínum gegn stefnda einum, og var þá nægur grundvöllur fyrir því sú tilraun til sátta, er

reynd hafði verið við stefnda einan sjer. Sáttatilraunin í málinu var því eigi ólögmæt af greindri sök og frávísun málsins því af þeirri ástæðu eigi á rökum byggð. Og með því eigi verður heldur tekið tillit til annara aðfinninga gegn sáttatilrauninni í málinu, er fram hafa komið frá stefnda hálfu og sem hjeraðsdómarinn heldur eigi hefur álitið eiga við rök að styðjast, ber að fella hinn áfrýjaða frávísunardóm úr gildi og vísa máli þessu eptir kröfu áfrýjanda heim aptur í hjerað til löglegri meðferðar og dómsáleggingar. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur skal úr gildi felldur og málinu heim vísað til löglegri meðferðar og dómsáleggingar. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 26. ágústmánaðar.

Nr. 22/1895: Bóksalafjelagið í Reykjavík gegn sýslumanni Jóni Johnsen og Eyjólfi Eyjólfssyni Wíum.

Dómur:

Í máli þessu, er það síðasta rjettardag, 19. þ. m., átti samkvæmt málaskrá yfirdómsins að falla í rjett, mættu stefndu ekki eða neinn af þeirra

hendi, og af áfrýjanda hálfu mætti að vísu annar yfirrjettarmálaflutningsmaðurinn, en hann lagði eigi fram áfrýjunarstefnuna í málinu, sem hann kvað ókomna til sín frá stefnuvottunum, er hann kvaðst hafa sent hana til birtingar. Þar sem áfrýjandi þannig eigi hefur lagt mál þetta fyrir rjettinn á þann hátt, er lögin fyrirskipa, sbr. n. l. 1 — 4 — 4, verður að skoða mót hans eða umboðsmanns hans í því fyrir rjettinum þýðingarlaust fyrir málið og álíta það þess vegna burtu fallið fyrir fjarvist málsaðila.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu á ómerk að vera.

Mánudaginn 9. septembermánaðar.

Nr. 31/1895: Rjettvísin gegn Guðmundi Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu 15. marz þ. á. var hinn ákærði Guðmundur Jónsson í Vívatsbæ í Höfnum dæmdur samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, en dómi þessum er af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að 12. nóv. f. á., er hann var staddur í Hafnarfirði, stal hann við verzlunarbúð þar poka með nesti í ásamt trefli, er ferðamaður geymdi þar, og lagði hann síðan af stað með þetta hvorttveggja heim á leið. Eigandinn kom að litlu síðar og saknaði pokans; fór hann þá á eptir ákærða og náði honum skammt fyrir sunnan Hafnarfjörð, þar sem hann var að borða af nestinu með öðrum manni, sem hann hafði boðið með sjer, og voru þeir næstum búnir með það. Kannaðist ákærði þegar við afbrot sitt og skilaði eigandanum treflinum og pokanum með því, sem óeytt var af nestinu. Trefillinn hefur verið virtur á 3 kr.

Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og með því að refsingin þykir hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð og yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Hinum ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. septembermánaðar.

Nr. 30/1895: Hið opinbera
gegn
Sigmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur 8. júní þ. á. var hinn kærði Sigmundur prentari Guðmundsson fyrir að hafa óhlýðnast boði fátækrastjórnarinnar í Reykjavík — en hann þiggur þar af fátækrafje — um að stunda prentiðn þar, sem honum hafði verið vísað á vinnu, svo og fyrir óspektir á strætum bæjarins, skammir og áflog, dæmdur fyrir fyrnefnda yfirtroðslu í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og fyrir síðarnefnda, eða brot gegn lögreglusamþykkt bæjarins, í 10 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Þessum dómi er að ósk kærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Kærði hefur játað bæði þessi brot á sig, og eru þau með rjettu af undirdómaranum heimfærð undir lög um sveitarstyrk og fúlgu 4. nóv. 1887, 6. gr. og lögreglusamþykkt kaupstaðarins 15. nóv. 1890, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið að því brot hans á lögum 4. nóv. 1887 snertir, hæfilega metin af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, þar sem hann þrisvar áður hefur verið sektaður fyrir samkynja brot, og svo er einnig um sekt þá, sem undirdómarinn hefur gjört honum fyrir brot gegn lögreglusamþykkt kaupstaðarins. Og með því landsyfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði lögreglurjettarins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Samkvæmt þessum úrslitum hlýtur kærði og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Sigmundur Guðmundsson greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, settra málaflutningsmanna Hannesar Thorsteinson og Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. septembermán.

Nr. 35/1895: Rjettvísin
gegn
Hirti Elínmundarsyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Norður-Múlasýslu, upp kveðnum 20. maímán. þ. á., var hinn ákærði Hjörtur Elínmundarson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði 4 kr. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hlutaðeigandi amtmanni.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs, að hann um nýársleitið síðast hafi tvívegis farið í sölubúð kaupmanns eins á Búðareyri með þeim hætti, að smeygja hendinni inn um ferkantað gat á kjallarahurðinni og opna hana með lyklinum, sem stóð í að innanverðu. Úr kjallaranum mátti svo komast upp í búðina gegn um ólokað hleragat. Í þessi 2 skipti stal hinn ákærði úr búðinni vatnsstígvjelum, skaraxarblaði, 2 sporjárnum, skápaskrá, axlaböndum, 1/4 pd. af púðri og ýmsu smálegu, enn fremur peningabuddu og 4 kr. í peningum úr búðarskúffunni, sem var ólæst. Hefur hið stolna

að peningunum meðtöldum verið metið á 43 kr. 80 aura. Í þriðja skiptið ætlaði hinn ákærði að fara inn í búðina sömu leið, og var það um miðjan janúarmánuð síðastliðinn, en þá var búið að setja járnslá fyrir kjallaradyrnar að innanverðu, og varð því ekkert úr fyrirætlun hans. Hinum stolnu munum hefur mestmegnis verið skilað aptur, en að öðru leyti eigi gjörð krafa til endurgjalds fyrir þá. Hinn ákærði hefur eigi áður sætt hegningu eða ákæru fyrir neinn glæp og telur hann sig 19 ára, en segist þó fæddur árið 1874. Skírnar- og fæðingarvottorð hans hefur dómarinn ekki útvegað, en allur framburður hins ákærða hefur þann sannleiksblæ, að það virðist mega taka það trúanlegt, að hann hafi eigi verið yngri en 19 ára, þegar hann framdi þjófnaðinn.

Verknað hins ákærða hefur hjeraðsdómarinn rjettilega heimfært undir 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, en með tilliti til þess, að hinn ákærði hefur verið látinn sitja í gæzluvarðhaldi fulla 4 mánuði, eptir að hann hafði gefið fullkomna játningu og án þess að hann á nokkurn hátt gæfi tilefni til þess með breytni sinni, og hann að öðru leyti hefur hegðað sjer vel undir prófum málsins, en er unglingur, þykir mega lækka hegninguna með skýrskotun til 59. gr. hegningarlaganna ofan í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinn ákærði á að greiða allan kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði 4 kr. og

málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Að því er snertir meðferð málsins í hjeraði af hálfu undirdómarans, hefur þess þegar verið getið, að hann hafi látið ákærða sitja í gæzluvarðhaldi fulla 4 mánuði, eptir að hann hafi gefið skýra og fullnægjandi játningu, og verður að álíta þetta ástæðulaust og órjett; þá hefur þess og verið getið, að undirdómarinn hefur eigi útvegað skírnar- og fæðingarvottorð hins ákærða, og er þetta mjög vítavert, enda mátti honum vera jafn innanhandar að útvega þetta vottorð eins og t. d. hegningarvottorðið úr Strandasýslu. Þá hefur hann eigi sjálfur ásamt rjettarvottunum lýst áliti sínu um aldur ákærða, eins og fyrir er skipað í tilskipun 3. júní 1796, 38. gr. Undirdómarinn hefur eigi gefið verjanda hins ákærða í hjeraði formlegt skipunarbrjef, eins og venja er til, og sakamálið gegn ákærða hefur hann hötðað fyrir lögreglurjetti, en þó farið með það sem aukarjettarmál. Í dómsniðurlagið hefur hann sett terminus executionis, sem eigi á þar að vera. Að öðru leyti hefur meðferðin á málinu í hjeraði verið lögmæt, og þykir eigi ástæða til þess að sekta undirdómarann fyrir ofangreindar misfellur. Það vottast að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði, Hjörtur Elínmundarson, á að sæta 5 — fimm — daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan sakarkostnað bæði

í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði til Stefáns Th. Jónssonar 4 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1895: Ólafur Pjetursson
gegn
Bjarna Siggeirssyni, Lars Imsland, Jóni Runólfssyni og Gunnlaugi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn gegn hinum stefnda fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu til skaðabóta fyrir rof á samningi um húskaup, og var það dæmt í nefndum rjetti 8. okt. f. á. þannig, að stefndu voru algjörlega sýknaðir og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjunarstefnan er út gefin 6. febr. þ. á., og hefur áfrýjandinn krafizt þess fyrir yfirdóminum *aðallega*, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sjer skaðabætur in solidum allt að 1000 kr. eptir mati dómkvaddra óvilhallra manna og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, þar á meðal 193 kr. 32 a. í málskostnað fyrir undirdómi, og *til vara*, að stefndi Lars Imsland verði dæmdur

til að greiða sjer skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati, þó ekki yfir 1000 kr., og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sjer allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með 60 kr. eða einhverri nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Tilefni til máls þessa var það, að í apríl 1893 varð umtal um það milli áfrýjanda og hinna stefndu, að stefndu keyptu hús áfrýjanda á Þórarinsstaðaeyri í Seyðisfirði fyrir 1800 kr., er greiðast skyldu af 500 kr. í júnímánuði það ár. Skriflegur samningur um kaupin komst þó ekki á þá þegar, og síðar fór svo, að ekkert varð úr kaupunum, en áfrýjandi höfðaði þá skaðabótamál þetta á hendur hinum stefndu fyrir rof á samningi þeim, er hann áleit á kominn um hús-kaupin.

Hinir stefndu hafa haldið því fram, að enginn samningur hafi nokkurn tíma komizt á um hús-kaupin, hvorki munnlegur nje skriflegur, en þeir hafi að eins talað um að kaupa húsið af áfrýjanda, ef þeir fengju vissu fyrir því, að hreppsnefndin í Seyðisfjarðarhreppi, sem átti lóðina, er húsinu fylgdi, leyfði þeim að hafa Færeyingaúthald í húsinu og nota þannig húslóðina til hvers sem vera skyldi, meðan staðið væri í skilum með afgjaldið til hreppsins eptir lóðina, og í öðru lagi var það einnig tilskilið, að húsið skyldi leyst úr öllum veðböndum, er á því hvíldu, áður en kaup gjörðust. Þessi skýrsla eða viðurkenning stefndu

verður að leggjast til grundvallar fyrir dómi í málinu, þar sem áfrýjandinn hefur ekki fært neinar sönnur á, að neinn ákveðinn samningur hafi verið á kominn um húskaupin milli hans og stefndu. Það er nú hvorttveggja, að þetta umtal um kaup á húsi áfrýjanda gat tæplega álitizt skuldbindandi loforð af hendi stefndu, en þó svo væri álitið, þá má telja það upplýst, að stefndu hafi eigi getað náð samningum þeim við hreppsnefndina um notkun húslóðarinnar, er þeim þótti fullnægjandi og höfðu gjört að skilyrði fyrir húskaupunum, og gat því eigi fyrir það verið að ræða um neina skyldu af þeirra hendi samkvæmt loforðinu að kaupa umrætt hús. Það getur heldur eigi út af fyrir sig álitizt nein sönnun fyrir kaupum á húsinu af hendi stefndu, þótt einn þeirra í privatbrjefi til kunningja síns í Færeyjum, er skrifað var um það leyti, sem kaupin voru fyrirhuguð, en áður en samningar við hreppsnefndina virðast hafa verið fullreyndir, kæmist svo að orði, að hann hefði ásamt hinum öðrum stefndu keypt þetta hús, og bæði kunningja sinn að ráða til sín Færeyinga í húsið sumarið eptir, því að hann gekk eðlilega út frá því, þegar hann skrifaði brjefið, að kaupin mundu takast, enda vissi eigi, eptir því sem skýrt er frá í málinu, að hindranir myndu verða fyrir húskaupunum frá hreppsnefndarinnar hálfu eða á annan hátt. Það verður því eigi álitið, að hinir stefndu hafi verið skuldbundnir til að kaupa hús áfrýjanda, og getur því eigi orðið um neinar skaðabætur fyrir rof á kaupsamningi að ræða.

Það ber því að staðfesta undirrjettardóminn að aðalefni hans, og tellst yfirdómurinn einnig á málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu, Bjarni Siggeirsson, Lars Imsland, Jón Runólfsson og Gunnlaugur Jónsson eiga að vera sýknir fyrir kærum og kröfum áfrýjandans, Olafs Pjeturssonar. Málskostnaður falli niður.

Nr. 21/1895: Egill Gunnlaugsson
gegn
Erlendi Guðmundssyni.

Dómur:

Með gestarjettardómi Reykjavíkur 5. apríl þ. á. var áfrýjandinn Egill Gunnlaugsson í Arabæ í Reykjavík dæmdur til að greiða hinum stefnda, Erlendi bónda Guðmundssyni 40 kr. sem eptirstöðvar af borgun fyrir dvöl sonar Egils hjá stefnda veturinn 1892—93, er hann var við nám í Mýrarhúsabarnaskóla, svo og til að greiða stefnda í málskostnað 6 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. maí þ. á., og fengið gjafsókn og leyfi til að leggja fram ný skjöl og vitni, og hefur hann krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dómurinn verði felldur úr gildi og hann

sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða málaflutningsmanns hans. Hins vegar hefur stefndi krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirrjetti að skaðlausu eða eptir rjettarins mati, og *til vara*, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer 40 kr. eða 20—30 kr. fyrir fæði og þjónustu og að auk þess hæfilegt tillit verði tekið til fata þeirra, er hann hafi lagt syni áfrýjanda, og að áfrýjandi verði þá dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða eptir mati rjettarins.

Fyrir gestarjettinum mætti áfrýjandinn alls eigi, og færði því eigi nje ljet færa þar neina vörn fyrir sig, og dæmdi því undirdómarinn málið samkvæmt n. l. 1. — 4. — 32. og tilskipun 15. ágúst 1832, 8. gr. eptir skýrslu stefnda einni um málavöxtu, og tók til greina kröfu hans um fyrnefndar meðgjafareptirstöðvar, og þessa niðurstöðu undirdómarans verður yfirdómurinn að álíta rjetta, eins og málið lá fyrir undirdóminum, sjerstaklega þar sem álíta verður, að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt til gestarjettarins. Þar sem nú eigi er heimild til, gegn mótmælum stefnda, að taka til álita í yfirdóminum varnarástæður og neitanir málsatriða af hendi áfrýjanda, er eigi komu fram í undirdómi, án sjerstaks leyfis, en slíkt leyfi getur eigi talizt leyfi það, er áfrýjandi hefur fengið

til að leggja fram ný vitni og sönnunarskjöl, verður því ekkert tillit tekið til þess, er áfrýjandi hefur fram fært í málinu fyrir yfirdóminum, og ber þess vegna samkvæmt því sem áður hefur verið sagt um dóm undirdómarans að staðfesta gestarjettardóminn að því aðalefni málsins snertir. Að því málskostnað snertir á gestarjettardómurinn að vera óraskaður, og ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Að því málið hefur verið flutt með gjafsókn vottast, að málflutningurinn hefur verið lögmætur, en hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda verða eigi eptir úrslitum málsins greidd nein málflutningslaun.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Egill Gunnlaugsson, greiði stefnda, Erlendi Guðmundssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. septembermánaðar.

Nr. 15/1895: Rjettvísin
gegn
Þorsteini Stefánssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu, upp kveðnum 4. sept. f. á., var hinn ákærði Þorsteinn Stefánsson dæmdur samkvæmt analogíu 149. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan málskostnað, þar á meðal 5 kr. til verjanda hans í hjeraði. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði fyrir hinn ákærða og af hálfu hins opinbera.

Í máli þessu er hinn ákærði, sem er kominn undir sextugt og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið dæmdur fyrir neinn misverknað, sakaður um það, að hann hafi gjört sig sekan í röngum framburði fyrir rjetti og meinsæri, og eru atvik málsins þessi:

Árið 1892, hinn 17. júní var ákærði leiddur sem vitni í rannsókn gegn Skúla sýslumanni Thoroddsen um það, hvort nefndur sýslumaður hefði beitt ólöglegri þvingan gegn sakborningi einum. Hann skýrði þá frá því meðal annars, að hann myndi ekki til þess, að sakborningurinn, Sigurður Jóhannsson, auknefndur »Skurður«, hefði neitað að svara spurningum prófdómarans í rjettarhaldi 21. janúarmán. nefnt ár, nje heldur í rjettarhöldunum

23., 25. og 30. s. m., en við þessi rjettarhöld var ákærði rjettarvottur. Ákærði skýrði frá því, að rannsóknardómarinn hefði talað svo til Sigurðar, þegar hann í fyrsta sinni setti Sigurð upp á vatn og brauð: »Fyrst þú ekki vilt meðganga, verðurðu að lifa við vatn og brauð þangað til þú meðgengur; farið út með hann, piltar«. — Sama daginn og þetta próf var haldið, undirskrifaði hinn ákærði ásamt öðrum manni skýrslu, sem fer í nokkuð aðra átt en framburður hans fyrir rjettinum. Þannig lýsir hann því yfir, að Sigurður Jóhannsson hafi fleirsinnis sýnt þrjózku við rjettarhöldin, þannig, að hann hafi neitað að svara spurningum rannsóknardómarans; þetta átti sjer stað þau skipti, er dómarinn úrskurðaði Sigurði vatn og brauð. Þessi skýrsla var fram lögð í rjettinum af Skúla Thoroddsen hinn 18. júní 1892. Sama dag var hinn ákærði kallaður fyrir rjett, og skýrir þá frá, að hann hafi gefið skýrsluna eptir beiðni Skúla Thoroddsens eptir að búið var halda áður umtalað rjettarpróf yfir honum. Hafi Skúli spurt sig um, hvað hann hafi borið fyrir rjettinum, og sagði ákærði honum það af því, sem hann mundi, en skýrslan virðist þá þegar hafa verið orðin óljós fyrir ákærða. Í þessu rjettarhaldi kannast ákærði við það, að Sigurður Jóhannsson hafi verið settur upp á vatn og brauð 22. jan. 1892 og sleppt aptur 28. s. m., enn fremur kannast ákærði við, að hann hafi heyrt Sigurð einu sinni segja fyrir rjetti við dómarann, Skúla Thoroddsen: »Hvað eiga þessar sífelldu spurningar að þýða; jeg get

ekki verið að svara þeim lengur«. Hvenær þetta var, þóttist ákærði þá ekki muna, og ekki vissi hann neitt til þess, að Sigurður hefði optar færzt undan að svara prófdómaranum. Þegar hinum ákærða var bent á ósamhljóðan þá, sem er á milli hinnar skrifuðu skýrslu hans og framburðar hans í rjettinum þenna dag, getur hann enga grein gjört fyrir því, segir að það sje rjett, sem hann hafi borið í dag, en komi það í bága við greinda skriflega skýrslu eða annan framburð sinn, sje það minnisleysi eingöngu að kenna. Í næsta skipti var ákærði fyrir rjetti hinn 25. júní, og lýsti hann því þá skorinort yfir, að hann tæki aptur hinn fyrri framburð sinn um, »að Sigurður Jóhannsson hafi verið settur inn fyrir ekki að meðganga«, og sje hinn fyrri framburður sinn minnisleysi. Hinn 6. júlí 1892 staðfesti hinn ákærði með eiði vitnaskýrslur þær, sem hann þangað til hafði gefið í málinu. Við rjettarhald 12. okt. 1892 minntist ákærði þess, að Sigurður Jóhannsson hafi einu sinni neitað að svara Skúla sýslumanni Thoroddsen, og hafi Sigurður þá verið settur upp á vatn og brauð. Hinn ákærða minnir þá og, að Sigurður hafi í annað skipti neitað að svara sýslumanni, en man þó ekki eptir því, hvort hann þá hafi verið settur upp á vatn og brauð, og gat ákærði þess jafnframt, að þennan framburð sinn hafi hann staðfest með eiði hinn 6. júlí næst á undan. Sem sakborningur í eiginlegum skilningi virðist ákærði fyrst hafa mætt fyrir lögreglu-

rjetti 14. sept. 1893. Hann kannast nú við framburð sinn frá 17. júní 1892 og segir hann rjettan, en bætir því þó nú við, sem annars hefur þegar áður verið tekið fram, að Sigurður Jóhannsson hafi eitt sinn sagt við Skúla fyrir rjetti: »hvað eiga þessar eilífu spurningar að þýða, jeg get ekki verið að svara þeim lengur«, enda hafi Sigurður verið þrjózkur og afundinn, einkanlega í síðustu prófunum, þó ekki hafi hann beinlínis neitað að svara dómaranum, sbr. framburð ákærða 19. sept. 1893. — Hjer hafa verið raktar og tilgreindar skýrslur hins ákærða um meðferð Skúla Thoroddsens á hinu svo nefnda »Skurðsmáli«, en þá kemur til athugunar annar kafli þessa sakamáls, sem eru ýmsar skýrslur ákærða um meðferð Skúla sýslumanns Thoroddsens á sakamáli gegn Rögnvaldi Guðmundssyni, en ákærði var annar rjettarvotturinn við rjettarhöld þau, sem Skúli var sakaður um að hafa bókað rangt í rjettarbókina.

Hinn ákærði var kallaður fyrir rjett 12. okt. 1892. Hann kannaðist þá við, að hann hafi verið rjettarvottur í rannsókninni gegn Rögnvaldi Guðmundssyni, en man eigi hve opt, en eptir að mál var höfðað gegn Rögnvaldi, man ákærði ekki, að hann hafi verið vottur í því. Hann man eigi heldur, að Grímur Jónsson hafi nokkurn tíma mætt í málinu. Ekki man hann heldur til þess, að Rögnvaldur hafi mætt í málinu eptir að rannsókn þess var lokið. Hann man ekki að hann hafi handsalað Skúla Thoroddsen nafn sitt til undirskriptar, en hann minnir að hann hafi handsalað Kristjáni

Friðfinnssyni nafn sitt til undirskriptar einu sinni. Vitninu voru sýnd nöfn þess undir rjettarhöldunum 19. sept., 3. og 16. okt. 1891. Nafnið 16. okt. segist ákærði hafa skrifað, en muni þó ekki eptir rjettarhaldinu. Ákærði man eigi eptir, að hann hafi handsalað nafn sitt 19. sept., og kannast ekki við, að hönd hans sje undir rjettarhaldinu 3. okt. Í rjettarhaldi 24. okt. 1892 breytir ákærði framburði sínum að því leyti, að hann nú kannast við, að hafi einu sinni handsalað Skúla Thoroddsen nafn sitt til undirskriptar, en hvenær það hafi verið, man ákærði ekki. En næsta dag, hinn 25. okt., sendir sakborningur ásamt öðrum manni dómaranum skriflega skýrslu, þar sem þeir lýsa því yfir, að þeir hafi fleirsinnis verið rjettarvottar árið 1891 í sakamáli gegn Rögnvaldi Guðmundssyni, meðal annars við rjettarhöldin í septbr. og snemma í október, enn fremur, að þeir eptir nákvæma athugun muni, að þeir hafi mætt í rjettinum snemma í október Grímur Jónsson og Rögnvaldur Guðmundsson. Brjef þetta var fram lagt í rjettinum 31. okt. 1892, og kannaðist hinn ákærði við það fyrir rjetti 5. nóv. s. á. og staðfesti innihald þess að mestu leyti, nema hvað hann var ekki fastur á því, að Rögnvaldur hefði mætt í rjettinum 3. okt. 1891. Í sama rjettarhaldi kannaðist ákærði við það, að Skúli Thoroddsen hafi skrifað nafn sitt handsalað undir rjettarhaldið 19. sept. 1891 og Kristján Friðfinnsson undir rjettarhaldið 3. okt. s. á. Í rjettarhaldi 12. apríl 1893 kannaðist ákærði við það, að hann nú muni, að Grímur Jónsson

hefði mætt í Rögnvaldarmáli um miðjan september og að hann hafi beðið um frest í málinu til októbers 1891; svo skýrir hann nú og frá því, að Grímur Jónsson og Rögnvaldur Guðmundsson hafi báðir mætt í málinu 3. október s. á., en er þó eigi fastur á því, að Rögnvaldur hafi mætt þá. Í rjettarhaldi hinn 14. sept. 1893, þegar ákærði er í fyrsta sinn yfirheyrður sem sakborningur, tekur ákærði það fram, að hann nú muni að Rögnvaldur Guðmundsson hafi ekki mætt í máli sínu, eptir að það var tekið fyrir, og að hann þori ekki að fullyrða, að Grímur hafi mætt í málinu 19. sept. og 3. okt. 1891, enda muni nú eigi, hvort hann hafi sjálfur verið rjettarvottur við þessi rjettarhöld. Í rjettarhaldi 19. sept. 1893 endurtók ákærði þetta sama með þeirri viðbót, að hann þorði nú heldur ekki að fullyrða, að hann hefði handsalað Skúla Thoroddsen nafn sitt undir 19. sept. rjettarhaldið nje Kristjáni Friðfinnssyni 3. okt. s. á.

Eins og ákærði kemur fyrir í prófunum, virðist hann vera vitsmunasljór, kjarklítill og einkanlega minnislaus. Í málinu er einnig fram komið læknisvottorð frá árinu 1893 um, að ákærði hafi þá reynzt vera hjartveikur og taugaveiklaður, og annað vottorð (frá öðrum lækni), gefið 13. janúar 1894, um að hann hafi þá um nokkurn tíma haft snert af geðveiki (Hypochondri). Þegar nú litið er á allt þetta og á menntunarleysi ákærða, og hins vegar á það, hve langur tími var liðinn frá því, er það gjörðist, er hann var krafinn vitnis um, og eins hve langt leið opt milli prófanna í

málinu, þá verður það trúanlegt, sem ákærði hefur stöðugt haldið fram, að missagnir hans og óstöðugleiki í vitnaframburði hans hafi ekki stafað af illum vilja eða hafi orðið viljandi hjá honum, heldur hafi hann í hvert skipti borið eins og honum fannst satt og rjett vera í þann svipinn. Það þykir þó eigi rjett að láta ákærða sleppa með öllu við refsingu, heldur ber að heimfæra aðferð hans og framkomu undir analogíu 149. greinar almennra hegningarlaga, og álízt hún hæfilega metin 10 daga einfalt fangelsi. Svo verður hann og að greiða allan af sökinni leiðandi kostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málflutningslaun til verjanda í hjeraði 5 kr. og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Þorsteinn Stefánsson, á að sæta 10 — tíu — daga einföldu fangelsi og greiða allan sakarkostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til verjanda í hjeraði, konsúls Sigfúsar Bjarnarson, 5 kr., og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 19/1895: Skapti Jósepsson
gegn
Júlíusi Havsteen.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í hjeraði samkvæmt skipun landshöfðingja og að fenginni gjafsókn, amtmaður Júlíus Havsteen gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins »Austra« Skapta Jósepssyni út af ærumeiðingum í grein nokkurri með inngangsorðunum: »Meistara Eiríks Magnússonarmálið« í 29. tölublaði blaðs þessa, er út kom 28. okt. 1892, og var málið dæmt í aukarjetti Norður-Múlasýslu hinn 21. ágústmán. f. á., þannig, að áfrýjandinn var með tilvísun til 218. sbr. 217. gr. almennra hegningarlaga dæmdur í 80 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 24 daga einfalt fangelsi, svo var og fyrirtjeð blaðgrein dæmd dauð og ómerk í heild sinni og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns stefnda, sýsluskrifara Jóns Runólfssonar, 20 krónur.

Dómi þessum var fyrst skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. nóv. f. á., en málinu var þá frá vísað með dómi yfirdómsins 25. marz þ. á., og er því nú í annað sinn áfrýjað með stefnu, dags. 22. apríl þ. á. Áfrýjandi hefur krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undirdómi, en *til vara*, að dómurinn verði úr gildi felldur og áfrýj-

andi algjörlega sýknaður eða sektin lækkuð, og loks að umboðsmaður stefnda fyrir undirdóminum, sýsluskrifari Jón Runólfsson, verði dæmdur í sektir fyrir, að hafa flutt þetta mál fyrir rjetti hjá yfirboðurum sínum og að orðin í sóknarskjali hans fyrir undirdóminum »stráksskaparblær«, »hvefsni« og »flapur« verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir þau. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar hjá stefnda með nægilegri upphæð. Hinn stefndi hefur gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öllu leyti og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað svo sem málið væri eigi flutt með gjafvörn, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hans fyrir yfirdómi.

Það er eigi ástæða til að dæma undirdóminn ómerkan eða vísa málinu frá undirrjettinum fyrir þá sök, þótt umboðsmaður sækjanda þar (stefnda) eða hinn skipaði talsmaður hans væri skrifari bæði hjá sýslumanni þeim, er fyrst fór með málið, og þeim, er síðar dæmdi það, og þar sem tilskipun 8. jan. 1802, er leggur bann við því, að skrifarar dómara flytji mál fyrir rjetti hjá yfirboðurum sínum, eigi var gefin fyrir Ísland upphaflega, nje hefur síðan verið lögleidd hjer á landi, enda hefur eigi verið birt hjer — en áfrýjandi hefur vitnað til tilskipunar þessarar — þá verður tjeður talsmaður stefnda heldur eigi dæmdur í sekt fyrir greindan málflutning sinn. Eigi verður heldur tekin til greina ómerkingarkrafa áfrýjanda, að því leyti hún byggist á því, að dómkrafa stefnda fyrir

undirdóminum hafi verið of óákveðin eða almenn, því að hann þurfti eigi að taka beint fram í stefnunni eða sókn sinni, hver einstök orð eða setningar hann áliti meiðandi fyrir sig, úr því að grein sú, er hann byggði á málssókn sína og sem hann áleit í heild sinni og í hverjum einstökum lið meiðandi og óvirðandi fyrir sig, var nægilega auðkennd.

Að því er aðalefni málsins snertir eða hina umstefndu grein í blaðinu »Austra«, sem byrjar með orðunum: »Meistara Eiríks Magnússonar málið er nú víst að lognhattast út af við lítinn orðstýr«, þá miðar greinin að því að gjöra lítið úr sakamálsrannsókn nokkurri, er stefndi hafði sem amtmaður látið hefja og halda fram, og er í greininni gefið í skyn, að rannsókn þessi hafi verið mjög svo óþörf og ekki til annars en kostnaðar fyrir landið, og segir meðal annars í greininni, »að nú með síðustu skipum frá útlöndum er oss skrifað, að sá röggsamlegi amtmaður Júlíus Havsteen, sem er frumkvöðull þessarar löngu rannsóknar og á með rjettu allan heiðurinn af henni, — hafi fengið ofanígjöf frá hinu íslenzka ráðaneyti fyrir alla frammistöðuna í málinu og verið skipað að láta hætta við það. Vjer viljum ekki ábyrgjast að svo sje, en þetta kemur alveg heim við það« o. s. frv. Þessi frásögn um ofanígjöf, er amtmaðurinn hafi átt að fá frá ráðaneytinu, er nú að vísu röng eptir því sem upplýst er í málinu af stefnda hálfu, en samt sem áður verður áfrýjandinn ekki látinn sæta ábyrgð fyrir hana, með því

að hún getur eigi talizt saknæm ærumeiðing, og þar sem hin átalda grein heldur eigi að öðru leyti getur álitizt ærumeiðandi að lögum fyrir stefnda, ber að dæma áfrýjandann sýknan af kærum stefnda í þessu tilliti. Kröfu áfrýjanda um ómerking nokkurra orða í sóknarskjölum umboðsmanns sækjanda í undirrjettinum þykir eigi næg ástæða til að taka til greina. Málskostnaður fyrir báðum rjettum þykir eptir atvikum rjett að falli niður, og verður hinum skipaða málflutningsmanni stefnda fyrir yfirdómi eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málflutningslaun. Það vottast, að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skapti Jósepsson, á fyrir kæru stefnda, amtmanns Júlíusar Havsteen, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Nr. 54/1894: Árni prestur Jónsson
gegn
Sigurði Sigurjónssyni og
Bóthildi Hansdóttur.

Dómur:

Landamerkjamál þetta er í hjeraði höfðað af eigendum Geirastaða gegn prestinum Árna Jónssyni, sem hefur kirkjujörðina Vindbelg að ljeni

út af merkjum milli þessara jarða, og var málið dæmt í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu hinn 30. júní 1893 á þá leið, að landamerki milli jarðanna skuli vera: »Bein stefna úr Kerlingarnesi yfir hæsta brjóst Vindbelgjarfjalls á hæsta stað þess fjalls. Þaðan bein stefna í Helguhól«, og er með þessum dómi samþykkt merkjalína hinna stefndu. Auk þess ákvað dómurinn, að dagpeningar dómsmanna, 42 kr. að upphæð, ásamt ferðakostnaðarreikningi oddvita skyldu greiðast að hálfu af hinum stefndu, eigendum Geirastaða, og að hálfu úr landssjóði.

Árni prestur Jónsson, beneficiarius á Skútustöðum og jafnframt umráðamaður yfir kirkjujörðinni Vindbelg, hefur að fenginni gjafsókn áfrýjað ofangreindum dómi til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. desbr. 1894, eptir að eldri áfrýjun á málinu af hans hendi hafði verið hrundið af rjettinum og henni frá vísað, og hefur hann nú gjört þær rjettarkröfur, *að* hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði úr gildi felldur og *að* eigendur Geirastaða verði in solidum dæmdir til að greiða allan kostnað máls þessa fyrir landamerkjadómi og yfirdómi að skaðlausu, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með taldar 50 kr., sem kaup til hins skipaða málflutningsmanns sækjanda. Hinir stefndu hafa eigi mætt sjálfir, nje aðrir fyrir þeirra hönd, og verður að dæma málið eptir framlögðum skýrslum og skilríkjum.

Málsaðilum kemur saman um, að landamerki milli jarðanna sjeu bein stefna úr Kerlingarnesi á

hátopp Vindbelgjarfjalls, en úr því eru þeir eigi ásáttir. Hinir stefndu halda því fram, að þaðan sjeu merkin bein lína í Helguhól og þaðan beint vestur í Sandvatn móti Grimsstaðalandi við svo kallaðan Brennukílskjapt. Í dóminum er þó eigi dæmt um merki lengra en í Helguhól, því að hinir stefndu hafa frá fallið því, en annars hefur dómurinn tekið merkjalínu þeirra til greina. Áfrýjandinn, umráðamaður Vindbelgjar, álítur þar á á móti merkin eiga að vera úr hátopp Belgjarfjalls beint í botninn á Brennukíl, og þaðan eptir kílnum út í Sandvatn

Með vitnaleiðslu þeirri, sem fram hefur farið í málinu, er það nægilega sannað, að þrætulandið hafi verið brúkað frá Vindbelg meiri part yfirstandandi aldar átölulaust af öðrum, unz Bóthildur Hansdóttir, eigandi Geirastaða, fór að gjöra tilkall til þess fyrir rúmlega 8 árum, en af því leiddi þessi málarekstur. Fyrir þann tíma virðast Geirastaða-eigendur hafa viðurkennt brúkunina af Vindbelgjar hálfu lögmæta. Önnur skilríki en þessir vitnisburðir, hafa eigi komið fram í málinu, svo að þau hafi nokkra þýðingu, nema ef til vill lögfesta nokkur fyrir Vindbelgjarlandi, lögð fram af hinum stefndu í máli þess. Lögfestan tjáist útgefin af prestinum til Múlastaðar, Gísla Einarssyni; hún er ekki undirskrifuð af honum, en lestur hennar við kirkju á Skútustöðum 30. maí 1699 er vottað með 4 undirskriptum. En á þessu skjali verður heldur eigi neitt byggt. Því að auk þess sem óvíst er um rjettleik (authenti) skjalsins, eins og

það liggur fyrir í málinu — það hefur eigi verið lagt fram sjálft í yfirdóminum, en er að eins inn fært í dómsgjörðirnar — þá er innihald þess svo, að Geirastaðir eru þar eigi nefndir á nafn og ekkert beinlínis ákveðið um landamerki gagnvart þeim. Og að vísu er þrætulandið þar eigi talið innan merkja Vindbelgjar, en það er þar fyrir vel hugsanlegt, að það hafi þó eigi legið undir Geirastaði í lögfestunnar tíð, heldur undir aðra jörð svo sem t. d. Grímsstaði, eða þá verið partur af eyðijörð nokkurri, er álitið er, að legið hafi í fyrndinni einmitt milli Geirastaða og Vindbelgjar. Stefndu geta því eigi með lögfestu þessari álitizt hafa fært þær sönnur á eignarrjett sinn að þrætulandinu sem tilheyrandi Geirastöðum, er ákvæðið í Jónsb. landsl.b. 26. kap. i f. útheimtir.

Samkvæmt hinu framanritaða þykir landamerkjadómurinn eigi hafa haft nægilega heimild til þess að dæma undir Geirastaði þrætulandið, sem var notað og hafði lengi verið notað frá Vindbelg, og verður því að ónýta dóminn og vísa málinu heim. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður. — Það vottast, að málsfærslan í hjeraði og sókn málsins við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur, og vísast málinu heim aptur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 7. októbermánaðar.

Nr. 40/1895: Rjettvísin gegn Guðmundi Þorsteinssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar 31. júlí þ. á. var hinn ákærði Guðmundur prentari Þorsteinsson (yngri) hjer í bænum dæmdur fyrir skjalafölsun til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði og til að greiða verzlunarstjóra Jóni Norðmann fyrir hönd Knudtzons verzlunar 2 kr. í skaðabætur, svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til svaramanns síns fyrir aukarjettinum cand. juris Magnúsar Jónssonar, 4. kr. Dómi þessum hefur eptir ósk ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að föstudaginn fyrir hvítasunnu í vor skrifaði hann 6 falsaðar ávísanir upp á verzlanir hjer í bænum, sína ávísunina upp á hverja verzlun, og reyndi að fá út á þær í verzlununum. Ávísanirnar voru gefnar út undir nafni 3 utanbæjarmanna og hljóðuðu upp á borgun til ákærða. Þær voru að upphæð 5 kr. hver nema ein, sem hljóðaði upp á 2 kr., til Knudtzons verzlunar, og var hún sú eina af ávísununum, sem ákærði fjekk svarað út á, og tók hann út á hana tóbak, sykur og brennivín, sem hann eyddi. Hinar ávísanirnar vildu ekki hlutaðeigandi verzlunar-

forstjórar svara út á, sumpart vegna þess, að þá grunaði, að þær væru falsaðar, og sumpart af því að þeir, sem undir ávísanirnar voru skrifaðir sem útgefendur, voru þar eigi í reikningi.

Ákærði, sem er fæddur 27. júlí 1866, hefur 4 sinnum áður sætt refsingu samkvæmt hegningarlögunum, nefnilega 3 sinnum fyrir þjófnað samkvæmt landsyfirrjettardómi 15. okt. 1883 (40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi), aukarjettardómi Reykjavíkur 18. apríl 1884 (80 daga samskonar fangelsi) og landsyfirrjettardómi 18. ágúst 1884 (2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð). Í 4. skiptið var hann dæmdur fyrir skjalafals samkvæmt landsyfirrjettardómi 21. marz 1887 í 5 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Refsing sú, er ákærði nú hefur til unnið, þykir samkvæmt 270. gr. almennra hegningarlaga hæfilega metin af undirdómaranum 8 mánaða betrunarhússvinna, enda er engin ástæða til að ætla, að ákærði hafi ekki verið fullkomlega með sjálfum sjer, þegar hann vann verkið, eptir því sem fram er komið í málinu. Yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins og ákvæði hans um skaðabætur, og ber því að staðfesta dóminn í heild sinni. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þarmeð talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar skaðabætur greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að tullnægja undir aðför að lögum.

Pálmi prestur Þóroddsson
fyrir ljensjörðina Höfða
gegn
Jóni Þorkelssyni
Nr. 17/1895: fyrir bændaeignina 1/2 Bæ.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað af Jóni bónda Þorkelssyni, sem er eigandi að 1/2 jörðinni Bæ, gegn prestinum Pálma Þóroddssyni sem umráðamanni yfir prests-ljensjörðinni Höfða, út af landamerkjum milli tjeðra jarða, og var málið dæmt í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 9. sept. 1893, og landamerki ákveðin milli Bæjar og Höfða; auk þess var allur málskostnaður, 151 kr. 73 a., lagður á áfrýjanda.

Presturinn Pálmi Þóroddsson hefur áfrýjað málinu hingað vegna Höfða-staðar með stefnu 9. apríl 1895, og hefur hann fengið til þess uppreisn og gjafsókn og skipaðan málflutningsmann; hann hafði og í hjeraði fengið gjafvörn. Hann hefur nú fyrir yfirdóminum krafizt þess, að merkjadómurinn verði dæmdur ómerkur, en til vara, að málskostnaðarákvæði merkjadómsins verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða 151 kr. 73 a. sem merkjadómskostnað, og hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að stefndi greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað með 100 kr., þar með talin málflutningslaun til hins skipaða málflutningsmanns hans. Hinn stefndi, Jón Þorkelsson, hefur eigi mætt nje látið mæta hjer fyrir rjettinum, þótt löglega sje stefndur, og verður því að dæma málið eptir hinum framlögðu skjölum og sönnunargögnum samkvæmt N. L. 1—4 — 32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Það kemur greinilega fram í málsskjölunum, að 2 eru eigendur að jörðinni Bæ, hvor að helmingi. Landamerkjamálið er þó að eins höfðað og rekið af öðrum eigandanum, Jóni Þorkelssyni, en allt að einu hljóðar landmerkjadómurinn um jörðina Bæ alla. Þetta er lögleysa samkvæmt 13. gr. sbr. 7. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882, og verður að ónýta dóminn samkvæmt 12. gr. sömu laga og heimvísa málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður, og greiðast 15 kr. af almannafje sem málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda fyrir yfir-

dómi. Að því leyti málið í hjeraði hefur verið varið með gjafvörn og fyrir yfirdómi sótt með gjafsókn, hefur rekstur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur og heimvísast málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, en sem málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, Eggerts Briem, greiðast af almannafje 15 krónur.

Nr. 36/1894: Sigfús Sveinbjarnarson gegn Birni Bjarnarsyni, Þórði Ögmundssyni og Sigurði Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd bændanna Björns Bjarnarsonar, Þórðar Ögmundssonar og Sigurðar Þorsteinssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af hótunar- og ógnunarorðum hans við tjeða 3 bændur, og var dómur upp kveðinn í því af gestarjettinum 21. sept. 1893 á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða sekt til landssjóðs samkvæmt 212. gr. almennra hegningarlaga 100 kr. eða sæta einföldu fangelsi í 30 daga og

sem málskostnað 420 kr. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi þessa rjettar 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að hinir stefndu verði, hvernig sem fer, dæmdir til in solidum að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinir stefndu hafa, eptir að kröfu þeirra um frávísun málsins frá yfirdóminum hefur verið hrundið með úrskurði þessa rjettar, upp kveðnum 18. marz þ. á., nú krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hinum stefndu 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Kröfu sína um ómerking hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því, að málið hafi ranglega verið rekið fyrir gestarjetti og að sáttaumleitun sú, sem fram fór fyrir gestarjettinum, hafi ekki verið lögleg sáttaumleitun í málinu. Það verður og að álíta það rjett, að skilyrði fyrir gestarjettarmeðferð á málinu hafi eigi verið fyrir hendi, því að af málsskjölunum má sjá það, að málspartar báðir, eigi síður áfrýjandi en stefndi, hafa verið heimilisfastir í þinghánni; sáttaumleitun átti því að fara fram fyrir hinni reglulegu sáttanefnd. Það verður því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan

og vísa málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 37/1894: Sigfús G. Sveinbjarnarson
gegn
Konráði Hjálmarssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Konráðs Hjálmarssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum 19. sept. 1893 á þá leið, að Sigfús var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi, enn fremur til að borga 50 kr. í málskostnað og hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að stefndi

verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins, og loksins, að nokkur orð verði dæmd ómerk, sem sje grey, tetur, aumingi, græningi, er umboðsmaður hins stefnda hefur haft um áfrýjanda fyrir gestarjettinum. Hinn stefndi, Konráð Hjálmarsson, hefur, eptir að kröfu hans um frávísun málsins var hrundið með úrskurði þessa rjettar, upp kveðnum 18. marz þ. á., krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Kröfu sína um ómerking hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því, að málið hafi ranglega verið rekið fyrir gestarjetti, og að sáttaumleitun sú sem fram fór fyrir gestarjettinum, hafi ekki verið lögleg sáttaumleitun í málinu. Það verður og að álíta það rjett, að skilyrði fyrir gestarjettarmeðferð á málinu hafi eigi verið fyrir hendi, því að af málsskjölunum virðist það ljóst, að málspartar báðir, eigi síður áfrýjandi en hinn stefndi, hafi verið heimilisfastir í þinghánni. Sáttaumleitun átti því að fara fram fyrir hinni reglulegu sáttanefnd. — Það verður því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá gestarjettinum. Hin tilgreindu orð umboðsmanns hins stefnda (í hjeraði) um áfrýjandann, grey, tetur, aumingi, græningi, eru ástæðulaus og óvirðandi, og ber að dæma þau ómerk. Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum; hin ofantilgreindu óvirðingarorð eiga að vera dauð og ómerk. Málskostnaður falli niður.

Nr. 35/1894: Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
Birni Bjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Björns Bjarnarsonar á Krossi gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum hinn 20. sept. 1893 á þá leið, að hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk, og að Sigfús Sveinbjarnarson var dæmdur til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, en til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi svo og til að greiða 50 kr. í málskostnað. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og gjört þær rjettarkröfur, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að hinu stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir

báðum rjettum með 100 kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur, eptir að aðalkröfu hans um frávísun málsins var hrundið með úrskurði þessa rjettar, upp kveðnum 18. marz þ. á., nú krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Kröfu sína um ómerking hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því, að málið hafi ranglega verið rekið fyrir gestarjetti, og að sáttaumleitun sú, sem fram fór fyrir gestarjettinum, hafi ekki verið lögleg sáttaumleitun í málinu. Það verður og að álíta það rjett, að skilyrði fyrir gestarjettarmeðferð á málinu hafi eigi verið fyrir hendi, því að af málsskjölunum má sjá það, að málspartar báðir, eigi síður áfrýjandi en stefndi, hafa verið heimilisfastir í þinghánni; sáttaumleitun átti því að fara fram fyrir hinni reglulegu sáttanefnd.

Það verður því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá gestarjettinum. Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. októbermánaðar.

Nr. 16/1895: Hreppsnefnd Barðastrandarhrepps
gegn
Einari J. Thoroddsen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Einari Jónssyni Thoroddsen gegn hreppsnefndinni í Barðastrandarhreppi til lúkningar á 102 krónum, sem Einar telur til hjá hreppsnefndinni. Var málið dæmt í hjeraði 2. októbermán. f. á. með þeim úrslitum, að hreppsnefndinni var gjört að greiða Einari nefnda upphæð með 5 % vöxtum frá 15. sept. 1891 — en þá var málið síðast kært til sætta — til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefur hreppsnefnd Barðastrandarhrepps áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 1. apríl þ. á., og hefur hún fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann. Hefur áfrýjandi krafizt að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum. Hins vegar hefur stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað.

Með brjefi 6. maí 1880 rituðu þeir Jón Guðmundsson í Haga og Guðmundur Jónsson á Hamri stefnda brjef þess efnis, að hann vildi leyfa ekkjunni Guðbjörgu Friðriksdóttur að hýrast árlangt — 1880—81 — á eignarjörð hans, Efri-Rauðsdal, er þá var laus, með þeim vinnukröptum, er þeir álitu

nægja til að yrkja jörðina, og kváðust þeir ekki skorast undan að hafa á höndum umsjón og, ef hann krefðist þess, ábyrgð á jarðarhúsunum, kúgildunum og eptirgjaldinu árið 1880—81. Nefndir menn, sem báðir voru í hreppsnefnd Barðastrandarhrepps, rituðu sig undir brjefið hreppsnefndarmenn. Stefndi ljet samkvæmt þessum tilmælum þeirra jörðina fala. Var hún síðan 7. júní 1880 tekin út í hendur hreppsnefndar Barðastrandarhrepps, og má álíta það sannað, þar sem oddviti hennar var viðstaddur úttektina og ritaði nafn sitt undir hana í nafni eða fyrir hönd hreppsnefndarinnar. 27. maí 1881 var jörðin aptur tekin út, þegar Guðbjörg sleppti henni, og hreppsnefndin var í úttektargjörðinni talin afhendandi. Samkvæmt gjörð þessari var óborgað álag á jörðina talið 102 kr., og er það þessi álagsupphæð, sem stefndi krefur hreppsnefndina um. Hreppsnefndin hefur færzt undan að greiða álagið einkum og sjer í lagi vegna þess, að þessa 2 hreppsnefndarmenn hafi brostið heimild til að skuldbinda hreppssjóðinn á þessa leið, enda sje ekki í brjefinu 6. maí 1880 einu orði minnzt á hreppsnefndina, og verði þeir Jón Guðmundsson og Guðmundur Jónsson því sjálfir að ábyrgjast álagið.

Það er nú að vísu svo, að brjefið nefnir ekki hreppsnefndina eða sveitarsjóð, en þar sem nefndir 2 menn hafa undirskrifað sig hreppsnefndarmenn, þá virðist ekki, að litið verði öðruvísi á, en að þeir hafi ætlað að skuldbinda hreppssjóðinn, og stefndi hlaut að skilja brjefið þannig, enda styrkist

þetta við það, að hinn þriðji hreppsnefndarmaður, oddvitinn sjálfur, var við úttektina 1880 og ritaði undir hana fyrir hönd hreppsnefndarinnar. Að vísu sjest ekki, hvort nokkur af hreppsnefndarinnar hálfu hefir verið við hina síðari úttektina, en nefndin hefur ekki mótmælt gildi úttektarinnar fyrir þessa sök. Og með því hreppsnefndin ekki hefur andmælt upphæðinni 102 kr., þá virðist rjett að dæma hana til að greiða þessa upphæð með 5 % vöxtum frá 15. sept. 1891 og til þess greitt verður. Það verður því samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm einnig að því málskostnað snertir — en stefndi hafði gjafsókn í hjeraði. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður og verður eptir þessum úrslitum málsins hinum skipaða talsmanni áfrýjanda ekki greidd nein málflutningslaun.

Þótt málið, sem hefur verið sótt með gjafsókn fyrir báðum dómum, hafi orðið mjög seinfara í hjeraði, þá verður þó engum gjörð ábyrgð fyrir það; fyrir yfirdómi hefur málið verið flutt löglega.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að við lagðri aðför að lögum.

Nr. 5/1895: Jón Bergsson
gegn
sjera Magnúsi Blöndal Jónssyni.

Dómur:

Í máli nokkru, sem Jón bóndi Bergsson á Egilstöðum höfðaði fyrir aukarjetti Suður-Múlasýslu gegn sjera Magnúsi Jónssyni Blöndal á Vallanesi út af prests- og kirkjugjöldum, er sjera Magnús krafði Jón Bergsson um, kvað sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hinn 13. ágúst 1894 upp dóm, og er dómsniðurlagið svo hljóðandi:

»Jón Bergsson á Egilsstöðum (ɔ: stefnandinn) á að borga öll venjuleg prests- og kirkjugjöld til Vallanesskirkju fyrir umliðin ár, sem enn eru ógreidd af honum, og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með 38 kr. til sjera Magnúsar Bl. Jónssonar á Vallanesi og til sýslumanns eptir úrskurðuðum reikningi. — Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum«.

Dómi þessum hefur Jón Bergsson skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 6. febr. þ. á., en dómurinn í heild sinni er svo óákveðinn, þar sem eigi eru tilgreindar upphæðir þær, er greiða skal, nje heldur neinn áreiðanlegur mælikvarði, er megi reikna þær eptir, að hann verður að teljast óendanlegur samkvæmt N. L. 1—5—12, og verður að fella hann úr gildi sem ógleysu. Með því að hjeraðsdómaranum hefur eigi verið stefnt til að ábyrgjast dóm sinn, verður málskostnaður að falla niður. Að því leyti málið hefur verið

gjafsóknarmál í hjeraði og fyrir yfirdómi vottast, að það hefur fyrir báðum rjettum verið varið forsvaranlega. Hinum skipaða talsmanni hins stefnda fyrir yfirdóminum verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd nein málflutningslaun.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. októbermánaðar.

Nr. 9/1895: Arnljótur prestur Ólafsson
gegn
Ólafi presti Petersen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Ólafi Petersen presti að Svalbarði gegn Arnljóti Ólafssyni presti að Sauðanesi út af skuld, er hann taldi til hjá sjera Arnljóti fyrir prestsþjónustu í Sauðanesprestakalli fardagaárið 1889—90, að upphæð kr. 365,28. Var það dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 15. septbr. f. á. með þeim úrslitum, að sjera Arnljóti Ólafssyni var gjört að greiða Ólafi presti Petersen 365 kr. 28 a. með 5 % vöxtum frá 21. júní f. á. til þess greitt er, svo og allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi og úrskurði, er kveðinn var upp undir rekstri málsins 24. júlí f. á., hefur Arnljótur

prestur Ólafsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 1. marzmán. þ. á., og krafizt:

Aðallega: að úrskurðurinn frá 24. júlí f. á. og dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað frá undirrjetti, en til vara: að hann verði algjörlega sýkn dæmdur af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, en stefndi dæmdur til að lúka öllum málskostnaði með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur og úrskurður verði algjörlega staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Mál þetta er þannig vaxið:

Hinn 26. sept. 1889 fjekk áfrýjandi þessa máls veitingu fyrir Sauðanesbrauði frá fardögum s. á. að telja, en með því brauðið var óveitt í fardögum 1889 skipaði hlutaðeigandi hjeraðsprófastur stefnda, Ólaf prest Petersen, til að þjóna því ásamt hans eigin prestakalli, þangað til nýr prestur kæmi, gegn endurgjaldi af tekjum brauðsins eptir tilskipun 3. febr. 1836 IV, og þjónaði hann brauðinu þangað til áfrýjandi kom til brauðsins litlu eptir fardaga 1890. Í máli, sem áfrýjandi hafði höfðað gegn ekkju prófasts Vigfúsar Sigurðssonar, sem var prestur að Sauðanesi næstur á undan áfrýjanda, hafði hann talið tekjurnar þannig:

1. Sóknartekjur . . . . . kr. 732,37
2. Eptirgjald eptir hálfan Sauðanesstað með hlunnindum hans . . . — 1686,74

samtals kr. 2419,11

Frá þessum tekjum hefur stefndi dregið:

1.	Tilkostnað við þjónustu brauðsins	kr. 120,00
2.	Árgjald af brauðinu	— 500,00
3.	Afborgun og vexti af láni til steinhúss	— 240,00
		kr. 860,00

Verða þá eptir kr. 1559,11, sem stefndi kveðst eiga að hafa helminginn af, eða . . . . kr. 779,55½ og er þar við bætist tilkostnaður hans við þjónustu brauðsins . . . . . — 120,00

verður tekjuupphæð sú, sem hann krefst kr. 899,55

en þar frá dregst það sem stefndi þegar hefur fengið . . . . . — 534,27

Eptirstöðvar . . . . . kr. 365,28

sem stefndi í þessu máli hefur lögsótt áfrýjanda til að greiða.

Við 1. rjettarhald í málinu lýsti áfrýjandi því þegar yfir, að hann að svo stöddu fyndi enga ástæðu til að fara út í sjálft málefnið og krafðist þess, að málinu yrði ex officio frá vísað sökum þess, að sáttalöggjöfinni hefði ekki verið fullnægt, með því að málið, er sáttaumleitun fór fram, hafi ekki verið fullþroskað til sóknar, þar sem tekjurnar hafi enn verið óákveðnar að því snerti afgjaldið af Sauðanesstað með hlunnindum, en þessu mótmælti stefndi.

Um þessa kröfu áfrýjanda úrskurðaði dómarinn 24. júlí næst eptir, að hún skyldi ekki tekin til greina, en að málið skyldi tekið upp til framhaldsmeðferðar ex oficio. Þessum úrskurði hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins ásamt dóminum í

málinu og krafizt, að hann verði úr gildi felldur og málinu vísað frá undirrjetti.

Málsaðila greinir ekki á um upphæð þá, sem hálfur Sauðanesstaður með hlunnindum var leigður fyrir, en með því að í máli lenti milli áfrýjanda og ábúanda staðarins út af þessu eptirgjaldi, þar sem ábúandinn taldi sig eiga skaðabótakröfu á hendur áfrýjanda, og því ekki vildi greiða afgjaldið nema með frádrætti, færðist áfrýjandi undan að greiða stefnda það, sem hann taldi til skuldar hjá honum fyrir prestsþjónustu í Sauðanesbrauði, af þeirri ástæðu, að ekki væri enn útkljáð nefnt mál, og því væri enn ekki tími til kominn fyrir stefnda að heimta neitt af sjer, og að sáttaumleitunin hefði farið of snemma fram og væri því ómerk. En með því hinn þjónandi prestur ófefað átti tilkall einnig til hluta af afgjaldi Sauðanesstaðar og átti heimting á að fá hann greiddan að aflokinni prestsþjónustu sinni í Sauðanesprestakalli, þá gat sáttatilraunin ekki verið ógild, þótt ekki væri enn útkljáð mál snertandi viðskipti áfrýjanda við ábúanda jarðarinnar, er stefndi alls ekki var við riðinn. Það er því ekki ástæða til þess að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð.

Eins og áður sagt, var málið, eptir að úrskurðurinn 24. júlí var upp kveðinn, tekið aptur til meðferðar. Hjelt þá áfrýjandi enn fram kröfu, að því formhlið málsins snerti, og krafðist enn, að málinu yrði vísað frá fyrir þá sök, að úrslit málsins ættu ekki undir dómstólana, tilskipun 3. febr. 1836 IV. Að vísu var áfrýjanda óheimilt að haga

málsvörn sinni þannig, þar sem hann ekki, er hann kom fram með fyrri frávísunarkröfu sína, geymdi sjer rjett til, ef henni ekki yrði sinnt, að koma fram með aðra frávísunarkröfu, og stefnda því ekki var gefinn kostur á eða tilefni til að mótmæla slíkri málsvörn og þá heldur ekki til að samþykkja hana. En með því þessari frávísunarkröfu er þannig varið, að dómstólarnir ex officio eiga að taka hana til greina, ef hún á við rök að styðjast, þá verður að taka til álita, hvort málinu ber að vísa frá af nefndri ástæðu.

Tilskipun 3. febr. 1836 IV ákveður, að þegar einhver er settur um stund til að stjórna einhverju embætti, þá skuli hann frá því að hinn virkilegi embættismaður er útnefndur og þangað til hann tekst embættið á hendur, ef góðmótlegum samningi þeirra á milli eigi verður til leiðar komið, hafa rjett til að njóta helmings bæði af hinum föstu launum embættisins og af öllum óvissum tekjum þess. Milli málsparta í þessu máli er nú enginn ágreiningur um, að hinum setta presti beri helmingurinn af *þessum* tekjum. En þá greinir á um þann hluta teknanna, sem innifalinn er í afrakstrinum af hálfum Sauðanesstað og sem ekki í lögum er ákveðið um, hve mikill skuli vera handa hinum þjónanda presti, heldur falið háyfirvaldinu að meta. Með því nú nýnefnd tilskipun mælir svo fyrir, að ef nokkur þræta verður milli embættismannsins og hins setta (þjónandi) embættismanns um skipti á embættistekjum, þá skuli

ekki dómstólarnir heldur háyfirvaldið gjöra út um þá þrætu, þá ber að fella dóminn úr gildi og vísa máli þessu frá hjeraðsdómi.

Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður. Hin átöldu ummæli málflutningsmanns stefnda um áfrýjanda, sem sje: »að hann með því dæmalausasta ofríki sölsaði undir sig þau afnot Sauðanesstaðar, sem Sigríður hafði tekið á leigu« og »þessum skuldseiga hempuþjón á Sauðanesi« skulu samkvæmt kröfu áfrýjanda dæmd dauð og ómerk.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ógildur og vísast máli þessu frá hjeraðsdóminum. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Hin átöldu móðgunaryrði skulu dauð og ómerk.

Mánudaginn 4. nóvembermán.

Nr. 44/1895: Rjettvísin gegn Bersa Sighvatssyni, Sigurði Ólafssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu 19. okt. f. á. var ákærði Bersi Sighvatsson bóndi á Brekkuborg dæmdur fyrir skjalafölsun og fyrir afmörkun

á lambi samkvæmt 270. og 230. gr. almennra hegningarlaga í 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða iðgjöld hins stolna lambs til Sigurðar Ólafssonar 8 kr. og allan kostnað við málið, þar á meðal 10 kr. til svaramanns síns í hjeraði, og með sama dómi voru hin meðákærðu Sigurður Ólafsson, vinnumaður Bersa, og Guðrún Bjarnadóttir, kona Sigurðar þessa, dæmd fyrir hlutdeild með Bersa í tjeðri skjalafölsun, Sigurður í 2 daga og Guðrún í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Dómi þessum er af hlutaðeigandi amtmanni skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða Bersa Sighvatsonar sannað, að í októbermánuði 1893 fjekk hann meðákærðu Guðrúnu Bjarnadóttur til að skrifa fyrir sig eptir uppkasti, er hann hafði samið, skjal nokkurt undir nafni tengdamóður Bersa, sem dáin var í júlí næst á undan; var skjalið dagsett 6. maí s. á. og hljóðaði á þá leið, að tengdamóðir Bersa gaf honum með skjalinu 1 jarðarhundrað, er hún átti í jörðinni Ytri-Kleif. Skjalið endar með þessum orðum: »Hjer til nefni jeg sem votta að þessu Sigurð Ólafsson og Guðrúnu Bjarnadóttur bæði til heimilis á Brekkuborg í Breiðdal«, og er með vottanöfnum þessum, sem, eins og skjalið allt, eru rituð með hendi ákærðu Guðrúnar Bjarnadóttur, átt við hin ákærðu Sigurð Ólafsson og Guðrúnu Bjarnadóttur. Skjal þetta afhenti Bersi hreppstjóra sveitarinnar, til þess hann kæmi því áleiðis til sýslumanns og það þannig

kæmi til greina við skiptin eptir tengdamóður hans. Bersi hefur haldið því fram, að tengdamóðir hans hafi verið búin að gefa honum (munnlega) hundrað það í Ytri-Kleif, er gjafabrjefið nefnir, og bjó hann til gjafabrjefið að eins til að »tryggja sjer« gjöfina gagnvart erfingjum tengdamóður hans. Það er óupplýst, hvað tilhæft er í því, að tengdamóðir Bersa hafi gefið honum nefnt jarðarhundrað, en þó svo væri, getur það eigi orðið til að losa hann við hegningu fyrir fölsun gjafabrjefsins.

Auk fölsunar þeirrar, er nú var getið, var ákærði, Bersi, einnig með hinum áfrýjaða dómi dæmdur fyrir að hafa haustið 1893 markað undir sitt mark lamb, er vinnumaður hans, meðákærði Sigurður Ólafsson átti og var með hans (Sigurðar) marki, en lambið var í fjárhúsi Bersa saman við hans eigið fje, þegar afmörkunin á að hafa átt sjer stað. Það er reyndar fram komið í málinu og játað af Bersa, að í það skipti er hann átti að hafa markað sjer umrætt lamb, fór hann einn í lambhús sitt og blóðgaði eitt lambið á báðum eyrum, en hann kveðst hafa tekið því blóð gegn pest, er hann var hræddur um að væri komin í það, og það er eigi fullsannað gegn neitun hans, að lambið hafi eigi verið hans eign og með hans marki áður en hann blóðgaði það. Það verður því að sýkna ákærða af ákæru sóknarans að því þessa lambtöku snertir, og eins verður að fallast á, að hann er með hinum áfrýjaða dómi eigi dæmdur fyrir nokkur önnur lík afbrot, er á hann hafi verið borin, en engin sönnun hefur fengizt fyrir.

Hin meðákærðu Sigurður Ólafsson og kona hans Guðrún Bjarnadóttir hafa kannazt við að hafa átt þátt í fölsun fyrtjeðs gjafabrjefs, þannig að Guðrún, eins og fyr er sagt, skrifaði það fyrir Bersa eptir uppkasti, sem hún vissi, að hann hafði sjálfur búið til, en Sigurður leyfði, að nafn sitt væri skrifað undir skjalið sem vitundarvotts, þó að honum væri kunnugt um að brjefið var falsað.

Hin ákærðu eru öll komin yfir lögaldur sakamanna og hafa eigi áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir neitt lagabrot. Afbrot Bersa ber að heimfæra undir 48. sbr. 270. gr. almennra hegningarlaga, saman bornar við 273. gr. sömu laga, með tilliti til þess að skjalið, sem allt var ritað ásamt nöfnunum með sömu hendi, var eigi svo úr garði gjört, að það gæti talizt nokkuð hættulegt, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Refsing Guðrúnar Bjarnadóttur ákveðst samkvæmt 49. sbr. 270. og 273. gr. hegningarlaganna 5 daga fangelsi við vatn og brauð og refsing Sigurðar Ólafssonar samkvæmt sömu lagagreinum 2 daga samskonar fangelsi. Ákærða Bersa ber að greiða að helmingi kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, að frá dregnum málsvarnarlaunum í hjeraði 6 krónum og gæzluvarðhaldskostnaði þar, er hann greiðir einn, en hinn helming kostnaðarins greiða öll hin ákærðu in solidum. Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Bersi Sighvatsson á að sæta 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, hin ákærða Guðrún Bjarnadóttir 5 daga samskonar fangelsi og hinn ákærði Sigurður Ólafsson 2 daga samskonar fangelsi. Ákærði Bersi Sighvatsson greiði einn varnarlaun talsmanns síns í hjeraði H. Ó. Brím 6 krónur og kostnað af gæzluvarðhaldi sínu þar, og auk þess greiði hann helming annars kostnaðar, er af málinu hefur leitt í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, en hinn helming kostnaðarins greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. nóvembermánaðar.

Nr. 32/1895: Haraldur Möller
gegn
Ívari Helgasyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af stefnda verzlunarmanni í Hafnarfirði Ívari Helgasyni gegn áfrýjandanum Haraldi Möller bónda á Óseyri við Hafnarfjörð fyrir það, að áfrýjandinn tók tvívegis, 30.

og 31. ágústmán. f. á., upp kolanet fyrir stefnda, er stefndi hafði lagt í svo kallaðan »Ós« við Hafnarfjörð, vestanhalt út undan túninu á Óseyri, eign áfrýjandans. Krafðist stefndi skaðabóta af áfrýjanda fyrir netaupptökuna og þar af leiðandi veiðimissi, og var málið dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 20. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda 5 krónur í skaðabætur og í málskostnað 5 kr.

Áfrýjandinn hefur skotið máli þessu til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 24. júlí þ. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfir- og undirdómi að skaðlausu eða eptir rjettarins mati. Svo hefur hann og krafizt, að undirdómarinn verði látinn sæta ábyrgð fyrir að hafa reiknað sjer of há ritlaun fyrir undirdómsgjörðirnar, 3 kr. 50 a. í stað 1 kr. 75 a., sem áfrýjandi álítur ritlaunin »eptir atvikum« eiga að metast. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði með öllu staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfir- og undirrjetti, 30 kr. eða það er rjetturinn álítur hæfilegt.

Áfrýjandinn hefur kannazt við að hafa tekið upp fyrir stefnda fyrgreind kolanet tvisvar sinnum að kvöldi dags að fornspurðum stefnda jafnskjótt og hann hafði lagt þau, og lagt þau ógreidd upp á þurrt land, þar sem þau lágu óhirt til næsta dags.

Þó að nú stefndi neitaði heimild áfrýjandans til netaupptökunnar og heimtaði skaðabætur fyrir hana, hefur áfrýjandi eigi sannað eða jafnvel reynt að sanna, að hann hefði slíka heimild, hvorki á þann hátt, að hann sem landeigandi ætti einn veiðirjett á svæði því, er netin voru lögð, eða á annan hátt. Áfrýjandinn verður því að álítast hafa heimildarlaust upp tekið fyrir stefnda umrædd net og spillt þannig ólöglega veiði hans, og með því að eigi hefur verið haft á móti því af áfrýjandans hálfu fyrir undirrjettinum, að skaðinn, er stefndi hlaut af upptökunni, næmi þeirri upphæð, er ákveðin er í undirdóminum, en stefndi hefur eigi gagnáfrýjað honum, ber að staðfesta undirdóminn að því er skaðabóta ákvæði hans snertir, og sama er og um ákvæði hans um málskostnað. Áfrýjanda ber og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Það er vítavert, enda hefur áfrýjandi kært yfir því, að á undirdómsgjörðunum, er undirdómarinn hefur út gefið, er eigi stafa- og línufjöldi sá, er fyrirskipaður er í 3. gr. laga nr. 2, 2. febr. 1894, og hefur þó undirdómarinn tekið full ritlaun fyrir dómsgjörðirnar eptir arkafjölda, eða 3 kr. 50 a. fyrir 7 arkir. Þykir eptir álitum hæfilegt, að undirdómarinn bæti áfrýjanda þessa leturfæð með 1 kr., þannig að ritlaunin verði að eins 2 kr. 50 a., en að öðru leyti þykir ekki ástæða til að þessu sinni að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir afgreiðsluna.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 15 — fimmtán — krónur. Sýslumaður Franz Siemsen endurgjaldi áfrýjanda af ritlaunum undirdómsgjörðanna 1 — eina — krónu.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. desembermánaðar.

Nr. 34/1895: sýslumaður Benedikt Sveinsson
gegn
ritstjóra Birni Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson, höfðaði mál þetta í hjeraði fyrir gestarjetti Reykjavíkur gegn stefnda, ritstjóra Ísafoldar, Birni Jónssyni, fyrir meiðandi ummæli í 58. tölubl. nefnds blaðs, sem kom út 10. júlí þ. á. og var það dæmt í gestarjettinum 14. ágústmánaðar þ. á. á þá leið, að stefndi var algjörlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Þessum gestarjettardómi hefur Benedikt Sveinsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 16. ágústmán. þ. á., og krafizt þess, að ýms tilgreind ummæli í blaðinu verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til fangelsis eða sekta fyrir þau, að hann verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, og að klausa ein í varnarskjali stefnda

fyrir gestarjettinum verði dæmd dauð og ómerk. Hinn stefndi Björn Jónsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eptir rjettarins mati.

Í áminnztu tölublaði »Ísafoldar« skýrir ritstjórinn, hinn stefndi, frá umræðum um og atkvæðagreiðslu í stjórnarskrármálinu á þingi, og er hann skýrir frá atkvæðagreiðslunni, segir hann meðal annars frá á þessa leið: »Hugðist forsetinn, Benedikt Sveinsson (áfrýjandi) að afla sínum flokk, frumvarpsmönnum, sigurs með því að taka sjer atkvæðisrjett, en láta hina missa þar á ofan eitt atkvæði þar sem var varaforseti Tr. Gunnarsson«. Þessa frásögn telur áfrýjandi ósanna og mjög meiðandi fyrir sig sem þingmann og þingdeildarforseta, þegar hún er lesin í sambandi við það sem á eptir kemur: »Lauk svo, að deildin lýsti það lagabrot gegn þingsköpunum«. Síðar í sama tölublaði »Ísafoldar« er önnur grein fyrirsagnarlaus, þar er ritstjórinn, hinn stefndi, segir álit sitt um þennan atburð, og telur áfrýjandi grein þessa alla meiðandi fyrir sig, en þó einkanlega þessi orð: »*Stilling* og *óhlutdrægni*«; »fara í allt annan *ham*«; »*fáheyrð afbrigði*«; »*raunaleg ávirðing*«; *taka sjer* atkvæðisrjett«; *óhlýðnast* honum gjörsamlega og heldur ódælt«; *viðlíka hátternis af þingforseta*«.

Það er sannað í málinu, að þegar stjórnarskrármálið var til umræðu í neðri deild alþingis í það sinn, er hin átalda blaðagrein ræðir um, vjek

áfrýjandi, sem var forseti deildarinnar, úr forsetasæti, og varð varaforseti að setjast í það; það er og viðurkennt, að áfrýandi hugðist að greiða atkvæði við nefndarkosningu í tjeðu máli, sem þá átti fram að fara, en með því móti hefði varaforseta verið fyrirmunað að greiða atkvæði, en forseti og varaforseti fylgdu hvor sínum flokki í stjórnarskrármálinu; þingdeildin, sem skiptist í tvo flokka í þessu máli, lýsti það með atkvæðafjölda óheimilt eptir þingsköpunum, að forseti greiddi atkvæði. Þegar þetta er athugað, sjest það, að skýrslan í hinni fyrnefndu grein Ísafoldar er rjett, en hún ber áfrýjanda eigi á brýn, að hann hafi krafizt atkvæðisrjettar vitandi, að það var gagnstætt þingsköpunum. Hitt samrýmist eins vel frásögn greinarinnar, að áfrýjandi hafi krafizt að greiða atkvæði af því að hann hafi álitið sig hafa atkvæðisrjett samkvæmt þingsköpunum, eins og hann skildi þau. Samkvæmt þessu verður eigi álitið, að áminnzt grein varði við lög.

Í hinni síðari greininni, sem ersakarefni, er sagt með tilvitnun til skýrslunnar í grein þeirri framar í blaðinu, sem talað er um hjer á undan, *að* stilling og óhlutdrægni sje jafnrík og helg skylda þingforseta sem dómara í dómarasæti, *að* þingforseti verði að fara í allt annan ham, er hann er settur í það virðulega og ábyrgðarmikla embætti, *að* það sjeu fáheyrð afbrigði frá þessari sjálfsögðu og alstaðar viðurkenndu reglu, sem forseti neðri deildar hafi sýnt þá fyrir 2 dögum (ɔ: þegar stjórnarskrármálið var til atkvæðagreiðslu í neðri deild);

að það sje raunaleg ávirðing fyrst að þrífa til þess óyndisúrræðis að vilja taka sjer atkvæðisrjett, því næst að óska úrskurðar þingdeildarinnar, en óhlýðnast honum gjörsamlega og heldur ódælt, og muni mjög vafasamt, hvort nokkurn tíma hafi nokkurs staðar gjörzt dæmi viðlíka hátternis af þingforseta. — Í grein þessari er þannig með þungum orðum fundið að aðferð áfrýjanda og honum borið á brýn, að hann hafi eigi sýnt þá stillingu og óhlutdrægni, sem hæfi forseta, og sje þetta raunaleg ávirðing, en áfrýjandi virðist hafa gefið nokkurt tilefni til þessara ummæla með því að leggja kapp á að greiða atkvæði í máli, sem var þingdeildinni sjálfri mikið kappsmál og þar er hún skiptist í tvo nálega jafn fjölmenna flokka, og á hinn bóginn eru ummælin eigi þess eðlis, að þau geti orðið virðingu áfrýjanda til hnekkis, þótt í þeim liggi, að hann hafi viljað styrkja með sínu atkvæði þann flokkinn, sem hann fylgir. Þar sem því næst stendur í greininni, að áfrýjandi hafi viljað taka sjer atkvæðisrjett, og að hann hafi óhlýðnazt úrskurði þingdeildarinnar heldur ódælt, þá er hin fyrri málsgreinin ekki meiðandi eptir sambandi því, sem hún stendur í, en hin síðari málsgreinin lýtur að því, að áfrýjandi fór út úr þingsalnum og skellti hurðinni á eptir sjer, eptir að þingdeildin hafði úrskurðað, að hann hefði ekki atkvæðisrjett, og varaforseti skorað á hann að setjast aptur í forsetasætið, eins og álíta verður að þingdeildin hafi ætlazt til; þetta hefur stefndi kallað gjörsamlega óhlýðni og heldur ódæla, og

muni vafasamt, hvort dæmi finnist viðlíka hátternis af þingforseta. Að stefndi telur þessa aðferð áfrýjanda óhlýðni við þingdeildina, hefur hann þannig rjettlætt, og hin önnur ummæli hans í greininni, er lúta að þessu, eru eigi svo löguð, að þau geti orðið til hnekkis borgaralegri virðingu áfrýjanda, eins og eigi heldur er tilefni til að álíta, að þau sjeu skrifuð í þeim tilgangi.

Samkvæmt þessu verður að dæma hinn stefnda sýknan í málinu, og það þykir eigi ástæða til þess að dæma ómerk orðin: »Hann fjekk ekki rólegur að deyja í syndinni« í varnarskjali stefnda í hjeraði, eins og áfrýjandi hefur krafizt. Með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði gestarjettardómsins um málskostnað, ber að staðfesta tjeðan dóm í heild sinni. Það þykir og rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 9. desembermánaðar.

Nr. 51/1895: Rjettvísin
gegn
Eyjólfi Gíslasyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu 11. júlí þ. á. var hinn ákærði, vinnumaðar Eyjólfur Gíslason, dæmdur fyrir skjalafals samkvæmt 270. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón til 273. gr. þeirra, til að sæta 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeraði, Ágústs Th. Blöndal, 10 krónur. En dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að 19. des. 1893 skrifaði hann heimildarlaust undir nafni prestsins sjera Jóns Pálssonar á Ytri-Ey seðil þess efnis, að presturinn bað J. G. Möller kaupmann á Blönduósi að lána sjer 2 kr. út í reikning sinn handa ákærða. Sýndi ákærði seðilinn við verzlunina daginn eptir, en kaupmaður sá þegar í stað að seðillinn var falsaður og fjekk ákærði því ekkert út á hann. Það er á sama hátt sannað, að þegar ákærði átti leið um Skagastrandarverzlunarstað í janúarmánuði næsta eptir (1894), þá bjó hann til annan seðil undir nafni Sigvalda nokkurs Guðmundssonar húsmanns á Syðra-Hóli, þar sem Sigvaldi bað

verzlunarstjórann þar að hjálpa sjer um 2 stykki (1/2 pd.) af »Melange« eða »Moss Rose« út í reikning sinn, og sýndi ákærði verzlunarstjóranum seðilinn í því skyni að fá tóbakið út á hann, en verzlunarstjórinn ljet í ljósi við hann, að seðillinn mundi vera falsaður, og varð þá eigi af neinni úttekt út á hann. Tóbakið, sem seðillinn hljóðaði upp á, kostaði 60 a. í verzluninni. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi vitað, að Sigvaldi Guðmundsson, er nafnið átti undir seðlinum, hafi verið tóbakslaus, og þóttist ákærði gjöra það í greiðaskyni við hann að útvega honum tóbakið og hafa ætlað að færa honum það, en þessi sögusögn ákærða er ekki studd af neinu, er fram er komið í málinu, enda er verknaður ákærða saknæmur sem fals allt að einu. Seðillinn, sem ákærði gaf út undir nafni prestsins sjera Jóns Pálssonar, var svo úr garði gjörður, að eigi var unnt að villast á honum eða ætla, að hann væri út gefinn af nokkrum menntuðum manni, enda sá kaupmaður það þegar í stað, að hann var falsaður.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot. Afbrot hans eru af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir 270. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga og er hegningin fyrir þau með hliðsjón til 273. gr. sömu laga hæfilega ákveðin af undirdómaranum 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn fellst og á málskostnaðarákvæði undirdómsins, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Akærða ber og að greiða áfrýj-

unarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Á fyrirtekt málsins í hjeraði hefur orðið töluverður dráttur, en undirdómarinn álízt hafa rjettlætt hann nægilega. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið óaðfinnanlegur og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1895: Sigfús Pjetursson
gegn
Birni Pjeturssyni og
Sigtryggi Jónatanssyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað af Sigfúsi Pjeturssyni, eiganda jarðarinnar Egilsholts eða Eyhildarholts í Skagafirði, gegn Birni Pjeturssyni og Sigtryggi Jónatanssyni, eigendum jarðarinnar Framness,

út af ágreiningi um landamerki milli jarða þessara, Egilsholts og Framness, og er ágreiningurinn um svo kallaðan Framnesshólma, sem liggur í Eystri-Hjeraðsvötnum, er annars skilja lönd tjeðra jarða, en nefndan hólma vilja málspartarnir telja hvor undir sína jörð. Málið var dæmt í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 26. júní 1894 á þá leið, að Framnesshólmi skuli vera óátalin eign Framness, en Sigfúsi Pjeturssyni var gjört að greiða allan málskostnað, 93 kr. 28 a. Að öðru leyti voru málsviðeigendur sýknaðir hvor af annars kröfum. Dómi þessum hefur Sigfús Pjetursson skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 13. maí þ. á., og krafizt þess, að merkjadómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu heim vísað, og að Björn Pjetursson og Sigtryggur Jónatansson verði dæmdir til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Sigtryggur Jónatansson, sem nú er einn eigandi jarðarinnar Framness, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og að honum verði dæmdur hinn umþráttaði hólmi, og verður að skilja þetta svo, að krafa hans sje, að merkjadómurinn verði staðfestur; svo hefur hann og krafizt dóms fyrir málskostnaði, að upphæð 100 kr. Björn Pjetursson hefur eigi látið mæta hjer fyrir rjettinum.

Í hjeraði komu alls engar skjallegar sannanir fram fyrir eignarrjetti að þrætulandinu frá hvor-

ugum málsaðila, og mörg vitni, er heyrð voru, báru það eitt um eignarrjettinn, að þau hefðu heyrt og að þau álitu, að Framnesshólmi lægi undir Framnes, eins og nafnið sjálft virðist benda á, en á hinn bóginn sannaðist það nægilega, að hólminn hafði verið yrktur um mjög langt árabil frá Framnesi bæði fyrir 1840 og síðan eptir 1850 átölulaust með öllu, þangað til áfrýjandi fór að gjöra tilkall til hans skömmu fyrir 1890. Á þessu byggði og merkjadómurinn, enda hefur áfrýjandinn eigi vefengt hann að þessu leyti, en hann hefur lagt fram í yfirdóminum, ásamt leyfisbrjefi til þess, kaupbrjef út gefið 21. maí 1841, en með því selur Jón Jónsson á Framnesi undan sjer og sínum erfingjum hreppstjóra Jóni Bjarnasyni í Egilsholti eignarpart undan eignar- og ábýlisjörð sinni Framnesi, sem kallaður er Framnesshólmi, fyrir 50 spesíur, en áskilur sjer jafnframt kauprjett á honum aptur, ef kaupandi fargi honum. Áfrýjandi heldur því nú fram, að hólminn hafi við þessi kaup lagzt undir Egilsholt. Hinn stefndi kannast við þennan kaupgjörning milli Framnessbóndans og Jóns Bjarnasonar, sem þá var í Egilsholti, og að þrætuhólminn hafi verið notaður frá Egilsholti frá því 1841, þangað til Jón Bjarnason fór þaðan um 1850, en þá hafi hólminn verið afhentur aptur eiganda Framness samkvæmt kaupgjörningnum, sem hann segir að í raun og veru hafi verið veðbrjef, en ekki kaupbrjef. Sjerstaklega tekur hann það fram, að hólminn hafi eigi getað lagzt til Egilsholts sem eign við þessi kaup, því að Jón Bjarnason hafi

ekki verið eigandi jarðarinnar, heldur annar nafngreindur maður, er síðar hafi byggt Jóni út af jörðinni. Sækjandi málsins, áfrýjandi, hefur nú ekki sannað það, að Jón Bjarnason hafi verið eigandi Egilsholts, enda er ólíklegt að svo hafi verið eptir ýmsum atvikum að dæma, sem fram eru komin í málinu. Áminnzt kaupbrjef heimilar því ekki áfrýjanda eignarrjett yfir þrætuhólmanum, þótt hann eignaðist Egilsholt rúmum 30 árum eptir að Jón Bjarnason flutti þaðan, og með því að hann hefur eigi önnur málsgögn við að styðjast, og eigi er tilefni til að ónýta landamerkjadóminn ex officio, ber að staðfesta hann í heild sinni. Eptir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Sigfús Pjetursson greiði stefnda Sigtryggi Jónatanssyni málskostnað 40 — fjörutíu — krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við lagðri laga aðför.

Nr. 29/1895: Eggert Briem fyrir hönd Alexander Dickson Rennie gegn Birni Kristjánssyni.

Dómur:

Eins og skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi flutti gagnáfrýjandi Björn kaupmaður Kristjánsson í Reykjavík haustið 1893 fjárfarm frá Íslandi til Skotlands, og hafði hann fengið aðaláfrýjanda, Alexander Dickson Rennie, kaupmann í Glasgow, til að annast um sölu fjárins. En þegar til Skotlands kom, var bannað að flytja fjárfarminn þar í land, með því að eigi hafði verið gætt þar gildandi laga um innflutning lifandi sauðfjár frá Íslandi; það varð því að slátra fjenu í skipinu og selja afurðir þess, en þær seldust með mjög miklum afföllum. Björn Kristjánsson áleit, að Al. Dickson Rennie ætti sök á því, að þannig til tókst, og höfðaði hann því haustið 1893 mál á móti Rennie fyrir dómstól á Skotlandi: »Lords of Council and Session«, sem þar er æðstur dómstóll í einkamálum, og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða sjer 4000 pd. sterl. (= 72000 kr.) í skaðabætur fyrir tjónið, en máli þessu lyktaði svo, að sækjandinn Björn Krisjánsson samþykkti, að verjandi yrði sýknaður og fengi dóm fyrir málskostnaði; var samkvæmt því sýknudómur upp kveðinn af áðurnefndum dómstóli hinn 26. júní 1894, og með öðrum dómi sama rjettar, upp kveðnum 20. júlí næst á eptir, var Björn Kristjánsson

dæmdur til að greiða A. Dickson Rennie 346 pd. sterl., 14 sh., 9 d. í málskostnað, eða 6241 kr. 27 a. — Málaflutningsmaður Eggert Briem höfðaði síðan mál fyrir hönd A. Dickson Rennie's gegn Birni Kristjánssyni fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, til þess að fá dóm hjerlends dómstóls yfir honum fyrir þessari málskostnaðarupphæð, sem hann þó færði niður í 3977 kr. 32 a., með því að Rennie kannaðist við, að Björn Kristjánsson ætti inni hjá sjer 2263 kr. 95 a., sem mætti draga frá hinni til dæmdu málskostnaðarupphæð, svo krafðist hann og 5 % vaxta af upphæðinni frá sáttakærudegi 23. ágúst f. á. Fyrir bæjarþingsrjettinum höfðaði Björn Kristjánsson gagnsök gegn aðalsækjanda, og krafðist þess, að hann yrði sýkn dæmdur í aðalsökinni og að málskostnaður yrði dæmdur til handa honum, en í gagnsökinni, að aðalsækjandi yrði dæmdur til að greiða sjer viðurkennda skuld 3420 kr., og auk þess principaliter 10,000 kr. í skaðabætur fyrir vanrækslu hans sem umboðsmaður við sölu á fyrtjeðum fjárfarmi og undirbúning undir móttöku farmsins á Skotlandi, eða til vara andvirði 175 sauðkinda með 3500 kr. og 1771 kr. 35 a. í skaðabætur fyrir skeytingarlausa sölu á 209 sauðarkrofum, samtals 5271 kr. 35 a. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi 9. okt. f. á. til borgunardags. Svo framarlega krafa gagnsækjanda í aðalsökinni eigi gæti orðið til greina tekin, krafðist hann þess, að gagnsóknarkröfur hans, eða svo mikið af þeim, sem þyrfti, kæmi til greina til skuldajafnaðar í aðalsökinni. Aðalsækj-

andi krafðist þess fyrir bæjarþingsrjettinum, að gagnsóknarmálinu yrði vísað frá, en rjetturinn tók ekki þessa kröfu til greina, og var í aðalsökinni og gagnsökinni upp kveðinn dómur 21. marz þ. á. á þá leið, að aðalstefndi og gagnstefnandi Björn Kristjánsson á að greiða aðalstefnanda og gagnstefnda Eggerti Briem fyrir hönd Alex. Dickson Rennie 1936 kr. 74 a. með 5 o/o vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. Þessum bæjarþingsdómi hefur Eggert Briem sem umboðsmaður fyrir Alex. Dickson Rennie skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. júní þ. á., og krafizt þess, að honum verði breytt þannig, að Björn Kristjánsson verði dæmdur til að greiða honum fyrir hönd A. D. Rennie's 3977 kr. 32 a. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi, en að gagnsóknarmálinu verði vísað frá undirrjetti, eða til vara, að Rennie verði sýknaður fyrir öllum gagnkröfum Björns Kristjánssonar; svo krefst hann og dóms fyrir málskostnaði fyrir báðum rjettum, að upphæð 500 kr. Af sinni hálfu hefur Björn Kristjánsson gagnáfrýjað sökinni og krafizt þess *principaliter*, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kröfum aðaláfrýjanda og að gagnkröfur hans fyrir undirrjettinum, sem tilgreindar eru hjer að framan, verði að öllu leyti til greina teknar, en *til vara*, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að auk upphæða þeirra, sem hann hefur tekið til greina gagnáfrýjanda í vil, sem eru 269 kr. 23 a. + 1771 kr. 35 a., samtals 2040 kr. 58 a., verði enn fremur tekin til greina til skulda-

jafnaðar krafa hans um 3500 kr., sem er andvirði 175 vantandi sauðkinda, eða svo mikið af þessari kröfu, sem nægir til þess að kröfur málsaðila fallist algjörlega í faðma, svo og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað í aðal- og gagnsök bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi með 500 kr. eða annari nægilegri upphæð; og loksins krefst hann til *þrautavara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað með einhverri nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Aðaláfrýjandi byggir kröfu sína á áðurnefndum dómum hins skozka dómstóls »Lords of Council and Session«, upp kveðnum 26. júní og 20. júlímán. f. á., en með dómum þessum var aðaláfrýjandi sýknaður og gagnáfrýjanda gjört að greiða sakarkostnað í máli því, sem gagnáfrýjandi hafði höfðað þar gegn aðaláfrýjanda, en síðan látið falla niður. Gagnáfrýjandi hefur haldið því fram, að ákvæði dóma þessara sjeu eigi bindandi fyrir hjerlenda dómstóla, að málskostnaðurinn, sem þeir hafa dæmt, sje fjarri öllum sanni, eptir því sem hjer á landi tíðkast, og að sundurliðaður reikningur yfir málskostnaðinn hafi eigi verið fram lagður af aðalsækjanda nje önnur skilríki, er hann verði metinn eptir. Þessi andmæli gagnáfrýjanda geta eigi álitizt á rökum byggð. Hann höfðaði sjálfur málið fyrir hinum útlenda (skozka) dómstól, og lagði það þannig undir úrskurð hans. Engum efa hefur verið hreift um það, að dóm-

stóllinn hafi haft löglega heimild til að fara með málið og dæma það eptir þeim rjettarfarsreglum, sem gilda á Skotlandi. Dómur hans hlýtur því að vera bindandi fyrir gagnáfrýjanda, einnig málskostnaðarákvæðin, þótt þau kunni að vera ósamkvæm rjettarvenju hjer á landi. Og með því að ákvæði dómanna, sem sýkna aðaláfrýjanda og leggja málskostnað á gagnáfrýjanda, eigi koma í bága við hjerlend lög þannig, að þeim geti eigi orðið fullnægt hjer, virðist eiga að taka þau til greina, eins og þau liggja fyrir, en samkvæmt því verður að samþykkja kröfu aðaláfrýjanda í aðalsökinni og dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum 3977 kr. 32 a., eins og undirdómarinn hefur gjört.

Þar sem aðaláfrýjandi hefur krafizt þess, að gagnsóknarmálinu verði vísað frá undirrjetti, með því að gagnkröfurnar sjeu vefengdar reikningskröfur, sem eigi geti tekizt til greina á móti kröfu, sem dómur er fenginn fyrir, ber að geta þess, að aðaláfrýjandi hefur haldið uppi vörn í gagnsökinni í aðalefni hennar, jafnframt og hann hefur krafizt frávísunarinnar, og virðist því ekki tilefni til að vísa gagnsökinni frá dómi, enda eru bæði málin af sömu rót runnin, og kröfurnar að því leyti skyldar. Koma þá til álita kröfur gagnáfrýjanda í gagnsökinni.

Aðaláfrýjandi hefur haldið því fram, að öllum þessum kröfum hafi verið hrundið með hinum skozka sýknudómi 26. júní 1894, og geti gagnáfrýjandi fyrir því nú eigi aptur

komið fram með þær. Aptur á móti er það skoðun gagnáfrýjanda, að þetta mál sje annars efnis en málið fyrir hinum skozka dómstóli, sje byggt á öðrum grundvelli og stefni í aðra átt, og hafi áminnztur dómur ekki dæmt neitt um gagnkröfur þær, sem nú eru gjörðar. Þegar dómurinn er athugaður með tilliti til þessa og í sambandi við rjettargjörðir þær (closed Record), sem fram hafa verið lagðar, er það ljóst, að aðaláfrýjandi hefur með tjeðum dómi verið sýknaður af kröfum þeim, sem gagnáfrýjandi hafði gjört samkvæmt stefnunni, en þær voru: 4000 punda (sterl.) bótakrafa fyrir skaða og tap, er aðaláfrýjandi hefði bakað honum með handvömm (»fault«) og samningsrofi, svo og málskostnaðarkrafa, allt samkvæmt málsfærslunni fyrir hinum skozka rjetti (sbr. dóminn sjálfan og rjettargjörðirnar, closed record, sjerstaklega stefnuna I og rjettarkröfurnar III). Það verður nú að taka til álita, að hve miklu leyti þessi dómur og málsfærsla gagnáfrýjanda fyrir hinum skozka dómstól snertir gagnkröfur þær, sem hann hefur nú gjört, og hefur áhrif á þær.

Þar sem gagnáfrýjandi hefur krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum viðurkennda skuld, 3420 kr., og byggir þetta á hinum skozku rjettargjörðum (cond. XVIII ans. XVIII), en þar segir aðaláfrýjandi svo frá, að andvirði hins selda fjár hafi alls verið um 550 pund sterl., að gagnáfrýjandi hafi sjálfur inn heimt um 50 pund, að hann hafi meðtekið frá sjer, aðaláfrýjanda, upp í andvirðið, að því leyti sem hann

(aðaláfrýjandi) hafi innheimt það, 310 pund, og að »lítill« afgangur sje í vörzlum sínum (o: aðaláfrýjanda), þá er þessi skýrsla ekki svo ákveðin, að á henni verði byggt það, að aðaláfrýjandi hafi þá skuldað 190 pund (= 3420 kr.), enda lagði hann síðar fram fyrir hinn skozka dómstól sundurliðaða skilagrein fyrir því, er hann kannaðist við að hafa veitt móttöku fyrir gagnáfrýjanda, og telur hann þá mismuninn (o: skuld sína) £ 125, 15, 6 (= 2263 kr. 95 a.) en þessa upphæð hefur hann dregið frá kröfu sinni í aðalmálinu. Það verður ekki álitið, að aðaláfrýjandi hafi viðurkennt, að hann hafi skuldað gagnáfrýjandi meira af andvirði hins selda fjár og afurða þess, en þessa upphæð, og verður hann ekki dæmdur til að greiða áminnztar 3420 kr.

Því næst hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 10,000 kr. í skaðabætur fyrir vanrækslu og skeytingarleysi í umboðsrekstri hans, en um þessa kröfu verður yfirdómurinn að vera undirdómaranum sammála og fallast á það, að um hana hafi verið dæmt með hinum skotska dómi, og aðaláfrýjandi sýknaður af henni. Verður hún því nú eigi tekin til greina. Sömuleiðis og af sömu ástæðu verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur eigi tekið til greina kröfu gagnáfrýjanda um 3500 kr., sem andvirði 175 sauðkinda, sem drápust eða voru skornar í skipinu, er það lá í Leith, og urðu að mestu ónýtar, sbr. rjettargjörðirnar, Closed Record, cond. XVI og ans. XVI. Eptir því sem fram er

komið í málinu, hefur aðaláfrýjandi eigi veitt þessum sauðkindum móttöku eða ráðstafað þeim á nokkurn hátt, en andvirði þeirra verður að álíta að hafi verið fólgið í 4000 punda skaðabótakröfu gagnáfrýjanda fyrir hinum skozka dómstól.

Undirdómarinn hefur í dóm sínum tekið til greina kröfu gagnáfrýjanda um skaðabætur fyrir skeytingarlausa sölu á 209 sauðarkrofum, og dæmt honum í því skyni 2½ pence fyrir hvert pund, eða alls 1771 kr. 35 a., og er þessi upphæð dregin frá dómkröfunni í aðalmálinu; telur undirdómarinn, að þessi skaðabótakrafa hafi eigi komið fram fyrir hinum skozka dómstóli og fyrir því eigi verið dæmt um hana þar. Eins og áður er tekið fram, var krafa gagnáfrýjanda fyrir nefndum dómi beinlínis stíluð upp á skaðabætur fyrir handvömm og samningsrof aðaláfrýjanda í umboðsrekstri hans, og gat því krafan um bætur fyrir sauðarkrofin verið fólgin í aðalkröfunni, og að svo hafi verið í raun og veru, má sjá af rjettargjörðunum (Closed Record) Cond. XVII, Ans. XVII. Það verður því að álíta, að margnefndur sýknudómur hins skozka dómstóls hafi einnig dæmt um þetta málsatriði, og verður krafa gagnáfrýjanda því ekki tekin til greina að því er það snertir.

Í skilagrein þeirri, sem áður er getið um, að aðaláfrýjandi hafi fram lagt yfir fjárupphæð þá, er hann hafi veitt móttöku fyrir hönd gagnáfrýjanda, og um það, hvernig hann hafi ráðstafað henni, telur hann gagnáfrýjanda til skuldar kostn-

að til dýralæknis £ 2. 2. 0, og kostnað við ferðalög og á gistihúsum £ 12. 17. 3, samtals £ 14. 19. 3, eða 269 kr. 33 a. (í undirrjettarrjettardóminum 23 a.), en þessum kostnaðarlið hefur gagnáfrýjandi mótmælt algjörlega sem sjer óviðkomandi. Með því að aðaláfrýjandi hefur eigi sannað rjettmæti þessa kröfupósts, og það verður eigi sjeð, að hinn skozki dómstóll hafi dæmt um hann, verður að losa gagnáfrýjanda við að greiða þessa upphæð og draga hana frá aðalupphæðinni í málinu.

Samkvæmt hinu framanritaða ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda 3977 kr. 32 a., að frá dregnum 269 kr. 33 a., eða 3707 kr. 99 a. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi 23. ágúst f.á. til borgunardags. Um málskostnað í hjeraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en eptir málavöxtum þykir rjett, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 120 kr., sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett vera:

Gagnáfrýjandi Björn Kristjánsson greiði aðaláfrýjanda Eggerti Briem fyrir hönd Alexander Dickson Rennie 3707 kr. 99 a. með 5 % vöxtum frá 23. ágústm. f. á. til borgunardags. Um málskostnað í hjeraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda að upphæð 120 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8

vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desembermánaðar.

Nr. 52/1895: Rjettvísin
gegn
Nikulási Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Húnavatnssýslu, upp kveðnum 22. maímán. þ. á., var hinn ákærði Nikulás Guðmundsson dæmdur fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað með skýrskotun til 40. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 til að sæta 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða 20 kr. í skaðabætur til Ólafs Gunnlaugssonar í Ártúni og enn fremur allan málskostnað, þar í fólgin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði 10 kr. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði fyrir hönd hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar.

Það er sannað með játningu ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi aðfaranótt hins 21. júlímán. 1894 tekið hest í heimahögunum á Auðkúlu, sem var eign prestsins þar, riðið hestinum suður á land, og brúkað hann þangað til hann seint í ágústmánuði s. á. hafði hestakaup á honum við bóndann á Ártúni í Mosfellssveit, Ólaf Gunnlaugsson, og fjekk 20 kr. í milligjöf. Ákærði hefur kannazt við það, að hann hafi tekið hestinn til

þess að slá eign sinni á hann, og hafi hann gjört það sumpart í hefndarskyni við eigandann, sumpart af því, að hann hafi verið hestþurfi. Hestinum hefur verið skilað aptur til eigandans, en Ólafur Gunnlaugsson hefur heimtað að fá 20 kr. endurgoldnar, sem hann ljet í milligjöf; að öðru leyti hefur eigi verið krafizt skaðabóta fyrir þetta athæfi hins ákærða.

Þá hefur Árni nokkur Frímann Árnason kært hinn ákærða fyrir líkamlega árás, rán og hesttöku með þeim atvikum, er nú skal greina: Hinn 24. maímán. 1894 urðu þeir ákærði og Árni Frímann samferða frá Blönduósi að Efri-Mýrum. Voru þeir þá báðir drukknir og lenti þeim í ryskingum á leiðinni, og atvikaðist það þá svo, að Árni fór ofan í pytt eða vatnsker, og segir hann, að hinn ákærði hafi varnað sjer að komast upp úr pyttinum, hrundið sjer ofan í hann aptur, og hótað að drepa sig, nema því að eins að hann, Árni, ljeti það af hendi við ákærða, sem hann hafði verðmætt meðferðis; hafi hann þá fengið hinum ákærða vesti sitt með nýlegu úri með festi við, nýjan hníf og tóbaksdósir, enn fremur hafi ákærði tekið af sjer tvo klúta, brjósthlíf og axlabönd. Þegar þeir voru komnir heim að Efri-Mýrum, hafi ákærði enn fremur tekið hest sinn (Árna) með reiðtýgjum og poka við hnakkinn með ýmislegu í, og hafi hann ekki skilað þessu aptur. Þessari skýrslu Árna Frímanns hefur hinn ákærði mótmælt algjörlega, bæði því, að hann hafi hrundið Árna ofan í pyttinn, varnað honum upp úr pyttinum og rænt hann, og hef-

ur það eigi sannazt á annan hátt, því að þeir eru tveir einir til frásagna um þessi viðskipti þeirra, en virðast muna þau mjög óglöggt, þar sem þeir báðir voru drukknir. Á hinn bóginn hefur ákærði kannazt við það, að þegar hann fór frá Efri-Mýrum, þar sem Árni varð eptir, hafi hestur Árna komið á eptir honum beizlislaus, en með hnakk og poka bundinn við hnakkinn; ákærði hnýtti þá snæri upp í hestinn og hafði hann með sjer að Hlíðarseli, um 2 mílur vegar frá Efri-Mýrum; þar sleppti hann hestinum, spretti af honum, bar grjót á hnakkinn og fór svo leiðar sinnar; skeytti hann síðan ekkert um hestinn nje reiðtýgin, og eigi tjáist hann hafa aðgætt, hvað í hnakkpokanum var, en Árni fjekk allt aptur, hestinn, hnakkinn og pokann. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi ætlað að stela hestinum og þessum munum, og gegn þessari neitun hans verður eigi álitið að svo hafi verið; verknaður hans virðist vera sprottinn af óstjórnlegum gáska og löngun til að stríða Árna, en eigi af þjófnaðarhvöt, og verður hann samkvæmt hinu framanritaða eigi dæmdur fyrir sakir þær, sem Árni hefur kært hann fyrir.

Þar sem ákærði hefur kannazt við það, *að* hann hafi í júnímán. 1894 tekið hest einn í haga, sem var á beit með öðrum hrossum, og brúkað hann í sínar þarfir í 2 eða 3 daga þangað til maður, sem eigandinn hafði sent til að leita að hestinum, hitti ákærða og tók hestinn af honum, en ákærði sleppti honum þá fúslega, og þóttist enda vera á apturleið með hann, til þess að skilja hann

eptir þar sem hann tók hann, — og *að* hann enn fremur hafi í júlímánuði s. á. í nánd við Bólstaðarhlíð tekið hest, er hann eigi vissi hver átti, riðið honum vestur yfir Blöndu og skilið hann eptir í Auðkúlu-högum — þá verður að taka til greina framburð ákærða um, að hann hafi tekið þessa hesta að eins til að brúka þá um sinn, og eigi til að kasta eign sinni á þá. Með því að eigendur hestanna hafa eigi krafizt málshöfðunar gegn ákærða fyrir þessar hesta-tökur, verður hann eigi dæmdur til refsingar fyrir þær í þessu máli.

Hinum ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, hefur áður verið refsað 4 sinnum, nefnilega: 1. samkvæmt aukarjettardómi Húnavatnssýslu, upp kveðnum 23. jan. 1861 með 20 vandarhöggum fyrir þjófnað; 2. samkvæmt yfirrjettardómi 5. jan. 1874 fyrir þjófnað, sem væri hann framinn í fyrsta skipti, og fyrir heimildarlausa brúkun á annara eign, með 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð; 3. samkvæmt aukarjettardómi Húnavatnssýslu 11. apríl 1882 fyrir þjófnað eptir 232 gr., sbr. 62. og 58. gr. hegningarlaganna með 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð; 4. samkvæmt yfirrjettardómi 14. apríl 1890 fyrir heimildarlausa brúkun á hrossi (238. gr. hegningarlaganna sbr. 40. gr. þeirra) með 20 kr. sekt til landssjóðs.

Það er komið fram í málinu, að hinn ákærði er eigi heill á geðsmunum. Hefur hlutaðeigandi hjeraðslæknir, sem skoðaði hinn ákærða, en þó eigi fyrr en 2 mánuðum eptir að hann framdi

glæp þann, sem er sakarefni, gefið þá skýrslu, að skoðunin virðist benda á það, að ákærði fá geðveikisköst, sem byrji með »exaltation« samfara talsverðri truflun á dæmigreind, og endi með »depression« og »melancholi«. Milli þessara kasta sje ákærði að mestu leyti heilbrigður. Það er og að öðru leyti komið fram í málinu, að ákærða sækir mikill missvefn, og er hann þá órór í geði og stundum eins og hálfsturlaður. Þó verður eigi álitið eptir framkomu hins ákærða við rannsókn máls þessa og samkvæmt skýrslum þess að öðru leyti, að hann hafi eigi verið sjer þess meðvitandi, að verk það er hegningarvert, sem hann framdi, þó að geðsmuna-sturlun hans kunni að hafa haft nokkur áhrif á sjálfræði hans.

Brot það, sem hinn ákærði verður dæmdur fyrir í þessu máli, er heststuldurinn frá prestinum á Auðkúlu, og er það stórþjófnaður og heyrir undir 231. gr. 1. lið almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega metin samkvæmt þessari grein, sbr. 62. gr. og 58. gr. og með hliðsjón af 40. gr. laganna, 8 mánaða betrunarhússvinna. Um iðgjöld og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors. — Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Nikulás Guðmundsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu. Um iðgjöld og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 50/1895: Rjettvísin gegn Jóni Einarssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Rangárvallasýslu 6. dag maímán. þ. á., var hinn ákærði Jón Einarsson, bóndi á Steinum, dæmdur eptir 230. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða og fyrir hönd rjettvísinnar verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Þar sem hinn ákærði hefur í hjeraði verið dæmdur eptir 254. gr. almennra hegningarlaga, skal það tekið fram, að hann að eins hefur verið ákærður fyrir þjófnað, en ekki fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaganna, og verður hann því ekki dæmdur fyrir að hafa brotið gegn nefndri lagagrein.

Það er með eigin játningu hins ákærða Jóns Einarssonar, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, sannað, að hann í janúarmánuði þ. á., er hann var á ferð á Eyrarbakka, tók í þjófsskyni frá Jóni nokkrum Þórarinssyni blikkbrúsa með $^1/_2$ potti af spiritus og 1 rjólbita; blikkbrúsanum með því, sem í honum var, skilaði hann þegar í stað aptur eigandanum, er hann dróttaði að ákærða, að hann hefði tekið hann; en rjólbitanum skilaði hann honum ekki fyr en nokkru eptir að þeir voru komnir heim til sín. Að vísu hefur hinn ákærði í varnarskjali sínu fyrir hjeraðsdómi, sem hann hefur látið rita fyrir sig og í sínu nafni, viljað taka játningu sína um, að hafa tekið ofangreinda muni í þjófsskyni, aptur, en til þess verður ekkert tillit haft, sjá N. L. 1—15—1, og það því síður, sem ákærði hvorki er læs nje skrifandi, og því má ætla, að honum hafi ekki einu sinni verið kunnugt um, hvað í varnarskjalinu var skráð, því hann er talinn mjög vankunnandi og skilningssljófur, og er það vottað af sóknarpresti hans. Þetta afbrot ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn

glæp, ber að heimfæra undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5 daga. Svo ber honum og að greiða allan af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Læknisvottorð það um heilbrigðisástand ákærða, sem komið hefur fram í málinu, er eptir innihaldi sínu þýðingarlaust fyrir úrslit þess.

Hjeraðsdómaranum hefur gleymzt að votta um rekstur málsins í hjeraði, sem þó átti að vera; að öðru leyti hefur málið verið löglega rekið í hjeraði. Flutningur málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Jón Einarsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 — fimm — daga og greiða allan kostnað í málinu fyrir báðum dómum, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 28/1895: Eigendur Miklagarðs og Miklagarðskirkju gegn eigendum Hóla í Öxnadal.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað af stefndu, eigendum jarðarinnar Hóla í Öxnadal, gegn eigendum jarðarinnar Miklagarðs og Miklagarðskirkju út af ágreiningi um eignarrjettinn að svonefndum Hóladal eða 1/2 Þverárdal, er hinir stefndu vildu eigna sinni jörð, Hólum í Öxnadal, en áfrýjendurnir telja fylgjandi Miklagarði eða vera eign kirkjunnar þar. Málið var dæmt í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu 27. júní f. á., þannig, að þrætulandið Hóladalur í Öxnadal skyldi vera eign jarðarinnar Hóla. Daglaun dómenda 66 kr. skyldu greiðast af almannafje, þar sem Miklagarðskirkjueigendur höfðu gjafvörn, en málskostnaður að öðru leyti falli niður. Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. júní þ. á., og krafizt þess, að landamerkjadómurinn verði ómerkur dæmdur og stefndu dæmdir til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og yfirdómi með nægilegri upphæð. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða þeim allan áfrýjunarkostnað með 100 kr. eða eptir mati rjettarins.

Þegar biskupsstóllinn á Hólum var lagður niður og jarðir stólsins seldar (1802), voru meðal

þeirra framangreindar jarðir, Hólar í Öxnadal og Mikligarður ásamt kirkjunni þar. Hóladalur, sem er ágreiningsefnið í máli þessu, var talinn til þess tíma heyra Miklagarðskirkju til, en jarðamatsnefndin, sem falið var að annast sölu Hólastólsjarða, ljet þó, eins og fram lagðar uppboðsgjörðir sýna, bjóða dalinn upp í sambandi við Hóla, og var gjört boð í hann ásamt þeirri jörð, og það boð verður að álítast hafa verið samþykkt af konungi með konungsúrskurði 2. maí 1804, þegar salan á Hólastólsjörðunum var í einu staðfest. Sala þessi á Hóladal frá Miklagarði eða kirkjunni þar undir Hóla, var jafngild sem gjörð af hinum einvalda konungi, er var sameiginlegur eigandi beggja jarðanna, hvort heldur dalurinn áður álízt hafa verið eign jarðarinnar Miklagarðs eða kirkjunnar þar sjerstaklega. Eptir að Hóladalur samkvæmt þessu var kominn undir jörðina Hóla, er ekki sannað, að nein breyting hafi orðið á eignarrjettinum að dalnum, og verður því dalurinn enn þá að teljast undir jörðina Hóla. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða landamerkjadóm í öllum greinum. Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjendur greiði hinum stefndu með 40 krónum."

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjendurnir Þorsteinn Thorlacius og Hallgrímur Thorlacius á Öxnafelli, Jón Jóhannes-

son og Jón Ólafsson á Hleiðargarði, Ólafur Ólafsson í Melgerði og Álfheiður Thorlacius á Akureyri, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, hinum stefndu, Jóni Jóhannessyni í Vindheimum og Stefáni Thorarensen í Lönguhlíð með 40 — fjörutíu — krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 36/1895: Gestgjafi J. G. Halberg
gegn
kaupmanni M. Johannessen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af kaupmanni M. Johannessen gegn gestgjafa J. G. Halberg út af verzlunarskuld, er hann telur til hjá J. G. Halberg, að upphæð 211 kr. 41 e. Var málið dæmt hinn 11. júlí síðastliðinn með þeim úrslitum, að J. G. Halberg skyldi greiða M. Johannessen 211 kr. 41 e. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur J. G. Halberg áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 19. ágúst 1895, og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi, og hann dæmdur sýkn af kærum og kröfum Jóhannessens í þessu máli, og Jóhannessen dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hins vegar

hefur stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í 100 króna málskostnað.

Hin umstefnda skuldakrafa er byggð á verzlunarbókum hins svo nefnda »norska Samlags«, sem hjer rak verzlun árin 1870 og þar á eptir, og er fyrrum gestgjafi N. Jörgensen, sem dó erlendis árið 1875, samkvæmt bókunum talinn að skulda tjeðri verzlun við árslok 1872 211 kr. 41 e., en skuldin á að hafa gjörzt frá því í okt. 1871, því að þá er Jörgensen talinn að eiga til góða við verzlunina 106 kr. 8 a., og þangað til í júlí 1872, þá er skuldin er orðin 219 kr. 41 e. Síðar (1. jan. 1873) er svo í bókunum dregin frá »uppbót« 8 kr., og kemur þá út áðurgreind skuldarupphæð. Skuldir þær, sem nefnt tjelag »norska Samlagið«, átti hjer samkvæmt verzlunarbókum þess, hefur stefndi M. Johannessen síðar eignazt, og hefur sótt seinni mann ekkju Jörgensens, J. G. Halberg gestgjafa, um skuld þá, sem hann telur til. Það má telja það sannað, að Halberg er rjettur varnaraðili þessa máls, þar sem hann hefur, er hann giptist ekkju Jörgensens, tekið að sjer að greiða skuldir búsins. Það er viðurkennt, að ekkja Jörgensens hafi verið krafin um skuldina, þegar eptir eða skömmu eptir að Jörgensen ljezt, og að hún þá hafi neitað að greiða hana, með því að hún eigi kannaðist við, að Jörgensen hefði skuldað Samlaginu neitt, þá er hann fjell frá. Áfrýjanda er sjálfum persónulega ókunnugt um skuldaskipti Jörgensens og Samlagsins, en styður neitun sína

um að greiða hina umstefndu skuld við neitun konu sinnar, og heldur því fram með skýrskotun til tjeðrar neitunar, að annaðhvort hafi skuldin aldrei verið til eða að Jörgensen hafi verið búinn að greiða hana áður en hann dó. Á hinn bóginn er það viðurkennt, að áfrýjandi hafi ekki greitt skuldina nje heldur kona hans, eptir að Jörgensen fjell frá. Þar sem áfrýjandi heldur því fram, að skuldin hafi aldrei verið til, styðst hann við þá skýrslu konu sinnar, að hún viti eigi til þess, að Jörgensen hafi tekið hjá Samlaginu neitt af vörum þeim, er á reikningnum væru taldar eða haft öðruvísi verzlun við Samlagið en contant, þannig, að hönd seldi hendi. Þessi neitun er ekki fortakslaus, því að það er vel hugsanlegt, að Jörgensen hafi haft fastan reikning við Samlagið án vitundar konu sinnar, og síðar í málinu er því eigi neitað sjerstaklega, að kona áfrýjanda hafi sjálf tekið út í búð Samlagsins einn hlutinn á reikningnum. Á hinn bóginn er það mjög ósennilegt, að reikningar þeir yfir viðskipti þessi, sem fram hafa verið lagðir og ná frá 9. júlí 1870 til 1. jan. 1873, sjeu tilbúningur frá upphafi til enda, en þeir eru ritaðir eptir 2 verzlunarbókum, og er hin yngri þeirra löggilt; eptir reikningunum á Jörgensen á þessu tímabili að hafa greitt upp í viðskipti sín við Samlagið talsverða upphæð, um 800 kr. Það hefur verið gjörð grein fyrir því af hálfu stefnda, til hvers varið hafi verið sumu af úttektinni, og hefur það eigi verið vefengt. Tveir verzlunarstjórar, er veittu Samlagsverzluninni forstöðu,

hvor á eptir öðrum, árin 1870, 1871 og 1872 hafa vottað, að þannig hafi viðskiptareikningar Jörgensens þá verið við nefnda verzlun, og hefur þessum vottorðum þeirra eigi verið mótmælt. Með tilliti til þessa verður að álíta það sannað, þrátt fyrir neitun áfrýjanda, *að* Jörgensen hafi haft reikningsleg viðskipti við Samlagið, og með því að einstök atriði í hinum ýtarlega og sundurliðaða reikningi, sem fram hefur verið lagður, eigi hafa verið vefengd sjerstaklega, verður að leggja hann til grundvallar með tilliti til viðskiptanna, en eptir honum hefur Jörgensen skuldað Samlaginu 211 kr. 41 e., þegar viðskiptin hættu í júlímánuði 1872.

En þar næst hefur áfrýjandi haldið því fram, að Jörgensen hljóti að hafa borgað skuldina nefnt ár, því að þá hafi hann farið alfarinn hjeðan til Kaupmannahafnar og greitt áður allar skuldir sínar, en hvorugt þetta er sannað, hvorki að hann hafi borgað þessa skuld, nje heldur að hann hafi farið alfarinn til útlanda árið 1872. Hvorki áfrýjandi nje kona hans geta sagt um það af persónulegri þekkingu, að hann hafi þá borgað skuldina, en þau ímynda sjer, að hann hafi þá greitt hana ásamt öðrum skuldum. Þessu hefur stefndi neitað, og til stuðnings neitun sinni hefur hann fram lagt vottorð frá verzlunarmanni, sem var í þjónustu norska Samlagsins árið 1875, um, að hann þá hafi krafið Jörgensen um skuld til Samlagsins, en hann hafi eigi borgað hana í það sinn, og rjett á eptir hafi Jörgensen farið utan ferð þá, er hann dó í. Vottorðinu hefur áfrýjandi ekki mótmælt,

en hefur haldið því fram, að hjer væri um aðra skuld að ræða en hina umstefndu, en eptir skýrslum málsins verður eigi álitið, að Jörgensen hafi átt önnur skuldaskipti við Samlagið en þau, sem mál þetta er risið af. Að Jörgensen hafi ekki verið búinn að borga skuldina áður en hann fór af landi burt 1872, liggur og ótvírætt í áður um töluðu vottorði verzlunarstjóra Samlagsins, sem þá var, E. Egilssonar, þar sem hann vottar, að reikningur Jörgensens hafi þá verið gjörður þannig upp, eins og hann nú er fram lagður, og bætir því við, að hann (Egilson) sjálfur hafi »krediterað« Jörgensen fyrir þeim 4 rdl., sem síðast eru færðir honum til góða í reikningnum, nefnilega 1. jan. 1873. Þessu vottorði hefur eigi verið mótmælt, eins og áður er sagt. Þar sem Jörgensen var hjer frá því um vorið eða snemma sumars 1874, þangað til sumarið 1875, verður eigi staðhæft, að hann hafi farið hjeðan alfarinn þegar árið 1872.

Samkvæmt því sem þannig er fram komið, verður að líta svo á, að Jörgensen hafi eigi verið búinn að greiða hina umstefndu skuld, þegar hann andaðist, enda hefur ekkja hans, kona áfrýjanda, kannazt við það, að hún hafi verið krafin um hana skömmu eptir lát manns síns 1875 (eða 1876), en síðast var maður hennar (áfrýjandi) krafinn um hana skriflega í maí 1892, og verður því að dæma áfrýjanda til að greiða skuldina með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Með því að einnig verður að fallast á málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins, ber að staðfesta

hann eins og hann er. Með tilliti til málavaxta yfir höfuð þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Hæstarjettardómar hæstarjettar-árið 1895—96.

Föstudaginn 31. maí 1895.

Nr. 148: Hindenburg advokat
gegn
Þiðriki Þorsteinssyni og
Guðrúnu Sigurðardóttur
(verjandi Jensen),

sem ákærð eru fyrir sifjaspell og Guðrún auk þess fyrir ranga barnsfaðernislýsingu.

Dómur hæstarjettar:

Það er rjett álitið í hinum áfrýjaða dómi, að ákærða Guðrún Sigurðardóttir hafi haft holdleg afskipti af ákærða Þiðriki Þorsteinssyni eptir að hann 11. október 1867 var giptur móður hennar. En auk þess verður það, hvað hann snertir, að álítast sannað með skýrslum þeim í heild sinni, er fram eru komnar í málinu, að hann hafi haft samræði við hana á þeim tíma, að hann geti verið faðir að barni því, er hún ól 27. október 1890, og um önnur holdleg afskipti af henni er eigi að ræða

að því hann snertir, eptir afstöðu málsins fyrir yfirdómi og hæstarjetti. Nú hefur ákærða Guðrún eptir uppsögn yfirrjettardómsins skýrt frá því, að þau Þiðrik hafi, jafnvel áður en hann giptist móður hennar, haft holdlegt samræði saman, og með því að eptir atvikum verður að leggja skýrslu þessa, þó henni sje neitað af Þiðriki, til grundvallar, þegar metin er sekt beggja hinna ákærðu, þykir rjett að ákveða refsingu þeirra að eins samkvæmt 164. gr. hinna íslenzku hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en refsing hennar, sem, eins og gjört er í dóminum, einnig ber að dæma eptir 180. gr., ákveðst sams kyns fangelsi í 1 mánuð. Málskostnað ber hinum ákærðu að greiða in solidum.

Því dæmist rjett vera:

Þiðrik Þorsteinsson og Guðrún Sigurðardóttir sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, hann í sex mánuði, en hún í einn mánuð. Svo greiði þau og kostnað málsins, annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, þar með talin málsfærslulaun þau, er ákveðin eru í dómi landsyfirrjettarins, og í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti til Hindenburgs advokats og hæstarjettarmálaflutningsmanns Jensens 60 krónur til hvors, svo og uppbót til hins fyrrnefnda fyrir útlagðan kostnað 78 krónur 80 aura.

Um áðurgengna dóma í máli þessu sjá 4. bindi þessa dómasafns, bls. 368—371 og 637—638.

Mánudaginn 25. nóvembermánaðar.

Nr. 302. Hæstarjettarmálaflutningsmaður Hansen
gegn
Bjarna Siggeirssyni
(verjandi Hindenburg),

sem ákærður er fyrir brot gegn alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 143. gr., sbr. 145. gr.

Aukarjettardómur Norður-Múlasýslu, 20. júlí 1894:

Hinn ákærði Bjarni verzlunarmaður Siggeirsson á Seyðisfirði á að greiða 30 króna sekt í landssjóð, ella sæti einföldu fangelsi í 9 daga, ef sektin verður eigi greidd í ákveðinn tíma. Einnig ber honum að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. — Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 26. nóvember 1894:

Hinn ákærði, Bjarni verzlunarmaður Siggeirsson, á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu. Málskostnaður, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanni

Eggert Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar:

Jafnvel þótt álíta megi, að ákvæðunum í 145. og 143. gr. hinna íslenzku hegningarlaga verði beitt gegn þeim, er kosnir eru í sóknarnefnd, ef þeim yfirsjest á þann hátt, er um ræðir í greinum þessum, verður þó eigi samkvæmt þeim lögð refsing á ákærða fyrir undanfærslu þá, er átalin er í málinu, frá að gegna sóknarnefndarmannsstarfi í Dvergasteinssókn, þegar af þeirri ástæðu, að þótt hann, eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, hafi, er hann fjekk tilkynningu um, að hann væri kosinn, borið fram rökstudd mótmæli gegn kosningunni, fyrst munnlega við prestinn, og síðan, eptir kröfu hans, brjeflega, þá sjest þó eigi, að rjettur hlutaðeigandi hafi lagt neinn úrskurð á um rjettmæti mótmælanna eða að ákærði hafi fengið nokkra tilkynning þar að lútandi, en af þessum sökum verður eigi álitið, að búið hafi verið að fullu og öllu að leggja ákærða á herðar hina umræddu sýslan. Það verður því að sýkna ákærða fyrir ákæru sækjandans.

Að því er snertir drátt þann á málinu, er undirdómari sá, er hjelt rannsóknina í því, hefur gjört sig sekan í, þykir mega standa við athugasemdir þær, er gjörðar eru því viðvíkjandi í dóminum.

Því dæmist rjett vera:

Bjarni Siggeirsson á að vera sýkn fyrir ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnaður, þar með talin málflutningslaun þau, er ákveðin eru í dómi landsyfirrjettarins, og málflutningslaun fyrir hæstarjetti til hæstarjettarmálaflutningsmanns Hansens og Hindenburgs advokats, 30 krónur til hvors, greiðist af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í 4. bindi þessa dómasafns, bls. 620—622.

Mánudaginn 27. janúar 1896.

Nr. 146. Kaupmaður Kr. Ó. Þorgrímsson (Enginn)
gegn
Málaflutningsmanni Lárusi Bjarnason fyrir hönd A. F. van Amstells, kaupmanns í Amsterdam (Enginn).

Dómur hæstarjettar:

Áfrýjandanum, kaupmanni Kr. Ó. Þorgrímssyni, sem hvorki mætir sjálfur nje lætur umboðsmann mæta af sinni hendi fyrir hæstarjetti á ákveðnum tíma, ber að greiða kirkju lausnara vors (Vor Frelsers Kirke) 80 lóð silfurs, áður honum sje heimilt að leggja mál þetta fyrir hæstarjett, og svo framarlega sem hann eigi innan 3 vikna sýnir kvittun fyrir því, að nefnd 80 lóð silf-

urs sjeu greidd, skal hann hafa tapað málinu og honum eigi heimilt vera að fitja það upp aptur.

Dómur landsyfirrjettarins er prentaður í 4. bindi dómasafnsins, bls. 381—386.

Þriðjudaginn 18. febrúar 1896.

Nr. 363. Nellemann advokat
gegn
Ólafi Þorsteinssyni
(verjandi Lunn),

sem ákærður er fyrir brot gegn almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 299. gr.

Aukarjettardómur Akureyrar kaupstaðar, 25. okt. 1894:

Hinn ákærði Ólafur aukapóstur Þorsteinsson á að greiða 8 króna sekt í landssjóð eða, ef sektin eigi er greidd í tæka tíð, sæti 3 daga einföldu fangelsi. Svo ber honum og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til svaramanns síns í hjeraði, Páls Jónssonar barnakennara, 4 kr. — Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 21. janúar 1895:

Hinn ákærði, Ólafur Þorsteinsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Málskostnaður — að undan skildum varðhaldskostnaði ákærða — þar á meðal 4 kr. til talsmanns ákærða í hjeraði, Páls Jónssonar, og málflutningslaun til

sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. jur. H. Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje. Hjeraðsdómarinn, bæjarfógeti Klemens Jónsson, greiði í sekt til landssjóðs 50 kr., svo og kostnað þann, sem leitt hefir af varðhaldi ákærða, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, sæti ella aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi,

dæmist rjett vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa. Nellemann advokat og hæstarjettarmálaflutningsmanni Lunn bera í málflutningslaun fyrir hæstarjetti 30 krónur hvorum, er greiðast af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar hjer að framan á bls. 1—3.

Landsyfirrjettardómar 1896.

Mánudaginn 3. febrúarmánaðar.

Nr. 53/1895. Rjettvísin
gegn
Jens Hirti Lárussyni og
Jens Sæmundssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Dalasýslu uppkveðnum 8. júnímán. f. á. var hinn ákærði Jens Sæmundsson dæmdur samkvæmt 230. gr. sbr. 47., 53., 22. og 26. gr. almennra hegningarlaga í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og hinn ákærði Jens Hjörtur Lárusson dæmdur samkvæmt 230. gr. sbr. 47., 22. og 26. gr. almennra hegningarlaga í 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi; svo voru þeir og dæmdir in solidum til að greiða allan málskostnað, þar með taldar 5 kr. til hins skipaða verjanda þeirra í hjeraði, hreppstjóra Hallgríms Jónssonar á Staðarfelli. Dómi þessum

hefir eptir ósk hinna ákærðu verið skotið til yfir dómsins.

Það er sannað með eigin játningu hins ákærða Jens Sæmundssonar og öðrum atvikum, er upplýst eru í málinu, að 27. maí 1894 um kvöldið kom meðákærði Jens Hjörtur að Stóru-Tungu, þar sem ákærði átti heima, og ljet ákærði þá Hjört fá upp í skuld 2 spýtur, er hann kvað húsbónda sinn hafa gefið sjer, og vissi Hjörtur ekki betur, en að svo væri, en spýtunum stal ákærði frá húsbónda sínum. Spýtur þessar voru á lengd, önnur 34 þuml., en hin 14 þuml., breidd á báðum 6 þuml. og þykkt 3/4 þuml., og voru þær af eiganda þeirra taldar 40 aura virði, en regluleg virðing á þeim hefur eigi verið gjörð.

Það er einnig sannað með játningu beggja hinna ákærðu, að Jens Sæmundsson eggjaði meðákærða Jens Hjört, þegar hann var staddur heima hjá honum eitt sinn sama vor, á að koma að Stóru-Tungu og taka þar borðvið frá húsbónda sínum, og nokkru eptir, hinn 25. júní, kom Jens Hjörtur að Stóru-Tungu um nótt, og eggjaði Jens Sæmundsson, sem vakti þá einn yfir túninu á Stóru-Tungu, Jens Hjört á að taka 2 borð úr borðabunka, er húsbóndi hans átti þar. Ljet Jens Hjörtur tilleiðast að fara að fortölum hans, en tók þó að eins 1 borð og fór með það, og fylgdust báðir hinir ákærðu síðan að út fyrir túngarðinn. Jens Hjörtur komst þó ekki burtu með borðið, því að honum var að vörmu spori veitt eptirför af bóndanum í Stóru-Tungu, og sleppti hann þá

borðinu. Afbrot hins ákærða Jens Sæmundssonar, sem er fæddur 14. apríl 1878, heyra undir 230. gr. og 53. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hegningin fyrir þau með skírskotun til 63., 38. og 22. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Afbrot hins ákærða Jens Hjartar Lárussonar, sem er fæddur 18. ágúst 1877, heyrir og undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og ákveðst hegningin fyrir það með skírskotun til 38. gr. sömu laga 2 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað á undirrjettardómurinn að vera óraskaður. Hinum ákærðu ber og að greiða in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins er það aðfinningarvert, að það sjest eigi af málsskjölunum, að ákærðu eða hinum skipaða svaramanni þeirra hafi verið kunnugt fyrir fram, hve nær taka átti málið fyrir í síðara skiptið fyrir aukarjettinum (það skiptið er það var tekið undir dóm), enda er ekki innfært í dómsgjörðirnar eða látið fylgja málinu neitt skipunarbrjef fyrir svaramann hinna ákærðu eða tilkynningarbrjef sýslumannsins til hans um skipunina. Þó að nú hvorki svaramaður hinna ákærðu eða þeir sjálfir hafi mætt í nefndu rjettarhaldi, er málið var tekið undir dóm, þykir þó eigi vera næg ástæða til að ónýta dóminn fyrir þessar sakir, þar sem þó kom fram í rjettarhaldinu skrifleg vörn fyrir ákærðu af hálfu svaramanns þeirra, er

sýslumanni samkvæmt skýrslu hans fyrir rjettinum hafði borizt ásamt brjefi frá svaramanninum nokkrum dögum fyrir rjettarhaldið. Það athugast og, að undirdómarinn hefir ritað áfrýjunarstefnuna á eptirrit af dóminum, en eigi á dómsgjörðirnar, eins og átti að vera, og að dómsbirtingarvottorð stefnuvotta eru ekki í lögskipuðu formi. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Jens Sæmundsson sæti 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og Jens Hjörtur Lárusson sæti 2 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á undirrjettardómurinn að vera óraskaður. Hinir ákærðu greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. febrúarmán.

Nr. 2/1896. Rjettvísin
gegn
hjónunum Ingvari Sveinssyni
og Guðrúnu Jónsdóttur.

Úrskurður:

Sakamál þetta er af hálfu undirdómarans eigi rannsakað nje upplýst til nokkurrar hlítar, og verður dómur eigi lagður á það, fyr en skýrslur eru fengnar með ýtarlegri rjettarprófun um eptirnefnd atriði:

1. Hvar og hvernig hvíti hnýflótti sauðurinn tvævetri kom saman við fje ákærða, Ingvars Sveinssonar, sem hann tjáist hafa kastað eign sinni á fyrir jól 1894, og hvort ákærði hafi eigi sjálfur komið sauð þessum saman við fje sitt.

2. Hvar og með hverju móti ákærði hafi hirt ull af sauð frá Sigurði Ólafssyni í Hellishólum.

3. Hvar og hvenær og með hverju móti hann hafi tekið hjer um bil hálft reyfi af mórauðum gemling Hjörts Oddssonar í Kirkjubæ.

4. Með hverjum atvikum það var og hvar og hvenær, að hann tók lagð af sauð frá Keldum.

5. Með hvaða atvikum hann tók byrði af viði úr Selssundslandi, hvort hann hafi sjálfur höggvið viðinn eða látið höggva hann, eða tekið höggvinn við, og um það, hve mikils virði viðurinn hafi verið.

6. Hvar, hvenær, hvernig og með hvaða atvikum hann tók ómarkaða lambið, sem hann

markaði sjer og seldi síðan út í hreppa í aprílmánuði 1894, sjerstaklega hvort lamb þetta hafi sjálfkrafa verið komið saman við hans eigið fje.

7. Hvernig hlutdeild hinnar meðákærðu, Guðrúnar Jónsdóttur, í öllum afbrotum manns hennar, Ingvars Sveinssonar, hafi verið varið, og verður að skýra það mikið nákvæmar en gjört hefir verið.

8. Þá þarf að taka fyrir rjetti skýrslur eigenda hinna stolnu kinda, ullar og viðar, um eignarrjett þeirra og iðgjaldakröfur.

9. Ennfremur vantar skýrslu um siðferðisástand hinna ákærðu að öðru leyti, um uppfræðslu þeirra og menntunarástand.

10. Svo verður undirdómarinn og að útvega allar aðrar skýrslur til upplýsingar málinu, sem hinar heimtuðu skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Fyrir því úrskurðast:
Undirdómaranum ber að útvega allar ofantaldar skýrslur, svo fljótt sem unnt er.

Nr. 56/1895. Rjettvísin
gegn
Bjarna Eyjólfssyni, Guðmundi Þorgilssyni og Ólafi Teitssyni.

Úrskurður:
Áður en dómur verður lagður á þetta mál,

ber hlutaðeigandi hjeraðsdómara að útvega skýrslur um það sem nú skal greina:

1. Hvernig landslagi sje háttað þar, sem hinir ákærðu skildu kindurnar eptir og tálguðu af klaufum þeirra; hvort þar sjeu hæðir eða annað afdrep fyrir skepnur; hvort kindur þær, er fundust dauðar, voru á sama stað, sem þær voru skildar eptir á, og hafi það ekki verið, hve langt það hafi verið frá þeim stað, er þær voru látnar eptir á, og hvernig land yfir að fara þangað.

2. Hvaða dag í júlímánuði kindurnar hafi verið reknar, og hvaða dag Guðmundur Jónsson á Setbergi fann þær.

3. Hvernig klaufirnar hafi verið á sig komnar á hinum dauðu kindum, þegar Guðmundur fann þær, og hvort hinar lifandi kindur, sem tálgað var af klaufunum á, hafi átt svo illt með að ganga, að Guðmundur hafi getað handsamað þær, og hvernig klaufirnar hafi verið útlits á þeim kindum. Hvernig veður hafi verið þann dag, er hinir ákærðu ráku kindurnar, og hvernig það hafi verið frá þeim degi og þangað til þær fundust.

4. Í hvaða holdum kindurnar, sem drápust, hafi verið, og hvort þær hafi verið mjög svangar, þegar þær fundust, og hvaða dag þær hafi verið rúnar.

5. Hvort kindurnar hafi verið sauðir eða ær, og á hvaða aldri.

6. Hvaða þátt hinir ákærðu, Ólafur og Guðmundur, hafi tekið hvor fyrir sig í tálguninni,

sjerstaklega með tilliti til þess, er í vörninni í hjeraði segir um það efni.

7. Hvað rjett sje í því, er í vörninni segir, að þrjár kindur aðrar (óklauftálgaðar), en nýrúnar, hafi króknað á fjallinu þessa sömu daga.

Dómaranum ber um þessi atriði að prófa alla þá, er álítast geta nokkuð um þau borið, og upplýsa málið auk þess, eptir því sem hinar nýju skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber sem fyrst að útvega framangreindar skýrslur og aðrar upplýsingar, sem þær kunna að gefa tilefni til.

Nr. 41/1895. Eiríkur Filippusson
gegn
Filippusi Filippussyni.

Dómur:

Með því að hinum reglulega dómara, sem fyrst hafði mál þetta til meðferðar, gaf út hjeraðsrjettarstefnu í því og þingaði í því 20. september 1894, ekki hefir verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun þess, eins og fyrir er mælt í NL. 1—2—3, verður ex officio að frávísa sökinni, og getur áfrýjandi eptir þessum úrslitum eigi komizt hjá að greiða stefnda eptir kröfu hans hæfilegt ómaksgjald, er ákveðst 6 kr.

Því dæmist rjett að vera:
Máli þessu frávísast. Afrýjandi Eiríkur Filippusson greiði hinum stefnda Filippusi Filippussyni 6 kr. í kost og tæringu, er lúkist innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1895. Julius Schau
gegn
hafnarnefnd Reykjavíkur.

Dómur:
Hinn 24. febr. 1892 gjörðu aðilar máls þessa Julius steinsmiður Schau og hafnarnefnd Reykjavíkur samning um byggingu á fremsta parti hafnarbryggjunnar í Reykjavík og hækkun hennar, og er aðalinntak samningsins það, er nú skal greina. Julius Schau tókst á hendur að byggja fremri hluta bryggjunnar og hækka hana, og skyldi hann vera hlaðinn eingöngu úr grjóti, höggnu og klofnu, sams konar og í efri hluta hennar, en án steinlíms. Tvö efstu lögin í hliðarveggjunum áttu að vera úr svo stóru og vönduðu grjóti, sem unnt væri að fá, og milli þeirra fyllt upp með grjóti og möl, og ofan á það skyldi koma steinlag úr samskonar grjóti og efri hlutinn. Plankar skyldu festir á ytri brúnir bryggjunnar og festarhringir, eptir því sem nánar er tiltekið í samningnum. Grjót allt, er til bryggjunnar þyrfti, lofaði hafnarnefndin að leggja til þar á staðnum. Allt annað

lofaði Schau að leggja til og áskildi sjer 4200 kr. fyrir starf sitt, og skyldu þær greiðast að $^2/_3$ hlutum smám saman meðan á verkinu stæði, en að $^1/_3$ hluta að verkinu loknu samkvæmt samningnum. Öllu bryggjusmíðinu skyldi lokið fyrir júlímánaðarlok 1892. Til tryggingar því, að verkið yrði vel og traustlega af hendi leyst, veðsetti J. Schau hafnarnefndinni húseign sína nr. 3 í Bergstaðastræti fyrir 3000 kr. upphæð, næst 1000 kr. veðrjetti til landsbankans, með uppfærslurjetti. Skyldi ábyrgð þessi standa í 5 ár frá því bryggjusmíðinu væri lokið að fullu. 5. marz 1894 var, eptir samkomulagi milli hlutaðeiganda, gjörð sú breyting á ákvæðum samningsins um veðsetninguna, að veðrjettur hafnarnefndarinnar í húsinu nr. 3 í Bergstaðastræti fjell burt, en í stað hans fjekk hafnarnefndin 2. veðrjett í húseign Schaus nr. 12 við Laugaveg, næst eptir 1350 kr. skuld til landsbankans. Svo er að sjá, sem bryggjusmíðinu hafi verið lokið á ákveðnum tíma, og skoðunargjörð fór fram á henni 30. júní 1893, og 24. febr. 1894 ritaði formaður hafnarnefndarinnar áteiknun á samnings-eintak Jul. Schau þess efnis, að hann hefði hlaðið upp og lengt hafnarbryggjuna samkvæmt því, sem tilskilið var í samningnum.

Hinn 28. des. 1894 atvikaðist það, að hafnarbryggjan varð fyrir töluverðum skemmdum af brimróti. Hafnarnefndin fór þess þá á leit við Schau, að hann bætti skemmdirnar á bryggjunni upp á eigin kostnað, en hann neitaði að taka nokkurn þátt í endurbótunum. Var honum samt falið

að bæta bryggjuna, og gjörði hann það að nokkru leyti og gaf, 24. jan. 1895, hafnarnefndinni reikning yfir kostnaðinn, og ávísaði formaður nefndarinnar honum upphæðinni 309 kr. 78 a., að geymdum rjetti til endurgjalds eptir dómi. Höfðaði þá hafnarnefndin mál gegn Júl. Schau, til þess að fá hann dæmdan til að endurgreiða áfallinn kostnað við aðgjörð bryggjunnar, áminnstar 309 kr. 78 a., og ennfremur til að umbæta á eigin kostnað þær skemmdir, sem enn væru óviðgerðar, svo og málskostnað. Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. ágúst f. á., var Júl. Schau dæmdur til að endurgreiða hafnarnefnd Reykjavíkur kr. 309,78, sömuleiðis til að endurbæta á eigin kostnað skemmdir þær á hafnarbryggjunni, sem enn væru óviðgjörðar, að viðlögðum 10 kr. dagsektum, og ennfremur 100 kr. málskostnað. Dómi þessum hefir Júl. Schau áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 5. sept. f. á., og gjört þær rjettarkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefndu, eða til vara, að málskostnaður fyrir undirdómi verði látinn falla niður og að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hafa stefndu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað með 60 krónum.

Hin fyrsta ástæða, er áfrýjandi telur sjer til sýknar, er sú, að vottorð það, er formaður hafnarnefndarinnar ritaði á samningseintak áfrýjanda

þ. 24. febr. 1894 í sambandi við skoðunargjörðina, er fram fór 30. júní 1893, verði að álítast eins og fullkomin kvittun fyrir því, að bryggjusmíðið væri að öllu leyti leyst af hendi samkvæmt bryggju-byggingarsamningnum, og væri áfrýjandi laus allra mála, einnig hvað ábyrgðina snerti. Þareð það nú virðist liggja í málfærslu partanna við undirrjettinn, að áfrýjandi fyrst eptir áðurnefnda skoðunargjörð og áteiknun hafi fengið þann 1/3 hluta hins umsamda kaups, sem hann, samkvæmt 2. gr. bryggjusamningsins, hafði rjett til »að verkinu loknu samkvæmt þessum samningi«, þá er það í sjálfu sjer ólíklegt, að uppáteiknunin einnig feli í sjer kvittun fyrir ábyrgðinni og veðsetningunni í 5. gr. samningsins, þar sem hún ekki beinlínis tilgreinir að svo skuli vera, og móti því, að þetta hafi verið skilningur áfrýjanda, mælir það atriði, að nokkru seinna en uppáteiknunin var gefin, nefnilega 5. marz s. á., gjörðist breyting á veði því, er áfrýjandi samkvæmt 5. gr. samningsins átti að setja, en varla mundi sú breyting hafa orðið, ef áfrýjandi hefði álitið sig lausan við ábyrgðina við uppáteiknunina 24. febr. s. á. Verður því ástæða þessi ekki tekin til greina.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að ábyrgð sú og veð, er hann í 5. gr. samningsins setur fyrir því, að verkið sje vel og traustlega af hendi leyst, geti ekki skilizt öðru vísi en sem ábyrgð fyrir að vinna hans á bryggjunni verði samningi samkvæm; en nú hafi steíndu samkvæmt 2. gr. samningsins átt að leggja til grjótið í bryggjuna, en grjótið,

sem þeir lögðu til, hafi, að hans áliti, verið ofsmátt höggvið, og hafi hann kvartað yfir því við nefndina, en enga leiðrjettingu fengið, og hafi því orðið að byggja úr því, sem honum var fengið. Skoðunargjörðin 30. júní 1893 beri það með sjer, að skoðunarmennirnir hafi álitið, að vinnan á bryggjunni væri vel af hendi leyst, en grjótið væri í smærra lagi. Þess vegna sje auðsætt, að skemmdirnar, sem urðu á bryggjunni 28. des. 1894, geti alls eigi talizt honum til ábyrgðar, þar eð vinna hans, sem hann að eins hafði ábyrgð á, eptir skoðunargjörðinni hafi verið samningi samkvæm. Að ákvæði 5. gr. samningsins, um veð það, er áfrýjandi skuldbatt sig til að setja til tryggingar verkinu, eigi að eins við vinnu hans á bryggjunni, verður eigi fallizt á, því þegar ekki öðru vísi er til tekið, liggur beinast við, og er almennum skilningi samkvæmt, að leggja þá þýðingu í ákvæði áminnstrar greinar, að áfrýjandinn ábyrgist að bryggjan, eins og hún kemur fullgjörð frá hans hendi, sje vel gjörð og traustlega, og virðast því ákvæði 2. gr. samningsins, um það að stefndu legðu til grjótið, eigi geta valdið því, að ábyrgð áfrýanda falli burt, þó grjótið hafi verið of smátt höggvið, því álíta verður, að hann, þegar hann sá að ekki mundi vera hægt að byggja traustlega úr því, hefði getað neitað að byggja úr öðru grjóti en því, sem hann áliti hæfilega stórt til þess að hann gæti tekið á sig ábyrgð þá, er 5. gr. samningsins ákveður, en eptir því, sem fram hefir komið í málinu, virðist hann eigi hafa gjört það. Af

þessu leiðir, að skoðunargjörðin 30. júní 1893 eigi getur losað áfrýjanda við optnefnda ábyrgð.

En þótt framangreindar ástæður eigi virðist geta leitt til sýknunar áfrýjanda fyrir kröfum hinnar stefndu hafnarnefndar, kemur enn til álita sú ástæða áfrýjanda, að veður það og sjávargangur, sem olli skemmdum á bæjarbryggjunni 28. desbr. 1894, hafi verið svo óvanalegt og stórfengilegt, að honum aldrei hafi getað komið til hugar að taka ábyrgð á bryggjunni fyrir slíku ofurefli náttúrunnar, og að ábyrgð hans fyrir þá sök hljóti að falla burtu. Það verður að álíta það alkunnugt (notóriskt) og styðst einnig við ómótmælt vottorð 3 hjer búandi manna, að brimið og sjávargangurinn hafi hinn umgetna dag verið óvenjulega mikið og meira en elztu menn rekur minni til, og miklar líkur eru þar að auki komnar fram fyrir, að sjórinn hafi haft sjer til aðstoðar fleka og trjáviði, er bárust úr hinum öðrum bryggjum, sem brotnuðu, til að vinna á hafnarbryggjunni. Þegar nú þess er gætt, að áfrýjandi að eins hefir tekið ábyrgð á því, að verk hans væri vel og traustlega af hendi leyst, og að ekki er hægt að álíta, að áfrýjandi, er hann ábyrgðist að bryggjan væri vel og traustlega gjörð, hafi viljað ábyrgjast hana eða hafi ábyrgzt hana fyrir hverju ofsa-brimróti, er fyrir gæti komið, heldur að eins fyrir þeim brimum, sem vanalega koma fyrir hjer á vetrum og menn mega við búast, þá verður ekki álitið, að næg sönnun sje komin fram fyrir því, að verk áfrýjanda við bæjarbryggjuna hafi ekki verið vel og

traustlega af hendi leyst, þótt bryggjan laskaðist í því fádæma brimróti, sem hjer var 28. desbr. 1894, og ber því í þessu máli að sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum hafnarnefndarinnar í Reykjavík. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Júlíus steinsmiður Schau, á í þessu máli að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, hafnarnefndar Reykjavíkur.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 2. marzmán.

Nr. 3/1896. Hið opinbera
gegn
Jóni Hanssyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3. desbr. f. á., var hinn kærði Jón Hansson, 16 ára gamall unglingspiltur hjer í bænum dæmdur fyrir æðarfulgsdráp samkvæmt tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, 11. gr. í 1 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og samkvæmt viðaukalögum nr. 15, 22. marz 1890, 1. gr., í 10 kr. sekt, er að 1/3 renni í bæjarsjóð Reykjavíkur en að 2/3 til uppljóstarmanns, Teits bónda Jónssonar í Viðey. Svo skyldi hann og greiða allan

af málinu leiðandi kostnað. En dómi þessum er skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Hinn kærði hefir játað, að hafa hinn 26. nóv. f. á. skotið fugl, sem synti á sjónum fyrir framan Klapparvör í Skuggahverfi hjer í bænum, en kærði stóð hjá skúr einum efst í vörinni, er hann skaut. Kveðst hann hafa hugsað, að það væri önd, sem hann skaut á, eða sýnzt það mjög líkt önd, en í rauninni hafi hann ekki vitað, hvaða fugl það var. Eptir skotið fór kærði vestur í Hafnarvör, til þess að flytja þaðan bát austur í Klapparvör, sem kærði ásamt öðrum dreng var nýlentur á, en þeir höfðu verið á sjó að skjóta fugla. Ætlaði kærði, um leið og hann flytti bátinn, að hirða fuglinn, sem hann skaut í Klapparvör. Þeir komust þó eigi með bátinn alla leið í Klapparvör sökum andviðris, en urðu að setja hann upp nokkuð vestar, en rjett áður en þeir sneru við, var fuglinn tekinn upp úr sjónum af öðrum bát, er var rjett á undan þeim, og reyndist fulginn vera æðarkolla. Eptir upplýsingum þeim, sem fengnar eru í málinu, getur enginn vafi verið á því, þótt hinn kærði hafi viljað vefengja það, að æðarkolla sú, er tekin var upp úr sjónum fyrir framan Klapparvör af nýnefndum bát, hafi verið sá fugl, sem kærði skaut, og það verður heldur eigi álitið, þar sem þetta gjörðist um albjartan dag, að kærði, sem leitar sjer atvinnu við fuglaskot, hafi ekki þekkt, að það var æðarfugl, sem hann skaut á, svo nærri sem hann var fuglinum. Það er líka borið af unglingspilti, sem kom að, þegar kærði skaut fuglinn, og

sem þó eigi kom nær fuglinum en kærði, að hann hafi eigi getað ímyndað sjer annað en að það væri æðarfugl, sem kærði skaut.

Samkvæmt þessu verður að fallast á, að undirdómarinn hefir dæmt kærða fyrir æðarfuglsdráp, og þar sem sektin virðist hæfilega ákveðin samkvæmt fyrgreindum lagaboðum og yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins fyrir lögreglurjettinum hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinum kærða, Jóni Hanssyni, ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 46/1895. Árni Jónsson
gegn
Ó. F. Davíðssyni og skiptaráðandanum í Norður-Múlasýslu
A. V. Tulinius.

Dómur:

Með stefnu, útgefinni 4. októbermán. f. á., og samkvæmt konunglegu uppreisnarleyfi, útgefnu 3. s. m., hefir Árni læknir Jónsson á Vopnafirði áfrýjað til yfirdómsins skiptum á dánar- og þrotabúi J. Chr. Lilljendahls frá Austur-Skálanesi, er gjörð voru af skiptarjetti Norður-Múlasýslu 12. marzmán. f. á., svo og úrskurði skiptarjettarins uppkveðnum s. d., en með úrskurði þessum var skuldakröfu áfrýjanda til búsins, að upphæð 106 kr. 46 a., vísað á bug sem búinu óviðkomandi, að undanteknum 20 kr. af kröfuupphæðinni, sem skiptarjetturinn tók til greina sem forgangsskuld, og hefir áfrýjandi nú krafizt þess, að skiptagjörðin og úrskurðurinn verði úr gildi felld og skiptaráðandi skyldaður til að taka búið til skipta að nýju, þannig að öll krafa áfrýjanda, 106 kr. 46 a., verði tekin til greina við skiptin sem forgangsskuld, og að hinn stefndi, verzlunarstjóri Ó. F. Davíðsson, sem mótmælti kröfu áfrýjanda í skiptarjettinum, eða til vara skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu fyrir búsins hönd, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 100 kr. Hinir stefndu, verzlunarstjóri O. F. Davíðsson og skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu, hafa

eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt þeim hafi verið löglega stefnt, og verður fyrir því að dæma mál þetta eptir hinum framlögðu málsskjölum og gögnum samkvæmt N. L. 1—4—32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Skuldakrafa áfrýjanda til bús J. Chr. Lilljendahls er byggð á reikningi yfir meðul og læknishjálp, er hann hafði látið í tje sumpart Lilljendahl sjálfum, sumpart hjúi hans. Í úrskurði skiptarjettarins segir, að af skuldarupphæðinni sjeu 20 kr. fyrir læknishjálp (og meðul) til Lilljendahls, og er þessi hluti kröfunnar tekinn til greina sem forgangsskuld, en afgangurinn, 86 kr. 46 a., sje fyrir læknishjálp (og meðul) handa vinnuhjúi hans, og er þessum hluta kröfunnar hrundið af skiptarjettinum. Þessi sundurliðun skuldakröfunnar er í samhljóðun við skýrslu málsaðila fyrir skiptarjettinum, og verður órökstudd vefenging áfrýjanda fyrir yfirdóminum á því, að síðast talin upphæð, 86 kr. 46 a., stafi öll af kostnaði við læknishjálp handa vinnuhjúi Lilljendahls, eigi tekin til greina. Það verður þá prætuspurningin í málinu, hvort áfrýjandi geti heimtað þessar 86 kr. 46 a., sem hann hefir látið vinnuhjúi Lilljendahls í tje í meðulum og með læknishjálp, endurgoldnar af dánarbúi Lilljendahls.

Eptir skýrslum málsins má álíta það sannað, að Lilljendahl hafi beðið áfrýjandann að vitja hjús síns á heimili sínu í sjúkdómi þess og láta því í tje þau meðul, er það þarfnaðist, án þess að hann hafi haft nokkurn fyrirvara um það við áfrýjanda,

að hann yrði að eiga við hjúið um borgunina. Þetta eitt var nægilegt til þess, að áfrýjandi hafði fullan rjett til að byggja á því, að hann ætti við Lilljendahl einan um borgunina fyrir hina veittu læknishjálp og meðul, á sama hátt og fyrir aðra læknishjálp og meðul, er hann veitti heimili hans, og það getur ekki haft neina þýðingu í þessu tilliti, þótt Lilljendahl hefði *gagnvart hjúinu* rjett til, samkvæmt vinnuhjúatilskipuninni, að krefjast þess, að það sjálft greiddi lækningarkostnaðinn, og gæti, ef það vantaði efni til þess, heimtað hann endurgoldinn af hlutaðeigandi sveitarsjóði. Þar sem nú ekkert hefir verið fundið að skuldarupphæðinni sjálfri og engin vefenging er fram komin um, að hún stafi frá þeim tíma, er skiptalögin til taka sem skilyrði fyrir forgöngurjetti skuldarinnar, þá bar að taka skuldina til greina við skiptin sem forgönguskuld samkvæmt 83. gr. c í skiptalögunum 12. apríl 1878. Það verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð og skiptagjörð úr gildi og skylda skiptaráðandann til að taka búið til skipta af nýju, þannig, að öll krafa áfrýjanda, kr. 106,46, verði tekin til greina sem forgangsskuld. Málskostnað fyrir yfirdóminum þykir rjett að hinn stefndi verzlunarstjóri O. F. Davíðsson greiði áfrýjandanum með 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður og skiptagjörð skulu úr gildi felld og skiptaráðandinn skyldur að taka búið til skipta að

nýju, þannig að krafa áfrýjanda öll, kr. 106,46, verði tekin til greina við skiptin sem forgangsskuld samkvæmt framansögðu. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinn stefndi, verzlunarstjóri Ó. F. Davíðsson, áfrýjandanum, Árna hjeraðslækni Jónssyni, 30 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marzmánaðar.

Nr. 49/1895. Benónía Þiðriksdóttir
gegn
Jónasi Pálssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir lögreglurjetti Árnessýslu 13. marz. f. á. í barnsfaðernislýsingarmáli Benóníu Þiðriksdóttur á hendur Jónasi Pálssyni, var dæmt rjett að vera: að svo framarlega sem hinn lýsti barnsfaðir, Jónas Pálsson, ynni eið að því á varnarþingi sínu eptir löglegan undirbúning, að hann hefði ekki haft holdlegt samræði við áfrýjanda, Benóníu Þiðriksdóttur, á þeim tíma, að hann gæti verið faðir barns þess, sem hún ól 19. okt. 1894 og skírt var Þuríður, þá ætti hann að vera sýkn af kærum hennar og kröfum í þessu máli, en treysti hann sjer ekki til að vinna svo felldan eið, skyldi hann greiða árlegt meðlag með nefndu barni, þar til það væri orðið 16 ára gamalt, en háyfirvaldið ákvæði upphæð meðlagsins.

Hinn 19. okt. 1894 ól áfrýjandi meybarn, er skírt var Þuríður; lýsti hún stefnda föður barnsins, en hann hafði verið á Háfafelli, heimili áfrýjanda, frá því um veturnætur 1893 og fram undir þorralok 1894; hann synjaði fyrir faðernið, og þá höfðaði hún mál gegn stefnda, en úrslit þess urðu eins og áður segir. Hefir hún nú áfrýjað þeim dómi til landsyfirdómsins, fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann, og fer hún fram á það hjer fyrir rjettinum, að henni verði leyft að staðfesta faðernislýsingu sína með eiði. Eptir að dómur var kveðinn upp í hjeraði, voru útvegaðar nokkrar upplýsingar í málinu. Hefir eitt vitni borið, að ástalíf hafi um veturinn, sem stefndi dvaldi á Háfafelli, verið milli hans og áfrýjanda og að þau hafi opt verið ein sjer; að á þeim tíma hafi enginn karlmaður verið á Háfafelli nema húsbóndinn, faðir áfrýjanda, og gestkomandi hafi þar að eins verið eina nótt einn kvongaður maður; hins vegar hefir vitnið ekki sjeð eða vitað til, að stefndi og áfrýjandi hafi haft holdlegt samræði hvort við annað. Karl einn á sjötugsaldri segir áfrýjandi að hafi verið á heimilinu um tíma samtíða stefnda; 2 vitni hafa borið, að þeim virtist barnið líkt Jónasi. Gegn neitun stefnda — sem þó eigi hefir mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum — um að vera faðir barnsins, eru þessar líkur ekki nægar til þess að áfrýjanda verði dæmdur eiðurinn í máli þessu, og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Vinni stefndi eiðinn, virðist rjett að málskostnaður falli niður, og ber þá að greiða

talsmanni áfrýjanda 10 kr. í málflutningslaun af almannafje. En treysti stefndi sjer ekki til að vinna eiðinn, ber honum að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal 10 kr. til hins skipaða talsmanns áfrýjanda. Að því leyti málið hefir verið sótt með gjafsókn vottast, að flutningur þess hefir verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað. Vinni hinn stefndi, Jónas Pálsson, synjunareiðinn, fellur málskostnaður niður og hinum skipaða talsmanni áfrýjanda, málaflutningsmanni Eggerti Briem, greiðast 10 kr. í málflutningslaun af almannafje, ella ber stefnda að greiða hann, eins og málið ekki væri sótt með gjafsókn, og þar á meðal 10 kr. sem málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. marzmánaðar.

Nr. 37/1895. Páll Ólafsson
gegn
Valtý Valtýssyni.

Dómur:

Vorið 1893 26. maímánaðar fór fram úttekt á þjóðjörðinni Nesi í Loðmundarfirði úr höndum stefnda til Sveins nokkurs Bjarnasonar, sem við-

takanda, og keypti viðtakandi jarðarinnar af stefnda hús, er hann átti eptir á jörðinni og sem virt voru á 164 kr., og auk þess mátu úttektarmenn að viðtakandi skyldi greiða stefnda 20 kr. fyrir voryrkju á túni og sáðgarði, er hann hafði leyst af hendi áður hann fór af jörðinni. Af þessum samtals 184 kr. voru stefnda greiddar 80 kr. sumarið eptir úttektina, en hitt gat hann eigi fengið borgað góðviljuglega, og með því að hann áleit, að áfrýjandinn Páll Ólafsson, er sem hlutaðeigandi þjóðjarðaumboðsmaður var viðstaddur úttektina, hefði lofað að sjá um borgun á nefndri skuld, en hann færðist undan að greiða skuldina að svo stöddu, þá höfðaði stefndi þetta mál gegn áfrýjandanum fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu til að fá hann dæmdan til að greiða sjer skuldina, og var dómur kveðinn upp í því máli 25. febr. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda það, er eptir stóð af húsaverðinu 84 kr. (en ekki 20 krónurnar fyrir voryrkjuna) með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Svo var og áfrýjandi dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs fyrir ósæmilegan rithátt og óvirðingu fyrir rjettinum og stefndi dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs fyrir ósæmilegan rithátt.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 19. ág. f. á., og krafizt þess, *að* dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu ex officio vísað frá undirrjettinum, en *til vara* að dómurinn verði úr gildi felldur og áfrýjandinn sýknaður af öllum kærum og kröfum

stefnda, *að* hin ídæmda sekt fyrir ósæmilegan rit hátt verði burtu felld eða færð niður, og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir undir- og yfirdómi með 100 kr.

Hinn stefndi hefir krafizt þess aptur á móti, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum allan málskostnað með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að eigi hafi verið reynd á löglegan hátt sáttaumleitun í málinu, því að á sáttafundinum hafi mætt að eins 1. sáttamaður, en 2. sáttamaður eigi komið á fundinn, og verið þó óforfallaður, en eigi fengið að vita um fundinn; auk þess sje alkunnugt, að 1. sáttamaður sje óvinur áfrýjandans. Um þetta síðasta atriði, óvináttu 1. sáttamanns og áfrýjanda, er ekkert fram komið í málinu, en því er neitað af stefnda hálfu, að slík óvinátta eigi eða hafi átt sjer stað, og verður því eigi byggt neitt á þessari sögusögn áfrýjanda. Hitt, að að eins annar af sáttamönnum var fyrir á fundinum, þótt forföll eigi bönnuðu báðum að mæta, er að vísu yfirsjón þess sáttamannsins, sem það var að kenna, en af því leiðir eigi að sáttaumleitunin hafi orðið ólögleg fyrir það, sbr. tilsk. 20. jan. 1797, 35. gr. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því eigi til greina tekin.

Áfrýjandinn hefir haldið því fram, hvað efni málsins snertir, að hann hafi við úttektina 26. maí 1893 að eins lofað stefnda að ábyrgjast skuld viðtakanda til hans fyrir húsin, 164 kr., sem almennur

ábyrgðarmaður, en ekki sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, og yrði því stefndi að sanna það, áður en hann gengi að sjer um borgun, að viðtakandi hafi eigi getað borgað skuldina. Í vitnaleiðslu, er fram fór meðan á málinu stóð, er það þó svarið af báðum þeim mönnum, er úttektina gjörðu, að áfrýjandi hafi tekið að sjer að borga stefnda umrædda húskaupaskuld, og hafa þeir um það atriði, hvernig málspörtum fórust orð við þetta tækifæri, skýrt svo frá, annar þeirra, að áfrýjandi hafi sagt við stefnda, að hann ætti við sig um borgunina fyrir húsin, en hinn, að hann myndi að vísu ekki orðin greinilega, en þau hafi fallið á þá leið, að stefndi ætti við áfrýjanda um borgunina. Með þessu er færð full sönnun fyrir því að áfrýjandi hefir tekið að sjer að greiða umrædda skuld Sveins Bjarnasonar, 164 kr., til stefnda sem sína eigin skuld, og þar sem eptir standa ógreiddar af þessari skuld 84 kr., þá verður að fallast á, að undirdómarinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða stefnda þessa upphæð. Yfirdómurinn fellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, en að því er sektarákvæðið fyrir ósæmilegan ritháttt snertir, þykir sektin hæfilega ákveðin fyrir hvorn málsaðila 5 kr. til landssjóðs og 5 kr. til hlutaðeigandi fátækrasjóðs, og ber því að staðfesta aukarjettardóminn með þessari breytingu.

Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda með 20 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að ídæmd sekt fyrir ósæmilegan ríthátt sje fyrir hvorn málsaðila, sækjanda og stefnda, 5 kr. til landssjóðs og 5 kr. til fátækrasjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar. Áfrýjandinn, Páll Ólafsson, greiði stefnda Valtý Valtýssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 38/1895. Ólafur Þórðarson
gegn
Jóhanni Þorsteinssyni.

Dómur:

Með byggingarbrjefi, útgefnu 10. maímán. 1862, byggði Filippus heitinn Þorsteinsson á Bjólu áfrýjandanum Ólafi bónda Þórðarsyni í Efri-Sumarliðabæ í Holtum í Rangárvallasýslu þessa ábýlisjörð hans en eignarjörð Filippusar, og var meðal annars svo til orða tekið í byggingarbrjefinu: »En færi svo að jeg eða mínir, eða þeir, er kynnu að vera aðnjótandi tjeðrar jarðar (o: Efri-Sumarliðabæjar), þurfi hennar nauðsynlega með til ábúðar, skal hann (o: áfrýjandi) skyldur að víkja frá henni án frekari fyrirhafnar« o. s. frv. Sat áfrýjandi í þessari byggingu í yfir 30 ár, en þá ljet núverandi eigandi jarðarinnar, hinn stefndi,

Jóhann bóndi Þorsteinsson á Litla-Ármóti, er fengið hafði mestan hluta jarðarinnar með konu sinni, dóttur Filippusar heitins Þorsteinssonar, en hún fjekk hann í arf, birta áfrýjandanum útbyggingarskjal 20. desbr. 1894, þar sem áfrýjandanum með skírskotun til fyrgreinds ákvæðis í byggingarbrjefinu 10. maí 1862 var byggt út af eignarhluta stefnda í Efra-Sumarliðabæ frá fardögum 1895, með því að stefndi kvað stjúpdóttur sína, en dótturdóttur Filippusar Þorsteinssonar, þurfa jarðarinnar nauðsynlega með til ábúðar. 16. maí 1895 byggði síðan stefndi þessari stjúpdóttur sinni og manni hennar sinn hluta í Efri-Sumarliðabæ (11 hndr. 86 ál. af 13 hndr. 30 ál.) frá fardögum næstu á eptir, og með því að áfrýjandinn eigi vildi góðviljuglega hlýðnast útbyggingunni, krafðist hann með brjefi til hlutaðeigandi fógeta 20. maí s. á. útburðargjörðar hjá áfrýjanda. Hinn 10. júní var síðan fógetarjettur settur að Efri-Sumarliðabæ, og með því að samkomulag gat eigi á komizt með málsaðilum, úrskurðaði fógetinn samdægurs að hin heimtaða fógetagjörð skyldi framkvæmd, þó þannig, að útburðarþolandi fengi til umráða það af jarðarhúsum, er svaraði 1 hndr. 64 ál. úr allri jörðunni samkvæmt virðingu úttektarmanna. En þegar eptir að úrskurðurinn var uppkveðinn samdist svo með viðtakanda jarðarinnar (manni stjúpdóttur hins stefnda) og fráfaranda (áfrýjanda), að þeir skiptu sjálfir með sjer húsum á jörðinni, en ljetu úttektarmenn skipta milli þeirra túni og engjum, og skrifuðu þeir síð-

an í fógetabókina undir þessa sætt, sem þeir svo kölluðu, henni til staðfestingar. Var síðan fógetabókin upp lesin og samþykkt af öllum hlutaðeigendum, þar með einnig af báðum aðilum þessa máls.

Áfrýjandinn hefir nú með stefnu, útgefinni 19. ágúst f. á., skotið fyrtjeðum fógetaúrskurði til yfirdómsins og krafizt ómerkingar á honum og að útburðargjörðin verði úr gildi felld. Svo hefir hann og krafizt skaðabóta hjá stefnda og málskostnaðar. Hinn stefndi hefir aptur á móti krafizt, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara, að úrskurðurinn verði staðfestur og stefndi sýknaður af öllum kröfum og kærum áfrýjanda, sem og málskostnaðar.

Af því sem að framan er tekið fram og að því viðbættu að áfrýjandi hafði engan fyrirvara um það, er hann gekk að fyrgreindri sætt, að hann geymdi sjer rjett til að áfrýja fógetaúrskurðinum, virðist það nú auðsætt, að máli þessu hefir verið algjörlega ráðið til lykta með sættinni, sem gjörð var fyrir fógetarjettinum, enda varð ekkert úr því, að úrskurðurinn kæmi til nokkurrar framkvæmdar. Að vísu gjörðist sættin í orði kveðnu milli áfrýjanda og viðtakanda jarðarinnar, en ekki áfrýjanda og stefnda, en það verður að álíta að sættin hafi verið gjörð með fullu samþykki stefnda, sem var sjálfur viðstaddur og staðfesti bókunina með undirskript sinni, enda miðaði fógetagjörðin að eins að því, að koma viðtakanda að jörðunni og var því tilgangslaus, er samkomulag komst á

í því tilliti milli hans og fráfaranda (áfrýjanda). Þar sem málið þannig var útkljáð fyrir fógetarjetttinum með löglegri sætt, gat áfrýjandi eigi síðar skotið úrskurðinum, sem aldrei kom til framkvæmdar, til æðri rjettar, og ber því samkvæmt kröfu stefnda að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn Ólafur bóndi Þórðarson í Efri-Sumarliðabæ greiði stefnda Jóhanni bónda Þorsteinssyni á Litla-Ármóti í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 26/1895. Halldór Bjarnarson
gegn
Þórarni Benjamínssyni.

Dómur:

Með stefnu, dags. 1. júní f. á., hefir áfrýjandi þessa máls Halldór prófastur Bjarnarson á Prestbólum skotið til landsyfirrjettarins dómi, gengnum í aukarjetti Þingeyjarsýslu 3. desbr. 1894 í máli milli hans og Þórarins Benjamínssonar á Efri-Hólum út af skuldaviðskiptum þeirra í milli, sem gjörir honum að greiða stefnda kr. 83,73 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnað-

ur skyldi eptir dómnum falla niður; nokkur ummæli málspartanna í sóknar- og varnarskjölum þeirra voru dæmd dauð og ómerk. Hefir áfrýjandi hjer fyrir rjettinum krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda, en að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 200 kr. 64 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, en um þá upphæð hafði áfrýjandi gagnstefnt stefnda í hjeraði; ennfremur hefir hann krafizt, að nokkur orð í kæruskjali stefnda í hjeraði verði dæmd dauð og ómerk, og að stefndi verði dæmdur, hvernig sem málinu lýkur, til að greiða honum 100 kr. í málskostnað fyrir báðum rjettum eða eitthvað eptir rjettarins mati nægilegt. Hins vegar hefir hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Skuld sú, sem stefndi hefir talið til hjá áfrýjanda, var samkvæmt sáttakærunni að upphæð kr. 105,48, en eptir stefnunni í undirrjetti að eins 98 kr. 70 a.; í sóknarskjali sínu í hjeraði heimtar stefndi aptur 105 kr. 48 a. og enn fremur fyrir stefnuför 7 kr. 50 a. En þar sem ekki er kært til sátta nema 98 kr. 70 a. skuld, verður að skoða þessa upphæð sem dómskröfu hans, enda lýtur málsfærsla hans seinna að þessari upphæð.

Skuldakrafa stefnda er byggð á reikningi hans til áfrýjanda, sem lagður var fram í hjeraði

sem rjettarskjal nr. 5, og hefir hjeraðsdómarinn að eins tekið til greina reikningsliðina:

nr. 1—3	kr.	9,00
af nr. 4	—	14,00
nr. 6—8	—	7,60
nr. 11—14	—	48,00
nr. 16—19	—	42,00
nr. 25—26	—	5,00
Enn fremur hattverð . . .	—	3,50
og tvítalin prests- og kirkjugjöld	—	6,70
	kr.	135,80
og dregið frá þessari upphæð	—	52,07,
sem stefndi kannast við að hafa með-		
tekið frá áfrýjanda. Eptir eru . .	—	83,73,

en það er upphæð sú, sem hjeraðsdómarinn hefir dæmt hinum stefnda. Með því að stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu, er nú að eins spurning um hinar ofantöldu upphæðir, þegar um kröfu hans er að ræða á hendur áfrýjanda. Hinum öðrum kröfuliðum á reikningi hans var hrundið af hjeraðsdómaranum. Áfrýjandi hefir eigi mótmælt reikningsliðunum nr. 6, 8, 12 og 13, samtals að upphæð 18 kr. 60 a., nje heldur hattverðinu kr. 3,50 og endurgjaldskröfunni fyrir tvítalin prests- og kirkjugjöld kr. 6,70, en allar þessar upphæðir eru dæmdar hinum stefnda með undirrjettardóminum, og eru þær þannig nú viðurkenndar, samtals . . . . . kr. 28,80,

Hinum öðrum reikningsliðum hefir áfrýjandi neitað.

Að því er snertir póstana 1—2, þá neitar áfrýjandi að upphæðir þær, sem

þar eru tilfærðar, sjeu rjettar, því þeir Fl.kr.28,80
Magnús og Stefán hafi að eins unnið honum part úr dögum: en svofelld neitun getur ekki, gegn staðhæfing stefnda um að þeir hafi unnið áfrýjanda heila daga og sem styðst við það sem á annan hátt er komið fram, tekizt gild. Samkvæmt þessum póstum ber því stefnda að fá greiddar hjá áfrýjanda . . . . — 8,00

3. pósti hefir áfrýjandi neitað að »svo stöddu« og »af því hann ekki reki minni til«. Svo felld neitun verður ekki tekin til greina. Áfrýjanda ber því að greiða þennan póst með . . . . . — 1,00

4. póstinn vill áfrýjandi greiða með 12 kr., en er dæmdur til að greiða hann með 14 kr.; í reikningnum eru tilfærðar 16 kr. Það er viðurkennt í málinu, að stefndi hafi verið á ferð fyrir áfrýjanda í 4 daga, lagt sjer til hest og lagt sjer til fæði, og verður því ekki álitið að þessi krafa sje of há, enda hefir áfrýjandi ekki sannað, að öðru vísi hafi verið um samið. Verður hann því að greiða þennan póst með . . . . . — 14,00

Við 7. póst eru mótmæli áfrýjanda svo óákveðin, að hann verður að greiða hann með . . . . . — 3,00

11. póst hefir áfrýjandi neitað að greiða með 2 kr., segir að Stefán hafi

Flyt kr. 54,80

að eins verið við vinnu hjá sjer part úr degi, og metur hann þá vinnu 50 aura. Gegn þessari órökstuddu neitun áfrýjanda virðist stefndi hafa fært nægа sönnun fyrir að pósturinn sje rjettur; ber áfrýjanda því að greiða hann með . . — Fl.kr.54,80 2,00

Að því er kemur til 14. töluliðs á reikningnum, þá er það viðurkennt að stefndi hafi unnið að húsasmíðum að vor- og sumarlagi í 64 daga. Hefir áfrýjandi að eins viljað greiða stefnda 1 kr. 50 a. í dagkaup, og segir, að svo hafi verið um samið. Áfrýjandi hefir hins vegar haldið því fram, að 2 kr. dagkaup vor- og samartímann sje hið lægsta kaup, er hann taki fyrir vinnu sína við smíðar, og neitar því að nokkuð hafi verið um samið milli áfrýjanda og hans um kaupið. Með því stefndi þannig að eins hefir reiknað sjer venjulegt kaup, og áfrýjandi ekki hefir fært sönnur á, að öðru vísi hafi verið um samið, hlýtur áfrýjandi að greiða upphæð þessa töluliðs með . . . . . — 32,00

Að því snertir 16. tölulið reiknings stefnda, þá hefir áfrýjandi að vísu kannazt við, að Haraldur sonur stefnda hafi verið hjá honum við fjárgeymslu að vetrarlagi í 42 daga, en segir, að það hafi verið um samið, að hann að eins

Fl. kr. 88,80

skyldi vinna fyrir mat. Þessu hefir Fl. kr 88,80
stefndi neitað; það hafi ekkert verið um
það samið; áfrýjandi hafi lofað Haraldi
að gefa honum Konráðs orðabók, sem
hann ekki hafi efnt. Með því að áfrýj-
andi ekki hefir sannað, að svo hafi ver-
ið um samið, að Haraldur skyldi að eins
vinna fyrir mat sínum, og með því hann
ekki hefir neitað því, að hann hafi lof-
að Haraldi Konráðs orðabók, og þann-
ig heitið honum kaupi, þá virðist stefnda
hafa verið heimilt að færa áfrýjanda til
reiknings hæfilegt kaup til Haraldar, og
með því áfrýjandi ekki hefir með rök-
um mótmælt því, að 50 a. kaup á dag
væri hæfilegt, kemst áfrýjandi ekki hjá
að greiða upphæð þessa töluliðs með . — 21,00

Mótmæli áfrýjanda gegn 17. tölulið
reikningsins virðast staðlaus, og verður
hann því að greiða upphæð hans með — 8,00
og svo er og um upphæð 18. og 19. tölu-
liðs, er honum ber því að borga með — 13,00

25. póstur virðist nægilega rök-
studdur af stefnda; áfrýjanda ber því að
greiða honum upphæð hans með . . . — 3,00

Fyrir skemmdir og slit á smíðatól-
um, sem reiknaðar eru undir tölulið 26,
virðist ekkert verða dæmt stefnda gegn
neitun áfrýjanda, því að það er ekki
sannað, að þau hafi hafi skemmzt, og sú

Fl.kr. 133,80

sögn prestsins, að þau hafi verið lánuð Fl.kr.133,80
en ekki leigð, er ekki hrakin af stefnda,

Samtals kr. 133,80
og þegar þar frá dragast þær . . — 52,07
sem stefndi hefir fengið frá áfrýjanda,
verður eptir . . . . . kr. 81,73
sem áfrýjandi virðist eiga að greiða
stefnda.

Að því snertir kröfur áfrýjanda á hedurn stefnda, að upphæð kr. 200,64, þá virðast þær ekki vera á rökum byggðar og verða því ekki teknar til greina.

Að því fyrst kemur til kröfu áfrýjanda um borgun hjá stefnda fyrir beit í Presthólalandi, þá er þess fyrst að geta, að hin framlögðu vitnisburðarskjöl eru allsendis ónóg til þess með þeim að rökstyðja kröfu áfrýjanda í þessu tilliti, þar sem þau bæði eru í sjálfu sjer óljós og sem óeiðfest utanrjettarskjöl ekki geta gegn mótmælum stefnda haft neitt sönnunargildi. Að því kemur til kröfu áfrýjanda, að upphæð 26 kr., fyrir við úr strandi »Ídu«, haustið 1887, þá hefir áfrýjandi ekki gegn mótmælum stefnda, skýrslu hans og öðru, sem fram er komið í þessu efni, rökstutt þessa kröfu sína.

Að áfrýjandi hafi ljeð stefnda 2 menn til að slá í Vesturdal sumarið 1889 1 dag og 1 nótt, sem reiknað er til peninga af áfrýjanda 16 kr., er að vísu játað af stefnda, en hins vegar hefir hann haldið því fram, að þetta sje greitt þannig, að hann

hafi látið 2 menn slá á Presthólatúni nokkru seinna, og þar sem áfrýjandi hefir ekki mótmælt þessu, verður þessi krafa hans ekki tekin til greina.

Einnig hefir stefndi kannazt við, að áfrýjandi hafi látið reka fyrir sig 8 kindur austur á Vopnafjörð, er áfrýjandi heimtar 4 kr. fyrir, en hins vegar kveðst hann hafa ljeð honum forustusauð í þá rekstrarferð, og vill því að þetta fallist í faðma. Áfrýjandi hefir ekki neitað forustusauðsláninu, og virðist þessi 4 kr. krafa hans því ekki geta tekizt til greina. Þær 20 kr., sem áfrýjandi heimtar af stefnda fyrir það, að bróðir hans nokkrum sinnum lagaði umbúðir á veikum börnum stefnda vorið 1892, virðist stefndi hafa borgað með vökum og yfirsetu hjá brjáluðum frænda áfrýjanda.

Krafa áfrýjanda að upphæð 14 kr. fyrir yfirfrakka virðist ekki eiga við nein rök að styðjast.

Yfirdómurinn fellst á að hjeraðsdómarinn hefir dæmt ómerk nokkur orð, er málspartarnir hafa viðhaft hvor um annan, sem sje þau orð áfrýjanda: »og svo eru Kainsmerkin of ljós á honum«, og þau orð stefnda: »jeg gat ekki ætlað prófastinum svo lubbalegan smásálarskap«.

Samkvæmt framanrituðu ber áfrýjanda að greiða stefnda 81 kr. 73 a. Stefndi á á hinn bóginn að vera sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjetta vera:

Afrýjandinn, Halldór prófastur Bjarnarson, á að greiða stefnda, Þórarni Benjaminssyni, 81 kr. 73 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 9. maí 1893, unz greitt er. Að öðru leyti á hjeraðsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 43/1895. Dánarbú Stefáns Ólafssonar.
gegn
Rafni Sigurðssyni.

Dómur:

Hinn 24. ágúst 1885 gaf stefndi Rafn Sigurðson, skósmiður hjer í bænum, tengdaföður sínum Stefáni bónda Ólafssyni í Kalmanstungu brjeflega viðurkenningu fyrir því, að hann hefði tekið til láns hjá honum 3000 kr., er hann lofaði að greiða af 4% í vöxtu árlega, og veðsetti hann til tryggingar skuldinni hús sitt í Vallarstræti í Reykjavík næst eptir 1200 kr. veðskuld til landsbankans. Þar næst segir í viðurkenningarskjalinu, að af skuldarupphæðinni (3000 kr.) sjeu þegar borgaðar 800 kr. og dragist því frá áskildum rentum eptir fyrri hluta bjefsins árlegar rentur af 800 kr. Loks var tekið fram í brjefinu, að það skyldi útgefið í tvennu lagi, en það var þó aldrei gjört; en þetta eina eintak, sem út var gefið, geymdi Ólaf-

ur búfræðingur, sonur Stefáns og mágur Rafns, sem átti heima í Kalmanstungu, fyrir föður sinn. Stefán bóndi Ólafsson andaðist 31. ágúst 1892. Þegar bú hans var skrifað upp og virt 4. okt. s. á., var skuld stefnda samkvæmt ofangreindu skuldabrjefi 24. ágúst 1885, að upphæð 2200 kr., talin með eignum dánarbúsins, og mætti við uppskriptina fyrir hönd stefnda eptir beiðni hans fyrnefndur Ólafur Stefánsson, mágur stefnda. Á skiptafundi í dánarbúinu 18. maí 1893 mætti annar maður af hendi stefnda, og skýrði hann þá frá því, að greind skuld stefnda til búsins væri fyrir löngu greidd, að undanskildum 67 kr. 50 a., sem eptir stæðu, og lagði hann fram því til sönnunar kvittunarskjal, dags. 27. júlí 1889, undirskrifað af tengdaföður stefnda, Stefáni bónda Ólafssyni. Með því að hlutaðeigendum í búinu, sjerstaklega fyrnefndum syni Stefáns bónda, er enn þá geymdi skuldabrjefið 24. ágúst 1885, kom það nokkuð kynlega fyrir, að skuldinni skyldi vera lokið, en umboðsmaður stefnda á hinn bóginn eigi gat gefið neinar frekari upplýsingar í því efni, var ályktað að fá skýrslu stefnda sjálfs í því tilliti. Skýrði stefndi síðar frá því í brjefi, dags. 6. júlí s. á., að hann hefði borgað megnið af skuldinni (2200 kr. þeim er skuldabrjefið 24. ág. 1885 ræddi um) um leið og hann hefði fengið kvittunina 27. júlí 1889, en vísaði að öðru leyti til þess, sem umboðsmaður sinn við skiptin myndi gefa upplýsing um, en umboðsmaður þessi skýrði frá því á næsta skiptafundi í búinu, að stefndi hefði sagt sjer, að hann

hefði upp í skuldina borgað 500 kr. fyrir hönd tengdaföður sins til Guðmundar nokkurs Guðmundssonar í Hnausakoti, sömuleiðis »eitthvað« til Andrjesar Andrjessonar verzlunarþjóns í Reykjavík upp í skuld, er Stefán sál. stóð í við hann, og hafi sú upphæð einnig átt að ganga upp í skuld stefnda til tengdaföður hans; og enn hefði stefndi borgað fleiri mönnum peninga fyrir tengdaföður sinn, er koma hefðu átt upp í skuldina, en umboðsmaðurinn sá sjer ekki fært að skýra frá, hverjir þessir menn hefðu verið eða hve mikið hefði verið borgað á þennan hátt upp í skuldina. Með því að hlutaðeigendum í búinu þótti eigi vera fram komin sönnun fyrir því, að skuld stefnda væri greidd, og með því að ný áskorun til stefnda um að færa fram frekari sannanir fyrir lúkningu skuldarinnar varð árangurslaus, var síðan höfðað mál gegn stefnda fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, eptir að málið hafði árangurslaust verið lagt til sætta samkvæmt sáttakæru, dags. 4. ágúst 1894, og var þess krafizt fyrir bæjarþingsrjettinum, að stefndi væri dæmdur til að greiða dánarbúinu: 1, vaxtaeptirstöðvar til 27. júlí 1889 67 kr. 50 a.; 2, höfuðstól skuldarinnar 2200 kr.; 3, 4% vexti af 2200 kr. frá 27. júlí 1889 til sáttakærudags, en 5% vexti frá þeim degi til borgunardags; 4, málskostnað með 50 kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi krafðizt aptur á móti sýknunar fyrir öðru af skuldinni en 67 kr. 50 a., er hann viðurkenndi ógreiddar af höfuðstóli, svo og málskostnaðar með nægilegri upphæð. Málið var síð-

an dæmt á bæjarþinginu 7. marz f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum dánarbúsins að öðru leyti en því, að hann skyldi greiða því 67 kr. 50 a., og málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum bæjarþingsdómi hefir skiptaráðandinn í dánarbúi Stefáns heit. Ólafssonar fyrir búsins hönd áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 5. sept. f. á., og hefir hann hjer fyrir rjettinum gjört hinar sömu dómskröfur og fyrir undirrjettinum, með þeirri breytingu, að frá hinum heimtuðu vöxtum dragist 60 kr. sem andvirði einnar brennivínstunnu, er Stefán heit. Ólafsson hafi fengið frá stefnda, svo krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu, eða 200 kr. upp í málskostnað. Hinn stefndi hefir aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi skyldaður til að greiða honum málkostnað fyrir yfirdómi með 100 kr. eða annari nægilegri upphæð.

Hinn stefndi hefir borið fyrir sig sem einustu varnarástæðu gegn kröfu áfrýjanda um greiðslu ofangreindrar skuldarupphæðar fyrtjeð kvittunarskjal 27. júlí 1889, sem hljóðar þannig: »Hjermeð kvittera jeg undirskrifaður Stefán Ólafsson bóndi í Kalmanstungu herra skósmið Rafn Sigurðsson í Reykjavík fyrir öllum rentum og afborgun til dags dato, nema að eins 67 kr. 50 a., er hann skuldar mjer, og eru okkar viðskipti að öllu leyti hjer með klár hvað annað snertir nema ofanskrifaðar 67 kr. 50 a., er Rafn skuldar mjer«. Með þessari kvittun, sem eigi er vefengt að sje undir-

skrifuð af tengdaföður hans og viðurkennt að á-lræri skuld þá, er ræðir um í skuldabrjefinu 24. ágúst 1885, álítur stefndi sig hafa fært fulla sönnun fyrir lúkningu skuldarinnar, sem hann kveðst hafa greitt tengdaföður sínum að fullu, en hann hefir neitað í málinu að gefa nokkrar upplýsingar um það, á hvern hátt og hvenær hann hafi greitt skuldina, frekari en þær, er hann hafði þegar gefið áður en málið hófst og skýrt er frá hjer að framan. Þó hefir hann breytt fyrri skýrslu sinni svo fyrir bæjarþingsrjettinum, að 500 kr. þær er áttu að hafa verið greiddar Guðmundi Guðmundssyni í Hnausakoti fyrir hönd Stefáns Ólafssonar samkvæmt skýrslu stefnda fyrir skiptarjettinum, tjáir hann nú Guðmund að eins hafa fært Stefáni Ólafssyni frá stefnda upp í skuldina. Svo telur hann og nú skuld Stefáns Ólafssonar til Andrjesar Andrjessonar, er hann kveðst hafa borgað fyrir Stefán smátt og smátt að mestu leyti, hafa verið alls 600 kr.

Áfrýjandinn hefir neitað því, að kvittunarskjalið 27. júlí 1889, þótt það sje útgefið af Stefáni Ólafssyni og hljóði um umrædda skuld að vissu leyti, innifeli í sjer viðurkenningu Stefáns fyrir því, að skuldin sje að fullu borguð að undanskildum 67 kr. 50 a., og hann neitar yfir höfuð að stefndi hafi borgað framantaldar upphæðir eða nokkuð upp í skuldina, meðan ekki sjeu færðar fullar sannanir fyrir því, en það hafi stefndi eigi gjört.

Eptir orðalagi optnefnds kvittunarskjals, þá má að vísu leiða þann skilning út úr því, sjer-

staklega síðara hluta þess, að með því sje öllum skuldaskiptum málsaðilanna lýst lokið, þar með einnig skuldinni eptir skuldabrjefinu 24. ágúst 1885; en hins vegar verður þess eigi dulizt, að það samrýmist illa orðunum í fyrra hluta skjalsins: »kvittera fyrir öllum rentum og afborgun til dags dato nema« »að skilja þau eins og stæði »kvittera fyrir rentum öllum og höfuðstól nema« og þar sem þessi orð í kvittuninni hníga einmitt beint og ótvíræðlega að greindri skuld, virðist hið rjetta vera að láta þau ráða mestu um það, hve langt kvittunin nær að því þá skuld snertir; og eptir þeim einum sjer að dæma er kvittunin eigi kvittun fyrir allri skuldinni að undanskildum 67 kr. 50 a. Spurningin verður þá, hvort eigi megi finna þrengri merkingu í síðari hluta kvittunarinnar en þá, að hann yfirgrípi öll skuldaskipti málsviðeigenda, en þeirri spurningu verður að svara játandi. Það er upplýst af áfrýjanda, að stefndi ljet tengdaföður sinn fá ýmsar vörur sjerstaklega brennivín upp í rentur af skuldinni, og að þeir áttu á ýmsan hátt margvísleg viðskipti saman, t. d. geymdi stefndi, sem átti heima í Reykjavík, ávallt sparisjóðsbók Stefáns, seldi fyrir hann kindur o.fl. Það má einnig álíta viðurkennt, að þeir mágar hafi eigi gjört upp þessi viðskipti sín fyrir langan tíma, jafnvel eigi síðan 1885, þegar Stefán var staddur í Reykjavík í júlí 1889 og kvittunin var útgefin. Þá gjörðu þeir upp viðskipti sín, þarmeð taldar rentuborganir af skuldabrjefinu 24. ágúst 1885, og var þá eigi nema eðlilegt, að þau við-

skipti væru lýst »klár« í kvittuninni, um leið og kvittað var fyrir rentunum, þar sem önnur hliðin á þeim voru einmitt rentuborganirnar. Samkvæmt þessu virðist jafnvel eðlilegast að skilja kvittunina svo, að með henni sje stefndi kvittaður fyrir öllum rentum til 27. júlí 1889 og afborgun, er lúka átti innan þess dags (en þar getur að eins verið að ræða um 800 króna afborgun þá, er nefnd er í skuldabrjefinu sjálfu, þar sem engin önnur afborgun er áskilin í því) og um leið sjeu lýst »klár« öll önnur lausaviðskipti málsaðilanna, sem stóðu í svo nánu sambandi við rentuborganirnar. En auk þess sem það í sjálfu sjer er eigi sennilegt eptir orðum kvittunarinnar, að hún sje kvittun fyrir öllum höfuðstól skuldarinnar (2200 kr.) að undanskildum 67 kr. 50 a., er einnig ýmislegt fleira framkomið í málinu, sem bendir til að svo sje eigi. 1. Í skuldabrjefinu var engin afborgun áskilin og stefndi þurfti eigi að borga af skuldinni nema eptir hentugleikum, og þó að sýnt hafi verið fram á það af áfrýjanda, að stefndi átti fullt í fangi þau árin, sem hann á að hafa lokið skuldinni, og fengi þá lánað jarðarveð hjá tengdaföður sínum, sem hann fjekk lán út á í landsbankanum, sem enn er óborgað, þá hefir hann eigi borið við í máli þessu að upplýsa, hvernig á því stóð, að hann þó borgaði skuldina til tengdaföður síns, sem mátti bíða hentugleika hans. 2. Eptir skýrslu stefnda á hann að hafa borgað megnið af allri skuldinni um leið og kvittunin var útgefin, en þó skilið þá eptir einar 67 kr. 50 a.,

sem er fremur ósennileg upphæð undir þeim kringumstæðum. 3. Þessa upphæð á stefndi að hafa látið standa óborgaða frá 27. júlí 1889 til dauða tengdaföður síns og lengur, þótt þeir ættu viðskipti eptir það. 4. Skuldabrjefið var geymt áfram heima hjá tengdaföður stefnda, og ekkert ritað á það um borgun nær allar skuldarinnar. Ennfremur eru sennilegar líkur færðar fyrir því 5., að Stefán Ólafsson hafi álitið skuldina óborgaða síðustu ár sín og eptir að kvittunin var útgefin, og loks má telja það sannað, eða sterkar líkur fram komnar fyrir því 6., að skýrsla stefnda um, að 500 kr. þær, er Guðmundur Guðmundsson í Hnausakoti færði Stefáni Olafssyni frá stefnda, hafi verið borgun frá stefnda upp í hjer um rædda 2200 króna skuld, sje eigi rjett, en að þessar 500 kr. hafi gengið þeirra máganna á milli, áður en skuldabrjefið 24. ág. 1885 var út gefið, og að þær jafnvel hafi verið, eigi úr vasa stefnda, heldur af peningum Stefáns í sparisjóði í Reykjavík, er stefndi tók út fyrir hann þar.

Að öllu þessu yfirveguðu og þegar einnig er tekið tillit til hinnar dularfullu framkomu hins stefnda í málinu, þar sem hann hefir með öllu tregðazt við að gefa nauðsynlegar upplýsingar í því, sem honum þó að ýmsu leyti hlýtur að hafa verið innan handar að gefa, sem sje um það, hvernig og hve nær hann hafi borgað 2200 kr. skuldina til tengdaföður síns, en af hálfu sækjanda hefir þrásækilega verið skorað á hann að skýra ýtarlega frá því, verður eigi álitið, að kvitt-

unarskjal það frá 27. júlí 1889, er hann hefir byggt á alla vörn sína, sje að skoða sem kvíttun fyrir öllum höfuðstól skuldarinnar eptir skuldabrjefinu 24. ág. 1885 að undanskildum 67 kr. 50 a., og þar sem hann eigi heldur hefir gegn neitun áfrýjandans á annan hátt sannað, að hann hafi greitt neitt upp í höfuðstól tjeðrar skuldar, ber að taka í því efni til greina kröfu áfrýjandans og dæma hann til að greiða dánarbúi Stefáns Ólafssonar 2200 króna höfuðstól ásamt eldri vaxta-eptirstöðvum kr. 67,50, samtals kr. 2267,50, að frádregnum 60 kr., andvirði einnar brennivínstunnu, eða 2207 kr. 50 a., með vöxtum af 2200 kr., eins og krafizt hefir verið. Það ber því að breyta bæjarþingsdóminum samkvæmt þessu. Málskostnað ber stefnda að greiða dánarbúinu með 60 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Rafn skósmiður Sigurðsson, greiði áfrýjandanum, dánarbúi Stefáns Ólafssonar, 2207 kr. 50 a. og auk þess vexti af 2200 kr. 4% á ári frá 27. júlí 1889 til sáttakærudags og 5% á ári frá sáttakærudegi til borgunardags. Svo greiði stefndi og dánarbúinu í málskostnað 60 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 13. aprílmán.

Nr. 13/1896. Rjettvísin
gegn
Ólafi Sigurðssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 22. febr. þ. á., var Ólafur Kristmann Sigurðsson dæmdur fyrir þjófnað framinn í 3. sinn til betrunarhússvinnu í 8 mánuði og til að greiða allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, svo og skaðabætur 5 kr. 50 a. til Frímanns Finnssonar.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirrjettarins.

Það er sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að hann snemma morguns 3. febr. þ. á. stal nær því nýrri olíukápu í húsi í Vesturgötu, og hjekk kápan þar í eldhúsganginum, en ákærði hafði gist í húsinu um nóttina. Til þess að gjöra kápuna ókennilega risti hann neðan af henni og breytti henni á ýmsan annan hátt. Kápuna, sem var talin 11—12 kr. virði, hefir eigandinn Frímann Finnsson fengið aptur; hefir hann krafizt í skaðabætur fyrir skemmdir á kápunni 5 kr. 50 a., og hefir undirrjetturinn talið þá kröfu hæfilega og ákærði ekki mótmælt upphæðinni. Hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, hefir tvívegis áður sætt hegningu fyrir þjófnað, sem sje 5 daga fangelsi við vatn og brauð og 4×5 daga sama fangelsi samkvæmt aukarjettarjettardómum Reykjavík-

urkaupstaðar 4. nóv. 1892 og 25. sept. 1893, og ennfremur hefir hann fleirsinnis verið sektaður fyrir ýmisleg brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkurkaupstaðar. Þetta síðasta brot hins ákærða, sem hann nú er sakaður fyrir, ber að heimfæra undir 233. gr. almennra hegningarlaga, og með því hegningin virðist hæfilega ákveðin af undirdómaranum 8 mánaða betrunarhússvinna og yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hins áfrýjaða dóms að því kemur til málskostnaðar og skaðabóta, ber að öllu leyti að staðfesta hann.

Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Ólafur Sigurðsson á að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og verjanda þar, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagði aðför að lögum.

Nr. 39/1895. Stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum
gegn
prófasti Zophoníasi Halldórssyni.

Dómur:

Með því að stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal neitaði að greiða preststíund af þessari jörð, sem er eign búnaðarskólastofnunarinnar þar, þá er hlutaðeigandi sóknarprestur Zophonías prófastur Halldórsson krafðist tíundarinnar fyrir fardagaárið 1893—94, fór presturinn þess á leit, að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu gjörði lögtak fyrir tíundinni, og var síðan tíundargjaldið tekið lögtaki af sýslumanni í fógetarjetti Skagafjarðarsýslu hinn 22. maímán. f. á., þrátt fyrir mótmæli búnaðarskólastjórans fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, en mótmælum þessum hrakt fógetinn með úrskurði uppkveðnum s. d. Upphæð tíundarinnar var 13 kr. 66 a., en hinir lögteknu munir voru virtir á 90 kr. Þessari lögtaksgjörð ásamt úrskurði fógetans hefir stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 24. ágústm. f. á., og hafði hún fengið konunglegt uppreistarleyfi til áfrýjunarinnar, gjafsókn og skipaðan málsfærslumann; hefir málsfærslumaðurinn gjört þær rjettarkröfur, að fógetarjettarúrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði felld úr gildi, og hinn stefndi skyldaður til að greiða allan málskostnað með 100 kr., þar í fólg-

in málflutningslaun til sín. Hinn stefndi, Zophonías prófastur Halldórsson, hefir fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgjörð verði staðfest, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, eins og það væri ekki gjafvarnarmál, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda.

Jörðin Hólar, sem hinn stefndi krefst preststíundar af, var eign Hólastóls og biskupssetur frá því í byrjun 12. aldar (árið 1106) og þangað til í byrjun þessarar aldar (árið 1801), er biskupsstóllinn var lagður niður, en árið 1802 var hún seld og varð þá einstaks manns eign. Meðan hún var biskupssetur og eign stólsins, voru engar tíundir goldnar af henni, hvort sem það nú var samkvæmt reglunni í tíundarstatútu Gissurar biskups frá 1096, að jarðir lagðar til guðsþakka skuli vera tíundarfrjálsar, eða vegna hins, að biskupinn, sem hafði jörðina til afnota, naut tíundarfrelsis. Þegar Hólastólsjarðir voru seldar eptir síðustu aldamót, var ekkert kveðið á um það, að þær skyldu missa tíundarfrelsi sitt eða halda því, sbr. söluskilmálana 13. marzm. 1802, og hafði þó í söluskilmálum Skálholtsstólsjarða 27. apríl 1785 þessum jörðum verið áskilið tíundarfrelsi það, sem þær áður höfðu haft. Fyrir því hefir stjórnin (Rentukammerið) álitið, að hinar seldu Hólastólsjarðir ættu ekki að njóta tíundarfrelsis, sbr. Rkmbr. 21. maí 1811 og 24. desbr. 1841. Allt að einu hafa engar tíundir, eigi fremur prests- og fátækratíundir en

aðrar, verið goldnar af Hólum á þessari öld fyr en árið 1888 (eða 1887), en þá var jörðin orðin eign búnaðarskólans þar. Síðan var prests- (og þurfamanna-)tíund greidd af jörðinni um nokkur ár, en nú hefir skólastjórnin neitað að greiða preststíundina, með því að hún álítur að jörðin eigi að vera laus við alla tíundargreiðslu. Hinn stefndi, sem er sóknarpresturinn, álítur aptur á móti að hann eigi heimting á tíund af jörðinni, eins og af hverri annari einstaks manns eign. Í því efni hefir hann tekið það fram, að preststíund sje greidd af öllum jörðum í Hóla- og Viðvíkursóknum, nema Hólum, og hafi þær þó allar verið stólseignir, og er þetta rjett, því að yfirleitt hafa þessar tvær tíundir, til prests og fátækra, verið greiddar af öllum stólsjörðum á Norðurlandi, og það enda áður en þær voru seldar frá stólnum, nema af sumum kirkjustöðunum, og er það jafnvel ærið vafasamt, hvort eignir biskupsstólanna í öndverðu hafi verið álitnar lagðar til guðsþakka í skilningi tíundarstatútu Gissurar, það er: lagðar »til kirkna, til brúa eða til sálu skipa«, en það mundi nú vera kallað: »lagðar til kirkna og fátækra«. Að vísu hafa þessar jarðir almennt verið lausar við kirkjutíund og konungstíund, meðan hún stóð, en það sýnir það eitt, að um þessar tvær tíundir giltu aðrar reglur en um prests- og fátækratíund, sbr. tilsk. 21. marz 1575 og alþingisdóm frá 30. júní 1604, sem enda beinlínis kveður svo á, að prests- og þurfamannatíund skuli greiða af öllum kongsjörðum og *kirkna*, nema

þeim sem kirkjurnar standa á. Það virðist nú liggja beinast við að líta svo á, að jörðin Hólar sjálf hafi ekki átt að njóta frekara tíundarfrelsis en aðrar eignir stólsins, og að ástæðan fyrir því, að preststíund var ekki greidd af henni, hafi fremur verið sú, að Hólabiskup, sem hafði afnot hennar, naut algjörðs tíundarfrelsis fyrir sig og góz sitt, heldur en hitt, að þetta tíundarfrelsi hafi fylgt sjálfri jörðinni. Þegar jörðin hætti að vera biskupssetur og var seld einstökum manni, án þess áskilið væri, að hún skyldi vera laus við tíundargjald, virðist eigi vera ástæða til að álíta, að þessi jörð hafi átt að sæta öðrum kjörum en hinar aðrar jarðir stólsins, en þær eru allar preststíundskyldar, og það gat eigi haft nein áhrif með tilliti til þessarar tíundarskyldu, þótt kirkja væri á jörðinni, sem varð bændaeign ásamt henni, en það er eigi sannað, og ekkert komið fram um það, að kirkjan þar eigi eða hafi átt nokkurn hluta í jörðinni (kirkjuhluta), sbr. og Bessastaðasamþykkt 1. júlí 1555, 3. gr. En þó það samkvæmt þessu verði að líta svo á, að jörðin sjálf hafi verið preststíundarskyld eptir söluna árið 1802, eins og einnig stjórnarvöldin (Rentukammerið) álitu, en þetta stjórnarráð hafði einmitt samið söluskilmálana, kemur það til íhugunar, hvaða þýðingu það hafi, að það er in confesso, að preststíund hafi eigi verið heimt nje goldin af jörðinni frá því hún var seld og þangað til árið 1887 eða 1888. Árin 1827—1868 bjó sóknarpresturinn þar, og kemur spurningin um tíundarskylduna þá eigi fram, því að

hann var sjálfur tíundartakandi, en tíundfrjáls. Ekkja sóknarprestsins hafði svo jörðina þangað til sumarið 1877 og bú hennar til fardaga 1878, og hefir spurningin þá eigi heldur komið fram, því að þó að prestsekkjur sjeu að lögum eigi undanþegnar preststíundargjaldi, er þó almennt álitið, að þær sjeu það, og þær fyrir því eigi krafðar um hana. Hjer verður því að eins spurning um það, hvaða þýðingu það hafi fyrir tíundarfrelsi jarðarinnar eða tíundarskyldu hennar, að preststíund var eigi krafin fyrir hana árin 1802—1827 og 1878—1887, án þess að sannað sje, að þeir, er höfðu jörðina til ábúðar, hafi sjálfir verið tíundarfrjálsir. Að vísu heldur málfærslumaður stefnda því fram, að hún hafi verið í ábúð prestsins (sóknarprestsins) alla tíð frá aldamótum og fram til ársins 1868, en það verður ekki álitið að þetta sje rjett, að því er tímabilið frá 1802—1827 snertir, eptir því sem áfrýjandi hefir frá skýrt um ábúðina, án þess stefndi hafi hrundið því með gögnum. En þótt nú ábúendur Hóla á þessu tímabili eptir stjett sinni hafi átt að lúka preststíundargjaldi, það er að segja, að þeir hafi ekki verið persónulega undanþegnir gjaldinu, þá getur það atvik, að þeir voru látnir ókrafðir um tíundargjaldið sakir eptirgangsmunaleysis og vanrækslu tíundartakandans, eigi leitt til þess, að álitið verði að jörðin sjálf hafi við það öðlazt tíundarfrelsi, sem aðrar Hólastólsjarðir hafa ekki. Samkvæmt þessu verður eigi hrundið lögtaksgjörðinni nje úrskurðinum, sem að öðru leyti

eigi hefir neitt verið fundið að. Eptir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að hin veitta gjafsókn og gjafvörn er ekki heimiluð í lögum 12. júlí 1878, og verða hinum skipuðu málflutningsmönnum því ekki dæmd nein málfærslulaun. Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Lögtaksgjörðin og undanfarandi fógetarjettarúrskurður á að vera óraskað. Málskostnaður falli niður.

Nr. 48/1895. Kaupfjelag Skagfirðinga og Húnvetninga gegn hreppsnefndinni í Sauðárhreppi.

Dómur:

Haustið 1894 lagði hreppsnefndin í Sauðárhreppi sveitarútsvar á kaupfjelag eða pöntunarfjelag Skagfirðinga og Húnvetninga, að upphæð 133 kr. 51 e., en hún áleit að tjeð fjelag hefði aðalaðsetur sitt á verzlunarstaðnum Sauðárkróki í nefndum hreppi. Kaupfjelagið greiddi þó eigi útsvarið, og krafðist hreppsnefndin þess þá, að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu ljeti taka gjaldið lögtaki. Samkvæmt þessari kröfu hjelt sýslumaðurinn fógetarjett á Sauðárkróki 26. sept. f. á., og eptir að

hann með úrskurði hafði hrundið mótmælum formanns kaupfjelagsins, sem voru þess efnis, að eptir eðli og ásigkomulagi fjelagsins væri því ekki skylt að greiða aukaútsvar, gjörði fógetinn lögtak fyrir sveitargjaldinu og kostnaði, og tók í lögtakið fjármuni tilheyrandi fjelaginu, er virtir voru á 400 kr. Fógetarjettarúrskurði þessum og lögtaksgjörðinni hefir stjórn kaupfjelags eða pöntunarfjelags Skagfirðinga og Húnvetninga áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 31. okt. f. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn og lögtakið sjálft verði fellt úr gildi, og að hreppsnefndin í Sauðárhreppi verði dæmd til að greiða allan kostnað málsins skaðlaust eða með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins. Hin stefnda hreppsnefnd, sem hefir fengið gjafvörn og skipaðan málflutningsmann, hefir af sinni hálfu krafizt þess, að lögtaksúrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest, og að kaupfjelagið verði dæmt til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málfærslumanns nefndarinnar.

Eptir skýrslu áfrýjanda er kaupfjelag eða pöntunarfjelag Skagfirðinga og Húnvetninga stofnað í þeim tilgangi, að losa fjelagsmenn við verzlunarskuldir, efla vöruvöndun og útvega fjelagsmönnum betra vöruverð en áður og hagfeldan markað fyrir vörur sínar; í þessu skyni eru útlendar vörur keyptar í samlögum af fjelagsmönnum og í stórkaupum, og íslenzkar vörur aptur sendar út í samlögum á ábyrgð fjelagsmanna; hinar pöntuðu útlendu vör-

ur eru fluttar til Sauðárkróks og þar afhentar fjelagsmönnum samkvæmt því, sem hver þeirra hefir pantað; þar á Sauðárkróki á fjelagið eða fjelagsmenn í sameiningu vörugeymsluhús og uppskipunar- og útskipunaráhöld; fjelagið hefir engan fastan þjónustumann á Sauðárkróki, en formaður þess sjer um afhendingu og móttöku á vörum fjelagsmanna og fær sjer aðstoð til þess eptir þörfum. Störf fjelagsins á Sauðárkróki, sem fólgin eru í móttöku og afhendingu, uppskipun og útskipun á vörum, stendur í hæsta lagi yfir 2 mánuði á ári hverju. Formaður fjelagsins er ekki heimilisfastur á Sauðárkróki, en nú sem stendur á hann heima í Sauðárhreppi; fjelagið sjálft hefir ekkert annað heimilisfang en fjelagsmenn, og heimilisfang fjelagsstjórnarinnar er eigi bundið við Sauðárkrók nje Sauðárhrepp. Fjelagið hefir alls enga útsölu á vörum á Sauðárkróki nje annarsstaðar; það hefir engan sjóð og er ekkert gróðafyrirtæki. Þessi lýsing áfrýjanda á markmiði fjelagsins, starfi þess og fyrirkomulagi kemur í öllu verulegu heim við lýsingu hinna stefndu á fjelaginu og starfi þess. Þeir segja að vísu, að það sje stofnað til að koma á arðsamari verzlun, og vilja kalla það með tilliti til þess arðsama stofnun eða fyrirtæki. En þó að tilgangur fjelagsins sje að koma á betri verzlun, þarf það eigi fyrir þá skuld að vera arðsöm stofnun eða fyrirtæki. Hinir stefndu halda því fram og leggja áherzlu á það, að fjelagið hafi aðalaðsetur (ɔ: heimili) sitt á Sauðárkróki, en þeir hafa ekki sýnt, að Sauðár-

krókur sje frekar eða á annan hátt aðalaðsetur þess en áfrýjandi hefir sjálfur skýrt frá og tilgreint er hjer að framan. Loksins hafa þeir haldið því fram, að fjelagið hafi fastan afhendingarmann (ársmann) á Sauðárkróki, og að það reki þar starf sitt allan árshringinn, en hvorutveggju þessu hefir áfrýjandi neitað, og jafnframt skýrt frá, hvernig þessu sje í raun og veru varið, og hafa stefndu alls eigi sannað framsögn sína gegn þessari neitun áfrýjanda. Samkvæmt hinu framanskrifaða verður að taka til greina skýrslu áfrýjanda um markmið, fyrirkomulag og verkahring fjelagsins, sem hinir stefndu hafa eigi vefengt að öðru leyti en talið er að ofan, en eptir henni getur kaupfjelagið eigi talizt arðsöm stofnun eða fyrirtæki á Sauðárkróki eða í Sauðárhreppi, og var því eigi heimild til þess að leggja sveitarútsvar á það í hreppi þessum, hvorki eptir lögum nr. 1, 9. jan. 1880 nje lögum nr. 12, 9. ágúst 1889. Það verður því eptir kröfu áfrýjanda að fella úr gildi hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð og lögtaksgjörð, og samkvæmt lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, 13. gr., verður að dæma hina stefndu hreppsnefnd til að greiða áfrýjanda kostnað málsins skaðlaust. Hinum skipaða verjanda hreppsnefndarinnar verða eigi dæmd málsvarnarlaun eptir þessum úrslitum, en það vottast, að málsvörnin af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og

lögtaksgjörð á að vera ógild. Hin stefnda, hreppsnefndin í Sauðárhreppi, greiði áfrýjanda, stjórn kaupfjelags Skagfirðinga og Húnvetninga, kostnað máls þessa að skaðlausu, áður liðnar eru 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 57/1895. P. Nielsen fyrir hönd verzlunar Lefoliis á Eyrarbakka gegn hreppsnefndinni í Ölfushreppi.

Dómur:

Verzlun stórkaupmanns Lefoliis á Eyrarbakka í Árnessýslu á 3 geymsluhús, tvö fyrir salt og eitt fyrir fisk í Þorlákshöfn í Ölfushreppi í sömu sýslu, og hefir verzlunin að undanförnu látið veita blautum fiski móttöku þar, geymt hann í húsunum, eptir því sem á hefir staðið, og síðan flutt hann til Eyrarbakka og látið verka hann þar; enn fremur hefir verzlunin árlega haft salt í húsunum og afhent það þar viðskiptamönnum sínum. Hreppsnefndin í Ölfushreppi hefir álitið, að Lefolii með þessu móti hafi rekið verzlun eða arðsamt fyrirtæki í Þorlákshöfn, og lagði því aukaútsvar, að upphæð 100 kr., á hann eða verzlun hans í Þorlákshöfn haustið 1894. Verzlunarstjóri Lefoliis á Eyrarbakka, P. Nielsen, neitaði að greiða aukaútsvarið, og krafðist hreppsnefndin þess þá, að það væri tekið lögtaki. Hjelt sýslumaðurinn í Arnes-

sýslu síðan fógetarjett á Eyrarbakka hinn 5. nóvembermán. f. á., og eptir að hann með úrskurði hafði hrundið mótmælum verzlunarstjóra P. Nielsens móti lögtakinu, framkvæmdi hann það eptir kröfu hreppsnefndarinnar á þann hátt, að hann tók fjárnámi verzlunarvörur tilheyrandi Eyrarbakkaverzlun, sem virtar voru alls á 140 kr. 13 a. Fógetaúrskurði þessum og lögtaksgjörðinni hefir verzlunarstjóri P. Nielsen fyrir hönd Lefoliis áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 11. desbr. f. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði felld úr gildi, og að hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til að greiða málskostnað með 100 kr. Hin stefnda hreppsnefnd Ölfushrepps, sem hefir fengið leyfi fyrir gefins málsvörn og skipaðan málsfærslumann, hefir af sinni hálfu látið krefjast þess, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, eins og það væri ekki gjafvarnarmál, þar í talin málflutningslaun til hins skipaða verjanda.

Eptir því sem fram er komið í málinu og eins og drepið er á hjer að framan, lætur Lefolii kaupmaður, sem rekur verzlun á Eyrarbakka, taka á móti óverkuðum (blautum) fiski í Þorlákshöfn hjá viðskiptamönnum verzlunar sinnar, og aptur á hinn bóginn afhenda þeim þar salt eptir þörfum; hefir hann til þessa 3 geymsluhús þar á staðnum, og lætur verkamenn sína, einn eða fleiri, vera þar, meðan á móttöku fisksins og afhendingu saltsins stendur. Það er eigi sannað, að Lefoliis-verzlun hafi önnur eða frekari vöruskipti í Þorlákshöfn

en þessi, og fiskur sá, sem hún fær þar, er eigi verkaður þar, heldur fluttur austur á Eyrarbakka-óverkaður. Þótt nú þessi atvinnurekstur væri álitinn arðsamt fyrirtæki fyrir Lefolii eða verzlun hans á Eyrarbakka, þá verður að líta á það, að þetta fyrirtæki verður eigi talið rekið lengri tíma í Þorlákshöfn (o: í Ölfushreppi) en hann hefir þar þjónustumenn sína til þess að sinna því. Í því efni hefir áfrýjandi skýrt svo frá, að Eyrarbakka, verzlun hafi þjónustumenn sína í Þorlákshöfn um 3 mánuði árlega, og að því er sjerstaklega snertir árið 1894, hafi hún haft þá þar 91 dag og dagparta. Að vísu hefir stefndi vefengt þessa framsögn áfrýjanda, en hefir þó ekki hnekkt henni með lögmætri sönnun, sem honum þó hlaut að vera innan handar, ef skýrsla áfrýjanda um þetta atriði var röng. Það verður því að taka þessa skýrslu áfrýjanda til greina, og með því að engin heimild er til þess að telja með þann tíma, er leið frá því að afhendingu saltsins á vetrarvertíðinni var lokið (8. maí) og þangað til móttaka á fiski byrjaði (2. júlí), eins og fógetinn hefir gjört í úrskurði sínum, — en þennan tíma hafði áfrýjandi engan þjónustumann í Þorlákshöfn, og ljet hvorki afhenda þar salt nje veita fiski móttöku — verður eigi álitið að umrætt fyrirtæki hafi verið rekið í Ölfushreppi 4 mánuði árið 1894, sbr. lög nr. 12, 9. ágústm. 1889. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgjörð og dæma hreppsnefndina til að greiða áfrýjanda málskostnað að skaðlausu, sbr. lög nr. 29, 16. des. 1885,

13. gr. Hinum skipaða málflutningsmanni hennar verða eigi dæmd málfærslulaun, en það vottast að málsvörnin hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:
Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og lögtaksgjörð eiga að vera ógild. Hin stefnda hreppsnefnd Ölfushrepps greiði áfrýjanda verzlunarstjóra P. Nielsen fyrir hönd Lefoliisverzlunar á Eyrarbakka kostnað máls þessa að skaðlausu, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 54/1895. Björn Kristjánsson
gegn
Hagbarth Thejll.

Dómur:
Áfrýjandinn Björn Kristjánsson, kaupmaður í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir aukarjetti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn hinum stefnda, kaupmanni Hagbarth Thejll í Stykkishólmi, út af verzlunarviðskiptaskuld, að upphæð 850 kr., og var málið dæmt af aukarjettinum 2. nóv. f. á. á þá leið, að Hagbarth Thejll á að greiða Birni Kristjánssyni af hinni umstefndu skuld 626 kr. 96 a. með 6% vöxtum frá 1. jan. 1894 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum aukarjettardómi hefir Björn Kristjánsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útgefinni

2. desbr. f. á., og krafizt þess, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 850 kr. með 6% vöxtum frá 1. jan. 1894 til borgunardags og allan málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, og til vara, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, kaupmaður Hagbarth Thejll, hefir af sinni hálfu krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Eptir skýrslu stefnda sjálfs fjekk hann árið 1892 ýmsar vörur að láni hjá áfrýjanda, og virðast verzlunarviðskipti þeirra þá hafa byrjað. Þessar vörur borgaði stefndi sama árið, en árið eptir, 1893, fjekk hann aptur vörur hjá áfrýjanda til láns, og voru sumar vörurnar úr verzlun áfrýjanda sjálfs, en sumar útvegaði hann á eigin ábyrgð frá verksmiðjum á Þýzkalandi. Stefndi segir, að vörur þessar hafi kostað um 980 kr., að hann hafi borgað um 130 kr. upp í þær sama árið, og að þannig hafi staðið eptir óborgaðar »um« 850 kr. við árslok 1893.

Þessa upphæð hefir hann ekki síðar borgað, en 2. marz 1894 gaf hann af sinni hálfu út veðskuldabrjef fyrir skuldinni, og telur hana þar »um« 225 kr. til sjálfs áfrýjanda og 626 kr. 96 a. til þýzku verksmiðjanna, eða samtals um kr. 851,96.

Þetta veðskuldabrjef tók áfrýjandi þó eigi gilt, með því að hann vildi eigi samþykkja borgunarfrest þann, sem stefndi áskildi sjer í veðbrjefinu, og þegar hann ekki borgaði skuldina, lögsótti áfrýjandi stefnda til greiðslu á henni, og telur hana 850 kr. bæði í stefnunni, sáttukærunni og dómkröfum sínum. Stefndi hefir enga ástæðu tilgreint til varnar sjer aðra en þá, að áfrýjandi hafi eigi látið hann fá glöggan reikning yfir viðskipti þeirra, og hafi sjer því verið óljóst, hve mikið hann skuldaði áfrýjanda. En þar sem hann, eins og áður er sagt, hefir kannazt við það, að hann skuldi áfrýjanda um 850 kr. eða rjettara sagt um kr. 851,96, og þar sem hann í málinu eigi hefir beinlínis neitað því, að skuldin nemi fullum 850 kr., eins og áfrýjandi þó stöðugt taldi hana, verður viðurkenning hans eigi skilin á annan veg en þann, að skuld hans til áfrýjanda hafi *að minnsta kosti* verið 850 kr. Stefndi getur fyrir því eigi komizt hjá því að verða dæmdur til að greiða áfrýjanda eptir kröfu hans 850 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1894 unz borgað verður, en þessa vexti hefir hann sjerstaklega skuldbundið sig til að greiða, og eptir atvikum á hann einnig að greiða áfrýjanda málskostnað, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Hagbarth Thejll, greiði áfrýjanda, Birni Kristjánssyni, 850 krónur með vöxtum 6 af hundraði á ári frá 1. janúarm. 1894 til

borgunardags og málskostnað að upphæð 40 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. aprílmánaðar.

Nr. 15/1896. Rjettvísin gegn Sigurði Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Skagafjarðarsýslu 20. jan. þ. á. var hinn ákærði Sigurður Jónsson frá Hofstaðaseli dæmdur samkvæmt 231. gr. 4. lið í almennum hegningarlögum 25. júní 1869 til að sæta 2 ára betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans í hjeraði, W. Melsteð á Sauðárkróki, 6 krónur. En dómi þessum hefur eptir ósk ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu ákærða og öðrum upplýstum atvikum er það sannað, að ákærði, sem var kaupamaður í Hofstaðaseli síðastliðið sumar, fór aðfaranóttina 21. sept. f. á., er fólk allt var í svefni, yfir að næsta bæ, Svaðastöðum, braut þar rúðu á stofunni og opnaði svo gluggann, er var á hjörum, fór síðan inn um gluggann og opnaði dragkistu, er þar var í stofunni, þannig, að hann sprengdi hana upp með vasahníf sínum, og tók úr skúffu, er inni í dragkistunni var, töluvert af gullpeningum, er bóndinn Jón Þorkelsson á Svaða-

stöðum átti og geymdi þar. Voru peningarnir í 3 pokum, sem ákærði virðist hafa skilið eptir í skúffunni, og pappírslengjum vafið utan um gullpeningana. Stakk ákærði á sig peningunum og fór síðan út aptur sömu leið og alla leið heim til sín að Hofstaðaseli og háttaði þar í rúm sitt, án þess nokkur yrði var við ferðalag hans. Þegar ákærði var tekinn fyrir, fundust hjá honum 3960 kr. í gullpeningum, sem hann kannaðist við að væru peningar þeir, er hann tók á fyrgreindan hátt, en eigandi peninganna hefur skýrt svo frá, að hann minni, að í dragkistunni hafi átt að vera um 4150 krónur, en ekki hefur hann þorað að fullyrða neitt um það, og voru allir þessir peningar horfnir, er að var komið um morguninn. Hins vegar hefur ákærði þvertekið fyrir að hafa eytt neinu af peningum þeim, er hann tók, eða komið undan á annan veg, en hann kveðst aldrei hafa talið peningana og telur líklegt, að nokkuð af þeim hafi getað týnzt úr vasa sínum, þar sem hann geymdi þá stöðugt á daginn, er hann kvöld eitt var á heimleið frá Sauðárkróki, því að þá hafi hann farið ofan í og brjef farið utan af peningunum í vasa hans. Fyrgreindar 3960 kr. hafa verið afhentar aptur eigandanum, og hefur hann eigi krafizt frekari skaðabóta af ákærða í þessu máli. Það er að vísu upplýst í málinu, að ákærði hafði neytt nokkurs víns um daginn áður en innbrotið var framið, en eptir allri framkomu hans að dæma um nóttina, er hann framdi þjófnaðinn, virðist eigi vera ástæða til að ætla, að hann hafi þá verið

svo drukkinn, að það geti hafa haft nein áhrif á sakhæfi hans.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefur aldrei áður verið ákærður eða sætt hegningu fyrir neitt afbrot. Afbrot hans er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga, en refsingin fyrir það þykir nægilega ákveðin 1 árs betrunarhúsvinna; að öðru leyti ber að staðfesta ákvæði undirrjettardómsins. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Það athugast, að hjeraðsdómarinn hefur eigi sett í dóm sinn vottun um lögmæti málsmeðferðarinnar í hjeraði samkvæmt tilsk. 3. júní 1796 § 35, en að öðru leyti vottast, að meðferð og rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Sigurður Jónsson á að sæta 1 árs betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði og ákærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1896. Rjettvísin
gegn
Sigurði Sigurðssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 6. maímán. f. á., var hinn ákærði, Sigurður bóndi Sigurðsson á Lambhúshól í Vestur-Eyjafjallahreppi, dæmdur samkvæmt 250. gr. samanborinni við 1. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til verjanda hans í hjeraði, Sighvats alþingismanns Árnasonar, 5 krónur. En dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu hins ákærða, að hann haustið 1894 markaði lamb annars manns undir sitt mark til þess að helga sjer það. Tók hann fyrst lambið í ógáti, af því að honum sýndist sitt mark vera á því, þegar fje var í fyrsta sinn rekið af heimaheiði um haustið, og bikaði á það hagamark sitt, og sleppti því svo. Kom lambið síðan eigi fyrir í fyrstu lögrjett, en í annari lögrjett dró ákærði sjer lambið, og þó að hann sæi þá, að hann átti eigi lambið, fór hann með það heim til sín og breytti markinu á því, og kveðst hann hafa gjört þetta mestmegnis af því, að sjer hafi þótt leitt að skila lambinu aptur, úr því að hann áður var búinn að eigna sjer það með því að hagamerkja sjer það. Lambið var litlu

síðar tekið hjá ákærða, og virðist eigandinn hafa fengið það aptur.

Þetta brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot, ber að heimfæra undir 231. gr. 1. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ber því að breyta hinum áfrýjaða dómi að þessu leyti. Um málskostnað á undirdómurinn að vera óraskaður, og ber ákærða auk þess að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í hjeraði er það aðfinningarvert, 1. að við prófið 26. jan. f. á. var kvennmaður hafður fyrir rjettarvitni, sem eigi er lögum samkvæmt, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 36. og 24. gr. sbr. N.L. 1. 7.; — 2. að engin virðing hefur verið látin fram fara á hinu stolna lambi; — 3. að eigandi lambsins hefur eigi verið látinn helga sjer það fyrir rjettinum, sbr. op. br. 28. marz 1800, og gefa þar skýrslu í málinu fyrir sitt leyti — 4. að vottun vantar í dóminn samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr. um lögmæti málsmeðferðarinnar fyrir undirdóminum; og 5. að óhæfilega langur tími hefur liðið frá því að undirrjettardómurinn var uppkveðinn 6. maímán. f. á. og þangað til málið komst til yfirdómsins 2. marz þ. á. Að öðru leyti hefur meðferð málsins af undirdómarans hálfu verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Sigurður Sigurðsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júnímánaðar.

Nr. 18/1896. Hið opinbera
gegn
Jósep Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað fyrir lögreglurjetti Húnavatnssýslu samkvæmt kæru hreppsnefndarinnar í Sveinsstaðahreppi gegn hinum kærða, bóndanum Jósep Einarssyni á Hjallalandi, til sekta og skaðabóta fyrir gangnavanskil, er hann áleizt hafa gjörzt sekur í síðastliðið haust, og var það dæmt í tjeðum rjetti 17. jan. þ. á. þannig, að kærði var dæmdur sýkn af kærum hins opinbera í málinu, en skyldaður til að greiða upprekstrarfjelagi Áss- og Sveinsstaðahreppa 12 krónur fyrir að hafa eigi lagt til mann í síðari göngur 1895. Málskostnaður skyldi greiddur af almannafje. Þessum

dómi hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Kærða, sem er fjallskilaskyldur til upprekstrarfjelags Áss- og Sveinsstaðahreppa, var birtur gangnaseðill fyrir síðari göngur síðastliðið haust við fyrri Undirfellsrjett, og átti hann að leggja til í göngurnar 1 mann. Eptir því sem kærði hefur skýrt frá, fór hann þess þá þegar á leit við oddvitann í Sveinsstaðahreppi, sem auglýsti gangnaseðilinn, að hann útvegaði sjer mann í göngurnar fyrir fulla borgun, og vildi hann þegar borga 7 krónur upp í kostnaðinn til þess betur gengi að fá manninn, en hitt bauðst hann að borga síðar. Oddvitinn gjörði hvorki að lofa þessu nje neita, en vildi eigi taka við 7 krónunum, því hann kvaðst geta hjálpað kærða um borgunina í bráð, ef á þyrfti að halda. Eptir þetta fjekk kærði engin skeyti frá oddvitanum eða hreppsnefndinni um göngurnar, og hjelt því, að hún hefði útvegað sjer mann í þær, og sendi því engan sjálfur. Oddviti Sveinsstaðahrepps hefur lýst atvikum á þá leið, að þegar er hann (oddvitinn) hafi verið búinn að birta kærða gangnaseðilinn, hafi kærði sagzt engan mann leggja til, en hreppsnefndin yrði að útvega sjer hann. Kveðst oddviti þá hafa lofað kærða að útvega mann, ef hann gæti, þótt hann eigi væri skyldugur til þess, og að láta kærða vita, hvernig sjer gengi. Litlu síðar hafi þeir síðan átt tal saman, kærði og oddvitinn, og hafi þá oddvitinn krafizt 16 kr. fyrir fram fyrir að útvega manninn, en því hafi kærði eigi viljað sinna, og

hafi þá oddvitinn lýst því yfir við kærða, að hann myndi eigi útvega honum neinn mann, enda gjörði hann það heldur eigi, og mætti enginn maður í göngurnar af hendi kærða.

Í reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði, er staðfest hefur verið af hlutaðeigandi amtsráði 2. júní 1892 samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, segir svo í 11. gr.: »Ef einhver fjáreigandi, sem á að leggja mann til gangna, hvorki hefur hann sjálfur, nje getur útvegað sjer til þess hæfan mann, skal að minnsta kosti 4 dögum áður en farið er í göngur segja oddvita hreppsnefndarinnar frá því; skal hann þá og hreppsnefndin annast um að útvega honum mann í göngurnar fyrir svo sanngjarna borgun, sem kostur er á«. Með því að það nú er framborið ómótmælt af kærða í málinu, að hann hafi sjálfur árangurslaust gjört tilraunir til að fá mann fyrir sig í göngurnar, og fyrst eptir það leitað til oddvitans og beðið hann að útvega sjer manninn, þá verður eigi betur sjeð en að hreppsnefndin, eða oddvitinn fyrir hennar hönd hafi samkvæmt ofantilfærðu ákvæði fjallskilareglugjörðarinnar, verið skyld að annast útvegun manns í göngurnar fyrir kærða, og það verður engin áherzla lögð á það, þótt kærði hafi eigi tekið það fram, að hann gæti ekki sjálfur útvegað manninn, þar sem oddvitinn virðist eigi hafa gefið honum tilefni til að nefna þessa örsök til þess, að hann leitaði liðsinnis hreppsnefndaroddvitans til að fá mann í göngurnar.

Kærða verður þannig eigi gefin sök á því að enginn tók þátt í göngunum af hans hendi, og verður hann því eigi sektaður fyrir gangnavanskil. Þar á móti ber honum að greiða upprekstrarfjelaginu þá upphæð, sem hann hefði þurft til að leggja, ef hreppsnefndin hefði útvegað mann fyrir hann í göngurnar, og þykir upphæð sú hæfileg, er kærði hefur sjálfur boðið fram, 12 kr., því að það virðist upplýst í málinu, að hreppsnefndin hafi átt kost á manni í göngurnar fyrir þá upphæð. Yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins, og ber auk þess að greiða af almannafje allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Það athugast, að hjeraðsdómarinn hefir eigi tekið upp í dóm sinn hina fyrirskipuðu vottun um meðferð málsins fyrir undirrjettinum samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr., en að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn kærði, Jósep Einarsson, á að vera sýkn af kæru sækjandans í máli þessu, en honum ber að greiða upprekstrarfjelagi Áss- og Sveinsstaðahreppa 12 krónur. Allan af málinu, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, leiðandi kostnað, þar með talin málsflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifsson-

ar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 55/1895. Ásmundur Sveinsson
fyrir hönd D. E. G. Brasch
gegn
Sigurði Briem
fyrir hönd Salomon Davidsen
og Guðmundi Ísleifssyni og
sýslumanni Sigurði Ólafssyni.

Dómur:

Hinn 27. marzmánaðar 1893 höfðaði hinn stefndi, Sigurður Briem, fyrir hönd Salomon Davidsen stórkaupmanns mál á hendur meðstefnda, Guðmundi Ísleifssyni, sem þá hafði verzlun á Eyrarbakka, fyrir gestarjetti Árnessýslu, til innheimtu á skuld Guðmundar til Salomon Davidsen að upphæð 6594 kr. 81 e., auk vaxta 6% á ári frá 1. jan. 1893. Mætti Guðmundur óstefndur fyrir gestarjettinum og kannaðist við skuldina, og var dómur uppkveðinn í sökinni samdægurs og Guðmundur dæmdur til að greiða Sigurði Briem fyrir hönd Salomon Davidsen alla skuldina eins og hann hafði krafizt hennar. Við dómsuppsögnina gat Guðmundur þess, að hann sæi fyrir, að sjer myndi verða ómögulegt að fullnægja dóminum að liðnum

fullnægingarfrestinum (3 sólarhringum), og þar sem það hefði sjerstakan kostnað í för með sjer, ef aðför yrði dregin, þar til er fresturinn væri liðinn, óskaði hann að aðför færi fram þegar í stað. Óskaði þá einnig dómhafinn (Sigurður Briem) að fógetinn gjörði fjárnám þegar í stað samkvæmt dóminum hjá Guðmundi, og var þá samstundis settur fógetarjettur og tekin fjárnámi ýms hús, skepnur, skip, verzlunarskuldir o. fl. tilheyrandi Guðmundi Ísleifssyni, sem virt var alls 7293 kr. 73 a., og var það álitið nægja fyrir allri skuldinni með vöxtum og málskostnaði. Síðan var 22. apríl eptir beiðni Sigurðar Briem haldið uppboð á hinum fjárnumdu munum, og seldust þeir á uppboðinu fyrir 6749 kr. Tveim dögum síðar, eða 24. apríl, seldi Guðmundur Ísleifsson bú sitt fram til skiptameðferðar sem þrotabú. Um sama leyti sem ofangreint fjárnám fór fram, sótti áfrýjandinn, kaupmaður í Hamborg D. E. G. Brasch, mál fyrir sjó- og verzlunarrjettinum í Kaupmannahöfn á hendur Guðmundi Ísleifssyni til lúkningar áfallinni skuld til hans að upphæð 5622 kr. 50 a., og var Guðmundi birt dómstefnan í málinu 4. apríl 1893, en dómur fjell í því máli 8. júní næsta eptir, og var Guðmundur dæmdur til að greiða Brasch hina umstefndu upphæð ásamt vöxtum frá 28. nóv. 1892. Hefur nú Brasch álitið, að fyr umgetið fjárnám af hendi Sigurðar Briem fyrir hönd Salomon Davidsen, sem ljet Guðmund eptir að kalla eignalausan, hafi verið ólöglega framið og farið í bága við rjett sinn og annara skuldheimtumanna, og

hefur því Asmundur Sveinsson fyrir hans hönd áfrýjað því til yfirdómsins ásamt uppboðinu með stefnum, dags. 2. des. f. á. og 8. febr. þ. á., og að fengnu uppreistarleyfi, og hefur þess verið krafizt hjer fyrir rjettinum, að fjárnámsgjörðin og eptirfarandi nauðungaruppboð verði dæmt ómerkt og hinir stefndu Sigurður Briem fyrir hönd Salomon Davidsen og Guðmundur Ísleifsson skyldaðir til in solidum að skila aptur í þrotabú Guðmundar Ísleifssonar hinum fjárnumdu munum eða fullu andvirði þeirra eptir dómkvaddra manna mati skaðlaust fyrir búið, og að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum allan málskostnað að skaðlausu. Af hálfu hinna stefndu hefur þess aptur á móti verið krafizt, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara, að hinir stefndu verði algjörlega sýknaðir af kærum og kröfum áfrýjandans og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað allan með 100 kr.

Frávísunarkröfu sína hafa hinir stefndu byggt á því, að sjálfum hinum eiginlega fjárnámsbeiðanda, Salomon Davidsen, sje eigi stefnt í málinu, heldur að eins Sigurði Briem fyrir hans hönd, en Sigurður hafi að eins sem almennur umboðsmaður Davidsens staðið fyrir hinni áfrýjuðu aðför og sje þeirri umboðsmennsku nú fyrir löngu lokið, hann búinn að standa Davidsen öll skil á hinu innheimta fje o. s. frv. Umboð Sigurðar Briem til að innheimta hjer umrædda skuld fyrir Salomon Davidsen hefur nú að vísu eigi verið lagt fram fyrir yfirdóminum, en þar sem dómurinn, er fjárnám-

ið var gjört fyrir, hljóðaði upp á borgun til hans (fyrir hönd Salomon Davidsen) og eptir framkomu hans yfir höfuð að dæma við fjárnámsgjörðina og uppboðið, verður að álíta það lögum samkvæmt að honum hefur verið stefnt við áfrýjun þessara gjörða, og verður því frávísunarkröfunni eigi sinnt.

Þá hafa hinir stefndu tekið það fram, að áfrýjandinn, sem hefur lýst kröfu sinni, þeirri er fyr er getið, í þrotabúi Guðmundar Ísleifssonar, hafi enga heimild frá þrotabúinu til að höfða þetta mál, en það sje sameiginlegt mál allra skuldheimtumanna Guðmundar Ísleifssonar, er lýst hafi kröfum í bú hans, eða þrotabúsins í heild sinni, hvort það vilji kollvarpa hinu framfarna fjárnámi og uppboðsgjörð. Á þessa skoðun verður yfirdómurinn að fallast, þar sem ráða verður af málinu, að þrotabú Guðmundar Ísleifssonar sje enn þá undir skiptum, sbr. einnig grundvallarregluna í lögum nr. 7, 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti, 32. gr., og verður því að taka til greina kröfu hinna stefndu og dæma þá sýkna af kærum og kröfum áfrýjandans í þessu máli. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu Sigurður Briem fyrir hönd Salomon Davidsen, Guðmundur Ísleifsson og sýslumaður Sigurður Ólafsson eiga að vera sýknir af kærum og kröfum áfrýjanda Ásmundar

Sveinssonar fyrir hönd D. E. G. Brasch í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 8. júnímán.

Nr. 19/1896. Rjettvísin gegn Gísla Gíslasyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Barðastrandarsýslu 23. sept. 1895, var hinn ákærði, Gísli Gíslason, dæmdur fyrir þjófnað og ólögmæta meðferð á fundnum hlut til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með taldar 4 kr. í varnarlaun til talsmanns hans í hjeraði, Björns Pjeturssonar.

Dómi þessum er að beiðni hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann, er hann var í kaupstaðarferð á Bíldudal laust fyrir jól 1893, tók úr opnum poka, sem stóð í fordyrinu fyrir framan sölubúð P. J. Thorsteinssons kaupmanns, nýtt vaðmálsvesti og hafði það heim með sjer og seldi það seinni hluta vetrar fyrir 1 krónu. Einnig er það sannað, að hann vorið 1894 tók úr fatahrúgu, er lá fyrir utan skúrinn við áðurnefnda sölubúð á Bíldudal, vaðmálstreyju; má álíta sannað, að þetta hafi verið sama treyjan, sem ákærði sá í

pokanum í fordyrinu við sölubúð Thorsteinssons fyrir jól 1893, er hann tók vestið, er fyr var getið. Föt þessi átti Kristín nokkur Árnadóttir og eru þau henni aptur skiluð. Taka ákærða á vestinu á undir 230. gr. almennra hegningarlaga, en að því treyjuna snertir, þá virðist ekki að hún, þegar ákærði tók hana, hafi verið í vörzlum neins manns, án þess þó á hinn bóginn álitið verði, að henni hafi verið kastað burtu, og hún því hafi einskis manns eign verið, og á því taka ákærða á treyjunni undir 249. gr. almennra hegningarlaga. Undirdómarinn hefur þannig með rjettu heimfært brot hins ákærða undir nefndar lagagreinar, og með því yfirdómurinn fellst á, að hegning ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, sje ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, sbr. 63. gr. hegningarlaganna, eins og líka á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði, Gísli Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, cand.

juris Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 22/1896. Rjettvísin gegn Yngveldi Sigurðardóttur.

Dómur:

Með dómi gegnum í aukarjetti Strandasýslu 5. nóvember f. á. var hin ákærða, Yngveldur Sigurðardóttir, dæmd fyrir innbrotsþjófnað til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum er að beiðni hinnar ákærðu áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærðu, Yngveldar Sigurðardóttur á Gjögri, og styðst sú játning hennar við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, löglega sannað, að hún í janúarmán. f. á. fór í læsta sjóbúð húsmanns Pjeturs Guðmundssonar þar, í þeim tilgangi að sækja þangað plötu, er hún átti þar og hafði notað þar nokkru áður við brauðabakstur, og tók hún þá við það tækifæri þar í búðinni ófrjálsri hendi einn mældan bolla af kaffi og 2 kandíssykurmola, er allt hefir verið virt á 35—37 aura. Fór hún í búðina með þeim hætti, að hún opnaði hurðina á búðinni með lykli, sem

húsmaður Magnús Magnússon átti og sem af hendingu gekk að læsingunni á hurðinni, en lykilinn virðist hún með rjettu hafa haft í vörzlum sínum. Þetta athæfi ákærðu, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, á undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hún samkvæmt nefndri lagagrein hefur til unnið, hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Endurgjalds fyrir þýfið hefur ekki verið krafizt. Svo ber henni og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Það athugast, að mál þetta, sem er einfalt og fyrirferðarlítið, hefur verið lengur undir dómi hjá undirdómaranum en lög leyfa, en að öðru leyti hefur rekstur þess í hjeraði verið vítalaus. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærða, Yngveldur Sigurðardóttir, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga. Svo ber henni að greiða allan af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda þar, cand. juris Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 20/1896. Rjettvísin
gegn
Helga Ingimundssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Árnessýslu, uppkveðnum 18. marz þ. á., var hinn ákærði, vinnum. Helgi Ingimundsson, dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 3. sinni, samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta 1 árs betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, Þorvarðar hreppstjóra Guðmundssonar, 4 krónur. En dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að sunnudaginn 20. október f. á. stal ákærði í Arnarbæli í Ölfusi karlmannsúri, er lá í stofuglugga þar á prestssetrinu, en hann hafði eptir messu komið inn í stofuna ásamt öðru kirkjufólki. Úrið hafði presturinn lagt frá sjer rjett áður þar sem ákærði tók það, og hafði prestur verið beðinn fyrir úrið til Reykjavíkur áleiðis til eiganda þess. Ákærði seldi litlu síðar úrið, sem metið hefur verið 14 kr., manni í Gaulverjabæjarhreppi fyrir 6 kr. og keypti fyrir peningana tóbak, sykur, konjak og tveggja potta kút. Úrið hefur komið til skila og verið afhent rjettum eiganda.

Ákærði er fæddur 17. maí 1872 og hefur tvívegis áður sætt refsingu: 1, samkvæmt aukarjett-

ardómi Vestmannaeyjasýslu 9. júní 1893 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir skjalafals og þjófnað; og 2, samkvæmt aukarjettardómi sömu sýslu 13. apríl 1894 8 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir einfaldan þjófnað framinn í annað sinn. Afbrot það, er hann nú hefur gjörzt sekur í, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 1. lið 233. gr. hegningarlaganna, og þykir hegningin fyrir það hæfilega metin í undirdóminum 1 árs betrunarhúsvinna. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber þannig að staðfesta tjeðan dóm í öllum greinum. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. júnímán.

Nr. 21/1896. Rjettvísin
gegn
Sigurði Jónssyni, Jóni Halldórssyni, Jóni Bjarnasyni og Bjarna Halldórssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 2. desbr. f. á., voru hinir ákærðu Sigurður Jónsson, Jón Halldórsson og Jón Bjarnason dæmdir eptir 238. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir heimildarlausa hestabrúkun til að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs hver þeirra, eða til vara til að sæta 3 daga einföldu fangelsi; ákærði Bjarni Halldórsson var fyrir sama brot og eptir sömu hegningarlagagrein sbr. við 38. gr. dæmdur í 3 króna sekt til landssjóðs, og til vara til að sæta eins dags einföldu fangelsi; hinn fimmti maðurinn, Sigurgeir Bjarnason, er enn var ákærður í hjeraði fyrir sama brot, var sýknaður af refsingu, en allir hinir ákærðu voru dæmdir til að greiða allan kostnað málsins í hjeraði með 1/5 hluta hver þeirra. Þessum dómi hefur verið skotið til yfirdómsins eptir beiðni hinna ákærðu Sigurðar Jónssonar, Jóns Halldórssonar, Jóns Bjarnasonar og Bjarna Halldórssonar.

Það er sannað með játningu hinna ákærðu sjálfra og öðrum skýrslum í málinu, að Sigurður Jónsson, Jón Halldórsson og Bjarni Halldórsson tóku í heimildarleysi þrjá hesta, er bóndinn á Hafrafelli átti tvo þeirra, en hafði einn á leigu;

tóku þeir hestana í túninu á Kirkjubóli hinn 23. sept. f. á. og riðu þeim á leið í fjallgöngur. Sigurður og Jón riðu hestunum fram í svo kallaðar Ártungur; tóku þá kl. 5—6, og slepptu þeim í Ártungunum kl. 8—9 fyrir hádegi. Bjarni reið hesti þeim, er hann tók, fram í svo kallaðan Engidal, og virðist það vera skemmri leið. Þessi hestur, er Bjarni skildi eptir í Engidal, komst sama daginn að Fossum, og þar tók hinn ákærði, Jón Bjarnason, hann í óleyfi og reið honum heimildarlaust í fjallgöngur; sleppti hann hestinum í Ártungunum, en þó neðar eða nær bæjum en þeir Sigurður og Jón Halldórsson slepptu hestum þeim, sem þeir riðu. Hinir ákærðu gjörðu enga ráðstöfun til þess að hestarnir kæmust til skila, og sögðu ekki eiganda eða umráðamanni hestanna frá tiltektum sínum, en hann hefur ekki krafizt þess, að þeir verði látnir sæta refsingu fyrir þær.

Þessi verknaður hinna ákærðu, sem eigi hafa áður verið dæmdir eða sætt refsingu fyrir nokkurt afbrot og sem allir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, en Bjarni Halldórsson er fæddur 7. sept. 1880, heyrir undir 238. grein í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og ákveðst refsingin fyrir Sigurð Jónsson, Jón Halldórsson og Jón Bjarnason samkvæmt þessari lagagrein 6 kr. sekt til landssjóðs fyrir hvern þeirra, er afplánist með 3 daga einföldu fangelsi, og fyrir Bjarna Halldórsson samkvæmt sömu hegningarlagagrein með hliðsjón af 38. gr. 3 kr. sekt til landssjóðs, er afplánist með 2 daga einföldu fangelsi. Ákvæði

undirrjettardómsins um málskostnað samþykkjast. Svo ber og hinum ákærðu að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar allan in solidum, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinir ákærðu Sigurður Jónsson, Jón Halldórsson og Jón Bjarnason greiði hver þeirra 6 kr. sekt til landssjóðs, ella sæti 3 daga einföldu fangelsi hver, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; ákærði Bjarni Halldórsson greiði 3 kr. sekt til landssjóðs, ella sæti 2 daga einföldu fangelsi, ef sektin öll eigi greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í hjeraði skal aukarjettardómurinn vera óraskaður. Hinir ákærðu Sigurður Jónsson, Jón Halldórsson, Jón Bjarnason og Bjarni Halldórsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, allir fyrir hvern þeirra og hver þeirra fyrir þá alla, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og málfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. júnímánaðar.

Nr. 56/1895: Rjettvísin
gegn
Bjarna Eyjólfssyni, Guðmundi Þorgilssyni og Ólafi Teitssyni.

Dómur:

Hinir ákærðu Bjarni Eyjólfsson í Katrínarkoti í Gullbringusýslu og unglingspiltarnir Guðmundur Þorgilsson í Miðengi og Ólafur Teitsson í Háteig í sömu sýslu eru í þessu máli sakaðir fyrir illa meðferð á skepnum, en með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 22. okt. f. á., voru þeir dæmdir sýknir fyrir ákæru rjettvísinnar í málinu, en skyldaðir til einn fyrir alla og allir fyrir einn að greiða kostnað málsins.

Í júnímánuði 1894 rak ákærði Bjarni Eyjólfsson ásamt meðákærðu unglingspiltum 8 kindur til fjalls, og þegar þangað var komið, tálgaði hann neðan af klaufunum á kindunum, og hjálpuðu hinir meðákærðu honum til þess, þannig að Guðmundur hjelt kindunum, en Ólafur stóð í rjettardyrunum, þar er kindurnar höfðu verið reknar inn, meðan verið var að tálga klaufirnar. Þetta gjörðu þeir með samþykki þeirra, sem áttu kindurnar, og var það tilgangurinn að spekja þær eða fá þær til að staðnæmast í fjalllendinu, en áður um sumarið höfðu þær margsinnis verið reknar til fjalls, en ávallt komið aptur og farið í kálgarða hjá fólki bæði í Garðahverfi, Hafnarfirði og á Álptanesi. Tveim eða þrem dögum síðar í sama mánuði fundu

tveir menn, er áttu leið fram á fjall, 2 af kindunum dauðar og hinar illa útleiknar. Lýsa þeir kindunum svo, að klaufirnar á þeim hafi verið skornar inn við bein, að kindurnar, sem lifandi voru, hafi naumlega getað komizt úr stað, að sumar hafi skriðið á fótunum, en sumar á hnjánum, og að mikið blóð hafi verið í kringum þær, og álíta þeir að þessi meðferð á kindunum hafi að minnsta kosti meðfram verið orsök til þess, að 2 þeirra drápust. Það er skýrt frá því að kindurnar hafi, er þær fundust, verið í góðum holdum og ósvangar, og þær þeirra, sem eigi voru þá dauðar, virðast síðar hafa orðið jafngóðar.

Þó að hinir ákærðu hafi eigi viljað kannazt við það, að klaufirnar á kindunum hafi verið skornar eða tálgaðar inn við bein, er það þó nægilega sannað bæði með þeirra eigin skýrslu og skýrslu vitnanna og öðrum atvikum málsins, að svo mikið hafi verið tálgað af klaufunum, að það hafi bakað skepnunum svo mikla þjáningu, að þær hafi eigi þolað að stíga á fæturna, og getur það eigi álitizt vafasamt, að þessi meðferð hafi aðallega verið orsök til dauða 2 kindanna, þó að stormur og hrakviðri kunni með fram að hafa verið hans valdandi. Slík meðferð á skepnunum verður að teljast grimmdarfull eða miskunnarlaus, og með því að hún engan veginn rjettlætist með því, að hinir ákærðu gjörðu þetta í því skyni að spekja kindurnar, og með því að hinir ákærðu á hinn bóginn verða að bera ábyrgð á verknaði sínum, þótt það eigi væri beinn tilgangur

þeirra að gjöra kindunum mein, en það hlaut að vera þeim ljóst, að þeir bökuðu þeim þjáningu með verknaðinum, geta þeir ekki komizt hjá refsingu fyrir athæfi sitt samkvæmt 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og ákveðst hún fyrir Bjarna Eyjólfsson, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt refsingu fyrir nokkurn glæp, 20 kr. sekt til landssjóðs, til vara 6 daga einfalt fangelsi, en fyrir Guðmund Þorgilsson, fæddan 10. febr. 1877, og Ólaf Teitsson, fæddan 12. jan. 1878, er eigi hafa heldur áður sætt refsingu, ákveðst hún samkvæmt sömu hegningarlagagrein samanborinni við 48. gr., og með tilliti til 38. gr. sömu laga, 2 króna sekt til landssjóðs fyrir hvorn þeirra, til vara 2 daga einfalt fangelsi. Hinum ákærðu ber og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors, þannig að Bjarni einn greiði helming kostnaðarins, en hinn helminginn greiði þeir Guðmundur og Ólafur in solidum.

Um rekstur málsins í hjeraði athugast, að það hefur orðið talsverður dráttur á honum, og að málið hefur verið fremur linlega rannsakað, enda eru prófin óglögg og ónákvæm, þótt nýjar skýrslur hafi verið fengnar í málinu samkvæmt úrskurði yfirdómsins, eptir að hjeraðsdómurinn var uppkveðinn; undirdómarinn hefur og eigi tekið upp í dóm sinn hið fyrirskipaða vottorð um rekstur málsins samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr. Það er þó eigi alveg næg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir þessar misfellur, og það vottast, að

rekstur málsins í hjeraði hefur að öðru leyti verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni Eyjólfsson greiði 20 kr. sekt til landssjóðs, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; ákærðu Guðmundur Þorgilsson og Ólafur Teitsson greiði hvor þeirra 2 króna sekt til landssjóðs, en til vara sæti þeir hvor 2 daga einföldu fangelsi. Hinir ákærðu skulu og greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorstein son og málsfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors, þannig að Bjarni Eyjólfsson einn greiði helming kostnaðarins, en Guðmundur Þorgilsson og Ólafur Teitsson greiði hinn helminginn in solidum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júlímánaðar.

Nr. 28/1896. Rjettvísin
gegn
Einari Guðmundssyni og
Hannesi Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað gegn hinum ákærðu

feðgum Einari Guðmundssyni og Hannesi Einarssyni fyrir þjófnað, og var það dæmt í aukarjetti Skagafjarðarsýslu 12. marz þ. á. þannig, að Einar var sýknaður af ákæru rjettvísinnar í málinu, en Hannes dæmdur til að sæta 15 hagga hýðingu með vendi samkvæmt 235. og 258. gr. sbr. 30. gr., 2. lið, almennra hegningarlaga. Sakarkostnað skyldu feðgarnir greiða in solidum, þar á meðal 4 kr. til talsmanns þeirra fyrir aukarjettinum, W. Melsteds á Sauðárkróki. Dómi þessum er skotið til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Báðir hinir ákærðu hafa verið sakaðir um það að hafa veturinn 1894—95 farið í sameiningu í læst koffort, er annar maður átti og stolið úr því 20 kr. í peningum, 2 álnum af vaðmáli, vetlingum og sokkum, og Einar sjerstaklega fyrir að hafa gefið manni 5 lömb, sem voru honum ófrjáls. En með því að engin sönnun er fram komin fyrir því, að hinir ákærðu hafi framið þessi afbrot, er þeir hafa tastlega neitað að vera sekir um, er það rjett, að undirdómarinn hefur dæmt þá sýkna saka í þessu efni.

Þá er það borið á ákærða Einar, að fyrir tæpum 10 árum og aptur veturinn 1894—95 hafi hann tekið eitthvað lítils háttar af heyi frá þáverandi húsbændum sínum til að gefa skepnum, er hann átti sjálfur, en þessu, sem ekki hefur orðið sannað á annað hátt, hefur Einar neitað, nema hvað hann hefur kannazt við, að hann í eitt skipti fyrir 10 árum hafi orðið var við, að hann hafði í misgripum gefið sínum skepnum lítið eitt af heyi, er hús-

bóndi hans átti. Það verður því einnig að fallast á, að undirdómarinn hefur sýknað ákærða að því þetta ákæruatriði snertir.

Ákærða Hannesi Einarssyni hefur verið gefið að sök sjerstaklega, að hann hafi stolið hníf, er hann var á 11. ári, en sem hann skilaði aptur, er húsbóndi hans talaði um það við hann. Einnig hefur hann verið ákærður fyrir að hafa á 12. eða 13. árinu haft út hjá konu á nágrannabænum nokkuð af kaffibrauði og sykri, með því að skila frá húsmóður sinni og biðja um þetta til láns; fjekk konan honum auk þessa nokkuð af kálfskjöti, er hann átti að færa húsmóður sinni, en ákærði át sjálfur sykrið og kaffibrauðið, en gaf kálfskjötið. Ákærði hefur að vísu kannazt við þessi afbrot, en með því að þau voru drýgð áður en hann var orðinn 15 ára að aldri, og ákærði, áður en hjeraðsstefnan í máli þessu var birt honum, var orðinn fullra 18 ára, þá verður ákærða eigi refsað fyrir þau samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga, og ber því að breyta undirrjettardóminum að þessu leyti.

Málskostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði 4 kr. og málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors, virðast eiga að greiðast af almannafje.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinir ákærðu Einar Guðmundsson og Hann-

es Einarsson eiga að vera sýknir af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnað allan bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til W. Melsteds á Sauðárkróki 4 krónur og málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Nr. 9/1896. Guðmundur Magnússon
gegn
Sigurði Mattíassyni.

Dómur:

Hinn 24. nóv. 1894 seldi hinn stefndi, Sigurður Mattíasson á Eyrarbakka, áfrýjandanum Guðmundi Magnússyni samastaðar eign sína hálfa jörðina Fell í Biskupstungum fyrir 1600 kr. Borgaði áfrýjandi af kaupverðinu 500 kr. þegar í stað og gaf út veðskuldabrjef fyrir eptirstöðvunum, en fjekk aptur á móti afsalsbrjef fyrir jörðinni hjá stefnda, og var afsalsbrjefið dagsett nefndan dag, 24. nóv. 1894. Nokkru síðar fór stefndi þess á leit við áfrýjanda, að kaup þessi mættu ganga til baka, sökum þess að ábúandi jarðarinnar krafðist kaups á henni, en honum var áskilinn forkaupsrjettur á jörðinni í byggingarbrjefi hans, og gaf á-

frýjandi þetta eptir með þeim skilyrðum, að stefndi borgaði honum aptur 500 kr. þær, er hann hafði greitt upp í jarðarverðið og skilaði aptur veðskuldabrjefinu fyrir eptirstöðvunum. Áfrýjandinn heldur því fram, að það hafi ennfremur verið áskilið af sinni hálfu, að stefndi borgaði honum fyrir riptingu á kaupinu 115 kr., en stefndi hefur neitað því að nokkuð hafi verið um samið í þá átt, en áfrýjandi hafi að eins talað um, að hann fengi einhverja þóknun fyrir að kaupin ónýttust. Varð mál út af þessu milli málspartanna, og krafðist sækjandi í hjeraði (áfrýjandi) þess, að stefndi væri dæmdur til að greiða sjer nefndar 115 kr. ásamt vöxtum gegn afhendingu afsalsbrjefsins 24. nóv. 1894, svo og málskostnað, eða til vara, að hann (áfrýjandi) yrði dæmdur löglegur eigandi jarðarinnar samkvæmt þessu afsalsbrjefi gegn því að skila aptur 500 kr. í peningum og skuldabrjefinu fyrir kaupverðseptirstöðvunum. Stefndi krafðist aptur á móti sýknunar og málskostnaðar, og að áfrýjandi væri sektaður fyrir óþarfa þrætu. Með aukarjettardómi Árnessýslu 22. nóv. f. á. var síðan dæmt svo í máli þessu, að stefndi var sýknaður af kærum og kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 6. febr. þ. á., og hefur hann krafizt þess fyrir yfirdóminum, að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer 115 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi og til að skila sjer aptur skuldabrjefinu fyrir kaupverðseptirstöðvunum, hvorttveggja gegn því, að

hann sjálfur skili stefnda afsalsbrjefinu 24. nóv. 1894, svo og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, en til vara að sjer verði dæmd hálf jörðin Fell, gegn því að skila aptur 500 kr. þeim, er hann hafi tekið á móti, og að stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan fyrir báðum rjettum að skaðlausu. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum eptir rjettarins mati.

Í málinu er engin sönnun framkomin fyrir því, að stefndi hafi lofað áfrýjandanum 115 kr. fyrir að umrædd jarðarkaup mættu ganga til baka, og verður því aðalkrafa áfrýjanda í málinu eigi tekin til greina. Að því varakröfuna snertir, er það viðurkennt, að málsaðilar komu báðir í sparisjóð Árnessýslu 24. marz f. á. í þeim tilgangi að skiptast þar á peningum og brjefum til ónýtingar jarðakaupunum, og greiddi þá stefndi áfrýjanda aptur 500 kr. þær, er hann hafði þegar fengið borgaðar af jarðarverðinu, og auk þess vexti af upphæð þeirri þann tíma, er hún hafði verið í vörzlum stefnda, en áfrýjandinn gaf skriflega kvittun fyrir hvorutveggju. Það má einnig álítast sannað með vitnisburðum, er fram hafa komið í málinu, í sambandi við málsfærslu áfrýjandans, er í því efni hefur verið töluvert á reiki og farið í mótsögn við sjálfa sig, að stefndi skilaði áfrýjandanum aptur við sama tækifæri veðskuldabrjefi því, er út hafði verið gefið fyrir kaup-

verðseptirstöðvunum, og að áfrýjandinn aptur á móti afhenti stefnda afsalsbrjef að jörðinni (½ Felli), útgefið af stefnda og dags. 1. desbr. 1894, og lýsti því jafnframt yfir, að hann hefði eigi í höndum neitt annað skjal frá stefnda jarðakaupunum viðvíkjandi. Með þessum skiptum á peningum og brjefum, og þar sem, eins og fyr er tekið fram, ósannað, er að tilskilin hafi verið nokkur sjerstök þóknun til áfrýjanda fyrir kaupriptinguna, verður ripting kaupanna að álítast hafa verið fullgjörð af málsaðilum við umrætt tækifæri, því að afhending afsalsbrjefs að jörðinni í hendur stefnda gegn apturskilun frá hans hendi til áfrýjanda á andvirði jarðarinnar, bæði peningum og skuldabrjefi, verður eigi skilin á annan veg. Afrýjandinn hefur reyndar viljað halda því fram, að brjef það, er hann afhenti stefnda í sparisjóðnum, hafi eigi verið hið rjetta afsalsbrjef að jörðinni, er stefndi gaf honum, er kaupin gjörðust 24. nóv. 1894, heldur alveg þýðingarlaust skjal eða ónákvæmt eptirrit af hinu rjetta afsalsbrjefi, enda dagsett öðruvísi en það, eða 1. desbr. 1894. En eptir því sem stefndi hefur frá skýrt — og framburður hans í þessu efni verður að takast trúanlegur gagnvart sögusögn áfrýjanda, sem um það atriði hefur orðið margsaga í málinu, — þá stendur svo á þessu afsalsbrjefi, er áfrýjandi afhenti stefnda í sparisjóðnum 24. marz f. á. sem afsalsbrjef jarðarinnar, að áfrýjandi hafði fengið stefnda til að gefa sjer nýtt afsalsbrjef, af því hann kvaðst hafa glatað hinu fyrra, og var þetta síðara afsals-

brjef þá einnig dagsett nokkrum dögum síðar en hið fyrra, eða 1. desbr. 1894. Höfðu þannig verið út gefin 2 afsalsbrjef að jörðinni í hendur áfrýjanda af stefnda, og reyndar virðist áfrýjandi nú hafa í höndum fyrra afsalsbrjefið, en þetta rýrir í engan máta þýðingu þá, er það hafði sem algjörð ónýting jarðakaupanna, að áfrýjandi, eins og sannað er í málinu, á fyrnefndum sparisjóðsfundi afhenti stefnda síðara afsalsbrjefið og lýsti því yfir um leið, að hann hefði engin önnur skjöl í höndum jarðakaupin áhrærandi. Það verður þannig eigi tekin til greina varakrafa áfrýjanda, að honum verði þrátt fyrir þetta dæmd til eignar $^1/_2$jörðin Fell, sem um ræðir í fyrnefndum afsalsbrjefum; og með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Guðmundur Magnússon greiði stefnda Sigurði Mattíassyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 10/1896. O. P. Ottesen
gegn
Jóni Ásmundssyni.

Dómur:

Áfrýjandi máls þessa, O. P. Ottesen, hefur lögsótt hinn stefnda Jón Ásmundsson, bónda á Ósi, fyrir það, að hann hafi tvívegis sumarið 1893 í júlí og öndverðum ágústmánuði heimildarlaust tekið hey tilheyrandi áfrýjandanum, er hann hafi slegið á engjaparti, sem nefnist Slaga og áfrýjandinn eignar sjer; hafi það verið 9 hestar af þurkuðu og óþurkuðu heyi; og ennfremur fyrir það, að hann hafi aptur sumarið 1894 aðfaranótt hins 15. ágústmánaðar ólöglega og með yfirgangi tekið til sín og hirt 14 hesta af þurkuðu og uppsettu heyi, sem áfrýjandi hafði slegið og verkað á sama engjastykki. Fyrir þessar aðfarir kærði O. P. Ottesen Jón bónda Ásmundsson fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra og síðar fyrir sýslumanni í ágústmánuði 1894, og var þá hafin opinber rannsókn út af kærunni, en er rannsóknin eigi leiddi til málshöfðunar af hálfu hins opinbera, höfðaði O. P. Ottesen sjálfur málið með sáttakæru, dags. 2. apríl f. á., og stefnu gegn Jóni Ásmundssyni fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, útgefinni 16. s. m.; krafðist hann sekta samkvæmt 117. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, skaðabóta að upphæð 60 kr.. með 5% vöxtum frá dagsetningu sáttakærunnar og málskostnaðar að skaðlausu, en með dómi aukarjettarins, uppkveðnum 28. nóv. f. á., var mál-

inu ráðið til lykta á þá leið, að Jón Ásmundsson var dæmdur sýkn fyrir skaðabótakröfu O. P. Ottesens, en á hinn bóginn dæmdur eptir 117. gr. hegningarlaganna til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 9 daga einföldu fangelsi; málskostnaður var látinn falla niður. Þessum aukarjettardómi hefur O. P. Ottesen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. febr. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að hin ídæmda sekt verði hækkuð, að stefndi verði dæmdur til að greiða 60 kr. skaðabætur fyrir heytökuna, og að hann verði skyldaður til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum skaðlaust. Hinn stefndi, Jón Ásmundsson, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Það verður að fallast á það, að hinn stefndi hefur eigi verið dæmdur til refsingar fyrir heytöku þá, er hann gjörði sig sekan í sumarið 1893, með því að brot það var fyrnt samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, þá er áfrýjandi kærði hinn stefnda í ágústmánuði 1894. Kemur því nú að eins til álita heytaka hins stefnda sumarið 1894. Að því er hana snertir, er það sannað og viðurkennt af stefnda, að hann hafi að kvöldi hins 14. ágústmánaðar eða þá um nóttina farið með syni landsdrottins síns og eptir hans áskorun inn á þann part hinnar svo kölluðu »Slögu«, sem áfrýjandi hefur notað til slægna undanfarin ár, að minnsta kosti síðan árið 1886, og tekið þar úr sæti

14 hesta af heyi og flutt heim til sín, en þetta hey hafði annar maður slegið þar með leyfi áfrýjanda. Hinn stefndi tók til sín og hagnýtti sjer nokkurn hluta heysins, en nokkurn hluta þess fjekk maður sá, sem var í verki með honum.

Af skjölum málsins kemur það í ljós, að áfrýjandi telur sig eiganda að 1/3 hluta engjaparts þess, sem kallaður hefur verið »Slaga«, og hefur hann kaupbrjef fyrir honum, útgefið 23. júní 1883, en eigandi jarðarinnar Óss telur sig eiga alla Slöguna, með því að hún öll hafi fylgt Ósi, þá er hann keypti þessa jörð, enda hefur hann lagt fyrir landseta sinn, ábúandann á Ósi, að yrkja alla Slöguna. Út af ágreiningi þessum um eignarrjettinn urðu málaferli milli hlutaðeigenda, áður en áfrýjandinn keypti Slögupartinn, en fullnaðardómur fjekkst þó ekki um ágreiningsefnið, en það er viðkennt, að áfrýjandi hafi notað 1/3 hluta Slögunnar sem sína eign síðan 1883, og að síðan 1886 hafi það einmitt verið sá partur Slögunnar, þar sem stefndi tók heyið 1894; ennfremur, að þessi afnot áfrýjanda af Slögupartinum hafi verið alveg óátalin frá því 1885, unz stefndi 1893 rjeðst í að taka heyið upp fyrir honum; og loksins er það sannað, að eigandi Óss, sem þá var eiginmaður hins núverandi eiganda, byggði áfrýjanda 2/3 Slögunnar með byggingarbrjefi 22. sept. 1885, og er það fullljóst af byggingarbrjefi þessu, að eigandi Óss þá hefur eigi gjört eignartilkall til Slögunnar nema að 2/3 hlutum hennar. Í máli þessu verður að vísu eigi dæmt um eignarrjettinn yfir greind-

um Slöguparti, en á hinn bóginn verður að álíta eptir hinu framansagða, að áfrýjandi hafi haft þriðjung Slögunnar í eignarhaldi, er stefndi tók þar heyið sumarið 1894, og með því að stefndi hefur eigi sannað, hvorki að hann hafi löglega eignarheimild yfir þessum Slöguparti, nje heldur að eignarhald áfrýjanda sje á nokkurn hátt ólögmætt, verður hann eptir kröfu áfrýjanda bæði að greiða sekt til landssjóðs fyrir ólöglega sjálftöku samkvæmt 117. gr. almennra hegningarlaga og skaðabætur fyrir heytökuna í ágústmánuði 1894 til áfrýjanda, sbr. 302. gr. hegningarlaganna, eins fyrir það þótt áfrýjandi leigði öðrum manni partinn til slægna, og heyið væri því eign þessa manns, enda hefur áfrýjandi fært rök fyrir því, að hann hafi endurgoldið þessum manni verð heysins. Sektin þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 30 kr., svo og vararefsingin 9 daga einfalt fangelsi. Með því að stefndi hefur í hjeraði mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda sem »allt of hárri«, þykir rjett að láta upphæð hennar vera komna undir mati 2 dómkvaddra óvilhallra manna. Eptir þessum úrslitum málsins getur stefndi ekki komizt hjá því að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum, sem ákveðst 60 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Jón Ásmundsson greiði 30 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 9 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; ennfremur á hann að greiða áfrýjandanum,

O. P. Ottesen, skaðabætur eptir mati 2 rdómkvaddra, óvilhallra manna fyrir umrætt hey, sem hann tók fyrir áfrýjanda kvöld hins 14. eða aðfaranótt hins 15. dags ágústmánaðar 1894, og að auki 60 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júlímánaðar.

Nr. 1/1896. Lárus Bjarnason
gegn
Jóakim Jóakimssyni,
Guðmundi Guðmundssyni og
Albert Jónssyni.

Dómur:

Í máli, er áfrýjandinn Lárus sýslumaður Bjarnason höfðaði gegn hinum stefndu Jóakim snikkara Jóakimssyni, Guðmundi bátasmið Guðmundssyni og Albert járnsmið Jónssyni, öllum til heimilis á Ísafirði, út af meiðandi ummælum um sig í kæruskjali til amtmannsins yfir Vesturamtinu, dagsettu í aprílmánuði 1893, var dómur uppkveðinn í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 7. maímán. 1894 með þeim úrslitum, að hin átöldu meiðandi ummæli um áfrýjandann skyldu vera dauð og ómerk og hinir stefndu greiða í sekt til landsjóðs hver um sig 65 kr. eða sæta til vara 18 daga einföldu fangelsi. Svo skyldu hinir stefndu og greiða einn fyrir alla

og allir fyrir einn allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það hefði eigi verið gjafsóknarmál af hálfu áfrýjandans.

Þessum dómi til áfrýjunar tóku hinir stefndu út áfrýjunarstefnu við yfirdóminn næstliðið haust, en eptir þeirri stefnu átti málið eigi að koma í rjett fyr en í októbermán. þ. á., og með því að áfrýjanda þótti þetta gjört til að draga málið um skör fram, áfrýjaði hann málinu einnig af sinni hálfu til staðfestingar með stefnu, dags. 2. jan. þ. á., og krefst hann þess nú samkvæmt þessari stefnu hjer fyrir rjettinum, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndu dæmdir til að greiða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað eptir mati rjettarins.

Hinir stefndu, sem eigi hafa mætt eða látið mæta af sinni hendi í yfirdóminum, þótt áfrýjunarstefnan beri með sjer að þeim sje löglega stefnt, hafa eigi gagnáfrýjað málinu, og ber því að taka kröfu áfrýjandans um staðfesting dómsins til greina. Hinir stefndu virðast og eiga að greiða áfrýjandanum áfrýjunarkostnaðinn in solidum með 30 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinir stefndu Jóakim Jóakimsson, Guðmundur Guðmundsson og Albert Jónsson greiði allir sem einn og einn sem allir áfrýjandanum, Lárusi sýslumanni Bjarnason, í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. ágústmánaðar.

Nr. 12/1896. Árni Eyþórsson og Þórður Guðmundsson gegn Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af bændunum Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni gegn verzlunarmanni Árna Eyþórssyni og útvegsbónda Þórði Guðmundssyni út af vanskilum á andvirði skips og segla, er hinir fyrnefndu höfðu selt hinum síðarnefndu með kaupsamningi 31. desbr. 1894. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febr. þ. á. með þeim úrslitum, að Árni Eyþórsson, og Þórður Guðmundsson voru skyldaðir til að greiða Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni gegn afhendingu 4 tiltekinna segla 440 kr. 64 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa þeir Árni Eyþórsson og Þórður Guðmundsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu 4. marz þ. á. og krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kærum og kröfum hinna stefndu, og að hinir

stefndu verði dæmdir til að greiða 100 kr. í málskostnað fyrir báðum rjettum. Hins vegar hafa hinir stefndu krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða þeim allan málskostnað að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Eins og málið liggur fyrir landsyfirrjettinum, er að eins að ræða um, hvort áfrýjendurnir sjeu skyldir til að greiða andvirði 4 segla, er þeir með skilyrðum höfðu lofað að kaupa af hinum stefndu eptir viðaukasamningi 31. des. 1894.

Málsatvik eru þessi: Með kaupsamningi 31. des. 1894 keyptu áfrýjendurnir laskað skip, nefnt Sleipnir, af hinum stefndu, og með viðaukasamningi dags. s. d. skuldbundu þeir sig til að kaupa 4 segl, er hinir stefndu höfðu pantað til nefnds skips frá Noregi, með þeim skilyrðum, að seglin væru forsvaranlega gjörð, hæfileg á skipið, og með því verði, sem hjer er vanalegt fyrir þesskonar segl. Seglin komu frá Noregi seint í janúarmánuði 1895; tóku áfrýjendurnir við þeim og höfðu þau í vörzlum sínum um tíma; en 15. febr. næst eptir neituðu áfrýjendurnir að kaupa seglin og tók umboðsmaður hins norska seglsala þau þá til sín, án þess að hinum stefndu væri kunnugt um það, og auglýsti þau til kaups, fyrir þá sök að hann áleit að seglin væru í sinni ábyrgð og undir sinni ráðstöfun úr því að áfrýjendurnir vildu ekki taka við þeim. Ástæður þær, sem áfrýjendurnir hafa borið fram til rjettlætingar undanfærslu sinni frá að kaupa seglin, eru, *að* seglin

hafi ekki verið forsvaranlega gjörð, *að* þeir hafi ekki átt kost á að máta þau á skipið, er hafi legið reiðalaust uppi í fjöru, og *að* verðið á þeim sje of hátt. Þar að auki telja þeir það atvik, að umboðsmaður hins norska seljanda hafi tekið seglin frá þeim, vera næga ástæðu fyrir þá til að líta svo á, að þeir fyrir þá sök væru lausir allra mála með seglakaupin. Hvað þetta síðastnefnda atriði snertir, þá getur yfirdómurinn ekki fallizt á að svo hafi verið, því seglin voru ekki tekin frá þeim fyr en eptir að þeir höfðu lýst því yfir, að þeir ætluðu ekki að kaupa þau, enda var það ekki gjört eptir fyrirmælum og ekki einu sinni með vitund hinna stefndu. Að því snertir útbúning, stærð og verð seglanna, sem voru 4, skal það tekið fram, sem nú segir:

Viðvíkjandi stærð og lögun seglanna hafa áfrýjendurnir eigi getað sýnt fram á það með rökum, að þau væru ekki hæfileg á Sleipni. Og með því að þeir, þótt seglin stæðu þeim til boða, ekki hafa borið þau við skipið eða mælt þau og borið saman við þau segl, sem fylgdu skipinu, en það hlaut þeim að vera innan handar, og hins vegar hefur verið tekin ábyrgð á, að seglin væru mátuleg á Sleipni, þá geta þeir ekki fyrir þá sök gengið frá kaupunum. Að því snertir útbúning og verð seglanna, þá hafa 2 menn, sem skyn bera á, og skoðað hafa seglin, lýst því yfir og seinna staðfest skýrslu sína fyrir rjetti, að ekkert hafi verið út á 2 hin stærri seglin að setja, en fundið lítils háttar að útbúningi minni seglanna; er það þó

jafnframt komið fram í málinu, að þau hafi verið útbúin eins og í Noregi tíðkast. Það verður því, þrátt fyrir þessa smágalla, ekki álitið, að þau hafi verið óforsvaranlega gjörð, svo að áfrýjendurnir fyrir þá sök hafi getað neitað að kaupa seglin. Þeir hinir sömu skoðunarmenn hafa og lýst því yfir, að seglin, eins og þau eru, sjeu fullkomlega þess virði, sem sett hefur verið upp á þau. Það er að vísu komið fram í málinu, að 2 dómkvaddir menn hafi skoðað seglin og komizt að nokkuð annari niðurstöðu, en sú skoðunargjörð, sem ekki hefur verið lögð fram í málinu og ekki staðfest fyrir rjetti, getur í engu tilliti hnekkt álitsgjörð hinna annara 2 manna, sem er staðfest fyrir rjetti, og, að því er virðist, einnig tekin gild af áfrýjendunum.

Kröfur áfrýjendanna verða því ekki teknar til greina og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eptir þessum úrslitum málsins ber áfrýjendunum að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Árni Eyþórsson og Þórður Guðmundsson greiði hinum stefndu Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 7/1896. Otto Wathne
gegn
Bjarna Siggeirssyni, Ármanni Bjarnasyni, Magnúsi Einarssyni, Stefáni Th. Jónssyni og Sigurd Johansen.

Dómur:

Með stefnu, útgefinni 30. jan. 1896, hefur áfrýjandinn, kaupmaður Otto Wathne, skotið til yfirdómsins til ómerkingar með eða án heimvísunar eða til algjörðrar breytingar dómi í meiðyrðamáli milli hans og hinna stefndu, bæjarfulltrúa á Seyðisfirði. Höfðu bæjarfulltrúarnir höfðað málið gegn áfrýjandanum fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu, og hafði hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, það til meðferðar fyrir tjeðum rjetti frá því 16. febrúarmán. f. á. þangað til hann eptir eigin úrskurði vjek úr dómarasæti í því 26. marzmán. s. á. Var síðan ekkert gjört í málinu fyr en 18. sept. f. á., þá er sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu tekur málið fyrir í aukarjetti Norður-Múlasýslu sem settur dómari samkvæmt amtsbrjefi 16. júlí f. á., sem þó var eigi framlagt í rjettinum. Lögðu þá báðir málspartar sökina í dóm, en eigi er þess getið í rjettarbókinni, að það hafi verið tekið upp til dómsáleggingar, áður rjetti var slitið. Frekara verður eigi sjeð að gjört hafi verið við mál þetta fyrir rjetti, en eptir dómsgjörðunum hefur hinn 29. okt. 1895 verið innfærður í dómsmálabók Norður-Múlasýslu dómur sá, sem nú

er undir áfrýjun, án þess að rjettur hafi verið settur, og vottar hinn reglulegi dómari á dómsgjörðirnar, að dómurinn sje rjett innfærður eptir frumriti setudómarans. Samkvæmt þessu hefur dómur eigi verið lagður á málið í hjeraði, sbr. N. L. 1—5—13, og það enda alls eigi verið tekið þar undir dóm, og verður því ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum. Eptir þessum úrslitum þykir rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. ágústmánaðar.

Nr. 27/1896. Rjettvísin gegn Halldóri Jónssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 14. febr. 1896, var hinn ákærði Halldór Jónsson frá Neðra-Asi dæmdur samkvæmt 250. gr. og 240. gr. sbr. 56. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 og með tilvitnun til 63. gr. sömu laga til að sæta 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað málsins, þar á meðal varnarlaun í hjeraði 8 krónur. Dómi þessum hefur

verið skotið til yfirdómsins bæði fyrir hönd hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Hinum ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru, dómi nje refsingu fyrir nokkurn glæp, er gefið það að sök, að hann hafi heimildarlaust afmarkað undir sitt mark nokkrar kindur, sem fundizt hafa soramarkaðar í hans vörzlum eða undir hans hendi, en sem hann sumpart kannaðist við, að ekki væru sín eign, og sumpart eigi hefur getað gjört grein fyrir, hvernig komið hafi í eigu hans. Í þessu efni hefur hinn ákærði kannazt við það, að hann hafi í haust er leið rekið fjeð frá Neðra-Ási úr fyrstu Kolbeinsdalsrjett, og er hann var kominn með það heim að Neðra-Ási, hafi hann rekið það þar inn í fjárrjett, og hafi hann þá markað undir sitt mark veturgamlan sauð, sem var eign prófasts Zophoníasar Haldórssonar; segir ákærði að þetta hafi orðið af ógáti, og hafi hann ætlað að marka undir sitt mark annan sauð, sem hann hafði keypt haustið áður og sem hann átti von á í fjárhóp þessum; þegar er ákærði var búinn að marka sauð prófastsins, þykist hann hafa tekið eptir misgripunum, enda fann hann að vörmu spori í rjettinni sinn eigin sauð, sem hann ætlaði að marka. Hann sleppti síðan hinum soramarkaða sauð út úr rjettinni ásamt hinu fjenu, og virðist ákærði síðan ekkert hafa skipt sjer af honum, en manni einum, Tryggva Ólafssyni í Langhúsum, sem spurði hann þar að lútandi, sagði hann þó, að sauðurinn væri sín eign; nokkru síðar frjetti ákærði, að sauður

þessi hefði komið fyrir niðri í sveit og þekkzt þar, og fór hann þá til eigandans, Zophoníasar prófasts, og skýrði honum frá sauðnum, en neitaði því þá, að hann hefði afmarkað hann sjálfur, en nokkru síðar kannaðist hann þó við það fyrir prófasti; var þá sjera Zophonías búinn að fá sauðinn til sín aptur. Það er ekki upplýst annað í málinu en að sauður þessi hafi rekizt með Neðra-Ássfjenu úr rjettunum heim að Neðra-Ási, án þess það hafi verið tilgangur ákærða þá þegar að ná til sín sauðnum. En þar sem ákærði hefur viljað halda því fram, að hann hafi afmarkað sauðinn í ógáti, þá eru engin atvik fram komin í málinu, er styðji þá sögusögn hans, en aðferð hans öll — *að* hann er aleinn að afmörkuninni og minnist ekki á hana við nokkurn mann, *að* hann eignar sjer sauðinn við Tryggva Ólafsson, og *að* hann afsalar sjer sauðnum fyrst er búið var að þekkja hann sem eign prófasts, — bendir aptur á móti til hins, að það hafi verið ætlun hans með afmörkuninni, að kasta eign sinni á sauðinn.

Sama haustið 1895 komu fyrir í Hofstaða- og Hofdalaeyjum 5 lömb og 1 veturgömul kind, er nýlega höfðu verið soramarkaðar undir mark ákærða; það þótti nokkuð vafasamt, að ákærði væri eigandi að kindum þessum, en er hann var spurður um það, lýsti hann þær allar sína eign, nema veturgömlu kindina, sem þó einnig var mörkuð undir hans mark. Þegar til yfirheyrzlu kom þessu viðvíkjandi, þóttist kærði hafa keypt lömb þessi í Kolbeinsdalsrjett 21. sept. f. á., sumpart á upp-

boði, sumpart af einstökum mönnum þar, án þess hann þó gæti tilgreint af hverjum; þóttist hann eigi muna það. Það er nú og upplýst, að hann keypti á uppboði í rjettinni 3 lömb og auk þess 2 lömb af Jóhannesi nokkrum Sigurðssyni; lömbin tjáist hann hafa markað í Hofdölum daginn eptir rjettardaginn, eptir að hann hafði rekið þau þangað úr rjettinni og síðan sleppt þeim með öðru fje, og kemur þetta að nokkru leyti heim við skýrslu Guðmundar bónda Pjeturssonar í Hofdölum. Seinna sama dag í rjettinum 17. okt., og einkum daginn eptir, breytti ákærði skýrslu sinni á þá leið, að hann lýsti því nú yfir, að hann vissi og sæi, að ekkert af greindum 5 lömbum, er hann markaði í Hofdölum, væri sín eign; en ekki gjörði hann frekar grein fyrir, hvernig hann hefði komizt yfir þau eða hverjir ættu þau. Þessum framburði sínum breytti ákærði enn í næsta rjettarhaldi mánuði síðar, 18. nóv., á þá leið, að hann hafi fengið lömbin á Hofstöðum daginn eptir Kolbeinsdalsrjett hjá Einari nokkrum Guðmundssyni fyrir að þegja yfir því, að Einar og sonur hans hefðu veturinn fyrir stolið frá honum peningum o. fl. úr læstu kofforti, og sumpart sem endurgjald fyrir stuldinn. Kvaðst hann í fyrstu hafa haldið að lömbin væru Einari frjáls, en eptir rjettarhöldin 17. og 18. okt. (sem áður er minnzt á) hafi Einar hitt sig og sagt sjer að hann gæti eigi helgað sjer lömbin. Þessari sögusögn ákærða hefur Einar Guðmundsson fastlega neitað, enda ekkert komið fram í málinu henni til stuðnings. Við skoðun markfróðra manna

á hinum umgetnu 5 lömbum (markleifum á þeim, fjárbragði) hafa menn þótzt geta sjeð, hverjir muni hafa verið eigendur lambanna, og hafa lömbin verið afhent mönnum þessum. Um áðurnefnda veturgamla kind, er fannst blóðmörkuð undir mark ákærða ásamt lömbunum, hefur ekkert frekara upplýzt með tilliti til þess, hve nær eða af hverjum hún hafi verið soramörkuð, en ákærði hefur neitað að hafa markað hana undir mark sitt og hefur eigi kallað hana sína eign, enda gjörði annar maður tilkall til hennar sem rjettmætrar eignar sinnar. Þó að nú samkvæmt ofansögðu eigi verði álitin framkomin bein sönnun fyrir því, að ákærði hafi stolið áðurgreindum 5 lömbum, er hann soramarkaði undir sitt mark í Hofdölum, þá fyrir liggur þó í málinu viðurkenning hans um, *að* hann hafi breytt marki á lömbunum til að helga sjer þau, og *að* lömbin sjeu annara eign, án þess hann viti hverra, og þar sem ákærði enn fremur eigi hefur getað fært til neinar líkur, er heimili eða rjettlæti afmörkunina af hans hendi, en hinar ósönnu og hvikulu skýrslur hans fyrir rjettinum um þetta atriði einmitt benda til sektar hans í þessu efni, þá þykir mega álíta framkomna næga sönnun gegn honum til þess að hann verði dæmdur fyrir afmörkunina samkvæmt 240. gr. hegningarlanna, sbr. tilsk. 8. sept. 1841, 6. gr.

Auk þessara soramörkuðu lamba, sem Halldór markaði sjer á Hofdölum, voru síðastliðið haust 6 lömb á Bjarnastöðum talin eign ákærða og soramörkuð undir mark hans, og þykist hann hafa

keypt þau í Kolbeinsdalsrjett bæði á uppboði og utan uppboðs, án þess að hann þó hafi getað tilgreint seljendur, enda þykist hann þá hafa verið talsvert drukkinn, og loksins voru í Neðra-Ási 2 lömb, er höfðu verið soramörkuð undir mark ákærða og hann kveðst hafa keypt í sömu rjett; ákærði hefur skýrt frá að hann hafi farið með nokkra peninga til rjettarinnar 21. sept. f. á. til að kaupa þar kindur fyrir, og hafi hann gjört það og borgað kindurnar, því að peningunum hafi hann verið búinn að eyða, er heim kom, en hann hafi verið drukkinn og muni því óglögglega, hve margar kindur hann hafi keypt í rjettinni og alls ekki af hverjum hann hafi keypt þær; kindurnar hafi hann svo markað undir sitt mark, sumpart í rjettinni og sumpart í Neðra-Ási. Þó að framburður ákærða um kindaeign þessa og uppmörkun á þeim sje mjög ófullnægjandi og tortryggilegur, verður hann þó ekki dæmdur fyrir að hafa kastað eign sinni ólöglega á þessar kindur, með því að það er sannað, að hann hafi keypt nokkrar kindur í Kolbeinsdalsrjett, og ekki er ómögulegt, að hann hafi keypt þar fleiri kindur en sannað er, og það á hinn bóginn eigi hefur orðið sannað, að ákærði hafi fengið kindurnar í sínar vörzlur á annan hátt, en hann hefur frá skýrt, því síður að hann hafi í þjófsskyni kastað eign sinni á þær, og geta framlagðar yfirlýsingar frá flestum þeim mönnum, er voru í Kolbeinsdalsrjett 21. sept. f. á., þá er ákærði þykist hafa keypt kindurnar þar, um að þeir hafi ekki selt honum kindur, eigi verið nægi-

legar til þess að fella hann. Þá verður ákærði eigi heldur dæmdur fyrir að hafa kastað ólöglega eign sinni á gimbur, er hittist soramörkuð undir mark hans á Syðri-Brekkum, þar sem hann hefur neitað því, að hann hafi eignazt hana að ótrjálsu, og á hinn bóginn það er ekki nægilega sannað, að hún sje eign annars manns. En um allar kindur þær, sem skýrt er frá hjer að framan, ber að geta þess, að eignarheimildir annara að þeim hafa eigi sannazt til hlítar, nema að því er snertir sauð Zóphoníasar prófasts Halldórssonar. Þar sem hinum ákærða loksins hefur verið borið það á brýn, að hann hafi fengið annan mann til að gefa rangt skriflegt vottorð um sauðakaup ákærða, þá hefur hinum ákærða í sök þessari eigi verið stefnt fyrir aðra glæpi en kindaþjófnað og samskonar afbrot, og kemur því þetta síðastnefnda atferli hans eigi undir dóm í þessu máli.

Samkvæmt hinu framanritaða ber að dæma hinn ákærða eptir 240. og 250. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að greiða allan sakarkostnaðinn bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði, er þykja eptir atvikum hæfilega ákveðin 8 krónur, og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Hjeraðsdómarinn hefur eigi tekið upp í dóm sinn hið fyrirskipaða vottorð um málsmeðferðina og málsvörnina í hjeraði, sbr. tilsk. 3. júní 1796 § 35, en að öðru

leyti hefur málsmeðferðin þar verið vítalaus, og það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Halldór Jónsson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað máls þessa bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun við undirrjettinn til hins skipaða verjanda, Hallgríms prests Thorlacius, 8 krónur, og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1896: Rjettvísin gegn Jóhanni Pálssyni.

Dómur:

Hinn ákærði Jóhann bóndi Pálsson á Goðdal í Strandasýslu er í máli þessu sakaður fyrir það, að hann hafi haft holdlegt samræði við og getið barn með dóttur sinni Jónínu Guðmundínu, sem er heyrnar- og málleysingi, rúmlega tvítug að aldri, og var hann með aukarjettardómi Strandasýslu, uppkveðnum 9. nóvbr. f. á., dæmdur til að sæta 6

ára betrunarhúsvinnu fyrir brot þetta, og til að greiða allan löglegan kostnað málsins, en dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Vesturamtinu skotið til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið, að hann hafi fleirsinnis haft holdlegt samræði við dóttur sína Jónínu Guðmundínu árin 1894 og 1895 og einu sinni enn áður, og að hann hafi haft holdlegar samfarir við hana á þeim tíma, að hann geti verið faðir barns þess, sem Jónína ól 25. júlí f. á. Á hinn bóginn er eptir skýrslum málsins eigi ástæða til að ætla, að nokkur annar karlmaður hafi haft holdlegt samræði við Jónínu, en eptir vitnaframburðunum virðist hún hafa sótt eptir samvistum við föður sinn í einrúmi, og ekkert atvik bendir í þá átt, að hann hafi beitt nokkurri þvingun við hana eða sjerlegri tælingu til að komast yfir hana, en að vísu virðist málið hafa verið fremur slælega rannsakað að því þetta atriði snertir. Eptir vitnisburði heimilisfólksins svaf hún fleirsinnis í sæng með föður sínum, þegar gestir voru næturgakir í Goðdal, því að þá var það venja, að hann gekk úr rúmi sínu fyrir þeim, og þetta kom einmitt fyrir um rjettaleytið 1894.

Jónína Guðmundína, dóttir ákærða, er eptir skýrslum hlutaðeigandi prests og læknis algjörlega heyrnarlaus og málaus, og hefur engrar uppfræðslu notið; auk þess hefur hún þau líkamslýti, að hún haltrar; að öðru leyti kemur hún fyrir sjónir eins

og fólk flest í betra lagi, vinnur vanalega innanbæjarvinnu, og virðist hafa sæmilega skynsemi og greind. Þeir, sem eru henni kunnugir, geta gjört sig skiljanlega fyrir henni með bendingum. Hún hefur ekki verið sett undir ákæru í þessu máli.

Afbrot hins ákærða Jóhanns Pálssonar, sem er sextugur að aldri og eigi hefur áður verið sakaður eða dæmdur fyrir nokkurn glæp, heyrir undir 162. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir refsing sú, sem ákveðin er í aukarjettardóminum, 6 ára betrunarhúsvinna, hæfileg fyrir ákærða. Með því að einnig verður að fallast á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, ber að staðfesta dóm þennan eins og hann er. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, og þar með málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Jafnframt og það athugast, að fremur langur tími hefur liðið frá því að málið var dæmt í hjeraði og þangað til það kom til yfirdómsins, vottast, að rekstur þess í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögleg.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Jóhann Pálsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og

yfirrjettarmálsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. ágústmánaðar.

Nr. 2/1896: Rjettvísin
gegn
Ingvari Sveinssyni og
Guðrúnu Jónsdóttur.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað gegn hinum ákærðu hjónum búandi í Koti á Rangárvöllum fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði, og gekk dómur í því fyrir aukarjetti Rangárvallasýslu 6. ágúst f. á. þannig, að ákærði Ingvar Sveinsson var samkvæmt 250., 230., 236. og 231. gr. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga dæmdur til að sæta 12 mánaða betrunarhússvinnu, og ákærða Guðrún Jónsdóttir samkvæmt 231. sbr. 55. og 56. gr. sömu laga sbr. einnig 58. og 63. gr. laganna dæmd í 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Svo voru hin ákærðu og dæmd til að greiða in solidum allan sakarkostnað og í iðgjöld til Guðna Kr. Guðnasonar 12 kr., Sigurðar Ólafssonar 70 a., Hjartar Oddssonar 70 a., Ólafs Jónssonar 50 a. og Jóns Böðvarssonar 6 kr. 50 a. Dómi þessum er skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum

skýrslum í málinu er það sannað, að þau hafa gjörzt sek í eptirnefndum afbrotum:

Um fráfærur 1894 tók ákærði Ingvar gemling, er Jón bóndi Böðvarsson í Dagverðarnesi átti og sem var kominn í túnið á Koti, þar sem ákærðu bjuggu, og rak hann inn í hesthús á bænum; sagði hann síðan konu sinni, ákærðu Guðrúnu Jónsdóttur, að gemlingurinn væri í hesthúsinu, og kom þeim þá saman um að stela kindinni og slátruðu henni í eldhúsinu, og hjelt konan fótunum. Eigandi gemlingsins hefur krafizt 6 kr. 50 a. í skaðabætur og hafa ákærðu samþykkt þá upphæð.

Haustið 1894, þegar komið var með Heklu-hraunssafnið að Koti, dró ákærði Ingvar úr safninu ásamt sínu eigin fje tvævetran sauð hnýflóttan með erfðamarki sínu, en sem hann vissi glögglega að hann átti ekki, og hjelt sauðnum eptir með sínu fje, er farið var burtu með safnið. Ljet ákærði konu sína vita, er leitarmenn voru farnir, að sauður væri í fje sínu, er hann ætti ekki, en væri með marki föður hans, og urðu þau þá sammála um að kasta eign sinni á sauðinn, og var honum þegar í stað slátrað. Eigandi sauðsins Guðni Kr. Guðnason hefur krafizt endurgjalds fyrir sauðinn, 12 kr., sem ákærðu hafa samþykkt.

Þá hefur ákærði vorið 1894 stolið allt að 1 pd. af ull (70 aura virði eptir því sem samþykkt er af ákærðu) af mórauðum gemling, er Hjörtur Oddsson í Kirkjubæ átti, en gemlinginn fann hann skammt frá bæ sínum og rak hann heim með fje

sínu. Kona ákærða hjálpaði honum til að rýja gemlinginn, og vissi hún þó að hann átti hann ekki. Um sama leyti tók ákærði Ingvar einnig hnefafylli af ull af sauð frá Keldum, sem hann rak heim í kvíar á Koti ásamt fleiru fje; meira var ekki á sauðnum af ull. Kona ákærða vissi ekkert um þennan þjófnað. Þá dró ákærði undir sig um sama leyti um 1 pd. ullar (70 aura virði), er hann tók af sauð, er Sigurður Ólafsson á Hellishólum átti og sem verið hafði í fóðrum hjá ákærða Ingvari um veturinn. Það er eigi sannað að kona ákærða hafi vitað að ákærði ætlaði að draga sjer ullina. Loks er sannað, að ákærði Ingvar tók veturinn 1894—95 tvívegis lítið eitt af við í annars manns landi, alls um $^2/_3$ úr bagga (50 aura virði), er hann hjó þar leyfislaust, og tók kona hans við viðnum og hagnýtti sjer, þótt hún vissi að hann væri ófrjáls.

Þar sem ákærðu eru í undirrjettardóminum enn fremur dæmd fyrir að hafa markað sjer og síðan selt ómerking, er þau vissu eigi hver átti, þá þykir eigi eptir framhaldsprófum þeim, er haldin hafa verið yfir hinum ákærðu að boði yfirdómsins, rjett að dæma ákærðu sek í stuldi á lambi þessu, því að þau virðast hafa haft ástæðu til að ætla að ómerkingurinn væri undan á, er þau áttu, og að hafa ímyndað sjer hálft í hvoru, að svo væri, þó þau væru eigi viss um það. Verður því eigi álitið að það hafi verið beint ætlun ákærðu að þau tækju annara eign, er ákærði markaði sjer lambið.

Hin ákærðu eru komin yfir lögaldur saka-

manna og hafa eigi áður sætt refsingu eða verið dæmd fyrir neitt lagabrot. Afbrot ákærða Ingvars Sveinssonar í þessu máli ber að heimfæra undir 230., 231., 236. og 255. grein almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna. Afbrot ákærðu, Guðrúnar Jónsdóttur, heyra undir 250. og 230. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna og 240. gr. sömu laga, og ákveðst hegningin með skírskotun til 63. gr. laganna 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um iðgjöld og málskostnað samþykkjast ákvæði undirrjettardómsins. Hinum ákærðu ber og að greiða in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins er það aðfinnsluvert, að í þrem rjettarhöldum í málinu, 6. ágúst f. á. og 12. marz þ. á., hafa kvennmenn verið rjettarvottar, en þetta er eigi lögum samkvæmt, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 36. og 24. gr. og N. L. 1—7, og að hjeraðsdómarinn hefur eigi tekið upp í dóminn hið fyrirskipaða vottorð um málsreksturinn í hjeraði samkvæmt tilsk. 3. júní 1796 35. gr. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður,

þó svo að hegning ákærða Ingvars Sveinssonar sje 10 mánaða betrunarhúsvinna og hegning ákærðu Guðrúnar Jónsdóttur 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinum ákærðu ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. októbermánaðar.

Nr. 8/1896: Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps
gegn
Eggert Laxdal f. h. Gudmanns Efterfölger's verzlunar.

Dómur:

Hinn stefndi verzlunarstjóri Eggert Laxdal á Akureyri, sem veitir forstöðu verzlun þeirri, er þar er rekin undir nafni »Gudmanns Efterfölgers«, hefur talið til skuldar hjá áfrýjandanum, hreppsnefnd Hrafnagilshrepps, að upphæð 235 kr. 56 a., fyrir ýmislegar vörur, sem hann hafði lánað frá verzluninni árin 1892—1894 Guðmundi nokkrum Olafssyni, þurfamanni Hrafnagilshrepps, og með því að hann þóttist hafa veitt Guðmundi verzlunarlán

þetta eptir beiðni oddvita Hrafnagilshrepps og gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar þar, en nefndin á hinn bóginn vildi eigi góðfúslega greiða skuldina, lögsótti hann hreppsnefndina, og var málið gegn henni leitt til lykta með dómi aukarjettar Eyjafjarðarsýslu, uppkveðnum 5. ágústm. f. á., er kveður svo á, að svo framarlega sem fyrverandi oddviti Hrafnagilshrepps, Sigtryggur Jónsson á Espihóli, eptir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að hann hafi fyrir hönd Hrafnagilshrepps haustið 1892 eða síðar gengið í ábyrgð fyrir skuld Guðmundar Olafssonar á Eyrarlandi gagnvart Eggert Laxdal sem verzlunarstjóra fyrir verzlun »Gudmanns Efterfölgers« á Akureyri, þá skuli hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi vera sýkn af kærum og kröfum Eggerts Laxdal, og málskostnaður falla niður; en treysti Sigtryggur Jónsson sjer eigi til að vinna slíkan eið, þá eigi hreppsnefndin að greiða Eggert Laxdal fyrir hönd verzlunar »Gudmanns Efterfölgers« 235 kr. 56 a., 5% vexti af upphæð þessari frá sáttakærudegi til borgunardags og 50 kr. í málskostnað. Eptir kröfu dómhafa Eggerts Laxdal gjörði fógetinn í Eyjafjarðarsýslu síðan hinn 9. nóvember. f. á. fjárnám hjá hreppsnefndinni fyrir upphæð þeirri, er dómurinn hljóðar um, með málskostnaði og fjárnámskostnaði, því að Sigtryggur Jónsson hafði þá eigi unnið synjunareiðinn, en síðan hefur hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi áfrýjað bæði aukarjettardóminum og fjárnámsgjörðinni til yfirrjettarins, með stefnu, dags. 30. jan. þ. á.; hef-

ur hún fengið gjafsókn til þess og skipaðan málflutningsmann, og hefur hún krafizt þess, *aðallega*, að dómurinn og fjárnámsgjörðin verði úr gildi felld þannig, að hreppsnefndin verði algjörlega sýknuð fyrir kröfum stefnda, en að hann verði dæmdur til að bæta að fullu fjártjón og skaða þann, sem nefndin hefur beðið af fjárnámsgjörðinni, svo og til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum, og *til vara*, að hreppsnefndin verði að eins dæmd til að borga skuld Guðmundar Ólafssonar frá árinu 1892, að upphæð 29 kr. 23 a., og stefndi skyldaður til að greiða málskostnað. Af sinni hálfu hefur stefndi verzlunarstjóri Eggert Laxdal látið krefjast þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða kostnað málsins með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Í máli þessu er enginn ágreiningur um það, að Guðmundur Olafsson hafi í raun og veru verið þurfalingur Hrafnagilshrepps, nje heldur um það, að hann hafi fengið til láns í verzlun stefnda til framfæris sjer og fjölskyldu sinni vörur þær, sem hann er skuldaður fyrir, en hreppsnefndin hefur í vörn sinni neitað því, að oddviti sá, er þá var, hafi fyrir hreppsins hönd tekið ábyrgð á greiðslu skuldarinnar, að hreppsnefndin sjálf hafi nokkru sinni veitt honum umboð til að gefa slíka ábyrgð, eða síðar samþykkt ábyrgðina, eða sjálf nokkru sinni tekið ábyrgð á skuldinni, og loks hefur hún haldið því fram, að svo felld ábyrgðartaka hreppsnefndar sje eigi lögmæt án samþykkis sýslunefnd-

ar, en það hafi eigi verið fengið. Þessi síðasta mótbára er þó eigi á rökum byggð, því að það var lagaleg skylda Hrafnagilshrepps að framfæra þurfaling sinn Guðmund Ólafsson, og hjer var fyrir því eigi að ræða um það að leggja skuldbinding á hreppinn, sem eigi hvíldi á honum að lögum, sbr. tilsk. 4. maí 1872, 26. gr., 2. tölul. Að því er aðra varnarástæðu hreppsnefndarinnar snertir, þá voru atvik hjer svo vaxin, að umræddur þurfalingur fjekk áður allar þarfir sínar út í reikning hreppsins við verzlun stefnda ávísunarlaust frá hreppsnefndarinnar hálfu og án annars eptirlits með úttektinni en þess, er var í því fólgið, að stefndi var beðinn að halda í við hann með úttektina eptir því sem honum sýndist fært, og breytingin sem á að hafa átt sjer stað í þessu efni eptir samkomulagi milli stefnda og oddvitans, var að eins í því fólgin, að úttekt þurfalingsins skyldi eptirleiðis haldið aðskildri frá reikningi hreppsins og færast þurfalingnum sjálfum til skuldar í sjerstökum reikningi undir hans eigin nafni, þannig að hreppurinn, í stað þess að vera beinn skuldunautur að úttektinni, eins og áður var, skyldi eptirleiðis einungis ábyrgjast greiðslu á því, er þurfalingnum væri um megn að greiða af skuldinni, en þessi breyting var gjörð, eptir sögn stefnda, til þess að þurfalingurinn hefði fremur hvöt til að borga sjálfur úttekt sína — og verður eigi álitið að oddvitinn hefði farið út yfir vald sitt sem framkvæmdarstjóri hreppsins, sjerstaklega í fátækramálum, þótt hann hefði gjört slíka ráðstöfun. Það

verður því eigi lögð áherzla á það, er meta skal gildi slíkrar ráðstöfunar gagnvart stefnda, þótt eigi sje sannað af hans hálfu, að hreppsnefndin öllleða meiri hluti hennar hafi beinlínis ályktað að takast ábyrgðina á hendur eða þótt ábyrgðarinnar sje eigi getið í hreppsbókunum. Úrslit málsins verða því undir því komin, hvort það er sannað í málinu, að þáverandi oddviti Hrafnagilshrepps Sigtryggur Jónsson hafi fyrir hreppsins hönd tekið ábyrgð á skuld þurfalingsins Guðmundar Ólafssonar hjá hinum stefnda eða við verzlun þá, er hann veitir forstöðu. Í þessu tilliti hefur 1 af hreppsnefndarmönnum Hrafnagilshrepps (áfrýjendunum) vottað, að hann hafi verið tilkallaður af stefnda sem hreppsnefndarmaður til að vera viðstaddur, er oddviti bað hann að láta Guðmund Ólafsson fá úttekt hjá verzluninni framvegis móti ábyrgð hreppsins, og að hann hafi einnig síðar verið við samtal þeirra hjer að lútandi. Þá hafa einnig 3 vitni borið, að þau hafi verið heyrnarvottar að því, að oddvitinn hafi beðið stefnda að láta nefndan þurfaling fá út það, er hann þyrfti með, og falið honum jafnframt að hafa umsjón með því, að þurfalingurinn notaði úttektina gætilega, og 2 af vitnunum heyrðu beinlínis, og annað þeirra fleirsinnis, að oddvitinn lofaði stefnda að ábyrgjast borgun skuldar þeirrar, er þurfalingurinn kæmist í við verzlunina. Þessum vitnisburðum hefur hreppsnefndin reyndar viljað hrinda sökum þess, að eitt vitnið er við verzlun stefnda (bókhaldari þar), annað þurfalingur sá, er skuldina stofnaði, er mál-

ið er risið út af, og hið þriðja vitnið venzlamaður stefnda, án þess nákvæmar sje til tekið á hvern hátt. En þó að nokkuð megi finna að fullgildi sumra vitnisburðanna, þá verður þó að álíta, að með þeim sjeu að minnsta kosti framkomnar þær líkur fyrir því, að fyrverandi oddviti hafi tekið ábyrgð á umræddri skuld fyrir hreppsins hönd, að rjett er, eins og undirdómarinn hefur gjört, að láta málið koma undir eið nefnds fyrverandi oddvita hreppsins, Sigtryggs Jónssonar, og þar sem yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðar-ákvæði undirrjettardómsins, ber því að staðfesta dóm þennan, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað, að öllu leyti, ásamt eptirfarandi fjárnámsgjörð. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, ef hinn fyrirlagði synjunareiður verður unninn, en að öðrum kosti greiði hreppsnefndin stefnda hann með 25 krónum. Eptir úrslitum málsins verður hinum skipaða málfærslumanni hreppsnefndarinnar eigi dæmt málsflutningskaup, enda hefir hann eigi gjört kröfu til þess, en það vottast að málsfærslan af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og fógetagjörð á óraskað að vera. Ef hinn fyrirlagði synjunareiður verður unninn, á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður, en að öðrum kosti ber hreppsnefndinni að greiða stefnda hann með 25 krónum. Dóminum að fullnægja inn-

an 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. októbermánaðar.

Nr. 25/1896. Jón Ívarsson
gegn
Einari Zoëga.

Dómur:

Mál þetta, sem er risið út af vangoldnu hjúakaupi og vistarrofum af Jóni Ívarssyni gegn Einari Zoëga fyrverandi húsbónda hans, var dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur 23. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að Einar Zoëga var sýknaður af kröfum Jóns Ívarssonar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Jón Ívarsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu 21. maímán. þ. á.; hefur hann fengið gjafsókn og sjer talsmann skipaðan. Fyrir landsyfirrjettinum hefur hann krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer kaupeptirstöðvar fyrir vistarárið 1892—93 með 30 krónum, kaupeptirstöðvar fyrir árið 1894—95 með 40 kr. 55 a. og kaup fyrir vistarárið 1895—96 með 100 kr.; svo hefur hann og krafizt endurgjalds fyrir fatnað árin 1894—95 og 1895—96 60 kr. og matarverðs fyrir 8 mánuði af síðastnefndu ári, eins og líka að stefndi verði skyldaður til að greiða allan málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt

að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins.

Áfrýjandi hefur verið vistráðið hjú stefnda vistarárin 1891—92, 1892—93, 1893—94, 1894—95 og málspörtum kemur saman um að svo hafi einnig verið vistarárið 1895—96. Áfrýjandi segir, að stefndi hafi síðastnefnt vistarár í júlímánuði látið sig fara í kaupavinnu, en er hann hafi komið aptur úr kaupavinnunni í septbr. f. á., hafi hann hvorki sjeð sjer fyrir húsnæði nje fæði, og hafi hann því hlotið að líta svo á, að stefndi hafi rofið vistarráðin. Hins vegar heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi farið burtu úr vistinni að sjer fornspurðum og óafvitandi snemma í júlí 1895 og ekkert um það talað við sig, þótt hann nokkrum sinnum hafi mætt honum á strætum bæjarins, og því hafi hann álitið hann strokinn úr vistinni; hann neitar því að hann hafi lofað áfrýjanda neinu öðru í kaupskyni en 100 kr. á ári og alls ekki neinum fatnaði, og kveðst hafa ekki að eins greitt honum hvern eyri af kaupi hans, heldur miklu fremur eigi hann hjá áfrýjanda allmikið fje, og hefur hann lagt fram reikning, sem á að sanna það. Áfrýjandi hefur ekki gegn neitun stefnda fært nein rök að því, að stefndi hafi gefið honum nokkurt tilefni til að fara úr vistinni; verður því ekki áfrýjanda dæmt neitt kaup nje matarverð fyrir vistarárið 1895—96, og heldur ekki verður krafa hans um endurgjald fyrir fatnað tekin til greina, því hann hefur ekki gegn mótmælum

stefnda sannað, að hann, auk kaups, 100 kr., hafi átt að fá 1 fatnað á ári hverju.

Þá eru að eins 70 kr. 55 a. eptir af kröfu áfrýjanda, sem sje eptirstöðvar af kaupi hans 1892—93 og 1894—95, 30 kr. fyrir fyrra árið og 40 kr. 55 a. fyrir síðara árið, og hefur hann miðað þessa síðasttöldu upphæð við reikning þann, sem áður er áminnzt að stefndi lagði fram í málinu og stílaður er til áfrýjanda. Áfrýjandi kannast við úttekt sína eptir þessum reikningi að því er snertir kr. 60,11 en neitar því að hann sje rjettilega skuldaður fyrir 95 a. fyrir 1/2 pd. af munntóbaki og 180 kr. fyrir tóbaki og brennivíni, er stefndi segir að áfrýjandi hafi fengið hjá sjer síðustu 4 1/2 árin, sem hann var hjá honum. Áminnst 1/2 pd. af tóbaki segist áfrýjandi alls ekki hafa fengið, og er sú neitun hans ekki hrakin, og að því er 180 kr. skuldina snertir hefur hann að vísu kannazt við það, að hann stundum hafi fengið brennivín í kaffi og tóbak hjá áfrýjanda, en hann hafi eigi ætlazt til eða búizt við því, að sjer væri fært það til reiknings. Það verður nú eigi heldur álitið, að húsbóndi geti fært vinnuhjúi sínu til reiknings brennivín það, sem hann lætur það fá í kaffi eða með mat, nema sjerstaklega sje samið á þá leið. Í þessu máli hafa að vísu vitni borið það, að áfrýjandi hafi optsinnis, er hann þannig fjekk brennivín hjá stefnda, sagt við hann, að hann skyldi skrifa það í reikning sinn, en það verður eigi frekara lagt í þetta en að áfrýjandi hafi lofað að borga brennivínið eptir rjettum reikn-

ingi. En nú hefur stefndi eigi lagt fram slíkan reikning, og það virðist mega ráða það af því, sem fram er komið í málinu af hans hálfu, að hann hafi alls eigi haldið neinn reikning yfir brennivíns-úttektina þessi $4^1/_2$ ár, sem um er að ræða. Og á sama hátt er því varið með tóbaks-úttektina. Áfrýjandi virðist eigi skyldur að svara til hennar nema eptir sundurliðuðum reikningi yfir úttektina, þannig að tóbakið sje tilfært í honum, jafnótt og hann fjekk það. Þessi tóbaks- og brennivínskrafa hins stefnda, sem ekki byggist á neinum reikningi, verður því ekki tekin til greina, og með því að stefndi hefur eigi borið það fram, að hann hafi á annan hátt borgað áðurgreindar 40 kr. 55 a., verður að dæma hann til þess að greiða þær, og hið sama er og um 30 kr. kaupeptirstöðvarnar frá 1892—1893, sem stefndi einnig segir að áfrýjandi hafi fengið goldnar með tóbaki og brennivíni, enda virðist stefndi sjálfur hafa kannazt við þessar kaupeptirstöðvar eða að minnsta kosti skuld til áfrýjanda, sem nam hærri upphæð en þær eru, því að hinn 29. ágúst 1893 lofar hann skriflega að borga öðrum manni fyrir áfrýjanda 80 kr., en af þessari upphæð verður eigi sjeð að hann hafi borgað meira en 50 kr. Samkvæmt hinu framanritaða þykir rjett að dæma stefnda til að borga áfrýjanda 70 kr. 55 a. Eptir málavöxtum er og rjett að sakarkostnaður fyrir báðum rjettum falli niður, en málflutningslaun hins skipaða sækjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 15 kr., greiðist úr landsjóði.

Jafnframt vottast, að málssóknin við yfirdóminn hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Einar Zoëga greiði áfrýjanda Jóni Ívarssyni 70 kr. 55 a. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður. Málflutningslaun hins skipaða sækjanda við yfirdóminn, málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 15 kr., greiðist úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 11/1896. Eigandi Hjarðarholtskirkju, Jón Tómasson, gegn upprekstrarfjelagi Hvítársíðu-, Þverárhlíðar- og Stafholtstungnahreppa og Norðurárdalshrepps austan Norðurár og Sanddalsár.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað af hinu stefnda upprekstrarfjelagi gegn áfrýjandanum sem umráðamanni og síðan eiganda Hjarðarholts í Stafholtstungum eða kirkjunnar þar, er í því skyni fjekk gjafvörn fyrir undirrjettinum, út af ágreiningi um eignarrjettinn að landshluta nokkrum í svonefndum Hellistungum, sem takmarkast af Norðurá,

Hellisá, Gíslalæk, vatnahalla og Lambagili. Töldu báðir málspartar sig eigendur að nefndu landsstykki, en þó með þeim mismun, að upprekstrarfjelagið viðurkenndi að Hjarðarholtsbóndinn ætti rjett til selfarar í landinu kringum svo kallað Hjarðarholtssel. Málið var dæmt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júlí f. á. þannig, að hið umþrætta land skyldi tilheyra upprekstrarfjelaginu, en jörðinni Hjarðarholti bera rjettur til selstöðu í landinu. Dagpeningar dómsmanna, 150 kr., skyldu að helmingi greiðast af almannafje, en helming skyldi upprekstrarfjelagið greiða. Að öðru leyti var málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur af áfrýjandanum verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. febr. þ. á., að fenginni gjafsókn og skipuðum málsfærslumanni, og hefur þess verið krafizt af hans hálfu, að dómurinn verði ómerkur dæmdur og upprekstrarfjelagið dæmt til að greiða allan málskostnað eptir rjettarins mati, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu upprekstrarfjelagsins hefur þess aptur á móti verið krafizt, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eptir rjettarins mati.

Áfrýjandi hefur viljað sanna eignarrjett sinn að þrætulandinu með tilvísun til nokkurra eptirrita af vísitatíum Hjarðarholtskirkju og tveggja lögfestna frá 1839 og 1880, og segir þar, að kirkjan í Hjarðarholti eigi land í Hellistungum með þeim ummerkjum, sem áfrýjandi hefur haldið fram, en þar sem skjöl þessi eru eigi annað en skrá-

setning þess, er umráðamenn eða eigendur kirkjunnar hafa einhliða viljað telja eign hennar, verða þau eigi álitin innihalda lögmæta sönnun fyrir eignarrjetti kirkjunnar að hinu umrædda landi. Af upprekstrarfjelagsins hálfu hefur aptur á móti verið skírskotað til jarðabókar Árna Magnússonar, og segir þar svo: »selstöðu á kirkjan (í Hjarðarholti) í Hellistungum fram frá Norðurárdal, þar sem heitir Hjarðarholtssel, hefur um langa tíð ekki brúkazt, því selstaðan er nú í almenningsupprekstri og þar með í fjarska«. Fleiri skjalleg skilríki eru eigi fram komin í málinu, en eins og þessi tilvitnun úr jarðabók Árna Magnússonar, sem að vísu eigi heldur er lögmæt sönnun að því þrætulandið snertir, bendir til þess, að rjettur Hjarðarholtskirkju til þrætulandsins hafi eigi á þeim tíma, er jarðabókin var samin, verið talinn viðtækari en stefndu vilja vera láta og notkun landins þaðan verið þó enn þá minni þá og um langa tíð áður, eins hefur það verið upplýst með vitnisburðum 4 manna fyrir merkjadóminum, að landið hafi nú um ómuna tíð verið notað af upprekstrarfjelaginu til upprekstrs, en frá kirkjunnar hálfu eða Hjarðarholtseigandans virðist aptur á móti engin notkun landsins, er teljandi sje, hafa átt sjer stað svo langt er skýrslur ná. Að svo vöxnu máli og með skírskotun til Jb. Llb. 26. kap. in f. verður það eigi talin lögleysa, að merkjadómurinn hefur dæmt landið eign upprekstrarfjelagsins að áskildum rjetti til selfarar í landið frá Hjarðarholti, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu

leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, og verða hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi og hins skipaða talsmanns kirkjunnar í hjeraði hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:
Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 31/1896. Jón Jónsson
gegn
B. H. Bjarnason.

Dómur:

Áfrýjandinn, kaupmaður Jón Jónsson í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni Brynjólfi H. Bjarnason samastaðar, út af verzlunarskuld, að upphæð 8 kr., og var málið dæmt í bæjarþingsrjettinum 9. júlím. þ. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur Jón kaupmaður Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. ágústm. þ. á., og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, og málinu heimvísað, þannig, að það verði sett í það ástand, sem það var í, þegar áfrýjandinn 4. júní þ. á. bað um vikufrest í því til að leiða vitni fram, og að honum verði

veittur hinn umbeðni vitnaleiðslufrestur, en til vara krefst áfrýjandi þess, að dóminum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirrjetti verði teknar til greina, og, hvernig sem fer, krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða nægilegan málskostnað eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur eigi mætt sjálfur nje látið mæta fyrir yfirdóminum við fyrirtekt málsins, þótt hann sje löglega stefndur, og verður því að dæma það eptir hinum framlögðu gögnum og skilríkjum samkvæmt N.L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 § 2.

Skuldamál þetta er risið út af verði fyrir karlmannsskó, sem áfrýjandi segir að stefndi hafi fengið að láni í verzlun sinni í nóvembermán. 1889 og hafi átt að kosta 8 kr., en þetta andvirði skónna hafi stefndi eigi enn borgað. Stefndi hefur fyrir undirrjettinum neitað því, að hann nokkru sinni hafi fengið neina skó hjá áfrýjanda, að skuldin hafi nokkru sinni til verið og að hann nokkru sinni hafi staðið í skuldaskiptum við áfrýjanda. Gegn þessari neitun stefnda framlagði áfrýjandi á bæjarþinginu 4. júní þ. á. skriflegt vottorð frá manni einum þess efnis, að þegar þessi maður eptir beiðni áfrýjanda hafi átt að innheimta verzlunarskuldir hans og hann samkvæmt því hafi krafið stefnda um áminnzta 8 kr. skóskuld, hafi stefndi fúslega kannazt við að hann hafi fengið skóna, en þótzt vera búinn að borga þá. Stefndi mótmælti þá þegar vottorði þessu algjörlega, og bað áfrýjandi þá um 8 daga frest til að leiða vottorðsgefandann sem vitni, en rjetturinn synjaði um

frestinn, með því að áfrýjandi hefði haft nægan tíma til að leiða áminnzt vitni, enda hafði þá áfrýjandi haft 14 daga frest til vitnaleiðslu, en eigi notað hann til annars en að útvega sjer nefnt utanrjettarvottorð; var málið síðan tekið upp til dóms, eins og það þá lá fyrir, og eptir það dæmt á þá leið, sem áður er frá skýrt.

Eptir því, hvernig stefnan til yfirdómsins í þessu máli er orðuð, kemur ekki til álita, hvort úrskurður sá, er neitaði áfrýjanda um frekari frest til vitnaleiðslu, er á rökum byggður, og verður því eigi tekin til greina aðalkrafa áfrýjanda um ómerking og heimvísun málsins. Og að því varakröfuna áhrærir, þá hefur áfrýjandinn eigi fært fram annað til sönnunar skuld þeirri, er hann telur til hjá stefnda, en utanrjettarvottorð það, er fyr er á minnzt, en gegn neitun stefnda á skuldinni verður eigi á vottorði þessu byggður skuldadómur. Um málskostnað fyrir yfirdómi verður eigi að ræða, þar sem stefndi hefur eigi mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 2. nóvembermánaðar

Nr. 34/1896. Rjettvísin
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 24. apríl þ. á., var Björn söðlasmiður Jónsson dæmdur fyrir þjófnað framinn í 1. sinn í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan sakarkostnað.

Þessum dómi hefir að ósk hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirrjettarins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða, Björns Jónssonar, að hann í fyrra haust tók frá skipbrotsmönnum af skipinu Axel, er þá var strandað í Ólafsvík, ófrjálsri hendi nýlega regnkápu, sem komin er til skila. Kápan lá ofarlega í fjörunni, er ákærði tók hana.

Þetta afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, hefur undirdómarinn með rjettu heimtært undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og með því landsyfirrjetturinn fellst á að hegning sú, sem undirdómarinn hefur gjört ákærða, sje hæfilega metin, svo og á ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnaðinn, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og talsmanns ákærða, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og flutningur málsins fyrir yfirrjetti lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Akærða, Birni Jónssyni, ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirrjetti, málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. nóvembermánaðar.

Nr. 32/1896: Rjettvísin
gegn
Ámunda Filippussyni.

Dómur:

I máli þessu, sem höfðað var í hjeraði gegn hinum ákærða, bónda á Bjólu, fyrir gripdeild, var ákærði með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, gengnum 22. júnímán. þ. á., dæmdur samkvæmt 239. gr. almennra hegningarlaga til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns síns í hjeraði. Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Það er viðurkennt af ákærða og styðst við aðrar skýrslur í málinu, að hann hafi nokkru eptir fardaga 1895 ásamt vinnumanni sínum tekið 10—12 steinhellur eða allt að 2 hestburðum af hellu úr hrúgu af upptekinni hellu við Fúladalsflóð í Ægissíðulandi, en annar maður átti þessar hellur og hafði látið taka þær upp og flytja þangað sem þær voru. Fluttu þeir ákærði hellur þessar heim að sauðahúsum ákærða; fann eigandinn þar hellurnar og helgaði sjer þær, en svo samdist þá með honum og ákærða, að ákærði fjekk að halda hellunum, en hjálpaði eigandanum í staðinn part úr degi við hellutöku og ljeði honum mann annan part úr degi í mógrafir. Það er vottað af prófdómaranum í prófunum, að ákærði hafi haft leyfi annars bóndans á Ægissíðu til að taka upp hellu þar í landinu, og í málinu er framlagt vottorð frá bóndanum á Ægissíðu um, að ákærði hafi haft leyfi hans til að tína óuppteknar hellur og steina þar í Ægissíðulandi. Ákærði virðist nú að vísu hafa farið lengra en þetta leyfi heimilaði honum, þar sem hjer var um upptekna hellu að ræða, en hann hefur haldið því fram, að hann hafi ímyndað sjer, að hrúgan, sem hann tók hellurnar úr, væri eptir Landeyinga, sem upplýst er að stundum taka hellu í Ægissíðulandi, og væru þeir horfnir frá að hirða hellurnar. Þessum framburði ákærða hefur ekki verið hnekkt í málinu og ber því að taka hann trúanlegan. Ákærði verður því eigi álitinn hafa ætlað að taka ólöglega annars manns eign, er hann tók umrædd hellublöð, sem

ekki er í málinu neitt upplýst um verð á, og ber því að dæma hann sýknan af ákæru sækjandans í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að greiða allan sakarkostnað, þar með talin varnarlaunin í hjeraði, 5 kr. og málsfærslulaunin til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra, úr landssjóði.

Við rekstur málsins athugast, að við rjettarhald 27. nóv. f. á. hafa kvennmenn verið rjettarvottar, sem eigi er lögum samkvæmt, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. og 36. gr. og N. L. 1—7. Svo verður og eigi fallizt á það, að undirdómarinn hjelt ákærða í gæzluvarðhaldi frá 10.—18. febr. þ. á., enda kemur ástæðan, sem færð er fyrir varðhaldinu í úrskurði dómarans, að ákærði hafi eigi viljað svara spurningum dómarans, eigi heim við það, sem í prófsgjörðunum stendur. Málfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Ámundi Filippusson á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Allur af sökinni löglega leiðandi kostnaður, bæði í hjeraði og fyrir landsyfirrjetti, þar með talin varnarlaun til talsmanns ákærða í hjeraði, Gríms Skúlasonar hreppstjóra, 5 krónur, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálflutningsmanns Gísla Ís-

leifssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvembermánaðar.

Nr. 17/1896: Eiríkur Filippusson
gegn
Filippusi Filippussyni.

Dómur:

Árið 1890, um haustið, flutti móðir málsaðilanna, ekkjan Sigríður Jónsdóttir frá Bjólu, til sonar síns, hins stefnda Filippusar Filippussonar í Gufunesi, til veru þar, og vorið eptir, 6. apríl 1891, undirskrifaði hún og afhenti stefnda skjal nokkurt, þar sem hún, eins og þar segir, veitir honum fullkomið og ótakmarkað umboð til þess að hafa á hendi í sínu nafni og fyrir sína hönd umsjón með og stjórn á eigum þeim, er hún eigi, innheimta afgjöld af fasteignum og gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir, og skal hann jafnframt sjálfur hafa afgjöldin sem borgun fyrir framfæri hennar, er hún áskilur að hann veiti sjer svo sem sómasamlegt sje. Sumarið 1892 fór þó Sigríður frá stefnda og dvaldist annarsstaðar þar til er hún andaðist 15. jan. 1893.

Hinn 20. sept. 1894 höfðaði stefndi mál þetta, sem nú er áfrýjað, gegn áfrýjandanum, bróður sínum, og krafðist þess með skírskotun til ofan-

nefnds umboðsskjals frá móður sinni, að áfrýjandinn greiddi sjer ólokið eptirgjald eptir ábúðarjörð hans en eignarjörð móður sinnar, »Hamrahól«, fyrir árin 1883—92, samtals 307 kr. að frádregnum 32 kr., er hann kannaðist við að áfrýjandi hefði áður borgað, eða alls 275 kr. Neitaði áfrýjandi þá aðallega heimild stefnda til að halda fram eptirgjaldskröfunni, en til vara krafðist hann þess, að frá eptirgjaldinu eptir Hamrahól væri auk áðurnefndra 32 kr. dregið afgjald af eignargjörð sinni 1/3 Litla-Ármóts árin 1884—92, 12 kr. 30 a. á ári, eða samtals 111 kr. 60 a., er gengið hefði til móður þeirra bræðra upp í eptirgjaldið eptir Hamrahól. Var málið dæmt í gestarjetti Rangárvallasýslu 18. júní 1895, og var áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda kr. 275,00 ÷ kr. 111,60 = 163,40 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Eiríkur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. apríl þ. á., eptir að málinu áður hafði verið frávísað frá rjettinum 10. febr. þ. á., og hefur þess verið krafizt af hendi áfrýjanda, sem fengið hefur konungsleyfi til að leggja fram í yfirdómi ný skjöl og skilríki, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi að eins verði skyldaður til að greiða stefnda 21 kr. 40 a., en til vara, að hann verði að eins dæmdur til að greiða stefnda 40 kr. 50 a. og að öðru leyti sýknaður. Svo krefst hann og, hvernig sem fer, málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum rjettum með 100 kr. Hinn stefni hefur aptur á móti kraf-

izt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur samkvæmt áður umgetnu leyfisbrjefi framlagt í yfirdóminum útskript af skiptarjettarhaldi 15. desbr. 1893 í dánarbúi fyrnefndrar móður þeirra málsaðilanna, Sigríðar Jónsdóttur frá Bjólu, þar sem sú ákvörðun er samþykkt af »öllum hlutaðeigendum«, þar á meðal hinum stefnda, er þar var sjálfur viðstaddur, »að eptirgjöld af eignum búsins fyrir þau ár, er Sigríður Jónsdóttir var hjá syni sínum Filippusi, gengi til hans að því leyti sem þau kynnu að vera ógreidd, sem meðlag með henni samkvæmt gjörningi 6. apríl 1891«. Þessi skiptafundarályktun var, eptir að Sigríður Jónsdóttir var önduð og bú hennar komið til skipta, hin einasta ákvörðun, er heimild stefnda til að innheimta afgjöld af jarðeignum þeim, er móðir hans hafði átt, hlaut að byggjast á, en eptir henni gat stefndi eigi heimt inn nema afgjöldin fyrir 1891 og 1892, því að um meðlag með Sigríði fyrir önnur ár en þau var eigi að ræða í gjörningnum 6. apríl 1891, sem skírskotað er til í skiptafundarályktuninni. Eptirgjaldið eptir Hamrahól, er stefndi samkvæmt þessu hafði heimild til að krefja áfrýjandann greiðslu á, er í málinu ómótmælt talið 46 kr., en þar frá ber að draga afgjald 1/3 Litla-Ármóts 1891 og 1892, 24 kr. 60 a., er áfrýjandi verður að álítast hafa greitt upp í Hamrahólsafgjaldið nefnd 2 ár, og verða þá eptir 21 kr. 40 a., er áfrýjanda ber að dæma til að greiða stefnda; þar á móti verða eigi 32 krón-

ur þær, er stefndi hefur kannazt við að áfrýjandi hafi greitt upp í afgjaldsskuld sína og sem áður er getið, látnar koma að neinu leyti til frádráttar afgjaldsskuld áfrýjanda fyrir árin 1891 og 1892, með því að sögusögn stefnda, að þær hafi verið greiðsla upp í eldra afgjald, stendur óhrakin af áfrýjanda. Það ber því að breyta gestaríettardóminum samkvæmt þessu. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að stefndi greiði áfrýjanda 40 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Eiríkur Filippusson greiði stefnda Filippusi Filippussyni 21 kr. 40 a. — tuttugu og eina krónu 40 aura — ásamt 5% vöxtum á ári frá 10. sept. 1894 til borgunardags, en sje að öðru leyti sýkn af kærum og kröfum stefnda. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 40 —fjörutíu— krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 30. nóvembermánaðar.

Nr. 6/1896. Þórarinn Hálfdánarson gegn Sigríði og Margrjeti Hálfdánardætrum og skiptaráðandanum í Norður-Múlasýslu.

Dómur:

Hinn 1. dag júnímánaðar 1863 gjörði ekkjan Hólmfríður Þórarinsdóttir á Bakka í Norður-Múlasýslu 2 ráðstöfunarbrjef eða gjafabrjef til handa syni sínum, áfrýjandanum Þórarni Hálfdánarsyni. Með öðru brjefinu afhenti hún Þórarni »upp í væntanlegan arf hans eptir hana til fullkominnar eignar og umráða eptir hennar dag« 3/4 parta í jörðinni Oddsstöðum með hjáleigunni Núpskötlu, og 2/3 parta í jörðinni Höfn með hjáleigunni Steintúni, þannig að hinn fyrnefndi jarðarparturinn skyldi reiknast Þórarni eptir mati gefandans á 540 rdl. (=1080 kr.) og hinn síðarnefndi jarðarparturinn á 620 rd. (=1240 kr.); hitt brjefið hljóðar á þá leið, að hún, gefandinn Hólmfríður Þórarinsdóttir, »gefi hjer með í lifanda lífi syni sínum Þórarni Hálfdánarsyni til fullkominnar eignar þá hálflendu jarðarinnar Bakka í Skeggjastaðahreppi og Norður-Múlasýslu, sem henni skiptist við samarfaskipti eptir mann hennar sál. Þorstein Bjarnason, með öllum þeim sömu rjettindum og hlunnindum, sem hún hingað til hafi haft, en áskilur sjer þó að hafa, svo lengi sem hún lifir, landskuld og öll bygging-

arumráð nefndrar hálflendu«. Bæði þessi brjef voru, sama dag sem þau voru gjörð, staðfest fyrir notarius publicus, sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, og 2 vitundarvottum hans. Hólmfríður Þórarinsdóttir andaðist 19. desbr. 1882, og var þá bú hennar tekið til skipta af skiptarjetti Norður-Múlasýslu, en erfingjar hennar voru börn hennar, áfrýjandinn Þórarinn Hálfdánarson, og systur hans, hinar stefndu, Sigríður og Margrjet Hálfdánardætur. Skiptunum var þá lokið 22. sept. 1883, en þeim var áfrýjað, og með yfirrjettardómi, uppkveðnum 11. maímán. 1885, voru þau dæmd ómerk og skiptaráðandanum boðið að taka búið til nýrra og löglegra skipta frá rótum. Það verður eigi sjeð, að hreyft hafi verið við skiptum á búinu frá þessum tíma og þangað til skiptafundur var haldinn í því 14. marz 1895, en á tveim öðrum skiptafundum, 29. og 30. maímánaðar s. á., var það leitt til lykta og því skipt af skiptaráðandanum í Norður-Múlasýslu. Á þessum skiptafundum ljetu allir erfingjarnir mæta, og þá lagði Þórarinn Hálfdánarson fram ofangreind gjafabrjef, og krafðist þess, að þau væru tekin til greina eptir innihaldi þeirra, þannig, að hið fyrra brjefið um Oddstaði og Höfn væri skilið á þá leið, að það innihjeldi testamentariska ráðstöfun á eignunum með ákveðinni virðingu upp í væntanlegan arf samkvæmt 10 gr. í tilsk. 25. sept. 1850, og að hið síðarnefnda brjefið um hálfa jörðina Bakka innihaldi dánargjöf til handa áfrýjanda. Báðum brjefunum var mótmælt af hálfu hinna erfingjanna,

bæði gildi þeirra yfirleitt og skilningi áfrýjanda á þeim, og kvað skiptarjetturinn síðan hinn 30. maí f. á. upp svofelldan úrskurð um ágreininginn: að helmingur jarðarinnar Bakka í Skeggjastaðahreppi útleggist Þórarni Hálfdánarsyni sem dánargjöf af búinu óskiptu, en 3/4 partar úr Oddstöðum og Núpskötlu í Presthólahreppi, og 2/3 partar úr Höfn með Steintúni í Skeggjastaðahreppi falli inn undir búsheildina og skiptist milli allra erfingjanna. Síðan var skiptunum lokið sama dag. Þessum úrskurði og skiptagjörðinni hefur Þórarinn Hálfdánarson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. jan. þ. á., og samkvæmt uppreistarleyfi útgefnu 29. s. m., og hefur hann gjört þær rjettarkröfur, að úrskurðurinn og skiptagjörðin verði úr gildi felld, og skiptaráðandi skyldaður til að taka búið til skiptameðferðar af nýju og skipta því þannig, að jarðirnar 1/2 Bakki, 3/4 úr Oddstöðum með Núpskötlu og 2/3 úr Höfn með Steintúni verði afhentar áfrýjanda sem gjöf í lifanda lífi, en til vara, að þær verði úthlutaðar honum sem dánargjöf, að svo miklu leyti sem lög leyfa; enntremur gjörir hann kröfu til hæfilegs málskostnaðar eptir mati rjettarins. Þar sem hinar stefndu af sinni hálfu aðallega hafa gjört kröfu um ýmsar breytingar á skiptunum, verður henni eigi gaumur gefinn, með því að þær hafa ekki gagnáfrýjað þeim, og kemur því til álita að eins varakrafa þeirra um, að úrskurðurinn og skiptagjörðin verði staðfest, og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Bæði fyrir skiptarjettinum og fyrir yfirdóminum hefur því verið haldið fram af hálfu hinna stefndu, að það sje eigi löglega sannað, að Hólmfríður Þórarinsdóttir hafi gjört eða látið gjöra gjafabrjefin frá 1. júní 1863. En þetta er ekki rjett, því að vottorð notarii publici, sem staðfest er með undirskript hans og embættisinnsigli og undirskriptum tveggja notarialvotta, sem sjerstaklega eru nefndir á nafn í sjálfu vottorðinu, er lögmæt sönnun fyrir því, að hún hafi gjört eða látið gjöra brjefin, og þar sem hreyft hefur verið mótmælum gegn því, að undirskript annars notarialvottsins sje hans eigin nafnskript (sje »ekta«), þá eru þau mótmæli alveg þýðingarlaus, því að vottorð og undirskript notarii sjálfs sannar vottaundirskriptirnar.

Þar sem áfrýjandi aðallega heldur því fram, að jarðeignirnar hafi verið ánafnaðar honum sem lífsgjöf (donatio inter vivos) með gjafabrjefunum, þá verður eigi fallizt á það eptir orðum brjefanna sjálfra. Þetta er alveg ljóst að því er snertir gjafabrjefið fyrir Oddstöðum og Höfn, sbr. orðin: »afhendi jeg upp í væntanlegan arf hans eptir mig til fullkominnar eignar og umráða eptir minn dag« etc., enda er það komið fram í málinu, að áfrýjandi hafi eigi notið afgjalda af jörðum þessum, fyr en eptir lát móður sinnar, og þá þó ekki nema af annari þeirra, sem sje Höfn með Steintúni. Sama verður og niðurstaðan, að því er snertir brjefið um Bakkahálflenduna; að vísu stendur í upphafi þess: »gef jeg hjermeð í lifanda lífi syni

mínum Þórarni Hálfdánarsyni þá hálflendu jarðarinnar Bakka», en í niðurlaginu segir gefandinn, að hún »áskilji sjer að hafa svo lengi sem hún lifi landskuld og öll byggingarumráð nefndrar hálflendu«. Af þessu ákvæði er augljóst, að hjer er að ræða um dispositio mortis causa. Þannig verður að líta svo á, að bæði brjefin hafi í sjer fólgna dánarráðstöfun og að þau heyri undir ákvæðin í erfðalögunum 25. sept. 1850, 25. gr.

Þá hefur því af hálfu hinna stefndu verið haldið fram, að við tilorðningu gjafabrjefanna hafi eigi verið gætt fyrirmælanna í 23. gr. erfðalaganna, með því að notarius publicus hafi eigi vottað, að brjefin hafi verið lesin upp fyrir testatrix (Hólmfríði), áður en hún ljet skrifa nafn sitt undir þau, en hún hafi vitanlega verið óskrifandi og ekki læs á skript, og svo hafi hún misst sjónina algjörlega um það leyti, sem brjefin voru gjörð. Á þetta verður eigi heldur fallizt, því að það fer svo fjarri því að stefndu hafi komið fram með nokkur rök fyrir því, að Hólmfríður væri ólæs á skrif, og að hún væri orðin blind, þegar brjefin voru gjörð, að hið gagnstæða er gjört mjög sennilegt með ýmsum skýrslum málsins, bæði að hún hafi verið vel læs á skript, og að hún hafi haft lestrarsjón, eptir að hún gjörði brjefin. Þetta virðist og liggja ótvíræðlega í notarialvottorðinu, þar sem segir: »lýsti hún því yfir, að gjafabrjef þetta innihjeldi einlægan vilja hennar«. Þar sem þess eigi er getið, að brjefin hafi verið lesin upp fyrir henni, má álíta það fullvíst, að hún hafi lesið þau sjálf, en

um það þurfti notarius eigi að geta í vottorði sínu, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 23. gr. Samkvæmt þessu verður að álíta bæði brjefin formlega lögmætar dánarráðstafanir, og er það því rangt, að skiptarjetturinn hefur hrundið gjafabrjefinu um Oddstaði og Höfn. Eptir gjafabrjefunum eiga nú þar tilnefndar jarðeignir að útleggjast áfrýjanda af búi Hólmfríðar óskiptu, þó svo, að gjöf hennar til áfrýjanda, hálflendan Bakki, eigi fari fram yfir það, er henni var heimilt að ráðstafa samkvæmt 22. gr. erfðalaganna, eptir þeirri virðingu, sem nú hefur verið lögð á hálflendu þessa, og enn fremur þannig, að Oddstaða- og Hafnar-partarnir með hjáleigum sjeu, með sama fyrirvara um takmörkun eptir 22. gr. erfðalaganna, taldir honum til arfs með því verði, sem á þá er sett í brjefinu 1. júní 1863, því að eigi verður álitið, að hann hafi afsalað sjer að fá jarðarpartana með þessu verði, er móðir hans hafði sett á þá, þótt hann eigi mótmælti virðingu þessara jarðeigna í skiptarjettarhaldinu 14. marz f. á., því að virðingin var eigi óþörf, þótt ákvæðum brjefsins væri fylgt, enda var fyrirskipuð í yfirrjettardóminum 11. maí 1885; og móðir áfrýjandans á hinn bóginn hafði heimild til að gjöra svofellda ráðstöfun, innan þeirra takmarka, sem 22. gr. erfðalaganna setur, en þetta síðarnefnda brjef er einmitt gjafabrjef að því leyti sem þar er sett lægra verð á jarðirnar en þær eru í raun og veru verðar eptir virðingunni, er gjörð var til afnota við skiptin.

Með skírskotun til hins framanritaða verður

eptir kröfu áfrýjanda að fella úr gildi hinn áfrýjaða skiptarjettarúrskurð og skiptagjörð, og skylda skiptaráðandann í Norður-Múlasýslu til að taka búið aptur fyrir til meðferðar, leiða það til lykta og skipta því þannig, að hálf jörðin Bakki í Skeggjastaðahreppi útleggist áfrýjanda sem dánargjöf, og að honum útleggist upp í arf hans 3/4 Oddstaða og Núpskötlu í Presthólahreppi fyrir 1080 kr. og 2/3 Hafnar og Steintúns í Skeggjastaðahreppi fyrir 1240 kr., þó svo, að dánargjafir þær, er áfrýjandi þannig hlýtur, eigi fari fram úr 1/4 hluta dánarbús Hólmfríðar Þórarinsdóttur, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 22. gr. Eptir málavöxtum fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður og skiptagjörð skal fellt úr gildi, og ber skiptaráðandanum í Norður-Múlasýslu að taka að nýju til meðferðar dánarbú Hólmfríðar Þórarinsdóttur frá Bakka, leiða það til lykta og skipta því þannig, að áfrýjandinn Þórarinn Hálfdánarson fái í sinn hlut sem dánargjöf 1/2 jarðina Bakka í Skeggjastaðahreppi og upp í arf sinn 3/4 hluti jarðarinnar Oddstaða með Núpskötlu í Presthólahreppi fyrir 1080 kr., og 2/3 hluta jarðarinnar Hafnar með Steintúni í Skeggjastaðahreppi fyrir 1240 kr., þó svo, að dánargjafir áfrýjanda eigi fari fram úr 1/4 hluta dánarbúsins samkvæmt erfðalögum 25. sept. 1850, 22. gr. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 7. desembermánaðar.

Nr. 26/1896: Ólafur Arnason
gegn
Jörgen Hansen.

Dómur:

Með samningi 1. maí 1895 leigði áfrýjandinn Ólafur kaupmaður Árnason á Eyrarbakka stefnda Jörgen verzlunarstjóra Hansen samastaðar hafnarfestar og skipalægi á Eyrarbakkahöfn, er honum tilheyrði, til afnota fyrir skip þau, er til stefnda kæmu sumarið 1895, og skyldi leigan eptir festarnar, 150 kr., greiðast 1. nóv. 1895; þó áskildi áfrýjandinn sjer rjett til að nota festarnar, þegar skip stefnda ekki væru í þeim. Áfrýjandinn skyldi sjá um, að hafnarfestarnar væru teknar upp, »að skip geti lagzt í þær svo fljótt sem auðið er«. Snemma í júlímán. 1895 kom skip til verzlunar stefnda, og var því lagt við festarnar og lá þar nokkra daga í álandsvindi, en 16. júlímán. snerist vindur í norður, og biluðu þá festarnar svo, að þær hjeldu ekki skipinu, og rak það upp á sker, en náðist þó þaðan brátt aptur, án þess það skemmdist til muna. Var orsökin til þess að festarnar hjeldu ekki, að fleygur sá, er halda átti saman keðjulásnum, er bindur landfestina við járnhring þann (»svinglið«), sem festarnar eru læstar í, hafði fallið úr. Af því að þannig tókst til með afnot hafnarfestanna, vildi stefndi eigi greiða hina umsömdu leigu eptir þær, þegar hennar var krafizt af honum, og höfðaði þá áfrýjand-

inn mál þetta gegn honum til lúkningar leigugjaldinu, 150 kr., ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Var dómur í máli þessu og gagnsóknarmáli, er stefndi höfðaði til skaðabóta hjá áfrýjanda út af slysinu, kveðinn upp í aukarjetti Árnessýslu 28. apríl þ. á., og voru málspartar sýknaðir hvor fyrir annars kröfum í málinu og málskostnaður látinn falla niður. En stefndi var í dóminum fyrir ósæmilegan rithátt dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs og 10 kr. til fátækrasjóðs Stokkseyrarhrepps. Dómi þessum hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. maí þ. á., og hefur hann krafizt þess, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda umsamda leigu af festunum á Eyrarbakkahöfn, 150 kr., ásamt 5% vöxtum af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, *að* hin ídæmda sekt fyrir ósæmilegan rithátt verði hækkuð að mun, og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins, en að dómurinn verði að öðru leyti staðfestur. Hinn stefndi hefur krafizt þess aptur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað með einhverju að rjettarins mati nægilegu.

Undanfærslu sína að gjalda hina umsömdu leigu fyrir festarnar hefur stefndi byggt á því, að festarnar hafi eigi verið í leigufæru standi frá áfrýjanda hálfu, eða svo að óhætt væri að leggja skipi við þær, enda hafi allur útbúnaður á þeim verið mjög ljelegur og ekki hirt um að eptirlíta

þær vandlega og bæta, er þær voru teknar upp, sem þó hefði þurft nauðsynlega við, þar sem þær höfðu legið í sjó allan veturinn á undan. Í samningnum 1. maí 1895 er ekkert tekið fram um það, í hvaða ástandi festarnar ættu að vera frá hendi áfrýjanda, annað en það, að hann ætti að sjá um, að þær væru teknar upp, svo að skip gætu lagzt við þær sem fyrst, og það verður að álíta, að áfrýjandinn hafi uppfyllt þá skyldu sína, sumpart með því sem hann ljet vinna sjálfur að upptekningu festanna, og sumpart með því að leyfa stefnda, þegar hann fór þess á leit, að leggja út á sinn (áfrýjanda) kostnað eða taka upp 2 duflfestar með duflum við, sem stefnda þótti við þurfa, áður en hann legði skipi sínu við festarnar. Þegar þessum útbúningi á festunum var lokið, hafði stefndi heldur eigi, eins og málið sýnir, neitt við afhendingu festanna að athuga nje gjörði frekari kröfur um endurbætur á þeim, enda voru þær eigi áskildar í samningnum, og stefnda, sem hafði haft festarnar á leigu sumarið áður, var þó eins kunnugt um ásigkomulag þeirra eins og áfrýjanda, og vissi einnig, að þær höfðu legið í sjó yfir veturinn. Það verður því að álíta, að stefndi hafi leigt festarnar í því ástandi, sem þær voru í um vorið, er samningurinn var gjörður, með þeirri einni breytingu, að áfrýjandi átti að sjá um upptekning þeirra, eins og hann einnig gjörði, og verður stefndi því, eins fyrir það þó að festarnar hafi eigi reynzt eins traustar eins og hann gjörði ráð fyrir, að álítast hafa verið skyldur til að greiða leigu þá fyrir

þær, er um var samið. Það ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 150 krónur sem leigu fyrir festarnar sumarið 1895 ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og verður að breyta undirrjettardóminum að þessu leyti.

Í einu af varnarskjölum sínum fyrir undirrjettinum fór stefndi svofelldum orðum um áfrýjandann: »En á hinn bóginn get jeg vel skilið, að hann furðar á því, að hann skuli eiga svo bágt með að koma rangindum sínum áfram við útlending, því það er þó kunnugra en frá þurfi að segja, að Ólafur Árnason hafi, síðan hann tók við stjórn Háeyrarmálanna árið 1892, betur en nokkur maður hjer sunnanlands, fært mönnum heim sanninn fyrir því, hvað mikið satt sje í máltækinu, að »Ísland sje fyrir norðan landslög og rjett«, þegar um rjett útlendings er að ræða. Skal jeg því til stuðnings tilfæra: I. *hinn alræmda bruna á Háeyri haustið '92*, sem að öllum líkindum væri hægt, þó meira en 3 ár sjeu liðin síðan, að fá upplýst, hvernig á hefur staðið, og þar sem flest atvik benda til að hjer væri í meira lagi »something rotten«, *og það svo, að ekkert brunabótafjelag í heimi* mundi hafa tekið í mál að útborga skaðann, *hefði þeim verið skýrt nákvæmlega frá öllu, hvernig allt var út búið.* II. Matið á skaða þeim, er húsið þá varð fyrir, í samanburði við matið á húsinu í heild sinni 4 mánuðum síðar. III. *Hinn alræmdi Háeyrarfallit*, þar sem útlendir skuldheimtumenn voru rúnir inn að nöktu skinni, án þess að yfirvöldin fyndu skyldu sína til þess að

verja þessum mönnum svikin, sem höfð voru í frammi við þá. Já, mjer getur vel skilizt, að maður, sem getur litið aptur á svona sigursæla fortíð gagnvart útlendingum, verði bæði hissa, gramur og í vandræðum, þegar hann loks sjer, að ekki allir vilja láta fara með sig eins og slátrunarsauði«.

Yfirdómurinn fellst á það, að þessi ummæli hafa samkvæmt kröfu áfrýjandans verið dæmd dauð og marklaus af undirdómaranum, og sömuleiðis á sekt þá, sem ákveðin hefur verið fyrir þau og sem eigi þykir næg ástæða til að hækka.

Eptir úrslitum málsins þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda sem málskostnað 40 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, verzlunarstjóri Jörgen Hansen, greiði áfrýjandanum Ólafi kaupmanni Árnasyni 150 — eitt hundrað og fimmtíu krónur — ásamt 5% vöxtum á ári af upphæð þessari, frá sáttakærudegi til borgunardags. Um ómerking meiðyrða og sekt fyrir ósæmilegan rithátt á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 40 — fjörutíu — krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 29/1896: Sigurður Bjarnason
gegn
Ingvari Ingvarssyni.

Dómur:

Í máli þessu lögsótti í hjeraði hinn stefndi Ingvar Ingvarsson í Kalmanstjörn áfrýjandann Sigurð Bjarnason, söðlasmið í Reykjavík, til greiðslu andvirðis fyrir nokkuð af harðfiski, sem áfrýjandinn hafði veitt móttöku frá stefnda sumarið 1893 og lofað að bjóða til sölu fyrir hann, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júní þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda sem andvirði fisksins 129 kr. 23 a. að frádregnum 20 kr. 50 a., er stefndi viðurkenndi, að hann skuldaði áfrýjanda og samþykkti að kæmi til frádráttar, og 9 kr. 50 a., er áfrýjandi reiknaði sjer sem kostnað við heimkeyrslu og geymslu fisksins og sem sölulaun, eða alls 99 kr. 23 a., með 5% vöxtum á ári frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður skyldi falla niður. Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. júní þ. á. og krafizt þess, að hann verði að eins dæmdur til að skila andvirði þess af fiskinum, er honum hafi tekizt að selja, 45 kr. 48 a., að frádregnum 30 kr. (fyrgreindum 20 kr. 50 a, + 9 kr. 50 a.) eða alls 15 kr. 48 a., en *til vara*, að hann auk þessarar upphæðar verði dæmdur til að greiða að eins 5–8 aura fyrir hvert pund af fiski þeim, er hann eigi gat selt, og *að* málskostnaður verði látinn falla niður. Hinn stefndi hefur

aptur á móti krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar.

Áfrýjandinn hefur í málinu kannazt við að hafa tekið á móti frá stefnda 3¼ skpd.] af harðfiski, er hann lofaði að geyma fyrir hann í húskjallara sínum og bjóða til sölu þeim er hafa vildu fyrir það verð, er fengizt gæti, og hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi selt af fiskinum 100 pd. á 15 a., 230 pd. á 12 a. og 36 pd. á 8 a., eða samtals 366 pd. fyrir 45 kr. 48 a. Þessa upphæð hefur hann því í undirrjettinum verið rjettilega dæmdur til að greiða stefnda. Um hitt annað af harðfiskinum hefur áfrýjandi gefið þá skýrslu, að hann hafi afhent af því 210 pd. eptir ráðstöfun stefnda, en 464 pd. hafi hann eigi getað komið út fyrir neitt verð og hafi hann orðið að moka þeim út úr kjallaranum vorið eptir sem allsendis ónýtum. Stefndi hefur eindregið neitað því, að þessi skýrsla áfrýjanda væri sönn og hefur áfrýjandi þó eigi getað fært fram neinar sannanir til stuðnings henni, og þar sem áfrýjandi þannig eigi hefur getað gjört nægilega grein fyrir, hvað orðið hafi af þeim 674 pd. af harðfiskinum, er hjer er um að ræða, verður hann að skyldast til að svara stefnda andvirði þeirra, og þykir rjett að ákveða það 12 aura fyrir pundið, því að þetta verð fjekk áfrýjandi eptir skýrslu hans sjálfs fyrir meginið af fiski þeim, sem hann seldi, og verður þetta fyrir 674 pd. fisks 80 kr. 88 a. Samkvæmt þessu verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda sem andvirði fisksins 45 kr. 48 a. + 80 kr. 88

a. ÷ 30 kr. = 96 kr. 36 a. og ber því að staðfesta undirrjettardóminn með þessari breytingu. Sem málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að skuldarupphæðin ákveðst 96 kr. 36 a. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Sigurður Bjarnason stefnda Ingvari Ingvarssyni 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1896: Carl J. Guðmundsson gegn Birni Stephánssyni.

Dómur:

Með dómi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 27. sept. f. á., var áfrýjandinn verzlunarstjóri á Búðum í Fáskrúðsfirði Carl J. Guðmundsson dæmdur fyrir ærumeiðandi orð við stefnda Björn bónda Stephánsson í Dölum í Fáskrúðsfirði í 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 12 daga einfalt fangelsi, og hin ærumeiðandi orð voru dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda í málskostnað 39 kr. 60 a. En dómi þessum, sem birtur var áfrýjandanum 4 nóv.

f. á., hefir hann nú skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. maí þ. á.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda og stefndi dæmdur í hæfilegan málskostnað, en *til vara*, að hin áfrýjaða dæmda sekt verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður. Hinn stefndi hefur þar á móti gjört þá rjettarkröfu, að áfrýjandi verði dæmdur til sekta eða fangelsis eptir strangleik laganna og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk; svo hefur hann og krafizt málskostnaðar. En með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað sökinni, verður þessum kröfum hans eigi gaumur gefinn, að svo miklu leyti sem þær fara út fyrir undirrjettardóminn.

Að vísu var máli þessu í hjeraði stefnt fyrir lögreglurjett, sem ekki átti að vera, sbr. inngangsorð tilsk. 15. ág. 1832, en þar sem með það hefur verið farið að öllu verulegu sem venjulegt aukarjettarmál, er eigi ástæða til fyrir þá sök að dæma ómerkan dóminn í því eða málsmeðferðina.

Meiðyrði þau, sem átalin eru í málinu, eru svo tilkomin, að 1. nóv. 1894 var stefndi staddur í sölubúð verzlunar þeirrar, er áfrýjandi veitir forstöðu, og hafði þá áfrýjandinn þau orð við stefnda í áheyrn fleiri manna, að hann væri »versti (eða »mesti«) prakkari í Fáskrúðsfirði«. Áfrýjandinn hefur kannazt við að hafa við haft ummæli þessi um stefnda, en hann hefur viljað halda því fram, sumpart að orðin, rjett skilin, eigi heima um stefnda, sumpart, að stefndi hafi gefið

tilefni til móðgunarinnar með því að drótta því að sjer, áður en orðin fjellu, í áheyrn búðarmanna, að hann (áfrýjandi) hefði vísvitandi reiknað af honum 10 kr. í viðskiptareikningi hans við verzlunina. Hvorugt þetta hefur þó áfrýjanda tekizt að rökstyðja eða sanna gegn neitun stefnda, og þar sem hin átöldu ummæli hljóta að teljast særumeiðandi fyrir stefnda, verður að fallast á, að undirdómarinn hefur dæmt ummælin dauð og ómerk og látið áfrýjanda sæta refsingu fyrir þau, sem þykir eigi of hátt ákveðin, samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, 40 kr. sekt, eða til vara 12 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins samþykkjast einnig, en auk þess ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn verzlunarstjóri Carl J. Guðmundsson greiði í sekt til landssjóðs 40 kr., en sæti ella, ef öll sektin er eigi greidd í tæka tíð, 12 daga einföldu fangelsi. Hin átöldu ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi samtals 59 kr. 60 a.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 14. desembermánaðar.

Nr. 37/1896: Rjettvísin
gegn
Sigurði Jóhannssyni.

Dómur:

Í máli þessu var hinn ákærði Sigurður Jóhannsson sakaður í hjeraði fyrir að hafa raskað heimilisfriði og fyrir brot gegn 298. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, og var hann með dómi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 31. jan. 1896, sýknaður af ákæru fyrir hið fyrra brotið, en dæmdur í 5 kr. sekt til landssjóðs, til vara 2 daga einfalt fangelsi, fyrir hið síðarnefnda brotið; svo var hann og dæmdur til að greiða allan málskostnað, þar á meðal varnarlaun í hjeraði 5 kr. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Vesturamtinu skotið til yfirdómsins.

Þar sem hinn ákærði var í hjeraði sakaður fyrir að hafa raskað heimilisfriði, þá hefur undirdómarinn með rjettu sýknað hann fyrir þessari ákæru, með því að hið opinbera á ekki sókn á tjeðu broti, sjá 225. og 223. gr. hegningarlaganna.

Að því er síðarnefnda brotið snertir, þá er því svo varið, eptir játningu ákærða sjálfs, að seint í septembermán. 1895 fór hann kvöld eitt inn í hús annars manns á Flateyri í óleyfi, og vildi eigi fara út góðmótlega, þótt honum væri skipað það; var honum þá varpað út úr húsinu með valdi; þá tók ákærði stein og kastaði honum á útidyrahurðina, svo að hjörurnar brotnuðu, en

húseigandi fór þá út og barði ákærða, þangað til hann fór burtu. Með því að eigi verður álitið, að þessi aðferð ákærða hafi verið röskun á almennum friði og eigi var hjer að ræða um brot gegn neinum lögregluákvörðunum, átti hið opinbera eigi heldur sókn málsins, hvað þetta kæruatriði snertir, sbr. 298. gr. alm. hegningarlaga, og ber því að sýkna ákærða fyrir ákæru rjettvísinnar, einnig hvað þessu málsatriði viðvíkur. Málskostnað allan í hjeraði og fyrir yfirdómi ber að greiða af almannafje, þar með talin varnarlaunin í hjeraði og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Sigurður Jóhannsson á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu. Allur málskostnaður bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin varnarlaun í hjeraði til Gríms kandídats Jónssonar, 5 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr landssjóði.

Hæstarjettardómar hæstarjettar-árið 1896-97.

Þriðjudaginn 19. janúar 1897.

Nr. 141. Teitur úrsmiður Ingimundarson
(Nellemann eptir skipun)
gegn
hreppsnefnd Hrafnagilshrepps
(Rée)
um endurgjald á þegnum sveitarstyrk.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 28. júlí 1892: Stefndi Teitur Ingimundarson greiði hreppsnefnd Hrafnagilshrepps fyrir hönd sveitarsjóðsins þar 335 kr. 68 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. — Í málskostnað greiði hann stefnanda 12 kr. — Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 7. ágúst 1893.

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn greiði sem málsfærslulaun

til hins skipaða talsmanns stefndu, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 15 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir að förað lögum.

Dómur hæstarjettar:

Eptir hinni þágildandi reglugjörð um fátækramálefni á Íslandi 8. janúar 1834 verður eigi álitið, að áfrýjandanum hafi borið lagaskylda til að endurgjalda í lifanda lífi sveitarstyrk þann, er honum var veittur á árunum 1873—76 og sem ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, og með því að 1. gr. í lögum 4. nóv. 1887, sem skírskotað er til í dóminum, eigi getur álitizt ná til sveitarstyrks, er áður var veittur, ber að sýkna áfrýjandann af kærum og kröfum hinnar stefndu hreppsnefndar.

Málskostnaður fyrir öllum dómum á að falla niður og málflutningslaun hinna skipuðu málafærslumanna að greiðast af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Teitur úrsmiður Ingimundarson, á af kærum og kröfum stefndu, hreppsnefndar Hrafnagilshrepps, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður fyrir öllum dómum fellur niður. Í dómsmálasjóð greiðir stefnda 2 kr. Í málaflutningslaun fyrir yfirdómi ber yfirrjettarmálaflutningsmanni Páli Einarssyni 15 kr. og Nellemann advokat í málflutnings-

laun fyrir hæstarjetti 60 kr., og greiðist hvort-tveggja af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í 4. bindi þessa dómasafns, á bls. 389—390.

Föstudaginn 12. febrúar 1897.

Nr. 140. Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps
(Rée)
gegn
konsúl J. V. Havsteen (Asmussen)
um greiðslu útsvarsupphæðar.

Úrskurður fógetarjettar Akureyrar 19. marz 1892:

Hin umbeðna lögtaksgjörð á fram að fara.

Fógetagjörð sama rjettar sama dag, er var lögtak í ýmsum munum, er Havsteen konsúll átti.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar, 20. marz 1893:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð skal úr gildi felld. Hin stefnda hreppsnefnd Hrafnagilshrepps greiði áfrýjandanum, vice-konsúl J. V. Havsteen, kostnað máls þessa að skaðlausu innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með konungsbrjefi 27. marz 1894 er hæstarjetti veitt heimild til að leggja dóm á mál þetta, jafnvel þótt sakarefnið eigi kynni að ná summa appellabilis.

Með skírskotun til ástæðna þeirra, er tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann eptir kröfu stefnda.

Málskostnað fyrir hæstarjetti ber áfrýjanda samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 I, 13. gr. að greiða stefnda að skaðlausu.

Því dæmist rjett vera:

Dómur landsyfirrjettarins á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarjetti greiðir áfrýjandinn, hreppsnefnd Hrafnagilshrepps, stefnda, Havsteen konsúl, að skaðlausu. Í dómsmálasjóð greiðir áfrýjandinn 2 kr.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í 4. bindi þessa dómasafns, á bls. 331—333.

Landsyfirrjettardómar 1897.

Mánudaginn 18. janúarmánaðar.

Nr. 39/1896: Rjettvísin
gegn
Pjetri Ingjaldssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 7. júní f. á., var hinn ákærði, sem er fæddur 19. ágúst 1876, dæmdur samkvæmt 200. gr. alm. hegningarlaga í einfalt fangelsi í 14 daga eða til vara í 20 króna sekt til landssjóðs, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi er af hlutaðeigandi amtmanni skotið til yfirdómsins.

Atvik máls þessa eru þau, að kvöldið 8. jan. f. á. var haldin jólabrenna hjá Valhúsinu á Seltjarnarnesi og var margt fólk þar saman komið við brennuna. Ákærði kom þangað einnig og hafði með sjer byssu, sem hann hafði fengið lánaða hjá húsmanni nokkrum á sama bæ og hann var. Var húsmaðurinn búinn að hlaða byssuna,

áður hann fjekk ákærða hana, og var það gjört á vanalegan hátt, að því maður þessi hefir borið, nema hvað hann ljet salt í byssuna, eptir að hann hafði hlaðið hana púðri, til þess skotið yrði hvellmeira, og var það á vitund ákærða, að salt var látið í byssuna. Ákærði fór síðan með byssuna til brennunnar. Þar ætlaði ákærði að hleypa skotinu úr byssunni og gekk með hana svo, að hann benti henni beint fram undan sjer og hjelt um bóginn, en skotið reið þá af, áður en hann varði, fyrir það að hann rak fótinn í þúfu eða stein, er fyrir honum varð, og lenti skotið í kvennmanni, frændstúlku ákærða, er þar var rjett hjá, en sem ákærði eigi sá í myrkrinu, og særðist hún til ólífis og andaðist daginn eptir. Þó að ákærði, eins og verjandi hans í hjeraði hefur borið fram, eigi hafi haft hugmynd um að skotið í byssunni gæti orðið að meini, þá virðist hann að eins hafa byggt slíkt á lauslegri ímyndun sjálfs sín, og verður það því að teljast hegningarvert athugaleysi af honum, er hann bar byssuna aleða hálfuppdregna, á þann hátt er áður er frá skýrt, þar sem hann mátti eiga von fólks hvervetna rjett hjá sjer við brennuna, þótt hann sæi það ekki í myrkrinu, sem þar var. Það ber þannig að fallast á það, að undirdómarinn hefur dæmt ákærða til refsingar samkvæmt 200. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 20 kr. sekt eða til vara 6 daga einfalt fangelsi. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með tal-

in málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð málsins í hjeraði er þetta athugavert:

1. Undirdómarinn hefur eigi látið lækni gjöra líkskoðun á kvennmanni þeim, er ljezt af byssuskotinu, og í málinu er ekki fram komið læknisálit um áverka þann, er hún varð fyrir, og dauðdaga hennar. 2. Frá því dómur var kveðinn upp í málinu í hjeraði og þangað til áfrýjunarstefna amtsins er útgefin, hafa liðið 4 mánuðir, án þess dómarinn hafi gjört grein fyrir, hvernig á þessum mikla drætti standi. 3. Í forsendum undirrjettardómsins er eigi hið lögskipaða vottorð um rekstur málsins í hjeraði samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, § 35, og í dómsniðurlagið vantar terminus executionis. 4. Svo hefur undirdómarinn dæmt ákærða »til að sæta 14 daga einföldu fangelsi eða greiða 20 kr. sekt«, sem er fullkomin lögleysa. Fyrir þessa galla á meðferð málsins verður að víta hjeraðsdómarann, en það þykir eigi næg ástæða til að láta hann sæta sektum fyrir þá. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Pjetur Ingjaldsson greiði 20 króna sekt til landssjóðs eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í ákveðinn tíma. Svo greiði ákærði og allan af málinu leiðandi kostnað, bæði í hjeraði og fyrir

yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 4/1897: Rjettvísin
gegn
Guðjóni Arnbjarnarsyni.

Dómur:

Hinn ákærði Guðjón Arnbjarnarson, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefur eigi áður verið dæmdur eða sætt refsingu fyrir nokkurn glæp, er í máli þessu sakaður fyrir að hafa óhlýðnazt lögmætri skipun sveitarstjórnar og fyrir að hafa borið upp fyrir amtmanninum í suðuramtinu bersýnilega ranga kæru yfir hreppsnefndinni í Landmannahreppi, og var hann fyrir afbrot þessi dæmdur af aukarjetti Rangárvallasýslu hinn 17. sept. f. á. til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð með skýrskotun til laga nr. 20, 4. nóv. 1887, 6. gr., sbr. 5. gr., og almennra hegningarlaga 25. júní 1869, 228. gr., og auk þess var honum með dóminum gjört að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar; en þessum dómi hefur hlutað-

eigandi amtmaður skotið til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Í fyrra vetur vistaði hreppsnefndin í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu hinn ákærða, sem þá hafði þegið mikinn styrk af fátækrafje, að Árbæ í Holtum til Magnúsar sýslumanns Torfasonar samkvæmt heimild þeirri, er hún hafði til þessa í 5. gr. laga nr. 20, 4. nóv. 1887, og fór ákærði tregðulaust í vistina eptir tilvísan hreppsnefndarinnar hinn 22. maí f. á. Á hvítasunnudagsmorgun 24. maí næst á eptir fór ákærði án þess að biðja um leyfi frá Árbæ upp að Flagbjarnarholti og þaðan daginn eptir, annan í hvítasunnu, að Hvammi, þar sem hreppsnefndaroddvitinn í Landmannahreppi átti heima, og virðist hann ekki hafa farið aptur heim að Árbæ, enda var hann settur í varðhald þegar 26. maímán. f. á Eptir rjettarprófunum er óhlýðni ákærða við úrskurð hreppsnefndarinnar eingöngu fólgin í þessu athæfi hans, en ákærði sjálfur hefur eigi gefið neina yfirlýsingu um það fyrir rjettinum, að hann hafi ætlað að fara úr vistinni fyrir fullt og allt. Þegar þetta er athugað, og jafnframt hitt, að ákærði fór frá Árbæ á helgum degi, og var handsamaður þegar daginn eptir, án þess að sjeð verði, að hreppsnefnd eða hreppstjóri eða sýslumaður eða nokkur annar hafi skorað á hann að fara heim til sín aptur, verður eigi álitið nægilega sannað, að hann hafi óhlýðnazt skipun sveitarstjórnarinnar á þann hátt, sem lög nr. 20, 4. nóv. 1887, 6 gr., gjöra ráð fyrir, og verður því að sýkna hann fyr-

ir ákæru sóknarans, að því er þetta kæruatriði snertir.

Hitt kæruatriðið í máli þessu er það, að ákærði ritaði amtmanninum yfir suðuramtinu brjef 17. apríl f. á., þar sem hann kvartar yfir aðförum hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi við sig, og telur undirdómarinn þetta brjef bersýnilega ranga kæru, saknæma eptir 228. gr. hegningarlaganna. Í brjefinu segir ákærði, að hann »þykist hafa orðið fyrir mjög ranglátri og ómannúðlegri meðferð af hendi hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi«, og að sjer virðist hún hafa misbrúkað vald sitt gegn honum á ýmsan hátt, að hann fyrir því nú snúi sjer til amtsins og skýri frá viðskiptum nefndarinnar og hans. Ákærði getur þess svo, að þegar hann í bágindum sínum hafi snúið sjer til nefndarinnar til þess að fá að stoð hennar til að geta haldið áfram búskap, hafi nefndin í staðinn fyrir að styrkja hann til þessa, tekið upp heimili hans, sett börnin og konuna niður og sagt ábúðarjörð hans lausri; hafi nefndin gjört þetta án þess að leita samþykkis hans; svo hafi hún látið selja því nær allt bú hans, án þess hann hafi fengið að vita, hvernig það seldist. Þá hafi nefndin vísað honum sjálfum í vist, eptir að hún hafði skilið hann frá konu og börnum, og hún hafi neitað sjer um leyfi til að byggja húsmennskukofa, sem landeigandi hafi verið búinn að gefa honum leyfi til að byggja, og að oddvitinn jafnvel hafi sagt, að hann mundi ríta kofann niður aptur. Nefndin hafi, eins og sagt er,

tekið sjer það vald að ráða hann í vist, þótt hann áður hafi verið búinn að vista sig hjá öðrum, og hafi sýslumaður tilkynnt sjer þetta, og getið þess um leið, að sektir lægju við, ef út af væri brugðið; kona hans, sem var veik af brjálsemi, hafi hvað eptir annað verið flutt burtu frá honum og það í böndum. Eptir að ákærði hefur í brjefinu skýrt amtmanni á þessa leið frá viðskiptum sínum og hreppsnefndarinnar, biður hann amtið að styðja að því, að hann megi fara í vist þá, sem hann sjálfur hafði ráðið sig í, að hann megi vinna þar fyrir sjer og konu sinni, að hann megi byggja kofa þann, sem áður er um getið, og flytja í hann með konu sinni, þegar hann væri búinn. — Þegar kærubrjef þetta er athugað, þá sjest það að vísu af skýrslu ákærða, er hann hefur gefið fyrir rjetti í málinu, um þau hin sömu atvik, sem í kærubrjefinu eru nefnd, að í brjefinu er skýrt ranglega frá aðferð hreppsnefndarinnar við kærða í mörgum verulegum atriðum. En hins vegar vantar gjörsamlega í málinu sannanir þær, er byggður yrði á áfellisdómur yfir ákærða samkvæmt 22ð. gr. hegningarlaganna, því að það er ekkert í málinu, er sýni eða bendi á það, að ákærði hafi af ásettu ráði eða vísvitandi gefið amtinu ranga skýrslu um greind atvik, og það er jafnvel eigi fullkomlega víst — þar sem ákærði hefur eigi gefið viðurkenningu um það, eða það verið sannað á annan hátt — að ákærði sje höfundur að greindu kærubrjefi, er amtinu var sent. Yfirdómurinn getur því eigi álitið að ákærði verði dæmd-

ur sekur í athæfi, saknæmu eptir hegningarlaganna 228. gr., og verður því að sýkna hann einnig fyrir þessu kæru atriði málsins. Eptir þessum úrslitum málsins verður að greiða allan sakarkostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Við rekstur málsins í hjeraði er það athugavert, að í aukarjettarhaldinu 26. maímán f. á. hefur ákærði verið settur í gæzluvarðhald, án þess sjeð verði, að hann hafi síðar verið leystur úr því aptur. Að öðru leyti hefur málsmeðferðin fyrir undirrjettinum verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Guðjón Arnbjarnarson á að vera sýkn af ákæru sóknara í máli þessu. Allur málskostnaður bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors.

Mánudaginn 29. maímánaðar.

Nr. 7/1897: Hið opinbera
gegn
Þórarni Jónssyni og
Sigurði Sigurðssyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu, gengnum 28. ágústmán. f. á., voru þeir Þórarinn Jónsson á Hjaltabakka og Sigurður Sigurðsson á Húnsstöðum dæmdir eptir lögum 19. febr. 1886 fyrir ólöglega laxveiði til að greiða hvor um sig 30 kr. sekt til hlutaðeigandi fátækrasjóðs og til að greiða in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Svo var hið ólöglega veiðifang með dóminum gjört upptækt, og skyldi andvirði þess renna í hlutaðeigandi fátækrasjóð.

Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður eptir beiðni hinna kærðu og fyrir hönd hins opinbera áfrýjað til landsyfirrjettarins.

Með brjefi 4. júlí f. á. kærði Björn nokkur Kristófersson þá Þórarin Jónsson og Sigurð Sigurðsson fyrir sýslumanni fyrir ólöglega laxveiði í »Dulshyl« svo nefndum í Laxá. Segir meðal annars í kæru hans, að hann (Björn Kristófersson) og 2 menn aðrir hafi 27. júní f. á. sjeð laxanet liggja í »Dulshyl«, sem er ker eða hylur í Laxá, og hafi það náð yfir um allt kerið og verið fast á báðum endum, en kerið nái yfir meira en helming af breidd árinnar. Í prófi, sem haldið var 7. júlí 1896, hermir hann allt rjett vera, sem í kær-

unni standi, og bætir því við, að hann sama dags morgun (7. júlí) hafi ásamt 2 mönnum komið að netalögnum í Laxá frá Hjaltabakka og Húnsstöðum, og hafi þá netið í »Dulshyl« verið lagt yfir allan hylinn; hafi þeir dregið netið á land á suðurbakka árinnar og hafi 5 heldur smáir laxar verið í því. Menn þeir, sem með Birni voru í bæði skiptin, hafa verið látnir bera sem vitni í málinu. Annar af mönnum þeim, sem með Birni Kristóferssyni komu 27. júní f. á. að netalögninni í »Dulshyl«, segir í prófi 7. júlí allt rjett í kæru Björns; netið í »Dulshyl« hafi legið yfir allt kerið og verið fast á báðum endum, og sama bar hinn maðurinn, sem með honum var, sem sje, að allt sje rjett, sem í kæru Björns standi, en bætir þó við, »að svo miklu leyti sem hann viti til«. Þeir 2 menn, sem með Birni voru við upptöku netanna 7. júlí f. á., hafa þann dag báðir borið, að skýrsla Björns fyrir rjetti 7. júlí um netalagnir í Laxá og upptöku á netum sama dag sje í alla staði rjett.

Í prófi 12. ágúst f. á. hefur annar þeirra manna, sem með Birni voru 27. júní næst fyrir, borið, að þeir 27. júní hafi komið að norðanverðri Laxá hjá »Dulsum«; hafi þeir tekið í strenginn, sem lá í land úr netinu, *og hafi hann eigi getað betur sjeð*, en að netið lægi alveg upp að klöppinni, sem er norðanvert við kerið, sunnan megin árinnar hafi þeir ekki komið, en þeir *hafi ekki betur sjeð* en að netið lægi alveg yfir kerið að sunnanverðu, en hinn maðurinn hefur sama dag

borið, að netið hafi *sýnzt* liggja yfir allan hylinn og hafi verið fest á báðum endum, en að norðanverðu hafi netið eigi virzt vera eins strengt og hægt hafi verið, því netið hafi færzt nær, þegar tekið var í teininn.

Þeir menn, sem með Birni voru 7. júlí við upptekt á neti úr »Dulshy!« í Laxá, hafa í prófi 12. ágúst f. á. að vísu staðhæft, að skýrsla þeirra 7. júlí næst fyrir sje í alla staði rjett, en annar þeirra segir þó nú, að hann, sem kom að netinu báðum megin árinnar, *hafi eigi betur sjeð* en að það lægi yfir allan hylinn, og að hann *hafi eigi betur sjeð*, en að fláarteinninn á netinu kæmi að norðurklöppinni, þegar þeir tóku í strenginn að norðan; hvort hálsinn á netinu hafi náð alveg að suðurklöppinni, sá hann eigi, og hinn segir, *að sig minni nú*, að nethálsinn muni eigi hafa legið alveg að klöppinni að norðanverðu, en hann treysti sjer eigi til að bera um, hve langt bilið hafi verið frá netinu að norðurklöppinni, en sunnanmegin segir hann að netið hafi legið strengt við klöppina. Björn Kristófersson hefur í prófi 12. ágúst 1896 að vísu sagt fyrri framburð sinn rjettan, en segir þó nú, að hann *hafi* eigi betur sjeð en að netið 27. júní hafi verið lagt alveg eins og 7. júlí, og að hann *hafi eigi getað betur sjeð*, en að fláarteinninn lægi alveg að norðurklöppinni; að sunnanverðu hafi netið ekki byrjað fyr en með hylnum (o: 4 áln. frá suðurbakkanum).

Menn þeir, sem sýslumaðurinn hafði kvatt til þess að skoða og mæla Laxá, þar sem hin átalda

netalögn hafði verið í ánni, hafa skýrt frá, að í »Dulshyl« renni áin í einu lagi og sje breidd hennar um kerið sjálft 27 álnir og 17 þumlungar; kerið sjálft byrji 4 álnir frá suðurbakkanum og sje breidd þess 11 álnir og 9 þumlungar; aðaldýpi árinnar sje í kerinu; dýpið hafi þeir ekki getað mælt.

Hinir kærðu hafa kannazt við, að þeir hafi lagt net í efsta kerinu á Dulsum, en neitað því, að þeir hafi nokkru sinni þverlagt allt kerið, heldur hafa þeir eindregið haldið því fram, að net þeirra hafi ekki verið lagt yfir um meira en hálft kerið, því hinn mikli straumur gjöri það að verkum, að norðurendi netsins, sem ekki hafi verið stjórað niður, vefjist í göndul og sje þannig að minnsta kosti hálft kerið opið fyrir laxgöngu, enda sje sá hluti kersins, sem ekki sje lagt í, dýpstur. Þessum framburði þeirra er ekki hnekkt með framburði hinna leiddu vitna, sem bæði er óljós, á reiki og ekki með öllu samhljóða. Það er ekki hrakið í málinu að kerið sje dýpst að norðanverðu; en þegar svo er, þá hefur meira en helmingur árinnar verið opinn fyrir laxgöngu og þar af nokkur hluti hennar dýpstur, sem sje norðurendi kersins. Verður því að sýkna hina kærðu í þessu máli og ber að greiða málskostnað allan af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert að hjeraðsdómarinn hefur lesið upp framburð fyrri vitna fyrir hinum

síðar leiddu og látið þau staðfesta hann, án þess að prófa þau sjerstaklega, svo sjeð verði; að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu, Þórarinn Jónsson og Sigurður Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirrjetti, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda, málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 26. aprílmánaðar.

Nr. 6/1897: Hið opinbera
gegn
Hermanni Jónassyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 28. ágústmán. f. á., var hinn kærði Hermann bóndi Jónasson á Þingeyrum dæmdur fyrir ólöglega laxveiði til að greiða 20 kr. sekt, að helmingi til hlutaðeigandi sveitarsjóðs og að helmingi til uppljóstrarmanns, svo og til að greiða allan kostnað málsins, en dómi þessum hefur verið

skotið til yfirdómsins eptir ósk hins kærða og einnig fyrir hönd hins opinbera.

Hinn kærði hefur laxanetalagnir í svokölluðum Bjargaós, sem er afrennsli úr stöðuvatninu Hópinu til sjáfar yfir Þingeyrasand, en í Hópið rennur laxveiðiáin Víðidalsá. Vestan að Bjargaós liggja Nesbjörg, og er farvegur óssins þeim megin glögglega afmarkaður, en austan við ósinn liggur Þingeyrasandur, og fellur opt vatn yfir mikinn hluta hans, þegar hásjáfað er eða flóð er í Víðidalsá eða vindur stendur af Hópinu, og er því óglöggt, hvar farvegur óssins byrjar þeim megin. Hinn kærði hefur haft laxanetalagnir í Bjargaós á 2 stöðum, nefnilega á svo nefndu Vonarlandi og í Vaðhvammi; nokkru fyrir ofan Vaðhvammslögnina hefur kærði og haft 2 selanætur yfir þveran álinn hverja fyrir ofan aðra með 14 álna millibili. Þessar lagnir allar voru skoðaðar af hlutaðeigandi lögreglustjóra, undirdómaranum, og 2 tilkvöddum mönnum hinn 10. júlímán. f. á. að viðverandi kærða sjálfum, og með skírskotun til þessarar skoðunargjörðar, sem ákærði hefur viðurkennt rjetta í öllum verulegum atriðum hennar, hefur undirdómarinn komizt að þeirri niðurstöðu í dómi sínum, að Vonarlandslögnin hafi komið í bága við lögin, en að lögnin í Vaðhvammi og selanæturnar hafi verið lögmætar.

Eptir skoðunargjörðinni var lögn kærða á Vonarlandi þannig háttað hinn 10. júlí f. á., að þvernet var lagt frá vöðlunum að austan og út í sjálfan ósinn 14 álna langt, en frá austurenda

netsins og til vesturlandsins eða vesturbakka óssins var breiddin 30 ál. og 15 þuml. Dýpt vatnsins við vestari netendann var 1 al. og 14 þuml., og var dýpi óssins hvergi meira. Möskvamál netsins var 12 þuml. Niður úr báðum endum þvernets þessa og riðin saman við þá lágu langnet eða »leiðarar«, hið vestara 29 faðma langt, en hið eystra 54 faðma. Eystra langnetið lá eptir vöðlunum austan við aðaldýpi óssins, og var neðri endi þess festur með steini. Neðri endi vestara langnetsins var laus, en neðarlega við það að austanverðu var fest 17 faðma langt fleygnet, sem lá upp ósinn milli langnetanna; bilið milli fleygnetsins og vestara langnetsins að ofan var 5 álnir, en smámjókkaði eptir því sem neðar dró, þangað til þau voru riðin saman, þar sem fleygnetið endaði að neðan. Það er nú rjett, að undirdómarinn hefur skoðað þvernetið með báðum langnetunum og fleygnetinu sem eitt net eða eitt veiðarfæri, en það er ljóst, að þvernetið út af fyrir sig hefur eigi verið ólögmætt; það er og sannað að möskvamál allra netanna hafi verið löglegt (nl. 12 þuml.). Það kemur nú því til álita, hvort kærði hafi með þvernetinu og langnetunum þvergirt meira en helming af breidd óssins (Bjargaóss), og ennfremur, hvort sá partur óssins, er hann þvergirti, hafi verið dýpri en hinn partur hans. Skoðunarmennirnir mældu breidd og dýpt óssins á 2 stöðum fyrir neðan þvernetið, nl. um mitt vestara langnetið og um neðri enda þess. Um mitt vestara langnetið voru 12 faðmar og 2

álnir frá vesturlandinu (vesturbakka óssins) og austur að eystra langnetinu; frá vesturlandinu að vestra langnetinu voru 5 faðmar og 2 ál., og milli langnetanna 7 faðmar. Dýpið milli vesturlandsins og vestara langnetsins var mest 1 al. og 15 þuml., og á milli netanna var dýpið mest 1 al. og 12 þuml. Um neðri endann á vestara langnetinu var breiddin frá vesturlandinu að vestara netinu 6 faðmar, að austara netinu (alla leið yfir ósinn) 15 faðmar, en millibilið milli netanna var 9 faðmar. Dýpið var mest á þessari línu 1 al. 18 þuml., nl. milli netanna 1 faðmi fyrir austan vestara netið; við vestara netið og vestur af því var dýpið mest 1 al. 16 þuml Við austara netið og 2 faðma vestur af því var dýpið að eins 10 þuml., en varð þá á næsta faðmi 24 þuml. Eins og áður segir, lá eystra netið *á vöðlunum* niður frá austurenda langnetsins, og virðist mega álíta, eptir því sem fram er komið í málinu um landslag, dýpi óssins o. s. frv., að það hafi legið fyrir austan ósinn (Bjargaós) í eiginlegum skilningi, þegar hann er skoðaður sem á eða afrennsli úr Hópinu til sjávar, og að ósinn geti eigi talizt byrja fyr en 2 föðmum fyrir vestan netið, þar sem aðaldýpið byrjaði. En allt að einu verður að álíta það rjett skoðað af undirdómaranum, að það hafi orðið nægilega sannað með skoðunargjörðinni, að kærði hafi með svo lagaðri lögn þvergirt meira en helming Bjargaóss, og hefur kærði þannig gjörzt brotlegur gegn laxfriðunarlögunum 19. febr. 1886, 2. gr., fyrir þessa lögn sína. Að því

er snertir laxalögn hans í Vaðhvammi og selnótalagnirnar, er einnig voru skoðaðar, verður eigi sjeð, að þær hafi komið í bága við veiðilögin. Sektin fyrir brot hins kærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 20 kr. eptir 8. gr. laxfriðunarlaganna og renni að helmingi í sveitarsjóð og að helmingi til uppljóstrarmanns. Með því að yfirdómurinn fellst einnig á ákvæði lögreglurjettardómsins um málskostnað, verður þannig að staðfesta hann að öllu leyti. Hinn kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur sje óraskaður. Hinn kærði Hermann Jónasson á að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja, áður liðnar eru 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1896: Pjetur Jónsson fyrir hönd kaupfjelags Þingeyinga gegn hreppsnefnd Húsavíkurhrepps.

Dómur:

Haustið 1890 lagði hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi á Kaupfjelag Þingeyinga 260 króna aukaútsvar til hreppsins fyrir fardagaárið 1890—91, en stjórn kaupfjelagsins áleit sjer ekki skylt að greiða útsvar til hreppsins fyrir fjelagsins hönd, nema að því leyti sem það ræki verzlun á Húsavík, með því að halda þar uppi hinni svokölluðu söludeild kaupfjelagsins, sem væri sjálfstæð stofnun með sjerstakri reikningsfærslu, þó að hún stæði í sambandi við kaupfjelagið sem eign þess og ein deild í því. Kærði fjelagsstjórnin yfir útsvarinu til sýslunefndarinnar og úrskurðaði sýslunefndin á fundi 18. marz 1891, að hæfilegt útsvar á kaupfjelagið, að því er söludeildina snerti, væri 20 krónur, en vísaði málinu að öðru leyti frá sjer sem sjer óviðkomandi, þar sem sýslunefndin var þeirrar skoðunar, að hún væri eigi bær að álykta um það, hvort kaupfjelagið væri útsvarsskylt til Húsavíkurhrepps, að því er aðra starfsemi (vöruþöntunarstarf) fjelagsins þar í hreppi snerti, heldur væri það dómstólanna einna að dæma um slíkt. Stjórn kaupfjelagsins greiddi nú 20 kr. af útsvarinu svo sem útsvar það, er greiða skyldi af söludeildinni, en neitaði að greiða hinn hluta út-

svarsins — 240 kr. —, og höfðaði því hreppsnefndin að fenginni gjafsókn fyrir undirrjetti mál þetta til innheimtu á þessum 240 kr. Var mál þetta dæmt í gestarjetti Þingeyjarsýslu 6. jan. f. á. með þeim úrslitum, að Kaupfjelag Þingeyinga skyldi greiða til hreppsnefndarinnar 240 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi 2. febr. 1895, unz borgun skeður. Málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefur formaður kaupfjelagsins, Pjetur Jónsson, fyrir fjelagsins hönd áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 16. desbr. 1896, og hefur hann krafizt þess fyrir yfirdóminum, að dómur undirrjettarins verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að kaupfjelagið verði algjörlega sýknað fyrir kröfum hreppsnefndarinnar og hreppsnefndin verði dæmd í málskostnað fyrir báðum rjettum, hæfilegan eptir rjettarins mati. Af hendi hreppsnefndarinnar, sem hefur fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að dómurinn verði staðfestur og að kaupfjelagið verði dæmt til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdóminum.

Þar sem hreppsnefndin hefur krafizt þess, að yfirdómari Jón Jensson víki úr dómarasæti í máli þessu, sökum þess að hann hafi áður varið samkynja mál fyrir kaupfjelagið, þá hefur ekki þótt ástæða til að taka kröfu þessa til greina, með því

að hjer eru málavextir alls ólíkir málavöxtum í hinu fyrra máli, er dæmt var í yfirdóminum 10. sept. 1888, meðal annars vegna þess, að ný lög eru komin til síðan, sem dæma ber eptir um aðalspurninguna í málinu, útsvarsskyldu kaupfjelagsins.

Kaupfjelag Þingeyinga hefur samkvæmt lögum sínum haft þann tilgang að útvega fjelagsmönnum sínum, sem dreifðir virðast vera um alla Þingeyjarsýslu, svo góð kaup á útlendum varningi, sem unnt væri, og koma hinum innlenda varningi þeirra í sem hæst verð. Til þess að ná þessu augnamiði hefur fjelagið, eins og áfrýjandinn, formaður fjelagsins, orðar það, »numið kaupmanninn hjerlenda burtu sem millilið«, en samið við menn í útlöndum um umboðssölu fyrir fjelagið á innlendum varningi þess og um kaup á útlendri vöru, er fjelagið (fjelagsmenn) þörfnuðust, og hefur fjelagið viljað á þennan hátt draga arð verzlunarinnar (sbr. 1. gr. d fjelagslaganna) inn í landið (o: til hinna einstöku fjelagsmanna) sem mest mætti verða. Starfsaðferð fjelagsins hefur verið sú, að það hefur haft á Húsavík launaðan mann í fastri þjónustu sinni, átt þar hús og uppskipunaráhöld m. m.; hefur þessi fasti ársmaður fjelagsins tekið á móti útlendum vörum til fjelagsins, þegar þær hafa komið frá söluumboðsmönnum fjelagsins erlendis, sjeð um uppskipun þeirra og geymslu í húsum fjelagsins og síðan skipt þeim og útbýtt til fjelagsmanna eptir fyrirsögn stjórnarinnar. Sömuleiðis hefur hann tekið

á móti innlendum varningi, er fjelagsmenn hafa látið í fjelagið, og senda hefur átt til útlanda til sölu. Fjelagið leggur á hina pöntuðu vöru, er fjelagsmenn fá í gegnum fjelagið, áfallinn kostnað og rentur og auk þess ákveðið hundraðsgjald, sem rennur í svo nefndan kostnaðarsjóð fjelagsins, en af honum er kostað viðhald og aukning á húsum og áhöldum fjelagsins og greidd önnur innanlands útgjöld í fjelagsins þarfir. Fram að árinu 1890 var fjelagið eingöngu vörupöntunarfjelag á þann hátt, sem nú hefur verið lýst, en það ár keypti fjelagið borgarabrjef til verzlunar á Húsavík og hóf þar verzlun, þar sem seldar voru vörur gegn borgun út í hönd; var verzlunin nefnd söludeild Kaupfjelags Þingeyinga og var reikningum hennar haldið aðskildum frá fjelagsins reikningum, og það, sem henni græddist við verzlunina, var látið renna í sjerstakan sjóð, varasjóð söludeildar.

Áfrýjandinn hefur viðurkennt að söludeild Kaupfjelags Þingeyinga væri sem hver önnur verzlun, er rekin væri á Húsavík, útsvarsskyld til Húsavíkurhrepps, og því bæri henni einnig skylda til að greiða hæfilegt útsvar til hreppsins ár það, er hjer er um að ræða, 1890–91, og hefur hann því þegar, eða kaupfjelagsstjórnin, greitt 20 kr. af útsvari því, er jafnað var fyrir nefnt ár á alla starfsemi Kaupfjelags Þingeyinga í Húsavíkurhreppi, svo sem þann hluta, er sýslunefndin hefði álitið hæfilegt útsvar á söludeildina, skoðaða út af fyrir sig sem sjerstaka stofnun eða fyrir-

tæki. Hins vegar hefur hann haldið því fram, að kaupfjelagið ætti eigi að greiða hinn hluta útsvarsins, 240 kr., með því að hann væri lagður á þá starfsemi fjelagsins á Húsavík, sem snerti vörupöntunina eina og sem ekki væri neitt atvinnurekandi fyrirtæki eða stofnun og væri alvel laust við söludeildina.

Á þessa skoðun áfrýjandans um söludeildina sem sjálfstæða stofnun og fullkomlega óháða og aðskilda frá vörupöntunarstarfsemi kaupfjelagsins á Húsavík getur yfirdómurinn eigi fallizt. Söludeildin er eign kaupfjelagsins og rekin af því eins og vörupöntunin þar á staðnum; hún tekur við vörum þeim, er hún verzlar með, gegn um vörupöntun fjelagsins og greiðir í hinn sameiginlega kostnaðarsjóð ákveðið hundraðsgjald; enn fremur ganga vörur milli vörupöntunarinnar og söludeildar, eptir sem þörfin kallar eptir á hvorum staðnum fyrir sig; virðist því söludeildin svo samtvinnuð annari starfsemi kaupfjelagsins á Húsavík, að hvorttveggja verði að skoðast sem ein starfsheild, ein stofnun eða eitt fyrirtæki, hvernig sem reikningsfærslunni er hagað. Og þar sem enginn vafi er á því og það er viðurkennt af áfrýjanda að söludeildin sem önnur verzlun sje útsvarsskyld samkvæmt lögum 9. ág. 1889 til Húsavíkurhrepps, þá leiðir þess vegna beint þar af, að heildin, sem söludeildin er að eins einn hluti eða liður af, öll starfsemi kaupfjelagsins á Húsavík sem þar rekið arðsamt fyrirtæki eða stofnun, er útsvarsskyld, og með því að sýslu-

nefndin í fyrnefndum úrskurði sínum 18. marz 1891 eigi hefur fellt burtu neinn hluta af aukaútsvari því, 260 kr., er lagt var á kaupfjelagið í Húsavíkurhreppi fyrir umrætt ár, þá ber samkvæmt kröfu hreppsnefndarinnar og eins og undirdómarinn hefur gjört — án þess rannsaka þurfi, hvort vörupöntunarstarfsemi kaupfjelagsins á Húsavík ein sjer sje útsvarsskyld —, að skylda kaupfjelagið til að greiða það, sem eptir er ógoldið af útsvarinu, 240 kr., ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi 2. febr. 1895 til borgunardags. Yfirdómurinn fellst og á málskostnaðarákvæði undirdómsins, og ber því að staðfesta hann að öllu leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður og ber að greiða málflutningskaup hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar, er ákveðst 25 krónur, úr landssjóði.

Það vottast að því leyti mál þetta hefur verið flutt með gjafsókn, að rekstur þess og flutningur hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Málflutningskaup hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar, fyrrum yfirkennara Halldórs Kr. Friðrikssonar, 25 krónur, ber að greiða úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 3. maímánaðar.

Nr. 9/1897: Margrjet Þorsteinsdóttir
gegn
Magnúsi sýslumanni Torfasyni sem uppboðsráðanda í Rangárvallasýslu og Þorvaldi Björnssyni og Jóni Hjörleifssyni.

Urskurður:

Eptir að umboðsmaður hins stefnda sýslumanns Magnúsar Torfasonar hafði haft 3 vikna frest í máli þessu, frá 5. til 26. f. m., krafðist hann þess síðastnefndan rjettardag, að honum yrði veittur framhaldsfrestur til 5. júlímán. næstkomandi til þess að leiða vitni í málinu um 2 tilgreind málsatriði, en hann tjáist eigi fyr hafa tíma til að gjöra ráðstafanir til vitnaleiðslunnar sökum embættisanna. Umboðsmaður áfrýjanda hefur mótmælt að lengri frestur verði veittur en hálfsmánaðarfrestur og hefur stefndi til vara beðið um þennan frest, ef aðalbeiðni hans ekki verði tekin til greina.

Með tilliti til þess að áfrýjandi hefur mótmælalaust tekið það fram, að það mundi hafa rjettarmissi í för með sjer fyrir hann, ef stefnda yrði veittur eins langur frestur og hann hefur farið fram á, og með tilliti til þess að málið er gjafsóknarmál á hlið áfrýjanda, verður þessi langi frestur ekki veittur, nema stefndi hafi fært ánægjanleg rök fyrir beiðni sinni, en þetta hefur hann að áliti rjettarins eigi gjört, því að atvik þau, sem hann tjáist vilja fá upplýst með vitnaleiðslu, áttu

að svo miklu leyti sem þau geta haft þýðingu fyrir úrslit málsins, að vera fullkomlega upplýst, þegar hin áfrýjaða uppboðsgjörð fór fram, og að öðru leyti virðast þau eigi geta haft verulega þýðingu fyrir úrslitin. Stefnda verður því ekki veittur frestur til 5. júlímán., sem hann hefur beðið um, en með samþykki áfrýjanda veitist honum 14 daga framhaldsfrestur til andsvara.

Fyrir því úrskurðast:

Stefnda sýslumanni Magnúsi Torfasyni veitist 14 daga framhaldsfrestur í málinu, en að öðru leyti verður beiðni hans ekki tekin til greina.

Mánudaginn 10. maímánaðar.

Nr. 12/1897: Rjettvísin gegn Jens Kristjánssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarkaupstaðar 25. nóvbr. f. á. var hinn ákærði Jens Kristjánsson sjómaður á Ísafirði dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. sbr. 40. gr. almennra hegningarlaga í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns í hjeraði cand. Gríms Jónssonar 7 krónur. Þessum

dómi er af hlutaðeigandi amtmanni fyrir rjettvísinnar hönd áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, löglega sannað, að 24. sept. f. á. stal hann frá öðrum manni 5 eða 6 tveggja króna ávísunarseðlum upp á vörur úr Tangs-verzlun á Ísafirði, eða samtals 10—12 króna virði, og hagnýtti sjer þá að mestu leyti til vínfangakaupa þann dag og næsta dag. Nánari atvik að þjófnaðinum voru þau, að greindan dag, 24. sept. f. á., kom ákærði nokkuð kenndur upp í þilskipið Ísfirðing, sem stóð uppi í fjörunni á Ísafirði, og bað Skúla nokkurn Jónsson, sem þar var fyrir í skipinu og hjelt þar þá til, að gefa sjer í staupinu. Tók Skúli þá upp hjá sjer 1 tveggjakróna vöruseðil og fjekk ákærða til að kaupa fyrir 2 flöskur af brennivíni, en ljet þá vöruseðla, sem eptir voru, 5 eða 6, innan í brjósthlíf, sem hann vafði saman og ljet í vasa innan á treyju sinni. Jens keypti síðan brennivínið, og drukku þeir Skúli það upp ásamt 2 öðrum mönnum, er þar voru staddir hjá þeim. Þegar brennivínið var búið, voru þeir ákærði og Skúli einir eptir í skipinu og lögðust fyrir og sofnuðu í sama rúminu og lá ákærði fyrir ofan. Ákærði vaknaði eptir litla stund og tók þá seðlana frá Skúla, annaðhvort úr vasa hans, eins og Skúli hefur borið, eða af stól við rúmið, eins og ákærða minnir, og fór burtu. Ákærði kom nokkru eptir þetta til ekkju nokkurrar á Ísafirði og var hann þá að hennar sögn mjög drukkinn, og um kvöldið var

hann út úr drukkinn borinn út úr húsi hennar. Um nóttina svaf hann hjá Skúla Jónssyni í sama rúminu og um daginn. Þegar þeir vöknuðu um morguninn eptir, saknaði Skúli seðlanna og spurði ákærða eptir þeim; en hann svaraði þá, eptir því sem Skúli segir: »Þú varst að tala um að biðja einhvern fyrir þá«. Vildi ákærði svo ekki meira við Skúla tala og fór burtu. Var ákærði í drykkjuskarki einnig þenna dag allan, en daginn eptir var hann handsamaður.

Ákærði hefur frá unga aldri verið hneigður til drykkjuskapar og fjekk fyrir nokkrum árum »apoplektist tilfelli«, orsakað af hamslausri ofnautn áfengis, og hlutaðeigandi hjeraðslæknir hefur vottað, eptir beiðni verjanda hins ákærða í hjeraði, að ákærði hafi síðan verið atorkuminni, sljófari og minnisminni, og virðist svo sem hann geti lítið hugsað eða munað, þá er hann verði ölvaður. Bæði með tilliti til þessa og þar sem ákærða eigi áður hafi verið borin nokkur óvöndun til orða eða verka, álítur hjeraðslæknirinn það líklegt, að ákærði hafi lítið af sjer vitað, er hann framdi þjófnaðinn, eða að honum hafi eigi verið ljóst, hvað hann aðhafðist. Þegar litið er til þessarar veiklunar ákærða og það athugað, að hann hefur vafalaust verið töluvert drukkinn, er hann framdi afbrot sitt, þykir rjett, að láta hann sæta vægari hegningu fyrir brotið en hinni lögákveðnu, en á hinn bóginn virðist öll framkoma hans og önnur atvik í málinu benda til þess, að hann hafi verið sjer þess meðvitandi, að hann gjörði sig sek-

an í glæp, þegar hann framdi verknaðinn, og getur hann fyrir því ekki komizt hjá refsingu fyrir hann.

Refsing ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, er samkvæmt ofanrituðu rjettilega ákveðin af undirdómaranum eptir 230. gr. sbr. 40 gr. almennra hegningarlaga, og álízt hún hæfilega metin 6 daga einfalt fangelsi. Þar sem ákærði hefur endurgoldið eigandanum ávísunarseðla þá, er hann stal frá honum, er eigi um iðgjöld að ræða í málinu. Um málskostnað á undirrjettardómurinn að standa óraskaður, og ber því að staðfesta dóminn með greindri breytingu á refsingunni. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Jens Kristjánsson sæti 6 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði ákærði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. maímánaðar.

Nr. 40/1896: Mattías Ólafsson
gegn
Sigurði Jóhannesi Gíslasyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Dalasýslu, uppkveðnum 9. júní f. á., var áfrýjandinn Mattías Ólafsson á Orrahóli dæmdur til að greiða stefnda Sigurði Jóhannesi Gíslasyni á Litlu-Tungu 76 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og allan af málinu »löglega leiðandi kostnað«. Dómi þessum hefur Mattías Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. nóv. f. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kröfum stefnda, eða til vara að hann verði eigi dæmdur til að greiða áfrýjanda meira en 76 kr. ÷ 55 kr. = 21 kr.; svo hefur hann og krafizt málskostnaðar. Stefndi Sigurður Gíslason hefur á hinn bóginn krafizt þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum.

Í fardögum 1895 fluttist áfrýjandinn frá jörðunni Litlu-Tungu í Fellsstrandarhreppi, en hinn stefndi flutti að jörðinni; áfrýjandinn átti þá að skila stefnda 12 kúgildisám, sem fylgdu Litlu-Tungu. Áfrýjandi skýrir nú svo frá, að það hafi

orðið að samkomulagi milli þeirra, að hann (áfrýjandinn) hjeldi kúgildisánum, en stefndi fengi upp í þær eina kú, sem skyldi jafngilda 8 ám, en 4 ærnar skyldu borgast með innskript, og hafi kúgildisærnar verið borgaðar á þennan hátt. Stefndi skýrir af sinni hálfu svo frá, að með því að kúgildisær þær 12, sem áfrýjandi hafi ætlað að afhenda honum, hafi eigi verið í góðu standi og honum hafi eigi líkað þær, hafi hann eigi viljað veita þeim móttöku, og hafi það *þá* orðið að samningi milli hans og áfrýjanda, að áfrýjandi hjeldi þessum kúgildisám, en skyldi borga stefnda 14 kr. fyrir hverja þeirra, alls 168 kr., helminginn í sumarkauptíð og helminginn í haustkauptíð. Ennfremur skýrir stefndi svo frá, að þegar jörðin Litla-Tunga var tekin út af áfrýjanda vorið 1895, hafi áfrýjandinn átt að greiða 148 kr. í álag og hafi þetta álag verið jafnað meðal annars með andvirði kýrinnar, sem áður er nefnd. Andvirði hennar hafi því ekki gengið upp í kúgildisærnar, en af verði þeirra standi enn óborgað 76 kr. af hálfu áfrýjanda.

Það virðist nú nægilega sannað í málinu með eiðfestum vitnisburðum, sem eigi er nein ástæða til að hnekkja, að málsaðilar hafi í raun og veru samið um kúgildisærnar á þá leið, sem stefndi hefur skýrt frá, nl. að áfrýjandi skyldi kaupa þær fyrir 168 kr., og að andvirðið skyldi greiða á þann hátt, sem stefndi hefur haldið fram. Áfrýjandi hefur nú eigi getað sannað það, að hann hafi greitt þær 76 kr. af verði kúgildisánna, sem eru

efni málsins, og sjerstaklega verður eptir skýrslum málsins eigi álitið að eptirstöðvar kýrverðsins, sem áður er nefnt, hafi átt að ganga upp í verð kúgildisánna. Stefndi hefur að minnsta kosti neitað þessu algjörlega, og áfrýjandi hefur af sinni hálfu eigi sannað það.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að aukarjettardómurinn hefur dæmt áfrýjanda til að greiða stefnda 76 kr. með 4% vöxtum frá dagsetningu sáttakærunnar, og að staðfesta hann að þessu leyti, en málskostnaðarákvæði dómsins verður að dæma ómerkt sem ólögmætt, sbr. N. l. 1—5—14. Málskostnaður í hjeraði verður að falla niður, en það þykir rjett eptir málavöxtum, að áfrýjandi greiði stefnda áfrýjunarkostnað málsins með 25 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað á að vera ómerkt, en að öðru leyti skal dómurinn vera óraskaður. Málskostnaður í hjeraði falli niður, en sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Mattías Ólafsson hinum stefnda Sigurði Gíslasyni 25 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur eptir lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júnímánaðar.

Nr. 13/1897: Rjettvísin
gegn
Einari Einarssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðna Einarssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Árnessýslu uppkveðnum 9. desembr. f. ár voru hinir ákærðu Einar bóndi Einarsson og synir hans Guðmundur bóndi Einarsson og Guðni Einarsson dæmdir til refsingar þannig: Einar í 18 mánaða betrunarhúsvinnu eptir 250. gr., 255. gr. og 240. gr., sbr. við 55. gr. og 48. gr. og með hliðsjón 58. gr. og 63. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869; svo og í 10 kr. sekt samkv. tilsk. 26. maí 1863, 11. gr., er renni að helmingi til hlutaðeigandi sveitarsjóðs og að helmingi til hreppstjóra; Guðmundur í 10 mánaða betrunarhúsvinnu samkv. 255. gr., 250. gr. og 240. gr. sbr. við 55. gr. og 48. gr. og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna; og Guðni í 18 mánaða betrunarhúsvinnu samkv. 250. gr. og 255. gr., sbr. að nokkru leyti við 38. gr., 231. gr. 1. lið, 48. gr. og 55. gr. og með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. hegningarlaganna; svo eru þeir og dæmdir til að greiða allan kostnað málsins í hjeraði, þar með talin málsvarnarlaun, 12 kr., þannig, að Einar og Guðni eiga að greiða $^2/_3$ hluta kostnaðarins in solidum og Guðmundur og Guðni $^1/_3$ hluta sömuleiðis in solidum; iðgjöld voru eigi dæmd í málinu.

Dómi þessum, sem hinir dómfelldu fyrir sitt leyti hafa viljað una við, hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Samkvæmt skýrslum málsins, sjerstaklega játningu og framburði hinna ákærðu sjálfra, eru þeir sakaðir fyrir og sannir að sök um eptirnefnda glæpi.

Einar Einarsson.

Hinn ákærði, sem um mörg undanfarin ár hefur búið á Gíslastöðum í Grímsnesi og þar er synir hans, hinir meðákærðu, hafa verið hjá honum, þangað til Guðmundur flutti að Hesti vorið 1895, hefur kannazt við það, og styðst sú játning hans við aðrar skýrslur málsins, að hann hefur haustið 1889 tekið úr fje sínu heimildarlaust hvítan sauð tvævetran, sem Árni nokkur Eiríksson átti, slátrað sauðnum og hagnýtt sjer hann. Hafði sauðurinn af hendingu eða sjálfkrafa komið saman við fje ákærða. Sama haustið tók hann enn fremur ófrjálsri hendi úr fje sínu á kvíunum 3 gymbrar veturgamlar, sem aðrir áttu, kastaði eign sinni á þær, og hagnýtti sjer þær; höfðu þær af hendingu komið saman við kvífje hans. Haustið 1890 tók hann ennfremur úr kvífje sínu veturgamla gymbur, sem hann átti ekki, skar hana og hagnýtti sjer; hafði hún og af tilviljun komið saman við kvífjeð. Það er eigi upplýst, hverjir hafi átt þessar 4 gymbrar. Sumarið 1892 á slætti hjálpaði hinn ákærði meðákærða Guðna syni sínum að slátra hvítri gymbur veturgamalli, annars manns eign, sem Guðni tók úr kvíunum með sam-

þykki ákærða og runnu afurðir hennar inn í bú ákærða. Hinn ákærði vissi ekki, hver átti kind þessa, en vissi að hún var ófrjáls. Gymbrin virðist hafa komið af tilviljun saman við kvífje ákærða. Haustið 1893 tók ákærði úr fje sínu, sem þá var inni í rjett, tvævetran sauð hvítan, sem hann eigi vissi hver átti, skar sauðinn og hagnýtti sjer afurðir hans. Virðist sauðurinn hafa komið af tilviljun saman við fje ákærða. Sumarið áður (1893) hafði svarthöfðótt geldingslamb komið saman við fje ákærða; þetta lamb rak hann ekki til skilarjettar um haustið, en hirti það með sínu fje, og er fram á veturinn leið, markaði hann það undir mark sitt og kastaði eign sinni á það. Hann vissi eigi, hver var eigandi þess. Haustið 1895 var ákærði í verki með Guðna syni sínum að uppmarka 3 lömb, sem þeir eigi vissu, hverjir áttu. Lömbin tóku þeir úr úrgangskindum, er geymdar voru í fjárhúsi á Gíslastöðum og ganga áttu til skilarjettar daginn eptir. Varð það að samkomulagi milli þeirra, að ákærði skyldi kasta eign sinni á lömbin og markaði Guðni þau undir mark hans; slepptu þeir síðan lömbunum; eitt af lömbum þessum var síðar skorið á heimili ákærða og runnu afurðirnar inn í bú hans. Þá skáru þeir og annað lamb, sem Guðni hafði að ófrjálsu markað undir mark sitt, og hagnýtti ákærði sjer afurðir þess, þótt honum væri kunnugt um það, að lambið væri Guðna ófrjálst. — Vorið 1894 leyfði ákærði Markúsi nokkrum Markússyni að kalla sig

vinnumann hjá ákærða, þótt hann væri það ekki, um vistárið 1894—95, samdi til málamynda við hann um kaupgjaldsupphæð, og hjálpaði Markúsi þannig til að vera í óleyfðri og ólöglegri lausamennsku nefnt ár. Að vísu hefur skýrsla Markúsar eigi verið fengin um þetta atvik, því að hann andaðist 13. maí f. á., en ákærði hefur hiklaust kannazt við það, að hann hafi á þennan hátt brotið gegn tilsk. um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863.

Með eigin játningu hins ákærða, Guðmundar Einarssonar bónda á Hesti, svo og öðrum skýrslum í málinu er það nægilega sannað, að hann hafi haustið 1889 eða 1890 ásamt meðákærða Guðna bróður sínum markað sjer 2 lömb, sem hann ekki átti, en lömbin tók hann úr óskilafje, sem var inni í fjárhúsi á heimili hans Gíslastöðum og skyldi geymast þar til næsta dags, en þá átti að reka fjeð til skilarjettar. Hann stakk upp á því við Guðna bróður sinn, að þeir skyldu marka lömbin upp og hjálpuðust þeir síðan að að gjöra það og mörkuðu þau undir mark Guðmundar, því að Guðni átti ekkert mark, en lömbunum skiptu þeir með sjer, þannig að hvor þeirra fjekk sitt. Ekki veit ákærði, hver átti þessi lömb, en þau drápust bæði skömmu síðar. — Haustið næst á eptir 1890 eða 1891 segir ákærði, að þeir bræður, hann og Guðni, hafi enn fremur heimildarlaust markað undir sitt mark og kastað eign sinni á 2 lömb, sem voru ásamt öðru óskilafje í fjárhúsi á Gíslastöðum, en fje þetta átti að ganga til skilarjettar daginn

eptir. Ekki vissu þeir, hver átti lömbin; lömbunum skiptu þeir á milli sín, þannig að hvor fjekk sitt. Að vísu hefur Guðni eigi viljað kannazt við eða minnast þess, að hann hafi verið með í þessum verknaði, en játning Guðmundar er hiklaus og ótvíræð, að því er hans verknað snertir. Haustið 1893 markaði Guðmundur að ófrjálsu undir mark sitt og kastaði eign sinni á hvítan lambhrút, sem hann ekki vissi hver átti, en meðákærði Guðni bróðir hans kom með hann ásamt öðru rekstrarfje úr Klausturhólarjettum, og var fje þetta látið inn í hús á Gíslastöðum til geymslu. Guðni sagði þá Guðmundi frá því, að ókunnugur lambhrútur hvítur hefði slæðzt með fjenu og stakk upp á því við hann, að þeir skyldu uppmarka hann og það gjörði Guðmundur síðan með aðstoð Guðna og sló eign sinni á lambið. Hinn ákærði hefur ennfremur kannazt við það, að hann hafi ennfremur fengið nokkrar kindur hjá Guðna bróður sínum fyrir lítið eða ekkert endurgjald, sem hann hafði grun um og jafnvel vissi, að voru Guðna ófrjálsar, nefnilega veturgamlan sauð vorið 1895 fyrir 3 kr., geldingslamb haustið 1894 fyrir 1 kr., hvítan sauð veturinn $18^{93}/_{94}$, hvítan lambgelding haustið 1893 og haustið 1895 skar hann 4 vetra gamlan sauð, sem hann hafði fengið hjá Guðna fyrir aðra kind og vissi hann þó, að sauðurinn var Guðna ófrjáls.

Hinn ákærði Guðni Einarsson er með eigin játningu og öðrum skýrslum í málinu orðinn sannur að sök um, að hann hafi í heimildarleysi tekið ull af annara manna fje, afmarkað, kastað eign sinni

á og villt heimildir á annara manna sauðkindum, og enn fremur átt hlutdeild í sumum glæpum hinna meðákærðu, föður síns og bróður. Í þessu efni er það upplýst, að hann hafi vorið 1891 tekið ull af hvítum sauð, sem hann ekki vissi hver átti; gjörði hann það í rjettinni á Gíslastöðum, en þangað rak hann kindina heim til rúnings; ullina setti hann saman við sína ull og hagnýtti sjer. Vorið 1892 eða 1893 rúði ákærði á sama hátt kind frá Vatnsnesi, en tók þó eigi allt reyfið af henni. Sama vorið rúði hann enn á sama stað sauð hvítan frá Arnarbæli og hirti ullina. Vorið 1895 rúði hann hvítan sauð, sem hann ekki vissi hver átti, og auk þess tók hann nokkra ull af sauð frá Klausturhólum. Kindur þessar tók hann í Gíslastaðarhögunum, rak þær heim í rjett og rúði þær þar. Haustið 1889 eða 1890 var hann í verki með Guðmundi bróður sínum að afmarka tvö lömb, og kastaði hann eign sinni á annað þeirra, eins og áður er frá skýrt. Á slætti sumarið 1892 tók hann með ráði og aðstoð föður síns veturgamla gymbur í kvíunum á Gíslastöðum, og slátraði henni, en kindin var annars manns eign; runnu afurðirnar inn í bú föður hans, og er þessa getið áður. — Svo hefur ákærði Guðni kannazt við að hann hafi sama haustið 1892 afmarkað og slegið eign sinni á 9 lömb og einn sauð veturgamlan. Lömbin tók hann í Gíslastaðafjenu í högunum þar, og vissi hann eigi, hverra eign þau voru. Sauðinn dró hann í Klausturhólarjett saman við Gíslastaðafjeð í þeim tilgangi, að kasta

eign sinni á hann og lagði hann mark Guðmundar bróður síns á hann, og segist hann síðar hafa látið Guðmund fá hann í skiptum fyrir aðra kind. Það er eigi upplýst, hver hafi átt sauðinn. — Haustið 1893 hvatti ákærði Guðmund bróður sinn til að uppmarka lambhrút, vísaði honum á hann og hjálpaði honum til að afmarka hann, eins og áður er getið. Sama haustið var hann í verki með föður sínum og hjálpaði honum að slátra tvævetrum sauð, annars manns eign, er faðir hans tók í rjettinni á Gíslastöðum og kastaði eign sinni á. Er þessa og áður getið. Þetta sama haust uppmarkaði hann í heimildarleysi 7 lömb, sem aðrir áttu, og kastaði eign sinni á þau. 6 af lömbum þessum voru saman við Gíslastaðafjeð í heimahögum þar, er hann tók þau til afmörkunar, en 1 lambið tók hann úr úrgangsfjenaði, er geymdur var í fjárhúsi á Gíslastöðum. Um eigendur lambanna hefur ekkert orðið upplýst. — Haustið 1894 uppmarkaði ákærði og kastaði eign sinni á 6 lömb, er voru annara eign; tók hann þau öll í Gíslastaðafjenu, er þau höfðu komið saman við, og markaði þau í rjettinni á Gíslastöðum. Það er eigi upplýst, hverjir áttu þessi lömb. — Haustið 1895 var Guðni í verki með föður sínum að uppmarka 3 lömb, sem þeir tóku úr úrgangskindum, er voru inni í fjárhúsi á Gíslastöðum, og er þessa áður getið. Guðni markaði lömb þessi undir mark föður síns. Þetta haust afmarkaði hann sjer enn fremur heimildarlaust 2 lömb, sem hann fann í Gíslastaðalandi í fje föður síns, en sem aðrir menn

áttu; öðru lambinu hefur verið skilað til eigandans, en um eiganda að hinu er óvíst. Þá tók hann þetta haust hvíta á veturgamla, sem var annars manns eign, er hann fann í Gíslastaðafjenu í högunum þar, slátraði henni og runnu afurðirnar inn í bú föður hans. Þá tók hann og úr fjenu í Gíslastaðarjett hvítt gymbrarlamb, annars manns eign og markaði það heimildarlaust undir mark sitt. Um eigendur að þessum kindum er óupplýst. — Þar sem hinn ákærði Guðni Einarsson hefur skýrt frá því að hann hafi fyrir nokkrum árum í Reykjarjettum fundið nýsilfurbúna svipu á sandinum fyrir framan rjettina, og að hann hafi eigi lýst þessari svipu, þá verður að fallast á það að hjeraðsdómarinn hefur ekki dæmt hann til refsingar fyrir þetta athæfi hans, með því að það verður eigi álitið að hann hafi ætlað að kasta eign sinni á svipuna, eptir því sem hann hefur frá skýrt og hann hefur eigi farið leynt með hana eða dregið dul á fund sinn, þó að hann hafi eigi beinlínis lýst henni á venjulegan hátt. — Enginn hinna ákærðu hefur áður sætt refsingu eða verið dæmdur fyrir nokkurn glæp og allir eru þeir komnir yfir lögaldur sakamanna. Einar Einarsson er fæddur 5. sept. 1835, Guðmundur Einarsson 29. febr. 1868 og Guðni Einarsson 5. maí 1874. — Afbrot Einars Einarssonar heyra undir 250. gr. að nokkru leyti, sbr. við 48. gr. og 255. gr., sbr. 48. gr. og 240. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin fyrir hann hæfilega metin, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. sömu laga, 12

mánaða betrunarhúsvinna. Auk þess á hann að greiða sekt fyrir hilmingu með óleyfðri lausamennsku samkv. tilsk. 26. maí 1863, og þykir sektin hæfilega metin af hjeraðsdómaranum 10 kr., er renni að hálfu í sveitarsjóð Grímsnesshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar, og ber því að staðfesta hjeraðsrjettardóminn að þessu leyti. Afbrot Guðmundar Einarssonar heyrir undir 255. gr. sbr. að nokkru leyti við 48. gr. og 55. gr., og 240. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir hann, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr., hæfilega metin 8 mánaða betrunarhússvinna.

Afbrot Guðna Einarssonar heyra undir 230. gr., 231. gr. 1. málsl., 250. gr., sbr. 48. gr., 255. gr., sbr. 48. gr. og 55. gr., og þykir refsingin fyrir hann hæfilega metin, að nokkru leyti með tilliti til 38. gr. og með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr., 18 mánaða betrunarhúsvinna. — Málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins staðfestast. Um iðgjöld verður eigi dæmt, með því að þeirra hefur eigi verið krafizt. — Hinir ákærðu greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. til hvors. — Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Einar Einarsson sæti 12 — tólf — mánaða betrunarhúsvinnu og greiði 10 kr.

sekt, er renni að hálfu í fátækrasjóð Grímsneshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar. Ákærði Guðmundur Einarsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Ákærði Guðni Einarsson sæti 18 mánaða betrunarhúsvinnu. Um málskostnað í hjeraði sje undirrjettardómurinn óraskaður. Hinir ákærðu greiði og in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflærslumanns Gísla Ísleifssonar, 12 kr. til hvors. Sektin greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og skal honum að öðru leyti fullnægt með aðför að lögum.

Nr. 35/1896: Skapti Jósepsson
gegn
Þórarni Guðmundssyni.

Dómur:

Hinn 22. júlí f. á. ljet hinn stefndi verzlunarstjóri Þórarinn Guðmundsson á Seyðisfirði stefnuvottana birta áfrýjandanum Skapta ritstjóra Jósepssyni á Seyðisfirði skjal dags. 16. s. m. þess efnis, að áfrýjandinn hefði fyrir vangreiðslu á leigu eptir hús það á Seyðisfirði, er hann hafði íbúð og prentsmiðju í og sem stefndi átti, svo kallað Rekdahlshús, fyrirgjört öllum rjetti til að vera lengur í húsi þessu, og krafðist stefndi því

þess í skjalinu, að áfrýjandinn yrði fluttur úr húsinu með allt sitt fyrir 1. ágúst næstan eptir. Áfrýjandi sinnti eigi uppsögn þessari eða útbyggingu, heldur sat áfram í húsinu, en 27. s. m. ljet hann bjóða stefnda leiguna, er vangoldin var, 125 kr., eða 5 mánaða leigu, og var hún látin til geymslu á skrifstofu bæjarfógetans, af því að stefndi vildi eigi taka við henni. Krafðist stefndi síðan hinn 4. ágústm., að áfrýjandi væri borinn út úr húsinu af fógeta og úrskurðaði fógetinn hinn 6. s. m. gegn mótmælum áfrýjanda, að útburðargjörðin skyldi fram fara, og flutti áfrýjandi þá úr húsinu, en geymdi sjer jafnframt rjett til að áfrýja úrskurðinum og krefjast skaðabóta.

Hefur áfrýjandinn nú með stefnu dags. 27. okt. f. á., skotið þessum úrskurði til yfirdómsins og krafizt þess að úrskurðurinn og útburðargjörðin verði dæmd ómerk og úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer í skaðabætur 2070 kr. 50 a., eptir reikningi, er hann lagði fram í yfirdóminum, og skaðabætur að öðru leyti eptir óvilhallra manna mati, eða að allar skaðabætur verði sjer dæmdar eptir óvilhallra manna mati; svo hefur hann og krafizt málskostnaðar fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að úrskurðurinn og útburðargjörðin verði staðfest og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur búið og haft prentsmiðju og blaðaútgáfu í fyrnefndu svokölluðu Rekdahls-

húsi, eign stefnda, síðan 14. júlí 1891, og var annar maður ábyrgðarmaður fyrir húsaleigunni gagnvart stefnda fyrstu 2 árin, eða til 14. júlí 1893. Var leigan greidd í einu lagi þessi 2 ár (að minnsta kosti síðara árið) eptir lok leiguársins, eða síðast í júlímánuði, en frá 14. júlí 1893, er áfrýjandinn hafði húsið á leigu ábyrgðarmannslaust, var það reglan, eptir því sem framlagðar kvittanir sýna, að leigan væri greidd mánaðarlega, þó að hún safnaðist stundum fyrir og væri þá greidd fyrir fleiri mánuði í einu.

Áfrýjandinn hefur nú haldið því fram, að hann hafi verið ólögum beittur, er hann var rekinn úr húsinu, þar sem hann hafi haft húsið til leigu fyrir heilt ár í senn (árið talið frá 14. júlí til jafnlengdar næsta ár) og sá samningur verið endurnýjaður þegjandi milli málsparta, eins þetta ár (1896) eins og undanfarin ár, og hafi hann því, þegar útvísunin átti sjer stað, þegar verið búinn að öðlast leigurjett til hússins til 14. júlí 1897; svo hafi hann og eigi heldur gjörzt sekur í vangreiðslu á leigu, því að svo hafi verið um samið að ársleigan væri rjett goldin, ef hún gyldist innan júlímánaðarloka, og hefði enginn brestur á því orðið í þetta sinn. Hinn stefndi hefur aptur á móti haldið því fram, að húsið hafi verið leigt að eins til mánaðar í einu og gegn leigu mánaðarlega, og þar sem áfrýjandi hinn 16. júlí 1896, er uppsögnin átti sjer stað, hafi átt ógreidda leigu fyrir 5 mánuði, hafi hann með því fyrirgjört leigurjetti sínum að húsinu. Þegar svara skal spurn-

ingunni um leigutímann á húsinu, hvort það hafi verið leigt áfrýjanda fyrir eitt ár í senn eða að eins mánaðarlega, verður eigi byggt á neinum skriflegum leigusamningi milli málspartanna, því að slíkur samningur hefur aldrei verið gjörður, en þegar litið er til þess, að það er upplýst í málinu, að húsið var leigt árlangt fyrstu 2 árin, sem áfrýjandi bjó í því, og að þetta má teljast hinn almenni leigumáli á heilum húsum, svo og þegar athugað er, hve óhagkvæmur og þess vegna ósennilegur styttri leigutími hlaut að vera fyrir áfrýjanda vegna kostnaðarsams flutnings á prentsmiðjuáhöldum o. fl., þá virðist rjett að ganga út frá því, sem áfrýjandi vill halda fram, að húsið hafi verið leigt honum fyrir ár í senn, og hafi hann því, þar sem honum eigi hafði verið sagt upp húsinu tímanlega fyrir leiguársins byrjun (14. júlí 1896), átt leigurjett á því til 14. júlí 1897, að svo miklu leyti hann eigi hefði brotið hann af sjer með samningsrofi af sinni hálfu, en þessu vill stefndi halda fram. Hvað leiguborganir snertir, virðist enginn vafi á því vera eptir kvittunum þeim fyrir leigugreiðsluna, er fram hafa komið í málinu, að áfrýjandi átti að greiða leiguna mánaðarlega, enda er slíkt altítt og hið venjulega, þótt leigutíminn sje lengri. Eins og fyrr er tekið fram, átti áfrýjandi 14. júlí 1896 ógreidda leigu eptir húsið fyrir síðustu 5 mánuðina, eða samtals 125 kr., sem hann fyrst greiddi 27. s. m., eptir að honum 5 dögum áður hafði verið birt uppsögn á leigunni. Að vísu var nú slík greiðsla eigi sam-

kvæm því, sem álízt hafa verið um samið milli málsparta, nefnilega að leigan skyldi greidd mánaðarlega, en þess ber að gæta, að, eins og áfrýjandi hefur bent á, átti það sjer þráfaldlega stað þessi ár, sem áfrýjandi leigði húsið af stefnda, 1894—96, að leigan væri eigi greidd á rjettum tíma og var drátturinn á leiguborguninni stundum jafnvel meiri en átti sjer stað í þetta skipti, sem nú er um að ræða, og er þó ekkert komið fram í málinu um það, að stefndi hafi eigi látið sjer það lynda, að áfrýjandi hagaði greiðslunni þannig. En með tilliti til þeirrar venju, er þannig óátalið virðist hafa verið á komin um greiðslu húsaleigunnar, verður eigi álitið að stefndi hafi haft rjett til að skoða dráttinn, sem mál þetta orsakaðist af, sem slíkt samningsrof af áfrýjanda, er byggð yrði á burtvísun úr húsinu uppsagnarlaust og síðan útburður af fógeta. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjaða fógetaúrskurð og útburðargjörð og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda bætur fyrir tjón það, er hann hefur beðið við hinn ólöglega útburð, og álítur rjetturinn þær eptir málavöxtum hæfilega ákveðnar 1000 kr. Stefnda ber og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum með 50 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og útburðargjörð eiga ógild að vera. Stefndi verzlunarstjóri Þórarinn Guðmundsson greiði áfrýjandanum Skapta ritstjóra Jósepssyni í skaða-

bætur 1000 kr. — eitt þúsund krónur — og í málskostnað greiði hann honum 50 — fimmtíu — krónur. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagri lagaaðför.

Nr. 36/1896: Arnljótur prestur Ólafsson
gegn
Björgúlfi Brynjúlfssyni.

Dómur:

Með dómi gestarjettar Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 10. júní 1895, var áfrýjandinn Arnljótur prestur Ólafsson á Sauðanesi dæmdur til þess að greiða stefnda Björgúlfi Brynjúlfssyni á Vopnafirði 36 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 21. apríl 1893, unz borgun skeður, svo og kostnað þann allan, sem löglega leiðir af máli þessu. Dómi þessum hefur Arnljótur prestur Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 27. okt. f. á. og hefur hann fengið uppreistarleyfi til áfrýjunar út gefið 6. okt. f. á. Fyrir yfirdóminum hefur hann gjört þær rjettarkröfur, aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og til vara, að hann verði að eins dæmdur til að greiða Björgúlfi Brynjúlfssyni 18 kr., en verði að öðru leyti sýknaður. Svo hefur áfrýjandi krafizt þess, að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum, hvernig sem málið fer. — Hinn stefndi hefur eigi mætt sjálfur nje látið mæta fyr-

ir sig við yfirdóminn, þótt löglega sje stefndur, og verður því að dæma málið eptir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum samkv. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 § 2.

Skuldar- eða skaðabótakrafa stefnda gegn áfrýjanda, að upphæð 36 kr., er fyrir hey, sem stefndi þykist hafa átt og segir að hafi runnið inn til áfrýjanda, án þess að hann hafi fengið nokkuð endurgjald fyrir, og eru atvik málsins þessi: Haustið 1889 eptirljet prestsekkjan Guðrún Bjarnardóttir hinum stefnda heyleifar þær, sem hún bjóst við að eiga eptir við 2 tilgreind hús á Sauðanesi vorið 1890 og þessa heysölu samþykkti áfrýjandinn, er hann tók við Sauðaness-stað vorið 1890, enda voru heyleifarnar eigi virtar við úttektina. Stefndi segir, að hann hafi beðið áfrýjanda um og fengið samþykki hans til að heyið mætti vera óhreyft á Sauðanesi fram á næsta vetur 1890—91, en þessu hefur áfrýjandi neitað og segir þar á móti, að hann hafi lagt fyrir stefnda, að flytja heyið svo tímanlega burtu, að það kæmi eigi í bága við heyannir hans. Þegar fram á sumarið leið, þóttist áfrýjandi þurfa að halda á annari tóptinni, sem heyið var í; skrifaði hann þá manni einum þar í nágrenninu, sem hann hugði hafa umboð stefnda til að flytja heyið burtu, og skoraði á hann að sækja það; en er hann gjörði það eigi, ljet áfrýjandi binda hey sitt ofan á heyleifarnar í annari tóptinni, og virðist síðan hafa gefið þær skepnum sínum ásamt sínu heyi. Þegar því umboðsmaður stefnda ætlaði að sækja heyið í

desember 1890, gat hann ekki fengið það. Áfrýjandi ljet 2 menn virða heyleifarnar, áður en hann batt hey sitt ofan á þær, og töldu þeir heyið 6 hesta, helming frok og gamalt ruddahey, en helming rekjutöðu, og mátu það á 18 kr., en þessari virðingu hefur stefndi algjörlega mótmælt, með fram af því að virðingarmennirnir hafi verið annar náfrændi áfrýjanda og hinn vinnumaður hans. Stefndi hefur talið heyið 8—9 hesta og krefst af sinni hálfu 36 kr. fyrir það, eins og áður er sagt.

Þar sem áfrýjandi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður, af þeirri ástæðu, að stefndi hafi ekki verið rjettur sóknaraðili í hjeraði, þá verður þessi krafa ekki tekin til greina, því að það er ekki ástæða til að álíta, að kaup hins stefnda á hinu umrædda heyi hafi gengið til baka og að hann fyrir því hafi í raun og veru ekki verið eigandi þess, þá er hann höfðaði mál þetta.

Þótt áfrýjandi hafi borið á móti því í málinu, verður það þó að álítast sannað af stefnda með framlagningu brjefs til hans frá áfrýjanda, dags. 13. des. 1890, að áfrýjandi hafi lofað honum sumarið 1890, að umræddar heyleifar mættu vera kyrrar á jörðunni fram á næsta vetur (1890—91), en áfrýjandinn gat að eins eigi sagt stefnda, þegar hann gaf honum þetta leyfi, hvaða pláss í heygarðinum hann gæti misst handa heyleifunum frá sínu eigin heyi, er bundið yrði inn um sumarið. Af þessum sökum gat stefndi búizt við nánari vísbendingu frá áfrýjanda um, hvernig færa ætti

heyið til, ef þess gjörðist þörf, að það yrði fært á annan stað, og gat hann gengið út frá því að öðrum kosti, að heyið mætti vera kyrrt á þeim stað, sem það var. En slíka vísbendingu fjekk stefndi eigi frá áfrýjanda, — því að aðvörun sú, er hann tjáist hafa sent öðrum manni, er hann ætlaði umboðsmann stefnda, er í þessu sambandi með öllu þýðingarlaus —, en áfrýjandi ljet aptur á móti fyrirvaralaust til stefnda, sem þó var þar allnærri staddur við smíðar, hlaða sínu heyi ofan á heyleifar stefnda og gefa þær síðan með sínu heyi fjenaði sínum. Með því að áfrýjandi álízt þannig heimildarlaust hafa tekið hey, er stefndi átti, og notað það í sínar þarfir, verður að fallast á það að undirdómarinn hefur dæmt hann til að endurgjalda stefnda það að fullu. Að því er upphæð skaðabótanna snertir, verður ekki farið eptir virðingu þeirri, er áfrýjandi ljet fram fara á heyleifunum og sem fyr er getið, með því að virðingarmennirnir eiðfestu aldrei sjálfa virðingargjörðina, sem stefndi hefur vefengt og mótmælt. Það er líka upplýst með framangreindu brjefi áfrýjanda 13. des. 1890, sem kemur heim við önnur vottorð, sem fram hafa verið lögð, að heygæðin á heyleifunum voru allt önnur (betri) heldur en virðingarmennirnir hafa lýst þeim í vottorði sínu um virðinguna, sem sje mestmegnis taða, og þar sem krafa stefnda um upphæð skaðabótanna sýnist vera sennileg, eptir því sem heyleifarnar voru miklar og eptir því sem verð er á töðu ómótmælt talið vera í málinu, verður að staðfesta hinn á-

frýjaða dóm í aðaleíni hans. Málskostnaður fyrir hjeraðsrjetti, er áfrýjanda ber að greiða stefnda, ákveðst 30 kr., en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rjett vera:

Afrýjandinn, Arnljótur prestur Ólafsson, greiði stefnda Björgólfi Brynjúlfssyni 36 — þrjátíu og sex — krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 21. apríl 1893 til borgunardags. Svo greiði áfrýjandinn og stefnda málskostnað í hjeraði með 30 — þrjátíu — krónum, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. júlímánaðar.

Nr. 1/1897: Valdimar Ásmundarson gegn Pálma Pálssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem Pálmi Pálsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík, höfðaði fyrir bæjarþingi gegn ritstjóra Valdimar Ásmundarsyni út af grein einni í blaði hans »Fjallkonunni«, sem Pálmi Pálsson taldi meiðandi og móðgandi fyrir sig, var dæmt 12. dag nóvembermán. f. á. með þeim úr-

slitum, að Valdimar Ásmundarson var dæmdur í 30 kr. sekt til landssjóðs og nokkur hinna átöldu ummæla dæmd dauð og ómerk. Svo var honum og gjört að greiða Pálma Pálssyni málskostnað með 15 kr., eins og líka að lúka 8 kr. sekt í landssjóð fyrir óþarfa þrætu samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819.

Þessum dómi hefur Valdimar Ásmundarson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu, dagsettri 2. janúar 1897, og krafizt, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum og kærum stefnda í þessu máli og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu eða með einhverju nægu eptir áliti rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða hæfilegan málskostnað eptir rjettarins mati.

Hinn 25. ágústmán. f. á. skritaði stjórn fornleifafjelagsins, en í henni er meðal annara áfrýjandi þessa máls, brjef til stiptsyfirvaldanna, og kvartaði yfir því, að Pálmi Pálsson, kennari við lærða skólann, sem undanfarin ár hefði veitt »forngripasafninu« ágæta forstöðu, væri sviptur þeirri sýslan, en hún skipuð öðrum manni miður hæfum. Þetta brjef var birt í blaðinu »Ísafold« 29. ágúst s. á. Hinn 1. septbr. næst eptir birtist grein í »Fjallkonunni«, undirskrifuð af áfrýjanda með fyrirsögn »Umsjón forngripasafnsins«; segir meðal annars í nefndri grein, að áðurnefnt brjef til stiptsyfirvaldanna sje byggt á tómum misskilningi og

ósönnum milliburði stefnda, Pálma Pálssonar, er hafi skýrt stjórn fornleifafjelagsins rangt frá málavöxtum, hafi blekkt fjelagsstjórnina til að skrifa undir brjefið, er ritað sje með hans (Pálma) eigin hendi og af honum samið, og ennfremur, að þótt fornleifafjelagsstjórnin að vísu hefði átt að kynna sjer málið til hlítar, áður en hún skrifaði stiptsyfirvöldunum, þá yrði að afsaka, þótt hún tryði frásögn Pálma Pálssonar, »sem hún vissi þá ekki annað en væri áreiðanlegur maður«. Loks er í greininni þessi spurning: »Vill hann (Pálmi) þá vinna það fyrir ljelegan bitling að vanrækja bæði safnið og embætti sitt?«

Þessi ummæli áleit stefndi meiðandi og móðgandi fyrir sig, og höfðaði því mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, er þar hlaut þau úrslit, sem áður segir. — Hvað snertir hina síðast tilfærðu klausu: »Vill hann þá . . . . . embætti sitt«, þá áleit undirdómarinn hana ósaknæma og kemur hún því ekki til álita í yfirdóminum, þar sem stefndi hefur eigi áfrýjað málinu, en um hin önnur átöldu orð og setningar greinarinnar verður yfirdómurinn að vera hjeraðsdómaranum samdóma, að þau sjeu meiðandi og móðgandi fyrir stefnda, og hefur áfrýjandi ekki einu sinni leitazt við að rökstyðja þau, heldur að eins haldið því fram, að þau væru ekki meiðandi eða móðgandi. Yfirdómurinn verður því að fallast á, að hin meiðandi og móðgandi ummæli áfrýjanda um stefnda eru dæmd dauð og ómerk og að áfrýjandi er dæmdur í sekt samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga og

virðist hún hæfilega metin af undirdómaranum 30 kr., er renni í landssjóð, eða til vara 8 daga einfalt fangelsi; og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað og sekt fyrir óþarfa þrætu, ber að öllu leyti að staðfesta hann. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Afrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Pálma Pálssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagri aðför að lögum.

Nr. 20/1897: Rjettvísin gegn Sveini Guðmundi Sigurðssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Barðastrandarsýslu, gengnum 26. ágústmán. f. á., var hinn ákærði Sveinn Guðmundur Sigurðsson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans í hjeraði, Ólafs Jóhannessonar, 4 kr.

Dómi þessum hefur verið áfrýjað til lands-

yfirrjettarins eptir beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Það er sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða, sem er fæddur 6. ágúst 1876 og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, og öðrum skýrslum í málinu, að hann, þegar hann átti heima á Kirkjubóli, tók ótrjálsri hendi fáa sykurmola úr læstri kistu, sem hann opnaði með hinum rjetta lykli, er stóð í skránni; ákærði var þá ekki 15 ára gamall. Um sumarið 1894 eyddi hann í eigin þarfir 25 aurum, er honum höfðu verið fengnir til þess að borga flutningsgjald á böggli. Sumarið 1895 fór hann tvisvar í kofort húsbónda síns og tók úr því lítið eitt af sykri og 2 brauðkökur; í fyrra skiptið var kofortið læst og fór hann í það með rjettum lykli, er hjekk fyrir ofan rúm eigandans, húsbónda hans, en í hitt skiptið var kofortið opið; enn ætlaði hann og í þriðja skiptið að taka eitthvað ætt úr kofortinu, en var þá hindraður af húsbónda sínum. Þá tók hann sama sumar úr læstum hjalli húsbónda síns 2 rauðmaga og 1 grásleppuband, er hann dró út um gat á rjáfri hjallsins með goggi. Það, sem hann þannig tók, át hann þegar í stað, að svo miklu leyti, sem það ekki var tekið af honum. Þá hefur ákærði enn játað, að hann haustið og veturinn 1895—96 hafi tekið skæri frá konu Sturlu Ólafssonar, bónda á Vindheimum, íslenzka leðurskó frá nefndum bónda og barnsvetlinga, er kvennmaður á Kvígindisfelli átti. Skærin höfðu verið keypt fyrir 2 kr., en skórnir hafa verið taldir

50—60 aura virði. Þessir munir eru aptur fengnir rjettum eigendum. Um iðgjöld er því ekki að ræða.

Fyrsta brot framdi ákærði innan 15 ára aldurs; á það undir 237. gr. alm. hegningarlaga og verður því ákærða samkv. 37. gr. hegningarlaganna eigi refsað fyrir það. Taka ákærða á ofan um getnum 25 aurum á undir 256. gr. hegnl. og matvælataka ákærða á undir 237. gr. hegnl.; en þar sem rjettir hlutaðeigendur ekki hafa krafizt, að málssókn væri hafin gegn ákærða, verður hann ekki dæmdur fyrir þessi brot. En taka ákærða á skærunum, leðurskónum og vetlingunum er þjófnaður, sem á undir 230. gr. hegnl., og virðist hegning sú, sem hjeraðsdómarinn hefur dæmt hann í, 5 daga fangelsi við vatn og brauð, hæfileg; og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, ber að öllu leyti að staðfesta hann.

Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði Sveinn Guðmundur Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með

talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, setts málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlímánaðar.

Nr. 10/1897: Jón Valdason
gegn
Jóni Hjörleifssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu 14. nóv. f. á. var áfrýjandinn Jón bóndi Valdason á Steinum dæmdur samkvæmt 218. sbr. 217. gr. alm. hegningarlaga í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi, fyrir meiðyrði um stefnda Jón hreppstjóra Hjörleifsson á Eystri-Skógum. Svo voru og hin ærumeiðandi orð með dóminum dæmd dauð og ómerk og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. febr. þ. á., og hefur hann krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur í hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og

áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda málskostnað eptir mati rjettarins.

Hin umstefndu meiðyrði eru í því fólgin, að áfrýjandi að afloknu manntalsþingi í Steinahelli 22. maí f. á. hafði þau orð um stefnda í áheyrn þingheims, að hann hefði »skjalrænt sig«, og átti hann þá við það atvik, að stefndi neitaði að afhenda honum aptur skjal nokkurt eða skjöl, er hann hafði sent hreppsnefndinni og þar sem hann kærði yfir því til nefndarinnar, að honum hefði verið ranglega hrundið af kjörskrá, en stefndi, sem var hreppsnefndaroddviti, áleit ekki, að áfrýjandi ætti heimting á að fá skjölin aptur, heldur ættu þau að geymast með öðrum hreppsskjölum.

Þó nú áfrýjandinn, eins og hann hefur kannazt við, hafi sagt við stefnda í áheyrn margra manna, að hann hafi »skjalrænt« sig, verður eptir öllum atvikum, sem að lúta, eigi lagt frekara í þetta orð, en að áfrýjandi hafi með því borið stefnda á brýn, að hann haldi ranglega fyrir sjer skjali, sem áfrýjandi þóttist hafa rjett til að fá afhent. En í þessu felst engin saknæm aðdróttun eða móðgun og verður því að sýkna áfrýjanda í málinu og eigi er heldur ástæða til að dæma ómerk hin átöldu orð. Eptir málavöxtum þykir rjett, að kostnaður sakarinnar fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Afrýjandi Jón Valdason skal vera sýkn

fyrir kærum og kröfum stefnda Jóns Hjörleifssonar í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 26. dag júlímánaðar.

Nr. 19/1897: Valdimar Ásmundarson
gegn
Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Í 50. tölublaði af XIII. árgangi Fjallkonunnar, sem kom út 16. desember f. á., stóð fremst í blaðinu með stóru, breyttu letri svo hljóðandi grein eða auglýsing: »Þorvaldur pólití! Með því að Þorvaldur lögregluþjónn hefur höfðað mál gegn mjer út af sanngjarnri grein í 47. tölublaði Fjallkonunnar, bið jeg alla þá, sem kynnzt hafa þessum velnefnda dánumanni, að gefa mjer munnleg eða skrifleg vottorð um það, hvaða álit þeir hafi á honum sem lögregluþjóni eptir þeirri þekkingu, sem þeir hafa á skapsmunum hans og annari háttsemi. Þar að auki fýsir mig að vita um, hversu áreiðanlegur maður hann er í viðskiptum m. fl., og fróðlegt væri að frjetta um öll hans eldri brek og munið þið þá eptir *kerlingunni*. Valdimar Ásmundarson«. Nær því samhljóða auglýsing stóð í næsta, 51. tölublaði Fjallkonunnar á öptustu blaðsíðu hennar, en með stærra letri en aðrar auglýsingar. Í þessari auglýsingu í síðara blaðinu er að eins bætt inn orðunum: »og yngri«

fyrir framan brek, og sleppt seinustu klausunni: »og munið« o. s. frv. Á því leikur enginn vafi, að auglýsing þessi hljóði um hinn stefnda og að áfrýjandi hafi samið hana og sett nafn sitt undir hana.

Þorvaldur lögregluþjónn Björnsson höfðaði meiðyrðamál gegn áfrýjanda, Valdimar Asmundarsyni, út af auglýsingunni fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, og lauk því svo með dómi rjettarins, upp kveðnum 1. apríl þ. á., að ummælin í síðara hluta auglýsingarinnar, (einnig fýsir mig að vita o. s. frv.), voru dæmd ómerk, og áfrýjandi dæmdur í 30 kr. sekt til landssjóðs fyrir þau, en til vara í 8 daga einfalt fangelsi; svo var hann og dæmdur til að greiða 15 kr. í málskostnað. Þessum bæjarþingsdómi hefur ritstjóri Valdimar Ásmundarson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. apríl þ. á., og krafizt þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að fullu fyrir báðum rjettum. Stefndi Þorvaldur Björnsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hafði áður skrifað grein um stefnda í 47. tölubl. Fjallkonunnar f. á., sem stefndi áleit freklega meiðandi fyrir sig og lögsótti því áfrýjanda fyrir hana til hegningar. Áfrýjandinn segir nú, að hann hafi sett þessa auglýsingu í blað sitt í því skyni að fá þær upplýs-

ingarsum stefnda, er hann gæti notað sjer til varnar í áminnztu meiðyrðamáli.

En það er þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, að grennslast eptir því, hver hafi verið tilgangur stefnda með auglýsingunni, og hann getur eigi komizt hjá refsingu, ef það álízt, að auglýsingin innihaldi órjettmætar ærumeiðingar um stefnda, þótt tilgangurinn með auglýsingunni hafi verið annar en sá, að ærumeiða stefnda. Með því að stefndi hefur eigi gagnáfrýjað málinu, kemur hjer fyrir rjettinum að eins til álita seinni málsgrein auglýsingarinnar, en það er hún ein, sem undirdómarinn hefur talið saknæma og dæmt áfrýjanda refsing fyrir. Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um það, að í þessum síðari hluta auglýsingarinnar felist aðdróttun til stefnda um það, að hann sje maður ekki áreiðanlegur í viðskiptum, og að hann hafi að fornu og nýju gjört sig sekan í ýmsum brekum, og það getur eigi dulizt, að þessi ummæli eru meiðandi og móðgandi fyrir stefnda, og geta orðið áliti hans og virðingu til hnekkis, en það er sjerstaklega tilfinnanlegt fyrir hann, þar sem hann hefur á hendi sýslan í almennings þarfir, sem heimtar það, að hann njóti trausts almennings. Með því að áfrýjandi hefur eigi rjettlætt þessi ummæli sín, og yfirdómurinn verður að álíta þau saknæm, ber að dæma hann til refsingar fyrir þau eptir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin 20 kr. sekt til landssjóðs, en verði hún eigi greidd að fullu inn-

an ákveðins tíma, komi í hennar stað 6 daga einalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta dóminn með þessari breytingu á refsingunni. Áfrýjandinn verður og að greiða málskostnað til stefnda fyrir yfirdómi, sem ákveðst 12 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sektin til landssjóðs sje 20 — tuttugu — krónur og vararefsingin 6 — sex — daga einfalt fangelsi. Áfrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Þorvaldi Björnssyni 12 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægt áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 11/1897: Jón Valdason
gegn
Jóni Hjörleifssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hreppstjóra Jóni Hjörleifssyni gegn Jóni bónda Valdasyni út af meiðyrðum.

Var dómur kveðinn upp í því fyrir aukarjetti Rangárvallasýslu hinn 14. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að Jón Valdason skyldi greiða 120

kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 24 daga, væri sektin ekki greidd í ákveðinn tíma, og málskostnað með 20 krónum.

Þessum dómi hefur Jón Valdason áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu 17. febr.mán. þ. á. og krafizt, að dómurinn verði með eða án heimvísunar felldur úr gildi og honum breytt þannig, að hann (áfrýjandi) verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og stefndi dæmdur til að greiða allan málskostnað. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Með tilskipun 15. ágústmánaðar 1832, 10. gr., er undirdómaranum gjört að skyldu að leiðbeina málspörtunum; það er, hann á, eins og komizt er að orði í nefndri lagagrein: »að stýra þeirra innbyrðis viðskiptum, að málið tilhlýðilega upplýsist, og sjer í lagi á hann að leiðbeina málspörtunum til að gefa vissar, skilmerkilegar og sannorðar skýrslur um þær kringumstæður, undir hverjum sóknarinnar gildi er komið, og til að útvega þær bevísingar, sem í neitunartilfelli eru nauðsynlegar«.

Undirrjettardómsgjörðirnar í málinu bera það með sjer, að dómarinn alls ekki hefur gætt þessarar skyldu sinnar þrátt fyrir það, þó báðir málspartar beiddust leiðbeiningar hans, og gaf sjálfur málflutningur partanna þó fyllstu ástæðu til að leiðbeina þeim einkum með tilliti til nauðsynlegra sannana.

Það ber því ex officio að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og að vísa málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar þannig, að hjeraðsdómarinn komi málinu í samt lag og það var 5. okt. f. á., áður en það var tekið undir dóm, og leiðbeina síðan málspörtunum til að útvega þau sönnunargögn, skýrslur og skírteini, sem nauðsynleg eru til þess að málið verði nægilega skýrt.

Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar þannig, að undirdómarinn komi málinu í samt lag og það var 5. okt. 1896, áður en það var tekið undir dóm, og leiðbeini síðan málspörtunum til að útvega þau sönnunargögn, skýrslur og skírteini, sem nauðsynleg eru til þess að málið verði nægilega skýrt.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 21/1897: Valdimar Ásmundarson
gegn
Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Með því að áfrýjunarstefnan í máli þessu alls

ekki hefur verið birt, hvorki stefnda nje undirdómaranum, og stefndi hefur eigi mætt nje látið mæta fyrir þessum rjetti í málinu, ber að vísa henni frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá landsyfirrjettinum.

Mánudaginn 2. ágústmánaðar.

Nr. 22/1897: Rjettvísin gegn Gísla Hjálmarssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 27. febr. þ. á., var hinn ákærði húsmaður Gísli Hjálmarsson á Næfranesi dæmdur fyrir stuld á kind samkvæmt 231. gr. 1. lið. alm. hegningarlaga í 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða í iðgjöld 14 kr. til Erlendar Jóhannessonar á Næfranesi. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað að meðtöldum málsfærslulaunum til verjanda hans í hjeraði cand. Gríms Jónssonar 10 krónur. Þessum dómi hefur að ósk hins dómfellda verið skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það löglega sannað, að hann aðfangadagskvöld jóla f. á. brauzt

inn í fjárhús Erlendar bónda Jóhannessonar á sama bæ, sem bundið var aptur með snæri, og tók þar gimbur veturgamla, er Erlendur átti, og skar hana í útihúskofa, er hann átti við bæ sinn, en faldi hausinn og skrokkinn við móhlaða þar í kofanum og breiddi poka yfir. Fór ákærði síðan heim og háttaði, en snemma um morguninn daginn eptir (jóladagsmorgun) fór hann og gjörði kindina til og ljet hausinn, gæruna og innyflin í poka, sem hann grót niður í moðbing, en brytjaði kjötið niður og saltaði mest af því, en fór með nokkuð inn í bæ og ljet matreiða það, án þess konu hans grunaði annað en að það væri kjöt af þeirra eigin kind, er skorin hafði verið á aðfangadagsmorguninn. Eigandi hinnar stolnu gimbrar kom litlu síðar um daginn til ákærða og spurði eptir gimbrinni, en ákærði þóttist ekki vita neitt um hana, en morguninn eptir (á annan í jólum) tók ákærði eptir því að pokinn með innyflunum var horfinn þaðan, sem hann hafði falið hann, og skildi hann þá að allt var komið upp um hann og fór til eiganda kindarinnar og bað hann fyrirgefningar á yfirsjón sinni. Ákærði kom úr kaupstað á aðfangadagskvöldið talsvert drukkinn og hafði hann selt þar á laun við konu sína kindarkropp, er slátrað hafði verið þar á heimilinu um morguninn. Grunaði konuna þegar, að ákærði hefði selt kindarkroppinn, því að hann hafði vínföng meðferðis úr kaupstaðnum, og ekki var um annan gjaldeyri að ræða en kjötið, og bar hún það upp á ákærða og hugkvæmdist honum þá að stela kind frá ná-

granna sínum til að leyna sölunni og kannaðist því ekki við fyrir konunni að hafa selt nema hálfan kroppinn. Ákærði hefur einnig síðar í vörn sinni borið það fram, að hann hafi þótzt hafa farið halloka fyrir Erlendi bónda í viðskiptum áður og hafi því álitið sig eiga hjá honum það, er næmi einu kindarverði.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefur honum eigi verið refsað áður eða hann sætt ákæru fyrir neitt lagabrot.

Þó að það sje komið fram í málinu, að ákærði hafi verið nokkuð drukkinn, er hann framdi þjófnaðinn, verður þó ekki eptir öllum atvikum og sjerstaklega með tilliti til þess, að hann framdi þjófnaðinn mjög kænlega og með mikilli fyrirhyggju, álitið, að hann hafi þá verið svo ruglaður af drykkjuskap, að það hafi haft áhrif á sjálfræði hans og geti haft þýðingu fyrir sakhæfi hans. Brot hans hefur hjeraðsdómarinn rjettilega heimfært undir 1. lið 231. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin í hjeraðsdóminum 8 mánaða betrunarhúsvinna. Með því að einnig verður að fallast á ákvæði dómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra. — Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Akærði Gísli Hjálmarsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin greiðist, áður liðnar sjeu 8 vikur eptir lögbirtingu dómsins og skal honum að öðru leyti fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 17/1897: Rjettvísin gegn síra Halldóri Bjarnarsyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 14. desembermán. f. á. var hinn ákærði Halldór Bjarnarson prófastur á Presthólum dæmdur til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir gripdeild eptir 239. gr. almennra hegningarlaga 25 júní 1869, sbr. 250. og 230. gr. sömu laga, til að greiða skaðabætur, 23 kr., Guðmundi Guðmundssyni, og 16 kr. Þórarni Benjamínssyni, til að greiða 5 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali sínu, og loks til að greiða allan kostnað málsins í hjeraði. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Hinn ákærði, sem var þjónandi prestur að

Presthólum og prófastur í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, þegar mál þetta hófst, er ákærður og dæmdur fyrir sakir þær, er nú skal greina. Laugardaginn 23. júlí 1892 skipaði ákærði 2 verkamönnum sínum, Birni Guðmundssyni og Magnúsi Magnússyni, að byggja lítinn fjárhússkofa niður við sjó á Presthólum, sýndi þeim kofastæðið og fór síðan af heimili sínu í embættisferð. Úr þeirri ferð kom hann eigi aptur fyrr en næsta þriðjudag. Verkamennirnir byggðu kofann og tóku til innviða í hann, án leyfis eiganda, 7 spýtur, sem Guðmundur Guðmundsson á Nýjabæ átti; hafði hann flutt spýtur þessar með öðrum trjávið utan af Brekkurönd við Kópasker, en sökum hvassviðris orðið að lenda með timbrið í svokölluðri Skonsu á Presthólafjöru og leggja það þar upp í fjöruna, án þess að nokkrum manni á Presthólum væri kunnugt um það. Þessi timburflutningur átti sjer stað 23. júlí 1892, sama dag og byrjað var að byggja áðurnefndan kofa, og var timbrið lagt upp á Presthólafjöru kl. 9 um kveldið. Þegar verkamenn ákærða reistu kofann, sem þeir hafa skýrt frá að hafi verið næsta miðvikudag á eptir, atvikaðist það þá að þeir tóku 7 spýtur af þessum trjávið Guðmundar og notuðu þær til kofareisingarinnar, og fóru þeir í því efni að nokkru leyti eptir tilvísun Skúla Metúsalemssonar heimamanns ákærða, en allir hugðu þeir að spýturnar væru eign ákærða. Nokkrum dögum síðar og eptir að kofinn var fullgjör, fjekk ákærði vitneskju um, að óheimilar spýtur höfðu verið teknar til kofabygg-

ingarinnar og segist hann þá hafa gjört eigandanum boð um, að hann vildi bæta fyrir misgripin og borga spýturnar; það er enda komið fram í málinu, að ákærði hafi þá viljað láta rífa kofann, svo að eigandinn gæti fengið spýtur sínar. Það virðist þó ekkert hafa orðið úr þessu. En af útnefningarskjali sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 24. apríl 1893, sjest það, að ákærði hefur þá verið búinn að biðja um menn útnefnda af dómaranum til þess að virða spýturnar í viðurvist eigandans, Guðmundar Guðmundssonar, og sýnir þessi útnefningarbeiðni ákærða, sem kom fram löngu áður en rjettarrannsókn byrjaði í máli þessu, að hann hafi viljað greiða rjett og sanngjarnlegt verð fyrir spýturnar. Þar sem nú engin átylla er fyrir því í málinu, að ákærða hafi verið kunnugt um það, að verkamenn hans tóku spýtur Guðmundar til kofabyggingarinnar, því síður að hann hafi gjört fyrirskipan í þá átt og þar sem prófin eigi heldur gefa neitt tilefni til þess að álíta, að ákærði hafi viljað dylja eða leitazt við að dylja misfangann, eptir að honum varð kunnugt um hann, og þar sem loksins ekkert atvik í framkomu hans síðar er svo vaxið, að með nokkru móti verði sagt, að hann hafi eptir á kastað eign sinni á spýturnar, — verður eigi álitið, að ákærði hafi, að því er spýtur þessar snertir, gjört sig sekan í nokkru því athæfi eða vanrækslu, er saknæmt sje eptir hegningarlögunum.

Önnur sakargiptin gegn ákærða er sú, að hann hafi, eptir að yfirrjettardómurinn 27. apríl

1891 var uppkveðinn, hirt landgögn og molviðarreka á fjörum jarðanna, Valþjófsstaðar og Einarsstaðar, í svo kallaðri Magnavík, þrátt fyrir það þó smáreki þessi hafi verið frádæmdur Presthólum, ábúðarjörð ákærða, með áðurnefndum yfirrjettardómi. Ákærði hefur kannazt við það að hann hafi hirt dálítið af molvið á Magnavíkurreka, eptir að yfirrjettardómurinn var upp kveðinn; en hann tjáir að sjer hafi verið ókunnugt um innihald dómsins og að hann hafi álitið, og fyrir því áliti sínu hafi hann haft orð málflutningsmanns, að með tjeðum dómi væri ekkert dæmt um eignarrjettinn að rekanum, þar málið væri að eins skaðabótamál. Umræddan reka hafi formenn hans í Presthólaprestakalli hirt, og hafi hann talið það rjett og heimilt fyrir sig, að fara að dæmi þeirra, þar eð hann sje sannfærður um að Presthólakirkja eigi rekann. Þó að álíta mætti að hinn tilvitnaði dómur yfirrjettarins, sem að vísu aðallega ræðir um skaðabótakröfu og skilyrðin fyrir henni, hafi kveðið svo á að landgögn og molviðarreki í Magnavík heyri undir Einarsstaði (og Valþjófsstaði), verður molviðartaka hins ákærða í Magnavík, eptir að dómurinn var uppkveðinn, sem hann alls eigi fór dult með, eigi talinn þjófnaður eða gripdeild eptir atvikum þeim, sem að henni lúta og hjer hefur verið frá skýrt, en að svo miklu leyti, sem hún kann að vera ólögleg sjálftaka, á rjettvísin ekki sókn á því máli. Ákærði verður því eigi í máli þessu dæmdur fyrir áminnzta molviðartöku.

Þriðja sakargiptin gegn ákærða er sú, að

hann hafi veturinn 1891—92 tekið og hagnýtt sjer 4 »skipbunka« (skipsbönd) tilheyrandi Þórarni Benjamínssyni af viðum, sem honum (Þórarni) höfðu skipzt úr strönduðu skipi »Ida«, og ennfremur veturinn 1892—93 stefnispart úr sama skipi, sem ákærði og nefndur Þórarinn áttu í sameign. Skip þetta strandaði árið 1887; var það þá selt á uppboði, og þó að einn maður stæði fyrir uppboðskaupinu, varð það síðar eign fleiri manna í fjelagi; meðal þeirra voru hinn ákærði og Þórarinn Benjamínsson; voru þeir ásamt öðrum í sameign um 1/3 hluta skipsviðanna. Skipsskrokkurinn var svo rifinn árin þar á eptir og fluttu fjelagsmenn, eigendurnir, viðinn smátt og smátt heim til sín. Hefur nú Þórarinn Benjamínsson borið það á ákærða að hann hafi heimildarlaust tekið og flutt heim til sín og hagnýtt sjer ofannefnda »skipsbunka« og stefnispart. Það er nú og sannað í málinu og viðurkennt af ákærða, að hann hafi látið flytja heim til sín og hagnýtt sjer timbur þetta. En skipsbunkana þykist hann hafa átt og telur að þeir hafi komið í sinn hluta við skiptinguna, og stefnispartinn vildi hann álíta sjer heimilt að taka, með því að honum þótti Þórarinn hirða meira en honum bar af sameignarhluta þeirra af skipsviðunum. Sjerstaklega hefur hann tekið það fram, að Þórarinn hafi án leyfis síns hirt kjalsvín úr skipinu, sem sjer (ákærða) hafi skipzt. Svo segir og ákærði, að við síðari skipti á hluta þeirra í skipsviðunum og vegna þess að þeir hafi tekið inn í fjelagið fjórða mann, er hann

hefur nafngreint, hafi honum, ákærða, tilfallið 1/5 hluti af því, sem Þórarni skiptist upprunalega, og hefur Þórarinn kannazt við, að ákærði hafi farið þessu fram, en hann þykist eigi hafa viljað samþykkja það og hafi hann vikið kröfu prófasts frá sjer; kjalsvínið segir Þórarinn að ákærði hafi fengið aptur frá sjer. Að þeir ákærði og Þórarinn Benjamínsson hafi þótzt vera í sameign um 1/3 hluta strandskipsins »Ida« ásamt þriðja manni og að þá hafi verið spurning um að taka fjórða manninn í þetta sameignarfjelag, má sjá af brjefi því í rjettargjörðunum, sem þeir báðir hafa undirskrifað 12. nóv. 1887. Skýrslurnar í málinu um skiptinguna á viðunum úr strandskipinu eru fremur óljósar og mjög á reiki og margir eru vitnisburðirnir fremur hvarflandi; um samskipti þeirra ákærða og Þórarins gefa vitnisburðirnir fremur litlar upplýsingar fram yfir það, sem þeir sjálfir hafa skýrt frá fyrir rjettinum. Það er ljóst, að ósamlyndi og ágreiningur hefur komið upp út af skiptingunni á strandviðunum og hlutaðeigendur allir hafa reynt að ná í svo mikið hver í sinn hlut, sem honum ítrast bar. Þannig hefur það og verið með ákærða og Þórarinn; fjegirnd hefur knúð þá til yfirgangs og hvor þeirra framfylgir svo freklega sínum meinta rjetti, sem hann ítrast getur, svo sem komið hefur fram um áðurnefnt kjölsvín og stefnispart. En það eru engar skýrslur komnar fram í málinu, er heimili það, að dæma ákærða sekan fyrir þjófnað eða gripdeild, að því er snertir skipsbunkana og stefnispartinn, sem á-

líta verður að hann hafi tekið til sín með þeirri sannfæringu, að hann hefði rjett til að hirða þá og hagnýta sjer.

Með skírskotun til hins framanritaða verður að sýkna hinn ákærða í máli þessu bæði að því er refsingu og iðgjöld snertir, en fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali sínu í hjeraði verður hann að sektast og þykir sektin hæfilega ákveðin 10 kr., er hálf renni í landssjóð og hálf í sveitarsjóð Presthólahrepps. Allur kostnaður málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, þótt lengi hafi staðið á rannsókn þess, og að málfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Akærði, prófastur Halldór Bjarnarson, á að vera sýkn fyrir ákæru rjettvísinnar í þessu máli, en greiði 10 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er renni að helmingi í landssjóð og að helmingi í sveitarsjóð Presthólahrepps. Allur kostnaður málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Sektin eptir dómi þessum greiðist áður liðnar sjeu 8 vikur eptir lögbirtingu hans, að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn 13. septembermánaðar.

Nr. 26/1897: Rjettvísin
gegn
Sigurbirni Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 13. apríl þ. á., var hinn ákærði sýknaður af ákæru rjettvísinnar fyrir þjófnað, en dæmdur fyrir ólöglega lausamennsku í 20 kr. sekt, er renni að hálfu í fátækrasjóð Arnarneshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar; svo var hann og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 5 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, amtsskrifara Júlíusar Sigurðssonar. Þessum dómi, sem hinn ákærði hefur viljað una við fyrir sitt leyti, hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu hlutaðeigandi amtmanns.

Að því er snertir þjófnaðarákæruna á hendur ákærða, eru atvik málsins þau, að Sigurbjörn nokkur Kristjánsson úr Þingeyjarsýslu var 16. des. f. á. staddur í verzlunarbúð einni á Akureyri og hafði milli handa vasabók, er í voru úttektarmiðar nokkrir, er hann hafði sjer til minnis við úttektina, og 10 króna seðill einn. Þegar Sigurbjörn þessi fór út úr búðinni, gleymdi hann

vasabókinni á búðarborðinu, en er hann kom aptur inn í búðina til að leita hennar, var hún horfin. Grunaði hann þá ákærða, er þar var samtímis honum við búðarborðið og stóð næstur honum, um að hafa tekið bókina og fjekk kunningja sinn einn til að reyna að hafa upp á bókinni hjá ákærða. Fór þessi maður þegar í stað og fann ákærða niðri á plássi og spurði hann, hvort hann hefði eigi tekið vasabókina, en ákærði neitaði því. Skoraði þá maðurinn á ákærða að koma með sjer til bæjarfógeta og var ákærði fús til þess, en er þeir voru komnir spölkorn áleiðis, kvaðst ákærði reyndar hafa vasabók í vasa sínum, en hana ætti hann sjálfur, og tók upp bók úr vasa sínum, en sagði jafnskjótt að þetta væri eigi sín bók, enda kannaðist hinn maðurinn við að það var hin horfna bók, eptir lýsingunni, og af því að í henni var óhreyfður 10 kr. seðillinn og úttektarmiðarnir. Ljet ákærði af hendi bókina og fór hinn maðurinn með hana til eigandans, en rjett á eptir tók lögregluþjónn kaupstaðarins ákærða og fór með hann til bæjarfógeta til yfirheyrslu.

Ákærði hefur stöðugt haldið því fram, að hann hafi tekið umrædda vasabók í misgripum fyrir sína eigin vasabók, sem er nokkuð áþekk hinni en þó töluvert þynnri, og er það upplýst að hann hafði sína vasabók einnig við búðarborðið og las úr henni úttekt sína. Ákærði, sem tvívegis áður hefur verið refsað fyrir þjófnað, var nokkuð kenndur, er hann tók umrædda vasabók, og þó að telja megi víst, að hann hafi haft báðar

vasabækurnar í vasa sínum, er hann fór út úr verzlunarbúðinni og að hann hafi — sem hann þó eigi hefur viljað kannazt við — kastað sinni bók frá sjer til að losa sig við hana, eptir að hann var handsamaður, þá er þar með eigi hnekkt stöðugum framburði hans um að hann hafi tekið bókina í misgripum, og verður því, eins og undirdómarinn hefur gjört, að dæma hann sýknan af ákæru sækjanda, hvað þetta atriði snertir.

Þá hefur ákærði verið sakaður um ólöglega lausamennsku og flakk, og er í því tilliti upplýst, að hann hefur eigi verið í vist og eigi leyst lausamennskuleyfi, sem hann þó gat fengið ókeypis samkvæmt 1. gr. laga 2. febr. 1894; ber samkvæmt 10. gr. tilsk. 26. maí 1863 að sekta ákærða, sem þar að auki eigi hefur haft fast heimili heldur verið á flakki hingað og þangað, fyrir þessa ólöglegu lausamennsku um 20 kr., er að hálfu renni í sveitarsjóð Arnarneshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar.

Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Akærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1897: Hreppsnefnd Eyrarhrepps
gegn
verzlunarstjóra J. Laxdal fyrir hönd verzlunar Leonh. Tangs á Ísafirði.

Úrskurður:

Umboðsmaður hins stefnda í máli þessu — en í því er spurning um lögmæti fógetarjettarúrskurðar, sem neitaði að framkvæma lögtak fyrir aukaútsvari hjá stefnda — hefur óskað að fá frest til 4. n. m., til þess að fá nauðsynlegar skýrslur vestan úr Ísafjarðarsýslu, en áfrýjandi hefur mótmælt frestbeiðni þessari og eigi viljað samþykkja lengri frest en viku. Eins og málið liggur fyrir, er það ekki ósennilegt, að áfrýjandi þurfi að fá skýrslur að vestan um atvinnurekstur stefnda í Eyrarhreppi, og að ástæðan til þess sje einmitt það, hvernig áfrýjandi hefur lýst atvinnurekstri þessum í sókn sinni fyrir yfirdóminum, en að honum á hinn bóginn nægi eigi skemmri frestur til

þessa en til 4. næsta mán., og með því að frestveiting þessi getur eigi haft neinn rjettarmissi í för með sjer fyrir áfrýjanda, þykir rjett að veita hinn umbeðna frest í málinu, sem ekki er gjafsóknarmál.

Fyrir því úrskurðast:

Stefnda veitist eptir beiðni hans frestur í málinu til 4. októbermánaðar næstkomandi.

Mánudaginn 27. septembermánaðar.

Nr. 9/1897: Margrjet Þorsteinsdóttir gegn uppboðsráðandanum í Rangárvallasýslu, sýslumanni Magnúsi Torfasyni, og Þorvaldi Björnssyni og Jóni Hjörleifssyni sem uppboðskaupendum.

Dómur:

Hinn 29. aprílmán. 1891 framkvæmdi hlutaðeigandi hreppstjóri samkvæmt skipun sýslumanns kyrsetning á fjármunum Þorsteins nokkurs Jónssonar á Rauðsbakka, föður áfrýjandans, sem þá var undir ákæru fyrir hlutdeild í þjófnaði, og áttu fjármunirnir að vera til tryggingar greiðslu væntanlegs málskostnaðar í sakamálinu gegn Þorsteini. Með kyrsetningargjörðinni voru uppskrifaðir og kyrsettir munir, þar á meðal hús nokkur, er Þor-

steinn var talinn eiga á jörðinni, nefnilega baðstofa, bæjardyr, smiðjuhús og hesthús, og voru munirnir virtir alls 182 kr. Eptir að sakamálið gegn Þorsteini var á enda kljáð, hjelt síðan sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, hinn stefndi uppboðsráðandi, að undangenginni auglýsingu þar um, uppboðsþing að Rauðsbakka hinn 24. ágústm. f. á., til að selja lausafje Þorsteins til lúkningar sakamálskostnaðinum, en þá mætti áfrýjandinn á uppboðinu og lýsti sig eiganda fjármuna þeirra, er kyrsettir höfðu verið, sem eign Þorsteins föður hennar og sem voru það eina fjemætt, er um gat verið að ræða upp í málskostnaðinn. Sýslumaður sinnti þó eigi þessum mótmælum áfrýjanda, heldur seldi upp í málskostnaðinn fyrnefnd hús, sem kyrsett höfðu verið, fyrir samtals 61 kr., og urðu hinir meðstefndu Þorvaldur Björnsson og Jón Hjörleifsson hæstbjóðandi að húsunum.

Þessari uppboðssölu hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins að fenginni gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, og hefur þess verið krafizt af hennar hendi, að uppboðsgjörðin verði dæmd ómerk og að allir hinir stefndu in solidum eða uppboðshaldarinn í Rangárvallasýslu einn verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum skaðabætur fyrir fjártjón það, er hún hefur beðið, eptir dómkvaddra manna mati, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða allan málskostnað að skaðlausu, eins og málið ekki væri gjafsóknarmál, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns hennar. Af hinum stefndu hefur sýslu-

maður einn látið mæta í yfirdóminum, og hefur þess verið krafizt af hans hendi, að uppboðsgjörðin verði staðfest og hann dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjandans, en áfrýjandinn dæmd til að greiða honum málskostnað með einhverju eptir rjettarins mati hæfilegu.

Með því að mál þetta ber það með sjer, að hinn stefndi sýslumaður hefur án undangenginnar löglegrar aðfarar samkvæmt sakamálsdóminum yfir Þorsteini Jónssyni tekið ýmsa fjármuni, sem hann eignaði Þorsteini, og selt þá á hinu áfrýjaða nauðungaruppboði 24. ágúst f. á. — því að kyrsetningargjörð hreppstjóra er eigi lögmæt aðför —, þá verður ex officio að dæma uppboð þetta ómerkt með öllu, og þar sem áfrýjandinn hefur fært sönnur á það fyrir yfirdóminum, að hún sje eigandi hinna seldu húsa samkvæmt gjafabrjefi foreldra hennar 27. jan. 1883, ber hinum stefnda uppboðsráðanda samkvæmt kröfu hennar að skila henni aptur húsum þessum sem löglegri eign hennar eða verði þeirra eptir 2 óvilhallra dómkvaddra manna mati. Um frekari skaðabætur til hennar virðist aptur á móti eigi geta verið að ræða, þar sem það er fram komið í málinu, að áfrýjandinn hafi haft öll umráð og afnot af húsunum, eptir uppboðið sem áður. Samkvæmt þessum úrslitum ber hinum stefnda uppboðsráðanda að greiða allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns

áfrýjandans, er ákveðast 15 krónur. Að því málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast að meðferð þess hefur lögleg.

Því dæmist rjett vera:

Hin áfrýjaða uppboðssala 24. ágúst f. á. á ómerk að vera og ber hinum stefnda uppboðsráðanda, sýslumanni Magnúsi Torfasyni, að skila áfrýjandanum Margrjeti Þorsteinsdóttur aptur sem löglegri eign hennar ofantöldum húsum á Rauðsbakka, er seld voru nauðungarsölu á nefndu uppboði, eða að öðrum kosti greiði hann henni andvirði húsanna eptir 2 óvilhallra dómkvaddra manna mati. Svo ber umboðsráðandanum og að greiða allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talið málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda við yfirdóminn, Gísla yfirrjettarmálaflutningsmanns Ísleifssonar, 15 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 16/1897: Friðrik Gíslason, Ólafur Þórðarson og Samúel Guðmundsson gegn amtmanninum yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu fyrir hönd landssjóðsins.

Dómur:

Sækjendur máls þessa ljósmyndari Friðrik Gíslason í Reykjavík og járnsmiðirnir Ólafur Þórðarson og Samúel Guðmundsson samastaðar hafa höfðað mál þetta fyrir yfirdómi samkvæmt 3. gr. laga nr. 28, 26. okt. 1893, til skaðabóta úr landssjóði fyrir að hafa verið haldið í gæzluvarðhaldi að ósekju frá 25. nóvbr. til 10. desbr. f. á. sakir grunsemdar um að hafa verið valdir að bruna þilskipsins »Neptunus«, er brann aðfaranótt hins 21. nóvbr. f. á. hjá Gufunesi, þar sem því var lagt upp til aðgjörðar og vetrargeymslu, en 10. desbr. f. á. var þeim sleppt úr varðhaldinu og rannsókn gegn þeim látin niður falla án sakamálshöfðunar. Hinn 25. nóvbr. f. á. var rannsókn hafin út af nefndum skipsbruna eptir áskorun frá umboðsmanni vátryggingarfjelags þess, er fyrnefnt skip var tryggt í gegn eldsvoða, og voru þá sækjendurnir kallaðir fyrir lögreglurjett Reykjavíkur og yfirheyrðir um atvik að brunanum, og úrskurðaði þá lögregludómarinn, jafnóðum og hver þeirra fyrir sig hafði gefið skýrslu í málinu, með sjerstökum úrskurði, er snerti þann, er þá var yfirheyrður,

einan og sem miðaður var við framkomu hans sjerstaklega og afstöðu í málinu, að hann skyldi settur í gæzluvarðhald. Þar sem þannig kæruefnið af hendi sækjendanna eigi er sameiginlegt að öðru en því, að gæzluvarðhald var úrskurðað á þá við rannsókn hins sama atburðar, þá er það eigi lögum samkvæmt, sbr. kgsbr. 3. jan. 1755, að þeir sæki mál þetta gegn landssjóði í sameiningu, eins og þeir hafa gjört, og ber því að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum. Málskostnaður á að falla niður og málflutningslaun hins skipaða talsmanns stefnda, er ákveðast 10 kr., greiðist úr landssjóði.

Málið hefur samkvæmt áðurnefndum lögum 26. okt. 1893 verið flutt með gjafsókn frá báðum hliðum, og vottast að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður fellur niður og málflutningskaup hins skipaða talsmanns stefnda cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 krónur, ber að greiða úr landssjóði.

Mánudaginn 18. októbermánaðar.

Nr. 27/1897: Teitur Jónsson
gegn
Bæringi P. Guðbrandssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið af því, að hinn stefndi Bæringur P. Guðbrandsson lenti 2. okt. f. á. í ryskingum við Einar Teitsson, son áfrýjandans Teits bónda Jónssonar í Viðey, og tjáir stefndi, að Einar hafi þá barið sig »2 höfuðhögg, svo að stórsjeð hafi á sjer«. Bæringur kallaði síðan út af þessu Einar fyrir sáttanefnd með kæru 3. okt. f. á., til þess að reynt yrði að fá hann til að bæta fyrir áverkann, og með sömu kæru var faðir Einars, áfrýjandinn Teitur Jónsson, kallaður til þess að mæta fyrir sáttanefndinni, til þess að samþykkja sátt þá, er þar kynni að gjörast, með því að Einar var talinn ómyndugur. Á sáttafundinum mætti hvorki Einar nje Teitur faðir hans, og var málinu þá vísað til landslaga og rjettar eptir kröfu kæranda. Síðan stefndi Bæringur málinu fyrir aukarjett Kjósar og Gullbringusýslu með stefnu, dags. 14. okt. f. á., og er þá Teiti bónda Jónssyni gefið það að sök, »að sonur hans Einar hafi barið stefnanda (Bæring) hinn 2. þ. m. 2 höfuðhögg, svo að talsverður áverki hefur verið eptir«, og er honum stefnt »ásamt syni hans Einari til að mæta fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu . . . . . til þess að svara til sakar . . . . og dóm að meðtaka fyrir þetta tiltæki sitt til hegningar«

o. s. frv. I aukarjettinum mætti hinn stefndi (Teitur Jónsson) ekki og enginn fyrir hans hönd; var málið þá tekið undir dóm, og síðan dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 15. desbr. f. á. á þá leið, að Einar Teitsson var sýknaður af ákæru Bærings, en Teitur Jónsson var dæmdur til að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs og 30 kr. sem málskostnað til Bærings Guðbrandssonar, fyrir þá sök, að hvorki hann nje Einar sonur hans mætti á sáttafundi, og er í því efni í dóminum skírskotað til tilskipunar 11. ágúst 1819. Þessum aukarjettardómi hefur Teitur Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 16. júní þ. á., og krafizt þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur, eða að öðrum kosti, að hann verði algjörlega sýknaður, og að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eptir rjettarins mati. Stefndi Bæringur P. Guðbrandsson hefur eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt löglega sje stefndur, og verður því að dæma málið eptir hinum framkomnu skjölum, sbr. N. l. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Eins og drepið hefur verið á, var Einar Teitsson kallaður fyrir sáttanefnd sem aðili sakar til þess, »að reynt yrði að fá hann til að bæta stefnda fyrir áverkann, sömuleiðis til að greiða hæfilega sekt til fátækra og allan kostnað málsins« En með því að Einar þá var ómyndugur, að eins 17 ára, gat hann eigi gjört sátt í þessa átt, og var því þýðingarlaust að kalla hann fyrir sáttanefndina, að svo miklu leyti sem kærandi fór

fram á sektir og skaðabætur. Þar á móti átti að kalla fjárhaldsmann hans, sem var faðir hans, áfrýjandinn, til sáttafundar, til þess að samið yrði um sátt við hann; hann var nú og að vísu kallaður til sáttafundar, en að eins til þess »að samþykkja þá sætt«, sem kynni að komast á milli Bærings og Einars. Eptir að Einar þannig hafði verið kallaður fyrir sáttanefndina sem aðalvarnaraðili í málinu, er Teiti föður hans stefnt fyrir aukarjettinn með rjettarstefnunni 14. okt. f. á. sem aðalvarnaraðila (»til þess að mæta ásamt syni sínum Einari,)« og er svo málið dæmt á þessum grundvelli, eins og áður er frá skýrt. En þessi málsóknar-aðferð, þar sem annar er varnaraðili eptir stefnunni en eptir sáttakærunni, getur eigi orðið undirstaða undir lögmætum dómi, og verður því að dæma aukarjettardóminn og alla málsmeðferðina ómerka. Eptir þessum úrslitum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 12 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn og öll málsmeðferðin í hjeraði skal vera ómerk. Stefndi, Bæringur P. Guðbrandsson, greiði áfrýjanda Teiti Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi 12 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. nóvembermánaðar.

Nr. 15/1897: Árni Gíslason
gegn
Gísla presti Kjartanssyni sem umráðamanni Fells í Mýrdal.

Dómur:

Með landamerkjadómi Skaptafellssýslu uppkveðnum 27. júlímán. f. á., út af ágreiningi um landamerki milli prestssetursins Fells í Mýrdal og bændaeignarinnar Holts samastaðar, voru landamerki milli tjeðra jarða ákveðin þessi: »Bein sjónhending úr Stóru-Kringlu, þegar hún er miðuð framan af mýrarjaðrinum yfir rótina á Fellsfjalli að austan og fram úr mýrinni, 30 faðma út á aurinn. Þaðan sjónhending fram í miðjuna á aurvikinu milli graslenda, þar sem Rauðilækur áður hefur runnið fram, og þaðan svo eptir beinni sjónhending suður og fram aurana, til þess er hornið á Máfadrang sjest undan Skeiðflatarhlíðinni og innri brún Hrosshamra undan Kristínarkletti«. Skyldu merkjavörður reistar á tilnefndum stöðum á merkjum þessum. Hálfa borgun til dómenda merkjadómsins, 57 kr., skyldi áfrýjandi greiða, en hálfa borgun þessa auk málflutningskaups hins skipaða sækjanda af prestssetursins hálfu, 5 kr., skyldi landssjóður greiða.

Þessum dómi hefur eigandi Holts, Árni sýslumaður Gíslason í Krísuvík, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. marz þ. á., og krafizt þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu

vísað heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, svo og að dómendur málsins allir fyrir einn og einn fyrir alla, eða stefndi, verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, er sem umráðamaður prestssetursins Fells hefur fengið gjafvörn fyrir yfirdóminum og skipaðan málflutningsmann, hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum eptir rjettarins mati, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til hins skipaða talsmanns hans fyrir yfirdóminum.

Eptir að landamerkjadómur 29. júní 1892 í máli þessu hafði með yfirrjettardómi 11. septbr. 1893 verið ónýttur og málinu vísað heim aptur fyrir lögleysu að efni til, sökum þess að merkjadómurinn í dómi sínum eigi hafði tekið neitt tillit til yfirrjettardóms um sömu þrætuspurningu, er uppkveðinn var 7. oktbr. 1867, hefur nú landamerkjadómur sá, er fyr er nefndur og nú er áfrýjað, byggt dóm sinn á nefndum yfirrjettardómi 7. okt. 1867 og úrskurðað samkvæmt honum, að hin umþrættu landamerki milli hjer umræddra jarða, Fells og Holts í Mýrdal, skuli vera: »Rauðilækur svo langt sem hann nær og úr botni Rauðalækjar (fyrir framan Högnavöll) beina stefnu í Stóru-Kringlu. En með því að Rauðilækur er nú horfinn og engin vissa lengur fyrir, hvar farvegur hans eða einkum upptök hans (botn) og mynni

hafi verið, hefur merkjadómurinn við ítrekaða skoðun á staðnum áætlað um legu þessara örnefna, hvar sennilegast væri að telja þau, og hefur hann á þeirri áætlun byggt merkin, er sett eru í hinum áfrýjaða dómi og að framan eru greind.

Áfrýjandi hefur talið það lögleysu í hinum áfrýjaða dómi að merkjadómurinn hefur, eptir áætlun sinni um upptök Rauðalækjar, ákveðið, að þau skuli álítast hafa verið nokkuð austar eða nær Holti en áfrýjandi telur rjett vera, og heldur hann (áfrýjandi) því fram, að upptökin muni hafa verið í svokölluðu Högnavallardýi. Fyrir þessu hefur áfrýjandi þó eigi getað fært neinar sannanir, en gegn áliti hans í þessu tilliti kemur það aptur á móti til greina, að merkjalínan frá Rauðalækjarupptökum í toppinn á Stóru-Kringlu er, eptir skilríkjum þeim, er Holtseigandi hefur framlagt í málinu, talin ýmist »bein stefna« milli þessara örnefna eða »sjónhending« milli þeirra, en frá Högnavallardýi sjest ekki næsta merkjaörnefnið, Stóra-Kringla eða toppur hennar, og eptir því sem málsskjölin bera með sjer, virðist yfir höfuð eigi vera hægt að hafa merkjalínuna vestar, eða fjær Holti og nær Felli, en gjört er í merkjadóminum, nema með því móti, að Fellsfjallið eða hlíðar þess beri milli merkjaörnefna þessara, Stóru-Kringlu og Rauðalækjarbotna, en þetta yrði yfirdómurinn að álíta óeðlilega og ólíklega niðurstöðu um afstöðu merkjaörnefnanna, hvors til annars.

Með því að áfrýjandi hefur þannig eigi fært sönnur á að merkjadómurinn hafi í nefndu atriði gjört sig sekan í lögleysu í dómi sínum, og með því að eigi virðist heldur verða að dóminum fundið í öðrum atriðum, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málflutningslaun til hins skipaða talsmanns stefnda, er ákveðast 15 kr., að greiðast úr landssjóði. Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns stefnda hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður og málflutningslaun hins skipaða talsmanns prestsetursins, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 15 krónur, greiðist úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 14/1897: Pjetur S. Klemensson
gegn
Sigurði Eirikssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í hjeraði áfrýjandinn gegn stefnda til skaðabóta fyrir rof á samningi um húsaleigu þeirra á milli og ólöglegan útburð úr

herbergi í húsi stefnda, »Berlín« á Búðareyri, er áfrýjandinn áleit sig hafa haft leigurjett til, og var málið dæmt í aukarjetti Seyðisfjarðarkaupstaðar 4. jan. þ. á. þannig, að stefndi var dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Auk þess var umboðsmaður stefnda Stefán Th. Jónsson með dóminum dæmdur í sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til fátækrasjóðs Seyðisfjarðarhrepps.

Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af áfrýjandanum með stefnu, dags. 17. marz þ. á., og hefur hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, og hefur þess verið krafizt af hans hendi, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum í skaðabætur 240 kr. og málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns hans. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hafði til leigu og bjó í herbergi í húsi stefnda á Búðareyri 5 síðustu mánuði ársins 1895 og greiddi hann stefnda húsaleiguna til nýjárs, skömmu eptir að hann var fluttur í herbergið. Um nýjársleytið krafðist stefndi þess, að áfrýjandinn færi úr herberginu, þar sem leigutíminn væri á enda runninn við árslokin og hann

þyrfti sjálfur að nota herbergið til annars, en áfrýjandinn sinnti því engu, og ljet þá stefndi fógetann bera hann út úr herberginu 6. jan. f. á. Með þessum útburði hefur áfrýjandinn talið rjett sinn fyrir borð borinn og krafizt því skaðabóta hjá stefnda í máli þessu. Hefur áfrýjandinn í þessu tilliti haldið því fram, að stefndi hafi verið búinn að leigja sjer umrætt herbergi til aprílmánaðarloka f. á., en gegn neitun stefnda, sem kveður áfrýjanda hafa verið skyldan að fara úr herberginu fyrir nýár 1896, þar sem honum hafi eigi verið leigt herbergið lengur, hefur áfrýjandi eigi getað fært sönnur á sitt mál aðrar en þær, að 2 vitni hafa borið, að stefndi hafi snemma í nóvembermán. 1895 sagt öðrum manni, sem falaði sama herbergið af stefnda til leigu til aprílmánaðarloka f. á., að hann gæti eigi leigt honum herbergið sökum þess að leigjandi þess, er þá var (áfrýjandi), hefði beðið sig um það til sama tíma, og ætti hann að hafa forgangsrjettinn; en yfirdómurinn verður að fallast á það álit undirdómarans, að þetta tal við annan óviðkomandi mann hafi eigi getað skapað neinn rjett til herbergisins fyrir áfrýjandann, er hann eigi hafði áður, og að á því verði heldur eigi byggð nein sönnun fyrir því, að stefndi hafi leigt áfrýjanda optnefnt herbergi lengur en hann hefur kannazt við, eða til nýárs 1896.

Með því að þannig eigi verður álitið sannað, að stefndi hafi rofið leigusamning við áfrýjandann, með því að svipta hann afnotum umrædds her-

bergis og láta fógeta framkvæma útburð á honum úr því, verður að dæma stefnda sýknan fyrir skaðabótakröfu áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig fellst á önnur ákvæði undirrjettardómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjandanum að greiða stefnda 20 krónur, en eptir úrslitum málsins verða hinum skipaða málflutningsmanni hans eigi dæmd málsfærslulaun. Að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Pjetur S. Klemensson greiði stefnda Sigurði Eiríkssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 — tuttugu — krónum.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 8. nóvembermánaðar.

Nr. 8/1897: Jón Jónsson sem fjárhaldsmaður Hannesar Jónssonar gegn Gísla Þórarinssyni og Guðnýju Jónsdóttur.

Dómur:

Vorið 1880 brugðu hin stefndu, hjónin Gísli

Þórarinsson og Guðný Jónsdóttir, búi á Fagurhólsmýri, og fluttust að Núpstað til Eyjúlfs bónda Stefánssonar; skiptu þau þá Þórarni syni sínum út 1/3 hluta eigna sinna, en allar aðrar eigur sínar, bæði í gangandi peningi og dauðum munum, fluttu þau með sjer að Núpstað, og runnu þær þar saman við bú Eyjúlfs bónda. Var það þá tilætlunin, að þau gjörðust próventuhjón Eyjúlfs, en eigi var gjörður neinn skriflegur samningur þar að lútandi, hvorki þá nje síðar. Vorið eða sumarið 1883 fór Gísli Þórarinsson frá Núpstað, og nokkru síðar annaðhvort sama árið eða öndverðlega árið 1884 fluttist kona hans einnig þaðan, og höfðu þau hjón eptir það ekki framfærslu hjá Eyjúlfi Stefánssyni eða af búi hans. Þegar þeir skildu, Gísli og Eyjúlfur, fjekk Gísli nokkuð af gangandi peningi og dauðum munum upp í það, sem hann hafði lagt inn í bú Eyjúlfs. Eigi löngu síðar andaðist Eyjúlfur, og var dóttursonur hans ófullveðja, Hannes Jónsson, einkaerfingi hans og hlaut hann allt bú Eyjúlfs eptir hann látinn. Af brjefi stefnda Gísla Þórarinssonar, dags. 8. desbr. 1884, sjest það, að hann hefur krafið Eyjúlf um fje það, er hann þóttist eiga inni í búi hans, og í sókn sinni í hjeraði tjáir hann, að hinu sama hafi eptir lát Eyjúlfs fleirsinnis verið haldið að áfrýjandanum Jóni Jónssyni, sem fjárhaldsmanni sonar síns Hannesar, en að það hafi allt orðið árangurslaust. Fyrir því höfðaði Gísli Þórarinsson og kona hans Guðný Jónsdóttir málssókn gegn Jóni Jónssyni, bónda á Núpstað, og

föður og fjárhaldsmanni Hannnesar Jónssonar, og lauk málsókn þeirri með dómi aukarjettar Skaptafellssýslu, uppkveðnum 21. nóv. f. á., á þá leið, að áfrýjandinn Jón Jónsson skyldi sem fjárhaldsmaður Hannesar Jónssonar standa hinum stefndu hjónum Gísla Þórarinssyni og Guðnýju Jónsdóttur skil á ýmislegum lifandi pening, sem upp er talinn í aukarjettardómnum, annaðhvort in natura (o: í gripum), eða andvirði hans í peningum, að upphæð 1303 kr. 11 a., svo og á eptirstöðvum af andvirði dauðra muna, að upphæð 135 kr. 80 a., allt með vöxtum 4% frá sáttakærudegi, 23. marz 1893, og til þess borgað er. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur Jón bóndi Jónsson sem fjárhaldsmaður Hannesar Jónssonar skotið til yfirdómsins með stefndu, dags. 28. jan. 1897, og krafizt þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að hæfilegur málskostnaður verði dæmdur honum til handa. Á hinn bóginn hafa hin stefndu, Gísli Þórarinsson og Guðný Jónsdóttir, krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Áfrýjandi hefur í vörn sinni bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi vefengt það, að hin stefndu hafi árið 1880 gjörzt próventuhjón Eyjúlfs Stefánssonar, og það verður heldur ekki álitið, að þau þegar hafi gjörzt það, þegar þau fluttust til Eyjúlfs; en hitt er fyllilega upplýst, að þau það ár brugðu búi og fóru með allmikinn fjárhlut til hans, sem

rann inn í bú hans, í því skyni, að próventusamningur kæmist á milli þeirra Eyjúlfs, eða að hann veitti þeim hjónum í notum eignanna fullkomna framfærslu, það sem eptir væri æfi þeirra. En hitt er líka sannað, að reglulegur próventusamningur komst ekki á fyrir þá sök, að hinn stefndi Gísli Þórarinsson, eptir því sem áfrýjandi hefur haldið fram og sem Gísli ekki hefur mótmælt, vildi ekki undirskrifa samning þann, sem Eyjúlfur lagði fyrir hann til undirskiptar; en það er ekki upplýst, sakir hvers hann ekki vildi það. En árið 1883 fór Gísli burt af heimili Eyjúlfs, án þess sjeð verði, með hverjum nánari atvikum það varð, en hitt er viðurkennt í málinu, að hann tjekk með sjer, þegar hann fór, nokkurn hluta af eigum þeim, sem þau hjón fóru með til Eyjúlfs, og af því má aptur ráða, að það hafi samizt svo milli Eyjúlfs og Gísla, að ekkert yrði úr próventusamningi þeirra; en er Gísli seinna virðist hafa sjeð sig um hönd og vildi fara aptur til Eyjúlfs, vildi Eyjúlfur ekki taka hann, en bauðst til að framfæra konu hans, en það vildi Gísli ekki þiggja. Með því nú enginn próventusamningur komst á, verður að líta svo á, að Eyjúlfur hafi aldrei eignazt fje þeirra hjóna, heldur hafi það verið hjá honum sem vörzlufje og að hann þannig hafi átt að gæta þess eins og hann ætti það, og virðist honum því hafa borið skylda til að skila því öllu aptur, þegar þau hjón fluttust frá honum, en til þess tíma hafði hann allan arðinn af hinum

miklu eigum þeirra og þar að auki munu þau hjón, sem þá ekki voru eldri en um fimmtugt og þess eigi er getið, að þau hafi verið farin að heilsu, hafa unnið að miklu leyti fyrir sjer. Gísli gat þannig með rjettu heimtað fjármuni sína aptur og gat með rjettu beint kröfu sinni til einkaerfingja Eyjúlfs, sem við skiptin eptir hann hlaut allt bú hans og þar með einnig fjárhlut þann, sem hin stefndu höfðu fært inn í það, en skipti þessi voru gjörð, án þess proclama til skuldheimtumanna væri gefið út.

Áfrýjandi hefur að vísu haldið því fram, að peningur hinna stefndu hafi að mestu leyti fallið vorið 1882 og geti eigi verið að ræða um endurgjald fyrir hann. Það virðist nú að vísu satt vera, að nokkuð af fjenaði hinna stefndu hafi fallið 1882; en með því að ekkert af áfrýjanda hálfu er upplýst um, hve mikið hafi fallið og hvort Eyjúlfur hafi einnig fellt tiltölulega sitt eigið fje, eða með öðrum orðum, hvort Eyjúlfur hafi hirt eins vel um fje hinna stefndu eins og um eigið fje, þá verður ekkert tillit haft til þessa fellis, þegar um endurgjald er að ræða fyrir fjármuni hinna stefndu, sem runnið höfðu inn í bú Eyjúlfs.

Hin stefndu hafa í málinu lagt fram sundurliðaða skrá yfir þann lifandi pening og dauða muni, sem þau færðu inn í bú Eyjúlfs árið 1880, enn fremur skýrslu yfir gripi þá og aðra muni, sem þau fengu aptur hjá Eyjúlfi, þegar þau fóru frá honum. Undirdómarinn hefur lagt skýrslur þessar, sem eru ítarlegar og greinilegar, til grund-

vallar í dómi sínum, og verður að fallast á það, því að þótt áfrýjandi hafi mótmælt þeim í heild þeirra, hefur hann eigi leitazt við að benda á, að hverju leyti þær væru rangar, en þó á hinn bóginn kannazt við, að talsverður peningur hafi runnið inn til Eyjúlfs frá hinum stefndu. Þar sem áfrýjandi hefur viljað halda því fram, að stefndi Gísli Þórarinsson hafi með brjefi sínu til Eyjúlfs Stefánssonar, dags. 8. desbr. 1884, kannazt við það, að hann þá ætti ekki meira inni í búi Eyjúlfs en 1 kú og 20 sauðkindur, eða að minnsta kosti að hann eigi gjörði tilkall til meiri fjármuna, þá skal þess getið, að slík yfirlýsing verður eigi lögð í brjefið, rjett skilið; samkvæmt brjefinu vill Gísli þá láta sjer nægja þetta, en að öðru leyti sendir hann þá Eyjúlfi »uppteiknun yfir það, sem hann hafi komið með til hans og tekið við af honum aptur«. Brjef þetta hefur áfrýjandi framlagt í málinu, en ekki »uppteiknunina«, án þess annars að gjöra grein fyrir, hvað til þess komi. Eins og þannig verður að leggja til grundvallar við úrslit máls þessa skrár hinna stefndu, þær sem hjer hafa verið nefndar, eins má samþykkja það, að lifandi peningur sá, sem stefndi gjörir tilkall til, er reiknaður til peninga eptir verðlagsskrá Vestur-Skaptafellssýslu pro 1883/84, og þar sem útreikningi undirdómarans á kröfuupphæð hinna stefndu eigi hefur verið mótmælt fyrir yfirdómi af áfrýjanda, er rjett að samþykkja hann óbreyttan.

Samkvæmt hinu framanritaða ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæði. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli eptir atvikum niður.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 28/1897: Hannes Þorsteinsson
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði ritstjóri Þjóðólfs Hannes Þorsteinsson upphaflega fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni út af meiðandi og móðgandi orðum um sig í blaðinu Ísafold. Var málið dæmt á bæjarþinginu 10. júní þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, var sýknaður af kærum og kröfum stefnanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu, 22. júní þ. á, og krafizt að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að stefndi Björn Jónsson verði látinn sæta ábyrgð og hæfi-

legum sektum eptir rjettarins mati fyrir háðsleg og meiðandi ummæli um sig í Ísafoldargrein með fyrirsögninni »Þjóðólfsmaðurinn« og dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir mati rjettarins. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins.

Í grein einni í 16. tölubl. »Ísafoldar« með fyrirsögninni »Þjóðólfsmaðurinn«, sem kom út 13. marz þ. á., ætelur áfrýjandi auk fyrirsagnar greinarinnar sem meiðandi og móðgandi fyrir sig þessi orð: »Ljúfmennið hógværa, prúðmennið góðgjarna, góðmennið lítilláta, spakmennið snjalla og djúphyggna, íturmennið glæsta«; enn fremur þessi ummæli, að áfrýjandi hafi »falast eptir þeim greiða (af stefnda), að hann notaði fægitól hegningarlaganna til þess að »garva« goðum líkt hörund velnefnds þjóðmennis (ɔ: áfrýjanda), svo að af því legði enn meiri ljóma en áður«. Að því er þessi ummæli snertir, er yfirdómurinn samdóma undirdómaranum um, að hvorki í fyrirsögninni nje í meginmálinu felist nein aðdróttun um nokkuð það, er ósæmilegt sje að almannadómi, en þrátt fyrir það verða ummælin að álítast svo óvirðandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, að það þykir rjett, að stefndi sæti ábyrgð fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Sekt hans eptir þessari lagagrein þykir hæfileg 40 kr., er renni í landssjóð, og komi í stað hennar 8 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi greiðist öll innan á-

kveðins tíma. Eptir þessum málsúrslitum þykir og rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn stefndi ritstjóri Björn Jónsson á að greiða 40 króna sekt í landssjóð, en til vara sæti hann 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; svo greiði hann og í málskostnað til áfrýjanda 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna, frá því hann er löglega birtur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 15. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1897: Hannes Þorsteinsson gegn Birni Jónssyni.

Dómur:

Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur gegn Hannesi Þorsteinssyni, ritstjóra Þjóðólfs, fyrir nokkur ummæli í 12. tölubl. 49. árg. þessa blaðs, sem Björn Jónsson áleit beint að sjer og taldi ærumeiðandi fyrir sig. Var málinu ráðið til lykta með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkveðnum 10. júní þ. á., á þá leið, að hin átöldu meiðyrði og vanvirðandi ummæli voru dæmd dauð og ómerk,

og að Hannes Þorsteinsson var dæmdur til þess að greiða 80 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 24 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 22. júní þ. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dómurinn verði felldur úr gildi, og að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, en að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eptir mati rjettarins.

Ummæli þau, sem stefndi taldi meiðandi fyrir sig og lögsótti áfrýjanda fyrir, eru í niðurlagi greinar nokkurrar, sem stóð í 11. og 12. tölublaði »Þjóðólfs«, 5. og 12. marz þ. á. Hin átöldu ummæli eru í 12. tölublaðinu, og eru þessi: »Landráðapólitík stjórnarblaðsins . . . var óþokkalegur draugur, er snöggvast gægðist upp í birtuna lengst neðan úr Djúpadal, en var að vörmu spori svo gersamlega kveðinn niður, að sá Vondi sjálfur gleypti hann með húð og hári, og mun trauðla vilja senda þann pilt úr sjer aptur upp í dagsljósið . . . . . Eða hvað er ódrengilegra og svívirðilegra en að spana útlent drottnunarvald til að fótum troða helgustu rjettindi umkomulitillar þjóðar. Því níðingsbragði ætti enginn sannur Íslendingur nokkru sinni að gleyma, því að það á að geymast í sögunni sem óafmáanlegur biksvartur

blettur . . . . honum til ævarandi smánar . . . .« Greinin í »Þjóðólfi«, sem þessi klausa stendur í, er nafnlaus, og er fyrir því á ábyrgð áfrýjandans, sem er ritstjóri og útgefandi blaðsins.

Áfrýjandi hefur kannazt við það, að hinum tilgreindu ummælum sje beint að blaðinu »Ísafold«, sem kemur út undir ritstjórn og ábyrgð hins stefnda. En hann ver mál sitt með því, að ummælunum og ávítununum sje að eins beint að blaðinu (»Ísafold«) og hinni pólitisku stefnu, sem framfylgt sje í því. Um stefnda sjálfan eða hann persónulega sje ekkert sagt í hinni umstefndu grein. Og að öðru leyti álítur áfrýjandi, að hin umstefndu ummæli sjeu saklaus og að þau varði ekki við lög, þó að álitið væri, að þeim væri beint að stefnda sjálfum. Um hina fyrri málsvarnarástæðuna skal það tekið fram, að hver maður ber ábyrgð á hinni pólitisku starfsemi sinni, eins og öðrum gjörðum sínum, og verður því eigi gjörður greinarmunur sá, sem áfrýjandi vill að gjörður sje eptir því, hvort rætt er um pólitiska starfsemi manns eða aðra starfsemi hans. Ummæli þau, sem ræða um hina »pólitisku stefnu« Ísafoldar, ræða jafnframt beinlínis um starfsemi hins stefnda og framkomu hans sem manns og fjelagsborgara. Hin síðari varnarástæðan verður eigi heldur samþykkt; hin tilvitnaða greinarklausa er mjög móðgandi og meiðandi fyrir stefnda, sjer í lagi orðin: »eða hvað er ódrengilegra og svívirðilegra en að spana útlent drottnunarvald til að fótum troða helgustu rjettindi umkomulítillar þjóðar. Því níðings-

bragði« o. s. frv. Og ummæli greinarinnar hefur áfrýjandi ekki rjettlætt, þótt hann í því efni hafi vitnað til blaðagreinar í »Ísafold« 1895, 79. tölubl., með yfirskriptinni: »Er löghelgað jafnrjetti óhæfa?« Án tillits til þess, hvort álíta megi rjetta skoðun þá og stefnu, sem kemur fram í grein þessari, er engin heimild til að einkenna hana sem »níðingsbragð« og að öðru leyti fara þeim orðum um hana, eins og áfrýjandi hefur gjört í hinni átöldu grein. Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að hjeraðsdómarinn hefur dæmt dauð og ómerk hin átöldu ummæli og sektað áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin eigi ofhátt sett af undirdómaranum, þar sem hann ákveður hana eptir 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 80 kr. sekt, en vararefsingin virðist hæfilega metin 16 daga einfalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnaðinn, ber að staðfesta hann með hinni tilgreindu breytingu á varahegningunni. Eptir þessum úrslitum þykir og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur sje óraskaður, þó svo, að vararefsingin sje 16 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandi Hannes Þorsteinsson greiði stefnda Birni Jónssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðn-

ar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagði laga-aðför.

Mánudaginn 29. nóvembermán.

Nr. 23/1897: Kristján Kristjánsson
gegn
Jóni Gíslasyni Steinhólm.

Dómur:

Með sáttagjörningi 9. marz 1895 skuldbatt stefndi sig til að selja áfrýjandanum fyrir tiltekið kaupverð 10 hndr. f. m. úr eignar- og ábýlisjörð sinni Norður Botni, með $1^2/_3$ ásauðarkúgildi og öllum húsum og mannvirkjum, er þar stæðu, eins og þau þá fyrirfundust, nema hvað hann lofaði að endurbæta skörð, er fallin voru í túngarðinn. Í fardögum s. á. hafði áfrýjandi uppfyllt kaupsamninginn að sínu leyti með greiðslu kaupverðsins, og var það tilætlunin, þó að ekkert væri beint um það ákveðið í kaupgjörningnum, hvenær jörðin ætti að afhendast, að áfrýjandinn tæki þá við umráðum hinna seldu jarðarhundraða, enda hafði hann byggt þau nýjum ábúanda fyrir hið í hönd farandi fardagaár, 1895—96. Vegna seinkunar á ferð standferðaskipsins komst hinn nýi ábúandi þó eigi fyr en 17. júní s. á. að jörðinni, og voru þá nefnd 10 hndr. afhent honum af stefnda, en án úttektar, en 27. s. m. framkvæmdi hreppstjóri sem hlutaðeigandi úttektarmaður ásamt öðrum manni í forföllum hins úttektarmannsins skipti

samkvæmt beiðni áfrýjanda á landi jarðarinnar, því er selt var áfrýjanda og hinn nýji ábúandi skyldi taka við, og hinu, er stefndi hjelt áfram ábúð á, og mátu þá úttektarmenn þessir við sama tækifæri eptir beiðni áfrýjanda, hvað kosta myndi að hlaða upp í skörð þau, er voru í túngarðinum, og töldu það 18 kr., og ennfremur mátu þeir, að við vantaði í svo nefndan »Hjallhúskofa« fyrir 2 kr. 50 a. Undir þessa skiptagjörð og matsgjörð skrifuðu þeir málspartarnir báðir, ásamt úttektarmönnunum.

Þegar til kom, þótti áfrýjanda stefndi eigi fullnægja sem skyldi sátta- eða kaupgjörningnum frá 9. marz 1895, að því er snerti afhendingu hinna seldu 10 hundraða í Norður-Botni, og höfðaði því mál þetta gegn stefnda og krafðist uppbótar eða álags fyrir það, að eigi hefði verið hlaðið upp í skörð í túngarðinum, og að þrem af kúgildisánum var skilað lamblausum, sömuleiðis fyrir vantandi við úr nausti við sjóinn, er stefndi hefði tekið þaðan, og fyrir vantandi jötustokka úr tveim fjárhúsum. Gekk dómur í málinu fyrir aukarjetti Barðastrandarsýslu 5. des. f. á. og var stefndi dæmdur til að bæta áfrýjanda tvö lömbin, er fylgja áttu kúgildisánum, með 4 kr. 72 a. hvort og vantandi við úr naustinu (Hjallhúskofanum) með 2 kr. 50 a., samtals 11 kr. 94 a. Málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. maí þ. á., og krafizt þess, að dóminum verði breytt samkvæmt

kröfu hans fyrir undirdóminum og að stefndi því verði dæmdur til að greiða honum alls 36 kr. 66 a. og auk þess málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati dómsins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum hjá áfrýjanda.

Stefndi hefur viðurkennt, að hann ætti að bæta fyrir við, er hann tók úr svokölluðum Hjallhúskofa, 2 kr. 50 a., og sömuleiðis að hann ætti að bæta upp 2 ærnar, sem lamblausar voru, enda hefur hann af undirdómaranum verið dæmdur til að bæta þetta. Aptur hefur hann eigi álitið sjer skylt að bæta áfrýjanda lambið, er fylgja átti 3. kúgildisánni, með því að tóan hafi drepið það 10. júní 1895 eða eptir þann tíma, er áfrýjandi átti að vera búinn að taka við jörð og ám. Að vísu sjest það einnig af málinu, að það var fyrir ósk áfrýjanda, vegna þess að hinn nýi ábúandi á hundruðunum var eigi kominn, að afhending jarðar og kúgilda var frestað nokkuð fram yfir fardaga (til 17. júní), en allt fyrir það hlaut hvorttveggja að vera áfram í ábyrgð stefnda, þar sem hann eigi gjörði neitt til þess að losa sig við ábyrgðina á því, en áfrýjandi hefur neitað, að stefndi hafi áskilið sjer ábyrgðarleysi fyrir vanhöldum, og vefengt það jafnvel, að lambið hafi tapazt á þann hátt og á þeim tíma, er stefndi hefur tilgreint. Það verður fyrir því að skylda stefnda til að bæta áfrýjanda umrætt lamb á sama hátt og hin önnur 2, eða með 4 kr. 72 a.

Hvað endurbætur á skörðum í túngarðinum snertir, þá er þess getið í fyrnefndri skiptagjörð 27. júní 1895, sem stefndi hefur ritað nafn sitt undir sem viðstaddur gjörðina og samþykkur henni, að stefndi hafi þá (27. júní) eigi enn verið búinn að endurbæta skörðin og að hæfilegt álag í því skyni sje 18 kr., og verður stefndi samkvæmt viðurkenning þeirri, er í undirskript hans liggur, að dæmast til að greiða áfrýjanda hið metna álag, 18 kr. Hvað bætur fyrir vantandi jötustokka áhrærir, verður aptur á móti eigi tekin til greina krafa áfrýjanda, því að það er ósannað með öllu, að nokkrir jötustokkar hafi fylgt fjárhúsunum, er þau voru seld, og húsin voru seld í því ástandi, er þau þá voru í.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 34 kr. 66 a. og er undirrjettardóminum breytt að þessu leyti. Ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað í hjeraði samþykkjast, en í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að stefndi greiði áfrýjanda 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Jón Gíslason Steinhólm greiði áfrýjandanum Kristjáni Kristjánssyni 34 kr. 66 a. — þrjátíu og fjórar krónur 66 aura. Að því málskostnað í hjeraði snertir, á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 20 — tuttugu — krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 13. desembermánaðar.

Nr. 36/1897: Hið opinbera
gegn
Guðmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 11. maí þ. á., sem þinglýst var á manntalsþingi síðastliðið vor í Vatnsleysustrandarhreppi, var staðfest og ítrekað bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, er hann hafði útgefið 7. jan. þ. á. gegn því að hreppsbúar í Vatnsleysustrandarhreppi færu út í útlend botnvörpuskip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð að landinu frá útlöndum. Eptir að bann þetta var útgefið og birt, fór kærði Guðmundur bóndi Guðmundsson á Auðnum, 4. júlí þ. á., við sjöunda mann út í útlent botnvörpuskip, og fjekk hjá skipverjum fisk, sem þeir gáfu honum eða seldu, og flutti hann síðan fiskinn í land. Var höfðað mál móti kærða fyrir þetta og var það dæmt í lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 19. júlí þ. á. þannig, að kærði var fyrir óhlýðni við fyrtjeð bann og »lög þau, er það byggist á«, svo og fyrir hlutdeild í broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, dæmdur í 50 kr. sekt til lands-

sjóðs og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. jan. þ. á., er fyr er getið og sem staðfest var með áður umgetnu amtsbrjefi 11. maí þ. á., hefur eigi verið framlagt í málinu, en undirdómarinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með áður áminnztri för sinni út í útlent botnvörpuveiðiskip, sem ætla verður að verið hafi að veiðum úti í Faxaflóa, án þess það sjáist nánar, hvar skipið hafi verið, og hvort í landhelgi eður eigi, verður eigi sjeð að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn sóttvarnarlögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls óupplýst er um, hvort skipið hafi eigi áður í sömu ferðinni verið búið að sýna skjöl sín á höfn hjer á landi, en bann sýslumanns eða amtmanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir kærða. Með því að heldur eigi verður sjeð, hvernig kærði hefur með atferli sínu, sem fyr er lýst, orðið meðsekur í nokkru broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma kærða algjörlega sýknan af kæru hins opinbera í máli þessu. Allan kostnað málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Guðmundur Guðmundsson á Auðnum á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 37/1897: Hið opinbera
gegn
Bjarna Stefánssyni.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 11. maí þ. á., sem þinglýst var á manntalsþingi síðastliðið vor í Vatnsleysustrandarhreppi, var staðfest og ítrekað bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, er hann hafði útgefið 7. jan. þ. á. gegn því að hreppsbúar í Vatnsleysustrandarhreppi færu út í útlend botnvörpu-veiðiskip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð að landinu frá útlöndum. Eptir útkomu banns þessa fór kærði Bjarni bóndi Stefánsson á Stóru-Vatnsleysu nokkrum sinnum,

þar á meðal 4. júlí þ. á., út í útlend botnvörpuskip; kærði var við 3. eða 4. mann, er hann fór út í botnvörpuskipin, en þau virðast hafa verið að veiðum úti í Faxaflóa, án þess tiltekið sje nákvæmar hvar, eða hvort það hafi verið í landhelgi eður eigi; fjekk kærði hjá skipverjum fisk, sem þeir gáfu honum eða seldu, og flutti hann síðan fiskinn í land. Fyrir þetta var höfðað mál gegn kærða fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu og var það dæmt þar 19. júlí þ. á. þannig, að kærði með umgetnum ferðum sínum út í útlend botnvörpuskip var álitinn hafa brotið framannefnt bann »og þau lög, er það byggist á«, svo og hafa orðið sekur í hlutdeild í broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og var hann því með dóminum sektaður um 40 kr. til landssjóðs og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk dómfellda.

Bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. jan. þ. á., er fyr er getið og sem staðfest var með áður umgetnu amtsbrjefi 11. maí þ. á., hefur eigi verið framlagt í málinu, en undirdómarinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með áður áminnztum ferðum út í útlend botnvörpuskip verður eigi sjeð, að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn sóttvarnarlögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls óupplýst er, hvort skipin hafi eigi áður í sömu

ferðinni verið búin að sýna skjöl sín á höfn hjer á landi, en bann sýslumanns eða amtmanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir kærða. Með því að heldur eigi verður sjeð, hvernig kærði hefur með atferli sínu, sem fyr er lýst, orðið meðsekur í nokkru broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma kærða algjörlega sýknan af kæru hins opinbera í máli þessu. Allan kostnað málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Bjarni Stefánsson á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand jur. Halldórs Bjarnasonar, og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 38/1897: Hið opinbera
gegn
Guðmundi Einarssyni

Dómur:

Með brjefi, dags. 7. jan. þ. á., gaf sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu út bann gegn því, að menn í Seltjarnarneshreppi færu út í útlend botnvörpuskip, nema því að eins að hlutaðeigandi skipstjóri væri búinn að sýna lögreglustjóra skjöl skipsins í þeirri ferð skipsins hingað að landinu frá útlöndum, og á þetta bann sýslumannsins, sem hann ljet hreppstjóra birta hreppsbúum, fjellst amtmaðurinn í Suðuramtinu með brjefi dags. 20. jan. þ. á. Eptir útkomu banns þessa og birtingu fór kærði, Guðmundur útvegsbóndi Einarsson í Nesi, út í útlent botnvörpuskip við 9. mann, tvær ferðir laugardaginn 24. apríl þ. á. og eina ferð daginn eptir, og sótti þangað fisk, sem botnverpingar seldu honum eða gáfu, og enn fór hann nokkru seinna út í botnvörpuskip og tók þá skipstjóra í land með sjer; gekk skipstjóri inn í Reykjavík, er hann var kominn á land, og flutti kærði hann út í skip sitt daginn eptir. Fyrir þetta var höfðað mál gegn kærða fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu og var málið dæmt þar 19. júlí þ. á. þannig, að kærði fyrir óhlýðni við framangreint bann og »lög þau, er það byggist á«, með því að fara út í botnvörpuskip, og fyrir hlutdeild í broti gegn

fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, með því að flytja skipstjóra botnvörpuskipsins í land, var dæmdur í 60 kr. sekt til landssjóðs og til að greiða allan kostnað málsins. En dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Framannefnt brjef sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. jan. þ. á. hefur eigi verið lagt fram í málinu, en dómarinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með fyrtjeðu atferli sínu verður eigi sjeð, að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn sóttvarnarlögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls óvíst er, nema botnvörpuskip þau, sem hjer ræðir um, hafi áður í sömu ferðinni verið búin að sýna skjöl sín í höfn hjer á landi, en bann sýslumanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir kærða. Með því að heldur eigi verður sjeð, hvernig kærði hefur með því að flytja í land skipstjóra af botnvörpuskipi, sem ætla verður að hafi verið að veiðum úti í Faxaflóa, án þess nokkuð sje upplýst um það, að það hafi verið í landhelgi, gjört sig sekan í hlutdeild í broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma kærða sýknan með öllu af kæru hins opinbera í máli þessu. Allan kostnað málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Guðmundur Einarsson í Nesi á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra, greiðist úr landssjóði.

Nr. 40/1897: Hið opinbera gegn Arnbirni Ólafssyni, Þorkeli Þorkelssyni, Sigurfinni Sigurðssyni, Bjarna Jónssyni og Guðmundi Árnasyni.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins yfir Suðuramtinu, dags. 11. maí þ. á., sem þinglesið var á manntalsþingum í Vatnleysustrandar- og Rosmhvalanesshreppum var staðfest og ítrekað bann hlutaðeigandi sýslumanns, er hann hafði útgefið 7. jan. þ. á. gegn því að menn í nefndum hreppum færu út í útlend botnvörpuveiðiskip, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð

að landinu frá útlöndum. Eptir útkomu og birtingu banns þessa fór kærði Arnbjörn Ólafsson í Keflavík með hásetum sínum hinum meðkærðu Þorkeli Þorkelssyni, Sigurfinni Sigurðssyni, Bjarna Jónssyni og Guðmundi Árnasyni fleirsinnis, þar á meðal einnig 3. og 4. júli þ. á., út í útlend botnvörpuskip, sem voru að veiðum hjer í Faxaflóa, án þess nánara sje upplýst, hvar skipin hafi verið, eða hvort þau hafi verið í landhelgi eður eigi; fengu kærðu fisk hjá skipverjum, sem þeir gáfu þeim eða seldu, og fluttu hann síðan í land. Tveir af hinum kærðu, Arnbjörn Ólafsson og Þorkell Þorkelsson, urðu um tíma eptir úti í einu botnvörpuskipinu, meðan hinir fóru í land, og eins tók skipstjóri sjer einu sinni far með kærðu í land og dvaldi þar til næsta dags. Fyrir þetta var mál höfðað gegn hinum kærðu fyrir lögregluretti Kjósar- og Gullbringusýslu, og var það dæmt þar 19. júlí þ. á. með þeim úrslitum, að kærðu voru fyrir útferðir sínar í botnvörpuskipin og viðskipti sín við skipverja á þeim, sjerstaklega kærði Arnbjörn Ólafsson fyrir flutning á skipstjóra í land, og hann og kærði Þorkell Þorkelsson fyrir dvöl úti á skipi botnverpinga, dæmdir til að greiða sekt til landssjóðs fyrir brot gegn fyrtjeðu banni sýslumanns og amtmanns og fyrir hlutdeild í broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og var sektin ákveðin fyrir Arnbjörn Ólafsson 40 kr., Þorkel Þorkelsson 10 kr., og fyrir hvern hinna þriggja kærðu 5 kr. Svo skyldu kærðu og allir

fyrir einn og einn fyrir alla greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur eptir ósk hinna dómfelldu verið skotið til yfirdómsins.

Bann sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. jan. þ. á., er fyr er getið, og sem staðfest var með áður umgetnu amtsbrjefi 11. maí þ. á., hefur eigi verið framlagt í málinu, en undirdómarinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með áður áminnztum ferðum út í útlend botnvörpuskip verður eigi sjeð, að kærðu hafi gjörzt brotlegir gegn neinum ákvæðum í sóttvarnarlögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls óupplýst er um það, hvort hlutaðeigandi botnvörpuskip hafi eigi áður í sömu ferðinni verið búin að sýna skjöl sín á höfn hjer á landi, en bann sýslumanns eða amtmanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir hinum kærðu. Með því að eigi verður heldur sjeð, hvernig kærðu hafa með atferli sínu, sem fyr er lýst, orðið meðsekir í nokkru broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma alla hina kærðu algjörlega sýkna af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur kostnaður málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, ber að greiðast úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærðu Arnbjörn Ólafsson, Þorkell Þorkelsson, Sigurfinnur Sigurðsson, Bjarni Jónsson og Guðmundur Árnason eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, leiðandi kostnaður greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 20. desembermánaðar.

Nr. 31/1897: Valdimar Ásmundarson
gegn
Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Mál þetta er upprunalega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af lögreglulþjóni Þorvaldi Björnssyni gegn ritstjóra blaðsins »Fjallkonan«, Valdimar Ásmundarsyni, út af ummælum í nefndu blaði, er Þorvaldur Björnsson taldi meiðandi fyrir sig. Var það dæmt á bæjarþinginu 29. dag aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að Valdimar Ásmundarsyni var gjört að greiða 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara sæta einföldu fangelsi í 15 daga; hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og

marklaus og Valdimar Ásmundarson dæmdur í 30 kr. málskostnað.

Þessum dómi hefur Valdimar ritstjóri Ásmundarson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu, dags. 29. júlí næstl., og krafizt, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum og kærum Þorvaldar Björnssonar, og að stefndi verði dæmdur til að greiða í málskostnað fyrir báðum rjettum 120 kr. eða eitthvað nægilegt. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að undirdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eptir rjettarins mati.

Ummæli þau, er hinn stefndi hefur talið meiðandi fyrir sig, eru í grein einni í »Fjallkonunni« XIII, 47, með fyrirsögninni »Ísafold og Þorvaldur lögregluþj.«, og koma hjer til álita eigi önnur ummæli en þau, sem undirdómarinn hefur talið varða við lög, með því að málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað, en ummælin eru þessi: »Þorvaldur lögregluþjónn er svo hundfylgispakur við Ísafoldar-Björn, að hann skilur ekki við hann heldur en skottið við refinn«, og »þeim sem kunnugir eru lífsferli Þorv. lögregluþj. — og allri hegðun hans, frá því er hann fyrst kom til Reykjavíkur, má blöskra, að slíkur maður skuli vera skipaður til að gæta reglu og velsæmis í höfuðstaðnum, og er ekki ólíklegt, að siðferðistilfinning bæjarbúa sje eitthvað geggjuð, þar sem þeir hafa í mörg ár getað notazt við þetta lögreglutól«. Áfrýjandi, sem ber ábyrgð á ummælum þessum, þykist hafa með vitnaleiðslu í málinu

sannað það, að hann hafi ekkert oftalað eða rangt talað um stefnda, svo að það varði við lög, en í þessu efni verður yfirdómurinn að fallast á álit undirdómarans, og samþykkja þá skoðun hans, að í hinum tilfærðu klausum felist saknæm meiðyrði um stefnda. Það er móðgandi og óvirðandi, svo að við lög varðar, að segja, að stefndi sje svo hundfylgispakur við annan mann, að hann skilji eigi fremur við hann en skottið við refinn, og sömuleiðis er öll hin síðari klausan mjög móðgandi og óvirðandi fyrir stefnda, sem hefur opinbera þjónustu á hendi í Reykjavík. Að vísu hefur áfrýjandi fengið vitnisburði margra manna fyrir rjetti um framkomu hins stefnda sem lögregluþjóns hjer í bæ, en þótt eitt og annað hafi komið fram í þessari vitnaleiðslu, er sýni, að stefndi hafi einstöku sinnum farið ógætilega með vald sitt, og enda ótilhlýðilega, svo að hann hafi átt skilið ávítur fyrir það, þá er þó eigi með vitnaleiðslunni fengin sönnun fyrir því, að hann eigi skilið hin þungu ummæli, sem hin átalda grein inniheldur. Þótt eigi verði álitið, að dróttað sje að stefnda með hinum átöldu ummælum verknaði, er geti gjört hann ómaklegan virðingar samborgara sinna, þá eru þau svo meiðandi og móðgandi fyrir hann, að áfrýjandi getur eigi komizt hjá að sæta sektum fyrir þau samkvæmt 219. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir sektin hæfilega ákveðin 20 kr., og komi í hennar stað 6 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi öll er greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnað fyrir undirrjetti

skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður, og skal því staðfesta dóminn með áminnztri breytingu á refsingarákvæðinu. Eptir atvikum málsins verður áfrýjandi einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 12 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður, þó svo að sektin sje 20 kr. og vararefsingin 6 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Þorvaldi Björnssyni 12 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 32/1897: Jón Brynjólfsson gegn Sveini Ólafssyni.

Dómur:

Aðilar máls þessa eru báðir ábúendur á jörðinni Höfðabrekku í Mýrdal, og býr áfrýjandinn á vestari hluta jarðarinnar, en stefndi á hinum eystri. Höfðaði áfrýjandi mál þetta í hjeraði út af því, að stefndi ljet verkafólk sitt 24. júlí f. á. hirða nokkuð af þurru heyi, er áfrýjandi hafði látið slá, af túnskák nokkurri, er áfrýjandi taldi tilheyra sínum túnhelmingi, og aptur daginn eptir, 25. júlí, ljet stefndi taka enn nokkuð af þurru heyi á sama stað frá áfrýjanda og slá þar auk

þess í 4 klukkustundir. Var málið dæmt í aukarjetti Skaptafellssýslu 14. júní þ. á. þannig, að stefndi Sveinn Olafsson skyldi greiða áfrýjandanum Jóni Brynjólfssyni skaðabætur eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna fyrir töku á 32 fjórðungum af töðu — en því áleit dómarinn að þurra heyið, er tekið var, hefði numið — og skyldi að öðru leyti sýkn af kærum áfrýjandans í málinu. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. ágúst þ. á., og hefur hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann. Hefur hann krafizt þess fyrir yfirdóminum, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði látinn sæta hæfilegri sekt fyrir verknað sinn, að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati fyrir töku á 3 hestburðum af heyi, svo og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða eptir rjettarins mati, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða talsmanns. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Það er viðurkennt af málsaðilum, að þá er þeir ásamt þriðja manni vorið 1894 tóku við ábúð jarðarinnar Höfðabrekku, er áður hafði um langan tíma verið í ábúð eins manns, skiptu þeir túni jarðarinnar með sjer til afnota og kaus stefndi sjer þá eystri helming túnsins, en hinir

tveir ábúendurnir, sem höfðu sinn fjórðung jarðarinnar hvor til ábúðar, tóku þá hinn vestari helminginn og skiptu honum með sjer, en í honum liggur túnskák sú, er umrætt hey var slegið á. Fóru afnot jarðarinnar eptir þessum skiptum það ár og sömuleiðis næsta ár og allt til þess tíma, er heytakan var framin, er mál þetta er af risið, en vorið 1895 flutti þriðji ábúandinn af jörðinni og tók þá áfrýjandinn byggingu á öllum vestari helming jarðarinnar og yrkti þá einnig túnið innan þeirra ummerkja, er þeim helmingi var lagður með fyrgreindum skiptagjörningi, þar á meðal fyrnefnda túnskák.

Hinn stefndi hefur viljað rjettlæta heytöku sína sumpart með því, að afnotaskiptin á túni jarðarinnar 1894 hafi að eins verið bráðabirgðaskipti, sumpart með tilvitnun til skiptabrjefs nokkurs frá 1661, þar sem gjörð voru helmingaskipti milli eigenda á jörðinni Höfðabrekku og þar sem umrædd túnskák var talin til eystra helmingsins, og hefur hann viljað á þessu byggja, að skiptin 1894 hafi ekkert gildi haft, er hann framdi heytökuna. En þar sem það er augljóst af málinu og ómótmælt, að áfrýjandinn, þegar heytakan átti sjer stað, var handhafi eða hafði eignarhald á túnskák þeirri, er heyið var tekið af, gátu nefnd varnaratriði stefnda, sem eigi er þörf að rannsaka hjer nákvæmar, að eins gefið honum tilefni til að framfylgja á löglegan hátt rjetti sínum, er hann taldi sig hafa, til breytingar á afnotum jarðarinn-

ar, en eigi rjettlætt sjálftöku þá, sem hann beitti með heytökunni.

Samkvæmt þessu álízt stefndi með umræddri heytöku að hafa gjört sig sekan í ólögiegri sjálftöku og ber því að dæma hann samkvæmt kröfu áfrýjanda í sekt til landssjóðs samkvæmt 117. gr. alm. hegningarlaga, er ákveðst 30 kr., en til vara sæti hann 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð.

Um skaðabætur fyrir heytökuna á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, og skal í því tilliti tekið fram, að áfrýjandinn hefur eigi sannað eða fært líkur fyrir, að heyið hafi verið meira en talið er í aukarjettardóminum, eða 32 fjórðungar. Rjett þykir að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 60 kr., þar með talin málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hans fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr.

Að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, hefur því verið fylgt fram með tilhlýðilegum hraða.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Sveinn Ólafsson greiði í sekt til landssjóðs 30 krónur, en sæti ella 8 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Um skaðabætur á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjandanum Jóni Brynjólfssyni málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 60 kr., og eru þar í fólgin málflutningslaun hins skipaða

talsmanns áfrýjandans, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 33/1897: B. H. Bjarnason gegn Þorleifi Jónssyni.

Dómur:

Með því að áfrýjunarstefnan í máli þessu hefur eigi verið birt svo tímanlega fyrir hjeraðsdómaranum, að honum hafi gefizt frestur sá til að mæta í málinu, sem ákveðinn er í tilsk. 11. júlí 1800, 15. gr., en hvorki hann nje stefndi hafa mætt nje mæta látið fyrir yfirdóminum, ber ex officio að frávísa máli þessu frá yfirdómi.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi.

Hæstarettardómar

hæstarjettar-árið 1897—98.

Föstudaginn 9. apríl 1897.

Nr. 143. Hæstarjettarmálaflutningsmaður Salomon
gegn
Nikulási Guðmundssyni
(verjandi Asmussen),
sem ákærður er fyrir þjófnað.

Aukarjettardómur Húnavatnssýslu 22. maí 1895:

Ákærði Nikulás Guðmundsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga. Svo ber honum og að greiða í skaðabætur til Ólafs bónda Gunnlaugssonar á Ártúnum í Mosfellssveit 20 kr. og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 10 kr. í málsvarnarlaun til svaramanns síns hjer fyrir rjettinum, Benedikts umboðsmanns Blöndals í Hvammi. Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 16. desember 1895:

Ákærði Nikulás Guðmundsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu. Um iðgjöld og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærlumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors. — Íðæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með þeirri athugasemd, að hið konunglega heilbrigðisráð hefur eptir uppsögn hins áfrýjaða dóms lýst því yfir, að það geti eigi eptir skýrslum málsins látið uppi neinn rökstuddan og sjálfstæðan dóm um sálarástand ákærða, og að öðru leyti með skírskotun til ástæðna þeirra, er tilgreindar eru í yfirrjettardóminum, og sem ekkert verulegt er að athuga við, verður að fallast á það, að ákærði er dæmdur samkvæmt 231. gr. 1. lið hinna íslenzku hegningarlaga, sbr. 40. gr., en refsinguna þykir mega færa niður í fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga. Iðgjöld þau, er Ólafur Gunnlaugsson hefur krafizt, verða eigi dæmd honum í þessu máli.

Því dæmist rjett vera:

Nikulás Guðmundsson sæti fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga. Svo greiðir hann og kostnað málsins, þar með talin málflutningslaun þau, er ákveðin eru í dómi landsyfirrjettarins og málflutningslaun fyrir hæstarjetti til hæstarjettarmálaflutningsmannanna Salomon og Asmussen, 40 krónur til hvors.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar á bls. 173—178 hjer að framan.

Mánudaginn 26. apríl 1897.

Nr. 21. Bæjarfógeti í Reykjavík H. Daníelsson sem skiptaráðandi í dánarbúi Magnúsar Jónssonar, fyrir hönd búsins (Halkier)

gegn

Jóni Magnússyni og sýslumanni F. E. Siemsen sem skiptaráðanda í dánarbúi Kristins Ólafssonar fyrir hönd búsins (Rée),

um gildi gjafabrjefs m. m.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 31. ágúst 1893.

Hinir stefndu Jón Magnússon og Kristinn Ólafsson eiga að vera sýknir í þessu máli af kærum og kröfum stefnandans, skiptaráðandans í dánarbúi Magnúsar Jónssonar. Málskostnaður falli niður.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 13. ágúst 1894:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómur hæstarjettar:

Þess skal fyrst getið, að það getur eigi verið til tálmunar því, að málið verði dæmt í heild sinni, að það er að eins höfðað gegn 2 af þeim mönnum, sem samkvæmt gjafabrjefi því frá 27. apríl 1886, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, áttu að eignast saman jarðeignir þær 5, er nefndar eru í fyrra hluta brjefsins.

Eptir skýrslum málsins er að vísu eigi alveg næg ástæða til að álíta umrætt gjafabrjef ógilt, gagnvart dánarbúi Magnúsar Jónssonar, samkvæmt N. L. 5—13—44, sbr. lög um gjaldþrotaskipti 13. apríl 1894, 30. gr., að því er snertir fjármuni þá, er afsalaðir voru Kristni Ólafssyni sjerstaklega gegn endurgjaldi, en aptur á móti verður brjef þetta, eptir því sem upplýst er og eptir málsfærslunni, eigi álitið gilt fyrir hina stefndu, að því leyti 7 börnum útgefanda brjefsins eru með því gefnar jarðeignir þær, er nefndar eru í fyrra hluta þess, 1/7 hverju. En þar sem upplýst er fyrir hæstarjetti, að hluti sá af Stóra-Seli, er nefndur er í gjafabrjefinu undir töllu. 2, hefur samkvæmt sætt er fjárhaldsmaður Magnúsar Jónssonar samdi 1888, og þar eptir gjörðu fjárnámi, verið seldur á nauð-

ungaruppboði til lúkningar einni af skuldum þeim, er getur um í síðari hluta gjafabrjefsins, þá verður engin skylda lögð hinum stefndu á herðar að því þessa jarðeign snertir. Þar á móti verður, samkvæmt því, er tekið hefur verið fram, og samkvæmt kröfum áfrýjandans fyrir hæstarjetti, að skylda stefndu til að skila aptur sjöundu hlutum þeim, er stefnda Jóni Magnússyni og konu Kristins Ólafssonar, hvoru um sig, voru ánafnaðir í gjafabrjefinu úr hinum 4 jarðeignum: Bræðratungu, virtri á 4940 krónur, 1/2 Austurhlíð og Strillu, virtum á 1560 krónur, Stekkjum, virtum á 900 krónur, og Hvammsvík, virtri á 820 kr., eða, ef apturskilun á sjer eigi stað, ber stefndu að greiða hvoru um sig 1/7 af nefndum matsupphæðum.

Málskostnaður þykir eptir atvikum mega niður falla fyrir öllum dómum.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu Jón Magnússon og sýslumaður F. E. Siemsen sem skiptaráðandi í dánarbúi Kristins Ólafssonar fyrir hönd dánarbúsins, eiga hvor fyrir sitt leyti, innan 4 vikna eptir birtingu hæstarjettardóms þessa, að skila dánarbúi Magnúsar Jónssonar aptur sjöundu hlutum þeim af ofan- og síðastnefndum 4 jarðeignum, sem Jóni Magnússyni og konu Kristins heitins Ólafssonar voru hvoru um sig ánafnaðir með umræddu gjafabrjefi, eða, ef eigi verður af apturskilun að öllu eða nokkru leyti, svari 1/7 af ofannefndum matsupphæð-

um í stað þeirra jarðahluta, er eigi er aptur skilað. Að öðru leyti skulu hinir stefndu sýknir vera fyrir kæruin og kröfum áfrýjandans í þessu máli.

Málskostnaður fyrir öllum dómum fellur niður. Í dómsmálasjóðinn greiði hinir stefndu 10 krónur.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í 4. bindi þessa dómasafns, á bls. 585—589.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1898.

Nr. 42. Hreppstjóri Þórður Guðmundsson á Neðra Hálsi í Kjós og tómthúsmaður Þórður Guðmundsson í Reykjavík (Shaw eptir skipun)

gegn

Amtmanni yfir Suður- og Vesturamti Íslands Jul. Havsteen fyrir hönd hins opinbera og sjera Þorkeli Bjarnasyni (Halkier eptir skipun)

um lögmæti veiðiaðferðar.

Lögreglurjettardómur Kjósar- og Gullbringusýslu 25. sept. 1893:

Hinir kærðu Þórður hreppstjóri Guðmundsson á Neðra-Hálsi í Kjós og tómthúsmaður Þórður Guðmundsson í Glasgow í Reykjavík eiga hvor að greiða í sekt 30 krónur, sem renni að hálfu til sveitarsjóðs Kjósarhrepps, en að hálfu til síra Þorkels Bjarnasonar á Reynivöllum í Kjós. Kálfanætur þær tvær með tilheyrandi fyrirstöðunetum,

sem þeir á þessu sumri hafa lagt í Laxárós, eiga upptækar að vera og renni andvirði þeirra til sveitarsjóðs Kjósarhrepps. Svo greiði hinir kærðu einn fyrir báða og báðir fyrir einn allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. — Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 8. janúar 1894:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á óraskaður að standa. Hinir kærðu, Þórður hreppstjóri Guðmundsson á Hálsi og Þórður Guðmundsson í Glasgow í Reykjavík, greiði in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og setts yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra. — Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með konungsbrjefi 22. desbr. 1894 hefur hæstarjetti verið veitt heimild til að dæma í máli þessu, jafnvel þótt málsefnið eigi kynni að nema áfrýjunarupphæð.

Fyrst skal það tekið fram, að veiði sú, er ræðir um í málinu, er í hinum áfrýjaða dómi með rjettu álitin vera veiði í sjó. Fyrir hæstarjetti hafa áfrýjendurnir haldið því fram, að umræddar

kálfanætur hafi verið lagðar svo, að laxinn hafi veiðzt í þær á göngu sinni ofan úr ánni til sjávar. En jafnvel þótt úrslit málsins yrðu eigi byggð á þessari skýrslu, verður eigi álitið, að áfrýjendurnir hafi gjörzt sekir í broti gegn 3. gr. í lögum 19. febr. 1886, um friðun á laxi, því að þar sem lagaákvörðun þessi bindur bannið gegn lagning veiðivjela úti fyrir ósamynnum, í stöðuvötnum eða sjó, því skilyrði, að för laxins sje hindruð með þeim og gjörir þannig ráð fyrir því, að eigi skuli meinað með öllu að leggja slíkar veiðivjelar, verður bannið að eins álitið snerta lagningu veiðarfæra, er eigi leifa laxinum nægilega rúmt op til göngu upp í ána, og þetta styður einnig analogía 2. greinar laganna. Í tilfelli því, er hjer er um að ræða, verður það nú eigi álitið sannað, að nein slík hindrun hafi verið lögð fyrir göngu laxins, og ber því að sýkna áfrýjendurna fyrir kæru hins opinbera.

Kostnað málsins fyrir undir- og yfirdómi ber að greiða af almannafje. Málskostnaður fyrir hæstarjetti á eptir atvikum að falla niður og málflutningslaun hinna skipuðu málflutningsmanna málsaðila að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjendurnir hreppstjóri Þórður Guðmundsson á Neðra-Hálsi í Kjós og tómthúsmaður Þórður Guðmundsson í Reykjavík eiga fyrir kæru hins opinbera í máli þessu sýknir að

vera. Kostnað málsins fyrir lögreglurjetti og yfirdómi ber að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun þau, er ákveðin voru sækjanda og verjanda í yfirrjettardóminum. Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður. Í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti veitist hæstarjettarmálaflutningsmanni Shaw og Halkier advokat 100 krónur hvorum, og greiðast þær af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í 4. bindi dómasafns þessa, á bls. 463—465.

Landsyfirrjettardómar 1898.

Mánudaginn 17. janúarmánaðar.

Nr. 18/1897: Landssjóðurinn
gegn
Þiðriki Þorsteinssyni, Þuríði Jónsdóttur og sýslumanni Sigurði Þórðarsyni.

Dómur:

Með hæstarjettardómi, uppkveðnum 31. maí 1895, var Þiðrik bóndi Þorsteinsson og stjúpdóttir hans Guðrún Sigurðardóttir dæmd til refsingar fyrir blóðskömm eptir 164. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, og til þess in solidum að greiða allan sakarmálskostnaðinn. Kostnaður þessi var samtals 751 kr. 90 a. Með brjefi dags. 27. júlí 1895 lagði amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu fyrir sýslumanninn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að fullnægja hæstarjettardóminum bæði að því er hegningu og málskostnað snerti, og þessa skipun sína ítrekaði amtmaðurinn með brjefum til

sýslumannsins, dags. 11. nóv. 1895 og 27. maí 1896. Þiðrik og Guðrún höfðu tekið út refsinguna, hann 20. maí 1896, en hún 4. ágúst s. á. En það var eigi fyr en 18. febr. f. á. (1897), að sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gjörði tilraun til þess að ná inn málskostnaðinum hjá hinum dómfelldu. Að heimta hann inn hjá hinni dómfelldu Guðrúnu kom eigi til mála, þar eð hún var aleignalaus meðgjafarómagi, eptir því sem frá er skýrt í málinu. Sýslumaðurinn sneri sjer því með málskostnaðarkröfuna að Þiðriki Þorsteinssyni, setti fógetarjett að heimili hans Háafelli hinn 18. febr. f. á., en þar hafði Þiðrik búið um 30 ár með Þuríði Jónsdóttur, er hann hafði gengið að eiga 11. okt. 1867, og hafði hann öll þessi ár verið talinn fyrir búinu og eigandi þess. Fyrir fógetarjettinum komu þó fram mótmæli af hálfu Þuríðar Jónsdóttur gegn því, að fjárnám væri gjört í búinu fyrir málskostnaðinum, með því að hún ein væri eigandi þess, en Þiðrik ætti ekkert í því; hjúskapur þeirra hefði frá upphafi verið algjörlega ólöglegur og ógildur, og fjárlag hefði aldrei gjörzt milli þeirra, en hún hefði verið ein eigandi að búinu, þegar þau Þiðrik tóku saman. Fógetinn tók þessi mótmæli til greina, fjellst á það, að Þiðrik ætti ekkert í búinu og úrskurðaði, að eigi skyldi ganga að búi Þuríðar til lúkningar sakamálskostnaðinum. Þessum úrskurði fógetarjettarins, uppkveðnum 18. febr. f. á., hefir af hálfu landssjóðsins verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 12. apríl f. á., og hefir þess verið krafizt af hálfu áfrýjanda, *að* fógetaúrskurðurinn verði felldur úr

gildi, og fógetinn skyldaður til að fremja hina umræddu fjárnámsgjörð, *að* fógetinn, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Sigurður Þórðarson, verði látinn sæta sektum fyrir drátt og aðra meðferð á málinu, og *að* hin stefndu verði dæmd til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eptir mati rjettarins.

Þiðrik Þorsteinsson og Þuríður Jónsdóttir hafa eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum í máli þessu, en fógetinn Sigurður Þórðarson hefur látið mæta, borið fram vörn fyrir sig, og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að áfrýjandi verði skyldaður til að greiða honum nægilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Fógetinn rökstyður úrskurð sinn á þá leið, að það sje augljóst, að hæstarjettardómurinn 31. maí 1895 sje byggður á því, að með því að sannað sje, að Þiðrik Þorsteinsson hafi framið holdlegt samræði við Guðrúnu Sigurðardóttur, dóttur Þuríðar Jónsdóttur, áður en hann gekk að eiga Þuríði, þá sje hjónaband þeirra Þiðriks og Þuríðar stofnað í meinum og því í sjálfu sjer ógilt án skilnaðardóms eða annars ógildingargjörnings, og af þessu leiði aptur að fjárlag hafi aldrei gjörzt með þeim Þiðriki og Þuríði, en hún hafi frá öndverðu átt bú þeirra allt og eigi það því enn. Yfirdómurinn getur þó eigi fallizt á þessa röksemdaleiðslu. Orð hæstarjettardómsins, sem að þessu lúta — en dómurinn er eingöngu refsingardómur —, eru svo látandi: »Nú hefur ákærða Guðrún eptir uppsögn yfirrjettardómsins skýrt frá

því, að þau Þiðrik hafi, jafnvel áður en hann giptist móður hennar, haft holdlegt samræði saman, og með því að *eptir atvikum verður að leggja skýrslu þessa, þó henni sje neitað af Þiðriki, til grundvallar*, **þegar metin er sekt beggja hinna ákærðu,** þykir rjett að ákveða refsingu þeirra að eins samkvæmt 164. gr. hinna íslenzku hegningarlaga«. Hjer er það beint tekið fram, að að eins sje dæmt um »sekt«, o: refsingarábyrgð, Þiðriks og Guðrúnar, eptir þessari skýrslu hennar, sem Þiðrik hafði neitað að væri rjett. Það verður því eigi byggt á þessum hæstarjettardómi, að þau Þiðrik og Þuríður hafi aldrei verið í hjúskap, nje heldur að hjúskapur þeirra hafi eigi haft hin venjulegu áhrif að lögum á fjárlag þeirra. Eins og áður er tekið fram, voru þau Þiðrik og Þuríður gefin saman í hjónaband 11. okt. 1867, og hafa síðan lifað í hjónabandi, og hefur venjulegt hjúskaparfjárlag verið með þeim.

Með því að fógetinn rökstuddi synjunarúrskurð sinn að eins með þessari einu ástæðu, sem nú hefur verið athuguð og eigi þykir lögmæt, verður að fella úr gildi hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð, og leggja fyrir sýslumanninn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að framkvæma fjárnám fyrir málskostnaðinum í fjármunum Þiðriks og Þuríðar, eptir kröfu áfrýjanda.

Hinn stefndi sýslumaður og fógeti hefur að vísu dregið það mjög lengi og frekar en mátti vera, að framkvæma skipun amtsins um fullnægingu hæstarjettardómsins. En með tilliti til þess, að hann hefur mjög ítarlega gjört grein fyrir og

afsakað drátt þennan bæði fyrir amtinu og fyrir þessum rjetti, og með því að hann einnig virðist hafa gjört nægilega tímanlega ráðstafanir til þess, að tryggja rjett landssjóðs, með því að kyrsetja meiri hluta jarðarinnar Háafells, eign Þiðriks og Þuríðar, þegar hinn 10. nóv. 1892, og var kyrsetningargjörðinni þinglýst 18. maí 1895 — þykir eigi nægileg ástæða til að sekta hann fyrir meðferð hans á máli þessu.

Eptir þessum úrslitum málsins verða öll hin stefndu að endurgjalda landssjóði allan kostnað málsins að skaðlausu, og skulu þau greiða hann in solidum.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður skal vera ógildur. Sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ber að gjöra fjárnám fyrir málskostnaði eptir hæstarjettardómi, uppkveðnum 31. maí 1895, í fjármunum Þiðriks Þorsteinssonar og Þuríðar Jónsdóttur.

Hin stefndu Þiðrik Þorsteinsson, Þuríður Jónsdóttir og Sigurður sýslumaður Þórðarson greiði landssjóði in solidum allan kostnað máls þessa að skaðlausu, og skal greiða kostnaðinn, áður 8 vikur sjeu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúarmánaðar.

Nr. 38/1896: Hannes Thorsteinson
fyrir hönd Eller & Co.
gegn
Árna Sveinssyni.

Dómur:

Með samningsgjörðum á Önundarfirði 12. júlímán. 1893 stofnuðu þeir Andrew Johnson, kaupmaður í Hull á Englandi, N. Kr. Nielsen frá Ringkjöbing í Danmörku og P. J. T. Halldórsson á Önundarfirði fjelag með sjer til þess að reka fiskiveiðar, verksmiðjuiðn og verzlunarstörf, og nefndist fjelagið »Islandsk Exportforretning«; heimili þess skyldi vera á Flateyri við Önundarfjörð. Skyldi Andrew Johnson leggja í fjelagssjóð 18,000 kr., P. Halldórsson 20,000 kr. og Nielsen 2000 kr. Eptir 3. gr. samningsins voru þessir 3 semjendur allir jafnrjettháir stjórnendur fjelagsins, og allir höfðu þeir rjett til þess að undirskrifa fyrir fjelagið (»tegne Firmaet«). Eptir því sem fram er komið í málinu, þó eigi standi það í þessum samningi, var það tilætlun þeirra fjelaganna, að P. Halldórsson og Nielsen rækju störf fjelagsins hjer á landi, en Johnson gætti hagsmuna þess erlendis, einkanlega á Englandi. Hinn 14. okt. 1893 sendi P. Halldórsson fyrir hönd eða í nafni fjelagsins fiskfarm með skipinu »Kamp« til verzlunarhússins Eller & Co. í Manchester í því skyni að hann seldi farminn. Að fiskfarmurinn var sendur til Eller & Co., en ekki til Johnson í Hull, kom af því að ósamþykki nokkurt var þá komið upp á milli fjelag-

anna, Johnson á aðra hliðina og P. Halldórssonar og Nielsen á hina hliðina. En á hinu leikur enginn vafi, að farmurinn hafi verið eign fjelagsins »Isl. Exportforretning«, að hann hafi verið sendur Eller sem eign fjelagsins, og að Nielsen, sem þá var á Önundarfirði, hafi samþykkt þessa ráðstöfun, þótt nafn hans standi eigi á hleðsluviðurkenningu (Connossementi) skipstjóra. Eller & Co. seldi síðan farminn, og eptir að hann hafði borgað ýmsar upphæðir af andvirðinu, lagði hann afganginn, sem eptir skilagrein hans, dags 10. jan. 1894, var 800.2.2. pd. st. í banka í Hull. Nokkru síðar krafðist Andrew Johnson þess af Eller að hann borgaði sjer sem rjettum hlutaðeiganda þessa upphæð. Eller vildi eigi gjöra það í fyrstu, en þó fór svo að hann greiddi Johnson peningana í júlímánuði 1894 gegn viðurkenningu hans og fjelaga hans annars, N. Kr. Nielsen, fyrir hönd »Isl. Exportforretning«, og gegn því að þeir tveir fjelagar gáfu honum sjerstaka yfirlýsingu um það, að þessi greiðsla skyldi verða honum ábyrgðarlaus. Skjöl þessi eru ódagsett, en eru út gefin í júlím. 1894. Viðurkenninguna fyrir greiðslu peninganna hafa þeir Johnson og Nielsen ítrekað með skjali, útgefnu 17. nóv. 1896, og er þess þar getið, að peningarnir hafi gengið til greiðslu upp í skuld hinnar »Isl. Exportforretning« til verzlunarfjelagsins Andrew Johnson Knudtzon & Co. Á hinn bóginn verður eigi sjeð, að P. Halldórsson hafi samþykkt þessa ráðstöfun á andvirðinu fyrir fiskfarminn, og það er enda komið fram, að hann hafi í brjefi til Ellers mótmælt því, að fjeð væri borg-

að til Andrew Johnson, enda virðist Eller eigi hafa gjört það, fyr en Johnson gekk svo ríkt eptir peningunum, að Eller gat búizt við málsókn af hans hálfu. Í júlímánuði 1894 skrifuðu þeir A. Johnson og N. Kr. Nielsen til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og kröfðust þess, að »Isl. Exportforretning« væri tekin til skiptameðferðar sem gjaldþrota, og virðist fjelagið hafa verið lýst gjaldþrota í skiptarjettinum 25. ágústm. næst á eptir, en engin átylla er til þess að álíta, að Eller & Co. hafi verið kunnugt um þessar ráðstafanir fyr en æði löngu seinna. Í skjölum fjelagsins (»Isl. Exportforretning«) hefur áðurnefnd skilagrein Ellers, dags. 10. jan. 1894, fundizt, og er svo að sjá sem skiptarjetturinn hafi þegar ákveðið, að selja skyldi á opinberu uppboði innieign fjelagsins hjá Eller eptir skilagreininni 800.2.2 pd. st., án þess nokkuð væri grennslazt eptir því, hvort Eller væri enn handhafi innieignarinnar og án þess leitað væri nokkurra samninga við hann um innieignina. Á uppboði, sem haldið var að tilhlutun skiptarjettarins á Flateyri 24. sept. 1894, var innieign þessi seld, og varð stefndi, Árni kaupmaður Sveinsson, hæstbjóðandi að henni fyrir 25 kr. Með brjefi 11. nóv. 1895 skýrði Árni Sveinsson Eller & Co. frá því að hann væri orðinn eigandi innieignarinnar og óskaði yfirlýsingar hans um »kröfu þessa« við fyrsta tækifæri; en með brjefi 18. jan. 1896 lýsti Eller & Co. því yfir við Arna Sveinsson, að þeir viðurkenndu alls eigi kröfuna. Þá ljet Árni Sveinsson, sem hafði fengið vitneskju um það, að Eller & Co. átti fje innistandi hjá Sig-

fúsi kaupmanni Jónssyni á Akureyri, kyrsetja og leggja löghald á tjeða innieign, 3000 kr., og var kyrsetningargjörðin framkvæmd af fógetarjetti Akureyrarkaupstaðar 18. júlí 1896. Síðan höfðaði Árni Sveinsson mál gegn Sigfúsi kaupmanni Jónssyni fyrir gestarjetti Akureyrarkaupstaðar til þess að fá kyrsetningargjörðina staðfesta og Sigfús dæmdan til að greiða 3000 kr. fyrir hönd Eller & Co., og lauk máli þessu með dómi rjettarins, uppkveðnum 27. ágúst næst á eptir, þannig, að kyrsetningargjörðin var staðfest, og Sigfús Jónsson var dæmdur til þess fyrir hönd Eller & Co. að greiða cand. polit. Sigurði Briem í Reykjavík fyrir hönd Árna Sveinssonar hina kyrsettu innieign, 3000 kr., til lúkningar, að svo miklu leyti til hrökkur, upp í skuld nefnds verzlunarfjelags til Árna Sveinssonar að upphæð 800.2.2, pd. sterl. og upp í 5% vexti hjer af, frá stefnudegi, unz greitt verður, svo og til að greiða 50 kr. upp í málskostnað. Dómi þessum hefur cand. jur. Hannes Thorsteinson skotið til yfirdómsins fyrir hönd Eller & Co. með stefnu 31. okt. 1896, og gjört þær rjettarkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins verði dæmd ómerk, og málinu vísað frá gestarjettinum, en stefndi verði dæmdur til að greiða Eller & Co. 9000 kr. í skaðabætur eða skaðabætur eptir mati óvilhallra manna, en til vara, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 18. júlí 1896 verði felld úr gildi og Eller & Co. dæmdir sýknir af öllum kröfum stefnda, en að stefndi verði dæmdur til að greiða Eller & Co. 9000 kr. skaðabætur eða

skaðabætur eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati; svo krefst og áfrýjandi þess, að allur málskostnaður verði, hvernig sem málinu lýkur, dæmdur til handa Eller & Co. skaðlaust, eða að öðrum kosti með einhverri nægilegri upphæð eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn hefur stefndi Árni Sveinsson krafizt þess, að kyrsetningargjörðin og gestarjettardómurinn verði staðfest, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eptir mati rjettarins.

Krafa áfrýjanda um, að gestarjettardómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá gestarjettinum, verður eigi tekin til greina, því að bæði voru skilyrðin fyrir gestarjettarmeðferð málsins í hjeraði fyrir hendi, og svo hefur málið einnig að öðru leyti verið rekið löglega fyrir gestarjettinum.

Úrslit málsins eru komin undir því, hvort álitið verður að Eller & Co. hafi skuldað fjelaginu »Islandsk Exportforretning« eða búi þess 800.2.2 pd. sterl. hinn 24. sept. 1894, þegar þessi skuldakrafa búsins var seld stefnda, en það fer aptur eptir því, hvort greiðsla hans á þessari upphæð til Andrew Johnson í júlímánuði næst á undan hefur verið lögmæt. Eins og áður er tekið fram, er engin ástæða til að ætla, að Eller & Co. hafi þá haft hugmynd um, að fjelagið væri í þann veginn að verða eða væri þegar orðið gjaldþrota; þegar áfrýjandi tók við farminum af »Kamp«, tók hann við honum sem eign fjelagsins og hann seldi hann sem eign þess; P. Halldórsson hafði engan frekari rjett yfir honum en hinir 2 fjelagsmennirnir.

Þar sem stefndi hefur haldið því fram í málsfærslu sinni, að P. Halldórsson hafi verið aðalmaðurinn í fjelaginu og að hann hafi einkanlega og einn haft umráðarjett yfir nefndum skipsfarmi, þá er ekkert fram komið í málinu, er rjettlæti þessa staðhæfingu, og eigi getur hún samrýmzt við fjelagssamninginn, sem var lög þeirra fjelagsmanna. Það er áður tekið fram, að eptir 3. gr. samnings þessa voru þeir allir 3 (Johnson, Halldórsson og Nielsen) jafnrjettháir stjórnendur fjelagsins, og að þeir hafi allir þrír, þ. e. hver þeirra, haft heimild til að undirskrifa fyrir fjelagið. Eptir þessum samningi eða lögum, sem voru Eller kunnug, mátti hann álíta, að kvittun Johnsons eins væri nægileg fyrir sig, hvað þá heldur er samþykki annars fjelagsmannsins, Nielsens, var fengið til þessarar ráðstöfunar, eins og nægilega er sannað í málinu. Eptir fjelagssamningnum eða lögum þess, hinni tilvitnuðu grein þeirra, mátti Eller borga upphæðina hverjum fjelagsmanninum, er hann vildi. Það má og taka það hjer fram, að Johnson virðist með brjefi, skrifuðu í Hull 16. júlí 1894, hafa tilkynnt fjelaginu »Islandsk Exportforretning« á Önundarfirði greiðslu fjárins af hálfu Ellers til sín, án þess sjeð verði, að þessari tilkynningu hafi nokkur gaumur verið gefinn í þrotabúinu eða þegar krafan á hendur Eller var seld stefnda.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að Eller & Co. hafi haft lögmæta heimild til að greiða Andrew Johnson upphæð þá, sem ræðir um í máli þessu, og að upphæð þessi hafi því eigi staðið inni hjá

áfrýjanda hinn 24. sept. 1894, er skuldin var seld stefnda sem eign þrotabús hinnar »Isl. Exportforretning«. En af þessu leiðir, að það verður að fella úr gildi hinn áfrýjaða gestarjettardóm og kyrsetningargjörðina, og dæma áfrýjanda al-sýknan af kröfum stefnda í máli þessu. Svo verður stefndi og að greiða áfrýjanda hæfilegar skaðabætur fyrir kyrsetninguna á eign hans eptir mati óvilhallra manna samkvæmt N. L. 1. 19. 21, en skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr 9000 kr. eptir kröfu áfrýjanda. Svo ber stefnda og að greiða áfrýjanda í málskostnað 100 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur og kyrsetningargjörð skal úr gildi felld. Áfrýjandi Eller & Co. í Manchester skal vera sýkn fyrir kröfum stefnda kaupmanns Árna Sveinssonar á Ísafirði í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda skaðabætur eptir óvilhallra, dómkvaddra manna mati, þó eigi hærri upphæð en 9000 kr. og málskostnað með 100 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúarmánaðar.

Nr. 42/1897: Hreppsnefndir Þingvalla- og Grafningshreppa
gegn
Eyjólfi Guðmundssyni.

Dómur:

Áritunin á áfrýjunarstefnunni sýnir, að aðeins annar þeirra manna, er stefnuna birtu fyrir hinum stefnda, hefur verið lögskipaður stefnuvottur, en hinn manninn tók stefnuvotturinn með sjer »í forföllum hins stefnuvottsins«. Svo er og eigi tekið fram í árituninni, hvar stefnan hafi verið birt fyrir hinum stefnda. Af þessum sökum, sbr. N. L. 1—4—2 og tilsk. 3. júní 1796, 18. og 20. gr., er eigi vissa fengin fyrir því, að stefnan hafi verið löglega birt hinum stefnda, sem eigi hefur mætt nje mæta látið fyrir yfirdóminum, og verður því að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett vera:
Máli þessu vísast frá yfirdómi.

Mánudaginn 14. febrúarmánaðar.

Nr. 25/1897: Vigfús Þórarinsson
gegn
Þorvaldi Bjarnarsyni.

Dómur:

Aðilar máls þessa, Vigfús bóndi Þórarinsson og Þorvaldur bóndi Bjarnarson, mættu hinn 24. ágúst 1896 í einkamáli einu fyrir aukarjetti Rangárvalla-

sýslu, sem haldinn var að Steinahellisþingstað; átti vitnaleiðsla þá að fara fram í málinu, og mætti Vigfús Þórarinsson fyrir hönd hins stefnda í aðalmálinu, en Þorvaldur Bjarnarson mætti sem vitni. Þegar dómarinn spurði umboðsmann stefnda, Vigfús, um það, hvort hann tæki framburð vitnanna jafngildan og hann væri eiðfestur, kvað hann nei við því, en bað jafnframt leiðbeiningar um það, hvort Þorvaldur Bjarnarson, »sem væri alþekktur fjandmaður stefnda, og hefði haldið honum saklausum í fangelsi í fleiri vikur, án þess að sýslumannsúrskurður hafi verið birtur verjanda í því málefni, væri gilt vitni«. Fyrir þessi ummæli höfðaði Þorvaldur Bjarnarson meiðyrðamál á móti Vigfúsi Þórarinssyni fyrir gestarjetti Skaptafellssýslu, og var því ráðið til lykta með dómi rjettarins, uppkveðnum 22. maí 1897, á þá leið, að Vigfús Þórarinsson á að greiða 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 6 daga einföldu fangelsi, og auk þess í málskostnað 15 krónur. Hin átöldu ummæli voru dæmd ómerk.

Dómi þessum hefur Vigfús Þórarinsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útg. 9. júní f. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu og að Þorvaldur Bjarnarson verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins; en af sinni hálfu hefur Þorvaldur gagnáfrýjað málinu með stefnu, 23. júlí f. á., og krafizt þess, aðallega, að gestarjettardóminum verði breytt þannig, að sektin fyrir hin átöldu ærumeiðandi ummæli verði þyngd eptir laganna strangleika, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk og gagn-

stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða eptir rjettarins mati, en til vara hefur hann kraflzt þess, að gesta-rjettardómurinn verði staðfestur og gagnstefndi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eptir rjettarins mati.

Eins og drepið hefur verið á hjer að framan, komu ærumeiðingar þær, sem eru sakarefni, fram fyrir rjetti við vitnaleiðslu, þar sem aðaláfrýjandi var umboðsmaður fyrir annan málsaðilann. Aðaláfrýjandi mótmælti því, að vitnisburður gagnáfrýjanda væri tekinn gildur, og rökstuddi mótmæli sín með því, að gagnáfrýjandi væri alþekktur fjandmaður málsaðilans og að hann hefði haldið honum saklausum í fangelsi í fleiri vikur, án þess að sýslumannsúrskurður væri birtur hlutaðeiganda. Aðaláfrýjandi notaði þannig að eins rjett þann, sem hann hafði sem málflytjandi til þess að leitast við að hnekkja vitnisburði gagnáfrýjanda, og verður eigi álitið að orðin »alþekktur fjandmaður«, töluð í því sambandi, sem hjer um ræðir, varði við lög, sbr. einnig N. L. 1—13—16 (orðin »aabenbare Uven«). Þar sem aðaláfrýjandi þarnæst bar það á gagnáfrýjanda, að hann hefði haldið öðrum manni saklausum í fangelsi í fleiri vikur, án þess sýslumannsúrskurður hefði verið birtur honum, þá átti hann með þessum ummælum sínum við það, sem alkunnugt var og á vitorði allra þeirra, er viðstaddir voru, að umgetnum manni, er áfrýjandi mætti fyrir í vitnamálinu, var fleiri vikur *eptir fyrirlagi sýslumanns* haldið í gæzluvarðhaldi á heimili stefnda, í sakamálsrannsókn

gegn honum, er síðar var látin falla niður að amtmannsboði án málshöfðunar. Í ummælunum falst því ekki, eins og stefndi hefur viljað halda fram, aðdróttun að stefnda um, að hann hafi ólöglega á sitt eindæmi haldið manninum í fangelsi og þannig svipt hann frelsi sínu. Og þó að það hafi sannazt með útskript úr dómsmálabók sýslunnar, að það sje eigi rjett, að sýslumannsúrskurður um gæzluvarðhaldið hafi eigi verið birtur manninum, þar sem úrskurðurinn var, eptir útskriptinni, lesinn upp fyrir honum jafnskjótt og hann var uppkveðinn, þá lá eigi í ummælunum fremur fyrir það nein saknæm aðdróttun að stefnda; því að stefndi hafði eigi neina sjálfstæða skyldu til að sjá um að alls þess væri gætt, er að fangelsuninni laut að laga boði. Þess má og geta, að þessi ummæli, eins og orðin »alþekktur fjandmaður«, voru framfærð af áfrýjanda sem varnaratriði í máli, og leitaði hann, sem er ólöglærður alþýðumaður, leiðbeiningar dómarans um, hvort atburður sá, er þau hermdu frá, eigi væri nægilegur til að hnekkja vitnisburði stefnda, en þetta tilefni til ummælanna út af fyrir sig virðist nægja til þess, að gjöra það að verkum, að ummælin, sem áfrýjandi, eptir því sem fram er komið í málinu, eigi vissi betur en væru sönn, eigi ekki að varða áfrýjanda ábyrgðar, þó að þau væru fremur óhöndulega orðuð.

Af þessum sökum ber að sýkna áfrýjandann með öllu af kærum og kröfum stefnda. Málskostnaður virðist eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Vigfús Þórarinsson á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, Þorvaldar Bjarnarsonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

24/1897: Hreppsnefnd Eyrarhrepps
gegn
verzlunarstjóra Jóni Laxdal f. hönd verzlunar Leonh. Tangs á Ísafirði.

Dómur:

Hinn 25. okt. 1895 lagði hreppsnefndin í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu aukaútsvar á verzlun Leonhards Tangs á Ísafirði fyrir blautfisksverzlun, sem Leonhard Tang að hreppsnefndarinnar áliti rak í Eyrarhreppi fardagaárið 1895/96 og var upphæð útsvarsins 20 kr. Með því að forstjóri verzlunarinnar eigi greiddi útsvar þetta, heimtaði hreppsnefndin í Eyrarhreppi að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu tæki gjaldið lögtaki, en með úrskurði fógetans uppkveðnum 15. jan. 1897, var lögtaksbeiðni hreppsnefndarinnar hrundið og úrskurðaði fógetinn, að lögtaksgjörð fyrir hinu umrædda gjaldi skyldi ekki fram fara. Þessum úrskurði hefur hreppsnefndin skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. maímán. f. á., og krafizt þess, að fógetarjettarúrskurðurinn verði úr gildi felldur, að fógetinn í Ísafjarðarsýslu verði skyldaður til þess að framkvæma hina umbeðnu lög-

taksgjörð, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu. Hinn stefndi, verzlunarstjóri Jón Laxdal f. h. verzlunar Leonh. Tangs á Ísafirði, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að úrskurður fógetarjettarins verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eptir rjettarins mati.

Það er komið fram í málinu, að verzlun Leonhards Tangs á Ísafirði hefur í Eyrarhreppi, í Hnífsdal og í Arnardal, veitt móttöku blautfiski sem innleggi í verzlunina og hefur fiskurinn svo verið saltaður og ýmist verkaður þar og síðan fluttur til Ísafjarðar eða verið fluttur óverkaður til Ísafjarðar. Fyrir móttöku fiskjarins hafa umboðsmenn verzlunarinnar í Hnífsdal og Arnardal gefið þeim, sem afhentu fiskinn, viðurkenningu og hefur svo annaðtveggja verið, að þeir hafa fengið borgun fyrir fiskinn í peningum eða vörum á Ísafirði, eða að hann hefur þar verið ritaður inn í reikning eigendanna við verzlun hins stefnda. Verzlun hins stefnda á hús (pakkhús eða skúr, sem verjandi hefur kallað það) í Hnífsdal og Arnardal, og hefur verzlunin haft þar salt til að salta með þann fisk, er hún fjekk þar hjá viðskiptamönnum sínum og svo virðist fiskurinn stundum hafa verið geymdur þar í þessum húsum verzlunarinnar, þangað til hann var fluttur til Ísafjarðar. Það er eigi komið fram í málinu, að hinn stefndi hafi haft nokkrar aðrar útlendar vörur í húsum sínum í Eyrarhreppi en salt, og það er eigi sannað, að hann hafi selt nokkrum manni þar salt; virðist hann að eins hafa brúkað saltið til þess að salta

hinn innlagða fisk, sem hann fjekk þar. Hinn stefndi hefur eigi heldur haft neinn fastan verzlunarþjón í Eyrarhreppi, til þess að taka á móti fiskinum, en bændur þar hafa veitt fiskinum móttöku fyrir hans hönd.

Eins og þessum atvinnurekstri hjer er lýst, verður hann eigi kallaður arðsöm stofnun eða fyrirtæki í Eyrarhreppi, á þann hátt, að heimilt sje að leggja á hann aukaútsvar til hreppsins eptir lögum nr. 12, 9. ágústm. 1889, og verður því að fallast á hinn áfrýjaða fógetaúrskurð og staðfesta hann. Eptir þessum úrslitum málsins verður stefnandinn að greiða hinum stefnda hæfilegan málskostnað, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður skal vera óraskaður. Afrýjandi, hreppsnefnd Eyrarhrepps, greiði stefnda, verzlunarstjóra Jóni Laxdal fyrir hönd verzlunar Leonhards Tangs á Ísafirði 25 krónur í málskostnað, og skal greiða málskostnaðinn, áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marzmánaðar.

Nr. 1/1898: Hið opinbera
gegn
Einari Jónssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem hefur verið rekið og dæmt

fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, er hinn kærði, hreppstjóri Einar Jónsson á Hofi, með dómi, uppkveðnum 20. nóv. f. á., dæmdur í 100 kr. sekt til fátækrasjóðs Rosmhvalanesshrepps með tilvitnun til tilsk. 28. marz 1855, sbr. op. br. 26. sept. 1860, og til 143. og 144., sbr. 145. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869, svo og til að greiða allan kostnað, er af málinu leiðir. Dóminum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Í rannsókn málsins er þetta komið fram um brot hins kærða. Hinn 19. sept. f. á. kemur maður á skrifstofu sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu og skýrir sýslumanninum frá því, að hann hafi, að hann minni, sunnudaginn hinn 5. sept. f. á., eptir skipun húsbónda síns, hins kærða, farið út í botnvörpuskip, sem var að veiða í botnvörpur beint þar fram undan, og fengið hjá því 2 hleðslur af ýmislegum fiski. Jafnframt skýrði þessi maður frá því, að hinn kærði hafi haft 2 menn hjá Sighvati Gunnlaugssyni í Gerðum til þess að fara með þeim út í botnverpinga og sækja til þeirra fisk. Út af þessu hjelt sýslumaðurinn rjett í Keflavík hinn 12. okt. f. á., og mættu þá fyrir rjettinum 4 menn, sem játa það, að þeir hafi hinn 5. sept. f. á., þótt þá væri sunnudagur, tvívegis farið út í botnvörpuskip; hafi þenna dag verið messað á Útskálum. Hafi hinn kærði átt skipið, sem þeir fóru á, og hafi þeir látið hann vita af ferðum þessum; hafi hann ekkert haft við það að athuga, svo sem bannað þeim það, nje heldur skipað þeim það. Þegar svo hinn kærði kom fyr-

ir lögreglurjettinn sama dag, játar hann að »*framburður vitna þeirra, sem mætt eru hjer í dag, sje rjettur*«, og tjáist hafa borgað fátækrahlut til gjaldkera Rosmhvalaneshrepps.

Það sjest ekki að framburður vitnanna hafi verið lesinn upp fyrir hinum kærða, nje heldur að hann hafi verið spurður um nokkurt atvik, er laut að sekt hans eða sýknu. Með hinum tilgreindu vitnisburðum er það ekki sannað, að hinn kærði hafi gjört sig sekan í nokkru ólöglegu athæfi, og á hans eigin játning verður refsingardómur ekki byggður, því að hann hefur eigi verið krafinn skýrslu um eitt einasta atvik, sem sekt hans eða sýkna gæti verið undir komin. Það verður því að sýkna hinn kærða í þessu máli, og leggja allan kostnað málsins á almannafje, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Málið hefur í hjeraði verið rekið með nægilegum hraða og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Einar Jónsson skal vera sýkn fyrir kærum hins opinbera í máli þessu. Allur málskostnaður, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Halldórs Bjarnasonar og Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 2/1898: Hið opinbera
gegn
Arnbirni Ólafssyni, Guðna Jónssyni, Bjarna Jónssyni og Olafi Jónssyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 2. nóv. f. á., voru hinir kærðu, Arnbjörn Ólafsson, bakari í Keflavík, bændurnir Guðni Jónsson og Bjarni Jónsson á Vatnsnesi, og Ólafur Jónsson póstur í Keflavík dæmdir sekir í hlutdeild í broti gegn tilskipun 12. febr. 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og lögum 15. apríl 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi, og fyrir brot á banni útgefnu af amtmanninum yfir Suður- og Vesturamtinu 11. maí f. á. gegn því að menn færu út í eða út að útlendum botnvörpuveiðiskipum, er eigi væru búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð skipsins frá útlöndum, og var kærðu með dóminum gjört að greiða sekt til landssjóðs fyrir þetta, Arnbirni Ólafssyni 60 kr., Guðna Jónssyni og Bjarna Jónssyni 50 kr. hvorum og Ólafi Jónssyni 20 kr. Svo skyldu kærðu og einn fyrir alla og allir fyrir einn greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi er eptir ósk hinna dómfelldu skotið til yfirdómsins.

Broti hinna kærðu er lýst þannig í dóminum og málinu, að 4. sept. f. á. hafi útlenda botnvörpuveiðiskipið Elsie H. 320 komið inn á Keflavíkurhöfn og hafi þá kærðu sótt út í það fisk, sem

skipverjar gáfu þeim eða seldu og fluttu í land heim til sín. Skip þetta sýndi eigi skjöl sín þar í Keflavík við þetta tækifæri, hvorki lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, og var kærða Arnbirni þetta kunnugt, en hvort skipið hafi verið búið að sýna skjöl sín lögreglustjóra á annari höfn hjer við land, er ekkert upplýst um.

Með því að yfirdómurinn eigi fær sjeð, að kærðu hafi með atferli því, er nú var lýst, gjörzt sekir í hlutdeild í broti gegn lögum þeim, er undirdómarinn hefur vitnað til og að framan eru nefnd, nje í broti gegn fyrnefndu amtmannsbanni, sem virðist einmitt vilja styðjast við hin sömu lög, þá ber að sýkna hina kærðu algjörlega af kæru hins opinbera í málinu og leggja sakarkostnaðinn á landssjóð, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærðu Arnbjörn Ólafsson, Guðni Jónsson, Bjarni Jónsson og Ólafur Jónsson eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Allur af málinu, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannes Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 44/1897: Rjettvísin gegn Jóni Ögmundssyni

Dómur:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu 13. nóv. f. á. var hinn ákærði, Jón Ögmundsson frá Pjetursey í Vestur-Skaptafellssýslu, dæmdur fyrir stórþjófnað og óheimila brúkun á hesti í 8 ára typtunarhúsvinnu samkvæmt 234. gr. 2. lið og 238. grein alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við 63. gr. sömu laga, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans löglega leiðandi kostnað; en dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum upplýstum atvikum sannað, að hann hefur gjört sig sekan í þjófnaði á hrossum á þann hátt, er nú skal greina. Ákærði, sem var vinnumaður í Pjetursey í Mýrdal síðastliðið vor, fjekk leyfi húsbónda síns til að fara norður í Miðfjörð; þóttist hann eiga þar nokkur hross hjá bróður sínum, er þar væri, og þurfa að sækja þau, og sýndi hann þessari sögusögn sinni til stuðnings 2 brjef frá þessum bróður sínum, dags. 20. nóv. 1896 og 25. apríl f. á., sem hann hafði sjálfur búið til undir nafni bróður síns, sem í brjefunum hvatti hann til að koma norður og sækja hestana. Þegar leyfið var fengið, fór ákærði, um miðjan junímánuð síðastl., frá Pjetursey austur að Vík í Mýrdal og þaðan með gufuskipi til Stokkseyrar. Þar fór hann af skipinu og hjelt fótgangandi upp Flóann

og bar hnakk sinn og beizli. Þegar hann kom upp að Laugardælum, sá hann mörg hross sunnan við veginn og tók þar þá fola 5 vetra, steingráan, sem Jóhann bóndi Guðmundsson í Laugardælum átti, lagði á hann hnakk sinn og reið honum suður á leið, yfir Ölfusárbú, en við Kögunarhól sá hann ferðamannatjald norðan undir hólnum og hesta nokkra fyrir sunnan hann, og tók hann þar brúnan hest, hrafnsvartan, um 6 vetra gamlan, og hafði með sjer. Þetta var um kvöldið 19. júní. Hjelt ákærði nú rakleiðis með báða hestana suður þjóðveginn allt suður undir Árbæ í Mosfellssveit, en þar beygði hann af veginum norður Mosfellssveit, og var ferðinni heitið upp á Akranes, þar sem hann hugsaði sjer að selja hestana, er hann hafði stolið. Um dagmál daginn eptir (20. júní) áði ákærði hjá Esjubergi á Kjalarnesi og svaf þar úti nokkra tíma, og hjelt síðan áfram út Kjalarnes, inn fyrir Hvalfjörð og sem leið liggur út á Skipaskaga, án þess að koma nokkursstaðar við eða tala við nokkurn mann á leiðinni, og kom hann á Skagann um hádegi 21. júní. Nefndi ákærði sig þar Sigurð Sigurðsson frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal og seldi þar báða hestana, gráa hestinn Thor Jensen kaupmanni fyrir 55 kr., er kaupmaður borgaði honum í peningum, og Runólfi Þorsteini Jónssyni bónda á Grund brúna hestinn fyrir 70 kr., 20 kr. í peningum og 50 kr. í innskript hjá Thor Jensen. Tók hann út á innskriptina vatnskápu, yfirfrakka o. fl., og keypti fyrir peningana kvennsöðul, höfuðleður o. fl., og lagði síðan á stað með plögg sín upp á mýrar fyr-

ir ofan bæinn, en þar sagði hann mönnum, að hann hefði skilið eptir hest sinn, er hann ætlaði að ríða norður. Þá er ákærði hafði gengið nokkra stund, tók hann gráan hest, er fyrir honum varð á mýrunum, reið honum nokkurn spöl, tók síðan annan hest jarpskjóttan, gamlan, og hjelt síðan með báða hestana sömu leið aptur, sem hann hafði komið. Hugsaði hann sjer þá þegar að halda gráa hestinum og hafa heim með sjer, en jarpskjótta hestinum ætlaði hann að sleppa aptur, undir eins og hann næði í annan betri hest. Hjá Saurbæ á Kjalarnesi fór hann um miðnætti næsta dag, og tók hann þar þá úr högunum jarpan hest, en sleppti skjótta hestinum. Þegar hann var kominn að Árbæ, fór hann Mosfellsheiðarveginn að Þingvöllum, síðan Lyngdalsheiði að Laugarvatni og þar náttaði hann sig og netndi enn Sigurð Sigurðsson, en sagðist vera úr Landeyjunum. Hafði hann hvergi komið við á leiðinni þangað til. Frá Laugarvatni hjelt hann síðan fram Biskupstungur, niður Flóa að Stokkseyri og þaðan austur Landeyjar og heim. Eigendur hinna stolnu hesta hafa fengið þá aptur, nema Jóhann bóndi Guðmundsson í Laugardælum, og hefur hann krafizt endurgjalds fyrir gráa hestinn, er ákærði stal frá honum, og virt hann á 70 kr. og hefur ákærði eigi haft á móti þeirri virðingu.

Ákærði, sem er fæddur 23. nóv. 1868, hefur optsinnis áður sætt refsingu fyrir þjófnað og skjalafals. Hann var 1, með aukarjettardómi Húnavatnssýslu 9. okt. 1888 dæmdur í 9 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófn-

að, og með landsyfirrjettardómi 9. sept. 1889 fyrir skjalafals í 8 mánaða betrunarhúsvinnu sem hegningarauka samkvæmt 65. gr. hegningarlaganna; 2) með aukarjettardómi Arnessýslu 13. jan. 1891 var hann dæmdur í 18 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir skjalafals og þjófnað á hrossi og með aukarjettardómi Reykjavíkur 8. júní 1892 í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð sem hegningarauka, fyrir stjórþjófnað og skjalafals; 3) var hann með landsyfirrjettardómi 15. maí 1893 dæmdur í 4 ára betrunarhúsvinnu fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað og óheimila brúkun á hrossi.

Fyrir brúkun á jarpskjótta hestinum, sem ákærði tók á Akranesi og sleppti aptur hjá Saurbæ á Kjalarnesi, verður hann eigi dæmdur í þessu máli, með því að málssóknar hefur eigi verið krafizt af eiganda hestsins, en taka ákærða á hinum 4 hestunum, sem hann stal, er af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir síðari lið 234. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 63. gr. sömu laga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 6 ára typtunarhúsvinna. Ákærða ber að greiða í iðgjöld til Jóhanns bónda Guðmundssonar í Laugardælum 70 kr. Svo ber honum og að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 6 ára typtunarhúsvinnu. Í iðgjöld greiði hann Jóhanni bónda Guðmundssyni í Laugardælum 70 krónur. Svo greiði hann og allan af málinu gegn honum, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, og af varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 21. marzmánaðar.

Nr. 35/1897: Jón prestur Guðmundsson
gegn
Sigurði Eiríkssyni.

Dómur:

Með brjefi, dags. 8. febr. 1897, krafðist presturinn í Skorrastaðar prestakalli, síra Jón Guðmundsson á Nesi í Norðfirði, þess, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu tæki eða ljeti taka lögtaki hjá hinum stefnda Sigurði Eiríkssyni, sem búið hafði á Björnshúsum í Norðfirði, dagsverk, að upphæð 3 kr. 4 a., sem fjell í gjalddaga á túnaslætti sumarið 1896, og jarðartíund, sem fjell í gjalddaga vorið 1896, að upphæð 1 kr. 65 a. Með úrskurði fógetarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 25.

marz f. á., var lögtaksbeiðninni hrundið, og kveðið svo á, að lögtakið skyldi ekki fram fara. Þessum fógetaúrskurði hefur Jón prestur Guðmundsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. ágústm. f. á., og krafizt þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eptir rjettarins mati. Af sinni hálfu hefur stefndi Sigurður Eiríksson krafizt þess, að fógetarjettarúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Það er viðurkennt í málinu, að stefndi hafi flutt frá Björnshúsum í Norðfirði (Skorrastaðarprestakalli) til Eskifjarðar (í Hólmaprestakalli) eigi síðar en í fardögum 1896. Honum bar því eigi skylda til þess að greiða prestinum í Skorrastaðarprestakalli, áfrýjandanum, dagsverk sumarið 1896, þótt hann kunni að hafa haft ýmislegan pening þar þetta ár til geymslu og fóðrunar. Úrskurður fógetans er því rjettur að þessu leyti og ber að staðfesta hann. Hvað jarðartíundina aptur á móti áhrærir, þá var hennar krafizt af áfrýjanda sem prestsgjalds fyrir fardagaárið 1895—96, en það ár bjó stefndi á Björnshúsum í Norðfirði og var sóknarbarn áfrýjanda, og með því að stefndi hefur eigi neitað að skulda áfrýjanda umkrafða upphæð, 1 kr. 65 a., var ástæðulaust af fógetanum að neita að fremja hið umbeðna lögtak og ber því að þessu leyti að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr

gildi. Eptir atvikum er rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi felldur, að því umbeðið lögtak fyrir jarðartíund 1895—96 snertir, og ber fógetanum að framkvæma lögtak á gjaldi þessu. Að öðru leyti á úrskurðurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn hinn 28. marzmánaðar.

Nr. 43/1897: Magnús Gunnarsson
gegn
Sigurði Jónassyni.

Dómur:

Hinn 1. febrúar f. á. seldi áfrýjandinn Magnús skósmiður Gunnarsson í Reykjavík stefnda Sigurði Jónassyni, bónda á Mosfelli, hest, sem þá var í hagagöngu í Viðey, og á skjali, dags. sama dag, skuldbatt stefndi sig til að greiða hestverðið, 50 krónur, fyrir 1. apríl f. á. Rúmri viku, eptir að kaup þessi gjörðust, drapst hesturinn úr hor í Viðey, og þóttist þá hvorugur málsaðilanna hafa átt hestinn, enda greiddi eigi stefndi hið áskilda kaupverð; en 28. maí f. á. seldi áfrýjandinn kröfu sína um hestverðið í hendur Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni í Reykjavík og ritaði afsal til hans á fyrnefnt skuldbindingarskjal. Kristján höfðaði síðan mál gegn stefnda til greiðslu hestverðsins fyr-

ir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu og lauk því máli þannig, að stefndi í rjettarhaldi 30. júní f. á. sættist á það, að geymdum rjetti sínum gagnvart Magnúsi Gunnarssyni, að borga Kristjáni hinar umstefndu 50 kr. með 25 kr. fyrir 1. sept. f. á. og öðrum 25 kr. fyrir árslok síðustu. Með því nú að stefndi áleit áfrýjanda hafa prettað sig með þessari aðferð sinni, krafðist hann þess af honum, að hann bætti sjer útlát þau, er hann hafði orðið að undirgangast við Kristján Þorgrímsson sakir afsalsins á skuldarskjalinu og höfðaði því mál þetta fyrir gestarjetti Reykjavíkur, og var málið dæmt þar 30. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi 16. okt. f. á. til borgunardags og í málskostnað 15 krónur.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 6. desbr. f. á., og hefur hann krafizt þess að vera dæmdur algjörlega sýkn í málinu og að stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum með 50 kr. eða einhverjn nægilegu eptir mati yfirdómsins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað til sín með 50 kr. eða einhverju eptir rjettarins mati nægilegu.

Það er upplýst í málinu sumpart með óvefengdum vitnaframburðum og sumpart með skýrslum stefnda, sem eigi hefur verið nógu tímanlega mótmælt af áfrýjanda hálfu, að umræddur hestur var, þegar kaupin gjörðust, nær því dauðvona af

hor og að áfrýjanda var þetta kunnugt, en að hann þó sagði stefnda, er hann seldi honum hestinn, að hesturinn væri í allgóðum holdum og »ekkert út á hann að setja«. Þegar þetta er athugað, og það með, að kaupin gjörðust án þess að stefndi hefði tækifæri eða ástæðu til að rannsaka sjálfur ástand hestsins, er enginn vafi á því, að stefndi gat sagt sig frá kaupunum, enda gjörði hann það einnig, eptir því sem hann hefur haldið fram í málinu og áfrýjandi eigi nægilega mótmælt, þegar er hann fjekk vitneskju um, hvernig hesturinn var á sig kominn. Stefndi var því eigi skyldur að greiða áfrýjanda hið umsamda hestverð, og þar sem áfrýjandi þrátt fyrir þetta framseldi hina skriflegu skuldarviðurkenningu stefnda fyrir hestverðinu öðrum manni og varð með því þess valdandi, að stefndi varð að taka á sig skuldbindingu til að greiða þeim manni hið umsamda hestverð, þá verður yfirdómurinn að fallast á það álit undirdómarans, að áfrýjandanum beri að greiða stefnda upphæð hestverðsins, eins og hann hefur krafizt, með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Yfirdómurinn fellst og á málskostnaðarákvæði undirdómsins og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Eptir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með **30 krónum.**

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandinn Magnús Gunnarsson greiði stefnda

Sigurði Jónassyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 18. aprílmánaðar.

Nr. 41/1897: Guðfinna Sæmundsdóttir
gegn
Kristjáni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af áfrýjanda Guðfinnu Sæmundsdóttur gegn stefndum yfirrjettarassessor Kristjáni Jónssyni í Reykjavík til greiðslu á arfi að upphæð 94 kr. 89²/₅ e., er hún telur sjer glataðar fyrir vangæzlu stefnda sem yfirfjárráðanda í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Málið var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 29. apríl f. á. þannig, að stefndur Kristján Jónsson var sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn, sem hefur verið veitt gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaður talsmaður, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. okt. f. á., og krafizt þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer umgetna arfsupphæð, 94 kr. 89²/₅ e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, svo og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af

hálfu stefnds hefur þess aptur á móti verið kratizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndum hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru þessir: Haustið 1879 skipti yfirrjettarassessor Kristján Jónsson sem þáverandi sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu dánarbúi Guðfinnu Jónsdóttur frá Írafelli milli eptirlifandi manns hennar Sæmundar Jónssonar á Írafelli og sameiginlegra barna þeirra. Meðal erfingjanna var áfrýjandinn Guðfinna Sæmundsdóttir, er þá var ómyndug, og fjekk hún í arf við skiptin eptir móður sína 94 kr. 89²/₅ e. Arfur þessi var látinn standa inni í búi Sæmundar föður hennar gegn veði í því, og má álíta sannað að hún hafi eigi veitt arfafje þessu móttöku, eptir að hún varð fullveðja nje gefið kvittun fyrir því. Telur áfrýjandi sjer nú tapað fje þetta hjá föður hennar, með því að hann sje orðinn öreigi, og krefst skaðabóta af Kristjáni assessor Jónssyni, með því að arfurinn hafi glatazt fyrir þá sök, að hann sem hlutaðeigandi skiptaráðandi og yfirfjárráðandi hafi eigi samkvæmt embættisskyldu sinni skipað sjer fjárhaldsmann nje gjört fjárhaldssamning fyrir sína hönd, er henni hlotnaðist arfur þessi, eigi þinglesið útdrátt úr skiptagjörningnum arfinum til tryggingar, og eigi látið gjöra sjer nein skil fyrir honum, er hún varð hálfmyndug. Aptur á móti hefur því verið haldið fram af hálfu stefnds, að áfrýjandi eigi ekki aðgang að sjer um skaðabætur, með því að það sje fyrst og fremst eigi sannað, að tjeður Sæmundur sje eigi borgunarmaður fyrir

hinni umræddu fjárupphæð, enda eigi áfrýjandinn í þessu máli að snúa sjer til Sæmundar sem skuldunauts og fjárhaldsmanns, og síðan til núverandi yfirfjárráðanda í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Hvað vanrækslu á þinglestri skiptagjörningsins snertir, þá heldur stefndur því fram, að það hafi eigi verið sitt að annast um þinglesturinn, heldur fjárhaldsmanns, enda hefði þinglestur eigi getað tryggt bú Sæmundar gegn því atviki, er áfrýjandi muni telja orsök þess, að arfurinn sje eigi lengur fáanlegur. Loks hefur stefndur tekið það fram, að það hafi eigi átt að skipa áfrýjanda fjárhaldsmann, með því að faðir hennar hafi verið sjálfsagður fjárhaldsmaður hennar eptir lögunum, og að um fjárhaldssamning um svo litla arfsupphæð hefði eigi verið að tala.

Samkvæmt D. L. 3—17—32 og tilsk. 18. febr. 1847 verður skaðabótakrafa eigi gjörð á hendur yfirfjárráðanda fyrir ómyndugra fje, nema skuldunautur og fjárhaldsmaður sje fjárþrota. Verður því að rannsaka það fyrst, hvort sönnun sje fram komin í þessu máli um það, að optnefndur Sæmundur, sem bæði var aðalskuldunautur og fjárhaldsmaður áfrýjanda að lögum, sje nú svo þrotinn að fje, að þýðingarlaust sje að krefjast arfsins af honum. Það virðist nú mega telja það sannað, að mikill hluti eða jafnvel mestur hluti af búi Sæmundar hafi verið seldur af hreppstjóranum í Kjósarhreppi í júní 1895, eptir því sem virðist með amþykki Sæmundar, upp í skuldir. Svo hefur og verið fram lagt fyrir yfirdóminum brjef

sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns, dags. 5. júlí f. á., þar sem hann lætur uppi það álit, byggt á viðtali hans við Sæmund, »að Sæmundur sje öreigi og vinni að eins fyrir fötum og fæði, svo að af honum sje ekkert að hafa«, og vottorð hlutaðeigandi sóknarprests, dags. 13. nóvbr. s. á., um að Sæmundur sje »snauður maður«, eptir því sem prestinum sje frekast kunnugt, og annað vottorð frá sama, dags. 7. jan. þ. á., um að Sæmundur sje »svo fátækur, að hann, eptir minni (prestsins) vitund getur ekki borgað innistandandi arf barna sinna«.

Með þessu virðist þó eigi, gegn mótmælum stefnds, framkomin lögleg sönnun fyrir því, að Sæmundur sje svo þrotinn að fje, að hann eigi geti leyst út hið umrædda erfðafje áfrýjanda, og virðist því eiga, eins og undirrjettardómarinn hefur gjört, að sýkna stefndan af kröfum áfrýjanda í þessu máli, og með því að yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns áfrýjanda hefur verið lögleg, en eptir úrslitum málsins verða honum eigi dæmd nein málsfærslulaun.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 10/1898: Rjettvísin gegn Ágúst Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Árnessýslu, gengnum 21. okt. f. á., var hinn ákærði Ágúst Jónsson dæmdur fyrir heimildarlausa meðferð á annars manns fjármunum til fangelsis við vatn og brauð í 2×5 daga; svo skyldi hann og greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 4 kr. til talsmanns síns í hjeraði og 3 kr. í iðgjöld til Guðmundar bóksala Guðmundssonar á Eyrarbakka. Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður af hálfu rjettvísinnar skotið til landsyfirdómsins.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, kom ákærði 18. nóv. f. á., er hann var staddur á Eyrarbakka, inn í hús Guðmundar bóksala Guðmundssonar þar; hitti hann í bóksölubúðinni bróður Guðmundar, Friðrik, og var alllengi þar hjá honum, en brá sjer þó í burtu stundarkorn. Má álíta það sannað, að þeir hafi neytt brennivíns, er ákærði var með, eins og líka, að ákærði hafi verið orðinn mikið drukkinn, áður en hann fór úr húsi Guðmundar, en þá var farið að skyggja. Nokkru eptir varð Friðrik þess var, að askja með hjer um bil 3 kr. í var horfin úr bóksölubúðinni. Ákærði hjelt sama kvöld upp að Hallskoti í Flóagaflshverfi og gisti þar um nóttina. Um kveldið var hann inni í baðstofu hjá heimilisfólkinu; er hann hafði setið

í baðstofunni litla stund, fór hann ofan í vasa sinn til þess að taka eitthvað upp úr honum, og er hann tók höndina aptur upp úr honum, hjelt hann á dós, sem hann snöggvast opnaði, en stakk þegar í stað aptur á sig; þó sá sumt af heimilisfólkinu, að peningar voru í öskjunni. Á leiðinni frá Hallskoti fleygði hann öskjunni, en hirti peningana, sem í henni voru, með þeim ásetningi, að skila þeim ekki, heldur kasta eign sinni á þá; keypti hann seinna fyrir þá brennivín og tóbak. Ákærði hefur stöðugt staðhæft, að hann muni ekki eptir, með hverjum atvikum hann náði dósinni, eins og líka, að honum hafi orðið hverft við, er dósin kom upp úr vasa hans í baðstofunni í Hallskoti; þennan framburð ákærða, sem er mjög gefinn fyrir áfenga drykki, og sem var mjög drukkinn, er hann fór úr húsi Guðmundar bóksala, er ekki alveg næg ástæða til að vefengja. Það er ekki nákvæmlega upplýst, hve mikið af peningum var í dósinni, en því hefur verið haldið fram, að það hafi verið nálægt 3 kr., og hefur ákærði ekki haft neitt að athuga við það.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur áður með aukarjettardómi Árnessýslu 12. júní 1888 verið dæmdur fyrir þjófnað til fangelsis við vatn og brauð í 5 daga. Afbrot það, sem hann nú er ákærður fyrir, hefur hjerðsdómarinn með rjettu heimfært undir 250. gr. alm. hegningarl., og með því að hegningin virðist hæfilega metin af honum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað og iðgjöld, þá ber að

staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Akærða ber einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns þar, 10 kr. til hvors þeirra.

Það hefur orðið nokkur dráttur á rekstri málsins í hjeraði, en hjeraðsdómarinn hefur nægilega rjettlætt hann, og vottast því, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður Ákærði Ágúst Jónsson greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 12/1898: Rjettvísin gegn Magnúsi Jenssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 27. sept. f. á., var hinn ákærði Magnús Jensson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta 6 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin varnarlaun 4 kr.

til hins skipaða verjanda í hjeraði. Í forsendum dómsins segir, að ákærði eigi að greiða kaupmanni Gísla Hjálmarssyni 7 kr. í endurgjald fyrir hina stolnu muni, sem virtir höfðu verið, en ákvæði um þetta hefur eigi verið tekið upp í dómsniðurlagið. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hlutaðeigandi amtmanni.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu nægilega sannað, að hann hafi í janúarmán. í fyrra stolið úr kjallara frá Gísla kaupmanni Hjálmarssyni á Nesi 20 pottum af steinolíu, 1 pd. af tóbaki, 1 bjór af haustlambi, einni skjólu af þyrsklingi og einu austurtrogi af salti; hann fór þrívegis í kjallarann á fárra daga bili, og stal þá þessum munum. Ákærði var vinnumaður hjá Gísla Hjálmarssyni, og hafði lykil að kjallaranum, en annars hefur hann skýrt svo frá, að kjallarinn hafi verið opinn, er hann fór í hann. Steinolían, tóbakið og haustlambsbjórinn hefur verið virt á 7 kr., en þyrsklingurinn og saltið hefur eigi verið virt. Hinum stolnu munum varði hann ýmislega í sínar þarfir, og nokkuð af steinolíunni og þyrsklinginn segist hann hafa gefið móður sinni.

Hinn ákærði tjáist fæddur 12. jan. 1875, og hafa rjettarvottarnir í aukarjettinum vottað, að hann sje auðsjáanlega kominn yfir lögaldur sakamanna, en skírnarvottorð hans hefur eigi verið lagt fram í málinu. Hann hefur eigi áður verið ákærður eða sætt refsingu fyrir nokkurn glæp. Framantalið afbrot hans er af hjeraðsdómaranum rjettilega heimfært undir 230. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, en með tilliti til þess, að

kærði stal frá húsbónda sínum, og að hann fór þrívegis hvað eptir annað í kjallarann til að stela, þykir verða að ákveða refsinguna fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga. Hinum ákærða hefur í hjeraði eigi verið stefnt til iðgjaldagreiðslu, og í dómsniðurlagi aukarjettarins er eigi minnzt á iðgjöld; svo er þeirra eigi heldur getið í stefnunni til yfirdómsins; það verður því eigi gefinn dómur fyrir iðgjöldum í þessu máli. Eptir þessum úrslitum verður ákærði að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði, 4 kr., og málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Um rekstur málsins í hjeraði athugast, að undirdómarinn hefur eigi lagt fram skírnarvottorð hins ákærða, eins og minnzt hefur verið á hjer að framan, og verður þó eigi sjeð, að nein vandkvæði geti hafa verið á því fyrir hjeraðsdómarann að útvega þetta vottorð, þar sem ákærði tjáist hafa alið allan aldur sinn í Norðfirði í Suður-Múlasýslu. Svo hefur og liðið æðilangur tími, frá því rannsókn þessa óbrotna máls var lokið, 7. apríl f. á., og þangað til dómur gekk í því 27. sept. næst á eptir. Jafnframt og þetta athugast, vottast, að rekstur málsins í hjeraði að öðru leyti hefur verið vítalaus, og að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Magnús Jensson sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann

og allan löglegan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði, Magnúsar Magnússonar, 4 kr., og málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 16. maímánaðar.

Nr. 45/1897: B. H. Bjarnason gegn Þorleifi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað af stefnda alþingismanni Þorleifi Jónssyni gegn áfrýjandanum kaupmanni í Reykjavík B. H. Bjarnasyni til greiðslu á borgun fyrir blaðið Þjóðólf og fyrir auglýsingar, er teknar voru upp í blaðið fyrir áfrýjanda, þegar stefndi var ritstjóri þess. Var málið dæmt í gestarjetti Reykjavíkur 23. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn B. H. Bjarnason skyldi greiða stefnda Þorleifi Jónssyni 58 kr. 24 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi 28. júlí f. á. til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður. Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. desbr. f. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að gestarjettardóminum verði hrundið og honum breytt þannig, að áfrýjandi verði að eins dæmdur til að greiða stefnda

5 kr. 2 a., en að öðru leyti sýknaður, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum hæfilegan eptir rjettarins mati. Stefndi hefur eigi mætt fyrir yfirdóminum nje nokkur af hans hendi og hefur honum þó verið löglega stefnt, og ber því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., að dæma málið eptir skjölum þeim og skilríkjum, er áfrýjandinn hefur framlagt.

Eptir reikningi stefnda, dags. 28. júlí f. á., er hann hefur framlagt í málinu, telur hann til hjá áfrýjanda borgunar fyrir 4 árganga Þjóðólfs (1888 - 1891) 16 kr. og fyrir auglýsingar í blaðinu hin sömu ár 71 kr. 46 a., en þessa síðari upphæð hefur hann síðar fært niður um 4 kr. 62 a. eður í 66 kr. 84 a. Aptur á móti viðurkennir hann að hafa tekið út hjá áfrýjanda í ýmislegu 24 kr. 60 a., og er því skuld áfrýjanda eptir því, sem stefndi krefst dóms fyrir, 58 kr. 24 a. Áfrýjandinn heldur því fram, að borgun fyrir auglýsingar sje á reikningi stefnda oftalin um 28 kr. 59 a., því að þessi upphæð, sem auglýsingaborgunin 1888 nam, hafi með 50% afslætti, sem stefndi hafi veitt sjer, verið jöfnuð með úttekt hans hjá sjer það ár. Svo hafi og stefndi lofað sjer 50% afslætti einnig af hinum hluta auglýsingaborgunarinnar, 38 kr. 25 a., og eigi sjer því nú að eins að teljast til útgjalda 19 kr. 12 a. auk borgunar fyrir 4 árganga Þjóðólfs, 16 kr., eða samtals 35 kr. 12 a. Úttekt stefnda, auk 9 kr. 50 a., sem eptir stæðu, þegar úttektin árið 1888 samkvæmt áðursögðu væri dregin frá fyr greindum 24 kr. 60 a., telur áfrýjandi vera 5 kr. 60 a. fyrir vindlakassa, er stefndi hafi fengið

hjá sjer 30. des. 1887, og 15 kr., sem stefndi hafi lofað sjer sem ritlaun fyrir grein í Þjóðólfi með fyrirsögn: »Um blautfisksverzlun og bróðurkærleika«. Áfrýjandi telur því, að stefndi eigi að greiða sjer samtals 30 kr. 10 a. og beri sjer því eigi að greiða honum meira en 5 kr. 2 a. alls.

Þar sem áfrýjandi heldur því fram, að borgunin fyrir auglýsingar 1888, 28 kr. 59 a., sje jöfnuð með úttekt stefnda sama ár, þá styður hann þessa sögusögn sína með því, að þessar 28 kr. 59 a. eru eigi tilfærðar í reikningi stefnda til áfrýjanda, dags. 31. des. 1891, sem hann (áfrýjandi) hefur framlagt, og að þar er áfrýjandi að eins talinn skulda stefnda við ársbyrjun 1889 4 kr fyrir 1 eintak af Þjóðólfi. En stefndi hefur skýrt frá, að svo hafi verið um samið milli þeirra málsaðilanna að nefndar 28 kr. 59 a. gengju til að borga úttekt stefnda hjá áfrýjanda, bæði fyrir 1888 og síðar, það sem þær entust, og hafi hann eigi, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, getað fengið reikning hjá áfrýjanda yfir úttektina seinni árin og því sleppt að tilfæra upphæðina í nefndum reikningi 1891, enda ætlað að hún væri að mestu eydd. Þessa skýringu stefnda verður að taka trúanlega, enda kemur hún og heim við það, að í reikningi þessum frá 31. desbr. 1891 er ekkert af úttekt stefnda hjá áfrýjanda talið, hvorki úttektin 1888 nje seinni ára úttektin. Hjer umræddur liður í reikningi stefnda verður því að álítast rjettur.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi lofað sjer 50% afslætti í auglýsingaborguninni, en stefndi hefur neitað þessu og áfrýjandi ekki getað

sannað það loforð með neinu eða gjört sennilegt, og þar sem áfrýjandi annars hefur játað upphæðirnar í reikningi stefnda rjettar að vera, verður því að telja honum þær til skuldar með fullri upphæð. Hvað úttekt stefnda hjá áfrýjanda snertir, hefur stefndi neitað að skulda 5 kr. 60 a. fyrir vindlakassa frá 30. des. 1887, því að hann hafi fengið vindlakassa þennan sem borgun upp í eldri viðskipti þeirra, og þessi skýrsla styrkist við það, að á reikningi áfrýjanda til stefnda, dags. 14. júní 1889, yfir úttekt stefnda, eru þessar 5. kr 60 a. ekki taldar, og hefur áfrýjandi ekki fært neina sennilega ástæðu fyrir því að þeim var sleppt á þeim reikningi. Þá verður heldur eigi krafa áfrýjanda um ritlaun, 15 kr., tekin til greina, með því að hann hefur eigi, gegn neitun stefnda, sannað eða enda fært líkur að því, að stefndi hafi lofað honum nokkrum ritlaunum.

Af þeim ástæðum, sem að framan hafa verið teknar fram, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur tekið að öllu til greina kröfu stefnda, og ber því að staðfesta gestarjettardóminn, og með því að stefndi hefur eigi mætt eða látið mæta í yfirdóminum, fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá

löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 23. maímánaðar.

Nr. 6/1898: Rafn Sigurðsson
gegn
Kristjáni Þorgrímssyni.

Dómur:

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin á skrifstofu yfirdómsins 3. febr. þ. á., og átti það eptir stefnunni að koma fyrir til meðferðar í yfirdóminum 2. þ. m., en þá mætti áfrýjandinn ekki og enginn af hans hendi, og var yfirdómsstefnan eigi lögð fram í rjettinum þenna dag. Með því nú hinn stefndi mætti þá í rjettinum og kvaðst vera kominn þar samkvæmt stefnunni, verður að álíta sannað, að stefnan hafi verið birt honum, og ber því eptir kröfu hans og samkvæmt N. L. 1—4—34 að dæma honum hæfilega þóknun fyrir ómakið, sem ákveðst 6 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Rafn skósmiður Sigurðsson, greiði stefnda, Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni, 6 — sex — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 20. júnímán.

Nr. 15/1898: Rjettvísin
gegn
Guðrúnu Guðnýju Jónsdóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 29. okt. f. á., var hin ákærða, vinnukona í Hallgeirsey í Austur-Landeyjahreppi, Guðrún Guðný Jónsdóttir dæmd fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr., sbr. 40. og 58. gr., alm. hegningarlaga í 3 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða iðgjöld, 50 aura, til Þuríðar Árnadóttur, og allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi er af hlutaðeigandi amtmanni áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu ákærða og öðrum upplýstum atvikum er það sannað, að hún hefur gjört sig seka í þjófnaði, með þeim hætti, er nú skal greina. Skömmu fyrir jól 1896 var ákærða send með annari stúlku að Krossi til að ræsta kirkjuna þar og stóð þar þá í kirkjunni kista, sem húskona nokkur á Krossi átti. Var hjá ákærðu í kirkjunni unglingsstúlka, er heima átti þar á Krossi, og ljet ákærða í ljósi við hana að sig langaði til að skoða í kistuna og fjekk stúlkuna til að lána lykla móður sinnar til að reyna að opna kistuna með þeim, þó það væru eigi hinir rjettu lyklar. Stúlkan sótti lyklana og komst ákærða í kistuna með þeim. Í kistunni var mest ull og nokkuð af kaffi, um 2—3 pund, og í handraðanum 17 kr. í silfurpeningum. Vildi ákærða gefa unglingsstúlkunni, sem

við var, er hún fór í kistuna, dálítið af kaffi, er hún tók úr kistunni og ullarlagð, sem hvorttveggja hefur verið virt á 50 a., en stúlkan vildi eigi þiggja, og hirti ákærða það þá sjálf. Síðan lokaði ákærða kistunni og fjekk stúlkunni aptur lyklana, og ætlaði hún að kistan væri þá læst. Skömmu síðar flutti ákærða með hinni vinnukonunni kistuna úr kirkjunni út í þinghús hreppsins, þar rjett hjá, og kveðst hún í þeim flutningi hafa orðið vör við að kistan var opin, en ekki hafði hún orð á því við hina vinnukonuna, en fór sjálf litlu seinna út í þinghúsið og tók 17 krónurnar úr handraðanum, stakk þeim á sig og hafði heim með sjer. Þegar fór að kvisast um peningahvarfið, spurði mágur ákærðu hana, hvort hún hefði tekið peningana og gekkst hún þá strax við þjófnaðinum og skilaði peningunum, og fjekk eigandinn þá aptur. Iðgjalda er því að eins krafizt fyrir kaffið og ullina, 50 aura, en kaffinu hafði hún fleygt á heimleiðinni frá Krossi, en látið ullina saman við aðra vinnu-ull húsmóður sinnar, og var hún notuð þar á heimilinu.

Undirdómarinn hefur byggt dóm sinn á því, að ákærða muni eigi hafa framið brot sitt með fullu sjálfræði og því látið hana sæta vægari refsingu en hinni venjulegu, samkvæmt 40. gr. hegningarlaganna. Framkoma ákærðu og skýrslur málsins yfir höfuð virðast þó eigi geta nægilegt tilefni til þess að draga úr ábyrgð ákærðu á gjörðum sínum, og sjerstaklega ber vottorð hlutaðeigandi hjeraðslæknis, sem hafði ákærðu hjá sjer til athugunar um tíma, það með sjer, að hann tel-

ur engin tvímæli á sakhæfi hennar En þar sem læknirinn vottar, að ákærða sje ákaflega móðursjúk og slagaveik, og hann álítur því varúðarvert að halda fram prófum yfir henni eða dæma hana í fangelsi, þá verður það auðvitað umboðsvaldsins, að úrskurða um það á sínum tíma, hvort ákærða heilsunnar vegna þolir hegningu þá, er hún samkvæmt lögunum hefur verið í dæmd.

Afbrot ákærðu, sem er fædd 10. jan. 1873, ber að heimfæra undir 230. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað og iðgjöld fellst yfirdómurinn á ákvæði aukarjettardómsins og ber ákærða auk þess að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærða Guðrún Guðný Jónsdóttir sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði í iðgjöld til Þuríðar Árnadóttur 50 aura. Svo greiði hún og allan af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Ídæmd iðgjöld geiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 5/1898: Halldór Oddur Sigurðsson
gegn
Jörgen Hansen.

Dómur:

Með veðskuldabrjefi, dags. 10. okt. 1896, við urkennir áfrýjandinn, Halldór O. Sigurðsson, að hann þá skuldi verzlun W. Christensens á Eyrarbakka, sem hinn stefndi Jörgen Hansen veitti forstöðu, upphæðina 6 kr. 91 e.; lofar hann að borga skuld þessa, ásamt því er hann framvegis fái lánað hjá tjeðri verzlun, fyrir júlímánaðarlok 1897, og veðsetur ýmislegt lausafje til tryggingar. Við lok júlímán. 1897 er skuldin orðin 92 kr. 61 e., og í ágústmán. s. á. borgar áfrýjandi svo upp í hana, að eigi standa eptir af henni nema 17 kr. 48 a. Þar eð áfrýjandi eigi greiddi þessa upphæð á þann hátt, er stefnda líkaði, stefndi hann áfrýjanda fyrir sáttanefnd með kæru, dags. 17. septbr. 1897, og með því að sáttum eigi varð á komið, stefndi hann málinu fyrir aukarjett Árnessýslu 5. oktbr. s. á., og er þá skuldakrafa hans 16 kr. 69 aur., af því að borgazt höfðu upp í skuldina hinn 22. sept. næst á undan 79 a. En á tímabilinu frá því málið var fyrir sáttanefnd og þangað til það kom fyrir rjettinn, hafði áfrýjandi farið til Reykjavíkur og borgað skuldina til verzlunar W. Christ-

ensens þar á staðnum. Þetta gjörði hann 29. sept. f. á., og segir stefndi, að sjer hafi verið tilkynnt þetta með brjefi W. Christensens í Reykjavík, dags. 12. okt. f. á. Var hann þá, eins og tekið hefur verið fram, búinn að stefna málinu fyrir aukarjett, og hafði þegar haft nokkurn kostnað af því; þegar málið fyrir því kom fyrir rjettinn 23. okt. f. á., sleppti hann skuldarkröfunni, en krafðist þess, að Halldór Sigurðsson borgaði sjer að fullu eptir reikningi kostnað þann, er hann (stefndi) hefði haft af málinu, og tók rjetturinn með dómi sínum 31. desbr. f. á. þessa kröfu þannig til greina, að hann dæmdi áfrýjanda til að greiða stefnda 20 kr. í þessu skyni. Dómi þessum hefur Halldór O. Sigurðsson, eptir að hafa fengið gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, skotið til yfirdómsins með stefnu 21. jan. þ. á. og krafizt þess fyrst og fremst, að dómurinn verði úr gildi felldur, málinu vísað frá undirrjetti og áfrýjanda tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til vara, að áfrýjandi verði alveg sýknaður í málinu og að honum verði tildæmdur málskostnaður, svo og, hvernig sem fer, að hinum skipaða málsfærslumanni hans verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Á hinn bóginn hefur stefndi Jörgen Hansen krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að borga málskostnað.

Kröfu sína um frávísun málsins frá undirrjettinum byggir áfrýjandi á því, að þegar málinu var stefnt fyrir rjettinn, var skuldin borguð, en um hana eina hafi sátt verið reynd, en ekki um

málskostnaðarkröfuna, enda geti málskostnaðarkrafan ekki verið sjálfstætt málsatriði; svo sje og skuldarupphæðin sett hærri í sáttakærunni en í stefnunni (17 kr. 48 a. í kærunni, en 16 kr. 69 a. í stefnunni). Eins og tekið hefur verið fram, borgaði áfrýjandi skuldina í Reykjavík, eptir að hann hafði verið kallaður fyrir sáttanefnd og málið þannig var komið á hreyfingu og kostnaður var áfallinn í því; vitneskju um greiðsluna fjekk stefndi ekki fyr en hann var búinn að stefna málinu fyrir dóm og nýr kostnaður þannig var áfallinn; þenna kostnað borgaði áfrýjandi þó eigi, nje gjörði samning um hann. Það verður nú eigi álitið, að stefndi þyrfti að láta málið falla niður, þó sjálf skuldin væri borguð, nema því að eins að þessi kostnaður væri jafnframt borgaður, sem sjerstaklega er tilgreindur í sjálfri sáttakærunni og stefnunni. — Þess er áður getið, að hinn 22. sept. f. á. er talið borgað upp í skuld stefnda 79 a., og er fyrir því skuldarupphæðin talin lægri í stefnunni en í sáttakærunni og getur þetta atvik eigi verið ónýtingarástæða fyrir málið. Krafa áfrýjanda um frávísun málsins frá undirrjettinum verður því ekki tekin til greina.

Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður í málinu, með því að það hafi verið höfðað gegn sjer að ástæðulausu. Hann hafi í ágústmán. f. á. boðið fram 34½ pd. af hvítri ull upp í skuldina og 6 kr. í innskript, en því hafi verið hafnað; hafi hann þannig gjört stefnda löglegt borgunartilboð, einkanlega með tilliti til þess, að stefndi hafði með auglýsingu í »Ísafold« gefið viðskipta-

mönnum sínum lúkningarfrest fyrir það fyrsta til septembermánaðarloka; svo hafi stefndi eigi borgað sjer prósentur af peningum þeim, sem áfrýjandi greiddi honum í ágústmán. f. á. upp í skuldina. Það verður þó með tilliti til þess, sem komið er fram af hálfu stefnda, að fallast á það, að með því að áfrýjandi hafði gefið út sjerstakt skuldarbrjef, þar er hann lofar að borga skuldina fyrir 31. júlímán. f. á., og með því að hann eigi fullnægði þessu loforði sínu, þá verði framboð áfrýjanda í ágústmán. næst á eptir um að borga skuldina með ull og innskript eigi talið löglegt borgunarframboð, enda hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi þá verið búinn að afgreiða vöruskip sitt til útlanda, og hafi hann fyrir því eigi tekið ullina, en innskriptin hafi verið frá manni, sem ekki hafi átt inni við verzlun sína, og hafi hún því verið sjer verðlaus; og hefur þessari umsögn stefnda eigi verið hrundið. Af þessari sömu ástæðu, sem sje þeirri, að áfrýjandi stóð ekki í skilum samkvæmt skuldarbrjefinu, verður og að fallast á það, að hann hafi eigi átt heimtingu á prósentum af peningaborgun sinni til stefnda í ágústmánuði, og það verður eigi álitið að stefndi hafi með auglýsingunni í »Ísafold«, sem um er getið í málinu, veitt honum, sem hann hafði gjört *sjerstakan* samning við, borgunarfrest fram yfir það, sem ákveðið var í skuldarbrjefinu 10. okt. 1896.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að stefndi hafi haft lögmæta ástæðu til að lögsækja áfrýjanda og framhalda lögsókninni til dóms, með því að áfrýjandi eigi borgaði áfallinn kostnað eða gjörði

samning um hann, um leið og hann borgaði skuld sína til Christensens-verzlunar. Og með því að eigi þykir neitt að athuga við upphæð kostnaðarins, eins og hann er ákveðinn í aukarjettardóminum, ber að staðfesta dóminn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður, og verður hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eigi dæmt málsfærslukaup, en það vottast, að sóknin af hans hálfu hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dómi þessum ber að fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 16/1898: Hið opinbera gegn B. H. Bjarnason.

Dómur:

Í máli þessu er hinn kærði kaupmaður B. H. Bjarnason í Reykjavík sakaður fyrir að hafa drýgt helgidagsbrot, með því að selja brennivín á 3ggja pelaflösku sunnudaginn 20. febr. þ. á., en með dómi lögleglurjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. s. m., var hann sýknaður af kæru hins opinbera; þó var honum gjört að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi þessum hefur af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirrjettarins.

Kærði, sem rekur verzlun í Reykjavík, hefur eindregið neitað því, að hann hafi selt nokkurt brennivín áminnztan sunnudag. Á hinn bóginn hefur vitnið Ágúst Benediktsson borið það fram, að hann hafi þennan sunnudag kl. nálega 2 farið inn í hús kærða, hitt hann þar og keypt af honum brennivín á 3ggja pela flösku. Þegar hann kom út á götuna aptur, tjáist hann hafa hitt vitnin Böðvar Gíslason og Benidikt Stefánsson, sýnt þeim flöskuna og sagt þeim, að hann hefði keypt brennivín á hana hjá kærða. Þessi vitni hafa gefið samhljóða skýrslu í þá átt, að þau hafi um kl. 2 nefndan dag sjeð Ágúst fara með tóma 3ggja pela flösku inn í portið bak við hús kærða og eptir stundarkorn koma þaðan út aptur með flöskuna fulla af brennivíni; hafi þeir þá átt tal við Ágúst, og hafi hann þá sagt þeim, að hann hefði keypt brennivínið af kærða. Annað þessara vitna, Böðvar Gíslason, hefur enda skýrt svo frá, að það hafi sjeð Ágúst fara með flöskuna tóma inn í hús kærða.

Þó að miklar líkur sjeu með þessum vitnisburðum fengnar fyrir því, að kærði hafi afhent Ágúst Benediktssyni brennivín á flösku hans, einkanlega þegar það er athugað, að kærði hefur kannazt við það, að engir aðrir en hann reka brennivínssölu í húsi því, sem hann býr í, þá er þó *ekki* með skýrslum vitnanna, sem eigi hafa verið staðfestar með eiði, sannað til fullnustu, að kærði hafi selt Ágúst brennivín á flösku hans áminnztan sunnudag. Kærði verður því eigi dæmdur til refsingar í þessu máli, en rjett þykir, að

hann greiði málskostnað fyrir undirrjetti, og skal því staðfesta lögregluþingsdóminn, eins og hann er. Á hinn bóginn virðist áfrýjunarkostnaður málsins eiga að lenda á almannafje, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 27. júnímánaðar.

Nr. 13/1898: Rjettvísin gegn Gísla Gíslasyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Skaptafellssýslu 19. okt. f. á. var hinn ákærði Gísli Gíslason, fyrverandi póstur á Breiðabólstað, dæmdur fyrir póstsvik til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 4×

5 daga og til að greiða allan málskostnað í hjeraði, þar með talinn varðhaldskostnað; svo skyldi hann og greiða hinum skipaða svaramanni sínum, dbrm. Ingimundi Eiríkssyni, 5 krónur í málsvarnarlaun.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Tildrög málshöfðunar þessarar gegn ákærða, fyrrum pósti Gísla Gíslasyni, eru þau, að nokkuð af peningum, sem sendir voru sunnanlands með póstum milli Eskifjarðar og Reykjavíkur seint á árinu 1895 og snemma árs 1896, hurfu meðan þeir voru í vörzlum póststjórnarinnar; skal nú nánara skýrt frá hinum einstöku póstsendingum, er peningar hurfu úr.

Með pósti þeim, er afgreiddur var frá Borgum í Nesjum 28. desbr. 1895, sendi gjaldkeri Bæjarhrepps 600 krónur í gulli og seðlum til Landsbankans. Póstafgreiðslumaðurinn á Borgum taldi peninga þessa í pokann og var hann innsiglaður með signeti pósafgreiðslunnar þar og signeti eins heimamanns á Borgum, með því að sendandi hafði eigi signet sitt með sjer. Eftir skýrslum póstmeistarans og bankagjalderans, er við sendingunum tók, voru fyrirböndin og innsiglin á pokanum, sem peningasendingin var í, óhögguð, er hún kom til Reykjavíkur, en þó vantaði 100 kr. af þeim 600 kr., er póstafgreiðslumaðurinn á Borgum taldi í pokann. Það er nú að vísu svo, að álíta má sannað, að 100 kr. af sendingu þessari hafi horfið, meðan hún var í vörzlun póststjórnarinnar, en hins

vegar eru engar þær sýrslur fengnar að unt sje að gruna hinn ákærða um að vera valdur að þessu peningahvarfi, og sama er um hvarf á 1 pd. sterl. í sömu póstferð, sem talið er, að hafi horfið úr peningasending frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu til landfógeta.

Aptur í febrúar og marzmánuði 1896 hurfu úr póstsending milli sömu stöðva 120 kr. og eru hin nánari atvik við það hvarf þessi. Í febrúarmánuði 1896 kom verzlunarstjóri Eggert Benediktsson á Papós að póstafgreiðslustaðnum á Borgum í Nesjum og afhenti póstafgreiðslumanninum þar 1600 kr. í gulli, er Halldór Jónsson bankagjaldkeri átti að taka við. Sendandi og póstafgreiðslumaðurinn á Borgum töldu peningana og bjuggu um þá eins og fyrirskipað er, og var peningasending þessi rituð í viðtökubók póstafgreiðslunnar 16. febr. 1896. En með því að póststofan í Reykjavík hafði heimtað skýrslu út af vöntun 100 kr. í sendinguna frá Bæjarhreppi, sem áður er getið, kom Eggert 22. febr. næst á eptir aptur að Borgum og kom honum og póstafgreiðslumanninum saman um, að opna aptur pokann, sem 1600 kr. sendingin var í og telja peningana í votta viðurvist. Að því búnu og eptir að þeir höfðu gengið frá sendingunni eins og vera bar, var hún látin í póstflutninginn daginn eptir.

9. marz 1896 var pokinn opnaður í Reykjavík af viðtakanda að viðstöddum póstmeistara og skrifara hans. Reyndist þá að farið hafði verið í pokann á þann hátt, að fyrirbandið hafði verið skorið í sundur og bundið svo fyrir hann aptur

þannig, að seglgarni var vafið utan um hið sundurskorna fyrirband og þannig faldir endarnir á því, nema hvað sást á annan endann, en hnúturinn á hinu nýja fyrirbandi var falinn í vafningunum. Í pokann vantaði 120 kr.

Þegar ákærði fór næstu póstferð frá Prestsbakka til Borga, borgaði hann út 80 kr. í gulli 17. marz 1896. Þetta þótti grunsamt, og það því fremur, sem ákærði ekki gat gjört neina grein fyrir því, hvernig honum hefði innheimzt meiri partur gullsins og sagði að hann gæti ekki munað, hjá hverjum hann hefði fengið hvern pening, því svo mikið af gulli hafi um þetta leyti gengið í gegnum sínar hendur. Ákærði er maður fjelítill og skuldum vafinn, og er því mjög ólíklegt, að hann hafi haft allt þetta gull með frjálsu og það því síður, sem þeim framburði hans, að hann hafi átt talsvert (50 kr.) af gulli geymt í buddu sinni um lengri tíma frá því á nýári, er hnekkt með framburði konu hans og systur hennar.

En þótt þessi peningaútborgun hans 17. marz 1896 sje mjög grunsöm, og það því fremur, sem laun hans sem pósts ekki voru greidd í gulli og enginn í nærsveitunum hefur kannazt við að hafa látið hann fá gullpeninga um það tímabil, sem á leikur, að einum manni undan skildum, sem ljet hann haustið 1895 fá einn 20 kr. pening, — en þar sem 3 menn aðrir hafa kannazt við, að þeir hafi látið kærða fá sinn 10 kr. peninginn hver, þá er ekkert upplýst um, hvort það hafi verið fyrir eða eptir 17. marz 1896 og verður því ekkert á því byggt — og þó allur framburður hans í þessu til-

liti sje á reiki og mjög ótrúlegur, þá virðist þó ekki, að sannanir eða nægar líkur sjeu til þess, að kveða upp áfellisdóm yfir honum að því er þetta peningahvarf áhrærir.

Samkvæmt póstsendingabók póstafgreiðslunnar á Prestsbakka var peningabrjef afgreitt frá Prestsbakka 19. oktbr. 1895. Peningabrjefið var frá Hannesi ritstjóra Þorsteinssyni í Reykjavík og átti að fara til síra Pjeturs Jónssonar brjefhirðingamanns á Kálfafellsstað, og voru í því 42 kr. Þessi sending kom ekki til viðtakanda fyr en í janúar 1896; eptir skýrslu viðtakanda afhenti ákærði honum þá brjefið eitt sjer og færði honum jafnframt afsökun frá póstafgreiðslumanninum á Prestsbakka fyrir drátt á sending brjefsins, sem þá var nokkuð velkt og á 2 lökkum þess ekkert signet, en á hinu 3. »prívat«-signet póstafgreiðslumannsins á Prestsbakka. Póstsendingaskrá 19. okt. 1895 frá Prestsbakka til Kálfafellsstaðar hefur ekki komið fram, og á póstsendingaskránni milli sömu staða í þeirri ferð, er brjefið kom fram, er það ekki nefnt. Það er að vísu svo, að talsverðar líkur eru til þess, að nefnt peningabrjef hafi verið í vörzlum ákærða frá því í oktbr. 1895 og þangað til í janúar 1896, er hann skilaði því, og framburður hans að því er þetta brjef snertir er í meira lagi tortryggilegur; en þó eru ekki gegn neitun ákærða fengnar þær sannanir í þessu tilliti, að honum verði gefin að sök sviksamleg meðferð á því.

Þá er ákærða loks gefið að sök, að hann hafi

á sviksamlegan hátt meðhöndlað peningabrjef með 50 kr. í og eru hin nánari atvik þessi:

Í nóvember 1895 afhenti Þorsteinn nokkur Arason á Reynivöllum brjefhirðingunni á Kálfafellsstað brjef með 50 kr. í, sem átti að fara til Ara nokkurs Arasonar í Reykjavík. Skýrsla ákærða um þetta peningabrjef er þessi. Þegar pósturinn (ákærði) 25. eða 26. nóvember 1895 átti að fara frá Kálfafellsstað, hafi mikil fljótfærni átt sjer stað við póstafgreiðsluna; brjefhirðingapokanum hafi í flaustri verið dembt ofan í koffort. Á leiðinni frá Kálfafellsstað hafi hann komið að Breiðabólsstað í Suðursveit; þar hafi hann lokið upp koffortinu, er brjefhirðingapokinn var í; hafi þá allt verið komið úr pokanum innan um annan flutning, er ákærði hafði meðferðis, svo sem hvítasykur o. fl. Peningabrjefið, sem hjer um ræðir, hafi verið orðið nuddað og utanáskriptin á því ólæsileg; hafi hann tekið það og stungið því í vasa sinn, og þar hafi það verið alla leið að Prestsbakka. Þegar þangað var komið, hafi hann gleymt að skila brjefinu af sjer og ekki munað eptir því fyr en hann kom út fyrir túnið, og hafi hann þá ekki nennt að hverfa heim aptur til að skila því af sjer; hafi hann svo farið með brjefið heim til sín og látið það í vasa á kápu sinni, sem hafi hangið í skáp í bæjardyrunum þar, sem hann átti heima. Morguninn eptir að hann kom heim hafi hann beðið Gísla bróður sinn að taka brjefið, ásamt nokkrum smærri brjefum, sem hafi verið í kápuvasanum, og afhenda þau Sigurði Pjeturssyni Oddapósti til flutnings að Prestsbakka. Í febrúar-

mánuði 1896 hafi brjefhirðingamaðurinn á Kálfafellsstað skýrt sjer frá, að peningabrjefið til Ara Arasonar væri ekki komið til skila. Þegar hann kom heim úr ferðinni, hafi hann farið að aðgæta þetta — þó ekki fyr en póstur var farinn á stað frá Prestsbakka suður; hafi hann þá fundið brjefið í kápuvasanum; hann hafi þá rifið það upp og af því umslögin, er hann hafi rifið í sundur. Kveðst hann svo hafa látið önnur umslög um brjefið og farið með það snemma í marzmánuði næst eptir að Geirlandi, og ætlað að koma því á Vigfús borgara Jónsson, sem hafi ætlað til Reykjavíkur, en þegar það hafi ekki orðið, þá hafi Vigfús fengið sjer (ákærða) brjefið aptur, en ákærði hafi seinna í sama mánuði komið því á Sigurð Pjetursson póst; brjefið hafi verið látið í póstflutninginn í brjefhirðingunni í Vík kring um 20. marz. Þess skal hjer getið, að ákærði fór með brjefið opið að Geirlandi, lánaði í þeirri ferð 35 kr. af Vigfúsi, og lokaði brjefinu, sem hann að Vigfúsi áhorfandi taldi peningana í. Það eru komnar fram miklar líkur til, að póstsendingaskrá hafi fylgt þessu brjefi frá Kálfafellsstað, en ákærði þverneitar að hafa orðið var við slíka skrá, sem ekki hefur fundizt, þótt telja megi sannað með vitnisburðum brjefhirðingamannsins á Kálfellsstað og Helgu Skúladótttur, að brjefið, sem um er að ræða, hafi verið ritað á póstsendingaskrá frá Kálfafellsstað, er það var afgreitt þaðan, svo og að skráin hafi verið látin í flutninginn. Þessi framburður ákærða og öll skýrsla hans um brjef þetta er í mesta máta ótrúleg. Að því fyrst snertir komu

hans að Breiðabólstað, þá er það fullsannað með samhljóða vitnisburði 3 vitna, að ákærði hafi alls ekki þangað komið í það skipti, er hann, að því er hann segir, tók brjefið upp úr koffortinu, og er skýrslu hans hjer að lútandi því alveg hnekkt, og miklar líkur eru til þess að öll frásaga ákærða um flausturs-póstafgreiðslu á Kálfafellsstað, þá er brjefið var sent þaðan, sje uppspuni einn. Þegar nú hjer við bætist, að nægar sannanir virðast vera komnar fram fyrir því, að sögusögn ákærða um, að brjefið hafi verið alla tíð, frá því hann tók það, og þangað til hann fór með það að Geirlandi, í kápuvasa hans, sje ósönn, eins og líka sögusögn hans um, að hann hafi vísað Gísla bróður sínum á brjefið í kápuvasanum, virðist fyllilega hrakin af skýrslu Gísla hjer að lútandi, og þar sem loks vitnisburðir Erlings Filippussonar og Bjarnar Steinssonar um útlit brjefsins, eins og líka skýrsla Vigfúsar Jónssonar eindregið benda til þess, að ákærði hafi farið sviksamlega með optnefnt peningabrjef, þá verður neitun ákærða um sviksamlega meðferð á brjefinu þýðingarlaus gagnvart öllum hinum framkomnu skýrslum og í sambandi við þá játningu hans, að hann hafi tekið brjefið úr póstflutningnum og rifið sundur umslögin á því og haldið því í hátt á fjórða mánuð, og skilað því, eða innihaldi þess, ekki fyr en eptir að honum var kunnugt orðið, að upp var komið, að brjefið ekki hafði komizt til skila. Verður því að dæma ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, fyrir

sviksamlega meðferð á opt umræddu brjefi, og á afbrot hans undir 139. gr. sbr. 145. gr. og 260. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, að nokkru leyti með skírskotun til 61. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin af undirdómaranum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði hjeraðsdómsins, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber og ákærða að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Þótt staðið hafi all-lengi á prófum í þessu máli, þá er það þó rjettlætt af hjeraðsdómaranum, og vottast því að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði, Gísli Gíslason, greiði málskostnað allan, sem af áfrýjun málsins stafar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Halldórs Bjarnasonar, og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum

Nr. 3/1898: Björn Bjarnarson
gegn
Finnboga Árnasyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu 14. desbr. f. á. var hinn stefndi, Finnbogi Árnason, bóndi á Suður-Reykjum, dæmdur fyrir meiðyrði við áfrýjanda í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara til 14 daga einfalds fangelsis, svo og til að greiða áfrýjanda 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Björn Bjarnarson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 21. jan. næstl. og krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur í hæstu sekt, sem lög leyfa, fyrir meiðyrði og árás gegn sjer og til að greiða allan kostnað málsins fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu eða eptir mati yfirdómsins, svo og, að hin umstefndu meiðyrði verði dæmd dauð og ómerk, og ennfremur, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda bætur fyrir vinnutöf með kr. 1,20. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirrjetti með 25 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Að því fyrst snertir kröfu áfrýjanda um, að stefndi verði sektaður fyrir árás eða líkamlegt ofbeldi, þá verður sú krafa ekki tekin til greina, því þótt stefnan í málinu til hjeraðsdómsins væri álitin nægilega ljós í þessu tilliti, þá er þó ekki í málinu komin fram næg sönnun fyrir, að nokk-

ur árás eða líkamlegt ofbeldi hafi átt sjer stað af hendi stefnda, því síður í hverju það hafi verið fólgið eða hvernig því hafi verið háttað. Hinsvegar má álíta það sannað, að stefndi hafi 11. ágústmán. f. á., er þeim málsaðilum lenti saman út af ágreiningi um nokkuð af heyi, sem báðir töldu sig eiganda að, viðhaft þessi orð við áfrýjanda: »Þú ert þá svona stórþjófur, þjer nægir ekki að stela leynilega af mjer æru og mannorði, heldur stelurðu af mjer opinberlega líka«. Þessi orð, sem eru meiðandi og stefndi ekki hefur rjettlætt, eru saknæm eptir 217. gr. hegningarlaganna, og virðist sekt sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin verður ekki öll greidd í ákveðinn tíma; krafa áfrýjanda um ómerking hinna átöldu meiðyrða er of seint fram komin, og krafa hans um skaðabætur fyrir vinnutafir virðist alls eigi rökstudd. Með því yfirdómurinn fellst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann að því leyti. Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda eptir atvikum að greiða með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Finnbogi Árnason, á að greiða 50 kr. sekt, er rennur í landssjóð, en sje sektin ekki greidd í ákveðinn tíma, skal hann sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Um málskostnað í hjeraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður; málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda Birni Bjarnarsyni með 20 kr.

Dóminum að fullnægja, áður 8 vikur sjeu liðnar frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 4. júlímánaðar.

Nr. 4/1898: Björn Bjarnarson
gegn
Finnboga Árnasyni og Kristjáni Þorgrímssyni.

Dómur:

Vorið 1897 var það áformað, að hinn stefndi Finnbogi Árnason tæki til ábúðar í fardögum það ár ásamt aðalábýli sínu, Syðri-Reykjum í Mosfellssveit, eignarhluta sinn 1/3 úr nágrannajörðinni Reykjakoti með Stekkjarkoti, sem áfrýjandi hafði um nokkurt árabil fyrirfarandi einn haft til ábúðar, og fjekk Finnbogi í þessu skyni hinn 4. maí mán. 1897 tilnefnda af sýslumanni 2 menn til að skipta úr 1/3 af túni og engjum Reykjakots með Stekkjarkoti, og framkvæmdu menn þessir skiptinguna 24. maí næst á eptir, að undangenginni brjeflegri aðvörun til beggja hlutaðeigenda, áfrýjanda og Finnboga, en af þeim mætti þó eigi nema Finnbogi og var viðstaddur gjörðina, en áfrýjandi vildi eigi vera þar við, þótt hann vissi af gjörðinni og á hann væri skorað að gæta rjettar síns, og mótmælti hann að eins gildi hennar, er henni var að mestu lokið. Með þessari gjörð var ákveðið, hvað af túni og engjum í Reykjakoti með

Stekkjarkoti skyldi fylgja þriðjungi jarðarinnar, og gjörðu hinir tilnefndu menn brjef um það og settu merki þar er þurfa þótti. Hinn 5. júní f. á. fór fram úttekt á 1/3 Reykjakots og Stekkjarkots í hendur Finnboga, og fór þá áfrýjandinn því fram, að úttektarmenn gjörðu skiptingu á túni og engjum milli þeirra Finnboga, samkvæmt 33. gr. í lögum um ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884, en Finnbogi mótmælti nýrri skiptingu og kvaðst taka í sinn hluta það, er álitið hefði verið þriðjungur af túni og slægjum í gjörðinni 24. maí, og varð þá eigi af neinni skiptingu af hendi úttektarmanna. Áfrýjandi var þó stöðugt óánægður með skiptin 24. maí, og fjekk hann því 3. ág. f. á. útnefnda af sýslumanni 4 yfirmatsmenn til að skipta úr Reykjakoti með Stekkjarkoti 1/3 túns og slægna til handa Finnboga Árnasyni, og gjörðu þessir 4 menn ný skipti á þessu hinn 8. ágúst, sem voru nokkuð öðruvísi en hin fyrri skiptin 24. maí f. á. Við þessa yfirúrskiptagjörð, sem áfrýjandinn og Finnbogi voru báðir boðaðir til, var áfrýjandinn viðstaddur, en Finnbogi ekki, og áleit hann sjer ekki skylt að sinna gjörðinni að neinu, þar sem hún átti fram að fara og fór fram á helgum degi (sunnudegi). Áfrýjandinn aptur á móti hjelt fram yfirúrskiptagjörð þessari sem löglegum skiptum á slægjum og túni jarðanna, og 11. ágúst f. á. tók hann með mönnum sínum heim til sín, þótt Finnbogi reyndi að afstýra því og mótmælti því, 10 hesta af töðu, er Finnbogi hafði að nokkru látið slá, en áfrýjandi að nokkru, á stykki af túninu í Reykjakoti, er áfrýjanda var út-

hlutað með yfirmatsgjörðinni 8. ágúst, en sem skipt var þriðjungi jarðarinnar (o: í hluta Finnboga) með gjörðinni 24. maí f. á. Svo hirti og áfrýjandi heim til sín 5 hesta af útheyi og nokkuð af torfi af þeim hluta af engjunum, er honum var úthlutaður við síðari skiptin, en Finnboga við fyrri skiptin. Út af þessari töku á heyi og torfi höfðaði stefndi Finnbogi Arnason mál gegn áfrýjandanum og var það dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 14. desbr. f. á. þannig, að yfirúrskiptagjörðin 8. ágúst f. á. var dæmd ógild vera og áfrýjandinn dæmdur til að skila Finnboga aptur umræddu heyi og torfi, eða andvirði þess eptir mati óvilhallra, dómkvaddra manna og í málskostnað skyldi áfrýjandi greiða Finnboga 30 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. jan. þ. á., og krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum og kærum Finnboga Árnasonar í máli þessu, en hann dæmdur til að greiða sjer allan kostnað málsins fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu eða eptir mati yfirdómsins, svo og til að greiða hæfilega sekt fyrir óþarfa málsýfing. Ennfremur, að umboðsmaður Finnboga fyrir undirrjetti, hinn stefndi Kristján Þorgrímsson kaupmaður, verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir ósæmilegan rithátt og ærumeiðandi aðdróttun um sig í sóknarskjali fyrir undirrjettinum og að meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk. Hinn stefndi Finnbogi Árnason hefur aptur á móti krafizt þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan

fyrir yfirdómi með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinn stefndi Kristján Þorgrímsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjandans í þessu máli og áfrýjandinn skyldaður til að greiða sjer í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr. eða eitthvað nægilegt eptir mati rjettarins.

Eins og minnzt hefur verið á hjer að framan, var yfirúrskiptagjörðin 8. ágúst f. á. framkvæmd á helgum degi, og var hún því þegar af þeirri ástæðu ólögmæt og markláus, þar sem stefndi Finnbogi Árnason tók eigi eða ljet taka þátt í henni af sinni hálfu, heldur mótmælti henni einmitt af greindri ástæðu. Og það er einnig átyllulaust með öllu, er áfrýjandinn heldur fram, að Finnbogi hafi síðar samþykkt gjörðina með því að nota landið eptir henni. Aukarjettardómurinn er því rjettur, að því leyti sem hann dæmir gjörð þessa ógilda.

Að öðru leyti eru úrslit málsins komin undir því, hvort álitið verður, að Finnboga hafi verið löglega úthlutað í sinn hluta stykkjum þeim, er umþrætt hey og torf var tekið á, eða með öðrum orðum, hvort úrskiptagjörðin 24. maí f. á. hafi verið lögmæt, en í því tilliti skal það tekið fram, að þótt ýmislegt hefði mátt finna að gjörð þessari áður, þá verður eigi betur sjeð en að áfrýjandinn hafi, er hann beiddist og ljet framkvæma yfirúrskiptagjörðina eða yfirmatsgjörðina 8. ágúst f. á. á sama grundvelli og gjörðin 24. maí f. á., samþykkt með því að öllu lögmæti fyrri gjörðarinnar, svo að hann geti nú eigi, þótt yfirúrskiptagjörðin,

er á henni var byggð, hafi reynzt ólögmæt fyrir formgalla, neitað gildi hinnar fyrri gjörðar, þótt einhverjir gallar kunni að hafa á henni verið. Það verður því að álíta, að stefnda, Finnboga Árnasyni, hafi 11. ágúst f. á. tilheyrt afnot af blettum þeim, er umrætt hey og torf var tekið af, og ber því að skylda áfrýjanda til að endurgjalda stefnda, Finnboga, 10 hesta af töðu og 5 hesta af útheyi eptir verði þess í ágústmán. 1897 að mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Um endurgjald fyrir torftöku og torfskurð verður aptur eigi dæmt, með því að krafan um það er eigi nægilega ákveðin.

Að því er snertir kröfu áfrýjandans um sekt á stefnda Kristján Þorgrímsson fyrir ósæmilegan rithátt og um ómerking meiðyrða þeirra, er honum þykja á sig borin, þá þykir eigi vera ástæða til að taka hana til greina. Ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað samþykkjast, og ber áfrýjanda einnig að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, 20 kr. til hins stefnda Finnboga Árnasonar og 10 kr. til hins stefnda Kristjáns Þorgrímssonar.

Því dæmist rjett vera:

Yfirúrskiptagjörðin 8. ágúst f. á. á ógild að vera. Áfrýjandinn Björn Bjarnarson skili stefnda Finnboga Árnasyni aptur ofangreindum 10 hestum af töðu og 5 hestum af útheyi, eða endurgjaldi honum þá eptir verði á heyi í ágústmán. 1897, að mati 2ggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Um málskostn-

að á aukarjettardómurinn að vera oraskaður, og ber áfrýjanda auk þess að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, 20 kr. til stefnda Finnboga Árnasonar og 10 kr. til stefnda Kristjáns Þorgrímssonar.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 14/1898: Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps gegn Jónasi Helgasyni, Kristni Einarssyni, Magnúsi Eiríkssyni og Guðjóni Bjarnasyni.

Dómur:

Haustið 1896 lagði hreppsnefndin í Norðfjarðarhreppi aukaútsvar á hina stefndu, sunnlenzka sjóróðramenn, er dvalið höfðu þá um sumarið í hreppnum og stundað þar fiskiveiðar um 4 mánaða tíma. Krafðist hreppsnefndin þess, að bæjarfógetinn í Reykjavík, þar sem hinir stefndu áttu heimili, tæki lögtaki útsvörin, sem voru 2 kr. 50 a. á stefnda Jónasi Helgasyni, en 2 kr. á hverjum hinna, en bæjarfógetinn neitaði með úrskurði, kveðnum upp í fógetarjetti í Reykjavík 21. sept. f. á., að framkvæma lögtakið, og áfrýjaði þá hreppsnefndin þeim úrskurði til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. marz þ. á

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdómi, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og fó-

getinn skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð, og að hinir stefndu verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða áfrýjunarkostnað máls þessa að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hinir stefndu hafa eigi mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum, og er þeim þó löglega stefnt, og verður því málið dæmt eptir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Hreppsnefndin hefur byggt útsvarsskyldu hinna stefndu í Norðfjarðarhreppi á því, að þeir, eins og áður er sagt, öfluðu sjer atvinnu við fiskiveiðar í Norðfirði fulla 4 mánuði af árinu 1896, og hefur hún álitið að þeir hafi því samkvæmt lögum nr. 12, 9. ágúst 1889, átt að greiða útsvar þar í hreppi að rjettri tiltölu. En þar sem það er viðurkennt í málinu, að mennirnir voru heimilisfastir í Reykjavík umrætt ár (1896), þá er yfirdómurinn samdóma fógetanum um það, að stundardvöl þeirra eystra verði eigi talin »fast aðsetur« þar í þeim skilningi, er nefnd lög leggja í þessi orð, nje heldur verði atvinnurekstur þeirra í Norðfirði heimfærður undir »arðsamar stofnanir og fyrirtæki«, er leggja megi á útsvar eptir greindum lögum 9. ágúst 1889. Útsvarsskyldan verður eigi heldur byggð á lögum nr. 6, 19. júní 1888, 2. gr., með því að álíta verður samkvæmt briefi bæjarfógetans í Reykjavík til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, dags. 10. maí 1897, sem fram var lagt í fógetarjettinum, að hinir stefndu hafi stundað

fiskiveiðar í Norðfjarðarhreppi á útveg þarsveitarmanna, og hefur umsögn bæjarfógetans hjer að lútandi eigi verið hrundið með lögmætri sönnun. Þar sem nú útsvarsskyldan eigi heldur verður byggð á öðrum lagafyrirmælum, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð fógetarjettarins. Þar sem stefndu mættu eigi nje nokkur af þeirra hendi, hlýtur málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. júlímánaðar.

Nr. 39/1897: Vilhelm Knudsen
gegn
amtmanninum yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu fyrir hönd landssjóðs.

Dómur:

Með brjefi, dags. 18. marzmán. 1896, lagði amtmaðurinn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu fyrir sýslumanninn í Skaptafellssýslu að hefja rjettarrannsókn út af því, að peninga vantaði í nokkrar peningasendingar, er þá um veturinn komu með austanpósti til póststofunnar í Reykjavík, en líkur þóttu vera til þess, að peningunum hefði verið stolið, meðan sendingarnar voru í vörzlum póststjórnarinnar, og að þjófnaðurinn væri framinn innan lögsagnarumdæmis Skaptafellssýslu.

Sýslumaðurinn hóf rannsókn í málinu 4. apríl 1896, og með því að honum þótti grunur falla á áfrýjandann, stúdent Vilhelm Knudsen, um það, að hann kynni að vera valdur að hvarfi á 100 kr. úr peningasendingu, sem skilað var til flutnings á póststöðvunum Borgum 18. desbr. 1895 og átti að fara til landsbankans í Reykjavík, kvað hann upp fangelsisúrskurð yfir Vilhelm Knudsen 13. apríl 1896 og hjelt honum í varðhaldi til 4. júlí næst á eptir; var honum þá sleppt úr varðhaldinu, og með brjefi amtsins 19. nóvbr. 1896 var svo fyrirskipað, að »sakamálshöfðunin gegn honum skyldi niður falla«. Vilhelm Knudsen skrifaði þá sýslumanninum í Skaptafellssýslu hinn 29. jan. f. á., og krafðist þess, að hann (sýslumaður) »setti rjett á áður ákveðnum stað og stundu, til þess jeg (áfrýjandi) þar og þá geti samkvæmt 3. gr. laga 26. oktbr. 1893 komið fram með skaðabótakröfu mína og þjer (sýslumaður) kveðið upp úrskurð þar að lútandi«. Sýslumaður hjelt síðan lögreglurjett að Papós 30. apríl f. á., þar er Vilhelm Knudsen mætti, lagði fram skaðabótakröfu sína fyrir fangelsan og varðhaldsvist, að upphæð 1563 kr., og krafðist úrskurðar rjettarins um hana, en með úrskurði lögreglurjettar Skaptafellssýslu, uppkveðnum 7. maí f. á., var skaðabótakröfunni hrundið. Þessum úrskurði hefur stúdent Vilhelm Knudsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 2. oktbr. f. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að lögreglurjettar-úrskurðurinn verði úr gildi felldur, að honum verði tildæmdar skaðabætur úr landssjóði fyrir gæzluvarðhald að ósekju frá 11.

apríl 1896 — en þá var áfrýjandi fyrst settur í gæzlu — til 4. júlí næst á eptir, að upphæð 1563 kr., eða eptir því sem rjetturinn metur hæfilegt, og að honum verði tildæmdur allur málskostnaður að skaðlausu. Af hálfu stefnda, sem hefur haft skipaðan málflutningsmann, hefur þess verið krafizt, að lögreglurjettarúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eptir mati rjettarins, þar með talin hæfileg málflutningslaun til málfærslumannsins.

Hinn 18. desbr. 1895 afhenti hreppsnefndaroddvitinn og gjaldkerinn í Bæjarhreppi á póstafgreiðslustaðnum Borgum til flutnings til Reykjavíkur 600 kr., sem fara áttu til landsbankans. Póstafgreiðslumaðurinn taldi peningana, að viðstöddum 4 mönnum, og var áfrýjandinn einn þeirra. Var síðan vandlega búið um peningana og pokinn innsiglaður með innsigli póstafgreiðslunnar og innsigli áfrýjanda, sem var lánað til þessa, þar eð hvorki oddvitinn nje gjaldkerinn höfðu signet með sjer. Peningasendingin var geymd í póstskúffunni á Borgum þangað til 28. desbr. næst á eptir, er hún var send með póstinum til Reykjavíkur. Póstur kom til Reykjavíkur 13. jan. f. á., og er peningapokinn var opnaður í bankanum, kom það í ljós, að eigi voru nema 500 kr. í honum. Eins og áður er á minnzt, fjell grunur á áfrýjanda um, að hann kynni að vera valdur að peningahvarfi þessu, og það er þessi sakargipt ein, sem kemur til álita í málinu hjer fyrir rjettinum, með því að varðhalds-

úrskurðurinn 13. apríl 1896 eingöngu styðst við hana, og hinn áfrýjaði lögreglurjettarúrskurður eingöngu ræðir um hana. Það má nú telja það fullsannað í málinu, að peningarnir hafi verið 600 kr., er þeir voru látnir í pokann á póstafgreiðslustaðnum Borgum, og pokinn var innsiglaður með signeti áfrýjanda; ennfremur, að þetta innsigli hafi verið óskaddað, þegar pokinn var opnaður í landsbankanum, og loksins að þá hafi eigi verið meira en 500 kr. í pokanum. Með því að peningapokinn lá í póstskúffunni á Borgum — sem áfrýjandi hafði aðgang að, þar eð hann einatt afgreiddi póstinn þaðan fyrir póstafgreiðslumanninn, sem er mágur hans, — frá því 18. til 28. desbr. 1895, er það hugsanlegt, að áfrýjandi á þessu tímabili hafi farið í peningapokann og tekið úr honum upphæðina, sem hvarf, og síðan innsiglað hann aptur með signeti póstafgreiðslunnar og sínu eigin signeti. Á hinn bóginn er eigi loku fyrir það skotið, eptir því sem fram er komið í málinu, að aðrir en áfrýjandinn hafi haft aðgang að póstskúffunni á Borgum frá því 18. til 28. desbr. 1895, svo sem póstafgreiðslumaðurinn sjálfur, og ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að aðrir hafi þar getað náð í signet áfrýjanda, sem eigi mun hafa verið geymt með neinni varúð. Ennfremur er það eptir vitnaskýrslum í málinu eigi óhugsanlegt, að farið hafi verið í pokann á þann hátt, að fyrirbandinu hafi verið smeygt upp fyrir pokaopið, án þess að innsiglin hafi verið sködduð, með því að skýrsla hefur verið gefin um það, að pokinn hafi verið mjög voðfelldur og fyrirbandið fremur laus-

legt, þegar pokanum var skilað til landsbankans. Þegar nú þessa er gætt, og það á hinn bóginn er athugað, *að* í allri rannsókn málsins er ekki eitt atvik komið fram, er bendi til þess, að áfrýjandi hafi verið sekur í peningahvarfinu, — nema þetta, sem til hefur verið greint, að pokinn var innsiglaður með signeti áfrýjanda og að hann hafði aðgang að póstskúffunni á Borgum, — *að* skýrsla áfrýjanda, sem öll er sjálfri sjer samkvæm, hefur frá upphafi verið hreinskilnisleg og opinská, en jafnframt stöðug neitun á sekt hans, *að* allar skýrslur málsins benda til þess, að áfrýjandi hafi engin peningaráð haft frá því 18. desbr. 1895, þangað til hann var tekinn fastur, *að* þá fundust engir peningar í vörzlum hans að undanteknum tæpum 2 kr. í silfri og kopar við nákvæma leit, sem gjörð var eptir skipun dómarans, *að* áfrýjandinn hefur aldrei fyr verið grunaður um neitt óráðvandlegt, *að* það hefur töluvert opt komið fyrir á árabilinu 1892—1896, að peningar hafa horfið úr póstflutningi á póstleiðinni frá Eskifirði til Reykjavíkur, þannig að ætla má að þeim hafi verið stolið, án þess upplýst hafi orðið hver hafi verið valdur að þjófnaðinum og án þess nokkrum hafi til hugar komið að gruna áfrýjanda um hann, frekar en að framan er tjáð, — þá þykir eptir öllum hjer tilgreindum málavöxtum mega álíta, að áfrýjandi hafi verið saklaus af glæp þeim, sem hann var fangelsaður fyrir, og ber honum því rjettur til skaðabóta samkvæmt lögum nr. 28 26. oktbr. 1893, 1. gr., fyrir þjáningu þá, smán og fjártjón, er hann hefur beðið af því, að hann var sviptur

frelsi sínu. Áfrýjandi hefur lagt fram sundurliðaða skaðabótakröfu, að upphæð 1563 kr., en að sumu leyti virðist krafa þessi of há, og að sumu leyti virðist hún byggð í lausu lopti, og verður hún því ekki tekin til greina. En með tilliti til allra atvika málsins og hags áfrýjanda þykir mega ákveða skaðabæturnar 500 kr., er greiðist úr landssjóði; sömuleiðis þykir rjett að dæma honum sem endurgjald fyrir málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr. úr sama sjóði. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda verða eigi eptir úrslitum málsins greidd nein málflutningslaun. Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjanda, stúdent Vilhelm Knudsen, skal greiða úr landsjóði 500 — fimm hundruð — krónur sem skaðabætur og 40 — fjörutíu — krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Mánudaginn hinn 18. júlímánaðar.

Nr. 27/1898: Rjettvísin gegn Hannesi Einarssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, gengnum 3. desbr.m. 1897, var hinn ákærði, vinnumaður Hannes Einarsson, dæmdur fyrir þjófnað á lambi samkvæmt 231. gr. alm. hegningarlaga í 8

mánaða betrunarhúsvinnu og til þess að greiða iðgjöld hins stolna, 3 kr., og málskostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til söðlasmiðs W. G. Melsteds á Sauðárkróki, 4 kr. Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða og fyrir hönd hins opinbera verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það löglega sannað, að hann síðla hausts 1896 kastaði eign sinni á lamb, sem ásamt annari kind var rekið nefnt haust að Framnesi, þar sem ákærði var vinnumaður, áleiðis fram í Hjaltadal, þannig, að hann tók lambið, sem var eign Árna bónda á Kálfsstöðum, úr fje húsbónda síns, kastaði eign sinni á það, og afmarkaði það undir mark nábúabóndans, og ætlaði hann sjer að láta syni þessa bónda fá lambið næsta vor upp í skuld, sem hann átti þeim að gjalda. Um veturinn drapst lambið, sem var á fóðri hjá húsbónda ákærða, og gróf ákærði það niður, en kannaðist seinna við meðferð sína á því við húsbónda sinn, er hann gekk á hann um, hvað hann hefði gjört við lambið, sem hann hafði boðið ákærða haustið áður að reka að Syðribrekkum. Þegar ákærði framdi þenna þjófnað, var hann á 19. ári, og hefur hjeraðsdómarinn með rjettu heimfært brot ákærða, sem ekki hefur áður verið hegnt fyrir neitt afbrot — en uppvís hefur hann orðið að því, að hafa gjört sig sekan í smáhnupli, áður en hann varð 15 ára að aldri — undir 231. gr. hegningarlaganna, og með því hegningin virðist hæfilega metin 8 mánaða betrunarhúsvinna og landsyfirdómurinn einnig fellst á ákvæði

hjeraðsdómsins um málskostnað og iðgjöld, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnaðinn, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærða Hannesi Einarssyni ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 25. júlímánaðar.

Nr. 26/1898: Hið opinbera
gegn
Hermanni Jónassyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu 27. okt. f. á. var hinn kærði Hermann Jónasson, bóndi á Þingeyrum, dæmdur fyrir ólöglega laxveiði í 40 kr. sekt, að hálfu til hlutaðeigandi sveitarsjóðs

og að hálfu til uppljóstrarmanns Pjeturs Kristóferssonar, svo og til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, en dómi þessum er að ósk hins dómfellda skotið til yfirdómsins af hlutaðeigandi amtmanni.

Kærða er gefið að sök í þessu máli, að hann hafi haft ólöglega laxveiðiaðferð í Bjargaós svo nefndum hinn 22. júlí f. á., og voru því netalagnir hans þennan dag skoðaðar af 2 laxveiðifróðum mönnum, er sýslumaður tilnefndi. Gáfu skoðunarmennirnir skýrslu um skoðunina og lýsingu á lögnunum og unnu eið að, en kærði var viðstaddur skoðunina og fjekk gjörðar þær breytingar á mælingum skoðunarmannanna, er hann fór fram á. Eptir lýsingu skoðunarmanna var laxanetalögnum kærða í Bjargaós svo háttað fyrnefndan dag, sem nú skal greina:

Bjargaós er afrennsli til sjávar úr stöðuvatninu Hópið, sem laxveiðiáin Víðidalsá rennur í, og er Bjargaós um 1 mílu á lengd. Sjálfur fellur ósinn að vestanverðu rjett með svokölluðum Nesbjörgum, en austan að honum er Þingeyrasandur, og fellur vatn úr ósnum yfir mikið af sandinum, hjer um bil 1/3 mílu, þegar flóð er í ánni, stórstraumsflóð, stormur af hafi eða vindur stendur af Hópinu, og mun vatnið þá vera á sandinum 1—2 fet á dýpt. Netalagnir kærða í Bjargaós voru á tveim stöðum, í svo nefndu Vonarlandi og í Vaðhvammi. I Vaðhvammi var þvernet, 18 1/2 faðmur á lengd, strengt af grynningum að austan út í ósinn, og var taug úr vesturenda þess fest við stein á vesturbakkanum. Frá vesturlandinu og yfir í

vestari netendann var 13½ faðmur, en alls 32 f. frá austurenda netsins til vesturlandsins. Í norðaustur frá austari enda nets þessa lá annað net norðaustur á sandinn um 25 faðma langt, og úr vesturenda þvernetsins lá annað langnet, um 16—18 faðma langt, með fleyg úr að innanverðu. Mest dýpi fyrir austan fleygnet þetta var 1 al. 20 þuml., en mest dýpi fyrir vestan það 1 al. 19 þuml., »en hvergi lá netið meira en í miðjan ál«. Möskvinn á netum þessum var rúmir 10 þuml. Vonarlandslögninni var þannig háttað, að efst var oddalögn, þannig að hæll var rekinn niður efst og út frá honum gengu net á ská til beggja hliða til tveggja hæla, sem mynduðu þríhyrning við efsta hælinn; var vestara netið 12 faðmar á lengd, en hið austara 10 faðm., en milli hælanna voru 10 faðmar. Niður frá þessum hælum gengu aptur leiðarar niður ósinn, annar á 3. hundrað faðma langur, austur á sandinn, en hinn vestari, um 40 faðma langur, niður eptir sjálfum ósnum. Frá vesturlandinu að vestara langnetinu um neðri enda þess voru 9½ al., en milli netanna 16½ al. Dýpið var mest frá vesturlandinu að vestara langnetinu 1 al. 15 þuml., en grynnkaði austur eptir og var 11 þuml. við austara netið.

Þegar þessi lýsing á laxanetalögnum kærða, sem byggja verður dóminn á í máli þessu, er athuguð, er það ljóst, að kærði hefur brotið gegn 2. gr. laga 19. febr. 1886, um friðun á laxi, með því að þvergirða meira en helming Bjargaóss á Vonarlandi, og í Vaðhvammi með því, að þvergirða

þann hluta óssins, er meira var dýpið í, og ber kærða, sem með landsyfirrjettardómi 26. apríl f. á. var dæmdur í 20 króna sekt fyrir ólöglega laxveiði í þessum sama Bjargaós, að greiða sekt fyrir brotið samkvæmt 8. gr. tjeðra laga, er þykir hæfilega metin af lögregludómaranum 40 kr., og þar sem yfirdómurinn hefur ekkert að athuga við ákvæði lögreglurjettardómsins að öðru leyti, ber að staðfesta hann með öllu. Kærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögregludómurinn á að vera óraskaður. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. ágústmán.

Nr. 11/1898: Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur.

Dómur:

Með lögum nr. 5, 23. febr. 1894, voru jarðirnar Laugarnes og Kleppur í Seltjarnarneshreppi lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur kaupstaðar frá fardögum 1894, og er í 2. gr. laga þessara kveðið svo á, að frá sama tíma (o: fardögum 1894) taki Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarneshrepps, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eptir meðaltali áranna 1889—1894 að rjettri tiltölu við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili. Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur reiknað út hluta þann af skuldum og ómagaframfærslu hreppsins, sem kaupstaðurinn samkvæmt þessum lögum átti að taka að sjer, og reiknaðist honum það á þá leið, að Reykjavíkurbær ætti að greiða $^{1}/_{27}$ hluta af skuldum hreppsins, eins og þær voru í fardögum 1894, eða 60 kr. 25 a., og sömuleiðis $^{1}/_{27}$ hluta, eða 44 kr. 87 a., af tillagi hreppsins til ómagaframfærslu á sama tíma. Þennan reikning hefur hreppsnefndin samþykkt, og Reykjavíkurbær hefur greitt sinn hluta af skuldum hreppsins, 60 kr. 25 a.; en er bæjarstjórnin ætlaði að greiða tillagið til ómagaframfærslunnar, kom upp ágreiningur milli hennar og hreppsnefndarinnar, og varð því ekkert af greiðsl-

unni. Hreppsnefndin heldur því fram, að tillagið úr bæjarsjóði Reykjavíkur til ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, að upphæð 44 kr. 87 a., sje ævarandi árlegt gjald og gjörir kröfu í þá átt á hendur bæjarstjórninni; bæjarstjórnin hefur af sinni hálfu mótmælt því, að gjald þetta verði skoðað sem skattur á bæjarsjóði um aldur og æfi, en hefur haldið því fram, að Reykjavíkurbær annaðhvort taki til framfæris að nokkru eða öllu leyti, eptir því sem með þarf til lúkningar hinu hlutfallslega tillagi, einn af ómögum hreppsins, svo lengi sem hann þarfnast styrks, en þar eptir falli tillagið burtu, eða að hann greiði tiltölulegan part, 1/27 hluta árlega, af framfærslukostnaði allra þurfalinga hreppsins, sem sveitarstyrks nutu í fardögum 1894, meðan þeir eru á sveit. Ut af þessum ágreiningi hóf hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi í janúarm. 1897 lögsókn á móti bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að fá hana dæmda til að greiða ómagafærslu-tillögin fyrir bæði fardagaárin 1894/95 og 1895/96, 44 kr. 87 a. fyrir hvort árið, en með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 29. aprílm. f. á., hlaut málið þau úrslit, að bæjarstjórn Reykjavíkur á að greiða Seltjarnarnesshreppi, ásamt vöxtum 4% frá sáttakærudegi, 1/27 af framlagi hreppsins fardaga-árin 1894/95 og 1895/96 til ómaga þeirra og þurfamanna, sem rjett sinn til framfærslu af hreppnum eiga að rekja til tímans fyrir fardaga 1894; málskostnaður var látinn falla niður, og hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar, sem hafði fengið gjafsókn, voru dæmdar 15 kr. í málsfærslukaup af al-

mannafje. Þessum bæjarþingsdómi hefur hreppsnefndin skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 15. febr. þ. á., og hefur hún fengið gjafsókn til áfrýjunarinnar og skipaðan málflutningsmann. Hefur málflutningsmaðurinn gjört þær rjettarkröfur fyrir yfirdóminum, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði dæmd til að greiða til Seltjarnarnesshrepps hið áfallna árlega framfærslutillag, sem um er rætt í 2. gr. laga 23. febr. 1894, með 44 kr. 87 a. árlega, ásamt 4% vöxtum frá sáttakærudegi, svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar hefur þess verið krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og hreppsnefndin dæmd til að greiða hæfilegan málskostnað eptir mati yfirdómsins.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, er eigi neinn ágreiningur milli málsaðilanna um það, hvernig skilja beri þessi orð í hinni tilvitnuðu lagagrein: »Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuldum Seltjarnarnesshrepps, sem svarar« o. s. frv., en ágreiningurinn er eingöngu um skilning ákvæðisins, að svo miklu leyti það ræðir um ómagaframfærsluna (»Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, sem svarar« o. s. frv.). Lagagreinin ákveður sumpart, hvaða skuldagreiðslu bærinn tekur að sjer fyrir hreppsins hönd, og sumpart, hve mikinn hluta hann tekur að sjer af ómagaframfærslu hreppsins í notum þess, að 2 jarðir eru

teknar frá hreppnum og lagðar undir bæjarfjelagið um óákveðinn tíma eða um aldur og æfi, en hún ákveður ekkert um, hvort það eru skuldir hreppsins, eins og þær voru í fardögum 1894, eða ómagaframfærsla hreppsins, eins og hún var á sama tíma, sem Reykjavíkurbær á að greiða tiltölulegan hluta af. En eins og það er eðlilegast, að lagagreinin eigi við skuldir hreppsins í fardögum 1894 — og báðir málspartar eru sammála um að svo sje — eins verður og að álíta, að sama sje um ómagaframfærsluna, því lagagreinin fer alveg sömu orðum um hana eins og um skuldirnar. Yfirdómurinn verður því að líta svo á, að lögin nr. 5, 23. febr. 1894, hafi ekki ætlazt til, að Reykjavíkurbæ bæri um aldur og æfi að greiða tiltölulegan hluta af ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, heldur að eins tiltölulegan hluta af framfærslu ómaga þeirra, sem voru á sveit í fardögum 1894.

Hjeraðsdómurinn kveður, eins og áður er sagt, svo á, að bæjarstjórn Reykjavíkur eigi að greiða áfrýjanda 1/27 hluta með 4% vöxtum frá sáttakærudegi af framlagi hreppsins fardagaárin 1894/95 og 1895/96 til ómaga þeirra og þurfamanna, sem rjett sinn til framfærslu af hreppnum eiga að rekja til tímans fyrir fardaga 1894, og með því að hin stefnda bæjarstjórn hefur fyrir yfirdómi krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og yfirdómurinn að öðru leyti fellst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað og málsfærslulaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir hjeraðsdómi, ber að öllu leyti að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjanda fyrir yfirdómi verða eptir þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflutningslaun. Að því málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast að rekstur þess hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1898: Guðfinna Gísladóttir og Finnur Gíslason
gegn
Skiptaráðandanum í dánarbúi Gísla heitins Þormóðssonar, sýslumanni Franz Siemsen fyrir hönd dánarbúsins, og Magnúsi Blöndal.

Dómur:

Eptir að erfingjarnir í dánarbúi Gísla heitins Þormóðssonar — en meðal þeirra eru áfrýjendurnir og hinn stefndi Magnús kaupmaður Blöndal fyrir hönd konu sinnar — höfðu á skiptafundi, er haldinn var í búinu 28. febr. 1894, komið sjer saman um, hve mikið hver af erfingjunum — þar á meðal einnig Magnús Blöndal eða kona hans — skyldu teljast hafa fengið úr búinu upp í

arf sinn, og eptir að það einnig á hinum sama skiptafundi hafði verið ályktað af erfingjunum, að konu Magnúsar Blöndal skyldi reiknast kaup úr búinu 200 kr., sem dregnar voru þá þegar frá því, er talið var að þau hjón hefðu fengið upp í arf — kom fram krafa um það frá áfrýjendunum á skiptafundi í búinu 30. sept. f. á., að ennfremur yrði dregið frá arfahluta Magnúsar Blöndal eða konu hans sem fyrir fram greitt upp í arf, kr. 134,47, er kvittun fannst fyrir að greiddar höfðu verið úr reikningi Gísla Þormóðssonar í lifanda lífi hans og eptir hans fyrirsögn upp í málskostnað í máli, er Magnús Blöndal átti í. Og í öðru lagi kröfðust áfrýjendurnir þess, að kaupgreiðsla úr búinu til konu Magnúsar Blöndal, er ákveðin var á skiptafundinum 28. febr. 1894, fjelli niður, þar sem fengin var vitneskja um, að Gísli hafði, er erfingi þessi, kona Magnúsar Blöndal, giptist frá honum, fengið henni sparisjóðsbók með 200 kr. í, en þær 200 kr. ætluðu áfrýjendurnir að hlyti að skoðast sem greiddar upp í kaupið. Hinn stefndi Magnús Blöndal mótmælti þessum kröfum áfrýjendanna og kvað þá skiptaráðandi upp úrskurð um ágreininginn 1. des. f. á., er fór í þá átt, að kröfur áfrýjenda voru eigi teknar til greina.

Þessum úrskurði hafa áfrýjendurnir nú skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. febr. þ. á., og hafa þeir krafizt þess, að úrskurðinum verði breytt þannig, að erfðahluti konu hins stefnda Magnúsar Blöndal færist niður um 334 kr. 47 a. og að stefndi Magnús Blöndal verði dæmdur til

að greiða áfrýjendunum málskostnað. Hinn stefndi Magnús Blöndal hefur aptur á móti krafizt, að úrskurðurinn og skiptin verði staðfest og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu. Af hálfu skiptaráðandans mætti enginn fyrir yfirdóminum.

Að því er snertir umræddar 134 kr. 47 a., er Gísli Þormóðsson ljet í lifanda lífi greiða fyrir tengdason sinn, hinn stefnda Magnús Blöndal, upp í kostnað í máli, er hann átti í, þá er engin sönnun fram komin fyrir því að tengdafaðir Magnúsar hafi ætlazt til eða viljað, að sú greiðsla yrði skoðuð sem fyrirframgreiðsla upp í arf dóttur sinnar, konu Magnúsar, og þótt kvittunin frá hlutaðeigandi málaflutningsmanni fyrir greiðslunni fyndist í búinu eptir Gísla látinn, þá var eigi í því fólgin nein yfirlýsing um fyrirframborgun upp í arf, slík sem 10. gr. erfðatilskipunar 25. sept. 1850 tilskilur. Það var því rjett, að skiptaráðandi neitaði að draga hjer umræddu upphæð frá arfahluta stefnda. Um kaupkröfu konu stefnda í búið er þess áður getið, að hún var samþykkt af erfingjunum á skiptafundinum 28. febr. 1894, og þar sem ekkert er upplýst um að sparisjóðsbók sú, með 200 kr. í, sem hún meðtók af föður sínum, hafi átt að vera borgun á tjeðu kaupi, sem viðurkennt er að hún hafi átt heimting á, þá verður ályktun erfingjanna um kaupgreiðsluna úr búinu að standa óhögguð, og var því úrskurður skiptaráðanda einnig að því leyti rjettur. Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því leyti honum er áfrýjað.

Áfrýjendunum ber að greiða stefnda Magnúsi Blöndal í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Skiptarjettarúrskurðurinn, að því leyti honum er áfrýjað, og skiptin, er á honum byggjast, eiga óröskuð að standa. Áfrýjendurnir Guðfinna Gísladóttir og Finnur Gíslason greiði stefnda Magnúsi kaupmanni Blöndal í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. ágústmánaðar.

Nr. 8/1898: Hreppsnefndirnar í Þingvalla- og Grafningshreppum
gegn
Eyjúlfi Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað af áfrýjendunum, hreppsnefndunum í Þingvallahreppi og Grafningshreppi gegn hinum stefnda Eyjúlfi Guðmundssyni til greiðslu á vinnukonukaupi stúlkunnar Margrjetar Þorleifsdóttur fyrir 12 ár, sem talið var 120 kr., en með dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 21. ágústm. f. á., lauk málinu svo, að Eyjúlfur Guðmundsson var dæmdur sýkn fyrir kröfum hreppsnefndanna og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hafa hreppsnefndir Þingvallahrepps og Grafningshrepps

skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. febr. þ. á.; hafa þær fengið til þess gjafsóknarleyfi og skipaðan málflutningsmann, og hefur hann gjört þær kröfur fyrir rjettinum, að aukarjettardóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendunum 120 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum dómum að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins, þar með talið hæfilegt kaup til málflutningsmannsins fyrir málsfærsluna. Stefndi Eyjúlfur Guðmundsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eptir rjettarins mati.

Það er viðurkennt í málinu, *að* Margrjet Þorleifsdóttir, sem um er rætt í sökinni, hafi, eptir að hún var komin á fullorðins aldur, verið vinnukona hjá stefnda, sem þá bjó á Þorlákssstöðum, fyrst 3 ár og síðan 9 ár, *að* hún hafi eigi þegið annað kaup hjá honum fyrir þennan tíma, en fæði og nokkur föt, og *að* hún sje nú fyrir sakir heilsulasleika komin á sveitarframfæri í Þingvalla- og Grafningshreppum. Þótt nú ennfremur mætti álíta, að Margrjeti hafi um þenna tíma borið frekara kaup hjá stefnda en fæði og föt — en þessu hefur stefndi þó neitað afdráttarlaust, og yfirlýsing Margrjetar sjálfrar um það hefur eigi komið fram í málinu — þá hafa áfrýjendurnir eigi sýnt heimild eða umboð frá henni til að innheimta kaup þetta hjá Eyjúlfi, og að lögum hafa hreppsnefndirnar eigi slíkt umboð, þar

sem Margrjet sjálf rjeð sig í vistina hjá stefnda og eigi var þá að neinu leyti undir umsjón sveitarstjórnarinnar eða á sveitarframfæri, svo að sjeð verði. Það er því rjett, að undirdómarinn hefur sýknað hinn stefnda í málinu, og með því að einnig má fallast á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, ber að staðfesta tjeðan dóm eins og hann er. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og eigi að falla niður, og verða hinum skipaða málflutningsmanni hreppsnefndanna fyrir yfirdómi eigi dæmd málsfærslulaun, en það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn í málinu við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 22. ágústmán.

Nr. 22/1898: Hreppsnefnd Mosfellshrepps
gegn
Magnúsi Ólafssyni.

Dómur:

Með brjefi 10. jan. þ. á. krafðist hreppsnefnd Mosfellshrepps af bæjarfógetanum í Reykjavík, að hann tæki lögtaki hjá Magnúsi Ólafssyni, stefnda í þessu máli, 35 kr. — auk tíunda kr. 2,19 —, sem lagðar höfðu verið á hann sem aukaútsvar í Mosfellshrepp fyrir fardagaárið 1897/98. Hinn 29. s. m. kvað bæjarfógetinn upp úrskurð á þá leið,

að ekki bæri að taka til greina lögtaksbeiðnina að því snerti hið umgetna aukaútsvar.

Þessum úrskurði hefur hreppsnefnd Mosfellshrepps áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 4. maí þ. á. og krafizt að framangreindum fógetarjettarúrskurði verði hrundið að því aukaútsvarið, 35 kr., snertir, og að fógeti Reykjavíkur verði skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð, en að úrskurðurinn verði að öðru leyti staðfestur, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum hæfilegan málskostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum hreppsnefndar Mosfellssveitar í þessu máli og honum dæmdur málskostnaður með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Þess skal þegar getið, að stefndi greiddi fógeta í rjettinum, eptir að úrskurðurinn var upp kveðinn, tíundir þær, er áfrýjandi hafði krafizt lögtaks á, kr. 2,19, og verður því að skilja kröfu stefnda þannig, að fógetarjettarúrskurðurinn verði staðfestur.

Hinn stefndi Magnús Ólafsson hefur næst undanfarandi ár verið heimilisfastur í Mosfellshreppi, en í septembermán. f. á. flutti hann til Reykjavíkur. Hann á býlið Hlaðgerðarkot í Mosfellssveit; sló hann túnið þar sumarið 1897, hirti heyið og flutti mest af því til Reykjavíkur, en sumt af heyinu, svo og annað hey, er hann aflaði þar í sveitinni þetta sumar, með því að fá

lánaðar slægjur hjá hinum og þessum, ætlaði hann til fóðurs nokkrum sauðkindum, er hann kom fyrir til hirðingar í Mosfellshreppi. Frekari afnot virðist áfrýjandi eigi hafa haft af jörð þessari árið 1897, enda hafði hann þar engan pening og engin vinnuhjú; virðist jörðin hafa verið óbyggð. Með því að þessi afnot hans verða eigi talin ábúð á jörðu, er gjaldskyld sje til sveitar eptir lögum nr. 12, 9. ágúst 1889, og með því að stefndi annars eigi rak neina arðsama atvinnu í Mosfellshreppi fardagaárið 1897/98, enda hafði þar eigi aðsetur í fulla 4 mánuði ársins, og með því að það atvik, að hann tíundaði í Mosfellshreppi nokkrar skepnur sínar, er hann ljet vera þar eptir í vörzlum annara, eigi gat veitt sveitarstjórninni heimild til að leggja þar á hann aukaútsvar — þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda með 20 krónum. Hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar verða eptir þessum úrslitum eigi dæmd nein málsfærslulaun.

Að því leyti mál þetta hefur verið flutt með gjafsókn, vottast, að rekstur þess hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, hreppsnefnd Mosfellshrepps, stefnda Magnúsi Ólafssyni, 20

krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 29. ágústmán.

Nr. 29/1898: Hið opinbera gegn P. Herlofson.

Dómur:

Hinn kærði, konsúll P. Herlofson, sem er eigandi að hvalveiðastöð á Dvergasteini í Álptafirði vestra, og búsettur þar, er í máli þessu sakaður um brot gegn 2. og 3. gr. í opnu brjefi 7. marz 1787, sbr. tilsk. 13. júní 1787 I, 2. og 10. gr., fyrir að hafa notað norsk skip til hvalaveiða hjer við land frá nefndri hvalaveiðastöð sinni, en með lögreglurjettardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 2. desembrmán. f. á., var Herlofson dæmdur sýkn af kæru hins opinbera í málinu og málskostnaður lagður á almannafje. Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins kærða er það löglega sannað, að hann notaði við og við síðastliðið sumar 2 gufuskip norsk, er hann hafði leigt til vöruflutninga milli landa, til að draga heim að hvalveiðastöðinni hvali, er hinir íslenzku hvalaveiðabátar hans höfðu skotið og náð, og sóktu skipin hvalina sumpart til fjarða og hafna norð-

anlands, þar sem hvalaveiðabátarnir lögðu þeim til bráðabirgða fyrir festum, til þess að þeir biðu þar flutnings til stöðvarinnar, en sumpart tóku skipin við hvölunum úti í hafi af hvalveiðabátunum, eptir að þeir voru unnir þar og festir við bátana. Var tilgangurinn með þessari notkun skipanna, að aðskilja með þessu flutningsstarfið á hvölunum heim til hvalveiðastöðvarinnar sem mest frá hinni eiginlegu veiði eða hvaldrápinu, sem hvalveiðabátarnir höfðu á hendi, svo að þeir gætu haldið sig sem lengst að veiðinni og þyrftu eigi að tefjast frá henni við heimflutninginn. Hinn kærði hefur haldið því fram til varnar sjer, að starfsemi hinna útlendu (norsku) skipa, sem að framan ræðir um, sje að eins að skoða sem annan vöruflutning, þar sem þau að eins flytji til hvalveiðastöðvarinnar hvali þá, er búið sje að veiða, og komnir sjeu að fullu á vald og í varðveizlu hvalveiðabátanna íslenzku, og geti því ekki verið um neinn veiðiskap að ræða af hálfu þessara flutningsskipa, enda hafi þau engin tæki eða útbúnað til hvalaveiða. Svo hefur hann og haldið því fram, að vafasamt mundi, hvort ákvæði laganna um fiskiveiðar og bannið gegn fiskiveiðum í landhelgi næði til hvalaveiða.

Með tilskipun 13. júní 1787, um verzlun og siglingar á Íslandi, I. kap. 10. gr., sbr. op. br. 7. marz 1787, 2. og 3. gr., er þegnum konungs boðið að nota að eins innlend skip til fiskiveiða við Ísland, og er enginn efi á því, að hvalaveiðar töldust í lögunum í þessu sambandi til fiskiveiða, enda hefur ávallt verið svo álitið. Hinn kærði, sem

eins og áður er sagt, er búsettur á Dvergasteini við Álptafjörð og rekur þaðan hvalaveiðar hjer við land, hefur nú, með því að láta útlend (norsk) skip aðstoða hvalaveiðabáta sína á framangreindan hátt, notað útlend skip til hvalaveiðanna, því að þeim var ekki lokið, eins og hjer stóð á, í laganna skilningi, fyr en veiðin var komin heim á veiðistöðina. Kærði hefur því brotið gegn tjeðu lagabanni, og verður hann að sæta sekt fyrir brot sitt, er, í líkingu við aðrar hegningarákvarðanir laganna, ákveðst 100 krónur og renni í hlutaðeigandi fátækrasjóð. Svo ber og kærða að greiða kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði P. Herlofson greiði 100 krónur í sekt til hlutaðeigandi fátækrasjóðs og allan af máli þessu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 5. septembermánaðar.

Nr. 33/1898: Hannes Thorsteinson fyrir hönd Jörgen Petersen & Co.
gegn
Rafni Sigurðssyni.

Úrskurður:

Í máli þessu hefur áfrýjandinn með stefnu, dagsettri 9. júlí þ. á., skotið til yfirdómsins dómi gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 28. apríl þ. á. — en með honum er stefndi dæmdur til að greiða áfrýjandanum fyrir hönd Jörgen Petersen & Co. 214 kr. 21 e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað — og fjell málið í rjett í yfirdóminum 25. júlí þ. á. Hefur áfrýjandinn í málsútlistun sinni í yfirdóminum tekið það fram, að hann hafi neyðzt til áfrýjunarinnar sökum þess að stefndi hafi áður verið búinn að taka út áfrýjunarstefnu í málinu, er falla átti í rjett eigi fyr en 31. okt. þ. á., en sá stefnufrestur sje óhæfilega langur og að eins ætlaður til að draga málið. Hefur áfrýjandi því krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað eptir rjettarins mati.

Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess *fyrst og fremst*, að málinu verði frávísað og sjer dæmdur hæfilegur kostur og tæring, en *til vara*, að hann fái frest til 31. okt. þ. á., eða að minnsta kosti nógu langan til þess að sameina áfrýjun sína við þessa áfrýjun, afla sjer upplýsinga frá

Kaupmannahöfn, sem ókomnar sjeu, og fá akt, sem hann ekki hafi getað fengið enn.

Stefndi hefur byggt frávísunarkröfu sína á því, að áfrýjandinn hafi eigi nefnt áfrýjun sína gagnáfrýjun, þó að hún í raun og veru sje það, þar sem hann (stefndi) hafi áður verið búinn að áfrýja málinu, og í öðru lagi á því, að áfrýjandinn hafi eigi lagt fram í yfirdóminum akt af málinu, heldur að eins eptirrit af hinum áfrýjaða dómi. Þessar aðfinnslur stefnda eru þó eigi á rökum byggðar. Áfrýjandinn hefur eigi sett áfrýjun sína í neitt beint samband við áfrýjun stefnda og hefur eigi ætlazt til, að sú áfrýjun rynni saman við áfrýjun stefnda, heldur væri sjálfstætt mál, og var hún því eigi nein gagnáfrýjun á málinu eða þurfti að nefnast svo. Og hvað hina frávísunarástæðuna snertir, var eigi nauðsynlegt fyrir áfrýjanda að leggja fram akt af málinu í yfirdómi, þar sem hann að eins stefndi dóminum til yfirrjettar til staðfestingar. Frávísunarkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina. En aptur á móti verður að sinna varakröfu hans um hæfilega langan frest til að koma að áfrýjun sinni, til breytingar á dóminum, og útvega sjer akt í málinu, sem hann eigi tjáist hafa getað fengið enn, með því að þessari kröfu hans og staðhæfingu hefur eigi verið mótmælt af áfrýjanda, og ber því að veita honum 4 vikna frest í málinu í þessu skyni.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður eigi tekin

til greina, en honum veitist 4 vikna frestur til að gagnáfrýja málinu til breytingar á dóminum.

Nr. 18/1898: Halldór Bjarnarson
gegn
Jóhönnu Bjarnardóttur, Jóni Guðmundssyni, Birni Guðmundssyni, Vilborgu Guðmundsdóttur og Jakobínu Jónsdóttur.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af ekkju og 3 börnum og systur Guðmundar heitins hreppstjóra Jónssonar frá Grjótnesi gegn áfrýjandanum, Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, út af ærumeiðandi ummælum, sem nefndur prófastur hafði við haft um Guðmund sáluga hreppstjóra Jónsson í framhaldsvarnarskjali einu, dags. 28. okt. 1896, í sakamáli gegn prófastinum. Var meiðyrðamál þetta höfðað og rekið fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu og dæmt af sama rjetti 11. desbr. f. á. á þann hátt, að Halldór prófastur Bjarnarson skyldi greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi, svo og greiða 35 kr. í málskostnað. Hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum gestarjettardómi hefur Halldór Bjarnarson skotið til landsyfirdómsins með stefnu 14. aprílmán. þ. á. og krafizt þess, aðallega, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gesta-

rjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og að honum verði, hvernig sem fer, dæmdur málskostnaður að skaðlausu eða með einhverju eptir mati rjettarins nægilegu. Hin stefndu hafa hins vegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan málskostnað.

Af skjölum málsins virðist ljóst, að allir málsvið eigendur hafi átt heimili innan sömu þinghár (í Presthólahreppi), þegar málið var höfðað þar. Það var því eigi heimilt að stefna því fyrir gestarjett með kvöldstefnufresti, eins og gjört var, án samþykkis áfrýjanda (stefnda í hjeraði); slíkt samþykki hefur eigi verið fengið, enda mætti áfrýjandi eigi fyrir gestarjettinum og bar þar enga vörn fram fyrir sig.

Það verður því eigi hjá því komizt að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá gestarjettinum. Eptir þessum úrslitum málsins verða hin stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og vísast málinu frá gestarjettinum. Hin stefndu Jóhanna Bjarnardóttir, Jón Guðmundsson, Björn Guðmundsson, Vilborg Guðmundsdóttir og Jakobína Jónsdóttir greiði áfrýjanda, Halldóri prófasti Bjarnarsyni, 15 kr. sem málskostnað, áður liðnar sjeu 8

vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 19/1898: Halldór Bjarnarson
gegn
Sigurlaugu Benjamínsdóttur, Ingimundi Sigurðssyni, Halldóri Sigurðssyni og Hólmfríði Sigurðardóttur.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað af ekkju og 3 börnum Sigurðar heitins Rafnssonar frá Snartastöðum gegn áfrýjandanum, Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, út af ærumeiðandi ummælum, sem nefndur prófastur hafði haft um Sigurð Rafnsson látinn í framhaldsvarnarskjali einu, dags. 28. okt. 1896, í sakamáli gegn prófastinum. Var meiðyrðamál þetta höfðað og rekið fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu, og dæmt af sama rjetti 11. desbr. f. á. á þann hátt, að Halldór prófastur Bjarnarson skyldi greiða 40 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi, svo og greiða 35 kr. í málskostnað. Hin átöldu um mæli voru dæmd ómerk.

Þessum gestarjettardómi hefur Halldór Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu 14. apríl þ. á. og krafizt þess aðallega, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að áfrýjandi verði algjörlega sýknaður, og að honum verði, hvernig sem fer, tildæmd-

ur málskostnaður að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hin stefndu hafa af sinni hálfu krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað.

Af skjölum málsins þykir mega sjá það, að allir málsviðeigendur hafi átt heimili innan sömu þinghár (í Presthólahreppi), þegar málið var höfðað. Það var því eigi heimilt að stefna því fyrir gestarjett með kvöldstefnufresti, eins og gjört var, án samþykkis áfrýjanda (stefnda í hjeraði); slíkt samþykki hefur eigi verið fengið, enda mætti áfrýjandi eigi fyrir gestarjettinum og bar þar enga vörn fram fyrir sig. Það verður því eigi hjá því komizt að dæma ómerkan hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá gestarjettinum. Eptir þessum úrslitum málsins verða hin stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og vísast málinu frá gestarjettinum. Hin stefndu Sigurlaug Benjamínsdóttir, Ingimundur Sigurðsson, Halldór Sigurðsson og Hólmfríður Sigurðardóttir greiði áfrýjanda, Halldóri prófasti Bjarnarsyni, 15 kr. sem málskostnað, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 19. septembermán.

Nr. 24/1898: Ólafur Ólafsson
gegn
Sigurd Johansen.

Dómur:

Áfrýjandi, Ólafur Ólafsson, höfðaði mál þetta í hjeraði gegn stefnda kaupmanni Sig. Johansen til lúkningar á ógoldnum vinnulaunum, er hann taldi sig eiga hjá stefnda, að upphæð 43 kr. 50 a. Var málið dæmt í hjeraði 19. marz þ. á. með þeim úrslitum, að stefnda var gjört að greiða áfrýjanda 3 kr. 50 a., en að öðru leyti skyldi hann sýkn af kröfum áfrýjanda í málinu. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandi skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 20. maí síðastl., og krafizt fyrst og fremst, að málinu verði heimvísað, en til vara, að dómnum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 43 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi og ennfremur 25 kr. í skaðabætur, og málskostnað fyrir báðum rjettum. Hinn stefndi hefur hvorki mætt nje mæta látið og ber því að dæma málið samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 § 2 eptir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum.

Til að heimvísa málinu þykir eigi vera nein ástæða.

Atvik málsins eru þessi: Skömmu eptir nýár 1897 barst áfrýjanda viðskiptareikningur hans við stefnda, dags. 2. jan. s. á. Varð áfrýjandi þá

þess var, að honum var ekki reiknað til inngjalda verkalaun fyrir 18½ dag. Er hann kvartaði um þetta við stefnda, voru undirtektirnar ekki góðar. Ritaði hann síðan 10. marz s. á. stefnda brjef þessu viðvíkjandi og fjekk þá þrem dögum seinna þá leiðrjettingu, að honum var bætt upp 3 daga verkkaup, og síðar fjekk hann enn bætt upp 1 dags vinnulaun. Á sáttafundi 17. apríl 1897 bauð stefndi ennfremur að greiða honum verkalaun í 5 daga, ef áfrýjandi ljeti málið falla niður, en það boð þáði áfrýjandi ekki. Auk þess að þessi uppbótargreiðsla stefnda til áfrýjanda ber ljósan vott um, að vinnubók stefnda hefur ekki verið reglulega og áreiðanlega færð, þá hefur áfrýjandi með vottorðum nokkurra manna, sem ekki hefur verið sjerstaklega mótmælt af stefnda, gjört það mjög sennilegt, að svo hafi ekki verið. Úrslit málsins virðast því eiga að vera komin undir því, hvort stefndi treysti sjer til að vinna eið að því, að krafa áfrýjanda sje röng, og að hann eigi ekki hjá stefnda hina umstefndu upphæð. Vinni hann eiðinn, á hjeraðsdómurinn að vera óraskaður og málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður, en treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, þá ber honum að greiða áfrýjanda 43 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, þangað til greitt verður, og málskostnað með 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Svo framarlega sem stefndi, kaupmaður Sigurd Johansen, eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi synjar fyrir það með eiði,

að áfrýjandi Ólafur Ólafsson hafi átt hjá honum ógoldin vinnulaun, að upphæð 43 kr. 50 a., þegar mál þetta var höfðað í hjeraði, á hjeraðsdómurinn að vera óraskaður og málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður, en vinni hann eigi svofelldan eið, á hann að greiða áfrýjanda 43 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 30 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 3. októbermánaðar.

Nr. 35/1898: Rjettvísin
gegn
Sigþrúði Oddsdóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 12. febrúarmánaðar þ. á., var hin ákærða Sigþrúður Oddsdóttir frá Króki á Kjalarnesi dæmd fyrir þjófnað í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn henni leiðandi kostnað, en þessum dómi hefur af hlutaðeigandi amtmanni fyrir rjettvísinnar hönd verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játingu hinnar ákærðu sannað, að 20. sept. f. á. var hún í kaupstaðarferð stödd í verzlunarbúð Thomsens kaupmanns í Reykjavík og tók þá með launung og án þess að

borga það sjal eitt rautt, er þar var á hillu fyrir innan borðið og sem kostaði 3 kr. 50 a. Stakk hún sjalinu inn á sig og fór með það í aðra búð, þar sem farangur hennar var, og ætlaði að láta það þar ofan í koffort sitt, en verzlunarþjónn úr Thomsens búð hafði veitt henni eptirför þangað og ljet hana kannast við þjófnaðinn og borga sjalið.

Hinni ákærðu er svo lýst af mönnum, sem hafa þekkt hana, að hún sje einföld mjög og vitgrönn, og hlutaðeigandi hjeraðslæknir, sem hefur átt tal við hana, hefur vottað, að hún sje mjög treggáfuð og roluleg, og þykir honum rjett sennilegt, að hún kunni illa að gjöra grein á rjettu og röngu í siðferðislegu tilliti. Með tilliti til þessa virðist mega láta hina ákærðu sæta nokkuð vægari refsingu en hinni lögákveðnu, þó að eigi verði á hinn bóginn álitið, að hún hafi ekki verið sjer þess meðvitandi að verk hennar væri hegningarvert.

Brot ákærðu, sem komin er yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 230 gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það með hliðsjón til 40. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo ber ákærðu og að greiða allan af málinu gegn henni bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærða Sigþrúður Oddsdóttir sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði allan af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og cand. juris Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 21/1898: Magnús Teitsson
gegn
Jörgen Hansen.

Dómur:

Með veðskuldabrjefi, dags. 27. janúarmán. 1894 og innrituðu til þinglesturs 19. aprílmán. s. á., veðsetti áfrýjandinn með 1. veðrjetti W. Christensens verzlun á Eyrarbakka, sem stefndi veitir forstöðu, bæ, er hann átti, standandi í Beinateig á Stokkeyrarlóð, fyrir skuld til verzlunarinnar, sem hann þá stóð í og sem hann ásamt því, er við skuldina bættist síðar, átti að hafa lokið að fullu í júlímánaðarlok 1897. Samkvæmt reikningi frá stefnda, dags. 29. nóvemberm. 1897, átti áfrýjandinn ógoldið verzluninni á hinum tilsetta tíma 77 kr. 8 a., og með því að hann greiddi eigi heldur skuld sína síðar, höfðaði stefndi mál þetta gegn honum, og var það dæmt í aukarjetti Árnessýslu

7. janúarmán. þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda upphæð skuldarinnar með 5% vöxtum af henni frá sáttakærudegi 12. oktbr. 1897 til borgunardags og 10 kr. í málskostnað, og var ennfremur ákveðið í dómnum, að stefnda skyldi heimilt að láta taka fjárnámi og selja til lúkningar nefndum greiðslum bæ þann í Beinateig á Stokkseyrarlóð, er áfrýjandinn hafði veðsett honum með áðurnefndu veðskuldabrjefi.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. maí þ. á., og hefur hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, og hefur hann krafizt þess fyrir yfirdóminum, að dómurinn verði dæmdur ómerkur að því er snertir ákvæði hans um að stefnda skuli heimilt að taka fjárnámi og láta selja hið setta veð, en *til vara*, að dóminum verði hrundið, að því nefnd ákvæði hans áhrærir, og breytt þannig, að áfrýjandinn verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda viðvíkjandi veðinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum, hvernig sem málið fer, hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns. Stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að dómurinn fari lengra en dómkrafa stefnda náði, að því leyti dómurinn heimilar honum að láta selja hinn veðsetta bæ, en þetta er ekki rjett, því

að stefndi gjörði kröfu um að sjer væri heimilað að ganga að veðinu, þegar er áfrýjandi hjelt því fram að veðrjetturinn væri fallinn burtu. Ómerkingarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Það er kemur til aðalefnis málsins, þá er enginn ágreiningur um það í málinu, að áfrýjandi skuldar verzlun stefnda hina umstefndu upphæð, og er því dómurinn eigi vefengdur að því leyti, að hann dæmir áfrýjanda til að greiða hana; en áfrýjandi vill fá breytt því ákvæði dómsins, að stefnda skuli heimilt að taka fjárnámi og láta selja bæinn í Beinateig til lúkningar skuldinni, og byggir hann mótmæli sín á því, að bærinn í Beinateig, er hann veðsetti stefnda með brjefinu 27. jan. 1894, hafi fallið gjörsamlega 1895 og hafi stefndi verið ófáanlegur til að hjálpa sjer að byggja hann upp aptur, þó að hann hafi farið þess á leit við hann; álítur hann, þar sem engin skylda sje lögð sjer á herðar í veðbrjefinu að viðhalda bænum, að með stefnda hafi orðið að engu, er bærinn fjell; síðar kveðst hann með annara hjálp hafa byggt bæinn upp að nýju, án þess að nota til þess nokkra spýtu úr gamla bænum, og þenna nýja bæ hafi hann þegar selt öðrum. Það virðist þó mega ráða það af málinu, að áfrýjandinn hafi átt bæjarstæðið undir gamla bænum, og hefur veðrjetturinn þá að sjálfsögðu einnig náð til þess, en úr því að svo er, og þar sem nýi bærinn var byggður á sama stað, hefur veðrjettur verzlunarinnar haldizt eins fyrir það, þótt bærinn fjelli eða væri rifinn niður, og verður því að fallast á það, að stefnda er með hinum áfrýjaða dómi dæmdur rjettur til að ganga

að nýja bænum til greiðslu skuldarinnar. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði aukarjettardómsins um málskostnaðinn, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandinn greiði stefnda 20 kr. Hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda ber eptir þessum úrslitum málsins engin málflutningslaun, en það vottast að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Magnús Teitsson, greiði stefnda, Jörgen Hansen verzlunarstjóra, í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. októbermánaðar.

Nr. 23/1898: Franz Siemsen
gegn
Jóni Breiðfjörð.

Dómur:

Eptir skipun sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, áfrýjandans Franz Siemsen, hjelt hreppstjóri Jón Breiðfjörð, hinn stefndi í máli þessu, opinbert uppboð 10. marz 1888 að Hlöðunesi á Vatnsleysuströnd, til þess að selja dánarbú

Jóels bónda Friðrikssonar; í uppboðsskilmálunum, sem eru gefnir út sama dag og undirskrifaðir af stefnda, er meðal annars kveðið svo á, að »borgun skuli greiðast í peningum innan loka næstkomandi júlímánaðar (o: 1888) til undirskrifaðs« (o: Jóns Breiðfjörðs). Seint í októbermán. s. á. afhenti stefndi áfrýjanda skilagrein, dags. 20. okt. 1888, fyrir meðferð á þrotabúi Jóels Friðrikssonar, en eptir þessari skilagrein stóðu 410 kr. 70 a. af uppboðsandvirðinu þá inni hjá E. Egilsson í Reykjavík. Áfrýjandi gjörði síðar ýmsar tilraunir til að ná inn þessari skuld hjá Egilsson, en er honum eigi tókst það góðmótlega, ljet hann stefnda höfða mál á móti Egilsson, og fjekk stefndi síðan dóm yfir Egilsson fyrir skuldinni. En áður en Egilsson hefði fullnægt dóminum, ljezt hann og var bú hans þrotabú. Stefndi lýsti skuldinni nú í búi Egilsson eptir undirlagi áfrýjanda, og var honum lagt út upp í skuldina 89 kr. 18 a., sem hlutaðeigandi skiptaráðandi sendi til áfrýjanda, en áfrýjandi síðan sendi til stefnda. Þegar nú var útsjeð um, að frekara fengist upp í skuldina úr búi Egilssons, krafði áfrýjandi stefnda um hana, með því að hann hefði verið hinn rjetti innheimtumaður á uppboðinu 10. marz 1888, og er stefndi eigi þóttist skyldur að greiða uppboðsskuldina, höfðaði áfrýjandi mál á móti honum, og var mál það, eptir samkomulagi aðilanna, rekið og dæmt fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, en með dómi rjettarins, uppkveðnum 6. janúar þ. á., var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda að öðru leyti en því,

að hann skyldi greiða af hendi ofannefndar 89 kr. 18 a.; málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur sýslumaður Franz Siemsen skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 16. maí þ. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi Jón Breiðfjörð verði dæmdur til að greiða sjer 410 kr. 70 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða með einhverju nægilegu. Af sinni hálfu hefur stefndi krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Eins og tekið hefur verið fram, er sóknarástæða áfrýjanda í málinu sú, að stefndi hafi verið innheimtumaður á uppboðinu 10. marz 1888, samkvæmt uppboðsskilmálunum, er stefndi sjálfur samdi, enda hafi stefndi síðar kannazt við skyldu sína í þessu efni, með því að höfða mál til innheimtu skuldarinnar gegn E. Egilsson, og með því að gjöra kröfu til hennar í bú hans. Að vísu er svo kveðið á í uppboðsskilmálunum, að borgun fyrir hið selda skuli greiðast til stefnda, en það er ekkert upplýst um það í málinu, að áfrýjandi hafi skipað honum að hafa innheimtuna á hendi eða gefið honum umboð til þess, því síður að nokkur samningur eða skilmálar hafi verið gjörðir þeirra á milli um þetta. Stefndi hafði áskilið, að andvirðið greiddist innan júlímánaðarloka, en þegar hann í októbermánuði næst á eptir gjörði áfrýjanda skilagrein fyrir uppboðinu, skýrir hann frá

því, að hin umstefnda upphæð sje ógreidd og standi inni hjá manni í Reykjavík, og er upphæðin þannig tilgreind í skilagreininni. Eptir því sem fram er komið í málinu, virðist áfrýjandi hafa tekið þessi skil af hendi stefnda gild, og verður því að álíta, að stefndi hafi þá losazt við innheimtuábyrgðina, úr því að áfrýjandi eigi beinlínis áskildi, að hann einnig innheimti og stæði sjer skil á umræddri upphæð. Það sjest og af brjefi áfrýjanda til stefnda, dags. 20. febr. 1890, að áfrýjandi hefur gjört ýmsar tilraunir til að ná inn skuldinni hjá uppboðskaupanda, og með því móti tekið að sjer innheimtuna á henni. Þar sem stefndi þó síðar höfðaði mál á móti Egilsson til borgunar á skuldinni og gjörði kröfu fyrir henni í bú hans, þá er það ómótmælt og sjest af skjölum málsins, einkanlega nýnefndu brjefi, að hann gjörði þetta eptir fyrirlagi og í umboði sýslumanns, og án þess að taka upp á sig ábyrgð fyrir skuldinni. Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur sýknað stefnda af kröfum áfrýjanda að öðru leyti en því að stefndi á að inna af hendi þær 89 kr. 18 a., sem hann hefur veitt móttöku af uppboðsskuldinni, og með því einnig verður að fallast á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eptir atvikum skal málskostnaður fyrir yfirdómi falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 17/1898: Magnús Sölvason
gegn
Kristjáni Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í hjeraði Kristján bóndi Sigurðsson á Reykjum í Húnavatnssýslu gegn Magnúsi Sölvasyni fyrir vistarrof, og var það dæmt í lögreglurjetti Húnavatnssýslu 13. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að Magnús Sölvason skyldi greiða Kristjáni Sigurðssyni 137 kr. 50 a. sem skaðabætur fyrir vistarrofin og 15 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Magnús Sölvason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., og krafizt þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum. Stefndi Kristján Sigurðsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, aðallega, að málinu verði frávísað og honum tildæmdar ómaksbætur, en til vara, að lögreglurjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins,

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að yfirdómsstefnan hafi eigi verið birt af hinum rjettu stefnuvottum, og að innsigli annars

stefnuvottsins vanti undir birtingarvottorðið, en þessar aðfinnslur eru þýðingarlausar, úr því að stefndi allt að einu hefur mætt eptir stefnunni og komið fram með vörn í aðalefni málsins. Þá hefur hann ennfremur haldið því fram, að ósannað sje, að stefnan hafi verið löglega birt fyrir hjeraðsdómaranum, en þetta er eigi rjett, því að stefnan ber það sjálf með sjer, að hún hafi verið löglega birt fyrir nefndum dómara. Frávísunarkrafa stefnda verður fyrir því eigi tekin til greina.

Að því er aðalefni málsins snertir, eru málsaðilar sammála um það, að áfrýjandi hafi vistazt til stefnda vorið 1897 og að árskaup hans hafi átt að vera 150 kr., að hann hafi farið í vistina snemma í júním., en farið úr henni aptur eptir mánaðartíma, eða snemma í júlím. Þar sem nú stefndi enn fremur heldur því fram, að áfrýjandi hafi vistazt til hans sem reglulegt árshjú, þá hefur áfrýjandi neitað þessu og sagt, að samningurinn hafi verið á þá leið, að hann skyldi vera ársmaður stefnda, ef honum (áfrýjanda) líkaði vistin, og skyldi hann þá hafa 150 kr. árskaup; en ef honum eigi líkaði vistin, mætti hann fara úr henni, og skyldi hann þá fá venjulegt daglaunakaup fyrir þann tíma, er hann hefði verið hjá stefnda. Þessi skýrsla áfrýjanda um vistarráðin, sem stefndi af sinni hálfu hefur neitað að væri rjett, verður þó eigi tekin til greina, því að honum hefur eigi tekizt að sanna, að þeir málsaðilarnir hafi gjört svo óvanalegan samning með sjer, er heimilaði honum að hlaupa úr vistinni, hve nær sem honum þóknaðist. Og í beinan bága við þessa skýrslu áfrýjanda kemur fram-

burður manns þess, er í fyrstu var milligöngumaður milli hans og stefnda og samdi við áfrýjanda um vistarráðin, því að hann tekur það skýrt fram, að vistarráðin hafi átt að vera til árs. Það verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi löglega vistazt til stefnda vorið 1897 sem ársmaður fyrir árið 1897—98, og þar eð hann, eptir því sem fram er komið í málinu, eigi hafði neina lögmæta ástæðu til að ripta vistarráðunum, verður hann að greiða bætur fyrir vistarrofið samkvæmt tilsk. um vinnuhjú 26. jan. 1866, 28. gr., og eiga bæturnar að jafngilda hinu umsamda árskaupi, að frádregnum 1/12 hluta fyrir mánuð þann, sem áfrýjandi var í vistinni. Þær eru því rjettilega ákveðnar í lögleglurjettardóminum 137 kr. 50 a., og með því að einnig má fallast á ákvæði dómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann óbreyttan. Eptir þessum úrslitum málsins skal áfrýjandi einnig greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Magnús Sölvason greiði stefnda Kristjáni Sigurðssyni 15 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagði aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 24. októbermánaðar.

Nr. 32/1898: Kristján Þorgrímsson
gegn
Jóni Breiðfjörð.

Dómur:

Fyrir nokkrum árum flutti þáverandi yfirrjettarmálsfærslumaður Páll Einarsson mál fyrir yfirdómi fyrir hinn stefnda Jón hreppstjóra Breiðfjörð, og setti hann upp 40 kr. sem borgun fyrir málflutninginn. Með því að Jón Breiðfjörð eigi vildi greiða upphæð þessa, seldi Páll Einarsson áfrýjandanum Kristjáni Þorgrímssyni hana í hendur, er síðan lögsótti Jón Breiðfjörð um hana fyrir gestarjetti Kjósar og Gullbringusýslu, og lauk málssókn þeirri með dómi gestarjettarins hinn 30. apríl þ. á. á þá leið, að Jón Breiðfjörð var dæmdur til að greiða Kristjáni Þorgrímssyni 40 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi 13. apríl þ. á., þangað til borgun fer fram, og 39 kr. sem málskostnað. Með stefnu, dags. 9. júlí þ. á., skaut síðan Kristján Þorgrímsson dómi þessum til yfirrjettarins; hefur hann getið þess, að hann hafi þótzt tilneyddur að áfrýja dóminum til staðfestingar af sinni hálfu, með því að Jón Breiðfjörð þegar í vor hafi tekið út áfrýjunarstefnu í málinu, með óviðunanlega löngum stefnufresti, þar sem stefnan eigi átti að falla í rjett fyr en 24. oktbr. þ. á. Hefur nú Kristján Þorgrímsson krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að gestarjettardómurinn verði að öllu leyti staðfestur, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað með 30 kr. eða ein-

hverju nægilegu eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn hefur Jón Breiðfjörð gagnáfrýjað málinu með stefnu til yfirdómsins, útgefinni 25. júlí þ. á., og hefur hann krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu og honum tildæmdnr málskostnaður fyrir báðum dómum með hæfilegri upphæð.

Það er enginn ágreiningur milli málsaðilanna um það, að Páll sýslumaður Einarsson hafi fyrir nokkrum árum (1892) flutt mál við yfirdóminn fyrir gagnáfrýjanda, og að honum hafi borið kaup fyrir málsfærsluna, sem enn sje ógreitt. Gagnáfrýjandi segir, að sá samningur hafi gjörzt milli þeirra, að Páll skyldi hafa þann kostnað, sem honum (gagnáfrýjanda) yrði tildæmdur í málinu, en ef hann tapaði því, skyldi gagnáfrýjandi borga honum 20 kr. fyrir málsfærsluna; bæði vegna þessa, og svo hins, að hann fjekk að eins ósundurliðaðan reikning frá Páli Einarssyni yfir málsfærslukaupið, segist hann ekki hafa viljað borga hina umkröfðu upphæð. Aðaláfrýjandi neitar því af sinni hálfu, að nokkur samningur hafi verið gjörður um málsfærslukaupið, og segist hann hafa sett upp »meðal-málsfærslukaup«. Með því að gagnáfrýjandi eigi hefur sannað það, að honum hafi samizt við Pál Einarsson um málsfærslukaupið á þann hátt, eins og hann hefur frá skýrt, eða leitt rök að því, að Páll hafi tekið að sjer málsfærsluna fyrir minna kaup en 40 kr. — en þetta kaup verður eigi talið óvenjulega hátt málsfærslukaup — og með því að það hefur eigi verið

vefengt, að aðaláfrýjandi hafi rjett til að innheimta skuldina sem sína eign, verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 40 kr. með 5% vöxtum frá 13. apríl 1898, unz borgað er, eins og gestarjettardómurinn gjörir. Svo verður gagnáfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn 45 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Gagnáfrýjandi Jón J. Breiðfjörð greiði aðaláfrýjanda Kristjáni Þorgrímssyni 40 kr. með vöxtum 5% frá 13. apríl 1898, unz borgað er, og að auki 45 kr. sem málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 25/1898: Björn Jónasson
gegn
Þórarni Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi gestarjettar Norðurmúlasýslu, uppkveðnum 19. jan. 1898, var áfrýjandinn Björn Jónasson, bóndi á Hámundarstöðum, dæmdur til þess að borga stefnda verzlunarstjóra Þórarni Guðmundssyni 323 kr. 94 a. með 5% vöxtum frá 16. nóvbr. 1897, sem var stefnudagsetningardagur, til þess borgun fer fram, og auk þess 15 krónur

í málskostnað. Dómi þessum hefur Björn Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. maí þ. á., og hefur hann krafizt þess, principaliter, að málinu verði heimvísað, en til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum. Stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, annaðhvort óbreyttur eða til vara þannig, að frá hinni tildæmdu upphæð verði dregnar 120 kr., og hvernig sem málinu lýkur, krefst hann málskostnaðar að skaðlausu, eða eptir mati rjettarins.

Með veðskuldabrjefi, dags. 5. apríl 1895, viðurkennir áfrýjandinn, að hann þá skuldi Thostrups verzlun á Seyðisfirði 560 kr.; skuld þessa, svo og það, er síðar kunni að bætast við hana, lofar áfrýjandinn að hafa greitt til fulls eigi síðar en á næsta sumri á eptir, og ef lögsókn skyldi rísa út af vanskilum áfrýjanda, lofar hann að mæta í tjeðu máli fyrir gestarjetti Norðurmúlasýslu á Seyðisfirði. Það er komið fram í málinu, að áfrýjandi er fæddur 10. júní 1870, og var þannig ekki fullra 25 ára, er hann undirskrifaði skuldabrjefið 5. apríl 1895. Telur áfrýjandi, að hann hafi verið ófullveðja til þess að gjöra skuldbindingar þær, sem það inniheldur, og er vörn hans öll í málinu byggð á þessu atviki. Það skal þá fyrst tekið fram, að áfrýjandinn, sem við höfðun málsins var löngu orðinn fullmyndugur, ljet eigi hreyfa neinum mótmælum fyrir gestarjettinum á Seyðisfirði gegn því að mæta þar, þótt þar væri

eigi hans rjetta varnarþing. Heimvísunarkrafa áfrýjanda er því átyllulaus og verður ekki tekin til greina.

Þar sem áfrýjandi var eigi fullra 25 ára að aldri, er hann gaf út skuldabrjefið 5. apríl 1895, voru greiðslu-skuldbindingar hans í brjefinu ógildar; en það er viðurkennt í málinu af umboðsmanni áfrýjanda, að hann hafi haustið 1897 eða löngu eptir að hann varð fullveðja, skrifað stefnda brjef, þar sem hann kannaðist við skuldina, og fór fram á, vegna erfiðs árferðis, að sleppa með að sinni að borga 250 kr. af henni. Þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að áfrýjandi hafi eptir á, eptir að hann varð fullveðja, staðfest og fullgilt (ratihaberað) skuldina, án þess að finna nokkuð að upphæð hennar, eins og það einnig er komið fram, að hann hafi haldið áfram viðskiptunum við Thostrups verzlun, eptir að hann varð fullveðja, og að talsverður hluti skuldarinnar stafi frá þeim tíma. Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur dæmt áfrýjanda til að greiða hina umstefndu skuld, og með því að málskostnaðarákvæði gestarjettardómsins einnig samþykkjast, verður tjeður dómur staðfestur óbreyttur. Eptir málavöxtum þykir og rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandinn Björn Jónasson greiði stefnda

Þóranri verzlunarstjóra Guðmundssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. októbermánaðar.

Nr. 34/1898: Rjettvísin
gegn
Bjarna presti Þórarinssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Skaptafellssýslu, uppkveðnum 4. marzmán. þ. á., var hinn kærði sóknarprestur í Útskálaprestakalli, præp. hon. Bjarni Þórarinsson, dæmdur samkvæmt 134. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 145. gr., fyrir að hafa sem póstafgreiðslumaður dregið sjer fje úr póstsjóði með rangri reikningsfærslu, í 8 mánaða einfalt fangelsi og til að endurgjalda póstsjóðnum (landssjóði) 321 kr. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnað, og málsvarnarnarlaun, 6 kr., til hins skipaða svaramanns síns, Jóns Einarssonar í Hemru, ásamt ferðakostnaði hans og fæðispeningum eptir úrskurði amstins. Eu dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn ákærði, sem var prestur í Kirkjubæjarprestakalli og prófastur í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi og bjó á Prestsbakka á Síðu, til þess er

hann fjekk Útskálaprestakall vorið 1896 og fluttist þangað, var jafnframt til sama tíma póstafgreiðslumaður á Prestsbakka og hafði sem slíkur reikningshald á hendi fyrir póststjórnina og greiddi póstinum milli Prestsbakka og Borga laun hans og aukaþóknun fyrir póstferðir milli þessara póststöðva. Það er nú með játningu ákærða og öðrum samhljóða skýrslum sannað, að hann hefur öðru hvoru, síðustu árin, sem hann var póstafgreiðslumaður á Prestsbakka, í fyrsta skipti síðast á árinu 1893, fært póstsjóðnum til útgjalda í reikningságripum þeim, er hann sendi póststofunni í Reykjavík, borgun til póstsins fyrir aukahesta, þar sem póstur hafði eigi haft aukahesta og því eigi talið sjer eða tekið borgun fyrir þá. Oftalin borgun fyrir aukahesta, sem ákærði á þennan hátt hefur dregið sjer af póstsjóði, hefur verið sundurliðaður þannig í málinu:

í 14.	póstferð	1893	1	hestur	kr.	15,00
- 6.	——	1894	1	—	—	20,00
- 8.	——	s. á.	1	—	—	20,00
- 7.	——	1895	1	—	—	20,00
- 8.	——	s. á.	1	—	—	20,00
- 12.	——	s. á.	1	—	—	25,00
- 13.	——	s. á.	2	—	—	50,00
- 14.	——	s. á.	1	—	—(víst)	25,00
- 1.	——	1896	1	—	—	25.00
- 2.	——	s. á.	2	—	—	50,00
. 3.	——	s. á.	1	—	—	25,00
- 4.	——	s. á.	1	—	—	25,00
					Flyt: kr.	320,00

Flutt: kr. 320,00

Ennfremur hefur ákærði játað að hafa vísvitandi tilfært um of borgun fyrir aukaflutning í 5. ferð 1896 kr. 10,00
en aptur hafi hann gleymt að færa til sams konar borgun, er hann hafi greitt pósti í 2. ferð 1896 . . . . . kr. 9,00
Hefur hann því dregið sjer ennfremur — 1,00
eða alls haft af póstsjóði . . . . . kr. 321,00

Sem heimildir fyrir þessum útborgunum ljet ákærði fylgja reikningságripunum, er hann sendi póstmeistara, kvittanir fyrir greiðslunum, er hann hafði sjálfur samið og undirskrifað með nafni hlutaðeigandi pósta; og að vísu var ákærði sjer þess meðvitandi, er hann ritaði nafn póstanna undir kvittanirnar, að þeir mundu eigi hafa leyft honum að rita undir þær þannig lagaðar; en að öðru leyti verður eptir skýrslum málsins að ganga út frá því, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að hann hefði samþykki þeirra til að rita nöfn þeirra undir kvittanir fyrir rjettum greiðsluupphæðum og að hjer sje því eigi að ræða um falsaðar kvittanir í eiginlegum skilningi, heldur um misbeiting á heimild þeirri, er hann hafði til að útgefa kvittanirnar undir nafni póstanna.

Ákærði var hafður í gæzluvarðhaldi í fangelsinu í Reykjavík frá 31. júlí f. á. og til ágústmánaðarloka, og gaf hann þá fullkomna játningu á broti sínu, eins og því er lýst hjer að framan, fyrst fyrir lögreglurjetti hinn 10. ágúst f. á. og síðar fyrir sama rjetti 13. og 27. s. m., en eptir að honum í lok mánaðarins hafði verið sleppt úr

fangelsinu og leyft að dvelja um hríð heima hjá sjer, þá ritaði hann amtmanni brjet, þar sem hann apturkallaði játning sína, og vildi halda því fram, að misfellur þær, er orðið hefðu á reikningum sínum, hefðu orðið af vangá og fljótfærni, en eigi verið gjörðar af ráðnum huga: hefði illur aðbúnaður í fangelsinu og veiklun á sál og líkama af fangelsisvistinnni, svo og heimilisástæður sínar og vonin og löngunin til að sleppa úr varðhaldinu, og fortölur rannsóknardómarans, leitt sig til að játa á sig glæpinn, þó að hann væri saklaus af honum. Þessari apturköllun hjelt hann svo fram fyrir rjetti í Skaptafellssýslu, þar sem málið var leitt til lykta, eptir að hann hafði verið fluttur þangað. Eptir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá fangelsisstjórninni í Reykjavík og hjeraðslæknirnum þar um ástand og aðbúnað ákærða í varðhaldinu, verður þó eigi tekið tillit til þessarar apturköllunar á játningu ákærða, enda hefur hún eigi við neitt að styðjast, sem fram komið er í málinu, en allar skýrslur þess á hinn bóginn í fullu samræmi við játningu hans.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, hefur með framangreindum tilverknaði unnið til hegningar samkvæmt 134. gr., sbr. 145. gr., almennra hegningarlaga, og þykir hegningin hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Um skaðabætur til póstssjóðs (landssjóðs) og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, og ber því að staðfesta hann með fyrgreindri breytingu á hegningunni. Ákærða ber

og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni prestur Þórarinsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dæmdar skaðabætur greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 45/1898: Rjettvísin gegn Sigurbirni Bjarnasyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 15. júnímán. þ. á., var hinn ákærði dæmdur fyrir sauðaþjófnað samkvæmt 231. gr., 1. lið, almennra hegningarlaga 25. júní 1869

til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, en þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að í fyrra haust (1897) kastaði hann eign sinni á sauð veturgamlan, sem annar maður átti og sem hann fann í högunum í Litla-Lambhaga, þar sem hann þá var vinnumaður, og var kindin komin saman við heimafjeð þaðan. Ætlaði ákærði að selja sauðinn á fjármarkaði, er haldinn var nokkrum dögum síðar þar í Lambhaga, og framkvæmdi hann þann ásetning sinn, en það komst þá upp, að sauðurinn, sem var með rjettu fjármarki annars manns, var stolinn, og gekk því salan aptur, en eigandinn fjekk kind sína aptur.

Brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir nokkurn glæp, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 231. gr., 1. lið, almennra hegningarlaga, og með því að hegningin þykir hæfilega ákveðin í aukarjettardóminum 8 mánaða betrunarhússvinna og yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta tjeðan dóm að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Sigurbjörn Bjarnason greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 31/1898: Indriði Einarsson gegn M. Á. Matthiesen.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í hjeraði hinn stefndi M. Á. Matthiesen skósmiður gegn áfrýjandanum Indriða revisor Einarssyni til greiðslu á eptirstöðvum af skuld fyrir skófatnað og skóviðgjörðir, að upphæð 72 kr. 69 a., og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 16. júní þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda hina umstefndu skuld, 72 kr. 69 a., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 8 kr. í málskostnað. Ennfremur skyldi og áfrýjandinn fyrir óþarfa þrætu greiða 8 kr. sekt í landssjóð.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. júlí þ. á., og krafizt þess, að málinu verði vísað heim til nýrrar með-

ferðar frá því stigi, er neitunarúrskurður dómarans 5. maí þ. á., er synjaði áfrýjanda um frest í málinu, var felldur, en til vara, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að endurgjalda áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum, þar með talin málflutningslaun til málsfærslumanns hans fyrir yfirdóminum. Loks krefst hann þess, að sektarákvæði undirdómsins verði úr gildi fellt. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir rjettarins mati.

Hinn stefndi kærði mál þetta fyrir sáttanefnd með sáttakæru 5. apríl þ. á., og átti málið að fyrirtakast fyrir sáttanefndinni 12. s. m. Stefndi mætti á sáttafundinum, en áfrýjandinn eigi, og tjáði kona hans sáttanefndinni skriflega sjúkdómsforföll hans, en án þess læknisvottorð fylgdi tilkynningunni. Var málinu síðan eptir kröfu stefnda vísað til aðgjörða dómstólanna. Þegar málið síðan kom fyrir bæjarþingið 5. maí þ. á., lagði stefndi fram sáttakæruna og annað skjal, er hann hafði lagt fram fyrir sáttanefndina, er sáttatilraunin átti fram að fara, svo og stefnuna til bæjarþingsins, og krafðist hann dóms þegar í stað samkvæmt skjölum þessum; en maður sá, er mætti fyrir áfrýjanda, bað um 8 daga frest til andsvara og til að færa sönnur á það, að áfrýjandi hefði verið hindraður af sjúkdómi frá að mæta á sáttafundi í málinu. Stefndi mótmælti þessum fresti, og úrskurðaði þá dómarinn, að hann yrði eigi

veittur sökum þess að áfrýjandinn hefði eigi getað tilgreint, hverju hann ætlaði að svara eða gæti svarað til kröfu stefnda, og gjörði eigi grein fyrir, af hverjum ástæðum hann hefði eigi þegar útvegað sönnun fyrir forföllum sínum að koma á sáttafundinn. Var svo málið tekið undir dóm og dæmt sem fyr greinir.

Eins og áður er tekið fram, mætti áfrýjandinn eigi á sáttafundinum, og var honum því eigi kunnugt um skjöl þau, er þar komu fram, og á bæjarþinginu mætti hann heldur eigi sjálfur, heldur annar maður í umboði hans. Það mátti því eigi ætlast til þess, að frá hans hálfu kæmi á bæjarþinginu frestlaust slík greinargjörð fyrir andsvörum gegn hinni umstefndu skuldarkröfu, sem úrskurðurinn nefnir, og eins var áfrýjandi eigi skyldur til að hafa útvegað sönnun fyrir forföllum sínum frá að mæta á sáttafundinum þegar fyrir fyrstu fyrirtekt málsins, eða fyr en hann hafði vissu fyrir að vefenging á forföllunum kæmi fram frá mótparti hans. Það verður því eigi álitið, að úrskurður dómarans 5. maí þ. á., er synjaði áfrýjanda um frest til andsvara og til að sanna sjúkdómsforföll sín, hafi verið á rökum byggður, og ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hann úr gildi og dæma eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því ómerkan, en vísa málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar. Eptir atvikum þykir rjett að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 10 kr.

Því dæmist rjett vera:

Úrskurðurinn 5. maí þ. á. skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og dómurinn í því ómerkt vera. Undirdómaranum ber að taka málið fyrir af nýju til nýrrar og löglegri meðferðar frá því stigi, er málið var á, er úrskurðurinn var uppkveðinn, og veita áfrýjanda hæfilegan frest í umbeðnu augnamiði. Stefndi M. Á. Matthiesen greiði áfrýjanda Indriða Einarssyni 10 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 14. nóvembermánaðar.

Nr. 33/1898: Hannes Thorsteinson fyrir hönd Jörgen Petersen & Co.
gegn
Rafni Sigurðssyni.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 28. aprílmánaðar þ. á., var hinn stefndi, skósmiður Rafn Sigurðsson í Reykjavík, dæmdur til þess að greiða áfrýjanda, cand. jur. Hannesi Thorsteinson fyrir hönd verzlunarfjelagsins Jörgen Petersen & Co. í Kaupmannahöfn, verzlunarviðskiptaskuld að upphæð 214 kr. 21 e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Hannes Thorsteinson fyrir hönd

nefnds verzlunarfjelags áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 9. júlí þ. á., og hefur hann krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, skósmiður Rafn Sigurðsson, krafðist þess fyrst, að máli þessu yrði frávísað, en er kröfu þessari hafði verið hrundið með úrskurði rjettarins, gjörði hann þá kröfu í yfirdóminum hinn 3. okt. þ. á., að því er aðalefni málsins snertir, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann (stefndi) verði að eins dæmdur til að greiða áfrýjanda 116 kr. 7 a., og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu. Jafnframt lagði stefndi fram áfrýjunarstefnu í málinu, sem hafði verið tekin út 7. júní þ. á., var birt áfrýjanda 22. s. m. og átti að falla í rjett 31. október þ. á. Málið var síðan tekið undir dóm hinn 10. oktbr. þ. á., eptir að áfrýjandi hafði lýst því yfir í rjettinum, að hann ekki mætti eptir þessari stefnu hins stefnda. Með því að hinn stefndi þannig eigi hefur löglega gagnáfrýjað sök þeirri, sem áfrýjandi hefur lagt undir dóm yfirrjettarins með stefnunni frá 9. júlí þ. á., og þar sem eigi er ástæða til ex officio að hrinda hinum áfrýjaða dómi, verður að staðfesta hann eptir kröfu áfrýjanda. Eptir þessum úrslitum málsins, og með því að álíta má, að stefndi hafi gefið tilefni til áfrýjunarinnar, getur hann eigi komizt hjá því að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Rafn Sigurðson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Jörgen Petersen & Co. 25 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 5. desembermánaðar.

Nr. 42/1898: Rjettvísin
gegn
Magnúsi Manelíusi Brynjólfssyni
og Katarínusi Jónssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 3. maímán. þ. á., voru hinir ákærðu Magnús Manelíus Brynjólfsson og Katarínus Jónsson dæmdir til refsingar, hinn fyrnefndi fyrir að hafa gefið ranga skýrslu fyrir rjetti í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og hinn síðarnefndi til að sæta einföldu fangelsi í 1 mánuð fyrir að hafa með fortölum sínum fengið meðákærða Magnús og annan mann, sem eigi sætir ákæru fyrir yfirdómi í sök þessari, til að gefa ranga skýrslu fyrir rjetti.

Með dóminum voru hinir ákærðu skyldaðir til þess að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum fyrir undirrjetti og sjerstaklega var hinn

kærði Magnús Manelíus Brynjólfsson skyldaður til þess in solidum með öðrum sakborningi að greiða 5 kr. í málsvarnarlaun í hjeraði. Dómi þessum hafa hinir ákærðu, Magnús Manelíus Brynjólfsson og Katarínus Jónsson, látið skjóta til yfirdómsins.

Hinn ákærði Magnús Brynjólfsson hefur kannazt við það, að hann hafi fyrir lögreglurjetti Ísafjarðarsýslu hinn 25. febrúarm. þ. á. gefið ranga skýrslu um fiskiveiðasamþykktarbrot formanns síns, hins meðákærða Katarínusar Jónssonar. — Þessa skýrslu gaf hann sem vitni í því skyni, að dylja samþykktarbrot Katarínusar, og tjáði hinn ákærði sig reiðubúinn til þess að staðfesta hina röngu skýrslu sína með eiði fyrir rjettinum, en hjeraðsdómarinn neitaði að taka eið af honum. Þá fyrst kannaðist ákærði við að skýrsla hans væri röng. — Hinn meðákærði Katarínus Jónsson hefur kannazt við það, að hann hafi með fortölum sínum fengið Magnús Brynjólfsson til þess að gefa þessa röngu skýrslu, sem um er getið, til þess að dylja samþykktarbrot það, sem hann var sakaður um. Þesar játningar hinna ákærðu koma heim við það, sem á annn hátt hefur verið upplýst í málinu. Báðir hinir ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, og hefur hvorugur þeirra áður sætt hegningu eða ákæru fyrir neitt lagabrot.

Brot hins ákærða Magnúsar, sem eigi hafði neina ástæðu til að ætla, að málefni það, sem hann var krafinn vitnisburðar um, varðaði hann sjálfan refsingu, heyrir undir 147. gr., 1. lið, í alm.

hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir hann 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Brot meðákærða Katarinusar Jónssonar heyrir undir 53. gr. og 147. gr., 1. málsl., hegningarlaganna og virðist refsingin fyrir hann, með hliðsjón af 148. gr. 2. málsl. sömu laga, hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður.

Hinir ákærðu greiði og báðir sem einn, og hvor þeirra fyrir þá báða, allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur og meðferð málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Magnús Manelíus Brynjólfsson sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Katarínus Jónsson sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað skal aukarjettardómurinn vera óraskaður. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 19. desember.

Nr. 40/1898 Málsfærslumaður Oddur Gíslason fyrir hönd verzlunar Leonhards Tangs í Stykkishólmi,

gegn

Holger Clausen.

Dómur:

Með afsalsbrjefi, gjörðu í Stykkishólmi 2. maí 1896, seldi hinn stefndi kaupmaður Holger Clausen áfrýjandanum, Leonhard Tang ,verzlan þá í Stykkishólmi, sem stefndi hafði rekið þar nokkur undanfarin ár, og fylgdu með í kaupinu útistandandi skuldir verzlunarinnar eptir höfuðbókum hennar 28. apríl 1896. Þegar áfrýjandi, sem þá tók að reka verzlun í Stykkishólmi, fór að innheimta tjeðar skuldir hjá skuldunautunum, kom það í ljós, að 3 skuldarupphæðir voru borgaðar, sem áfrýjandi áleit eptir höfuðbókunum að hefðu verið óborgaðar, þegar hann keypti skuldirnar. Hann höfðaði því mál á móti stefnda fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, til þess að fá dóm yfir honum fyrir skuldarupphæðunum, kr. 31,55 + kr. 63,00 + kr. 30,00, eða samtals 124 kr. 55 aur, og lauk málinu svo með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkveðnum 5. maí þ. á., að Holger Clausen var dæmdur til að greiða verzlun Leonhards Tangs í Stykkishólmi 2 fyrstnefndu upphæðirnar, kr. 94,55 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu verzlunar Leonh. Tangs í Stykkishólmi með stefnu, dags. 29. ágústm. þ. á., og hefur þess ver-

ið krafizt af hálfu áfrýjanda, að stefndi verði auk áminnstra 94 kr. 55 aur. ennfremur dæmdur til að greiða áfrýjanda 30 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, svo og málskostnað fyrir báðum rjettum.

Stefndi Holger Clausen hefur af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu 26. september þ. á., og hefur hann aðallega gjört þá kröfu, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og sóknaraðili dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum, en til vara krefst hann þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Þar eð stefndi (gagnáfrýjandi) eigi hefur lagt fram í rjettinum dómsgjörðir í gagnsókninni, verður eigi hjá því komizt að vísa henni frá dómi eptir beinni kröfu áfrýjanda. En þá verður og að staðfesta bæjarþingsdóminn án frekari rannsóknar, að því er snertir þær 94 kr. 55 aur., sem hann dæmir stefnda til að greiða. En þar sem áfrýjandi enn fremur krefst dóms yfir stefnda fyrir 30 kr., sem skuld Kristjáns nokkurs Halldórssonar til verzlunarinnar í Stykkishólmi reyndist oftalin um í höfuðbókunum, þá er yfirdómurinn þeirrar skoðunar, að stefndi, sem afhenti útistandandi skuldir verzlunar sinnar í einu lagi ásamt húsum verzlunarinnar og öðrum eignum, og án þess að skuldirnar væru taldar upp eða upphæð þeirra samanlögð og tekin upp í afsalsbrjefið, hafi eigi með slíkri afhending tekið upp á sig neina ábyrgð á upphæð hinna einstöku skulda, að eigi kynnu að koma fyrir villur í tilfærslu þeirra í höfuð-

bókunum, eins og ávalt má búast við að geti átt sjer stað. Stefndi verður þvert á móti að álítast hafa afhent skuldirnar í því ástandi, sem þær fyrirfundust, og með þeim villum, er í tilfærslu þeirra í bókunum kynnu að vera, og verður hann því eigi skyldaður til að bæta áfrýjanda upp hjer umræddar 30 kr., sem skuld Kristjáns Halldórssonar reyndist minni en hún taldist vera eptir höfuðbókunum. Ber því að staðfesta niðurstöðu bæjarþingsdómsins í þessu tilliti. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast, og þykir eptir atvikum rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli einnig niður.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 44/1898: Teitur Jónsson
gegn
Kristjáni Þorgrímssyni
f. h. verzlunar Markúsar Snæbjarnarsonar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu af Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni eptir umboði frá Markúsi kaupmanni Snæbjarnarsyni á Patreksfirði gegn Teiti bónda

Jónssyni í Viðey út af verzlunarskuld, er Markús kaupmaður telur Teit eiga sjer að lúka, að upphæð 19 kr. 84 aur.

Var það dæmt í gestarjetti nefndrar sýslu 18. júlímán. þ. á. með þeim úrslitum, að Teitur Jónsson skyldi greiða Kristjáni Þorgrímssyni f. h. Markúsar Snæbjarnarsonar 19 kr. 84 aur. með 5% vöxtum frá 4. júní 1898, þangað til greitt yrði, og 12 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefur Teitur Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu dags. 19. september næstliðinn og krafizt;

að málinu málinu verði vísað heim til ógildingar á gestarjettardómnum;

að stefndi verð dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu;

að stefndi verði skyldaður til þess að greiða allan af máli þessu leiðandi kostnað að skaðlausu fyrir báðum rjettum.

Með stefnu útgefinni 4. júní þ. á. var gefin út stefna á hendur áfrýjanda og var hún birt 6. sama mánaðar á heimili áfrýjanda; en hann var þá ekki heima heldur, eptir því sem síðar hefur sannazt, vestur á Ísafirði. En 7. sama mánaðar var málið tekið fyrir í gestarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu; mætti þá eptir umboði konu áfrýjanda cand. juris Marinó Hafstein, og skýrði frá að Teitur Jónsson (áfrýjandi) væri á ferðalagi fyrir vestan og væri honum því ókunnugt um málshöfðun þessa; bað hann því um frest í málinu og um að honum yrðu ljeð málsskjölin; mótparturinn mótmælti frestinum, en ekki mótmælti hann því að Marinó

mætti í málinu. Málið var sama dag tekið undir úrskurð eða dóm og dæmt í því 18. júlí næst eptir með þeim úrslitum, sem áður eru greind, og er þess getið í dóminum, að stefndi hafi ekki mætt við fyrirtekt málsins og enginn af hans hendi, en þó hefur cand. Marinó Hafstein skrifað undir þingbókina sem málspartur.

Eins og áður hefur verið tekið fram, var áfrýjandinn vestur á Ísafirði, þegar gestarjettarstefnan var birt á heimili hans, og hann var eigi kominn heim aptur úr þeirri ferð, þegar málið kom fyrir rjettinn daginn eptir; mætti því í rjettinum að eins maður með umboði frá konu áfrýjanda, skýrði frá fjærveru hins stefnda (áfrýjanda) og bað um frest í málinu. Þótt engin vefenging kæmi fram í rjettarhaldinu á fjarveru áfrýjandans eða á umboði manns þess, er mætti af hendi konu áfrýjandans, synjaði dómarinn um hinn umbeðna frest og dæmdi málið eins og enginn hefði mætt af hálfu áfrýjanda. Með þessari aðferð var áfrýjandinn sviptur löglegum rjetti sínum til að færa fram vörn fyrir sig í málinu, og verður því að ómerkja gestarjettardóminn og skylda dómarann til að taka málið upp af nýju og veita áfrýjandanum hæfilegan frest til andsvara í því. Eptir þessum úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur, og ber undirdómaranum að taka málið fyrir af nýju frá því stigi málsins, er frestbeiðni áfrýjanda var fram komin og veita áfrýjand-

anum hæfilegan frest í málinu til andsvara í því. Stefndi Kristján Þorgrímsson f. h. Markúsar kaupmanns Snæbjörnssonar greiði áfrýjandanum Teiti Jónssyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við lagðri aðför að lögum.

Nr. 48/1898. Magnús Benjamínsson
gegn
W. Ó. Breiðfjörð.

Mál þetta höfðaði í hjeraði úrsmiður Magnús Benjamínsson í Reykjavík gegn stefnda kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð sama staðar fyrir meiðyrði í 2 blaðagreinum í blaðinu »Reykvíkingur«, 8. árg. 2. tbl., sem út kom 1. febrúar þ. á. og var stefndi með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 11. ágúst þ. á. dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi, fyrir meiðandi og óvirðandi orð um áfrýjandann í annari hinni átöldu grein og til að greiða honum 10 kr. í málskostnað; hin saknæmu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefur Magnús Benjamínsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. okt. þ. á., og hefir hann krafizt þess, að stefndi verði fyrir ærumeiðingar í báðum hinum átöldu blaðgreinum látinn sæta laganna þyngstu refsingu, að öll hin meiðandi og óvirðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði skyldaður til að greiða

allan kostnað málsins. Hinn stefndi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 22. okt. þ. á. og hefur krafizt þess, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur af kærum og kröfum áfrýjanda og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer hæfilegan málskostnað fyrir báðum dómum.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess, að ekkert tillit væri tekið til gagnáfrýjunar stefnda og að gagnáfrýjunarstefnu hans verði vísað frá rjettinum sökum þess að hún er úttekin 2 dögum áður en aðalmálið fjell í rjett í yfirdóminum samkvæmt stefnunni Þetta getur þó ekki hnekkt gildi gagnáfrýjunarinnar, sem fjell í rjett og var incamineruð af stefnda fyrirtektardag aðalmálsins, jafnframt og hann lagði fram vörn sína í því. Verður því krafa áfrýjanda um frávísun gagnáfrýjunarstefnunnar ekki tekin til greina.

Að því er aðalefni málsins snertir, þá eru hin átöldu meiðyrði fólgin í 2 greinum í fyrnefndu tölublaði blaðsins »Reykvíkingur«, og þar sem greinarnar eru nafnlausar, ber stefndi, sem er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins, ábyrgð á þeim. Í fyrri greininni með yfirskriptinni »Dæmdir skuldaþrjótar« lýsir útgefandi erfiðleikum, sem hann hafi átt með að ná inn skuld, sem áfrýjandi og annar maður áttu að sjá um borgun á. Kveðst hann, eptir margar árangurslausar tilraunir að fá skuldina borgaða, hafa höfðað mál á móti mönnum þessum og þeir verið dæmdir til að greiða hana, en þá hafi áfrýjandi beðið hann að lána sjer eptirrit af dómnum, sem stefndi hafði útvegað sjer, og lofað að skila honum því aptur samdægurs eða

greiða skuldina. Þetta hafi þó áfrýjandi hvorugt gjört, og aldrei skilað aptur eptirritinu, og virðist eptirritið eptir málinu að dæma hafa týnzt hjá honum. Kveðst stefndi því hafa orðið að útvega sjer nýtt eptirrit af skuldadóminum til að láta birta áfrýjanda og fjelaga hans. Um þessa aðferð áfrýjanda og hins mannsins hefur nú stefndi orð þau, sem auk yfirskriptar greinarinnar: »Dæmdir skuldaþrjótar« eru átalin í greininni, nefnilega: »þessi lúalegi, lítilmennsku vesallegi mótþrói« og »þessari krakkalegu vanhugsuðu fásinnu flæmingsundanfærslu«, og enn er þar átalið, að peningaþröngin (sem orsakaði undanfærsluna að borga skuldina) er sögð stafa »af gortaralegum þembingsskap og flónskulegri óframsýni forkólfanna«. Með því að engin ástæða er til að ætla, að áfrýjandi hafi ætlað að hliðra sjer hjá að greiða stefnda rjetta skuld, og með því sjerstaklega að hjer var að ræða um skuld, sem hann virðist eigi hafa verið að öllu einráður um, hvort og hve nær borguð yrði, þá verða ofangreind ummæli stefnda um hann að álítast með öllu tilefnislaus, og þar sem þau eru mjög móðgandi og óvirðandi fyrir áfrýjandann, verður stefndi að sæta sektum fyrir þau samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Hin greinin, sem átalin er í fyrtjeðu tölublaði »Reykvíkings« með yfirskriptinni: »Hin lengsta líkhringing í heimi«, verður aptur á móti ekki álitin innihalda nein saknæm meiðyrði eða móðgunaryrði um áfrýjanda, enda verður eigi af sambandinu í greininni sjeð, að orð þau, er áfrýjandi sjerstaklega hefur þótzt meiddur af: að »höf-

uðskynsemin var þá ekki heima hjá sjer, því hún hefði skroppið út á knæpu« eigi að heimtærast til áfrýjandans, og stefndi hefur neitað því, að svo eigi að skilja orðin.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að því leyti hann dæmir framantalin móðgandi og óvirðandi ummæli stefnda um áfrýjanda í greininni »Dæmdir skuldaþrjótar« dauð og ómerk, og ber stefnda að greiða sekt til landsjóðs fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, er þykir hæfilega ákveðin 40 kr., og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd í tæka tíð, 10 daga einfalt fangelsi. Um málskostn, að á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður og ber stefnda auk þess að greiða áfrýjanda máls, kostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi W. Ó. Breiðfjörð greiði í sekt til landssjóðs 40 kr. eða sæti til vara, ef sektir er eigi öll greidd í ákveðinn tíma, 10 daga einföldu fangelsi Um ómerking meiðyrða og málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjandi Magnúsi úrsmið Benjamínssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Hæstarjettardómar

hæstarjettar-árið 1898—99.

Föstudaginn 25. marz 1898.

Nr. 6. Uppgjafaprestur Benedikt Kristjánsson og prestsekkja Ragnheiður Jónsdóttir (Rée)

gegn

óðalsbónda Sigurði Jónssyni (Nellemann), um skyldu til að greiða upprekstrartoll.

Gestarjettardómur Húnavatnssýslu 25.nóv.1891:

Hinn stefndi Sigurður bóndi Jónsson á Lækjamóti á að greiða sækjandanum emeritpresti sjera Benedikt Kristjánssyni í Landakoti við Reykjavík 50 krónur í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði fyrir geldfje sitt árin 1885, 1886, 1889 og 1890, en vera að öðru leyti sýkn af kröfum sækjanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður. — Hið dæmda ber að greiða innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 16. janúar 1893:

Áfrýjandinn Sigurður bóndi Jónsson, á fyrir kæru hinna stefndu, sjera Benedikts Kristjánssonar og

Ragnheiðar Jónsdóttur í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar:

Með konungsbrjefi 2. janúar 1894 hefur hæstarjetti verið veitt heimild til að dæma í máli þessu, jafnvel þótt málsefnið eigi kynni að nema áfrýjunarupphæð.

Eptir upplýsingum þeim, er fyrir hæstarjett hafa komið og sem að nokkru leyti hafa verið út vegaðar eptir uppsögn hins áfrýjaða dóms, verður að vísu að álíta, að máldagar þeir, er dómurinn um getur, og nokkrar samkynja ákvarðanir um önnur svæði, hafi verið skildir svo í nokkrum dómum á 16. öld, að bændur á ákveðnu svæði eigi að eins hefðu rjett til að reka lömb sín í hlutaðeigandi afrjettarland, heldur bæri þeim einnig skylda til að gjöra það eða greiða ella upprekstrartollinn. En jafnvel þótt byggja mætti á þessum fáu og að öðru leyti ósamhljóða dómum nokkra vissu um það, hvernig ákvarðanir þær í fyrtjeðum máldögum, er hjer ræðir um, hafa þá verið skildar, þá vantar þó með öllu upplýsingar um það, að skylda til að greiða tollinn, þótt eigi væri notaður upprekstrarjertturinn, hafi verið viðurkennd eða jafnvel heimtuð viðurkennd á næstu öldum eptir, og nokkur vottorð, er fram hafa verið lögð í málinu, benda jafnvel í gagnstæða átt. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er tilfærðar eru í dóminum og sem ekkert verulegt þykir að athuga við, ber að staðfesta hann eftir kröfu stefnda. Málskostnað fyrir hæsta-

rjetti ber áfrýjendunum in solidum að greiða stefnda með 200 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Dómur landsyfirdómsins á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjendurnir, uppgjafaprestur Benedikt Kristjánsson og prestsekkja Ragnheiður Jónsdóttir, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, stefnda, óðalsbónda Sigurði Jónssyni með 200 krónum. Svo greiði áfrýjendurnir og í dómsmálasjóð 10 krónur.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í 4. bindi dómasafnsins, á bls. 315—317.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1898.

Nr. 242. Hæstarjettarmálaflutningsmaður Lunn
gegn
prófasti Halldóri Bjarnarsyni (verjandi Asmussen), sem ákærður er fyrir heimildarlausa töku á timburplönkum.

Aukarjettardómur Þingeyjarsýslu 14. desember 1896.

Ákærði Halldór prófastur Bjarnarson á Presthólum á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hann gjaldi í skaðabætur til Guðmundar bónda Guðmundssonar í Nýjabæ 23 krónur, til Þórarins bónda Benjamínssonar á Efrihólum 16 krónur. Fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali 28. okt. þ. á. greiði hann í sekt 5 krónur. Svo ber honum og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. Hinar ídæmdu skaðabætur og sekt að greiða innan 15 daga frá lögbirt-

ingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 2. ágúst 1897:

Ákærði, prófastur Halldór Bjarnarson, á að vera sýkn fyrir ákæru rjettvísinnar í þessu máli, en greiði 10 króna í sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er renni að helmingi í landssjóð og að helmingi í sveitarsjóð Presthólahrepps. Allur kostnaður málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og málfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 12 kr. til hvors þeirra. Sektir eptir dómi þessum greiðist aður liðnar sjeu 8 vikur eptir lögbirtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, sem tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi, og sem ekkert verulegt er að athuga við, ber að staðfesta hann, þó svo, að sektin fyrir ósæmilegan rithátt af ákærða hálfu þykir mega falla burtu eptir atvikum og einkum með tilliti til þess, að hafin var án nægilegs tilefnis gegn ákærða sakamálsrannsók, sem fram haldið var í meira en 2½ ár.

Því dæmist rjett vera:

Dómur landsyfirdómsins á óraskaður að vera, þó svo að sekt sú, er Halldór prófastur Bjarnarson er í dæmdur, fellur burtu. Í málflutningslaun fyrir hæstarjetti veitist hæstarjettarmálflutningsmönnunum Lunn og Asmussen 60 krónur hvorum, og greiðast þær af almannafje.

Astæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar á bls. 430—436 hjer að framan.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100728288-1